Þingsályktunartillögur samþykktar.

1. Samþykki til frestunar á fundum Alþingis.

Á deildafundum 19. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar [87. mál] (A. 196).

Á 25. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 26. fundi í Sþ., 20. des., var till. tekin til einnar umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Till. þessi er í samræmi við það, sem tíðkazt hefur. Þingstörfum er nú svo langt komið, að öruggt má telja, að menn geti farið í jólafrí nú í kvöld, og er þá ætlunin að fresta þinginu fram í miðjan janúar, en það komi þá saman aftur.
Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið frekar, en mæli með því, að till. verði samþ.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 210).

2. Utanríkisráðuneyti Íslands.

Á deildafundum 18. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun laga um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis [78. mál] (A. 148).

Á 27. fundi í Sþ., 16. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef hér ásamt 4. þm. Reykv. leyft mér að flytja á þskj. 148 svo hljóðandi till. til þingsályktunar:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta endurskoða löggjöfina um utanrrn. Íslands og fulltrúa þess erlendis. Með þeirri endurskoðun skal einkum stefnt að því að gera utanríkisþjónustuna hagkvæmari og ódýrari en nú. Endurskoðunin skal gerð í samráði við þingflokkana, og skulu niðurstöður hennar lagðar fyrir næsta þing."

Ég tel mig ekki þurfa að rökstyðja þessa till. með mörgum orðum. Þau l., sem hér er um að tefla, lög nr. 31 1941, hafa staðið óbreytt að kalla í nær 30 ár. Á því tímabili hafa orðið stórkostlegar breytingar, ekki aðeins hér hjá okkur, heldur og í þeim skiptum, sem hér er um að tefla, skiptum milli ríkja almennt. Þar við bætist einnig, að þessi l. voru í öndverðu sett af nokkurri skyndingu og við óvenjulegar aðstæður. Það bar að með bráðum hætti, að við Íslendingar tækjum meðferð utanríkismálanna í okkar eigin hendur og af þeim atvikum, sem hér þarf ekki að rekja. Þá voru upphaflega sett brbl. um utanríkisþjónustu, af því að ekki varð hjá því komizt að skipa þessum málum með l. Síðan voru þau brbl. lögð fyrir næsta Alþ., og þá voru í meðferð þ. gerðar á þeim nokkrar en þó ekki stórvægilegar breyt., og það er sú löggjöf í þessum efnum, sem við búum við enn þann dag í dag. Það er þess vegna sízt að undra þó í þessum l. skorti ýmis ákvæði, sem ástæða hefði verið til að taka í þau, og það er eðlilegt, að reynslan hafi sýnt það, að það vantaði í þau l. ýmis ákvæði, sem þörf hefði verið að hafa þar. Þess vegna er af þeirri ástæðu einnig brýn þörf á að endurskoða þessa löggjöf og breyta henni í samræmi við það, sem áunnin reynsla sýnir að þörf er á.

En hér kemur annað til, sem hnígur í sömu átt og styður að því, að endurskoðun á þessum málum sé nauðsynleg. Og það er sú ástæða, að nú er varið til utanríkisþjónustunnar mjög háum fjárhæðum. Það er mikil þörf á því fyrir jafnfámenna þjóð og Íslendinga að stilla kostnaði við utanríkisþjónustuna í hóf. Að sjálfsögðu verður ísl. ríkið að rækja utanríkisþjónustu með þeim hætti, að við sé unandi, og búa sæmilega að þeim, sem við þau mál fást, en fram hjá því verður

aldrei gengið, að þar verðum við að smíða okkur stakk eftir vexti. En ýmsum þykir, að þar skorti nokkuð á, og að minnsta kosti er full þörf á, að fram fari rækileg athugun á því, hvort ekki sé hægt að spara nokkuð í utanríkisþjónustunni. Ég skal ekki tefja tímann með því að fara að tala hér langt mál um það eða rekja einstök atriði í því sambandi, en þess má þó geta, að á síðari árum hafa verið sett upp ný sendiráð, t.d. sendiráð í New York hjá Sameinuðu þjóðunum og sendiráðið hjá NATO. Þessi störf gátu áður annazt sendiherrar á nálægum stöðum, það er þess vegna eðlilegt, að það komi fram sú spurning í huga margra, hvort ekki væri hægt að spara á þessum liðum. Og það eru ekki aðeins við Íslendingar, sem þurfum að gæta að því að spara í utanríkisþjónustunni. Það hafa t.d. í Norðurlandaráði verið uppi raddir um það, að Norðurlöndin gætu kannske haft sameiginlega utanríkisþjónustu á vissum stöðum og sparað með því fé. Af því hefur nú ekki orðið til þessa, og á því kunna að vera ýmsir agnúar. En vissulega er það atriði, sem ástæða er til fyrir okkur að gefa gaum.

Nú er því ekki að neita, að ýmsum þykir það ofrausn, að við höfum á Norðurlöndum 3 sendiráð. Að sjálfsögðu ber okkur að ástunda sem bezt samband við Norðurlöndin, en ýmsum virðist, að það mundi vera hægt að komast af með færri sendiráð þar. Og má í því sambandi benda á, að einn sendiherra kemst yfir að vera bæði sendiherra í Svíþjóð og Finnlandi, og gæti maður látið sér detta í hug, að slík tilhögun hentaði víðar að því er Norðurlöndin varðar. Á þetta bendi ég aðeins, að það er einmitt sérstök þörf á því að endurskoða öll þessi mál með tilliti til þess að reyna að koma við auknum sparnaði á þessum sviðum.

Ég hef nýlega lesið það eftir hæstv. fjmrh., að nú yrðum við að fara að spara og m.a. mundi nú þurfa að spara kostnað við utanferðir og ráðstefnuhald. Um það er ekki nema gott eitt að segja, og mætti kannske hafa verið gert fyrr, en sé það rétt, þá er líka hitt víst, að ástæða er til að gefa gaum að öllum þeim sendiráðum, sem nú er haldið uppi, og athuga, hvort ekki sé þar hægt að spara.

Það er margt fleira í þessum l., sem þörf er á að athuga. Í þessum l. eru ríkisstj. t. d. gefnar mjög frjálsar hendur um það, hvar hún skipar sendiherra og hvar hún skipar ræðismenn, og það er að dómi okkar flm. ástæða til þess að festa ákvæði um þetta efni í l. Lágmarkskrafa í því efni er auðvitað sú, að utanríkismálanefnd sé látin fylgjast með í þessum efnum, bæði þegar um það er að tefla að setja upp ný sendiráð og eins þegar um hitt er að ræða að skipa sendiherra og ræðismenn.

Það má aðeins nefna í þessu sambandi, að það hefur komið deila upp nýlega um skipun eins ræðismanns, skipun ræðismanns í Jóhannesarborg í S.-Afríku, sem átti sér stað fyrir áramótin, eða að ég ætla 29. des., en 12. des. hafði verið birt viðtal við þennan mann, sem var þess háttar, að mörgum virtist það nokkuð einkennilegt að skipa hann ræðismann ísl. ríkisins svo skömmu eftir að það blaðaviðtal birtist. Hæstv. utanrrh. hefur lýst því yfir, að ég ætla í blaðaviðtali, að sér hafi ekki verið kunnugt um það blaðaviðtal, þegar skipunin fór fram 29. des. Ef nú sá háttur hefði verið hafður á um afgreiðslu þessara mála, sem vitaskuld er sjálfsagður, að þessi mál hefðu verið rædd í utanrmn., þá efast ég ekki um, að hæstv. utanrrh. hefði þar verið bent á þetta blaðaviðtal og honum þess vegna orðið kunnugt um það, áður en hann gekk frá þessari skipun. En um þessa einstöku skipun ætla ég hér ekki frekar að ræða. En þetta m. a. er líka ein röksemd fyrir því, að þörf sé á að endurskoða þessi l.

Að sjálfsögðu mætti margt fleira taka hér fram til rökstuðnings því, að þörf sé á að endurskoða þessa löggjöf, sem sett var, eins og ég áður hef sagt, af nokkurri skyndingu og áður en við Íslendingar höfðum í raun og veru við nokkra reynslu að styðjast í þeim efnum. En ég sé, að fundartíminn er búinn og læt þessi orð nægja að þessu sinni, en legg til, að þessari till. verði, eftir að umr. hefur verið frestað, — en ég legg til, að umr. sé frestað — vísað til utanrmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 1. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 43. fundi í Sþ., 6. marz, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 148, n. 267).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Till. sú, sem hér liggur fyrir um endurskoðun l. um utanrrn. Íslands og fulltrúa þess erlendis, er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta endurskoða löggjöfina um utanrrn. Íslands og fulltrúa þess erlendis. Með þeirri endurskoðun skal einkum stefnt að því að gera utanríkisþjónustuna hagkvæmari og ódýrari en nú. Endurskoðunin skal gerð í samráði við þingflokkana, og skulu niðurstöður hennar lagðar fyrir næsta þing.“

Utanrmn. hefur rætt þessa till. og leggur einróma til, að hún verði samþ. óbreytt.

Gildandi l. um þessi efni eru nr. 51 frá 27. júní 1941. Voru þau upphaflega sett sem brbl. árið 1940 eða skömmu eftir að Ísland tók meðferð utanríkismála sinna í eigin hendur. Síðan hafa margvíslegar breytingar orðið á meðferð íslenzkra utanríkismála. Ísland hefur nú 10 sendiráð erlendis. Hið fyrsta þeirra var stofnsett í Kaupmannahöfn árið 1920 og hið síðasta í Brüssel á s.l. ári. Allir eru sammála um, að óhjákvæmilegt sé, að Ísland haldi uppi utanríkisþjónustu til þess að gæta hagsmuna þjóðarinnar erlendis. Það leiðir einfaldlega af

sjálfstæði landsins. Hins vegar hefur menn nokkuð greint á um, hversu viðtæk og kostnaðarsöm þessi þjónusta megi vera. Vitanlega verður örfámenn þjóð að sníða sér stakk eftir vexti í þessum efnum eins og öðrum. Umfram allt verður íslenzk utanríkisþjónusta að vinna að því að gæta viðskiptahagsmuna landsmanna, vinna að öflun nýrra markaða og bæta þannig aðstöðu íslenzkra bjargræðisvega.

Utanrmn. varð sammála um, að tímabært sé orðið að endurskoða l. um utanríkisþjónustu Íslands og starfsmenn hennar erlendis. Þess vegna leggur n. til, eins og ég sagði í upphafi, að till. þessi verði samþ. óbreytt.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Snemma á þessu þingi lögðum við þrír þm. Alþb. fram í Nd. frv. til l. um breyt. á l. um utanrrn. Íslands og fulltrúa þess erlendis. Þetta frv. okkar fjallaði aðeins um einn þátt í störfum utanrrn., þann þátt, sem snýr að Alþ. Tilgangur frv. var sá að gera hlut Alþ. miklum mun meiri en hann hefur verið, bæði í umr. um utanríkismál og í ákvörðunum um þau.

Í frv. voru fjögur atriði. Í fyrsta lagi var lagt til, að það væri tekið upp í sjálf l. um utanrrn. Íslands og fulltrúa þess erlendis, að um allar meiri háttar ákvarðanir í utanríkismálum skuli rn. hafa samráð við utanrmn. Alþ., bæði meðan Alþ. er að störfum og á milli þinga. Þetta ákvæði er nú í þingsköpum, eins og kunnugt er. Hins vegar hefur um langt skeið verið mjög mikill misbrestur á, að þessu atriði hafi verið framfylgt. Hér hafa verið utanrrh., sem hreinlega hafa sniðgengið þessa n. árum saman á ósæmilegasta hátt. Á þessu er nú sem betur fer að verða breyting. Einmitt á þeim fundi hv. utanrmn., sem fjallaði um það mál, sem hér er til umr., skýrði hæstv. utanrrh. svo frá, að hann væri reiðubúinn til þess að taka upp eðlilega samvinnu við utanrmn., og þar var afráðið, að n. tæki upp fasta fundartíma mánaðarlega allan ársins hring, og hæstv. ráðh. kvaðst sem sagt vera reiðubúinn til fullrar samvinnu við n. Engu að síður mundi ég telja eðlilegt, að þetta atriði yrði tekið upp í sjálf lögin.

Í öðru lagi lögðum við til í frv. okkar, að þingflokkarnir hefðu rétt til að tilnefna fulltrúa til starfa í sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Þessi háttur var upp tekinn í haust, eins og kunnugt er, en árin á undan hefur verið gengið fram hjá þingflokkunum, ýmist sumum þeirra og stundum allt að því öllum, og eru það vægast sagt ákaflega hæpin vinnubrögð, því að það er tvímælalaust skynsamlegt að tengja saman þjóðþingin og störfin hjá Sameinuðu þjóðunum. Ég mundi líka telja eðlilegt, að þetta atriði yrði fest í lög.

Í þriðja lagi lögðum við til, að í l. um utanrrn. Íslands og fulltrúa þess erlendis yrði tekið upp svo hljóðandi ákvæði:

„Árlega skal ráðh. gefa Alþ. skýrslu um viðhorf ríkisstj. til utanríkismála og um störf íslenzku sendinefndarinnar á þingi Sameinuðu þjóðanna ásamt rökstuddri grg. um afstöðu Íslands til einstakra mála á þinginu."

Hér er sem sagt lagt til, að á Íslandi verði tekinn upp sá háttur, sem tíðkast yfirleitt á þjóðþingum, að hér verði utanríkismálin tekin til sérstakrar umr. a.m.k. einu sinni á ári, þar sem hæstv. ráðh. gerir grein fyrir störfum sínum og vandamálum og alþm. fá tækifæri til þess að ræða þau mál og lýsa skoðunum sínum á þeim og þar með hafa áhrif á ákvarðanir.

Í fjórða lagi var lagt til í frv. okkar, að samþykki Alþ. þyrfti til þess að ákveða, á hvaða stöðum skuli vera sendiráð. Þegar ég mælti fyrir frv., vék ég að því, að sendiráðakerfi okkar væri orðið mjög úrelt, því hefði ekki verið breytt í samræmi við breyttar aðstæður. Það væri tvímælalaust nauðsynlegt að endurskoða það kerfi allt saman og eðlilegt, að Alþ. tæki þátt í þeirri endurskoðun.

Eg minnist á þetta frv. sökum þess, að á þeim fundi, sem fjallaði um þá þál., sem hér er til umr., var einnig fjallað um þetta frv. Allshn. Nd. hafði sent utanrmn. það til umsagnar. Það var fjallað um þessi mál bæði í senn, og það kom fram í umr., að það var vilji fyrir því að hafa þann hátt á, sem felst í þáltill. framsóknarmanna, að þessi l. yrðu tekin til endurskoðunar fyrir frumkvæði ríkisstj., en í fullu samráði við þingflokkana. Ég lýsti því yfir á þessum nefndarfundi, að ég gæti vel fallizt á þá málsmeðferð og ég teldi þá ekki eðlilegt, að þetta frv. væri tekið til afgreiðslu hér á þingi á meðan. Hins vegar vildi ég beina því mjög eindregið bæði til hæstv. ríkisstj. og þeirra þm. og annarra, sem eiga eftir að fjalla um þetta mál, að huga alveg sérstaklega að sambandinu við Alþ. Íslendinga. Ég tel, að það sé þjóðþingi okkar til vansa, hversu lítið hér hefur verið fjallað um utanríkismál og hve umr. um þau mál hafa verið á fjarskalega lágu stigi. Eg mundi telja það mjög mikilvægt, að þegar þessi l. yrðu endurskoðuð, verði þar tekin upp ákvæði, sem tryggi það, að haft verði við Alþ. fullt og eðlilegt samráð.

En fyrst þetta mál er hér komið á dagskrá og sú till., sem hér liggur fyrir, fjallar um það að gera utanríkisþjónustuna ódýrari en hún er núna, er kannske ekki úr vegi að grennslast fyrir um það, hvort hæstv. ríkisstj. er ekki nú þegar með einhver framkvæmdaáform í því sambandi. Mér hefur skilizt, að það hafi komið mjög til tals innan hæstv. ríkisstj. að fella jafnvel niður tvö sendiráð í sparnaðarskyni. Það hefur verið rætt um sendiráðin í Noregi og Stokkhólmi að því er ég hygg, og ég geri ráð fyrir, að alþm. þætti fróðlegt að fá vitneskju um það, hvort búið er að taka nokkrar ákvarðanir um þessi atriði. Ég sé, að hæstv. utanrrh. er hér ekki staddur, en vera má, að hæstv. fjmrh. gæti leyst úr þessu fyrir okkur.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Út af þessari fsp. hv. þm. vildi ég á þessu stigi

aðeins skýra frá því, að innan mjög fárra daga er að vænta frv. hér á Alþingi í sambandi við aðgerðir þær, sem ríkisstj. hefur fyrirhugað vegna þeirrar nauðsynjar að lækka ríkisútgjöld allverulega á þessu ári svo sem áður hefur verið skýrt frá hér á Alþ. Það er rétt, að í sambandi við það mál hefur utanríkisþjónustan komið til athugunar eins og mörg önnur atriði í ríkisbúskapnum. Ég tel hins vegar ekki rétt á þessu stigi að skýra endanlega frá því, hvaða till. eru uppi um það efni, en eins og ég áðan sagði, má ganga út frá því, að þetta frv. verði lagt hér fyrir Alþ. nú alveg næstu daga, og mun þá verða gerð grein fyrir því í einstökum atriðum, hvaða sparnaðaráform eru uppi, bæði varðandi utanríkisþjónustuna og aðra þætti ríkisbúskaparins.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég ætlaði í sambandi við þessar umr. að beina einni fsp. til hæstv. viðskmrh., en hann er nú ekki staddur í þingsalnum þessa stundina, en ég veit, að hann er hér viðlátinn í húsinu, og vildi ég því fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann gerði ráðstafanir til þess að fá hæstv. ráðh. til þess að sitja hér í d. meðan ég ber fsp. upp.

Já, ég var aðeins búinn að víkja að því, að ég hefði áhuga fyrir að bera upp örstutta fsp. til hæstv. viðskmrh., sem ég vona, að hann sjái sér fært að svara núna. En fsp. þessi er út af því, að á Alþ. þann 23. febr. 1966 var samþ. þáltill., sem ég var 1. flm. að, svo hljóðandi með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga í samráði við fulltrúa atvinnuveganna, á hvern hátt megi efla markaðsrannsóknir og markaðsleit í þágu útflutningsatvinnuvega þjóðarinnar, og verði niðurstöður þessara athugana lagðar fyrir næsta reglulegt Alþ."

Þar sem nokkuð dróst, að svar eða skýrsla væri gefin á hv. Alþ. um þessa samþykktu þál., bar ég fsp. fram til hæstv. ráðh. þann 13. apríl 1967 þess efnis, hvernig athugun þeirri, sem þáltill. gerir ráð fyrir, að framkvæmd verði, miðaði, og þá sagði hæstv. ráðh. m.a. í svari sínu:

„*Í framhaldi af samþykkt Alþ. á þeirri till.*, sem hv. fyrirspyrjandi las í orðum sínum hér áðan, tók viðskmrn. að sér að semja skýrslu um þetta mál. Er því verki lokið, en ætlunin var að senda skýrsluna til samtaka útflytjenda áður en málið yrði lagt fyrir hið háa Alþ. Ég skal hins vegar með ánægju verða við tilmælum hv. þm. um að skýra frá aðalefni þeirrar skýrslu, sem þegar hefur verið samin. En ég mun nú á næstunni ræða hana við samtök útflytjenda."

Síðan hæstv, ráðh. gaf þetta svar, er liðið fast að því heilt ár, og mér vitandi hefur engin skýrsla verið birt um niðurstöður þessarar rannsóknar og þeirra umr., sem væntanlega hafa farið fram á milli viðskmrn. annars vegar og samtaka útflytjenda hins vegar, og finnst mér því tímabært undir þessum dagskrárlið, sem hér fer nú fram, að ítreka enn á ný þá fsp., sem ég bar fram fyrir tæpu ári síðan, og vænti ég þess, að úr þessu geti varla orðið langur dráttur á því, að hæstv. ráðh. leggi fyrir hv. Alþ. þá skýrslu, sem hann vék að í svari sínu og ég las upp hér áðan.

Markaðsmálin eru ákaflega mikið stórmál fyrir okkur Íslendinga, og ég minnist þess, að í einu dagblaðanna var um það skrifað fyrir nokkrum dögum, að utanríkisþjónustan og sendiráð Íslands erlendis gætu mjög lítið liðsinnt þeim, sem áhuga hefðu á þessum málefnum. Mig minnir, að í einni grein, sem birtist í Morgunblaðinu, hefði verið á það bent, að sendiráðin erlendis teldu sig ekki þurfa að svara fsp. um markaðsmálefni nema þau fengju skýlaus fyrirmæli um það frá utanrrn. í Reykjavík hverju sinni. Ef þetta er rétt, er þetta að sjálfsögðu algerlega óhæft frambúðarástand, því að eins og allir vita, er eitt af aðalverkefnum sendiráða allra menningarþjóða víða um heim, að sinna viðskiptamálefnum að mjög verulegu leyti, og í sendiráðunum og í rn. sjálfu eru yfirleitt starfandi menn, sem hafa sérþekkingu á viðskipta- og markaðsmálum, og ég tel, að utanríkisþjónustuna þurfi að endurskipuleggja ekki síst með tilliti til þess að bæta úr þessum stórkostlega galla, sem er á starfsemi hennar að þessu leyti.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal með ánægju svara með örfáum orðum þeirri fsp., sem til mín var beint um þá till., sem samþ. var á sínum tíma hér á hinu háa Alþ., um athugun á markaðsmálum og aðild opinberra aðila að markaðsleit erlendis. Ég skal fúslega játa, að fullnaðarathugun á því mjög stóra og merka máli, sem hér er um að ræða, hefur miðað hægar áfram en ég hefði kosið, og þess vegna hefur ekki enn getað komið til þess, að ég treysti mér til þess að gefa hinu háa Alþ. fullnaðarskýrslu um þær athuganir, sem hafa farið fram.

Eins og ég skýrði frá á sínum tíma að gefnu tilefni frá hv. þm., hefur viðskmrn. fyrir alllöngu lokið sinni frumathugun á málinu. En ég vil undirstrika það, að þar er aðeins um frumathugun á málinu að ræða, vegna þess að sú athugun leiddi m.a. í ljós, hversu geysilega víðtækt og vandasamt málið í heild er. Það hefur verið rætt við samtök útflytjenda eða grundvallaratriði í þessum efnum hafa verið rædd við samtök útflytjenda, en málið er nú á athugunarstigi í eða milli utanríkis- og viðskmrn. vegna þess að eigi að grípa til ákveðinna ráðstafana á þessu sviði, hljóta skipulag utanrrn. og viðskmrn. að koma til gagngerðrar eða talsverðrar endurskoðunar í því sambandi. Og það er ekki hvað síst athugun á þeim málum, sem hefur orðið þess valdandi, að málið allt eða skýrslugerð til hins háa Alþ. hefur reynzt síðbúnari en ég í sjálfu sér hefði talið æskilegt og viljað kjósa. Í því sambandi vildi ég og benda á okkur öllum, sem um þessi mál höfum fjallað, til afsökun-

ar, og vona ég, að hún verði tekin gild, að einmitt á s.l. ári hefur sívaxandi tími allra þeirra manna, sem nauðsynlega þekkingu hafa á þessum málum, gengið til þess að fylgjast með og athuga afstöðu Íslands til markaðsbandalaganna í Vestur-Evrópu og þó alveg sérstaklega til Fríverzlunarbandalags Evrópu og þess vegna æ minni tími orðið aflögu til þessa að sinna þessu máli, sem hv. þm. gerði að umtalsefni beinlínis. Og þó eru náin tengsl milli þessara mála, þannig að ég vona fastlega, að sá tími embættismanna og annarra sérfræðinga, sem hefur gengið til athugunar á markaðsaðstöðu Íslands í Vestur-Evrópu, sérstaklega gagnvart Fríverzlunarbandalaginu, honum hafi ekki verið til einskis varið einnig að því er snertir þetta mál.

Ég skal gera mitt til þess, að hægt verði að gefa Alþ. allýtarlega skýrslu um þetta mál áður en það lýkur störfum nú á þessu vori. Hitt vildi ég taka skýrt fram til þess að segja ekki meira en ég er maður til að standa við og vekja ekki falskar vonir, að ég vil ekki lofa endanlegri niðurstöðu, þ.e.a.s. endanlegum till., hvernig frambúðarskipan á íslenzkri markaðsleit erlendis skuli hagað, því að það mikið þekki ég til málsins, að ég veit, að það mál er viðtækara og stærra en svo, að hægt sé að lofa endanlegum till. eða endanlegum ráðstöfunum í því efni nú á þessu vori. En hinu skal ég lofa, og við það skal ég standa, að gefa Alþ. skýrslu um það, sem gerzt hefur í málinu síðan það bar síðast á góma hér á hinu háa Alþ., áður en þetta Alþ. lýkur störfum.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 348).

3. Rekstur fiskibáta.

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var útbýtt frá Nd.:
Till. til þál. um rekstur fiskibáta [111. mál] (A. 242).

Á 56. fundi í Nd., 1. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 63. fundi í Nd., 15. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 242 flyt ég svo hljóðandi þáltill.:

„Neðri deild Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta framkvæma nú þegar sérstaka athugun á því, hversu margir fiskibátar í landinu munu ekki verða gerðir út á vetrarvertíðinni vegna fjárhagsörðugleika viðkomandi fyrirtækja og hversu mikils fjár er þörf, til þess að unnt sé að hefja útgerð þeirra. Að loknum þessum athugunum beiti ríkisstj. sér fyrir útvegun nauðsynlegs lánsfjár og geri aðrar tiltækar ráðstafanir til þess að tryggja, að allir þeir rekstrarhæfir bátar í landinu, sem henta til veiða á vetrarvertíð, verði gerðir út."

Þessi þáltill. gæti að sjálfsögðu orðið tilefni til þess að ræða almennt um þau vandamál, sem við er að etja í atvinnu- og útgerðarmálum, þar sem sitt sýnist hverjum um orsakir og leiðir til úrbóta. Hér er þó aðeins gripið á afmörkuðu atriði þessara mála, og þar sem till. skýrir sig svo til sjálf, þarf ég ekki að fara um hana ýkja mörgum orðum. Hvað sem líður skiptum skoðunum hv. þdm. á atvinnu- og útvegsmálum, vænti ég þess, að þeir geti verið sammála um nauðsyn þess að taka á því sérstaka atriði, sem hér er um að ræða, og geti samþ., að hæstv. ríkisstj. yrði falið að fjalla sérstaklega um þau vandamál, sem í þessari þáltill. er vakin athygli á.

Lagt er til, að gerð verði á því sérstök könnun, í hve ríkum mæli muni vera um það að ræða, að einstakir vélbátar verði ekki gerðir út á vetrarvertíð og gerðar verði síðan ráðstafanir til þess með útvegun lánsfjár og öðrum tiltækum hætti að tryggja, að á þeirri vetrarvertíð, sem nú er hafin, verði gerð út hver einasta sjófær fleyta, sem hentar til sjóróðra á vetrarvertíð.

Á undanförnum árum hefur það jafnan verið svo, að einstakir fiskibátar hafa legið í höfn á vetrarvertíðum af ýmsum ástæðum. T.d. má geta þess, að greint er frá því í skýrslu, sem birtist í síðasta almanaki Fiskifélags Íslands og miðuð er við 16. des. s.l., að alls 57 fiskiskip minni en 100 tonn og 20 skip stærri en 100 tonn hafi aldrei komið fram á aflaskýrslum á árinu 1967. Hér er að vísu um að ræða verulegan fjölda báta undir 30 tonnum að stærð og svo togara, en þó munu það vera ríflega 20 vélbátar stærri en 30 tonn, sem aldrei hafa komið með afla að landi á síðasta ári, en að sjálfsögðu enn fleiri, sem verið hafa óvirkir hluta af árinu og ekki róið einstakar vertíðir. Á undanförnum árum, þegar atvinna hefur verið næg og gjaldeyristekjur hafa farið sívaxandi, brann það að sjálfsögðu ekki svo mjög á mönnum, þótt þessi atvinnutæki væru óvirk, og jafnvel hafa orsakirnar stundum verið þær, að ekki reyndist unnt að manna þessa báta vegna mikillar eftirspurnar eftir vinnuafli á öðrum sviðum. Eins og nú er komið, þegar atvinnulevsið hefur hafið innreið sína og ógnað alþýðuheimilum í landinu, hlýtur það að vera litið miklu alvarlegri augum, að nothæfir bátar eða bátar, sem gera má nothæfa, eru ekki gerðir út á vertíðinni. Þá vegur það einnig þungt, að það er eitt aðalvandamál fiskvinnslustöðvanna, að hráefni er af allt of skornum skammti og nýting framleiðslutækjanna af þeim sökum ó-

hagkvæm. Einnig af þeim ástæðum er þjóðarnauðsyn, að á hávertíðinni, sem nú er framundan og þegar byrjuð, komi hver sjófær bátur að fullum notum. Ekki mun heldur af veita, að öllu sé tjaldað, sem til er, við öflun gjaldeyris í þjóðarbúið, því að nú gengur stöðugt á gjaldeyrisvarasjóðinn. Það er því ekkert einkamál viðskiptabanka eða annarra lánadrottna þeirra útgerðarfyrirtækja, sem teljast eigendur þeirra báta, sem nú eru líkur á, að verði bundnir í höfn í vetur, hvort þeir verða gerðir út eða ekki. Það er brýnt hagsmunamál allrar þjóðarinnar, að hver einasti rekstrarhæfur bátur verði gerður út og veiti atvinnu, styrki rekstrargrundvöll fiskvinnslustöðvanna og afli þjóðinni gjaldeyris.

Eins og ég sagði í upphafi, er með þessari þáltill. bent á það sérstaka verkefni, sem er ríkisvaldsins að leysa, að tryggja, að enginn rekstrarhæfur vélbátur verði bundinn í höfn alla vertíðina, en ég hef ekki talið ástæðu til þess að fjalla almennt um vandamál útgerðarinnar eða orsakirnar til þess, að fjárhag ýmissa útgerðarfyrirtækja er nú svo komið, að þau hafa ekki bolmagn til þess að koma öllum sínum skipum á veiðar. Ýmsar orsakir liggja til þess, að útgerðarfyrirtækjum eða einstaklingum, sem teljast eiga þessa báta, er um megn að koma þeim af stað. Ég vildi þó aðeins benda á eitt atriði í sambandi við aðstöðu útgerðarinnar, þegar um er að ræða viðgerðir á bátunum. Fiskveiðasjóður lánar ⅔ hluta vegna vélakaupa, en fari fram aðrar endurbætur á bátunum, er aðeins lánaður helmingur af þeirri hækkun, sem verður á matsverði bátsins vegna endurbótanna. Sé um viðgerðir að ræða, sem vátryggingafélög greiða, hefur aðstaðan til að framkvæma þær stórlega versnað að undanförnu. Vátryggingafélögin fá iðgjöld vegna bátanna greidd úr útflutningssjóði í ákveðnum skömmtum. Greiðslur vátryggingafélaganna til skipasmíðastöðvanna fara svo fram á sama hátt, í skömmtum og á löngum tíma, svo löngum, að skipasmíðastöðvarnar, sem ekki njóta nægilegrar fyrirgreiðslu í lánastofnunum, geta ekki vegna greiðsluvandræða unnið verkið á svo skömmum tíma, sem tæknilega væri unnt að gera og langsamlega hagkvæmast væri fyrir alla aðila, heldur er bátunum haldið í slippunum langtum lengur en þörf er á, stundum svo að mánuðum skiptir fram yfir þann tíma, sem dygði til að ljúka verkinu, ef greiðslur fyrir það væru inntar af hendi á greiðari hátt. Við þetta hleðst margs kyns kostnaður á verkið og bátarnir eru úr leik langtímum saman, en starfsemi skipasmíðastöðvanna lamast. Í þetta horf hefur sótt s.l. tvö ár, og hefur af því hlotizt ómælt tjón, og ef ekki er að gert, er ekki annað sjáanlegt en skipasmíðastöðvunum verði gert ókleift að starfa. Úr þessu ætti að vera unnt að bæta og er óhjákvæmilegt að bæta. Þegar slík verk sem nauðsynlegar viðgerðir á fiskibátum taka miklu lengri tíma en þörf er á einungis vegna tregðu á greiðslum, sem verða þó að lokum inntar af hendi, hlýzt ekki einungis af því tjón og óhagræði fyrir útgerðarfyrirtækin og skipasmíðastöðvarnar, heldur er um beina þjóðhagslega sóun að ræða. Á sama tíma og þetta ástand ríkir varðandi viðgerðarþjónustu fyrir útflutningsframleiðsluna geta innflytjendur þeir, sem koma gjaldeyrinum í lóg, svo sem sjónvarpssalar og þeir, sem selja útlenzk gólfteppi, boðið viðskiptavinum sínum vörurnar án nokkurrar útborgunar eða þá með sem svarar útborgun á ¼ hluta söluverðs hjá þeim, sem minnst fríðindi geta boðið. Ein slík auglýsing var lesin upp í útvarpinu nú um hádegið, þar sem boðin voru erlend gólfteppi án nokkurrar útborgunar. En það er réttast að fara ekki lengra út í þessa sálma að þessu sinni. En varðandi fiskibátana er það ljóst, að úr þeirra vandamálum ætti að vera unnt að bæta og er orðið alveg óhjákvæmilegt að bæta varðandi viðgerðarþjónustuna. Það er ýmislegt, sem þarf að taka á til þess að stuðla að því, að bátum, sem gætu veitt atvinnu og aflað gjaldeyris en liggja nú ónotaðir, verði komið í gagnið. Kanna verður, hverju þarf að kosta til í hverju tilfelli til þess að tryggja rekstur vélbáta, sem eru sjófærir eða gætu orðið það fljótlega, en líkur eru samt á nú, að verði ekki gerðir út á vetrarvertíð, nema sérstakar ráðstafanir verði gerðar. Það er því lagt til með þessari þáltill., að hæstv. ríkisstj. verði falið að kanna sérstaklega, í hve ríkum mæli er um það að ræða, að rekstrarhæfir bátar verði ekki gerðir út í vetur, hversu mikið fjármagn muni þurfa til þess að koma þessum bátum á veiðar og hverjar ráðstafanir sé unnt að gera til úrbóta. Ég hef valið þann kostinn að flytja þessa þáltill. hér í hv. d., en ekki í Sþ., vegna þess að með þeim hætti er meiri von til þess, að hún fáist afgreidd á skömmum tíma, en eðli málsins samkv. krefst það bráðrar lausnar, ef koma á þeim vélbátum, sem hér er um að ræða, í notkun á vetrarvertíðinni, sem nú er hafin.

Ég leyfi mér að lokum, herra forseti, að leggja til, að umr. verði nú frestað, en till. vísað til hæstv. sjútvn., sem ég vænti, að afgreiði málið svo fljótt sem hún telur framast tök á.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 22 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 76. fundi í Nd., 18. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 242, n. 361, 385).

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem er hér á þskj. 242, hefur verið til athugunar í sjútvn., og eins og fram kemur í nál. sjútvn. á þskj. 361, leggur n. til, að till. verði samþ. með nokkrum breytingum. En þær breytingar koma fram í nál. N. var sammála um, að það væri rétt og nauðsynlegt, að fram fari sú athugun, sem óskað er eftir, að gerð verði með þessari till., þ.e.a.s., að ríkisstj. láti fara fram athugun á því,

hversu margir fiskibátar í landinu muni ekki verða gerðir út á komandi vetrarvertíð vegna fjárhagsörðugleika. Það er vitað, að það hefur æði oft verið þannig og í vaxandi mæli nú í seinni tíð, að þó nokkuð af rekstrarhæfum fiskibátum hafa legið og ekki verið notaðir. Þetta telur sjútvn., að sé rétt, að komi skýrt fram, hversu miklu þetta muni nema, hversu margir þessir bátar eru, sem verða að teljast fullkomlega rekstrarhæfir og sæmilega hentugir til útgerðar á vetrarvertíð og til þess þá, að hægt sé að gera viðhlítandi ráðstafanir til þess að koma þessum bátum í rekstur. Vitanlega er um það að ræða, að eitthvað af bátum liggur ónotað af þeim ástæðum, að þeir eru orðnir þannig á sig komnir, að þeir teljast ekki rekstrarhæfir eða eru ekki lengur orðnir hentugir til útgerðar í samkeppni við aðra. Þar stöndum við auðvitað frammi fyrir allt öðru vandamáli, sem sagt því að reyna þá að finna einhver ný verkefni handa slíkum bátum eða þá það verður að yfirgefa þá með öllu. En þar sem um hitt er að ræða, að vel rekstrarhæfir bátar og hentugir bátar liggja ónotaðir af fjárhagserfiðleikum viðkomandi eigenda eða af öðrum hliðstæðum ástæðum, þá telur sjútvn., að það sé rétt að fá athugun á slíku, til þess þá að hægt sé að gefa sig að því að reyna að ráða þar bót á.

Sjútvn. lagði til í sinni till., að meginmál till. eða 1. mgr. yrði samþ. eins og hún lá fyrir, en n. taldi rétt að gera nokkrar orðalagsbreytingar á seinni mgr., og kemur það fram í till. n., þar sem ýmsum nm. í sjútvn. þótti, að í upphaflegu till. væri tekið óþarflega ákveðið til orða um það, hvað ríkisstj. ætti að gera til þess að beita sér fyrir því, að rekstur þessara báta gæti hafizt. Menn töldu sem sagt, að rétt væri að lina þarna nokkuð á orðalagi, því að það yrði að koma í ljós síðar, hvað rétt þætti að gera í hverju einstöku tilfelli.

Eins og fram kemur í nál. sjútvn., skrifuðu tveir af nm. undir nál. með fyrirvara, en voru þó sammála í öllum aðalatriðum þessari afgreiðslu n. Þessir tveir nm. hafa nú flutt hér brtt., sem þeir gera að sjálfsögðu grein fyrir, á sérstöku þskj., þskj. 385, en mér þykir rétt hér um leið og ég geri grein fyrir till. sjútvn. að geta þess, að hér er um svo smávægilega breytingu að ræða frá þeirri till., sem sjútvn. gerir, að ég hygg, að sjútvn. öll hefði vel getað fallizt á það orðalag, sem fram kemur í brtt. á þskj. 385, og ég hef m.a. borið þessa breytingu undir flm. till., hv. 6. landsk. þm., og hann getur fyrir sitt leyti algerlega fallizt á þessa breytingu. Og ég hef náð tali af nokkrum mönnum úr sjútvn., sem sömuleiðis geta fallizt á að samþykkja þá brtt., sem er á þskj. 385 um þetta sama efni, en þar er aðeins um minni háttar frávik í orðalagi og varðandi verkefni frá því, sem lagt er til í meginmáli till. Það er því sem sagt till. sjútvn., að þessi þáltill. verði samþ. og ef flm. að brtt. á þskj. 385 halda sig fast við hana, mun sjútvn. geta fallizt á það að afgreiða till. á þann hátt, að sá hluti till. verði samþ. eins og þar segir, en till. síðan afgreidd í heild með því orðalagi, sem sjútvn. hafði gert ráð fyrir í sínum till.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 3. þm. Sunnl. að flytja brtt. við brtt. sjútvn., brtt. á þskj. 385. Eins og síðasti ræðumaður tók fram, er hér um tiltölulega mjög litlar breytingar að ræða. Hins vegar lá það ekki fyrir á fundi hjá sjútvn., hvort aðrar upplýsingar, sem um var talað í n., að æskilegt væri, að lægju fyrir, mundu kannske eyðileggja fyrir meginefni till., ef óskað væri eftir þeim jafnframt. Hins vegar hefur samkv. upplýsingum, sem ég hef síðar fengið frá Fiskifélagi Íslands, verið upplýst, að það, sem ég og hv. 3. þm. Sunnl. sérstaklega óskum eftir, liggur jafnt fyrir og hitt, þannig að þetta mun ekki tefja fyrir upprunalegu till., sem n. öll er sammála um, að æskilegt sé, að liggi fyrir Alþ. og öðrum, sem áhuga hafa á, en það, sem við vildum fá fram auk þessa, sem þáltill. getur um, er m.a. hvort og af hvaða ástæðum slík skip liggi á vetrarvertíðinni af öðrum ástæðum heldur en fjárhagsástæðum. Það er t. d. rökstuddur grunur um það, að það sé nokkuð stór fjöldi slíkra skipa, sem ekki verði mannaður, bæði vegna þess, að þau séu orðin úrelt og jafnvel vegna útgerðarstaða líka. Það má líka vera, að það komi fleira í ljós, eins og að vélar þeirra séu úreltar, þótt skipin sjálf séu ekki úrelt, og eins og ég tók fram, hefur fiskimálastjóri tjáð mér, að það muni ekki kosta mikla aukavinnu, þótt slíkar upplýsingar verði látnar fylgja með í þeirri sérstöku athugun, sem við höfum farið fram á, að fari fram, og þess vegna höfum við leyft okkur að bera fram þessa brtt., töldum samt ekki eðlilegt að leita til annarra nm., vegna þess að við vorum aðeins tveir með þennan fyrirvara, en eins og frsm. tók hér fram á undan mér, held ég, að það ætti ekki að verða neinn ágreiningur um það að samþykkja till. með því orðalagi, sem við leggjum til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 77. fundi í Nd., 19. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 385 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 361 (ný tillgr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 396).

4. Aðild Íslands að GATT.

Á deildafundum 14. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um aðild Íslands að GATT og Genfarbókun [81. mál] (A. 173).

Á 38. fundi í Sþ., 14. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessari till. felst það, að Alþ. heimili ríkisstj. að gerast fyrir Íslands hönd aðili að hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti, GATT, og bókun þeirri við hið almenna samkomulag, sem gerð var 30. júní s. l. og kennd er við Genf. Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti var undirritað 30. okt. 1947 í Genf. Öðlaðist samkomulagið gildi hinn 1. jan. 1948. Að samkomulaginu stóðu 23 lönd. Í okt. 1967 höfðu 74 lönd öðlazt fulla aðild að GATT, 3 lönd, þ. á m. Ísland, bráðabirgðaaðild og 9 lönd önnur tengsl.

Í fyrstu var ætlunin, að GATT yrði aðeins bráðabirgðasamkomulag, þar til alþjóðaviðskiptastofnun yrði komið á fót. En svo hefur farið, að þetta fyrsta víðtæka samkomulag um tolla og viðskipti hefur orðið að varanlegum samtökum og umfangsmikilli alþjóðastofnun með aðsetri í Genf. Hefur GATT síðan 1948 verið aðalvettvangur viðræðna og samninga um tollamál og viðskiptahömlur á alþjóðlegum grundvelli.

Það hefur verið aðalverkefni GATT að vinna að alþjóðlegum samningum um afnám tolla og hafta. Í því skyni hefur GATT hvað eftir annað efnt til alþjóðlegra tollaviðræðna. Kennedy-viðræðurnar svonefndu eru hinar 6. í röðinni af slíkum alþjóðlegum tollaviðræðum, er GATT efnir til. Í öllum þessum tollaviðræðum hefur náðst verulegur árangur, en árangursríkastar urðu þó Kennedy-viðræðurnar svonefndu. Sú meðaltalstollalækkun á iðnaðarvörum, sem samið var um í Kennedy-viðræðunum, mun hafa verið um 30%. Næstu viðræður þar á undan, Dillon-viðræðurnar svonefndu, sem fóru fram í Genf 1956, urðu einnig árangursríkar. Aðalþáttur samkomulagsins, sem náðist í þeim viðræðum, var samningur milli Bandaríkjanna annars vegar og Efnahagsbandalags Evrópu hins vegar um 20% gagnkvæmar tollalækkanir á iðnaðarvörum.

Árið 1964 var samþ. að bæta nýjum hluta við hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, fjórða hluta samkomulagsins, sem fjallar um viðskipti þróunarlandanna. Í fyrsta samkomulaginu voru engin sérákvæði um þróunarlöndin, en samkv. nýju ákvæðunum um viðskipti þróunarlandanna fengu þau undanþágur frá vissum skuldbindingum samkomulagsins, og heimilaðar voru sérstakar ráðstafanir fyrir þau í ákveðnum tilfellum.

Síðari hluta árs 1963 fékk ríkisstj. boð frá GATT um, að Ísland ætti kost á að taka þátt í starfsemi GATT á bráðabirgðagrundvelli. Mundi Ísland þá geta tekið fullan þátt í Kennedy-viðræðunum og að þeim loknum öðlast fulla aðild að GATT, ef um semdist. Hafði ríkisstj. þá samráð við stjórnarandstöðuna um þetta tilboð, og reyndust allir aðilar sammála um að taka því. Athugun á málinu hafði leitt í ljós, að viðskiptastefna Íslands og framkvæmd hennar væri í samræmi við ákvæði GATT-sáttmálans og að hann legði Íslandi ekki neinar þær skuldbindingar á herðar, sem óaðgengilegar mættu teljast. 5. marz 1964 var bráðabirgðaaðild Íslands samþ. á aðalfundi GATT og nauðsynlegir samningar síðan undirritaðir.

Ástæða þess, að sótt var um aðild að GATT var sú, að Íslendingar vildu hafa gagn af því alþjóðlega viðskiptasamstarfi, sem þar var hafið, til þess að greiða fyrir frjálsari viðskiptum með fisk og sjávarafurðir. Eftir tilkomu markaðsbandalaganna tveggja í Evrópu, sem Ísland tekur ekki þátt í, töldu Íslendingar, að GATT gæti haft þýðingu til að draga úr mismunun í viðskiptum, sem lönd utan bandalaganna yrðu fyrir. Tilgangur Kennedy-viðræðnanna var einmitt sá að draga nokkuð úr því misræmi, sem hlýzt af stofnun viðskiptabandalaganna. Eins og kunnugt er, áttu Bandaríkjamenn frumkvæði að Kennedy-viðræðunum, eftir að Bandaríkjaþing hafði 1962, að tilhlutan Kennedy forseta, samþ. löggjöf, sem heimilaði ríkisstj. Bandaríkjanna að lækka bandarísku tollana um allt að 50% í samningum við önnur ríki um gagnkvæmar tollalækkanir. Heimilað var að fella alveg niður tolla á vörum, ef viðskipti með þær milli Bandaríkjanna og annarra ríkja næðu til 80% alheimsviðskiptanna. Á grundvelli þessarar lagasetningar Bandaríkjaþings ákvað ráðherrafundur GATT í maí 1963 að efna til allsherjarumr., er hafa skyldu fjórþætt markmið: 1. Stefnt skyldi að 50% tollalækkun á iðnaðarvörum. 2. Dregið skyldi verulega úr öðrum viðskiptahömlum. 3. Tollaviðræðurnar skyldu að verulegu leyti ná til landbúnaðarvöru, og 4. Þróunarlöndin skyldu njóta góðs af samningunum, án þess að þess yrði krafizt, að þau létu jafnmikið á móti.

Kennedy-viðræðurnar hófust síðan formlega með ráðherrafundi í Genf 4. maí 1964. Bandarísku heimildarlögin giltu til 30. júní 1967, og þurfti viðræðum því að vera lokið fyrir þann tíma. Margs konar vandamál komu fljótlega í ljós í þessum viðræðum. Eitt fyrsta og helzta vandamálið átti rætur sínar að rekja til þess, hversu tollar eru misháir í ýmsum löndum. Tollar Efnahagsbandalags Evrópu eru t.d. jafnari að hæð en tollar í Bretlandi og sérstaklega þó í Bandaríkjunum. Með hliðsjón af þessu var það sjónarmið Efnahagsbandalagsins, að 50% lækkun á meðaltali tolla bandalagsins mundi hafa í för með sér meiri hag fyrir Bandaríkin en 50% lækkun Bandaríkjanna á mjög háum tollum hefði í för með sér fyrir Efnahagsbandalagið. Þá kom í ljós mikið vandamál í sambandi við viðskipti með landbúnaðarafurðir. Hið sama gilti um sjávarafurðir. Samningar um iðnaðarvörurnar fóru að lokum þannig fram, að fjallað var um

hvern vöruflokk um sig, og náðist ekki samkomulag um, að fyrir allar iðnaðarvörur skyldu gilda sömu jöfnu lækkanirnar. Í þeim þætti Kennedy-viðræðnanna, sem fjallaði um viðskiptahömlur aðrar en tolla, var m.a. rætt um undirboð, og náðist samkomulag um að tryggja samræmda túlkun á undirboðsviðskiptum og samræmdar aðgerðir til þess að sporna gegn þeim. Að því er snertir málefni þróunarlandanna, voru boðnar verulegar tollalækkanir á ýmsum þeim vörum, sem taldar voru mikilvægar fyrir þau. Þó varð ekki samkomulag um að verða við margvíslegum óskum þróunarlandanna, sem þau töldu sér mjög mikilvægar. Á landbúnaðarsviðinu var ágreiningurinn mestur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Bandaríkjanna, og náðist að lokum samkomulag um kornviðskipti og árlega korngjöf til þróunarlandanna. Hins vegar náðist ekki samkomulag um viðskipti með kjöt- og mjólkurafurðir.

Heildarmat á þeim niðurstöðum, sem urðu í Kennedy-viðræðunum, liggur ekki enn fyrir. Hins vegar hefur athugun verið gerð á þýðingu niðurstöðunnar fyrir viðskipti helztu iðnaðarlanda, sem þátt tóku í viðræðunum, þ.e.a.s. Bandaríkjanna, Bretlands, Efnahagsbandalagsins, Japans, Svíþjóðar og Sviss.

Árið 1964 nam heildarinnflutningur þessara landa 60 milljörðum dollara. Þar af voru 25 milljarðar innflutningur, sem var tollfrjáls áður en Kennedy-viðræðurnar hófust. Í þessum viðræðum var boðin tollalækkun á innflutningi, sem nam 26 milljörðum dollara eða um 75% af tolluðum innflutningi og 43% af heildarinnflutningnum. Meiri hl. þessara tollalækkana nam 50% eða meira. Viðskipti með vörur, sem engar tollalækkanir voru boðnar á, námu árið 1964 um 11.3 milljörðum dollara eða um 19% innflutningsins. Kornvörur, kjöt og mjólkurafurðir voru undanskildar. Til viðbótar tollalækkunartilboðunum má síðan geta þess, að heitið var að hækka ekki tolla á vörum, sem voru tollfrjálsar, og var þar um að ræða 6 milljarða dollara innflutning. Áætlað hefur verið, að heildarívilnanir allra aðildarríkja Kennedy-viðræðnanna hafi tekið til um 40 milljarða dollara innflutnings árið 1964, en utanríkisviðskipti þessara landa nema um 75% heimsviðskiptanna það ár. Er ætlunin, að tollalækkanir þessar verði framkvæmdar á 5 árum.

Af Íslands hálfu var fylgzt nákvæmlega með þróun Kennedy-viðræðnanna. Þær reyndust dragast mun meira á langinn en upphaflega hafði verið búizt við. Fyrstu tvö árin var aðallega rætt um möguleika á því að setja almenna reglu um tollalækkun iðnaðarvarnings, en það tókst ekki. Af Íslands hálfu var því sjónarmiði frá upphafi haldið fram, að væntanlegar almennar tollalækkunarreglur fyrir iðnaðarvarning ættu einnig að ná til sjávarafurða. Það var hins vegar viðurkennt, að það gæti ekki átt við um landbúnað vegna ýmissar séraðstöðu þeirrar atvinnugreinar. Hins vegar væri sjávarútvegur nútímans mikilu skyldari iðnaði, og þar sem aðalviðskiptatálminn á því sviði, viðskiptunum með sjávarafurðir, væru tollar, væri eðlilegast, að almenna reglan um tollalækkun tæki einnig til sjávarafurða. Ýmsir aðrir útflytjendur sjávarafurða, svo sem Norðmenn og Danir, héldu einnig fram þessu sama sjónarmiði.

Af hálfu Íslands var jafnan lögð á það áherzla, að þar sem Íslendingar stæðu utan við viðskiptabandalögin í Evrópu, væri okkur sérstakur vandi á höndum, þar eð afurðir okkar sættu ólíkri tollmeðferð í ýmsum viðskiptalöndum okkar í Vestur-Evrópu. Það ætti ekki við um þá keppinauta okkar í Vestur-Evrópu, sem væru aðilar að viðskiptabandalögunum. Þessi sjónarmið fiskútflutningsþjóðanna hlutu ekki almenna viðurkenningu. Aðeins Bandaríkin tóku sjávarafurðir í iðnaðarvörutilboð sitt, og var það þó mjög takmarkað. Efnahagsbandalagið og ekki síður Bretar virtust því mjög andvígir að fjalla um sjávarafurðir sem hliðstæðar iðnaðarvörum. Það var ekki fyrr en nokkrum dögum áður en samningum lauk í maí s.l., að Bretar gerðu loks tilboð um lækkun tolls á einni sjávarafurð. Meðan engar jákvæðar undirtektir fengust undir tilmæli um tollalækkanir á sjávarafurðum, gat ekki talizt tímabært, að Ísland gerði tilboð um lækkun á innflutningstollum sínum. Þegar nokkur hreyfing var komin á þessar viðræður, ákvað ríkisstj. að leggja fram tilboð um 50% lækkun á íslenzkum tollum, ef Íslendingar ættu kost á jafnmiklum tollfríðindum í staðinn. Var þetta boð lagt fram í ágúst s. l., og var um það haft samráð við stjórnarandstöðuna. Voru þá tollalækkanir þær, sem samþ. höfðu verið, eftir að Ísland gerðist bráðabirgðaaðili að GATT í marz 1964, taldar til þessa tilboðs.

Síðar um haustið 1966 buðu Bandaríkin að fella alveg niður toll á blokkfrystum fiskflökum og frystum steinbít, en þau höfðu áður boðið helmingslækkun tollsins á blokkfrystum fiski, sem nemur um 4-5%. Hins vegar var enginn kostur veittur á tollalækkun á frystum fiski í neytendaumbúðum. Tilboð Efnahagsbandalagsins um tollalækkanir á sjávarafurðum, sem lagt var fram í ágúst 1966, var lítilfjörlegt. Var þar um að ræða lækkun tolls á síldar- og fiskimjöli úr 4% í 2% og lækkun tolls á freðfiski úr 18% í 17%. Enn fremur var boðin hækkun á tollfrjálsum innflutningskvóta fyrir síld úr 32 þús. tonnum í 46 þús. tonn. Þessi kvóti hafði hins vegar verið 80-90 þús. tonn árlega fyrir Þýzkaland eitt.

Þegar hér var komið, var aðalviðskiptalöndum Íslands innan GATT tilkynnt, að af Íslands hálfu gæti ekki orðið um annað að ræða en mjög takmarkað gagntilboð til Bandaríkjanna. Efnahagsbandalagið hefði lítið sem ekkert boðið og Bretar alls ekkert. Bandaríkjunum var boðin lækkun tolla á þurrkuðum ávöxtum, eplum, niðursoðnum spergli, ávöxtum, ávaxtasafa og maís, svo og binding tollfrelsis á kornvöru. Náði þetta tilboð til 236 millj. kr. innflutnings frá Bandaríkjunum

miðað við árið 1965 eða 32% innflutnings þaðan. Bandarísku tilboðið í Kennedy-viðræðunum tekur til 450 millj. kr. útflutnings frá Íslandi 1964 eða til um ⅔ hluta útflutningsins til Bandaríkjanna. Haldið var hins vegar áfram viðræðum við Efnahagsbandalagið. Rétt fyrir miðjan maí s.l. tilkynnti Efnahagsbandalagið loks nokkra breytingu á sjávarafurðatilboði sínu. Var þar um að ræða nokkra lækkun tolla á karfa og grálúðu frá 15% í 8%, og á þetta við um hinn fyrirhugaða ytri toll bandalagsins, sem kemur að fullu til framkvæmda 1. júlí n.k. Á ósöltum hrognum var boðin lækkun úr 14% í 10% og á salthrognum úr 15% í 11%. Loks var boðin lækkun á freðfiskflökum í 15% í stað 17%, sem áður hafði verið boðið.

Í viðræðunum við Efnahagsbandalagið var íslenzka tilboðið jafnframt bætt nokkuð, fyrst og fremst með tilboði um lækkaðan toll á skrifstofuvélum og bindingu á tollum, sem lækkaðir höfðu verið frá árinu 1964. Rétt áður en samningaviðræðunum lauk, buðu Bretar loks tollalækkun á einni sjávarafurð eða lækkun tolls á síldarlýsi úr 10% í 5%. Á móti þessu ákvað ríkisstj. að ganga til móts við óskir Breta um lækkun tolls á brauðvörum og kexi úr 100% í 80% og á karlmannaskóm sömuleiðis úr 100% í 80%.

Með þessum samningum við Breta var tollasamningum Íslands í Kennedy-viðræðunum lokið. Þær tollabreytingar, sem boðnar voru í þessum viðræðum, eru fólgnar í því tollafrv., sem lagt hefur verið fram og hv. Nd. Alþ. hefur nú til meðferðar, eftir að hv. Ed. hefur samþ. það. Ef miðað er við innflutninginn 1965, hefðu tolltekjur orðið 30 millj. kr. lægri en ella, ef hinir umsömdu tollar í Kennedyviðræðunum hefðu þá verið komnir til framkvæmda. Sú tollalækkun, sem boðin hefur verið, og sú tollbinding, sem í tilboðinu felst, tekur til 849 millj. kr. innflutnings eða um 14% innflutningsins 1965. Tollalækkunartilboð Bandaríkjanna og Bretlands má telja, að færi Íslandi a.m.k. 25 millj. kr. tollalækkun á íslenzkum útflutningi þangað. Hins vegar er erfitt að meta tölulegt gildi tilboðs Efnahagsbandalagsins. Tollalækkunin á fiskimjöli, síldarmjöli og freðfiski lækkar þó tollgreiðslurnar um því sem næst 5 millj. kr. miðað við útflutninginn 1965. Er þar með fengið jafnræði milli tollahlunninda okkar og þeirra tollalækkunar, sem gert er ráð fyrir, að við samþykkjum. Til viðbótar er þess að geta, að lækkun tolls á ísuðum karfa og hrognum hefur einnig þýðingu fyrir okkur, þótt ekki sé miðað við núverandi aðstæður eða toll fyrri ára, heldur við þann toll, sem gert er ráð fyrir í Efnahagsbandalaginu. Þá er skuldbindingin um tollfrelsi á saltfiski og skreið frá Ítalíu mikilvæg trygging fyrir þeim viðskiptum.

Í heild má því segja, að niðurstaða Kennedy-viðræðnanna og fullgild aðild að GATT til þess að geta notið þeirra sé Íslendingum hagstæð, þótt hér sé fjarri því að vera um að ræða nokkur stórtíðindi í viðskiptamálum eða tollamálum Íslendinga. Sjálfsagt er að meta þann árangur, er næst í því efni að draga úr tollabyrðinni, sem íslenzkar útflutningsvörur verða að sæta í viðskiptalöndum okkar. Kennedy-viðræðurnar hafa hins vegar leitt ótvírætt í ljós, og á það vildi ég leggja sérstaka áherzlu, að við ramman reip er að draga, þegar þau lönd, sem flytja út sjávarafurðir, reyna að ryðja úr vegi þeim viðskiptatálma, sem innflutningstollar auðvitað eru. Samningarnir í Kennedy-viðræðunum hafa einnig leitt ótvírætt í ljós, að viðskiptaþjóðir okkar krefjast fullrar gagnkvæmni í tollalækkunum. Við verðum að greiða svo að segja hverja milljón tollalækkana, sem við fáum, með 1 millj. tollalækkunar á innflutningi okkar. Ýmsar stórþjóðanna munu hafa búizt við meiri árangri af Kennedy-viðræðunum en raun varð á.

Útflytjendur sjávarafurða hafa yfirleitt áreiðanlega orðið fyrir vonbrigðum af heildarniðurstöðu Kennedy-viðræðnanna hvað viðskiptahagsmuni þeirra snertir, og svipað má eflaust segja um þróunarlöndin. Hvað Ísland snertir, mun þó óhætt að segja, að þótt sporin í rétta átt hafi hvorki verið mörg né stór, þá hafi þau þó verið í rétta átt, og árangurinn, sem náðist á sviði viðskipta með sjávarafurðir, réttlætir fyllilega aðild Íslands að GATT. Til þess að geta notið þess hagræðis, sem þegar hefur um samizt með fyrirvara um endanlega aðild Íslands að GATT, telur ríkisstj., að sjálfsagt sé, að af þessari fullnaðaraðild verði og treystir því með hliðsjón af þeim viðræðum, sem hún hefur átt með fulltrúum stjórnarandstöðunnar um málið, þegar það var á umræðu- og samningsstigi, að stjórnarandstaðan sé henni sammála um þetta. Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að málinu verði vísað til hv. allshn. og óska þess, að hún afgreiði till. eins fljótt og hún telur sér fært.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 20. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 173, n. 382).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, fjallar um það að heimila ríkisstj. að gerast fyrir Íslands hönd aðili að hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti, í daglegu tali kallað GATT, og að bókun við það samkomulag gerðri 30. júní 1967 og kennd er við Genf.

Aðildarríki að GATT eru nú orðin rúmlega 80 talsins, þar í flokki öll aðalviðskiptaríki okkar bæði í Austur- og Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku. En höfuðtilgangur GATT er að stuðla að auknum millirikjaviðskiptum með lækkun tolla og afnámi viðskiptahafta. Í 1. gr. GATT-samkomulagsins er kveðið svo á, að beztu kjör skuli gilda milli aðildarríkj-

anna. Ísland hefur átt bráðabirgðaaðild að GATT síðan 1964, og rann sú aðild út í árslok 1967. Sem aukaaðili að GATT tók Ísland þátt í svonefndum Kennedy-viðræðum aðildarríkjanna, en þær stóðu um þriggja ára skeið eða frá því í maí 1964 þar til í maí 1967, og var aðildarsamningur Íslands að GATT staðfestur af GATT-aðilum 30. júní í fyrra sem hluti af niðurstöðum Kennedy-viðræðnanna. En samkv. þessum samningi falla nær allir tollar á útfluttum sjávarafurðum okkar hjá aðalviðskiptaþjóðunum undir svonefndar GATT-bindingar, en það táknar í stórum dráttum, að þær geti ekki hækkað tolla sína á sjávarafurðum okkar nema að veita okkur jafngilda lækkun á móti. Þessa samninga við GATT önnuðust fyrir Íslands hönd Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstj. og Einar Benediktsson sendiráðunautur og undirrituðu þá fyrir Íslands hönd 16. okt. s.l., en sú undirritun er háð staðfestingu Alþ., sem hér er farið fram á, að veitt verði. Allshn. Sþ. hefur fjallað um þáltill. þá, er hér ræðir um, á nokkrum fundum sínum og kynnt sér grg. þá, er henni fylgir. Jafnframt kvaddi n. Einar Benediktsson sendiráðunaut á fund sinn, og veitti hann nm. upplýsingar um gang þeirra mála og lýsti þeirri skoðun sinni, að íslenzka ríkinu væri hagfellt að gerast aðili að GATT.

Eins og fram kemur af framlögðu nál. allshn. á þskj. 382, leggur hún einróma til, að þáltill. verði samþykkt.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 404).

5. Strandferðir norðanlands.

Á deildafundum 11. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um strandferðir norðanlands og útgerð strandferðaskips frá Akureyri [155. mál] (A. 351).

Á 42. fundi í Sþ., 13. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 46. fundi í Sþ., 20. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Till. sú, sem fyrir liggur um strandferðir norðanlands og útgerð strandferðaskips frá Akureyri, er flutt af 7 þm. úr Norðurl. e. Einn þm. er vegna stöðu sinnar ekki flm. að þessari till., en ekki þarf að efast um hug hans í þessu máli. Till. er um það, að skora á ríkisstj. að láta athuga möguleika á því, að Skipaútgerð ríkisins í samráði við hlutaðeigandi bæjar- og sýslufélög komi á fót á Akureyri útgerð strandferðaskips, er annist strandferðir norðanlands, enda séu ferðir þess í samræmi við ferðir strandferðaskipa úr Reykjavík til Austfjarða og Vestfjarða. Niðurstöður athugunarinnar verði síðan lagðar fyrir Alþ. svo fljótt sem unnt er.

Það er skoðun okkar flm., að strandferðir, sem eiga að koma að gagni fyrir Norðlendinga, og þá, sem skipti eiga við Norðurland, þurfi að skipuleggja á annan hátt en nú er gert. Að miðstöð norðlenzkra strandferða og útgerðarstaður eigi að vera á Akureyri, að strandferðaskip eigi að ganga þaðan austur og vestur til skiptis og mæta skipi frá Reykjavík og snúa síðan við til Akureyrar. Í grg. nefnum við það til ábendingar, að Akureyrar- og Reykjavíkurskip mætist fyrir austan á Reyðarfirði, og fyrir vestan á Patreksfirði, en sú ábending þarf auðvitað nánari athugunar við.

Miklar líkur eru til þess að okkar dómi, að hringferðir þær, sem lengi hafa tíðkazt og ætíð hafa verið gerðar út frá Reykjavík, séu óhentugar fyrir Norðurland, enda hefur margt breytzt síðan þær voru upp teknar. Gera má ráð fyrir því, að þetta gamla fyrirkomulag eigi sinn þátt í því, að Norðlendingar eða norðlenzk fyrirtæki nota nú strandferðaskipin minna til vöruflutninga en æskilegt væri og að álag á þjóðvegi hefur einnig af þeirri ástæðu aukizt meira en eðlilegt má telja. Einnig er hugsanlegt, að af þessum ástæðum kunni að vera hætta á, að langleiðaflutningar á landi verði meiri en nauðsyn ber til.

Akureyri er nú og hefur verið um hríð mesti iðnaðarbær landsins utan Reykjavíkur, og þar er nú hægt að framleiða flestar þær iðnaðarvörur, sem á annað borð eru framleiddar hér á landi og fluttar með strandferðaskipum. Einnig er á Akureyri miðstöð Norðurlands á ýmsum öðrum sviðum, og Akureyri þarf að geta tekið að sér í vaxandi mæli fyrir Norðlendinga ýmsa þá forustu, þjónustu eða menningarstarfsemi, sem nú er sótt lengra að. Á sumum öðrum norðlenzkum hafnarstöðum hefur einnig verið um nokkra iðnaðarvöruframleiðslu að ræða.

Það er eðlilegt fyrirkomulag, að erlendum vörum, sem eiga að fara til Norðurlands, sé skipað upp á Akureyri úr millilandaskipum, að því leyti, sem þær eru ekki fluttar beint frá útlöndum til annarra norðlenzkra hafna, sem auðvitað er æskilegt, þegar það hentar. En þegar það er ekki hægt eða telst óhentugt, á það að vera hlutverk hins norðlenzka strandferðaskips að taka við hinum erlendu vörum, sem skipað er upp á Akureyri, og flytja þær til annarra hafna á Norðurlandi, og það þyrfti þá að vera þannig skipulagt með samningum á milli hafskipaútgerðarinnar og strandferðaútgerðarinnar, að þeir, sem endanlega taka við vörunni, þurfi ekki að greiða aukakostnað vegna uppskipunarinnar

hér á landi. Sama er að segja að minnsta kosti um sumar vörur, sem fara eiga til útlanda frá norðlenzkum höfnum. Í þessu sambandi skiptir miklu máli, að strandferðaskipið, sem hér er um að ræða, sé gert út frá Akureyri og ferðum þess stjórnað þaðan, til þess að skipið hafi þar þann afgreiðslutíma, sem hinni norðlenzku flutningamiðstöð hentar á hverjum tíma.

Nú er það auðvitað svo, að flytja þarf meira og minna af vörum frá norðlenzkum höfnum til Reykjavíkur eða annarra staða í öðrum landshlutum og vörur frá Reykjavík og norður. Sömuleiðis póst og farþega, þótt gera megi ráð fyrir, að um farþegaflutninga verði ekki mjög mikið hjá því, sem áður var, nema þegar sérstaklega stendur á. Það, sem hér er um að ræða, mundi, ef þetta fyrirkomulag verður upp tekið, verða flutt úr einu skipi í annað, á Austfjörðum og Vestfjörðum, þar sem norðan- og sunnanskip mætast í höfn og áætlanir við það miðaðar og samræmdar. Ef sá staður á Austfjörðum eða Vestfjörðum, þar sem skipin mætast, væri jafnframt aðalhöfn millilandaskipa í hlutaðeigandi landshluta, myndi Akureyrarskipið einnig verða til mjög mikils gagns fyrir norðanverða Austfirði og norðanverða Vestfirði og bæta þeirra hlut frá því, sem nú er, og nýting og lestarrúm beggja skipanna, Akureyrarskips og Reykjavíkurskips, ætti að verða góð, ef vel er á haldið. Ekki er þó loku fyrir það skotið, að nánari athugun kunni að leiða í ljós eða reynsla kunni að sýna, að hentugt yrði eða jafnvel nauðsynlegt, að Akureyrarskip færi eina og eina ferð alla leið suður, og þá sennilega helzt að hausti eða Reykjavíkurskip norður. Yrði þá áætlun við það miðuð og mundi ekki raska því skipulagi í meginatriðum, sem hér er gert ráð fyrir.

Ég vil geta þess, að í atvmn. Akureyrarkaupstaðar, sem nú er starfandi, hefur komið fram mikill áhugi fyrir því nú í vetur, að strandferðum norðanlands verði komið í það horf, sem hér er gert ráð fyrir, enda mundi það mjög greiða fyrir því, að Akureyri gæti rækt hlutverk sitt sem aðal iðnaðar- og viðskiptamiðstöð á norðanverðu landinu, jafnframt því, sem það mundi einnig verða til hagræðis fyrir aðrar hafnir og byggðarlög þess hluta landsins. En fyrir núverandi fyrirkomulagi, að öll strandferðaskip þurfi að hefja för sína í Reykjavík og eiga þar heimahöfn, verða ekki séð, eins og aðstæður eru í landinu nú á tímum, nein sérstök rök að því er Norðurland varðar. Ég hygg, að þar sé fyrst og fremst um að ræða gamlan vana, sem nú megi teljast úreltur.

Hægt er að hugsa sér og trúlega einfaldast, að til strandferðaútgerðarinnar á Akureyri yrði stofnað á þann hátt, að Skipaútgerð ríkisins hefði útibú og ætti skipið, sem væri í strandferðum austur og vestur frá Akureyri. En einnig væri hægt að hugsa sér, að bæjar- og sýslufélög norðanlands ættu skipið og önnuðust útgerð þess, en fengju til þess strandferðaframlag úr ríkissjóði með hliðsjón af því, sem ríkið verði til strandferðanna í heild á hverjum tíma. Gera má ráð fyrir að henta þætti, að Norðurlandsskipið væri fyrst og fremst vöruflutningaskip, en að farþegaflutningar á sjó verði eins og tíðkazt hefur skipulagðir fyrir landið í heild.

Á eylandi með lögun Íslands og af þeirri stærð, sem Ísland er, þar sem byggð er einkum með ströndum fram eða að minnsta kosti tiltölulega skammt frá sjó miðað við það, sem gerist í öðrum löndum, ættu þungaflutningar á sjó með ströndum fram að vera hagkvæmir, og ég trúi ekki öðru, en að þeir séu það, ef rétt er að þessum málum staðið. En sé svo, ætti álíka útgerð eða afgreiðsla strandferðaskipa að geta veitt viðtakendum eða sendendum þess, sem þau flytja, þjónustu, sem væri yfirleitt sambærileg við þjónustu annarra flutningatækja. Það ætti ekki að þurfa að vera sá munur á, sem nú er stundum talað um, að sé og muni verða. Sjóleiðin er okkur lögð til ókeypis, og hún þarf ekkert viðhald, en hafnir þurfum við að byggja upp, hvort sem hér eru reknar strandferðir eða ekki. Við þurfum líka að eignast viðunandi þjóðvegakerfi, og það er orðið mjög aðkallandi, en ef hægt væri að nota strandferðirnar í vaxandi mæli til að hlífa þjóðbrautunum að minnsta kosti, er líklegt, að uppbygging þeirra og viðhald gæti kostað þjóðina eitthvað minna en ella má gera ráð fyrir. Ég held, að samþykkt og framkvæmd þeirrar till., sem hér liggur fyrir, væri spor í rétta átt í því sambandi, en hvað sem því líður, er það skoðun okkar flm., að athugun sú, sem hér er farið fram á, muni leiða í ljós, ef til kemur, að það fyrirkomulag, sem hér er rætt um, sé hagkvæmt fyrir Norðurland og fyrir landið í heild.

Ég legg svo til, herra forseti, fyrir hönd okkar flm., að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 27. marz, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 351, n. 423).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur haft til athugunar till. til þál. á þskj. 351, sem hér liggur fyrir. Nm., sem á fundi voru, þeir voru þar allir nema einn, sem var forfallaður, eru sammála um að leggja til, að till. á þskj. 351 verði samþ. með orðabreytingu, sem fyrir liggur á þskj. 423 ásamt nál.

ATKVGR.

Brtt. 423 samþ. með 34 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 451).

6. Fræðsla í fiskirækt og fiskeldi.

Á 56. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um, að bændaskólarnir veiti fræðslu í fiskirækt og fiskeldi [136. mál] (A. 288).

Á 59. fundi í Ed., 19. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 60. fundi í Ed., 20. febr., var till. tekin til einnar umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Það mun hafa verið skömmu fyrir jólaleyfi, að landbn. Ed. barst bréf frá Landssambandi ísl. stangveiðimanna. Ég vildi leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að kynna d. þetta bréf, sem varðar þá till. til þál., sem hér er til umr. Bréfið er svo hljóðandi:

„Á aðalfundi Landssambands ísl. stangveiðimanna, sem haldinn var í Borgarnesi 11. nóv. s. l., var lögð fram og einróma samþ. eftirfarandi till.:

Aðalfundur Landssambands ísl. stangveiðimanna lýsir stuðningi sínum við og telur mjög tímabæra eftirfarandi till., sem nýafstaðinn aðalfundur í Félagi áhugamanna um fiskirækt hefur samþ., svo hljóðandi:

Aðalfundur Félags áhugamanna um fiskirækt, haldinn í Átthagasalnum að Hótel Sögu fimmtudaginn 9. nóv. 1967, beinir þeirri áskorun til Alþ. og ríkisstj., að tekin verði sem fyrst upp kennslugrein við búnaðarskólana í landinu um byggingu og ræktun klak- og eldisstöðva. Jafnframt verði hafinn undirbúningur að því, að Háskóli Íslands geti veitt vísindalega fræðslu og brautskráð kunnáttumenn í málefnum þessum. Stjórn Landssambands ísl. stangveiðimanna hefur margoft bent á það á undanförnum árum og stuðzt þá m.a. við reynslu annarra þjóða í því efni, að hér á landi verði að álíta, að vatnafiskirækt geti orðið mikil búgrein og þar með nýr atvinnuvegur í landi voru. Er vonandi, að þessu máli verði nú á næstunni meiri gaumur gefinn en verið hefur, þar eð fleiri eru nú að komast á þessa skoðun vora. En þar sem telja verður, að fáir aðilar hér séu svo kunnugir fiskirækt og því, sem henni fylgir, er hér lagt til, að tekin verði upp kennsla í þessari búgrein og byrjað verði á því að veita ungmennum í búnaðarskólum landsins nokkra fræðslu í fiskeldi og rekstri klak- og eldisstöðva, eins og bent er á í ofangreindri till. Vér væntum þess, að hv. landbn. Ed. Alþ. taki till. vora til athugunar og veiti henni brautargengi á Alþ."

Landbn. hefur haft þessa till. til athugunar, og eftir þá athugun, sem hér hefur verið gerð í málinu innan n., er fram komin sú till. til þál., sem hér liggur fyrir til umr.

Það er rétt, sem tekið er fram í bréfi Landssambands ísl. stangveiðimanna, að mönnum er að verða það æ ljósara, hverja þýðingu það hefur, að atvinnulífið í landinu sé sem fjölbreyttast, og þó að nefnt hafi verið ýmislegt til í því skyni að auka fjölbreytnina í því efni, á sú skoðun vaxandi fylgi, að einmitt fiskirækt og fiskeldi muni vera eitt af því, sem til greina kemur, þar sem það er viðurkennt, að skilyrði fyrir lax- og silungsrækt eru talin vera hér í bezta lagi, og því má vænta mikils árangurs af því starfi, sem til þessa yrði lagt.

Það er engum vafa undirorpið, að lax- og silungsveiði í ám og vötnum verður hagnýtt í vaxandi mæli hér á landi, en til þess að svo megi verða, segir það sig sjálft, að í þessari atvinnugrein, eins og í hverri annarri, sem fengizt er við, er þekkingin það, sem máli skiptir, og er það eitt, sem verður til þess, að um verulega þróun og vöxt geti orðið að ræða. Það er því álit n., að það sé mjög mikilvægt, að þeir menn, sem líklegir eru til þess að verða eigendur veiðiréttar og aðstöðu fyrir alla fiskirækt, fái sem haldbezta fræðslu um þau efni, sem koma til með að verka á þessi mál.

Í till. þeirri, sem Félag áhugamanna um fiskirækt samþykkti á s.l. hausti, er einnig getið um annan þátt fræðslu, sem ekki er komið inn á í þeirri till., sem landbn. hefur hér leyft sér að flytja. En það er um það að hafinn verði undirbúningur að því, að Háskóli Íslands geti veitt vísindalega fræðslu og brautskráð kunnáttumenn í málefnum þessum. Landbn. hefur ekki farið inn á það að gera neitt í þessu efni, og byggist það fyrst og fremst á því, að þetta er miklu stærra mál en svo, að það sé unnt að gera neitt með skjótum hætti í því. Hitt er svo annað, sem líka ber að hafa í huga í því sambandi, og það er, að þessi atvinnugrein er hér ung í landinu. Þess er varla að vænta, að á næstunni verði mjög margir menn, sem mundi vera þörf fyrir að sérmennta í þessu efni, og eitt þó, sem er það allra veigamesta, og það er það, að við eigum enn sem komið er ekki svo mjög marga, sem þannig menntun hafa hlotið, að þeir geti tekið að sér að veita þá fræðslu, sem til þarf í þessum efnum. N. hefur því valið þann kostinn að binda ekki þennan þátt inn í þá till., sem hér er flutt, en snúið sér heldur að hinni almennu fræðslu um þessi málefni.

Eins og kemur fram í grg. þeirri, sem fylgir þáltill., getum við þess, að það sé líklegt, að það þurfi ekki að koma til verulegra fjárútláta, þó að þessi fræðsla yrði upp tekin við bændaskólana. Veiðimálastofnun hefur verið hér starfandi a.m.k. um 20 ára skeið. Lengst af hefur hún átt litlum starfskröftum á að skipa, en nú í seinni tíð hafa starfskraftar hennar aukizt nokkuð, og er mér kunnugt um, að fenginn hefur verið að stofnuninni annar fiskifræðingur, og eru þeir því tveir starfandi við hana nú. Auk þess hefur verið komið á klak- og eldisstöð í tilraunaskyni í Kollafirði, og þaðan koma nú niðurstöður vísindalegra athugana, og munu þær að sjálf-

sögðu verða því þýðingarmeiri og betur undirbyggðar sem stöðin starfar lengur.

Til þess að geta hagnýtt þau hlunnindi, sem vatnafiskar gefa nú, þarf að auka mjög fræðslu veiðiréttareigendanna og veiðimanna á öllu því, sem lýtur að veiðimálum, jafnt að klaki, eldi, göngum og öðru því, sem máli skiptir í því sambandi. Og til þess að unnt sé að auka þessi hlunnindi og stofna til þeirra á nýjum stöðum, þarf og fræðslu, svo að allt ber hér að sama brunni, og má segja, að þó að í þessari till. sé ekki neitt farið inn á það að stuðla að fjölgun fiskiræktarstöðva, er þetta þó liður í því starfi að styðja að því, að þær komi upp og geti orðið til gagns fyrir þá, sem þær reka, og þjóðina í heild. Ég tel, að áherzlu beri að leggja á vísindalegar tilraunir og athuganir í þessu sambandi, og ég hygg, að það megi vænta þess, að sú endurskoðun, sem nú er verið að gera á veiðimálalöggjöfinni, muni beinast mjög að því, að þessar tilraunir verði efldar og styrktar að verulegu marki. En þá þarf einnig að vinna að því að koma þessum niðurstöðum á framfæri jafnóðum til þeirra manna, sem þar hafa mestra hagsmuna að gæta og munu mest um fjalla.

Landbn. er öll sammála um, að með samþykkt þessarar till. sé stefnt í rétta átt og að nokkurs árangurs megi vænta af þeirri starfsemi, sem hér er lagt til, að komið verði á.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fjölyrða frekar um þetta efni að þessu sinni, nema sérstakt tilefni gefist til. En ég legg til, að umr. verði frestað, svo að n. gefist tóm til að leita umsagnar þeirra aðila, sem hér koma helzt til að fjalla um þetta mál.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég stend hér ekki upp til að andmæla neinu af þeim rökum, sem fram hafa komið í grg. með þessari till., né heldur í ræðu hv. frsm. n., heldur miklu fremur til að lýsa ánægju minni yfir því, að þessi till. skuli vera hér komin fram, og þakka hv. landbn. fyrir það frumkvæði, sem hún hefur átt hér að því að reyna að leysa einn þátt af því stórmáli, sem margir telja, að sé, þ.e.a.s. gera Ísland að fiskiræktarlandi í verulegum mæli. En gild rök hafa verið færð fyrir því víða, að til þess séu miklir möguleikar, ef rétt er á haldið.

Ég hef flutt nú á hv. Alþ. ásamt þremur öðrum hv. þm. till. skylda þessu máli, sem hér er um að ræða, og hún er nú til athugunar hjá n. í Sþ. Sú till. fjallaði um sérfræðilega athugun á hentugri gerð fiskeldisstöðva fyrir íslenzka bændur og um athugun á því, hvaða fjárhagsaðstoð væri nauðsynleg, til þess að fiskirækt gæti eflzt með eðlilegum hætti sem búgrein.

Það er staðreynd, að við Íslendingar erum langt á eftir öðrum þjóðum, sem svipaða möguleika hafa hvað fiskiræktina snertir, þrátt fyrir það þó að möguleikar okkar séu jafnvel meiri en flestra annarra. Það hefur t.d. verið bent á Dani í þessu sambandi, sem hafa þó að sjálfsögðu miklu minna og takmarkaðra vatnasvæði og minni möguleika. Þeir framleiða nú magn af laxfiskum upp á 11 þús. tonn á ári, og bjartsýnir kunnáttumenn meðal okkar, sem um þetta mál hafa lengi hugsað og fjallað, hafa staðhæft, að við gætum, ef myndarlega væri staðið að verki, aukið okkar framleiðslu í þessari grein upp í 20-25 þús. tonn á ári á næsta áratug eða jafnvel enn skemmri tíma og hefðum við þá samt ekki nýtt okkar möguleika nema til hálfs við það, sem Danir hafa gert. En þó að um miklu minni framkvæmdir væri að ræða og þróunin ekki eins ör og þessir bjartsýnu menn gera ráð fyrir, gæti þó fyrr munað, bæði fyrir þjóðarbúið í heild og fyrir íslenzka bændur, sem að sjálfsögðu verða stærsti aðilinn að því máli, sem hér ræðir um. En það er öllum kunnara en frá þurfi að segja, að okkar framleiðsla á laxfiskum er hverfandi lítil og raunar ekki svo, að hennar gæti að nokkru marki í þjóðarbúskap okkar. En ástæðurnar til þess álít ég, að séu fyrst og fremst tvær. Í fyrsta lagi skortur á þekkingu á þessari atvinnugrein. Sérfræðingar okkar í þessum málum eru færri en fingur annarrar handar enn þá sem komið er, og mjög fáir hafa á valdi sínu þá verkkunnáttu, sem til þarf, en auk sérfræðinga í þessari grein, ef hún á að geta þróazt eðlilega, þurfa einnig að koma menn með verkkunnáttu, sem mundi svara til í þessari grein iðnmenntaðra manna meðal okkar, talið hliðstætt nám að öðlast verkkunnáttu í þessu eins og í iðngreinum. En þessir menn eru enn þá sárafáir, þó að áhugamenn hafi komizt talsvert langt í þessum greinum, nokkrir áhugamenn, og raunar svo langt, að furða getur talizt, hvað þeim hefur tekizt að víða að sér af þekkingu og verkkunnáttu á þessu sviði. Að öðru leyti hefur svo fjárskortur að sjálfsögðu hamlað, en ég tel hann sem annað atriði í þessu. En að sjálfsögðu, ef þessi atvinnugrein á að geta þrifizt, þarf að sjá henni fyrir stofnlánum, þegar um skynsamlegar framkvæmdir er að ræða. Það mun að vísu vera lögmætt að veita lán til fiskiræktarstöðva úr stofnlánadeild landbúnaðarins, en það hefur, eftir því sem ég bezt veit, mjög lítið komið til greina enn þá sem komið er. En slíkt þarf auðvitað að tryggja, jafnframt því sem þekking á þessum málum er aukin, því að hún er, eins og fram kom hjá hv. frsm. n., auðvitað algert grundvallaratriði.

Ég vil segja það, að bæði þessi till. og eins sú till., sem ég hef átt þátt í að flytja og er til umr. hér á Alþ. núna varðandi þessi mál, stefna báðar í sömu átt, þ.e.a.s. leysa þá tvíþættu byrjunarörðugleika, sem um er að ræða í þessari atvinnugrein, annars vegar þekkingaratriðið og hins vegar fjármálahliðina. Ég held, að þessar till. séu þess vegna fullkomlega samrýmanlegar, og bæri að vona, að þær verði báðar samþ. á þessu þingi.

Ég vil lýsa fullkomnu samþykki mínu við

þessa till. svo langt sem hún nær, en ég tel þó, að hún hefði mátt vera ofurlítið víðtækari, og mundi því leyfa mér ásamt hv. 11. þm. Reykv. að flytja við hana brtt. eða öllu heldur viðbótartill. Þess efnis, að stutt væri að því að gera svo fljótt sem við yrði komið ráðstafanir til þess, að ráðunautar í fiskirækt og fiskeldi yrðu starfandi t.d. í hverjum landsfjórðungi. Það er enginn vafi á því, að sé þessi grein tekin upp sem námsgrein í bændaskólunum eða á námskeiðum í tengslum við þá, mundi það auðvitað verða mikilsvert spor í þá átt að útbreiða smám saman undirstöðuþekkingu meðal bænda um þessa atvinnugrein. En það væri þó ekki hægt e.t.v. að gera ráð fyrir því, að þetta hefði nein risaskref í för með sér til þess að skapa þann þekkingargrundvöll, sem hér verður að byggja á, og þyrfti að gera fleiri ráðstafanir í því sambandi. Ég álít, að það sé alveg hliðstæð nauðsyn á því, að ráðunautar væru starfandi í þessari atvinnugrein, eins og t.d. í jarðrækt eða búfjárrækt, eða það a. m. k. hljóti innan tíðar að skapast þörf fyrir það, að slíkir ráðunautar væru starfandi, og væri létt fyrir þeirri þróun af opinberri hálfu, væri það vafalaust líka nokkur hvatning fyrir unga menn, sem hafa áhuga, að leita sér sérfræðilegrar þekkingar, sem ég er sammála hv. frsm. landbn. um, að við þurfum að öllum líkindum að sækja út fyrir landsteinana að svo komnu máli. En það væri í raun og veru alveg rökrétt framhald af því, að slík kennsla væri tekin upp við bændaskólana, sem þessi till. gerir ráð fyrir, að efnt væri til sérstakra starfa, efnt væri til starfa sérstakra ráðunauta, sem gætu orðið bændum almennt, ekki aðeins þeim, sem héðan í frá ganga í bændaskólana, heldur öðrum bændum og öðrum, sem áhuga hafa á þessum málum og vilja að þeim vinna, að gagni og orðið þeim til halds og trausts varðandi skynsamlegar framkvæmdir í fiskiræktarmálum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa orð mín fleiri um þessa brtt., sem við flytjum hér, ég og hv. 11. þm. Reykv. Hún er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

Við tillgr. bætist nýr málsl., svofelldur:

„Einnig að gera svo fljótt sem við verður komið ráðstafanir til, að ráðunautar í fiskirækt og fiskeldi verði starfandi í hverjum landsfjórðungi.“

Ég tók eftir því, að hv. frsm. n. gerði ráð fyrir því, að málinu yrði frestað, þótt það sé flutt af n., og get ég að sjálfsögðu mjög vel fellt mig við það, að n. athugi þessa till. milli funda. En hér er aðeins um eina umr. að ræða, svo að ég tel við hæfi, að ég biðji hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir till., að hún megi koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 309), leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég get nú sagt eitthvað svipað og síðasti hv. ræðumaður. Ég er ekki kominn hér til þess að andmæla þessari till., sem hér er til umr., eða því, sem sagt hefur verið í sambandi við hana, og ekki heldur varðandi brtt. sem hér var verið að lýsa. En ég vildi eigi að síður leyfa mér við þetta tækifæri að segja nokkur orð, þegar rætt er um þetta merkilega mál, þ.e. fiskeldi og fiskirækt á Íslandi. Þetta er ung atvinnugrein, sem við erum aðeins nýbyrjaðir á. Það er ekki langt síðan við komum auga á það verulega, að hér gæti verið um stórmerkilegt mál að ræða. Að vísu er veiðimálastofnunin eða veiðimálastjóraembættið. Það mun vera nærri 25 ára gamalt. En það er ekki fyrr en fyrir örfáum árum, að veiðimálaembættið fékk í rauninni starfsfé og hefur vitanlega enn þá of lítið starfsfé. Til veiðimála er nú varið nærri 9 millj. kr. Það hefur vantað starfskrafta, en á s.l. ári var ráðinn ungur og efnilegur sérfræðingur nýkominn frá námi í þessari grein, og starfar hann nú með veiðimálastjóra, og getur stofnunin því nú lagt meiri fræðslu af mörkum en áður. Nokkrir ungir menn munu vera við nám erlendis í þessari fræðigrein, þannig að vonir standa til, að úr þessu rætist, þegar frá líður, að við fáum menn í landinu, sem kunna með þessi mál að fara. Og það er það, sem skiptir vitanlega mestu máli, að við fáum menn í landinu, sem hafa fullkomna þekkingu á þessu sviði.

Till. sú, sem hér er um að ræða, fjallar um það að skora á landbrh. að hlutast til um, að nú þegar eða svo fljótt sem verða má verði tekin upp við bændaskólana í landinu fræðsla um ræktun og eldi vatnafiska. Ég býst ekki við, að þetta sé nú auðvelt að framkvæma að svo stöddu, m.a. vegna þess, að það mundi vanta kennslukrafta, ef það ætti að taka nú þegar upp fasta kennslu við bændaskólana í þessari grein. Hitt er annað mál, að það mætti stuðla að því, að það yrði fljótt, að vísindamenn í þessari grein héldu fræðsluerindi við bændaskólana og vektu áhuga manna á, hversu þýðingarmikil þessi grein er. Og ég tel, að þessir menn ættu jafnvel að koma víðar en í bændaskólana. Það þyrfti að vekja áhuga á þessari hagnýtu grein, ekki aðeins í bændaskólunum, heldur og í fleiri skólum. Og það er enginn vafi á því, að það er of lítið af því gert að vekja áhuga ungmenna í skólum landsins á hagnýtum greinum, til þess að þau, þegar fram í sækir, kynni sér þessar greinar og kannske helgi sig þeim, þegar út í lífið kemur. En hvað verða má síðar meir, er svo annað mál.

Eins og fram hefur komið í annarri till., sem hefur verið flutt í Sþ. og lítillega var minnt á hér áðan, er þar talað um að hefja kennslu eða fræðslu um það að koma upp eldisstöðvum á heimilum. Þetta út af fyrir sig er ágætt og verður vonandi í framtíðinni. En nauðsynlegt er, að bændur, áður en þeir byrja á þessu, fái fullkomna fræðslu um þetta

efni. Við skulum ekki líkja þessu saman við kornrækt, vegna þess að kornrækt á Íslandi á miklu erfiðara uppdráttar en t.d. í Danmörku. En fiskirækt á Íslandi ætti kannske miklu hægara uppdráttar en í Danmörku. Ég man nú eftir því, að einu sinni hneykslaði ég menn ákaflega mikið með því að vara við því, að bændur færu að rækta korn heima hjá sér, án þess að það væri vísindalega undirbúið. En enda þótt við stöndum vel að vígi með fiskirækt frá náttúrunnar hendi, verðum við að fara rétt að öllu og við megum ekki flýta okkur of mikið í þessum efnum. En það er að því leyti sérstaklega gott, að þessi till. er fram komin og aðrar till. um þetta efni, að það verður til þess, að það verður farið að ræða málið. Það getur orðið til þess að skapa aukinn áhuga, og það verður vitanlega til þess, að það verður hafizt handa um framkvæmdir, eins og ætlazt er til, um leið og fært þykir. Áhugamenn í fiskirækt eru margir í landinu og Landssamband stangveiðimanna hefur eðlilega mikinn áhuga á þessu og allt þetta er lofsvert. Þegar talað er um það, að Háskóli Íslands útskrifi sérfræðinga í þessu efni, er ég hræddur um, að það eigi nokkuð langt í land, en líklegt þykir mér, að við Háskóla Íslands verði tekin upp föst kennsla í þessum greinum og öðrum búgreinum á Íslandi og Háskóli Íslands útskrifi menn í hvers konar búvísindum í framtíðinni.

Það er í rauninni ekki ástæða til að fjölyrða öllu meira um þessa till., en ég vil aðeins vekja athygli á því, að ég get ekki búizt við því, að það verði á næstunni, að ráðnir verði kennarar við bændaskólana til þess að taka þessa grein alveg sérstaklega m. a. vegna þess, að það vantar til þess menn, eins og sakir standa, en bændaskólarnir geta eigi að síður mjög fljótt tekið þetta mál upp á arma sína, og það má hefja fræðslu utan við bændaskólana í þessum efnum. Einu vísindamennirnir, sem við höfum í fiskirækt, eru veiðimálastjóri og aðrir fiskifræðingar, sem við getum náð til hér, og það ber vitanlega að leggja sérstaka áherzlu á það, að gefin verði út fræðslurit, að þeir flytji fyrirlestra við skóla og við ýmis tækifæri til þess að útbreiða þekkingu og áhuga í þessu efni.

Ég tel svo, herra forseti, að það sé eðlileg málsmeðferð á þessari till., eins og lagt hefur verið til, og tel þá ekki ástæðu til að segja meira að sinni.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Ed., 4. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Ed., 2. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 288, 309, 378, 408).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Þegar þáltill. frá landbn., sem er á þskj. 288, var til umræðu í þessari hv. d. fyrr í vetur, lá hér einnig fyrir til umræðu brtt. á þskj. 309 frá Birni Jónssyni og Einari Ágústssyni. Þegar umræðunni var frestað, átti landbn. kost á að leita umsagnar nokkurra aðila, sem þessi mál varða sérstaklega, og ræða og skoða þessar till. báðar. Þær voru sendar til umsagnar Búnaðarþingi, til Félags áhugamanna um fiskirækt og til veiðimálastjóra. Búnaðarþing lagði til, að till. yrðu samþ. á Alþ., og sama álit kom frá Félagi áhugamanna um fiskirækt. Hins vegar taldi veiðimálastjóri þörf á nokkrum orðalagsbreyt., en till. taldi hann báðar tímabærar og mikilsvert að fá viljayfirlýsingu Alþ. um þessi efni.

Landbn. hefur að athuguðu máli valið þann kostinn að orða till. um og hefur með samþykki flm. brtt. fellt saman efni þeirra, og er niðurstöðu okkar nm. að finna á þskj. 378.

Við þá athugun, sem n. gerði um þessi fræðslumál, kom í ljós, að við bændaskólann á Hvanneyri hafa um nokkurt árabil verið flutt erindi um fiskirækt, og þótt sú fræðsla hafi verið í smærri stíl en skólastjórinn, Guðmundur Jónsson, hefði óskað, þótti landbn. þessarar hv. d. rétt og skylt að láta þess getið hér í umræðunum, sem vel hafði verið gert í þessu efni, og vildi láta það koma fram, að hér hefði þó verið unnið að þessu, þótt í smáum stíl væri.

Í þeirri till., sem hér var fyrr lögð fram og er að finna, eins og ég sagði áðan, á þskj. 288, er gert ráð fyrir því að taka upp fræðslu við bændaskólana, en eins og till. er nú orðuð á þskj. 378, er gert ráð fyrir því að orða þetta á þann hátt, „að fræðsla verði efld við bændaskólana,“ og er það í samræmi við það, sem ég áðan lýsti um starfsemi skólans á Hvanneyri.

Þá er í síðari hluta þáltill. á þskj. 378 skorað á landbrh. að gera svo fljótt sem verða má ráðstafanir til, að ráðunautaþjónusta verði fyrir hendi, þjónusta, er stuðli að þekkingu almennings um það mikilsverða málefni, sem fiskirækt vissulega er. Hins vegar gat n. ekki fallizt á að kveða á um það í þessari till., á hvern hátt þeirri ráðunautaþjónustu yrði hagað í einstökum atriðum, eins og flm. till. á þskj. 309 gerðu þó ráð fyrir. Þessi starfsemi er ný af nálinni og því eðlilegt, að ráðh. leiti þeirrar tilhögunar, sem bezt er við hæfi hverju sinni. Eigi að síður taldi n. rétt, að viljayfirlýsing Alþ. lægi hér ljóslega fyrir. Hæstv. landbrh. hefur svo borið fram viðaukatill. við till. n., og er hana að finna á þskj. 408. Sú till. er í fullu samræmi við sjónarmið landbn. þessarar hv. d. og veiðimálastofnunarinnar. Ég vil því, herra forseti, leggja til, að ályktunin á þskj. 378 ásamt brtt. á þskj. 408 verði samþykkt.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta mál er flutt af landbn. þessarar hv. d., og hefur verið um það hið bezta samkomulag. Formaður landbn. hefur lýst meðferð málsins, og get ég tekið undir allt, sem hann sagði um það efni. En eftir að landbn. fjallaði um þetta mál og færði það í þann búning, sem þskj. nr. 378 sýnir, hefur verið borin fram af hæstv.

landbrh. viðaukatill. við málið. Ég hafði nú vænzt þess, að hæstv. ráðh. hefði getað orðið viðstaddur þessa umr. og gert grein fyrir þessari viðaukatill., en ég sé, að hann muni ekki hafa getað komið því við. Ég ætla þó eigi að síður að fara um hana örfáum orðum.

Þegar efla á fræðslu í fiskirækt, kemur það fyrst til greina að leita til þeirra manna, sem sérþekkingu hafa á þessu sviði, og því miður eru þeir menn ekki margir, enn sem komið er, með okkar þjóð. Á vegum Háskólans er ekki kennsla í þessum efnum, og sérþekkingu á þessu sviði mun einna helzt vera að finna hjá veiðimálastjóra og þeim starfsmönnum, sem hann kann að hafa á að skipa. Það er því alls kostar eðlilegt, að leitað sé til þeirrar stofnunar í sambandi við fræðslu í þessu efni. Í öðru lagi kemur það til greina, með hvaða hætti verði bezt náð til þeirra manna, sem afla sér þekkingar í landbúnaðarfræðum og hyggjast gera landbúnaðarstörf að sínu ævistarfi. Og þá verða bændaskólarnir vitanlega þeir staðir, þar sem einna líklegast er að ná til bændaefnanna með þessa fræðslu. Og till., sem landbn. beitir sér fyrir, stefnir einmitt að því, að fræðsla um fiskirækt verði efld í bændaskólunum. Vel má vera, að það verði horfið að því ráði og það fari vel, að einhver samvinna eigi sér stað milli veiðimálastofnunarinnar og bændaskólanna um þessa fræðslu. Í þriðja lagi kemur það til greina að veita fræðslu á þessu sviði þeim mönnum, sem þegar starfa í landbúnaði og kunna að hafa aðstöðu til að koma á fót fiskirækt. Þá kemur að því, hver eigi að hafa á hendi þá leiðbeiningarstarfsemi, sem komið yrði á fót og haldið uppi meðal starfandi bænda. Eins og frá till. er gengið hjá landbn. á þskj. 378, er það alveg látið óbundið, hvaða stofnun eigi að hafa þessa leiðbeiningarstarfsemi með höndum, en aðeins sagt, að ráðstafanir skuli gera til þess, að ráðunautar í fiskirækt og fiskeldi verði ráðnir til starfa. Nú virðist mér, að viðaukatill. landbrh. stefni að því, að þetta sé á hans valdi og óbundið, hvort hann felur veiðimálastofnuninni að hafa þetta með höndum eða einhverjum öðrum aðila. Ég hef ekkert við það að athuga, þótt það sé kveðið nánar á um þetta, eins og fyrir ráðh. virðist vaka, en það, sem ég vildi sérstaklega leyfa mér að benda á, er það, að þegar búið er að ákveða í meginefni till., fyrri málslið hennar, að fræðslan skuli efld á þessu sviði í bændaskólunum, finnst mér naumast fá staðizt og ekki eðlilegt að bæta því inn í viðaukatill. að öll fræðsla og leiðbeining um fiskirækt verði á vegum veiðimálastofnunarinnar. Ég hefði því viljað beina því til ráðh., að hann breytti till. sinni þannig, að fella niður orðin „öll fræðsla“, þar sem bændaskólunum er beinlínis ætlað að hafa hana með höndum að verulegu leyti. Nú sé ég, að hæstv. ráðh. er hér ekki, en ég vildi samt sem áður láta þessa aths. koma fram.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. landbn. fyrir það, að hún hefur efnislega tekið til greina þá brtt., sem ég flutti hér ásamt hv. 11. þm. Reykv., og ég sætti mig vel við þá meðferð, sem sú till. hefur fengið, eins og hún er orðuð á þskj. 378. Þó að þar sé að vísu hnikað til orðum, er efni málsins það sama, þ. e. a. s. það, að stefnt verði að því, að ráðunautar í fiskirækt og fiskeldi verði ráðnir til starfa svo fljótt sem verða má. Hins vegar er fellt niður, að það skuli verða í hverjum landsfjórðungi. Það tel ég, að hljóti að verða, þegar tímar líða, hvort sem þessi till. er orðuð á þennan veginn eða hinn, og það skiptir ekki höfuðmáli, heldur hitt, að fyrir liggi viljayfirlýsing um þetta efni. Ég get því algerlega fallizt á till., eins og hún liggur fyrir frá landbn., og hef ekki frekari aths. við hana að gera. Hins vegar verð ég að taka undir það með hv. 2. þm. Austf., að mér finnst að viðbótartill. hæstv. landbrh. sé vægast sagt athugaverð og tel það algerlega rétt hjá honum, að ef sú till. er samþ., sé í raun og veru komin mótsögn í till., þar sem því hefur áður verið lýst í till., að skorað sé á landbrh. að hlutast til um, að nú þegar, eða svo fljótt sem verða megi, verði fræðsla um ræktun og eldi vatnafisks efld við bændaskólana í landinu, en síðan eigi að bætast við þetta ef — eitt stórt ef —, ef það þykir betur henta en að öll fræðsla og leiðbeiningar um fiskirækt verði á vegum veiðimálastofnunarinnar. Ég sé ekki betur en það sé þarna verið að gefa með annarri hendinni og taka með hinni.

Nú er það svo, að þó að hér sé að sjálfsögðu um mál allrar þjóðarinnar að ræða, þar sem er það mikla stórmál, hvort okkur getur tekizt á næstu árum að gera Ísland að fiskræktarlandi, þá álít ég þó, að það séu öðrum fremur bændur landsins, sem eiga hér ríkra hagsmuna að gæta, og þess vegna sé ekkert eðlilegra en að sú fræðsla, sem hið opinbera getur í té látið, fari fram gegnum bændaskólana, þó að þar með sé vitanlega ekki sagt, að það liggi neitt bann við því eða á neinn hátt hindrað, að fræðsla geti farið fram með öðrum hætti einnig. En ég tel, að það sé jafneðlilegt, eins og ég sagði hér um daginn, þegar þetta mál var til umræðu, að fræðsla um þetta efni sé í frammi höfð við bændaskólana, alveg eins og í öðrum greinum búskapar, öðrum greinum landbúnaðar, og einnig, að það sé jafnrökrétt, að ráðunautar á vegum bændasamtakanna og Búnaðarfélagsins séu starfandi í þessari búgrein eins og öðrum höfuðbúgreinum í landbúnaðinum. Það er að vísu svo, að í till., eins og hún er orðuð á þskj. 378, er engu slegið föstu um það, á hverra vegum ráðunautar skulu vera starfandi, hvort það er Búnaðarfélagið eða veiðimálastofnunin eða einhverjir enn aðrir aðilar. En ég vil lýsa því hins vegar sem minni skoðun, að ég tel, að þarna liggi langnæst lagi, að það sé Búnaðarfélagið, sem hafi með þessa ráðunauta að gera og þeir séu í þjónustu þess, alveg eins og aðrir ráðunautar í öðrum búgreinum.

Það er nú svo, þó að ég ætli ekki að fara langt út í þá sálma hér, að veiðimálastofnunin, eins og hún hefur verið starfrækt á undanförnum árum, er ákaflega umdeild stofnun, og hefur verið mjög um það rætt og mjög um það deilt, hvort hún hefur haldið vel og rétt á fiskiræktarmálunum, og það er, held ég, mjög vægt að orði komizt, að það sé mikill ágreiningur manna á milli og að þessi stofnun hafi hlotið mikla gagnrýni á opinberum vettvangi fyrir alla frammistöðu sína í þessu máli. Og ég tel þess vegna fráleitt, eins og nú standa sakir a.m.k. um starfsemi þessarar stofnunar, að það sé hér í till.-formi frá hæstv. Alþ. verið að gefa því undir fótinn, að þessi stofnun skuli raunverulega hafa einhvers konar einkaleyfi á allri fræðslu og leiðbeiningum um fiskrækt og jafnvel sé verið að ýta undir það, að hún sé réttari vettvangur til að skipuleggja fræðslu í fiskræktarmálum en bændaskólarnir. Hins vegar er það auðvitað alveg rétt, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austf., að ef þessi stofnun er rekin með eðlilegum hætti, tilraunastarfsemi hennar og annað slíkt, er það auðvitað eðlilegur hlutur og sjálfsagður, að samvinna sé milli bændaskólanna og veiðimálastofnunarinnar um að dreifa þeirri reynslu og þekkingu, sem stofnunin öðlast, sérstaklega gegnum starfrækslu á fiskeldisstöð sinni í Kollafirði, en hingað til hefur það verið svo, að afrekasaga veiðimálastofnunarinnar í sambandi við þá fiskeldisstöð hefur verið heldur blaðafá og farið litlar sögur af þeirri fræðslu og þeirri þekkingu, sem þaðan hefur dreifzt út til manna í landinu um fiskræktarmál, þó að það sé svo auðvitað ekki útilokað, að framtíðin kunni að bera eitthvað annað í skauti sínu í þeim efnum en þegar hefur komið fram. Ég tel þess vegna, að eins og nú er ástatt í þessum málum, yrði samþykkt á till. hæstv. landbrh. eins og hreinn og beinn hortittur við till., mundi veikja hana í alla staði og sé ekki aðeins til stórlýta á annars ágætri till., heldur hreint og beint skaðleg. Ég tel, að hér sé sá eðlilegi háttur á gangi mála, að fræðsla fari fyrst og fremst fram í bændaskólunum, og ráðunautastörf, ef til þeirra verður stofnað, verði á vegum búnaðarsamtakanna. Ég mun þess vegna greiða atkv. á móti brtt. eða viðbótartill. hæstv. landbrh. og vænti þess, að hún verði felld.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Mér sýnist nú, að það gæti allmikils misskilnings í ræðum þeirra tveggja hv. alþm., sem hér hafa talað núna næst á undan mér, varðandi þá till. eða viðaukatill., sem hæstv. landbrh. hefur borið fram. Mér sýnist, að það sé mjög ljóst, að viðaukatill. er bundin síðari hluta þeirra till., sem landbn. ber fram, eða bundin við þá ráðunautaþjónustu, sem hér er talað um, en á ekki frekar við fyrri hlutann. Þetta hygg ég, að sé augljóst, þegar málið er skoðað.

Ég get ekki annað en komið aðeins inn á það efni líka, sem hér kom fram í ræðu 4. þm. Norðurl. e. um veiðimálastofnunina, þar sem mér þótti gæta vanmats á starfi hennar, og hann ræddi um það, að hún hefði verið mjög umdeild. Það má vel vera, ég geri nú ráð fyrir því, að það sé ekki eina opinbera stofnunin í landinu, sem einhver hafi eitthvað við að athuga. En ég vil benda á, að það eru ekki mörg ár síðan þessi stofnun var algerlega vanmegnug þess að vinna störf, sem henni voru ætluð, vegna þess að hún hafði hvorki fjármuni né starfsmenn til þess að sinna því eins og skyldi. Á þessu hefur orðið allmikil breyting nú síðustu árin. Hún hefur fengið meira starfslið, og mér þykir rétt að upplýsa það, sem virtist ekki vera ljóst fyrir þeim ræðumanni, sem hér talaði um þetta, að veiðimálastofnunin hefur sinnt, eins og ég hef komið lauslega inn á, fræðslu við bændaskólann á Hvanneyri á síðustu árum og það í vaxandi mæli. Mér er kunnugt um það, að t.d. hafa þeir menn, sem eru við framhaldsnám á Hvanneyri, verðandi kandidatar, þeir hafa tekið kúrsus í þessum efnum og veiðimálastofnunin lagt til þá kennslukrafta, sem til þessa hafa verið fengnir að skólanum. Og þessir piltar hafa tekið próf að loknum þeim námskeiðum, sem þeir hafa notið þarna. Ég er ekki að segja, að það hafi hvert verkefni heppnazt veiðimálastofnuninni, sem hún hefur tekið sér fyrir hendur, en ég hygg, að þegar á að meta starfsemi hennar, þurfi vel að hafa það í huga, að hún hefur fram undir síðustu tíma ekki haft þá starfsaðstöðu, sem hún þurfti, til þess að geta sinnt verkefnunum. Þetta vildi ég nú láta koma hér fram, af því að mér fannst ekki sanngjarnt, að það yrði ekki leiðrétt eða látið koma fram hér í þessum umræðum, að veiðimálastofnunin vinnur þarna verk og hefur unnið á undanförnum árum við bændaskólana, sem við að vísu teljum að beri að efla, en það verður því aðeins eflt, að hún fái til þess fjárráð og starfslið að sinna þeim verkefnum.

Ég vil svo endurtaka það, sem ég sagði hér í fyrri ræðu minni, að þó að landbn. hafi ekki staðið að þessari viðaukatill., sem hér hefur verið lögð fram frá hæstv. landbrh., þá sýnist mér, að hún sé í fullu samræmi við það sjónarmið, sem landbn. hafði í þessum málum, og vil ég því mæla með samþykkt hennar.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það eru ekki mörg orð. Ég sagði það hér, að mér væri kunnugt um það, að veiðimálastofnunin væri umdeild stofnun og einnig það, hvernig hún hefði yfirleitt haldið á fiskræktarmálunum, og teldi ég ekki ástæðu til að taka upp um það almennar umræður hér og nú. Það má vel vera, að hún hafi á einhverju sviði komið að gagni, og það er vel, ef það er, en ég er þó þeirrar skoðunar, að það sé tiltölulega lítil gagnsemi miðað við það stórfellda fjármagn, sem til þeirrar stofnunar hefur verið varið á undanförnum árum, og það hefði e.t.v.

verið hægt að verja því betur í þágu fiskræktarmálanna en gert hefur verið. En hitt er aðalatriði málsins, eins og það liggur nú fyrir, það er sú brtt., sem hæstv. landbrh. hefur flutt hér, og ég get ekki fallizt á, að það er enginn misskilningur, hvorki hjá mér né hv. 2. þm. Austf., að með samþykkt þeirrar brtt. sé því gefið undir fótinn, að öll fræðsla og leiðbeiningar um fiskrækt eigi að fara fram á vegum veiðimálastofnunarinnar. Það getur ekki verið neinn misskilningur um það, hvað öll fræðsla er. Það hlýtur einnig að vera sú fræðsla, sem áður er talað um að eigi að fara fram í bændaskólunum. Ef þetta er hins vegar svo, að hv. landbn. eða frsm. hennar hefur á þessu annan skilning, að þetta eigi aðeins við um síðari hluta seinni málsliðs till., ber vitanlega að orða þetta á annan hátt, og þá ber að fresta enn umræðunni og athuga um annað orðalag. En ég vil hins vegar segja það, að jafnvel þótt þarna sé aðeins um ráðunautastarfið að ræða, breytir það í engu afstöðu minni til till. Ég er jafnmikið á móti henni fyrir því.

ATKVGR.
Brtt. 309 tekin aftur.
— 378 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 408, svo breytt, samþ. með 10:6 atkv.
Tillgr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 508).

7. Ráðstafanir vegna hafíshættu.

Á deildafundum 1. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ráðstafanir vegna hafíshættu [178. mál] (A. 473).

Á 48. fundi í Sþ., 5. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., er 178. mál á þskj. 473, till. til þál. um ráðstafanir vegna hafíshættu. Flm. eru hv. alþm., sem til náðist úr eftirtöldum kjördæmum: Norðurl. e., Norðurl. v., Austurl. og Vestf. Ég vil sérstaklega taka það fram, að þeir 4 hv. alþm. úr þessum kjördæmum, sem mér tókst ekki að hafa samband við þegar frá till. var gengið, hefðu allir orðið meðflm., það hef ég athugað síðan ég lagði þessa till. fram. En þessir menn eru hv. 5. þm. Vestf., Birgir Finnsson, hv. 9. landsk. þm., Bragi Sigurjónsson, hv. 1. þm. Norðurl. v., Jón Kjartansson, og hv. 8. landsk. þm., Steingrímur Pálsson.

Till. er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að kjósa 5 manna n. til að athuga, hvaða ráðstafanir séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir, að skortur verði á olíu, kjarnfóðri og öðrum brýnum nauðsynjavörum, þegar ís leggst að landi og siglingar teppast með ströndum fram af þeim sökum. N. velur sér formann."

Þessari till. fylgir svo stutt grg., sem ég ætla að leyfa mér einnig að lesa:

„Flm. þessarar till. líta svo á, að óhjákvæmilegt sé, að athugað verði, hvaða ráðstafanir þurfi að gera til að koma í veg fyrir, að á verzlunarstöðum í þeim landshlutum, þar sem hafíshætta er mest, verði skortur á brýnustu nauðsynjavörum, ef ís leggst að landi og siglingar teppast með ströndum fram, og er þá einkum átt við kjarnfóður og olíu. Benda má á, að sums staðar þyrftu olíugeymar að vera stærri en þeir nú eru, ef þar á að vera hægt að safna nauðsynlegum olíubirgðum."

Á tveimur fyrstu áratugum þessarar aldar var hafís ekki sjaldséður hér við land, en frá 1918-1965 eða í 47 ár var hafís aldrei landfastur hér við land. Þó að 47 ár séu ekki langur tími af sögu landsins, sem við byggjum, er það nógu langt til þess, að sú kynslóð, sem landið byggir nú, man ekki ísavetra og það kalda veðurfar, sem þeim að jafnaði fylgir, nema þeir, sem eru komnir fast að sextugu og þar yfir. Af þessu leiðir, að þjóðin hefur verið um árabil og er enn því óviðbúin að mæta því ástandi, þeim erfiðleikum, sem mundu skapast, ef hafís fyllti firði og flóa á öllu Norðurlandi, mestan hluta Austfjarða og Vestfjarða um eða fyrir miðjan vetur og stæði fram á sumar, eins og mörg dæmi eru um á liðnum öldum.

Þess munu mörg dæmi, að hafís lægi hér við land hálft árið, og hann mun hafa verið við landið alla mánuði ársins nema októbermánuð. Árið 1902 var hafís landfastur í rúma 5 mánuði, árið 1876 7½ mánuð, 1802 8 mánuði. Ég hef hér kort, sem sýnir hafís, hvernig hann hefur verið allt frá 1780 og fram til 1915. Hefur komið í ljós, að á þessum tíma hefur verið nítján sinnum hafís í ágústmánuði, í septembermánuði fimm sinnum, í nóvembermánuði sjö sinnum, en í maí og apríl hefur hann verið hér oftast, og er það á milli 70 og 80 sinnum eða annað hvert ár að meðaltali á þessum 145 árum. Hlýjasta tímabilið, sem vitað er, að komið hafi yfir landið, er tímabilið 1919-1965, en um þetta er vitað allt frá árinu 1600. 1930-1960 var meðalhitinn 4.2 stig, árið 1906 og 1907 3 stig eða rúmu einu stigi lægri, en á árunum 1865-1868 var meðalhitinn ekki nema 2.4 stig eða fast að því tveimur stigum lægri en á árunum 1930-1960. Á kaldari áratugum liðinna alda hefur hafís verið hér við land að meðaltali 3 mánuði á ári, og á árunum 1865-1874 var hafís landfastur öll árin. En frá 1873-1922 var hafís við landið að meðaltali tvo mánuði hvert ár.

Eins og áður segir, hefur sú kynslóð, sem nú byggir landið, ekki haft mikið af hafís að segja. Við höfum notið þess að lifa hlýjasta tímabil, sem yfir landið hefur komið um margra alda skeið. En höfum við ekki líka miðað við, að góðærið héldi áfram? Eru byggingar okkar miðaðar við 30-38 stiga frost langtímum saman? Höfum við olíugeyma á haf-

íshættusvæðinu, sem nægja mundu til 5 mánaða notkunar á ísavetri, og hefur verið séð til þess að fylla á þá olíu fyrir áramót hvern vetur? Hefur verið hugsað fyrir því á liðnum árum, að kjarnfóður og aðalnauðsynjar almennings, sem nægja mundu fram á sumar, væru komnar fyrir sama tíma á allar hafnir á hafíshættusvæðinu? Þessum spurningum verður að svara öllum neitandi því miður. Þess vegna er mikil hætta á því, að þjóðin geti goldið þess á eftirminnilegan hátt að hafa fengið svona langt góðæristímabil, ef hún hefur orðið andvaralaus að þessu leyti og fær svo á sig óviðbúin harðan og langan ísavetur, þegar siglingar teppast langtímum saman. Hvernig hefði farið nú í ársbyrjun, þegar hafísinn kom upp að landinu, hefði hann lokað öllu þá og setið fram á vor? Olíulaust og olíulítið var á flestum stöðum og kjarnfóður víðast hvar af mjög skornum skammti. Það hefði skapazt hreint neyðarástand. T.d. eru engin tæki til í landinu til að flytja alla þá olíu, sem Norður- og Austurland og Vestfirðir þurfa, jafnvel þó að reynzt hefði fært að halda vegum opnum.

Ísavetrum fylgja að jafnaði miklar frosthörkur. Norðanbeljandinn fer þá ekki yfir auðan sjó, heldur samfelldan ís, en eins og allir vita, er það sjórinn, sem dregur mjög úr kulda hans. Ef olíulaust yrði, mundi skapast mikil hætta á, að stórtjón yrði á íbúðarhúsum, þar sem hætt er við, að vatns- og hitalagnir mundu springa. Hvernig fór hér í Reykjavík í 12-14 stiga frosti nú í vetur? En 1918 komst frostið hér í Reykjavík upp í 24 stig a.m.k., en fyrir norðan frá 30 og upp í 38 stig á Grímsstöðum á Fjöllum. Sums staðar á hafíshættusvæðinu eru olíugeymar aðeins fyrir mánaðarnotkun, á öðrum stöðum til tveggja til þriggja mánaða, og allir geta séð, að við svo búið má ekki standa. Hér þarf að gera umbætur á áður en stórslys hlýzt af.

Eitt af þeim vandamálum, sem upp kunna að koma í hörðum ísavetri, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir í tíma, er að koma í gang þeim tækjum og bifreiðum, sem ganga fyrir hráolíu. Öll okkar snjóruðningstæki ganga fyrir hráolíu að ég ætla og flestar stærri vöruflutningabifreiðar okkar. Það er talið, að dísilvélar þoli að jafnaði ekki nema 17-20 stiga frost nema á þeim sé sérstakur rafhitari til gangsetningar. En mér er sagt, að fæstar þessar vélar séu þannig búnar hér á landi. Stórt atriði í þessu máli er, hvernig olían er, sem á vélarnar er notuð í slíkum frosthörkum, en mikið mun vanta á, að sú olía, sem nú er til sölu hér, sé nógu góð hvað þetta snertir. Þennan þátt málsins þarf sérstaklega að athuga og gera þær ráðstafanir, sem duga til að mæta miklum frosthörkum, því að allir geta séð, hvernig ástandið yrði í landinu, ef miklir erfiðleikar kæmu upp að þessu leyti með snjóruðningstæki og vöruflutningabifreiðar.

Árið 1965 varð hafís landfastur eftir 47 ára hlé. Það hefði átt að minna þjóðina á það, að við getum alltaf átt von á hafís að landinu, og við megum aldrei vera ísavetri óviðbúin. Þessa tvo síðustu vetur hefur ísinn minnt á sig hvað eftir annað, svo að við höfum ekki heldur átt að gleyma honum. En þó fór svo, að þegar hafísinn kom nú í byrjun ársins, voru engar eða litlar birgðir af nauðsynjum á hafíshættusvæðinu. Nú er hafís búinn að loka siglingaleiðum fyrir norðan, austan og vestan, og þrátt fyrir það hlé, sem gafst, er langt frá því, að nægar birgðir séu nú til á þessu svæði, ef ísinn liggur fram á sumar, sem enginn getur sagt fyrir um. En við því má alltaf búast eftir fyrri ára reynslu.

Nú hefur það gerzt, að allir hv. alþm. í 4 kjördæmum flytja í sameiningu till. um það, að nú sé athugað, hvað gera þurfi til að við séum aldrei óviðbúin ísavetri. Það, sem ég tel, að fyrst og fremst þurfi að athuga, er þetta:

1. Að byggðir verði olíugeymar á öllum verzlunarstöðum á hafíshættusvæðinu, sem taki a.m.k. 5 mánaða birgðir.
2. Að búið sé að koma öllum nauðsynjum á þessa staði fyrir einhvern ákveðinn tíma, sem er talið öruggt, að ekki lokist fyrir af hafís.
3. Koma á fóðurbirgðastöðvum og þá fyrst og fremst með innlendu fóðri.
4. Að athuga, hvað þurfi að gera til þess, að gangsetning dísilvéla verði öruggari en nú er í miklum frosthörkum.

Mér er það ljóst, að þetta verður ekki gert án þess að það kosti töluvert, en ég vil benda á það, að það getur kostað þjóðina enn meira að gera ekki þessar ráðstafanir.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til síðari umr.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 532).

---

8. Listsýningar og listasöfn utan Reykjavíkur.

Á deildafundum 24. okt. var útbýtt **frá Sþ.:**

Till. til þál. um listasöfn og listsýningar utan Reykjavíkur [24. mál] (A. 24).

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Sú till., sem hér er til umr., hefur verið flutt á nokkrum undanfarandi þingum, en aldrei fengið neina fullnaðarafgreiðslu. Við flm., hv. 3. þm. Norðurl. v. og ég, teljum ekki eftir okkur að bera hana fram enn einu sinni, og þó að ég hafi mælt allýtarlega fyrir henni á síðasta þingi, skal ég fara enn á ný um hana nokkrum orðum, enda er hér sízt um minna eða ómerkilegra mál að ræða en margt af því, sem rætt er hér á hinu háa Alþ.

Langt er síðan sú stefna var viðurkennd í verki, að fjárveitingarvaldið eða Alþ. veitti nokkurt fé til þess að efla listir og listsköpun með þjóðinni. En listgreinar eru margar og það fé, sem varið hefur verið til eflingar listum og bókmenntum, hefur aldrei verið svo mikið, að allir væru fyllilega ánægðir, og hefur ekki verið hægt að sinna öllu, sem æskilegt og nauðsynlegt mætti telja. Því miður efast ég um, að Alþ. geti hrósað sér af því að hafa verið tiltakanlega örlátt eða stórhuga í sambandi við stuðning við bókmenntir og listir, en það er saga út af fyrir sig. Hitt er staðreynd, að mörgu er ábótavant í sambandi við fjárveitingar til listastarfseminnar og framkvæmdir á því sviði. Glögg stefna og markmið í þessum efnum er tæplega fyrir hendi, enda sést afleiðingin m.a. á því, að þær listgreinar, sem einna mest gróska hefur verið í undanfarna áratugi, eins og t.d. myndlistin, eru naumast nokkur almenningseign hér á landi. Það er nauðsynlegt að leiða athygli manna að þessari staðreynd.

Það er vissulega ástæða til þess að gefa því nánari gætur, þegar svo er komið, að íslenzka þjóðin er farin að skiptast í flokka eftir því, hvers menn fá notið af andlegum verðmætum og listrænni sköpun og listrænni túlkun. Það er öldungis nýtt fyrirbæri í sögu íslenzku þjóðarinnar, að slík skipting eigi sér stað. Svo fábreytt sem íslenzk menning kann að hafa verið fyrr á öldum, er hitt víst, að hér ríkti tiltölulega mikill menningarlegur jöfnuður, og menningaráhugi og listnautn voru ekki sérréttindi útvaldra stétta eða mannfélagshópa. En þróun undanfarinna áratuga stefnir í gagnstæða átt. Jafnframt því sem menningar- og menntalífi fleygir fram í heild, hefur skapazt á ýmsum sviðum menningarlegur ójöfnuður, sem á rætur að rekja til þess, að ýmis menningarskilyrði eru lakari á einum stað en öðrum. Um þetta eru mörg ótræk dæmi og vitni. Ég vil benda á skólamálin og fræðslumálin yfirleitt. Aðstöðumunur í fræðslumálum er stórfellt vandamál, sem menn hafa allt of lengi lokað augunum fyrir. Uppbygging fræðslu- og skólakerfisins hefur orðið með þeim hætti, að í stað þess að jafna aðstöðumun til fræðslu og skólamenntunar barna og unglinga, hvar sem er á landinu, höfum við um langt skeið horft aðgerðarlausir upp á það, að þetta bil breikkaði ár frá ári. Að þessu hafa menn hvorki leitt hugann nægilega né gert nokkuð, sem verða mætti til þess að draga úr aðstöðumuninum. Ástæður til þessa sljóleika og aðgerðarleysis, sem ríkt hefur á þessu sviði, eru áreiðanlega fleiri en ein. Hér eru margir samsekir, og ég ætla ekki að ásaka einn öðrum fremur. En á það vil ég benda, að engum er skyldara en Alþ. og ríkisstj. að hafa forustu um úrbætur og stefnumótun á þessu sviði sem flestum öðrum.

Auk þess sem ég nefni skóla- og fræðslumálin, vil ég geta um það, sem ég hef sérstaklega í huga að þessu sinni, en það er sú fáránlega mismunun, sem á sér stað í sambandi við listkynningu í landinu og aðstöðu landsmanna til þess að kynnast af eigin raun gildum þætti í menningarlífi þjóðarinnar. Það er alger undantekning og skeður allt of sjaldan, að merkar listsýningar séu haldnar úti um land eða utan Reykjavíkur. Afleiðingin verður sú, að þeir, sem ekki hafa aðstöðu til þess að fylgjast með hlutunum hér í Reykjavík, kynnast þeim alls ekki nema af afspurn. Eins og nú háttar samgöngum og flutningamöguleikum á hvers kyns góssi, er engin afsökun til fyrir því, að ekki eru gerðar ráðstafanir til þess að flytja listina út um landið, halda sýningar og koma upp listasöfnum. Húsnæðisleysi er heldur engin afsökun fyrir því, að landsmönnum er mismunað á þessu sviði. Það er varla til svo aumt sveitarfélag, að ekki sé möguleiki á því að viðhafa slíka starfsemi með allsæmilegum hætti, a. m. k. með viðunandi hætti.

Það er sagt, að verið sé að framkvæma menningarbyltingu í Kína, en hér á landi hefur einnig orðið allstórtæk menningarbylting á síðustu mannsöldrum, sem m.a. er fólgin í því, að mikil gróska hefur verið í ástundun fagurra lista, m.a. tónlist og myndlist, sem íslenzka þjóðin hefur lengst af farið á mis við í samanburði við flestar Evrópuþjóðir. Íslenzkir listamenn hafa unnið stórvirki og aukið menningarauðæfi þjóðarinnar meira en í tölum verði talið. En hvers virði eru þessi menningarverðmæti, ef almenningur í landinu fær ekki aðstöðu til að njóta þeirra? Hvers konar skipulag er það, sem lætur viðgangast, að helmingur þjóðarinnar sé útilokaður frá persónulegum kynnum af starfi helztu listamanna sinna? Ég held, að það sé mikil nauðsyn að rísa upp gegn svo ranglátu skipulagi.

Úr því að Alþ. hefur viðurkennt réttmæti þess, að stuðlað sé að listsköpun í landinu, leiðir af því, að það á einnig að gera sitt til þess, að listin nái út til fjöldans, að öllum almenningi, hvar sem er á landinu, sé gert kleift að njóta verka beztu listamanna sinna, enda vinnur listamaðurinn ekki fyrir sjálfan sig einvörðungu. Hann er að vinna fyrir þjóð sína, fyrir alla þá, sem hafa vit og þroska til þess að njóta þess, sem er fagurt og göfgandi. Og slíkar persónur eru ekki aðeins finnanlegar í Rvík. Íslenzk alþýða er vel upplýst, listelsk, bókmenntahneigð og menntafús, og

það fer ekki eftir búsetu manna, hvað menn skilja og hvað menn skynja af því, sem vel er gert í mennt og listum. En skipulag okkar gerir hér mikinn mun á. Hér ríkir útilokunarstefna, eins konar apartheid-stefna í mennta og menningarmálum. Það kemur ekki sízt fram í því, hvernig listkynningu er háttað í landinu. Þetta er öllum til stórrar skammar og ýmsum til skapraunar, að minnsta kosti mér, og því hef ég þing eftir þing reynt að opna augu ráðamanna og raunar listamanna sjálfra fyrir nauðsyn þess, að eitthvað raunhæft verði gert til þess að draga úr þeim aðstöðumun og ranglæti, sem ríkir að þessu leyti í landinu og fer, að ég held, versnandi, að minnsta kosti ekki batnandi, eftir því, sem bezt verður séð.

Tillaga sú, sem hér er til umræðu, hefur það markmið að bæta úr á þessu sviði. Hún gerir ráð fyrir, að listasöfn verði stofnuð utan Reykjavíkur og að nefnd manna geri tillögur um, hversu þeim verði bezt fyrir komið og hvernig þau skuli starfa. Einnig gerir till. ráð fyrir, að nefndin bendi á leiðir til þess að fjölga listsýningum, sem haldnar verði utan höfuðborgarinnar, og hafi samráð um það við samtök myndlistarmanna. Þannig eru tveir aðskildir þættir í tillögunni, sem þó eru samtvinnaðir og miða að hinu sama, að efla listmennt í landinu og gera raunhæfar ráðstafanir til þess að gera listina að alþjóðareign, koma listinni út til fólksins, miðla menningarauðæfum og gera sem allra flestum kleift að kynnast hinu bezta á sviði listsköpunar.

Ef þessi till. næði fram að ganga, eða starfað yrði í anda hennar, þá mundi árlega verða farið um landið með ýmsar sýningar, samsýningar fleiri en eins myndlistarmanns eða sérsýningar eins manns og fólki með því móti gefinn kostur á að sjá með eigin augum úrvalsverk beztu listamanna. Þá mundu fleiri en Reykvíkingar eiga þess kost að sjá yfirlitssýningar á verkum helztu myndlistarmanna á einhverju tilteknu árabili, og mundu fleiri en höfuðstaðarbúar og þeir, sem þangað sækðast, fá að sjá yfirlitssýningar stórmenna á sviðum íslenzkrar myndlistar, eins og Ásgríms og Kjarvals, svo að þeir tveir séu nefndir, sem enginn þorir að gera lítið úr, og allir viðurkenna, að eru í hópi fremstu snillinga þjóðarinnar frá upphafi Íslandsbyggðar. Þá mundu ungir listamenn verða kynntir fyrir sinni eigin þjóð með ekki minni hátíðarbrag en nú gerist, þegar ísl. listamenn fara land úr landi með sýningar, en láta annars eins og ísl. menning og ísl. þjóð takmarkist við þá landsspildu, sem liggur milli Selsvarar og Elliðaánna. Hvað mundu menn segja við því, ef ekki væru til bókabúðir og bókasöfn annars staðar en í Rvík? Eða ef íslenzkir sveitamenn og íbúar kaupstaða og kauptúna úti um land þekktu ekki aðrar bókmenntir en vísnatilbúning næstu nágranna sinna? Ég held, að flestum þætti þetta heldur fátæklegt andans fóður.

Sem betur fer er almenningur á Íslandi svo vel menntur, að hann kann vel að gera greinarmun á skáldskap Egils Skallagrímssonar og erfiljóðum í dagblöðunum, og því eru menn færir um þetta, að þeim hefur verið kennt að njóta skáldlistar, að skilja hismið frá kjarnanum, menn hafa frá blautu barnsbeini þroskað smekk sinn á þessu sviði, lært að meta það, sem vel er gert og gildi hefur, og sækjast eftir því að hafa það um hönd, sem einhverju varðar til þroska og menningarauka. Það er ekki til siðs að hindra menn í að kynnast góðum bókmenntum, þeim er dreift með ýmsum hætti út á meðal almennings. Hafi menn ekki sjálfir efni á að eignast bækur, þá eru þær fáanlegar á söfnum í næsta nágrenni. Það er ekki nauðsynlegt að fara til Reykjavíkur til þess að sjá, hvernig bók lítur út og hvað á hana er skráð. En myndlistarverk eru ekki síður þroskandi og ánægjuleg en bókmenntir. Það er ekki minna um vert að eiga góða málara en skáld og rithöfunda. Og það er ekki síður nauðsynlegt að almenningur kynnist myndlist en skáldskaparlist. Myndlistin er jafnlifandi þáttur í menningarlífi þjóðarinnar og bókmenntirnar og hennar eiga menn að fá að njóta engu síður. Myndlistin á ekki að vera eitthvert einangrað fyrirbæri, sem einn fær notið og annar ekki.

Við flm. þessarar till. erum sannfærðir um nauðsyn aðgerða í þessu máli. Við erum einnig þeirrar skoðunar, að hér sé ekki um neitt risaverkefni að ræða, sem ógerningur sé að leysa. Við höfum víst oft axlað þyngri byrðar og ekki látið á sjá. Það sem fyrst og fremst þarf að gera, er að samstilla þá krafta, sem telja má, að eigi hér einhvern hlut að máli og helzt gætu orðið að liði, en það er yfirstjórn menntamála, listamenn sjálfir og samtök þeirra og allir áhugamenn heima í héruðum og annars staðar, þar sem þá er að finna.

Ég skal ekki þreyta hv. þm. með lengri ræðu að þessu sinni, en ég vænti þess, að hv. alþm. geti orðið okkur flm. sammála um mikilvægi þessa máls og stuðli að því, að tillaga okkar fái greiða og góða afgreiðslu hér á þingi. Ef til vill má einhverju breyta í orðalagi hennar áður en hún fengi endanlega afgreiðslu, en ég vænti þess fastlega, að sú n. í þinginu, sem fær hana til meðferðar, ræði hana af gaumgæfni og leggi hana fyrir til endanlegrar samþykktar eins fljótt og verða má.

Herra forseti. Eftir því sem stendur á dagskránni, er ákveðin ein umr. um þessa till., er það ekki rétt? (**Forseti**: Nei, það eru tvær umr.) Þá legg ég til, að till. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég er sammála hv. fyrra flm. þessarar till. um það, að mjög æskilegt væri, að meiri kynning ætti sér stað á myndlist almennt og þá sérstaklega íslenzkri myndlist utan Reykjavíkur. Það er rétt hjá honum, að dreifbýlið,

ef ég má nota það orð, það á einnig við hina stærri kaupstaði utan Reykjavíkur, hefur farið mjög varhluta af skilyrðum til kynna af myndlist sérstaklega. Og það er athugunarefni, hvernig úr því mætti bæta. Í því sambandi vil ég þó minna á, að þetta á alls ekki við um listir almennt. Ég vil t.d. vekja athygli á því mjög svo fjölskrúðuga tónlistarlífi, sem á sér stað um gjörvallt landið, og nýtur mjög mikils stuðnings hins opinbera. Tónlistarlíf hefur mjög færzt í aukana um allt landið í kjölfar þeirrar eflingar, sem átt hefur sér stað á tónlistarskólum nú á allra síðustu árum. Til skamms tíma studdi ríkisvaldið tónlistarskóla, sem enn eru alls staðar í landinu einkaskólar, aðeins mjög lítilfjörlega, en nú nemur styrkur til tónlistarskóla, einkaskólanna, nokkuð á 6. millj. kr. Í kjölfar þessarar myndarlegu fjárveitingar hefur siglt mjög aukin starfsemi tónlistarskólanna sjálfra, sem þá um leið hafa orðið miðstöðvar fjölbreyttts og mjög ánægjulegs tónlistarlífs víða um land, ekki aðeins í kauptúnum og kaupstöðum, heldur einnig í sveitum. Þá má líka minna á hina því næst ótrúlega fjölbreyttu leiklistarstarfsemi áhugamanna, sem á sér stað víða um land og hefur hlotið vaxandi stuðning hins opinbera nú á allra síðustu árum. Það fé, sem veitt er til leikfélaga áhugamanna utan Reykjavíkur, mun nema nokkuð á 2. millj. kr. 1,3 eða 1,4 millj. kr. Og hér er líka um nokkurt nýmæli að ræða. En ég verð að segja, að árangur af þessum tiltölulega litla stuðningi er næstum ótrúlegur. Og þessi starfsemi á sannarlega skilið enn meiri stuðning vegna þess, hversu lífvænleg hún er, á hversu ótrúlegum dugnaði og hæfni manna hún byggir til þess að halda uppi svo fjölskrúðugu menningarlífi að þessu leyti. Ég segi þetta aðeins til þess að vekja athygli á því, að því fer svo víðs fjarri, að almenn listastarfsemi sé bundin við Reykjavík, við höfuðstaðinn einan. Á sviði tónlistar og á sviði leiklistar á sér stað mjög lofsverð, ég vil segja stórkostlega lofsverð starfsemi víðast hvar á landinu. En hitt er rétt hjá hv. fyrra flm. till., að myndlistin hefur af ýmsum ástæðum orðið hér útundan. Það er að segja, að ekki hafa verið sams konar skilyrði fyrir almenning utan Reykjavíkur til þess að njóta myndlistar og hafa verið til þess að njóta tónlistar og leiklistar. Einmitt þess vegna er það mál, sem hér er bryddað upp á, allrar athygli vert.

Till. fjallar um tvær meginhugmyndir. Annars vegar, að komið verði upp opinberum listasöfnum utan Reykjavíkur, og hins vegar, að greitt verði fyrir því, að haldnar verði fleiri myndlistarsýningar utan Reykjavíkur en átt hefur sér stað undanfarið. Um þessi atriði vildi ég fara fáeinum orðum.

Ég er þeirrar skoðunar, að bygging listasafna utan Reykjavíkur eigi að vera í höndum sveitarfélaganna sjálfra. Það eru sveitarfélögin sjálf, sem ættu að hafa forgöngu um byggingu listasafna, hvert í sínum kaupstað eða kauptúni eða hvert í sínu byggðarlagi. Styrkur af hálfu ríkisvaldsins gæti hér sannarlega komið til greina, en hitt tel ég alranga stefnu, að ríkið hefði forystu um byggingu eða tæki að sér sem skyldu sína að byggja listasöfn víðs vegar um landið. Skylda ríkisins gagnvart íslenzkri myndlist yfir höfuð að tala er fyrst og fremst og á fyrst og fremst að vera fólgin í því að búa sómasamlega að Listasafni Íslands, að heildarlistasafni þjóðarinnar, sem með eðlilegum hætti hefur sitt aðsetur í Reykjavík. Þar bíður okkar stórkostlegt verkefni að byggja hús yfir Listasafn Íslands. Það er að sjálfsögðu tugmillj. kr. fyrirtæki að koma því húsi upp, og er það eitt af þeim verkefnum, sem hins opinbera bíður á næstu árum, ekki aðeins á sviði menningarmála, heldur einnig á sviði opinberra bygginga yfir höfuð að tala. Þar þyrfti sem fyrst að gera einhvers konar heildaráætlun og raða niður þeim miklu verkefnum, sem vanrækt hafa verið á undanförnum áratugum, gera einhverja áætlun um það, hvernig þar skuli velja á milli, hvaða byggingar þar skuli hafa forgang, forgang að þeim fjárveitingum, sem Alþ. kynni að telja rétt eða teldi sér fært að verja í þessu skyni. Þá er og orðið tímabært, að einhver heildaráætlun sé gerð um opinberar byggingar á Íslandi yfir höfuð að tala. En meðan þessu verkefni hefur ekki verið hægt að sinna, tel ég ekki eðlilegt, að ríkið skoði það sem skyldu sína að hefja á sinn kostnað og fyrir sitt frumkvæði byggingu einstakra listasafna utan Reykjavíkur, enda tel ég, að það, sem miklu meira ríði á í þessum efnum, sé það, að hægt sé að efna til myndlistarsýninga utan Reykjavíkur. Þetta sjónarmið er greinilega viðurkennt í niðurlagi till., í niðurlagi grg., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef til vill er fjölgun listsýninga nauðsynlegur undanfari stærri aðgerða í listmálum landsbyggðarinnar.“

Þessu sjónarmiði er ég algjörlega sammála. Þetta er það, sem fyrst og fremst ætti að vinna að, að það verði oftar efnt til listsýninga utan Reykjavíkur. Þetta mál hefur einmitt verið rætt milli menntmrn. og safnráðs. Hugmynd hefur verið uppi um það, hvort Listasafn Íslands mundi ekki vera reiðubúið til þess að lána myndir til einstakra listsýninga, sem efnt væri til utan Reykjavíkur, og er mér ánægja í að geta sagt frá því, að safnráðið er einhuga um það að telja slíkt ekki aðeins æskilegt, heldur væri það að sjálfsögðu fúst til þess. En ég tel, og það er líka skoðun safnráðs, að frumkvæði að slíkum sýningum ætti að vera í höndum sveitarfélaganna sjálfra, þ.e.a.s. þau ættu að stofna til sýningarinnar, halda hana, skipuleggja hana, láta í ljós óskir um það, hvaða verk yrðu sýnd og þar fram eftir götunum. Að öðrum kosti er hætt við því, að ekki sé sá áhugi bak við sýninguna á hverjum stað, að hún verði til sóma þeim listamönnum, sem verið er að kynna verkin fyrir, og heldur ekki almenningi á þeim stöðum til þess gagns, sem ætlazt er til. Ef

Listasafn Íslands í Reykjavík tæki sig upp og kæmi með sýningu meira og minna óforvarandi til Akureyrar eða til Egilsstaða eða í Borgarnes, er mjög hætt við því, að ekki tækist að skapa þann áhuga fyrir sýningunni, sem að sjálfsögðu mundi eiga sér stað, ef það væri bæjarstjórn eða listaverkanefnd á Akureyri, á Ísafirði eða í Borgarnesi, sem hefði fengið hugmyndir að sýningunni, viljað skipuleggja hana, lagt á ráðin um, hvernig hún skyldi haldin og stæði fyrir henni. Það sem ég tel m. ö. o., að hér ætti að gera, væri það, að hvert sveitarfélag um sig eða mörg saman efndu til slíkra sýninga, og ef svo yrði, mundi ég ljá því lið og veit raunar, að ég fengi ekki aðeins fullan stuðning heldur fullkomið samþykki safnráðs Listasafnsins fyrir þessu. Safnið væri reiðubúið til þess að lána sínar myndir, — það mundi þurfa að athuga nánar um kostnaðarhlið á málinu, — jafnframt teldi ég eðlilegt, að safnið stæði undir sendingarkostnaði, vátryggingarkostnaði á myndunum fram og til baka og léði sérfróðan mann til þess að annast um upphengingu myndanna, sem er sérstakt listrænt vandaverk. En að öðru leyti tel ég, að ekki aðeins frumkvæðið ætti að vera í höndum hlutaðeigandi sveitarfélags, heldur einnig annar kostnaður, sem af sýningunni hlýzt, þ.e.a.s. kostnaður á staðnum, húsaleiga, gerð myndskrár og varzla sýningarinnar. Með þessu móti yrði þetta orðið sameiginlegt verkefni sveitarfélaganna og ríkisvaldsins, og með þeim hætti er langlíklegast, að málinu væri tryggður góður framgangur og það kæmi að verulegum notum í þágu almennings utan Reykjavíkur, sem ég fyllilega viðurkenni, að á miklu meiri rétt til kynninga af sameiginlegri eign þjóðarinnar á sviði myndlistar en hann hefur átt kost á fram að þessu.

Jónas Árnason: Herra forseti. Í grg., sem fylgir þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, segir svo m a.:

„Félags- og menningarlegur ójöfnuður meðal þjóðarinnar, hvort heldur er milli einstakra stétta eða landshluta, hefur hættu í för með sér, sem gefa þarf nánar gætur og hindra sem framast má verða".

Ég vil taka undir þessi orð og einnig aðrar röksemdir, sem fram koma í grg., og einnig þær röksemdir, sem fram komu í ræðu hv. 1. flm. hér áðan. En ég verð þó að segja, að enda þótt flm. hafi, eins og þeirra er von og vísa, mikinn skilning á nauðsyn menningarlegs jafnréttis allra Íslendinga, sýnist mér, að till. þeirra beri ekki vott um eins mikinn metnað og vert væri fyrir hönd landsbyggðarinnar. Mér finnst, að þeir séu, ef svo mætti að orði komast, ekki nógu stórtækir.

Myndlistin er ekki nema ein af mörgum listgreinum, sem verða að teljast til forréttinda höfuðborgarinnar og hafa orðið það æ því meir, sem höfuðborgin hefur vaxið á kostnað landsbyggðarinnar. Tónlist, danslist og leiklist, allt eru þetta listgreinar, sem einnig hafa eins og myndlistin þróazt ört í Reykjavík á undanförnum árum, en hafa hins vegar veigrað sér við að láta nokkuð teljandi að sér kveða fyrir utan hitaveitusvæði höfuðborgarinnar.

Leiklistin verður þó að heita nokkur undantekning. Ágætir leikflokkar frá Þjóðleikhúsinu og Leikfélagi Reykjavíkur fara um landið ár hvert, en slíkt gerist aðeins að sumrinu til. Slíkt gerist yfirleitt aldrei að vetrinum og allra sízt í svartasta skammdeginu, þegar íbúar landsbyggðarinnar hafa mesta þörf fyrir þá andlegu lyftingu, sem fylgir fögrum listum og vandaðri menningarstarfsemi. Og svipuðu máli gegnir um tónlistina. Þá sjaldan að okkar beztu tónlistarmenn fara út á landsbyggðina að láta í sér heyra, gerist slíkt helzt, þegar lengstur er sólargangur.

Þær framfarir, sem orðið hafa í þessum listgreinum hjá okkur Íslendingum á undanförnum árum, eru ekki aðeins að þakka hæfileikum og dugnaði listamannanna sjálfra heldur einnig hinu, að þeir hafa notið opinbers stuðnings. Þeim hefur veitzt næði til þess að stunda list sína vegna fjárframlaga, sem tekin eru beint eða óbeint úr vasa allra landsmanna; landsmenn allir eru látnir borga kostnaðinn af þessu. Landsbyggðin hlýtur því að krefjast réttar síns í þessum efnum. Það verður að fyrirbyggja með einhverjum ráðum, að listirnar lokist inni í ljósadýrðinni á hitaveitusvæði höfuðborgarinnar strax og dimma tekur og veður fara að gerast rysjótt úti á landsbyggðinni.

Ég vil láta þess getið, að ég hef rætt þessi mál við ýmsa ágæta listamenn og einkum leikara, og af þeirra hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að úr þessu verði bætt. Þvert á móti mundu þeir fegnir vilja flytja landsbyggðinni list sína sem oftast og á öllum tímum árs, enda kemur þeim saman um, að þar sé víða að finna þakklátustu og beztu áheyrendurna og sýningargestina. En eins og nú háttar um starfssamninga þessara manna og vinnuskyldu, eiga þeir sjaldan eða aldrei heimangengt úr höfuðborginni að vetri til.

En hvað má þá verða til úrbóta í þessum efnum? Hv. 6. þm. Reykv. skrifaði í fyrra grein í blað sitt, Þjóðviljann, þar sem hann reifaði hugmynd, sem ég tel, að vert væri að vekja athygli á í þessu sambandi. Hugmyndin er sú, að hér í höfuðstaðnum verði komið á fót stofnun, sem hefði yfirumsjón þessara mála og þá ef til vill í samstarfi við Þjóðleikhúsið og Leikfélag Reykjavíkur og einhverja fleiri slíka aðila, sem vinna að menningarmálum. Stofnun þessi ætti að skipuleggja ferðir listamanna út um landið, einstakra eða heilla hópa, söngvara og annarra tónlistarmanna, dansara, leikara og myndlistarmanna, og ekki aðeins íslenzkra listamanna, heldur ætti stofnunin einnig að leitast við að veita landsbyggðinni sem mesta hlutdeild í þeim menningarverðmætum, sem erlendir listamenn, þeir, sem hingað koma, hafa upp á að bjóða.

Mér er nú sem ég heyri einhvern segja, að þetta muni nú ekki kosta neitt smáræði. Og sjálfsagt mun það kosta töluvert. En öllum barlómi út af kostnaði í þessu sambandi, held ég, að verði bezt svarað með tilvísun til þess, að svo miklu er nú sóað í alls kyns helberan hégóma og vitleysu á Íslandi, að kostnaður vegna menningarmála mundi seint komast í hálfkvisti við þau ósköp.

En það hefur líka verið ráðizt í mikinn kostnað í nafni menningarinnar, án þess að menningin hafi nokkuð verulega orðið að bættari. Og þar á ég við félagsheimilin, sem reist hafa verið í kauptúnum og sveitum nú á undanförnum árum, hvert öðru glæsilegra. Til hvers voru þau reist? Til þess að landsmenn allir mættu eiga þess kost að komast á ball á laugardagskvöldum? Ég spyr svo vegna þess, að þetta er næstum að segja það eina, sem gerist í mörgum félagsheimilanna: Ball á laugardagskvöldum. Og það er ekki einu sinni víst, að þessi böll fari fram við neitt meiri menningarbrag heldur en böllin hér fyrrum í gömlu samkomuhúsunum. Þó er skylt að geta þess, að eftir að nýju félagsheimilin komu til sögunnar, mun eitthvað hafa dregið úr tilhneigingu manna til að fljúgast á á böllum, og það er vissulega spor í rétta átt. En þó verður að teljast hæpið, að það eitt hafi vakað fyrir frumkvöðlum félagsheimilalöggjafarinnar að draga úr áflogum á böllum.

Tilgangurinn er að sjálfsögðu einnig annar og meiri, að efla alhliða menningarstarfsemi og veita nýjum þrótti og þroska í félagslíf fólksins. En þetta hefur ekki tekizt, nema að mjög takmörkuðu leyti. Og ein ástæðan er sú, að fjárhagur félagsheimilanna margra, ef ekki allra, er mjög bágborinn. Og hann er bágborinn vegna þess, að þegar til kastanna kom, reyndist helzt til lítið hald í þeim fyrirheitum um fjárframlög, sem þeim höfðu verið veitt. Framlögin úr félagsheimilasjóði hafa látið á sér standa, og af þeim sökum hafa mörg félagsheimilin orðið að binda sér mjög þunga bagga með lántökum. Og þeir, sem bera ábyrgðina á rekstri þeirra, freistast til þess að haga honum með tilliti til þess, hvað gefur mest í aðra hönd. Þeir halda böll á böll ofan, vegna þess að á þeim er mest að græða og þeir mundu ella sligast undir skuldabyrðunum. Og lái þeim þetta hver sem vill. Þar við bætist svo, að þessir menn, sem njóta þess trausts, að þeim hefur verið falin stjórn félagsheimilanna, eru einmitt oftast þeir, sem hafa til að bera mesta hæfileika til þess að hafa á hendi forystu í félags- og menningarmálum. Af þessu leiðir, að öll menningarstarfsemi lamast. Þeir, sem helzt gætu beitt sér fyrir henni, eru önnum kafnir við að halda böll og borga skuldir.

Mér fyndist ekki til of mikils mælzt, að þessir menn fengju að vita það, hvort þess sé ekki einhver von, að þeir verði leystir úr þessari ánauð. Og ég vil því beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj., hvort hún hyggist ekki eitthvað gera til þess að tryggja það, að sá sjóður, sem kenndur er við félagsheimilin, geti staðið í skilum við þau. Þetta má ekki við svo búið standa.

Að því er tekur til menningarinnar má segja, að þrátt fyrir allan sinn glæsileik, séu félagsheimilin mörg í eyði. Sum þeirra fóru í eyði strax að aflokinni vígsluathöfninni. Og það er ekki seinna vænna, að þau fari að komast í byggð.

Ég minntist á þá menn, sem helzt eru til forystu fallnir í félags- og menningarmálum. Það veltur mikið á slíkum mönnum. Það er mikið undir því komið, að þeim gefist tími til þess að beita hæfileikum sínum til skemmtunar og þroska fyrir mannlífið í sínum heimahögum. Því að enda þótt miklu skipti, að íbúar landsbyggðarinnar fái sem bezt notið þess, sem þjálfaðir listamenn að sunnan hafa fram að færa til eflingar menningunni, er hitt ekki síður mikilvægt, að listirnar eigi sér einnig bólfestu úti á landsbyggðinni.

Félagsheimilin voru m.a. og ekki hvað sízt reist til þess, að svo mætti verða. Með þeim skapaðist glæsileg aðstaða fyrir íbúa hinna ýmsu byggðarlaga að efla félagslíf sitt og iðka sjálfir í stórauknum mæli hinar ýmsu listgreinar.

Reyndin hefur þó orðið sú, að í sumum byggðarlögum hefur slík starfsemi frekar verið að koðna niður síðan félagsheimilin komu til sögunnar. Ég á við það t.d., að víða í sveitum og kauptúnum er nú, þrátt fyrir alla tónlistarskólana, sem hæstv. menntmrh. nefndi, þar er nú víða miklu minna sungið almennt og af sannri gleði heldur en hér löngum fyrr. Færri og færri fást til þess að fara upp á svið til þess að taka þátt í leiksýningum sjálfum sér og sveitungum sínum til ánægju. Og þó að í mörgum félagsheimilanna standi gljáandi fagurt píanó eða jafnvel flygill, sem kostað hefur eitthvað á 2. hundrað eða 3. hundrað þús. kr., þá lærir ekki nokkur maður að leika á þessi hljóðfæri. Þau standa þögul, nema þá kannske helzt á þorrablótum, þegar þær kringumstæður skapast, að mönnum finnst þeir endilega verða að taka lagið, og einhver aldraður heiðursmaður, sem lærði á orgel í þann tíð, þegar tónlistariðkun á alþýðuvísu var enn í hávegum höfð á Íslandi, er fenginn til að spila undir Blessuð sértu sveitin mín.

Og hvers vegna er þetta orðið svona? Fyrst og fremst vegna þess, að íslenzk alþýða hefur varla tíma til þess lengur að lifa lífinu, ef svo mætti segja. Hún getur varla lengur litið upp frá striti sínu stundarkorn til að leita sér menningarlegrar hressingar og svölunar. Hún er bundin á klafa þrældóms, sem herðist fastar og fastar að henni eftir því, sem hæstv. stjórnarvöld hennar og það sérfræðingastóð, sem þau hafa í þjónustu sinni, upphugsa fleiri svonefnd bjargráð til lausnar efnahagsvandamálum þjóðarinnar.

Í fáum orðum sagt, íslenzk alþýðumenning er prúguð af ranglátum þjóðfélagsháttum. Og

hún reisir sig ekki í fulla hæð á ný fyrr en þeim þjóðfélagsháttum verður breytt og réttlætið sigrar.

Látum svo þetta nægja um þá hlið málsins að sinni.

Það er engin ástæða til að örvænta. Þrátt fyrir allan þrældóminn, er allvíða enn haldið uppi býsna blómlegri menningarstarfsemi, eins og hæstv. menntmrh. minntist á.

En starfsemin byggist þá venjulega mest á því, að viðkomandi byggðarlög eiga á að skipa mönnum, sem hafa getu en þó fyrst og fremst tíma til að veita henni forystu. Það, sem helzt hindrar þessa starfsemi, eru nefnilega byrjunarörðugleikar, vandræði við að koma hlutunum á stað, skipuleggja það, sem gera skal. En þegar þessir örðugleikar hafa verið yfirstignir, reynist að jafnaði furðu auðvelt að halda hlutunum gangandi. Áhugi þátttakenda eykst jafnhliða ánægjunni af því að vinna saman að skemmtilegu málefni til gagns fyrir allt byggðarlagið. Og þetta verður þeim hressing og hvíld frá hversdagsstritinu. Og enginn sér eftir þeim tómstundum, sem í þetta fara, jafnvel þó að slíkar stundir séu af skornum skammti.

Starfsemi þessi einkennist þó yfirleitt af því, að hún er unnin í áhlaupum. Áhlaupið varir meðan stefnt er að einhverju ákveðnu marki, leiksýningu, söngskemmtun, kvöldvöku eða öðru slíku. Þegar markinu er náð sundrast hópurinn venjulega og starfsemin liggur niðri langtímum saman, jafnvel heilu veturna. Og þegar ráðast skal í nýtt verkefni, þá verður að yfirstíga alla byrjunarörðugleika að nýju, og þessir örðugleikar reynast þá æðioft ofviða þeim, sem til forystunnar veljast, þeir gefast upp, og ekki verður neitt úr neinu.

Ef starfsemin væri stöðug og jöfn, mundi þetta allt miklu auðveldara viðfangs. En til þess þyrftu þá líka að vera til reiðu menn, sem gætu veitt henni forystu að staðaldri. Hins vegar eru takmörk fyrir því, hvað jafnvel hinir áhugasömustu menn geta varið miklu af tíma sínum í sjálfboðavinnu. Brauðstritið, sá harði húsbóndi, krefst einnig síns af þeim eins og öðrum mönnum.

Tímaritið Eimreiðin birti í fyrra langa ritgerð eftir Guðmund G. Hagalín. Ritgerðin nefnist „Menning sveitanna", og Hagalín setur þar fram ýmsar eftirtektarverðar hugmyndir. Ein þeirra er sú, að félags- og menningarstarfsemi í sveitum verði skipulögð á grundvelli þess, að héruðin hafi í þjónustu sinni sérstaka ráðunauta í þessum málum, á sama hátt og þeir njóta nú tilsagnar sérstakra ráðunauta í ræktunarmálum og öðru því, er að búskapnum lýtur. Laun slíkra ráðunauta ættu að greiðast sameiginlega af ríkisins hálfu og viðkomandi sveitarfélaga.

Fyrsta og helzta verkefni þessara manna ætti að vera það að hvetja fólk til þátttöku í hvers kyns menningarstarfsemi og skipuleggja hana til lengri eða skemmri tíma. En að sjálfsögðu þyrftu þessir menn einnig að geta hjálpað til við framkvæmdina sjálfa í ýmsum greinum, sérstaklega þyrftu þeir að hafa þekkingu og reynslu til að leiðbeina við leiksýningar og vera nógu vel að sér í tónlist til að æfa kóra og kvartetta og helzt að geta kennt fólki að leika á hljóðfæri. Þeir, sem hug hefðu á slíkum störfum en væru vanbúnir til þeirra sökum skorts á nauðsynlegri reynslu og þekkingu, ættu að eiga kost sérstakrar þjálfunar í þessu augnamiði.

Þetta er í stuttu máli það, sem Hagalín hefur að segja um þetta atriði. Það, sem fyrir honum vakir, er sem sé ekki ósvipað því, sem virðist vaka fyrir höfundum þess æskulýðsmálafrumvarps, sem menntmrh. lagði fram í Nd. fyrir skemmstu, þar sem þeir gera ráð fyrir sérstökum leiðbeinendum í félagsmálum unga fólksins. En störf slíkra ráðunauta, þeirra sem Hagalín stingur upp á, yrðu að því leyti miklu þýðingarmeiri en störf slíkra leiðbeinenda, að þau myndu ná til fólks á öllum aldri, en ekki aðeins til unglinganna, og hlytu þar með að auka þau samskipti milli kynslóðanna, sem áreiðanlega eru vænlegasta lausnin á mörgum erfiðasta vandanum í félagsmálum okkar. En ef báðar þessar hugmyndir næðu fram að ganga, virðist mér ekkert því til fyrirstöðu, að tekizt gæti hið giftudrýgsta samstarf milli ráðunauta í menningarmálum almennt og leiðbeinenda æskulýðsins.

Hvaða aðili ætti að veita þessum ráðunautum nauðsynlega þjálfun? Það hlutverk sýnist mér að gæti vel verið í höndum þeirrar stofnunar, sem háttv. 6. þm. Reykv. stingur upp á í áðurnefndri grein sinni, þeirrar menningarmiðstöðvar, sem starfrækt yrði í þágu allrar landsbyggðar.

Þessar hugmyndir má eflaust betrumbæta og fullkomna, þegar saman koma fleiri góðra manna ráð. En ég hef hér viljað vekja athygli á þeim til að undirstrika tilmæli, sem ég vil nú leyfa mér að beina til þeirrar háttv. n., sem fær þessa till. til athugunar. Og tilmæli mín eru þau, að n. athugi mál þessi öll á breiðari grundvelli en hér er gert. Það er nauðsynlegt að gera stórátak í félags- og menningarmálum landsbyggðarinnar, og það er von mín, að þegar n. skilar till. þessari hingað aftur inn í þingsalinn, þá hafi till. breytzt í það horf, að með henni verði lagður grundvöllur að slíku stórátaki.

Ritgerð Hagalíns í Eimreiðinni getur komið háttv. þm. að góðum notum til skilnings á þessum málum, og þá ekki síður greinin eftir háttv. 6. þm. Reykv. í Þjóðviljanum. Það er hin ágætasta grein eins og reyndar flest það, sem maðurinn skrifar, þó að sumir virðist — einhverra hluta vegna — ekki taka þar eftir öðru en því, sem þeir nefna „útsmogna illkvittni".

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður beindi til mín einni fsp., sem ég skal með ánægju reyna að svara, eftir því sem mér er unnt í örfáum orðum, sérstaklega vegna þess, að orðalag fsp. gæti gefið tilefni til misskilnings, sem ég þá um

leið gjarnan vil fá tækifæri til að leiðrétta. Hann spurði, hvort í undirbúningi væru af hálfu ríkisstj. ráðstafanir til þess, eins og hann tók til orða, að sjá svo um, að félagsheimilasjóður gæti staðið við skuldbindingar sínar. Um þetta er það að segja, að málefni félagsheimilasjóðs hafa verið til athugunar í menntmrn. í mörg ár. Það verður að segja það alveg eins og það er, og skal ég ekki gera neina tilraun til að draga fjöður yfir það, að vandamál félagsheimilasjóðs hefur reynzt svo stórt, svo vandmeðfarið og torleysanlegt, að mér hefur ekki enn tekizt að fá nægilega samstöðu um neina lausn á því máli, sem mér hefur fundizt vera frambærileg og ég treyst mér til þess að standa að eða bera fram. En eftir sem áður er málið til athugunar, og ég mun gera mitt til þess, að þessu þingi ljúki ekki án þess, að ný löggjöf verði sett um félagsheimilasjóð. En vegna þess, að hv. þm. tók þannig til orða að skilja mætti þannig, að hann hefði ekki staðið við skuldbindingar sínar, þá er hér um að ræða misskilning, sem raunar er mjög algengur, ekki aðeins meðal nýrra þm., heldur eldri þm. líka og meðal blaðamanna og alls almennings.

Svo sem kunnugt er, hefur félagsheimilasjóður í tryggðar tekjur 45% af skemmtanaskatti, önnur 45% ganga til Þjóðleikhússins til greiðslu á rekstrarhalla þess og 10% ganga til sinfóníusveitarinnar til greiðslu á hluta rekstrarhalla hennar, og þessi 45% af skemmtanaskatti eru árlega svona 6-7 millj. kr. Þær má stjórn félagsheimilasjóðs nota til þess að greiða allt að 40% af byggingarkostnaði félagsheimila. Hún má samkv. gildandi l. félagsheimilasjóðs frá 1949 nota fé sitt til þess að styrkja byggingarkostnað félagsheimila allt að 40%. Það er hámark styrksins, sem veittur hefur verið.

Frá upphafi starfsemi félagsheimilasjóðs hefur stjórn hans aldrei lofað nokkru heimili, að það skyldi fá 40% byggingarkostnaðarins. Stjórn félagsheimilasjóðs hefur aldrei skuldbundið sig til þess að greiðað nokkru heimili 40% byggingarkostnaðarins. Hún hefur sagt, að hún mundi stefna að því, þegar fjárhagur félagsheimilasjóðs leyfði, þá mundi verða greitt í hæsta lagi 40%. Stundum hefur því verið slegið föstu, að viss félagsheimili undir vissum kringumstæðum gætu ekki fengið minna og þá lægra hámark nefnt, en það hefur ávallt verið tekið skýrt fram, að um enga skuldbindingu væri að ræða, enda má í rauninni telja vafasamt, að stjórn félagsheimilasjóðs hefði í rauninni lagalegan rétt til þess að skuldbinda greiðslu af opinberum tekjustofni, sem engin trygging er fyrir að muni haldast, og mér er vel kunnugt um það, að stjórn félagsheimilasjóðs hefur aldrei farið út fyrir umboð sitt í þeim efnum. Þess vegna eiga forráðamenn einskis félagsheimilis neina lagakröfu á hendur félagsheimilasjóði um greiðslu 40% byggingarkostnaðar síns. Mér er kunnugt um það af ótal viðræðum við forráðamenn félagsheimila, að þeim er þetta ljóst. Mér er ekki kunnugt um nokkurn forráðamann nokkurs félagsheimilis, sem ekki er þessi staðreynd ljós. Hitt er svo annað mál, að ég tel mjög æskilegt, að hægt verði af opinberu fé að greiða 40% byggingarkostnaðar þeirra félagsheimila, sem þegar eru í byggingu, það tel ég mjög æskilegt, en hins vegar er jafnnauðsynlegt að breyta framtíðarreglunum um byggingu nýrra félagsheimila hvað þetta snertir, enda hefur þegar svo mikill hluti þeirra verið byggður, að lítill skaði væri skeður, þó að mun hægara verði farið í þær framkvæmdir framvegis en hingað til.

Hugmyndir hafa verið uppi um lausn á þessum gífurlega vanda, sem hér er um að ræða, Það eru til nokkur félagsheimili, sem hafa fengið greidd 40% síns byggingarkostnaðar, en það er ekki mikill hluti þeirra félagsheimila, sem ýmist eru fullbyggð eða eru í byggingu. Vandinn, sem hér er á ferðinni, er geysilega mikill, og skal ég ekki nefna tölur í þessu sambandi. En hugmyndirnar, sem uppi hafa verið í margs konar formi um það að leysa þennan vanda, eru þess efnis, að gefin verði út skuldabréf, sem væru ríkistryggð. Félagsheimilasjóður fengi heimild til þess að gefa þau út, og ógreitt fjárframlag, — ég kalla það ekki skuld, það er ekki skuld—, og ógreitt fjárframlag, allt upp í 40% af byggingarkostnaði, yrði síðan greitt með þeim, en jafnframt stuðlaði hið opinbera eða bankakerfið að því, að stjórnir félagsheimilanna, sem fengju þessi skuldabréf, gætu komið þeim í verð með sérstökum hætti. Þetta er grundvallarhugmyndin, sem reynt hefur verið að fá nægilega samstöðu um á undanförnum árum.

En þegar um slíkar upphæðir er að ræða sem hér er, upphæðir, sem skipta mörgum, mörgum tugum millj. kr., verða mörg ljón á veginum við lausn málsins. En sem sagt, fyrst hv. þm. nefndi þetta, sem er mjög eðlilegt, að hann hafi nefnt, og fyrri flm. líka, vildi ég skýra frá því, að enn mun verða haldið áfram að reyna að finna einhverja lausn á vandamálum félagsheimilasjóðs.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég hef nú litlu við það að bæta, sem ég sagði í minni frumræðu. Ég vil aðeins láta í ljós ánægju mína með þær umræður, sem hafa sprottið af þessari till. Og ég vil sérstaklega lýsa yfir ánægju minni yfir því, að hæstv. menntmrh. tekur með miklum skilningi á till., og hann lýsti sínum skoðunum um þetta efni.

Um margt get ég verið honum sammála, sem hann hafði að segja, þó að sumt af því sé þess eðlis, að ég get ekki að öllu leyti fallizt á það með honum. M.a. lagði hæstv. ráðh. mikla áherzlu á það, að allt frumkvæði í þessum efnum þyrfti að koma að heiman. Ég er honum sammála um það, að það þarf að vera frumkvæði heima fyrir, en frumkvæðið í þessum málum á samt ekki að vera eingöngu heimamanna í sambandi við uppbygg-

ingu listasafnanna, heldur finnst mér, að þarna þurfi að koma á samstarfi milli nokkurra aðila, nefnilega ríkisins, heimamanna eða sveitarfélaganna og að lokum áhugamanna heima í héruðunum. Og ég teldi ákaflega mikilvægt, að ef sú stefna yrði upp tekin, sem ég hef mælt með, að listasöfn yrðu stofnuð úti um land, að sett yrði löggjöf um það efni, löggjöf, sem væri eins konar rammalöggjöf, þar sem sett væru skilyrði um það, hvers konar listasöfn ætti að styrkja, þar sem sett yrðu skilyrði um það, hvernig listasöfnin störfuðu, og einnig um það, hver hluttaka ríkisins og sveitarfélaganna og annarra aðila ætti að vera í rekstri og stofnkostnaði slíkra safna. Ég tel ákaflega mikilvægt einmitt, að slík löggjöf verði sett, vegna þess, að hér er um mikið fjárhagslegt atriði að ræða, og einmitt mjög nauðsynlegt að undirbúa þetta mál vel á frumstigi og sníða því þann stakk, sem hæfir til langrar frambúðar. Ég tel tæpast hugsanlegt t.d., að listasöfn geti vaxið upp í hverju einasta sveitarfélagi á Íslandi. Þau skipta hundruðum. En það væri mjög eðlilegt, að listasöfn kæmust upp nokkur í hverjum landsfjórðungi, og það væri einmitt hlutverk n., sem fjallaði um þetta, að leggja á ráðin um löggjöf í þessu efni, að athuga það, hvar slík listasöfn ættu að vera. Ég held, að það sé óviðráðanlegt verkefni og alls ekki svo brýnt að ætla að stofna allt of mörg listasöfn, enda má nú fyrr vera að hafa ekkert eða að hafa mikinn fjölda þeirra. Eðlilegast er, að þau séu hæfilega mörg og þannig, að það sé hugsanlegt, að þau geti starfað með menningarlegum hætti. Og það á auðvitað að vera kjörorðið og grundvallaratriðið, að slík listasöfn geri háar kröfur um þau verk, sem þar verða geymd, og að listasöfnin sem sagt séu raunveruleg mynd af því, hvað bezt gerist í íslenzkri myndlist. En hitt má einnig hugsa sér, að listasöfn úti um landsbyggðina fylgist með því, sem er að gerast í listum á þeim svæðum, þar sem söfnin eru, og með því móti mætti kannske fá úr því skorið, hvort þar er um lifvænlega listiðkun að ræða, og þess vegna nauðsynlegt, að söfnin fylgist með því líka og geymi slíka list, því að hún er til. Það eru margir menn úti um landsbyggðina, sem stunda myndlist, vafalaust margir af miklum vanefnum, en eigi að síður kann að vera, að þarna sé um merkilega menningarheimild að ræða og sjálfsagt, að því sé gaumur gefinn líka.

Ég vil einnig þakka hv. 4. landsk. þm. fyrir þau orð, sem hann lét hér falla, og ég get vel fallizt á það með honum, að það megi ræða þessa till. á breiðara grundvelli en ég gerði. Það er alveg rétt, að till. fjallar fyrst og fremst um eitt afmarkað svið listanna, og að nokkru leyti er það gert í ákvæðnum tilgangi að afmarka málið þannig. Málið er þá að minnsta kosti viðráðanlegra á meðan svo er, og ég er þeirrar skoðunar, að í fáu séum við jafn aftur úr, sem búum úti um landið, og einmitt í því, sem varðar dreifingu á myndlistinni. Tónlistarstarf er miklu meira og leiklistarstarf ólíkt meira en það myndlistarstarf, sem unnið er úti um land, á því er gífurlegur munur, og við flm. höfum sérstaklega viljað leggja áherzlu á það, að úr því yrði bætt, en vissulega er hægt að taka undir það með hv. 4. landsk., að það þarf ekki síður að leiða hugann að hinu, að aðrar listir komist skaplega til skila til landsfólksins, sem býr hér innan við Elliðaár, og ég gæti vissulega verið til viðtals um það, að þessi till. yrði afgreidd á breiðara grundvelli, eins og hv. þm. orðaði það, frá þeirri n., sem kann að fá hana til meðferðar.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 24, n. 498).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þessi þáltill. er búin að liggja alllengi fyrir Alþ. og hefur hún hlotið afgreiðslu í allshn. Í grg. með þessari till. benda flm. á það, að menningarlegur jöfnuður hafi áður verið með byggðarlögum og áhugi fyrir bókmenntun þá sameiginlegur með flestum landsmönnum.

Jafnvægisleysið í fjármálum og atvinnuuppbyggingu hefur lengi verið mikið áhyggjuefni margra góðra manna. Fjármagnið hefur dregizt að einum kjarna hér í þessu þjóðfélagi, kannske í enn ríkara mæli heldur en annars staðar, og á sér það þó víðar stað. Og þrátt fyrir töluverða viðleitni til þess að sporna þar við fótum og hafa áhrif á þessa þróun, þá hefur löngum reynzt erfitt um vik. Fjárstraumurinn utan af landsbyggðinni og þar með fólksstraumurinn rennur vissulega um marga farvegu. Þúsundir manna þiggja uppeldi sitt í strjálbýlinu og hverfa til þéttbýlisins þegar á ungum aldri. Það framlag heyrist sjaldan rætt. Miðstöð stjórnunar, miðstöð bankakerfis, verzlunar, trygginga, og allt þetta hefur segulkraft fyrir fjármuni og fólk. Og í fjölmenninu er vissulega mikið fjölbreyttara atvinnulíf og meiri möguleikar fyrir menn með mismunandi hæfni til starfa að fá nokkuð að gera við sitt hæfi. En það er bara mikið fleira heldur en þetta, sem örvar fólksstraumin til þéttbýlisins, miklu fleira heldur en von um betri afkomu og fjölbreyttari störf.

Í grg. með þessari till. gera flm. glögga grein fyrir hinum mikla aðstöðumun höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar varðandi listir og ýmsa menningarstarfsemi og þó einkum og sér í lagi hvað snertir myndlistina og tækifæri til þess að njóta hennar. Þessum hlutum þarf vissulega að gefa gætur samhliða því, sem unnið er að fjárhagslegri uppbyggingu um gervallt landið.

Fyrir nokkrum árum gerði Bjarni Þórðarson bæjarstjóri í Neskaupstað tilraun til þess að skýra orsakir til brottflutnings þess fólks,

sem þá flutti á einu ári frá Neskaupstað og flest hingað suður. Ég man, að hann birti þessar niðurstöður í blaði sínu, Austurlandi. Þetta ár var þar allstór hópur manna, sem fluttist frá Neskaupstað, og þessi athugun var töluvert fróðleg að mínum dómi. Ég kann ekki að greina frá henni í einstökum atriðum, en mér fannst alveg augljóst af niðurstöðum hennar, að þessi hópur flutti ekki fyrst og fremst fyrir fátæktar sakir og bjargarleysis, alls ekki, heldur af ýmsum öðrum ástæðum, því að þorri þeirra, sem fluttu, bjó við góðan efnahag og virtist hafa ágæta afkomumöguleika.

Nei, hér grípur vissulega margt inn í. Skólar eru hér flestir og bezt búnir margir. Hér er menningarstarfsemi ýmiss konar og listir í ríkari mæli en í strjálbýlinu. Sjúkrahús og læknisþjónusta er hér og meiri, og aðstöðumunurinn er vissulega mikill á ýmsum slíkum sviðum, þó að ég telji raunar, að margir mikli hann fyrir sér og leggi ekki rétt mat og eðlilegt á þennan aðstöðumun.

Þáltill. á þskj. 24 fjallar aðeins um eitt þessara atriða, þ.e.a.s. um listasöfn og listsýningar. Og sennilega er það svo, að í fáum greinum eða engum er munurinn meiri en hvað þetta afmarkaða svið snertir. Málverkasýningar úti á landi — það má segja, að þær séu mjög fátíður atburður, og vísar að listasöfnum eru þar bæði fáir og smáir, þó að nokkur viðleitni hafi átt sér stað í þessu efni.

Ég get nefnt sem dæmi, þar sem ég er kunnugastur, að í Neskaupstað hefur verið starfandi menningarmálanefnd á vegum bæjarstjórnar. Hún hefur a.m.k. einu sinni gengizt fyrir mjög myndarlegri listkynningu. Þar í bæ er einnig starfandi myndlistarfélag, þ.e. félag tómstundamálara, og þegar þeir fá sína leiðbeinendur, sem þeir hafa gert árlega sér til styrktar, þá hafa þeir stundum stuðlað að því, að þeir um leið gætu sýnt þar sín listaverk. Bæjarsjóður Neskaupstaðar hefur einnig myndað vísi að listasafni í kaupstaðnum. Þar er ekki um mikið safn að ræða enn þá, en þó hafa verið keypt nokkur málverk. Og mér er kunnugt um það, að a.m.k. á Ísafirði er til vísir að slíku safni. Þessi fáu dæmi, þau gefa bendingu um það hvort tveggja, annars vegar, að það er viðleitni fyrir hendi í þessa átt úti á landsbyggðinni, og hins vegar, að hún er mjög skammt á veg komin og hefur ekki getað komið miklu til leiðar. Þessi þáltill. er um það að efla þessa viðleitni. Till. flm. fjallar um það, eins og hún var lögð fyrir, að Alþ. skuli kjósa 7 manna n. til þess að gera till. um stofnun og starfrækslu opinberra listasafna utan Reykjavíkur og jafnframt till. um skipulagðar myndlistarsýningar.

Allshn. hafði þetta mál til meðferðar og sendi það til umsagnar m.a. til Listasafns Íslands. Og n. varð sammála um að afgreiða þáltill., en vildi gera á henni tvær breytingar. Annars vegar það að fela ríkisstj. þessa athugun, en ekki n. Það er töluvert áberandi á þessu þingi, finnst mér, í viðbrögðum stjórnarliðsins að vera andvígir því að fela mál til athugunar neinum öðrum heldur en ríkisstj. Við hefðum, a.m.k. sumir nm. í allshn., álitið það æskilegra, að sett hefði verið n. í þetta mál og töldum, að með því móti hefði mátt búast við víðtækari athugun á því, en gengum inn á þetta til samkomulags. Hin breytingin er sú og er raunar lítilvæg að gera listsýningarnar að aðalatriði, taka þær fram fyrir listasöfnin. Og það hygg ég, að sé ekki óeðlilegt. Það er áreiðanlega töluverður möguleiki til þess nú þegar, þegar búið er að undirbúa það mál, að taka að skipuleggja listsýningar úti um landið, Listasafn Íslands á mikið safn af málverkum, og það yrðu áreiðanlega ýmsir einstaklingar til þess að leggja því máli lið, að slíkar sýningar gætu komizt á. Auðvitað yrðu ýmsir erfiðleikar í vegi í fyrstu. En þó er aðstaðan öll önnur nú en hún var fyrir fáum árum til að taka við slíkum sýningum úti á landi. Félagsheimilin eru auðvitað ekki gerð fyrst og fremst með það fyrir augum að taka við myndlistarsýningum, en það hlýtur að mega með ekki mjög miklum kostnaði bæta aðstöðu til þess, að slíkt geti farið sæmilega úr hendi.

Um vísi að listasöfnum utan Reykjavíkur er það að segja, að mönnum virðist kannske í fljótu bragði, að það sé nokkuð langt í land, að af því geti orðið. En það er áreiðanlega enginn vafi á því, að í því efni er mjög þýðingarmikið, að menn byrji sem fyrst, þótt byrjað sé smátt. Það má að mínum dómi finna staði á flestum þéttbýlissvæðum, þar sem hægt er að varðveita listaverk og hafa þau uppi, þó að ekki séu listasafnshús. Og ég held, að ef ætti að bíða eftir því, að byggð verði hús yfir listasöfn á einstökum stöðum utan höfuðstaðarins, mundi það mál áreiðanlega seint ná í höfn. Það er sjálfsagt rétt, sem komið hefur fram í umr., m.a. í n. um þetta mál, að eðlilegast og æskilegast er, að frumkvæðið komi að heiman, og eins og ég vék að áðan, er áreiðanlega töluverður skilningur og áhugi fyrir hendi víða. En það má vel hugsa sér það að leita að leiðum til þess að glæða skilning á þessum málum og örva áhugann og koma á móti með því að leita að formi fyrir skipulega starfsemi í þessum greinum. Og einkum telur n., að það væri í lófa lagið og færi vel á því að byrja á að skipuleggja listkynningu utan höfuðstaðarins með myndlistarsýningum. Um þessi efnisatriði till. varð enginn ágreiningur í allshn.

Það var nokkuð rætt um það í n. að breikka svið till. og láta hana ná til fleiri þátta í menningarstarfsemi dreifbýlisins, m.a. til starfsemi félagsheimilanna. En um starfsemi þeirra hafa orðið þó nokkrar umr. áður hér í Sþ., þegar þessi till. var rædd við fyrri umr. En nm. urðu þó við athugun ásáttir um það að halda efni till. í sinni upphaflegu mynd að þessu leyti og hafa þetta mál afmarkað, sem hún fjallar um.

Menningarmál strjálbýlisins eru vissulega

margþætt og vandasöm, eins og áður hefur verið að vikið. Það neitar því enginn, að það hefur verið gert mjög mikið og myndarlegt átak í þeim málum með byggingu félagsheimilanna víðs vegar um landið. Það hefur hins vegar sætt töluvert mikilli gagnrýni, og það kom m.a. fram hér við umr. þessa máls áður, hversu starfsemi félagsheimilanna hefur verið háttað. Sú gagnrýni er vissulega að nokkru á rökum reist. En að nokkru er það kannske eðlilegt, að það taki tíma fyrir þessar stofnanir að móta sína starfsemi og koma henni af stað. Ég vil segja það, að persónulega er ég ekki svartsýnn á þessi mál og mér finnst eðlilegt, að þetta taki tíma. Breytingin er óskaplega mikil á örfáum árum. Það eru t.d. ekki mörg ár síðan, að í einu byggðarlagi á Austfjörðum fóru samkomur fram í gömlum Bretaskála, og þegar hann var á sunnan, þá var opið í norðurendann, og þegar hann var á norðan, var opið í suðurendann til þess að skýlla yrði í húsinu. Þetta er kannske dæmi um það allra frumstæðasta. Og það bar við eitt sinn þar á framboðsfundi, þegar menn voru í óða önn að reifa málin, að maður nokkur, sem ekki hafði gert sér grein fyrir þessum síð og vindáttinni, barði að dyrum á öfugum enda og brauzt þar í gegn og strokan stóð í gegnum fundarsalinn og minnisblöð hv. frambjóðenda fóru í einn graut og tók æðitíma að draga þau sundur á ný. En á þessum stað er nú risið glæsilegt félagsheimili.

Það er sem sagt skiljanlegt, þó að það taki sinn tíma að átta sig á þessum breyttu viðhorfum og koma sér fyrir. En ég vil bara segja það, að þar sem ég þekki bezt til í mínu næsta nágrenni, í Neskaupstað og á Egilsstöðum, þar er þegar orðin mjög myndarleg starfsemi í félagsheimilunum. Það er jafnvel erfitt að fá tíma fyrir fundi á þessum stöðum að kvöldi. Og það er ekki af því, að það sé verið að dansa þarna öll kvöld, heldur þvert á móti er þar margháttuð önnur starfsemi. Í Neskaupstað t.d. er starfandi leikfélag, sömuleiðis í sveitinni, og bæði þessi félög sýna þar í húsinu. Og þar eru auðvitað margar sýningar aðkomuflokka. Í bænum eru fjölmörg félagasamtök, sem nota þetta húsnæði. Þar hefur verið tómstundastarfsemi fyrir æskufólk. Þar eru skólahátíðir haldnar. Þar er bókasafn og lestrarsalur o.s.frv., o.s.frv. Auðvitað fara þar einnig fram kvikmyndasýningar og dansleikir eins og verður að vera. Alveg sama máli gegnir um félagsheimilið á Egilsstöðum, að það er mjög mikið notað. Ég trúi, að á s.l. ári hafi þar t. d. verið 18 leiksýningar. Þar starfar, svo að dæmi sé nefnt, karlakór að æfingum. Þar er badmintonflokkur og rótaryklúbbur, æskulýðsstarfsemi hefur verið þar og margs konar önnur félagssamtök. Fundir eru þar mjög tíðir með sýslu- og fjórðungssamtökum, og það stafar nú af legu Egilsstaða. Þannig er þetta í stærri félagsheimilum, en mér er einnig kunnugt um það, að í smærri félagsheimilunum fer líka fram, eftir því sem unnt er að koma við, ýmiss konar menningarstarfsemi auk þess sem þar er auðvitað dansað og skemmt sér.

Ég vil aðeins vekja athygli á því hérna, að það er hægt með ýmsu móti að styðja enn betur en gert hefur verið að leiklistarstarfsemi dreifbýlisins, sem töluverð gróska hefur verið í. Það gaf t.d. mjög góða raun þarna austur frá, að einn ágætasti leikari Þjóðleikhússins æfði þar leikrit fyrir stuttu, Valtýr á grænni treyju, og fór með aðalhlutverk. Þetta gaf sýningunum sérstakan blæ og varð til þess, að þær voru ákaflega vel sóttar. Með þessu móti gæti Þjóðleikhúsið stutt í vaxandi mæli leiklistarstarfsemi úti á landi. Og einnig með því, að í stað þess eingöngu að halda sýningar sínar úti á landsbyggðinni yfir sumartímann, þegar menn eiga erfiðast með að sækja þær, þá að leitast við að koma þar til móts við landsbyggðina og senda leikflokka öðru hverju einnig á þeim tíma, þegar fólk yfirleitt hefur tækifæri til þess að njóta sýningarinnar. Það eru miklir fjármunir, sem þjóðfélagið leggur til ýmissa greina menningar, og það er eðlilegt, að stofnanir eins og t. d. Þjóðleikhúsið reyni að þjóna sem bezt allri landsbyggðinni.

Ég skal ekki fara frekar út í þessa sálma. Það er áreiðanlega margt ógunnið á þessu sviði, eins og ég hef komið að, og þó að nokkuð hafi verið rætt um þessi mál, hafa þær umr. verið tiltölulega litlar og raunar minni en maður gæti búizt við. Hv. 4. landsk., Jónas Árnason, minntist á grein, sem Guðmundur Gíslason Hagalín skrifaði um þetta efni fyrir nokkru. Ég las þá grein, og finnst hún mjög athyglisverð, og ég varð satt að segja undrandi á því, hve litlar umr. urðu um það mál eftir það innlegg. Hér er vissulega mikill akur óplægður, og þessi þáltill. fjallar aðeins um eina akurreinina. En allshn. leggur til, að hún verði samþykkt með þeirri umorðun, sem hér má sjá í nál. á þskj. 498.

Jónas Árnason: Herra forseti. Þegar till. þessi á þskj. 24 kom hér fyrst til umr. snemma á þingtímanum, lét ég í ljós ánægju mína með það, að hún væri fram komin, en lagði jafnframt áherzlu á það viðhorf mitt, að hv. flm. væru að mínum dómi ekki nógu kröfuharðir fyrir hönd landsbyggðarinnar, ef svo mætti segja. Þörfin til úrbóta í félags- og menningarmálum landsbyggðarinnar væri það mikil, að með till. þeirra væri aðeins stefnt að einum þætti í því máli, lausn á aðeins einu tiltölulega velgalitlu atriði. Ég þykist raunar vita, að hv. flm., sem báðir eru fulltrúar landsbyggðarinnar hér á Alþ., hafi ekki síður en ég gert sér ljósa þessa þörf, og ég get verið sammála þeim um það, að úrbætur á einu sviði séu þó skárri en alls engar úrbætur. Með listkynningu úti á landsbyggðinni sé stigið spor í rétta átt, þó að það sé sannarlega ekki stórt spor svona með tilliti til alls þess, sem skortir í opinberum stuðningi við félagslíf og menningarstarfsemi yfirleitt úti

á landsbyggðinni. En samkv. þessu viðhorfi mínu legg ég ásamt öðrum þeim mönnum, sem sæti eiga í allshn., eindregið til, að till. þessi verði samþ. með þeim breytingum, sem gert er ráð fyrir á þskj. 498.

En í þessu sambandi væri ekki úr vegi að víkja enn að því vandamáli, sem er stærst og helzt þörf að leysa, ef félags- og menningarlíf úti á landsbyggðinni á að komast í sæmilegt horf, en það er rekstur félagsheimilanna. Það er einkennileg og þversagnakennd staðreynd, að þessi glæsilegu félagsheimili, sem risið hafa víðs vegar á landinu, hafa víða orðið til þess, því miður, frekar en hitt að draga úr heilbrigðu félagslífi og menningarstarfsemi. Ég veit, að slík starfsemi er víða með blóma, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, t.d. á Austurlandi, og ég vil nú svona fyrir hönd okkar Vestlendinga líka halda því fram, að hún sé með töluverðum blóma, t.d. í Borgarfjarðarhéraði. En ég þykist þó mega fullyrða, að víða eða sums staðar a.m.k. hafi dregið úr heilbrigðri félags- og menningarstarfsemi með tilkomu þessara glæsilegu félagsheimila, vegna þess að stjórn þessara félagsheimila og stjórnendur þeirra og aðrir þeir menn í viðkomandi byggðarlögum, sem helzt eru til forystu fallnir í félagsmálum og menningarmálum, mega aldrei um frjálst höfuð strjúka í basli sínu — oft og tíðum næsta árangurslitlu basli — við það að tryggja fjárhagsafkomu félagsheimilanna og standa í skilum vegna skulda, sem á þeim hvíla. Ég ræddi þetta mál allnokkuð, þegar till. þessi var hér fyrst til umr. núna í okt. eða nóv. og við ræddum það einnig í allshn., er við athuguðum till., og þá upplýstist það, að fyrir 4 árum var málið mjög ýtarlega rætt hér á Alþ. í sambandi við till. frá hv. 2. þm. Vestf. og þrem öðrum þm. — Er ekki hæstv. menntmrh. í salnum? Ég hafði nú gert honum viðvart um það, að ég ætlaði að beina til hans fsp. og vildi þess vegna vinsamlegast mælast til þess, að hann yrði beðinn að koma í salinn, ef hann sér sér það fært, ella mun botninn detta úr þessari ræðu minni. Og það má helzt ekki koma fyrir.

Ég bið hæstv. forseta afsökunar á þessari töf, en ég tel, að hún sé ekki mér að kenna. Síðast þegar ég vissi, var hæstv. menntmrh. í símanum.

Hæstv. menntmrh. er kominn í salinn, og ég get haldið áfram. Ég hafði nefnt það, að það upplýstist í allshn., þegar þessi till. var þar til athugunar, að fyrir 4 árum var flutt hér á Alþ. till. frá hv. 2. þm. Vestf. og þremur öðrum þm., sem síðan var samþ. sem ályktun, og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram endurskoðun á gildandi l. um félagsheimili með það fyrir augum, að félagsheimilasjóður verði efldur og að eðlileg skilyrði heilbrigðs félags- og menningarlífs verði sköpuð í sem flestum byggðarlögum landsins. Jafnframt verði athugaðir möguleikar til að ráða fram úr þeim vandræðum, sem fjárskortur félagsheimilasjóðs hefur valdið einstökum félögum. Stefnt verði að því í hinni fyrirhuguðu löggjöf um félagsheimili, að forráðamönnum þeirra verði framvegis gert kleift að efla menningarlega fræðslu- og skemmtistarfsemi í ríkara mæli en unnt hefur verið fram að þessu. Endurskoðuninni skal lokið fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþ."

Þetta var samþykkt á Alþ. 13. maí 1964.

Og nú vil ég leyfa mér að beina til hæstv. menntmrh. þeirri fsp., hvað gert hafi verið til þess að framfylgja þessari 4 ára gömlu þál. um að efla félagsheimilasjóð og þar með heilbrigt félags- og menningarlíf úti á landsbyggðinni.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í gildandi l. er ráð fyrir því gert, að helmingur skemmtanaskatts gangi til félagsheimilasjóðs, og er heimilað, að úr félagsheimilasjóði sé greitt allt að 40% af byggingarkostnaði félagsheimila. Á þessu ári eru tekjur félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti áætlaðar 7,5 millj. kr. Það svarar til þess, að hægt sé að verja á árinu til byggingar félagsheimila 18-19 millj. kr. En talið er, að myndarlegt félagsheimili kosti sem svarar þessari upphæð, milli 15 og 20 millj. kr. Stuðningur ríkisins við byggingarmál félagsheimila dugar m.ö.o. til þess, að að meðaltali sé eitt myndarlegt félagsheimili reist á hverju ári. Og hygg ég, að ekki verði sagt með sanni, að hér sé um ómyndarlegan stuðning við þessa mjög nauðsynlegu starfsemi að ræða, að dreifbýlið, raunar landið allt, hvert hérað eignist myndarlegt félagsheimili í þágu félags- og menningarstarfsemi innan sinna vébanda. Hitt er svo annað mál, að áhugi á byggingu félagsheimila og þeirri starfsemi, sem þar er ætlað að fari fram, hefur á undanförnum árum verið svo mikill, að miklu meira hefur verið byggt en þessu svarar. Ekki aðeins eitt félagsheimili hefur verið byggt á ári á mörgum undanförnum árum, heldur miklu meira. Hefur þetta skapað alveg sérstakt fjárhagsvandamál, sem hefur reynzt svo erfitt viðfangs, að ekki hefur tekizt að fá samstöðu um fulla lausn þess á undanförnum árum, og hefur svo málið verið í stöðugri athugun um langt skeið. En til skýringar á því, að lausn skuli ekki hafa fundizt, skal ég leyfa mér að nefna meginstaðreynd málsins og vona þá, að allir sanngjarnir menn sjái, að hér er um svo stórt og alvarlegt vandamál að ræða, að það þarf að taka alveg sérstökum tökum.

Gerð var heildarskýrsla um málefni félagsheimilasjóðs og fjárhag þeirra félagsheimila, sem í byggingu eru, í des. s.l. Þá kom í ljós, að áfallinn byggingarkostnaður, þegar greiddur byggingarkostnaður þeirra félagsheimila, sem félagsheimilasjóður hefur styrkt, en hefur ekki enn greitt 40% byggingarkostnaðar við, nemur 92,7 millj. kr. Það nemur hvorki meira

né minna en 92,7 millj. kr. Félagsheimilasjóður hefur þegar greitt 36,5 millj. kr. af þessari upphæð, en félagsheimilasjóður á að greiða 40% af öllum kostnaðinum eins og l. heimila, en skylda ekki félagsheimilasjóð til. Og á það legg ég alveg sérstaka áherzlu. Eins og l. heimila, að gert skuli, en gera ekki að skyldu. Þá þurfti í des. að greiða 56,2 millj. kr. Það er það, sem á vantar til þess, að greidd séu 40% af áföllnum byggingarkostnaði. Um áramótin var síðan úthlutað tæplega 6 millj. kr., þannig að staðan í dag er þannig, að um það bil 50 millj. kr. vantar til þess, að unnt sé að greiða 40% af áföllnum byggingarkostnaði þeirra félagsheimila, sem nú eru í byggingu og eru á skrá hjá félagsheimilasjóði. En þau voru 76 talsins. Þau voru hvorki meira né minna en 76 talsins. Og þau skiptust þannig í 6 flokka eftir framkvæmdastigi: Framkvæmdum er lokið við 18 félagsheimili, framkvæmdum er nær lokið við 30 önnur og framkvæmdum lokið að 50-80% við 18 félagsheimili. Rúmlega fokheld eru 3, fokheld eru 2 og 5 eru þannig á vegi stödd, að það er lokið frágangi grunns, sökkla eða kjallara. Og þegar það er athugað, hversu mörg félagsheimili eru í byggingu, þ. e. a. s. ólokið, þá ætla ég, að allt að því tvöfalda megi þá upphæð, sem ég nefndi að þyrfti að greiða, ef greiða ætti 40% af áföllnum kostnaði. Þ.e.a.s. það, sem ríkið þyrfti að hafa eða félagsheimilasjóður þyrfti að hafa til þess að geta greitt 40% af þeim félagsheimilum, sem nú eru í byggingu, væri ekki minna en einhvers staðar milli 80 og 100 millj. kr. Af þessu má vera ljóst, að hér er um engan smávægilegan fjárhagsvanda að ræða. Ég tel, að þetta fjárhagsvandamál, sem þarna hefur komið í ljós í sambandi við byggingu félagsheimilanna, beri þess glöggan vott, að menn hafi verið mjög bjartsýnir á undanförnum árum og að menn telja mikla þörf á byggingu húsa af því tagi, sem félagsheimili eru. Það er mjög skiljanlegt og væri sannarlega æskilegt, að sem fyrst væri hægt að ljúka þeim framkvæmdum, sem hér er um að ræða. En til þess að það sé hægt, þarf sem sagt með einhverjum hætti að afla einhvers staðar á milli 80 og 100 millj. kr.

Sú hugmynd, sem á döfinni hefur verið á undanförnum árum til þess að reyna að leysa þetta vandamál, er sú, að félagsheimilasjóður fái heimild til þess með löggjöf að gefa út ríkisskuldabréf til ákveðins tíma, sem síðar yrðu notuð til þess að greiða þann kostnaðarhluta, sem Alþ. ákvæði að greiða skyldi af félagsheimilum. Það hafa farið fram ýtarlegar viðræður um það við Seðlabankann að styðja að útgáfu slíkra ríkisskuldabréfa og auðvelda sölu þeirra með sérstökum hætti. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða það í einstökum atriðum, hvaða háttur hér kynni að reynast skynsamlegastur og færastur, en málið er enn í athugun, og ég vil ekki gefa neitt fyrirheit um það, ég get það ekki, að það verði lagt fyrir þetta Alþ. frv. um heimild í þessu efni. En ef samningar takast við Seðlabankann og aðra viðskiptabanka um sölu á slíkum bréfum, sem félagsheimilasjóður fengi heimild til þess að gefa út, væri vandinn að meginhluta leystur. Það, sem hér skiptir mestu máli, er að fá samning um sölu á skuldabréfunum, og ef tækist að ljúka samningsgerðinni við Seðlabankann og viðskiptabanka í sumar, mundi frv. um nauðsynlegar heimildir í þessu efni verða lagt fyrir Alþ., þegar það kemur saman í haust.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. upplýsingar hans. Ég ætla ekki hins vegar að fara að flytja aðra ræðu. Ég stend aðeins upp til þess að láta í ljós þakklæti mitt. Það er rétt, sem háttv. þm. Gísli Guðmundsson benti mér á áðan, að fundartíminn er það takmarkaður, að ef við áhugamenn um liststarfsemi úti á landsbyggðinni færum að tefja þennan fund mjög, gæti það orðið til þess, að sú till., sem hér liggur fyrir, fengi ekki afgreiðslu. Ég vil sem sagt endurtaka þakkir mínar til hæstv. ráðh. fyrir þær ágætu og glöggu upplýsingar, sem hann veitti, þó að þær gæfu ekki tilefni til mikillar bjartsýni í þessum efnum. En þó treysti ég honum til hins bezta, enda veit ég það, að honum er það áhugamál að efla menningarstarfsemi úti á landsbyggðinni ekki síður en annars staðar.

ATKVGR.

Brtt. 498,1 (ný tillgr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 498,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 40 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 593), með fyrirsögninni:

Þál. um listsýningar og listasöfn utan Reykjavíkur.

9. Stöðlun fiskiskipa.

Á deildafundum 12. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um stöðlun fiskiskipa [50. mál] (A. 52).

Á 12. fundi í Sþ., 15. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. og 30. fundi í Sþ., 24. og 26. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Sþ., 30. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, er tvíþætt,

annars vegar ályktun um nákvæma rannsókn á því, hvort ekki sé hagkvæmt að staðla veiðiskip landsmanna í ákveðnar stærðir og gerðir með það fyrir augum, að þau verði ódýrari í smíðum fyrir innlendar skipasmíðastöðvar, hins vegar ákveðin ósk um, að einksis verði látið ófreistað til að auðvelda þegar reistum innlendum skipasmíðastöðvum samkeppni um smíði veiðiskipa okkar við erlendar skipasmíðastöðvar, svo að ekki komi til verkefnaskorts hjá þeim, en hann er nú einmitt fyrir hendi. M. a. verði athugað, hvort ekki sé hagfellt fyrir þjóðarbúið að hækka enn stofnlán til veiðiskipa, sem smíðuð eru innanlands, og auka þannig enn mun á lánum á skip smíðuð hér á landi og erlendis.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á síðustu árum hafa risið upp hér á landi stálskipasmíðastöðvar, sem vel hafa verið gerðar úr garði og reynzt samkeppnisfærar um smíðagæði við erlendar skipasmíðastöðvar, sem útvegsmenn okkar hafa aðallega skipt við undanfarin ár. Hið opinbera, ríkisvald og bankar, hafa stuðlað að uppbyggingu þessara skipasmíðastöðva, enda ekki vansalaust jafnmikilli fiskveiðiþjóð og Íslendingar eru að smíða ekki sjálfir veiðiskip sín að meginhluta. Þar sem skipasmíðastöðvar okkar eru enn lítt tækni- og iðnþjálfaðar, svo nýjar sem þær eru, og nú hefur bætzt við, að útvegsmenn láta sér hægt um öflun nýrra skipa vegna erfiðleika í útgerðinni, hafa þær ekki reynzt samkeppnisfærar í harðnandi baráttu um fækkandi pantanir í smíði skipa við erlendar skipasmíðastöðvar og horfa því fram á algert verkefnaleysi, ef ekki er brugðið við til úrbóta og það tafarlaust. Trúlega gæti hið opinbera hjálpað innlendum skipasmíðastöðvum til að lækka skipasmíðakostnað sinn verulega, ef það hefði hönd í bagga með stærð og gerð við smíði skipa, þannig að stöðlun mætti koma við. Virðist það og óeðlilegt, svo mikla fyrirgreiðslu, sem hið opinbera veitir þeim, er ný skip fá smíðuð, að þeir geti valið sér hver og einn aðhaldslaust skipagerð að eigin geðþótta, svo að varla nokkur tvö skip séu smíðuð eins. Hlýtur slíkt að hækka smíðakostnað verulega.

Varðandi síðara atriðið, að auka lánsbilið milli skipa smíðaðra innanlands og utan innlendu smíðinni í hag, skal bent á, að það virðist fráleit stefna að eyða fyrst stórfé til að koma skipasmíðaiðnaði á fót í landinu, en gera síðan ekkert til að auðvelda honum fyrstu og erfiðustu sporin. Verður og að minna á, að það getur aldrei orðið nema tímaspursmál hjá fiskveiðiþjóð sem okkur, að endurnýja þurfi mörg skip í veiðiflotanum og þá skynsamlegt að greiða úr tímabundnum verkefnaskorti með aukinni fyrirgreiðslu við skipasmíðastöðvar og skipakaupendur, svo að eftirspurnin jafnist meira og atvinna, sem skipasmíðin skapar. Þarf ekki að benda á, hve slíkt er nauðsynlegt atvinnulífi á þeim stöðum, þar sem skipasmíðin er.

Fyrstu árin eftir stríð voru smíðuð hér þó nokkur veiðiskip úr tré, allstór eftir því, sem þá gerðist, og reyndust þau sum hver hin ágætustu skip. Þannig höfðu árin 1946-1947 um 425-450 manns í landinu atvinnu af skipasmíði og skipaviðgerðum, en næstu ár fækkaði verulega í þessum iðnaði, þar sem skipasmíði hérlendis dróst saman, unz öll smíði stærri skipa mátti heita úr sögunni árin 1950-1960. Enda komst tala þeirra, er skipasmíði og skipaviðgerðir stunduðu þessi árin, niður fyrir 300 manns. Með tilkomu viðreisnarstjórnarinnar tók skipaiðnaðurinn á ný að hugsa meir til nýsmíði skipa og þá eingöngu stálskipa, sem var ný iðngrein í landinu, og jafnframt tók bygging dráttarbrauta nýjan fjörkipp með viðgerðarþjónustu fyrir augum, en sívaxandi veiðiskipafloti landsmanna kallaði á hana í auknum mæli. Ríkisvaldið mun hafa miðað leyfi sín og fyrirgreiðslu við dráttarbrautir fyrst og fremst við það, að í hverjum landsfjórðungi kæmist upp viðhlítandi viðgerðarstöð fyrir veiðiskip af algengustu stærðum, en mun ekki hafa haft bein afskipti af byggingu skipasmíðastöðva. Þó vil ég álíta, að skipasmíðastöðin á Akureyri, sem ég þekki bezt til og er hið myndarlegasta fyrirtæki, hafi notið a.m.k. verulegrar hvatningar til uppbyggingar sinnar af hálfu hins opinbera og verið hugsuð sem einn þáttur í aukningu byggðajafnvægis. Á árunum 1962-1966 hefur þannig verið fjárfest í skipasmíðastöðvum, húsum þeirra og vélum um 76 millj. kr., en í dráttarbrautum á 5 stöðum 110 millj. kr. Til að fullgera 3 dráttarbrautanna þarf enn um 60 millj. kr. og til að fullbúa skipasmíðastöðina á Akureyri og Ytri-Njarðvíkum um 50 millj. kr. Það gefur að sjálfsögðu auga leið, að þegar fjárfest hefur verið svo mikið í nefndum mannvirkjum, er ekki hagkvæmt að láta þau ófullgerð og ónotuð, en að gagni fyrir þjóðarbúið kemst þessi fjárfesting ekki, ef skipasmíðastöðvarnar fá svo ekkert verkefni, vegna þess að snögglega tekur fyrir alla eftirspurn skipa eða skip innlendu skipasmíðastöðvanna reynast ekki samkeppnisfær að verði við skip smíðuð erlendis. Hér verður hið opinbera þá að koma til sögunnar með ráðstafanir, sem auðvelda hinum nýja skipasmíðaiðnaði okkar samkeppnina, svo sem að fyrirskipa stöðlun skipanna, glæða smíði þeirra innanlands með hagkvæmari lánum o.s.frv.

Síðan till. sú, sem hér um ræðir, var flutt, hafa þeir atburðir gerzt, sem ugglaust auðvelda innlendu skipasmíðastöðvunum eitthvað samkeppni við hinar erlendu, og á ég þá við gengisbreytinguna. En þó tel ég sjálfsagt, að ríkisvaldið gæti hér vel að og greiði fyrir hagsemi skipasmíða okkar með hvers konar tiltækum ráðstöfunum, svo að sem flest veiðiskipa okkar og a.m.k. smærri kaupskip verði einmitt smíðuð hérlendis. Er augljóst, að skilningur ríkisvaldsins á þessu er fyrir hendi, því að rétt fyrir jólin ákvað ríkisstj. að semja við Slippstöðina á Akureyri um smíði tveggja strandferðaskipa, og vil ég nota tækifærið og

þakka þá ákvörðun fyrir hönd Akureyrar og Akureyrarbúa. Betri jólagjöf, ef svo má að orði komast, varð þeim varla færð. En þá eru eftir aðrar skipasmíðastöðvar, sem skortir verkefni. Eftir er að hugsa fyrir því, að þeim sé gert kleift að annast eðlilega endurnýjun veiðiskipaflota okkar. Það er vel, að þessi mál virðast nú almennt mjög hugleidd. Þannig liggur fyrir Ed. þmfrv. um aukna fyrirgreiðslu Fiskveiðasjóðs við innlenda skipasmíði, og nýverið hefur komið fram og verið birt opinberlega áskorun Málm- og skipasmíðasambands Íslands þess efnis, að Alþ. semji áætlun um smíði 50 skipa innanlands á næstu 4 árum, og er tilgangurinn að sjálfsögðu tvíþættur, að sjá fyrir eðlilegri endurnýjun og aukningu veiðiskipaflotans og veita skipasmíðaiðnaðinum næg verkefni, að nýta sem bezt þau veiðiskip, sem við þegar eigum og falla ekki í þá freistni að kasta þeim of fljótt frá sér sem úreltum og ónothæfum. Mér er að sjálfsögðu ljóst, að þáltill. sú, sem ég fylgi hér úr hlaði, er engin úrlausnartill., heldur aðeins vísun til hugsanlegrar leiðar eða ábending um úrræði. Mér er ljóst, að ríkisstj. hefur mikið hugleitt þessi mál og látið gera ýmislegar athuganir varðandi þau, en samþykkt þessarar till. mundi undirstrika hug Alþ. til þessara mála og vonandi hraða því, að þau yrðu tekin afgerandi úrlausnartökum, t. d. með hliðsjón af till. eða áskorun Málm- og skipasmíðasambandsins og þeirri athugun, sem ríkisstj. hefur þegar látið gera. Slíkt teldi ég mikilsvert.

Ég vil svo leyfa mér að loknum þessum umr. að óska þess, að þeim yrði frestað og málinu vísað til allshn.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja mjög tímann í sambandi við þessa þáltill., en vildi hins vegar gera grein fyrir því, sem ég hélt reyndar, að hv. flm. væri kunnugt um, að það, sem lagt er til í þáltill., að gert sé eða ætlazt er til, að ríkisstj. láti gera, er þegar búið að vera í gangi frá því á miðju s.l. ári, þ.e.a.s. athugun á stöðlun fiskiskipa.

Það mun hafa verið fyrri hluta ársins, að Landssamband skipasmíðastöðva átti viðræður við iðnmrn. um það, að hafizt yrði handa um að athuga möguleikana á stöðlun fiskiskipa fyrst og fremst í þeim tilgangi, að skipasmíðarnar gætu með þeim hætti orðið ódýrari en ella. Var iðnmrn. send um þetta grg. í marzmánuði og áætlanir landssambandsins um það, hvað þeir teldu, að gæti áunnizt í þessu sambandi. Var þar e.t.v. um að ræða um 10% lækkaðan byggingarkostnað með slíkri stöðlun fiskiskipanna. Málið var þá rætt í iðnþróunarráði og einnig við Seðlabankann um hugsanlega aðstoð, sem kynni að þurfa að veita fjárhagslega í sambandi við aðgerðir sem þessar, þ.e.a.s., ef um það væri að ræða, að Fiskveiðasjóður þyrfti að lána töluvert mikið meira eða út á fleiri skip innanlands en áður hefur verið eða verið hefur á undanförnum árum. Svo í framhaldi af því áttu fulltrúar skipasmíðastöðvanna eða Landssambands skipasmíðastöðvanna viðræður við mig aftur í lok júnímánaðar, 27. júní. Í framhaldi af þeim viðræðum ræddum við hæstv. sjútvmrh. þetta mál sérstaklega við stjórn Fiskveiðasjóðs og þar af leiðandi fulltrúa eða bankastjóra bæði Landsbankans, Útvegsbankans og Seðlabankans. Í framhaldi af því var sett á laggirnar með bréfi 19. júlí s. l. n. til þess að vinna að þessari stöðlun, og ég vil leyfa mér að gera grein fyrir þessari nefndarskipun. Held ég, að það væri þá greinarbezt að lesa upp það bréf, sem þar að lýtur, sem skrifað var af minni hálfu til Landssambands skipasmíðastöðvanna og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í framhaldi af viðræðum fulltrúa skipasmíðastöðva við iðnmrh. hinn 27. júní s.l. um vandamál skipasmíðastöðvanna vegna breyttra aðstæðna og um ráðstafanir til úrbóta, hafa þessi mál verið rædd innan ríkisstj. Iðnmrh. og sjútvmrh. hafa átt viðræður við stjórn Fiskveiðasjóðs um hugsanlegar leiðir til þess að styrkja aðstöðu skipasmíðastöðvanna. Rn. beinir því hér með til yðar að tilnefna tvo fulltrúa til þess að vinna að tillögugerð um hentugasta gerð íslenzks fiskiskips við núverandi aðstæður í samráði við tæknideild Fiskveiðasjóðs og Fiskifélags Íslands ásamt fulltrúum, sem sjútvmrh. mun tilnefna. Að fenginni niðurstöðu þessa atriðis mundi tekið til frekari athugunar með hvaða ráðum mætti skapa skipasmíðastöðvunum verkefni á þessum grundvelli á næstunni samhliða öðrum ráðstöfunum, sem stefna mundu að sama marki. Tilnefningu fulltrúa yðar ber að tilkynna iðnmrn., sem hefur forgöngu um að kalla n. saman til starfa."

Upp úr þessu var svo þessi n. sett á laggirnar með tveimur aðilum frá landssambandinu, skipasmíðastöðvum, og tveimur aðilum tilnefndum af sjútvmrh. og þremur sérfræðingum Fiskveiðasjóðs og Fiskifélagsins. Ég lagði svo áherzlu á, að n. reyndi að hraða sem mest störfum sínum, en þegar nm. fóru betur að athuga málið, var það þeirra skoðun, að það þyrfti meiri og nánari athugun en þeir hefðu gert sér grein fyrir í öndverðu. Niðurstaðan varð svo sú, að þessi n. skilaði bráðabirgðaskýrslu um störf þessarar skipanefndar, sem er dags. 16. okt. 1967. Þessi bráðabirgðaskýrsla gefur nokkurt yfirlit um það, sem n. hafði unnið að og hvað hún mundi ætla sér á næstunni að gera, og vildi ég þess vegna gera hv. þingi grein fyrir þessari bráðabirgðaskýrslu með því að lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta. Hún er ekki löng, en í henni segir:

„Með bréfi dags. 12. júlí 1967 fór iðnmrh. þess á leit við Landssamband skipasmíðastöðva, að það tilnefndi tvo fulltrúa í n. til þess að vinna að tillögugerð um hentugasta gerð íslenzks fiskiskips við núverandi aðstæður í samráði við tæknideild Fiskveiðasjóðs og Fiskifélags Íslands ásamt fulltrúum, sem

sjútvmrh. mun tilnefna. Landssamband skipasmíðastöðva tilnefndi þá Jón Sveinsson framkvæmdastj., Garðahreppi og Jósef H. Þorgeirsson lögfr., Akranesi. Með bréfi dags. 21. júlí 1967 fól sjútvmrh. þeim Tómasi Þorvaldssyni framkvæmdastj., Grindavík og Þorsteini Jóhannessyni skipstj., Garðahreppi að taka sæti í n. Með bréfi dags. 14. júlí 1967 fól stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands þeim Erlingi Þorkelssyni vélfræðingi, Reykjavík, Herði Frímannssyni verkfr., Reykjavík og Jóni B. Hafsteinssyni verkfr., Reykjavík að taka sæti í n.

Fyrir forgöngu iðnmrn. kom n. saman til 1. fundar hinn 19. júlí 1967 og kaus Jósef H. Þorgeirsson formann og Jón Sveinsson ritara. N. hefur samtals haldið 7 fundi og aflað sér gagna um skipasmíði hér á landi á seinustu árum og breytingar, sem orðið hafa á samsetningu skipastólsins eftir stærðarflokkum á árunum 1961 til 1966, og er þá fiskiskipunum skipt í eftirfarandi stærðarflokka, er varða athuganir n.: Bátar undir 12 rúml., skip 12-49 rúml., skip 50-99 rúml., skip 100-149 rúml., skip 150-299 rúml., skip 300-499 rúml. og skip 500-749 rúml. Einnig hefur n. kannað innflutning skipa frá 1960 og skrá um skip í smíðum 1. jan. 1967. N. samdi fyrirspurnir, sem voru sendar öllum meðlimum Landssambands ísl. útvegsmanna, samtals 350-360 aðilum. Voru útvegsmenn beðnir að svara eftirfarandi spurningum: Í fyrsta lagi, hvaða gerð og stærð af fiskiskipi teljið þér hagkvæma fyrir yðar útgerð? Nefnið rök fyrir ástæðunni, gerð t.d. hliðartogskip, skuttogskip, 2 dekk, stærð í rúmlestum og/eða lengd og breidd. Í öðru lagi, til hvaða veiða er skipið ætlað, snurpunótaveiða, togveiða, línuveiða, netaveiða, dragnótaveiða? Ef um fleiri en eina veiðiaðferð er að ræða, þá merkið við það, sem við á. Í þriðja lagi, hvaða ganghraða skipsins teljið þér nauðsynlegan? Í fjórða lagi, hafið þér í hyggju að smíða fiskiskip á næstu 2-3 árum? Og í fimmta lagi aðrar upplýsingar, sem þér teljið máli skipta, svo sem um búnað, tæki, rafkerfi o.s.frv. Alls bárust n. 63 svör frá útvegsmönnum, og hefur verið unnið að flokkun þeirra og gerð heildaryfirlits.

Athuganir n. hafa einkum beinzt að samtals 5 stærðum fiskiskipa, enda telur n. að engin ein stærð eða gerð fiskiskips sé fullnægjandi við allar aðstæður. Stærðir þær, sem n. hefur kannað, eru sem hér segir: Í fyrsta lagi fiskiskip 35-45 rúml., sem gætu stundað veiðar með línu, netum, botnvörpu, dragnót og humartrolli á heimamiðum. Í öðru lagi fiskiskip 80-120 rúml., sem gætu stundað veiðar með línu, netum og botnvörpu, bæði á heimamiðum og fjarlægari miðum, t.d. við Grænland, og einnig stundað síldveiðar með góðum árangri, ef fjarlægð miða er ekki óhæfilega mikil. Í fjórða lagi fiskiskip 350-400 rúml., sem gætu stundað síldveiðar jafnvel á fjarlægum miðum með viðunandi árangri ásamt bolfiskveiðum með línu, netum og botnvörpu bæði á heimamiðum og fjarlægari miðum. Í fimmta lagi fiskiskip 500-700 rúml., sem fyrst og fremst væru hugsuð til að stunda síldveiðar og bolfiskveiðar á fjarlægari miðum og hefðu aðstöðu til að verka afla um borð, en gætu jafnframt stundað veiðar á heimamiðum. N. telur það ekki í verkahring sínum að athuga fiskiskip, sem eingöngu eru ætluð til veiða með botnvörpu, enda vinnur sérstök n. að því verkefni. Á vegum n. hafa verið samin drög að smíðalýsingum fyrir 4 stærðarflokka fiskiskipa, sem hafa verið rædd á fundum n.

Í fyrrgreindu bréfi iðnmrh., dags. 12. júlí 1967 segir orðrétt:

„Að fenginni niðurstöðu þessa atriðis, það er tillaga um hentugasta gerð ísl. fiskiskips við núverandi aðstæður, mundi tekið til frekari athugunar með hvaða ráðum mætti skapa skipasmíðastöðvunum verkefni á þessum grundvelli á næstunni, samhliða öðrum ráðstöfunum, sem stefna mundu að sama marki."

Með tilvísun til þessa hafa fulltrúar Landssambands skipasmíðastöðva í n. lagt áherzlu á, að störfum hennar væri hraðað eftir því sem kostur er, enda brýnt, að verkefni innlendra skipasmíðastöðva verði aukin sem allra fyrst. Nm. er jafnframt ljóst, að fjöldamörg sérstök vandamál í þessu sambandi eru ekki nægjanlega könnuð enn sem komið er og fyrirsjáanlegt, að athugun þeirra tekur langan tíma og mun kosta einhver útgjöld. Á þetta einkum við um fjölda bilfara í stærri fiskiskipum, fyrirkomulag í vélarúmi, afkastagetu og gerð rafkerfis, fyrirkomulag í fiskilestum, varðveizlu aflans um borð og flutning til lands, hagkvæma stærð fiskilesta, úthaldstíma og stærð geyma fyrir brennsluolíu og vatn. Einnig þarf að kanna sérstaklega, hverjir eru taldir vera helztu gallar að áliti skipstjórnarmanna og vélstjóra á núverandi búnaði fiskiskipa. Þegar framangreind atriði liggja ljósar fyrir, er tímabært að láta gera nákvæma smíðalýsingu og teikningar samfara annarri undirbúningsvinnu að hentugu skipi til að smíða í flokkum. Nm. eru því allir sammála um, að verkefni það, sem þeim var falið að leysa, sé svo viðamikið og tímafrekt, að fyrirsjáanlega sé ekki hægt að leysa það á þeim tíma, sem fulltrúar Landssambands ísl. skipasmíðastöðva í n. telja nauðsynlegan til að forða stöðvunum frá rekstrarstöðvun sökum verkefnaskorts, og telja þeir því nauðsynlegt, að sérstakar ráðstafanir séu gerðar til að útvega stöðvunum verkefni til bráðabirgða unz endanlegar till. n. liggja fyrir. N. er sammála um að halda áfram störfum og beita sér fyrir rækilegum athugunum á þeim atriðum, sem um getur hér að framan, enda takist að útvega fé til að kosta þessar athuganir og þeim verði hraðað eftir mætti."

Síðan skrifa þessir 7 aðilar, sem áður hafa verið nefndir, undir þetta nál., sem dags. er 16. okt. s. l. í Reykjavík. Það, sem þessi þáltill. fjallar um, er að álykta að fela ríkisstj. að láta fara fram nákvæma rannsókn á því, hvort ekki sé hagkvæmt að láta staðla veiði-

skip landsmanna í ákveðnar stærðir og gerðir, eins og þar stendur, svo að þau verði ódýrari í smíðum fyrir innlendar skipasmíðastöðvar. Að þessu hefur sem sé verið unnið, og ég þykist mega búast við því, að það sé ekki langt undan, að þessi n., sem skipuð er ágætum og sérfróðum mönnum, skili endanlega sínu nál. Að öðru leyti hefur, eins og kunnugt er, ríkisstj. átt hlut að máli um að skapa verkefni fyrir skipasmíðastöðvarnar, eins og síðari hluti till. víkur að. M.a. hafa verið athugaðir möguleikarnir á því að gera bilið stærra í sambandi við lánveitingar til þeirra, sem láta smíða skip hér innanlands, og hinna, sem láta smíða skip fyrir sig erlendis. Mig minnir, að það hafi verið 4. jan. s.l., að ríkisstj. ályktaði um það, að hún mundi hlutast til um að útvega allt að 10% til viðbótar þessum venjulegu 75% lánum Fiskveiðasjóðs að minnsta kosti í bili og til þess þannig að skapa verkefni, sem trauðla væru annars fyrir hendi. Þeir aðilar, sem vildu láta smíða skip innanlands, gætu með þessum hætti fengið allt að 85% af stofnkostnaði skipsins.

Á hitt er svo að líta, að það hefur verið rýrnandi og takmörkuð eftirspurn eftir smíði fiskiskipa og ekki aðeins hér innanlands heldur einnig fiskiskipa, sem smíðuð væru erlendis. Samkv. upplýsingum, sem ég hef nýlega fengið, eru fiskiskip, sem nú eru í smíðum erlendis og um var samið á fyrri hluta ársins 1967, að fenginni viðurkenningu Fiskveiðasjóðs Íslands, aðeins 5 talsins, og enn segir þar, að auk þeirra fiskiskipa, sem nú eru í smíðum, var árið 1967 fengin viðurkenning Fiskveiðasjóðs Íslands á 2 öðrum fiskveiðiskipum, er komu til landsins sama ár. Þetta er auðvitað gífurlega mikil breyting frá því, sem var á undanförnum árum, þegar uppgangur útvegsins var meiri. Þá voru kannske keypt erlendis frá 20-30 eða milli 30-40 skip. En það er eðlilegt eins og nú standa sakir, að eftirspurnin hafi minnkað eftir skipakaupum ekkert síður erlendis en innanlands, og það hefur verið stuðlað að því að reyna að gera mönnum auðveldara að láta smíða fyrir sig skip hér innanlands, m.a. til þess að skapa með þeim hætti frekari verkefni fyrir íslenzku skipasmíðastöðvarnar.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni. Þessi mál hafa verið nokkuð rædd, en ég vildi aðeins á þessum vettvangi koma því á framfæri, þannig að hv. þm. væri það ljóst, að að þessu máli hefur að undanförnu verið unnið og sérstök n., eins og ég hef áður gert grein fyrir, skipuð sérfræðingum og kunnáttumönnum á þessu sviði hefur verið vinnandi að því að athuga möguleikana á stöðlun fiskiskipa. Og það er enginn vafi á því, að það er réttilega á það litið hjá flm. þessa máls, að með því móti ætti bæði í senn það að nást, að hér sköpuðust kannske frekar verkefni en ella, og einnig hitt, að fiskiskipin yrðu ódýrari í smíðum með þessum hætti en ella mundi vera.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 48. og 50. fundi í Sþ., 5. og 10. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 17. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 52, n. 499).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þessa þáltill., sem hér liggur fyrir á þskj. 52, hefur allshn. haft til athugunar og leitað umsagnar um hæði hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Landssambandi ísl. iðnaðarmanna, enn fremur hjá skipaskoðunarstjóra og Fiskveiðasjóði Íslands. Allshn. var sammála um, að mæla með því, að till. yrði samþ. óbreytt að öðru leyti en því, að felld yrði niður síðasta mgr. upprunalegu till.

Á s.l. ári skipaði ríkisstj. n., þar sem í voru fulltrúar frá skipasmíðastöðvum, útgerð svo og tæknideild Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóði, og skyldi hlutverk n. vera að vinna að tillögugerð um sem hentugasta gerð íslenzks fiskiskips við núverandi aðstæður. Hafa athuganir þessarar n. einkum beinzt að því að gera till. um stöðlun fiskiskipa, hvað snertir stærð og útbúnað til veiða. Í skipunarbréfi n. er enn fremur sagt, að þegar n. hefði lokið þessu verkefni, muni tekið til frekari athugunar með hvaða ráðum mætti skapa skipasmíðastöðvum verkefni á þessum grundvelli á næstunni samhliða öðrum ráðstöfunum, sem stefna mundu að sama marki. Af þessu virðist ljóst, að verið er að vinna að því verkefni, sem till. fjallar um, og segja má, að með samþykkt þessarar till. — en allshn. leggur til, að hún sé samþykkt — sé Alþ. að samþykkja viljayfirlýsingu um, að unnið sé að þessu, sem till. fjallar um og þegar er gert með stofnun þeirrar n., sem ég gat um.

ATKVGR.

Brtt. 499 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 637).

---

10. Undirbúningur þess að gera akfært umhverfis landið.

Á 10. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um undirbúning þess að gera akfært umhverfis landið [47. mál] (A. 49).

Á 12. fundi í Sþ., 15. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 14., 18., 22., 28. og 30. fundi í Sþ., 22. nóv., 6. og 13. des. og 24. og 26. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Sþ., 30. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þessi þáltill. er flutt af 11 alþm. úr öllum þingflokkum, og í þeim hópi eru einnig allir þm. Austurl.

Það er skylt að geta þess, að sumir af þessum hv. alþm., sem eru flm. þáltill., hafa áður hér á hv. Alþ. hreyft þessu máli, sem þáltill. fjallar um, sem sé að athuga möguleika á því að ljúka akvegi umhverfis landið með því að brúa stórárnar á Skeiðarársandi. Ég rek ekki sögu þessa máls hér á Alþ., en ég tel mér skylt að geta þess greinilega, að sumir af þeim flm., sem hlut eiga að máli nú, hafa áður hreyft þessu máli, svo að þetta er ekki í fyrsta sinn, sem það kemur hér til skoðunar. En ég hygg, að það hafi aldrei áður jafnmargir sameinazt um að hreyfa málinu og nú, og aldrei áður hafa þm. úr öllum stjórnmálaflokkum sameinazt um að koma málinu inn á hv. Alþ. En þetta á vitanlega rætur sínar í því, að hér er um óvenjulega stórfellt þjóðmál að ræða, sem á ekki að þurfa að vera flokkamál og heldur ekki sérmál neins sérstaks landshluta, fullyrði ég, því ég tel, að þetta málefni snerti svo alla landsmenn, að það sé ekki hægt að kalla það annað en mál allrar þjóðarinnar í fyllstu merkingu þeirra orða, því að vafalaust er enga eina framkvæmd hægt að gera á Íslandi, sem mundi breyta jafnmikið lífi allrar þjóðarinnar í landinu og það að gera akfært umhverfis landið.

Efni þáltill. er, að Alþ. álykti að skora á samgmrh. að láta gera áætlun um vega- og brúargerðir á Skeiðarársandi, sem tengi hringleið um landið, og á hvern hátt megi afla fjár til að framkvæma verkið. Áætlun þessari skal hraðað eftir föngum, svo að hafa megi hana til afnota við gerð næstu vegáætlunar.

Nú vil ég taka það skýrt fram, að þessi þáltill. er ekki flutt til þess að gefa í skyn, að hæstv. samgmrh. skorti áhuga á þessu máli og þess vegna þurfi að skora á hann, né heldur af því, að með henni sé verið að gefa í skyn, að nokkuð hafi verið vanrækt af því, sem með skynsamlegu móti hefði verið hægt að gera fram að þessu. Þetta tek ég alveg skýrt og greinilega fram.

Ástæðan til þess, að við hreyfum þessu máli hér á hv. Alþ. í þessu formi nú, er hreinlega sú, að við teljum, að hér sé um slíkt stórmál að ræða, að skynsamlegt sé og nauðsynlegt, að Alþ. láti í ljósi þann vilja sinn, að áætlun um þessar framkvæmdir verði hraðað og það svo, að hún gæti orðið til afnota við gerð næstu vegáætlunar, en næstu vegáætlun á að gera næsta vetur, að stefnan yrði sú, að slík áætlun yrði gerð í tæka tíð fyrir næsta haust og gæti orðið til afnota við það að semja vegáætlun fyrir næstu 4 ár. Hér er um það mikið málefni að ræða, að okkur finnst eðlilegt að Alþ. láti í ljós þennan vilja sinn til stuðnings samgmrh. og öðrum þeim, sem eftir réttri allsherjarreglu mundu vinna að undirbúningi málsins. Einkum mundum við vilja leggja áherzlu á, að tímabært væri að hraða vinnunni á þann hátt, sem þáltill. gerir ráð fyrir. Þetta mætti segja, að væri önnur aðalástæðan fyrir því, að við förum á flot eða ein af aðalástæðunum fyrir því, að við förum á flot með málið núna og þá í þessum búningi. En ég tek það greinilega fram, að við viljum halda málinu í eðlilegum farvegi, sem sé þeim, að samgmrh. hafi forystuna og vegamálastjórnin, en Alþ. styðji þessa aðila á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í ályktuninni. Þá mætti næst nefna þá ástæðu, að við teljum heppilegt, að Alþ. láti nú þegar í ljósi þá skoðun, að það muni þurfa að afla sérstaklega fjár til þess að framkvæma þetta verk og þess muni ekki að vænta, að hægt verði að taka fjármagn af hinu almenna vegafé í þessu skyni, og a.m.k. alls ekki nema þá að gengið yrði í að stórauka það fé frá því, sem nú er. Þess vegna höfum við stungið upp á því, að Alþ. styddi samgmrh. og vegamálastjórnina ekki aðeins í því að flýta áætlunum um þetta málefni, heldur léti einnig í ljós þá skoðun, að það mundi þurfa að gera sérstakar áætlanir um fjáröflun til þessa verks.

Okkur er kunnugt um, að það hafa farið fram allmiklar athuganir á þessu máli, aðstöðunni á Skeiðarársandi, á undanförnum árum á vegum vegamálastjórnarinnar, og vil ég láta í ljósi ánægju með, að því verkefni hefur verið sinnt á undanförnum árum. Það hefur verið lögð meiri og meiri vinna í það nú upp á síðkastið að kynna sér alla staðhætti, og þetta hefur verið gert með það fyrir augum að búa sig undir að taka ákvarðanir í þessu efni, þegar tímabært væri. En það má kallast tímabært nú, þegar búið er að ljúka smíði brúarinnar á Jökulsá á Breiðamerkursandi, en henni lauk s.l. sumar. Þess vegna er tímabært að búa sig undir að hefja lokasóknina í þessu máli. Og þá er það átak eftir til þess að gera akfært umhverfis landið að leggja akveg um Skeiðarársand og brúa vötnin, sem falla um sandinn, en það er talið, að með þeirri tækni, sem menn búa nú yfir, muni þetta vera mögulegt, þrátt fyrir hin miklu hlaup, sem þar verða. En þá kemur spurningin: Hvernig á að haga þessum framkvæmdum og hvað kosta þær og hvernig á að afla fjár til þeirra? Það er þetta, sem við stingum upp á, að nú verði gengið í að brjóta til mergjar á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þáltill.

Það er álit okkar flm. og vafalaust margra fleiri, að hér megi kosta miklu til, því að þetta yrði alger bylting í ferðamálum á Íslandi, og eins og ég sagði í upphafi, er það okkar skoðun, að engin ein framkvæmd geti

valdið annarri eins þjóðlífsbreytingu á Íslandi og opnun hringleiðarinnar umhverfis landið. Allt viðhorf til ferðalaga mundi gerbreytast og aðstæður batna svo, að það mætti kalla byltingu. Ísland mun verða nálega eins og annað land, ef þessu yrði komið í framkvæmd, bæði að því er snertir möguleika til þess að verða ferðamannaland fyrir annarra þjóða menn, og þetta mundi opna landið til fulls landsmönnum sjálfum að kalla mætti. Þetta snertir hvert mannsbarn í landinu, því að hver er sá, sem ekki mundi hugsa sér að hafa not af þessari framkvæmd, ef hún kæmist á?

Ferðalög innanlands mundu vaxa stórkostlega, en aukning þeirra er áreiðanlega einn hinn þýðingarmesti þáttur í þjóðarbúskapnum. Það þykir kannske einkennilegt að taka þannig til orða, en það er ekkert um það að efast, að eins og nú er háttað orðið, eru ferðalög mjög sterkur þáttur í lífi hvers manns, sem býr við sæmileg kjör, og þannig á það að verða framvegis og í vaxandi mæli. Þá er það ekki þýðingarlítið fyrir þjóðarbúskapinn, að menn hafi aðstöðu til þess að ferðast um sitt eigið land, og er ekki með því verið að amast við því þótt menn skreppi einnig til annarra landa. Það er áreiðanlegt, að í framtíðinni verða ferðalög og ferðaþjónusta sívaxandi liður í þjóðarbúskapnum. Þess vegna má kosta hér gífurlega miklu til. Það fé kemur beinlínis aftur. Hér við bætist, að þessi framkvæmd mundi gera landið enn skemmtilegra heimili fyrir þjóðina og treysta bönd lands og þjóðar.

Þetta eru í örfáum orðum meginástæðurnar fyrir því, hversu margir þm. úr öllum flokkum hafa sameinazt um að flytja þetta mál inn á hv. Alþ. Það má svo raunar líka bæta því við, að ein ástæðan er sú, að við álítum, að það þurfi að verða sem mestar umr. um þetta mál og sem víðast og þess vegna sé nauðsynlegt, að það sé ekki eingöngu fjallað um það inni á skrifstofum sérfræðinga, þó að þar verði tæknilegur undirbúningur að fara fram. Við teljum þetta mál þannig vaxið, að það þurfi að ræða það sem mest og sem víðast, menn þurfi að velta fyrir sér öllum hliðum þess, hversu þýðingarmikið þetta mál er fyrir þjóðina í heild og hve miklu megi hér til kosta miðað við allar aðstæður. Ég held, að mér sé óhætt að segja það fyrir munn okkar allra, að þetta hafi verið eitt af því, sem hvatti okkur til þess að koma með þetta mál nú inn á Alþ. í þessum búningi. Sumir segja kannske, að við hefðum getað snúið okkur til hæstv. samgmrh. og rætt málið við hann og kynnt okkur, hvað hann væri að láta gera, og lýst yfir við hann stuðningi við allan undirbúning í málinu og málið sjálft. En það töldum við ekki fullnægjandi né eðlilegt heldur hitt að koma með málið fram á sjálfu Alþ. til þess að það gæti orðið rætt hér og fengi þinglega meðferð, og um leið væri unnt að vekja athygli allrar þjóðarinnar á málinu með nokkuð sérstökum hætti.

Það ýtti einnig mjög á okkur að koma með málið í þessum búningi, og ég vil endurtaka það í lokin, að í þessu á að felast stuðningur við hæstv. samgmrh. og hans menn í vegamálastjórninni til kröftugra og skynsamlegra framkvæmda í málinu, en engin sneið um það, að þörf muni að ýta á eftir þeim. Við viljum ekki, að nokkur snefill af misskilningi komist þarna að um þetta. Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til n. að aflokinni þessari umr., en mér sýnist að það ætti að vera fjvn.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Mig langaði til þess að standa upp og lýsa stuðningi mínum við þetta þarfa mál, sem hér hefur verið reifað stuttlega, en ég hef leyft mér að leggja fram brtt. um að gera þá rannsókn, sem fara á fram, ofurlítið víðtækari en gert er ráð fyrir í sjálfri tillgr., sem sagt að bæta við athugun á því, hvort mögulegt væri að leysa þetta vandamál með flugferju yfir vatnasvæðið. Með þessu á ég við, að unnt gæti verið að láta annað hvort þyrilvængju eða svifnökkva taka við farartækjum þeim, sem kæmu að vatnasvæðinu að austan eða vestan, og flytja yfir þær torfærur, sem enn eru óbrúaðar. Ég tel rétt, að athugaður sé kostnaðurinn við þessa leið og hef þá sérstaklega í huga, að e.t.v. mætti nota þessa aðferð þangað til varanlegum brúm og vegum hefur verið komið yfir sandinn. Það, sem ég hef í huga í þessu efni er, að þarna þyrfti að vera hægt að lyfta annars vegar stærstu venjulegum fólksbílum og hins vegar nokkru hlassi af flutningavögnum. Þar væri þó sjálfur vagninn skilinn eftir, en aðeins tekinn pallurinn með þeim flutningi, sem þyrfti að koma áfram yfir svæðið. Ég hef gizkað á, að þarna þyrfti að vera hægt að flytja segjum 3-4 smál. Þetta mundi strax bæta úr töluvert brýnni þörf. Það mætti hugsa sér, að þeir, sem kæmu þarna akandi í eigin vögnum, ækju inn í eins konar gagnsætt búr, þannig að farþegar nytu útsýnisins yfir jökulinn og sjóinn meðan þeir væru á ferðalaginu. Þetta held ég, að yrði nýlunda í flutningamálum, sem gæti dregið marga menn að þessari leið yfir sumarmánuðina.

Á þessu stigi málsins eru það aðeins tilmæli mín, að n. sú, sem kemur til með að fjalla um málið, líti jafnframt á brtt. mína, og ég vonast til þess, að athugun á þessari hlið málsins megi einnig fara fram, þegar málið verður tekið til þeirrar athugunar, sem þáltill. gerir ráð fyrir.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. 1. flm. þessarar till. sagði hér áðan, að þetta væri mikilsvert mál, sem mun áreiðanlega hafa almenningsfylgi í landinu. Og það má segja, að þegar langt er komið að brúa vatnsföllin sitt hvorum megin við Skeiðará, hafi landsmenn færzt nær því marki að fá hringveg en menn hafði dreymt um fyrir nokkrum árum eða áratugum. Það

er því engin spurning um það, að þessi hringvegur kemur. Skeiðará mun verða brúuð. Þetta mun verða gert akfært. Spurningin er hins vegar um það, hvenær þetta verður gert kostnaðarins vegna og af tæknilegum ástæðum.

Nú ber verkfræðingum saman um það yfirleitt, að þetta sé vel mögulegt að gera, en þeim ber ekki saman um, hversu kostnaðurinn muni verða mikill, einfaldlega vegna þess, að þeir hafa ekki enn komið sér niður á það, hvernig hagkvæmast muni vera að leysa málið.

Það er rétt, sem hér var minnzt á áðan, að á undanförnum árum hefur farið fram talsverð athugun á þessum málum, og sérstaklega síðan 1964 hefur verið fylgzt með jökulhlaupum í ánni og ýmsar athuganir gerðar til undirbúnings þessu máli, og um þetta hef ég iðulega rætt við vegamálastjóra og fleiri verkfræðinga hjá vegagerðinni. Og á s.l. hausti, ég held, að það hafi verið í septembermánuði, skrifaði ég vegamálastjóra bréf til frekari áréttingar á þessu, þar sem lagt var fyrir hann að hraða athugunum og undirbúningi á þessu máli, eftir því, sem mögulegt væri, til þess að það gæti legið sem fyrst fyrir, á hvern hátt væri heppilegast að leysa þetta mál, sem vænta mætti, að flestir eða allir þm. mundu vilja sameinast um og landsmenn allir vilja, að kæmist í framkvæmd sem fyrst. Vegamálastjóri tók við þessu bréfi, en ég man, að hann sagði: Það tekur áreiðanlega nokkurn tíma að athuga þetta, og það tekur meiri tíma en eitt ár, man ég, að hann sagði. Ég veit ekki, hvort hægt er að ljúka því á tveimur árum, sagði hann, eða hvort það tekur 3 ár. En þetta tekur ekki stuttan tíma, og í tilefni af því, að í þál. er gert ráð fyrir, að athuguninni verði lokið, þegar næsta vegáætlun verður gerð, vil ég aðeins vekja athygli á þessu, að sá maður, vegamálastjóri, sem á að stjórna athugunum á þessu og sem hefur fyrirmæli um að flýta því eins og mögulegt er, telur að þetta sé of skammur tími og hann hefur sagt það í minni áheyrn, eftir að þessi till. var komin fram. En ég get huggað hv. 1. flm. og aðra flm. að þessari till. og alla alþm. með því, að það verður ekkert dregið af með það að hraða athugunum í þessu máli.

Það verður að flýta sér mátulega í athugununum. Það verður að gera sér grein fyrir því, á hvern hátt sé heppilegast að leysa málin. Hér eru margar kvíslar, sem verður að brúa, og það er vitað, að áin breytir sér og getur breytt sér. Hvað er til ráða til þess að fyrirbyggja það, að vatnsflaumurinn fari utan við brýrnar og að hlaupinu loknu standi brýrnar á þurru? Þetta er vandinn, og það verður að finna ráð til þess að leysa vandann. Það ráð verður ekki fyrir hendi nema það fari fram ýtarlegar rannsóknir og athuganir þeirra manna, sem bezt verður til þess trúað. Ég tel, að þetta þurfi að koma hér fram, og ég er hræddur um það, að við getum ekki, þegar næsta vegáætlun verður samin, væntanlega næsta haust eða næsta vetur, haft fyrir okkur áætlanir í þessu máli, sem við getum byggt nægilega mikið á, því miður.

Það má segja, að til viðbótar því, sem lagt hefur verið fyrir vegamálastjóra að framkvæma, sé í þessari till. áskorun um fengna leið til fjáröflunar. Það er sem sagt algerlega ógert, enda þótt kannske hugurinn hafi eitthvað reikað í þá átt, hvernig það mætti verða. Það er bezt að viðurkenna það, að það er alveg óleyst mál, og ég er ekki í dag tilbúinn til þess að benda á það, með hverjum hætti það megi verða, en það held ég, að við hljótum allir að verða sammála um, að það verður að afla sérstaklega fjár í þessu skyni til viðbótar því, sem fer til venjulegra framkvæmda á vegum vegasjóðs, það er enginn vafi, það þarf að gera. En ég geri ráð fyrir því, að áður en menn telja tímabært að gera beinar till. til fjáröflunar, verði talið eðlilegt, að það liggi fyrir áætlun um kostnað, enda þótt við vitum í dag, að kostnaðurinn hlýtur að verða mikill, áreiðanlega margir tugir millj. Ég geri ráð fyrir því, að mönnum finnist eðlilegt, að það liggi fyrir heildaráætlun um gerð verksins og kostnað áður en farið er að gera till. um fjáröflunina.

Í rauninni hef ég ekki meira um þetta að segja á þessu stigi málsins. Þetta er stórmál, sem vissulega væri gaman að kæmist í framkvæmd sem allra fyrst. Það hefur þjóðhagslega þýðingu að tengja landshlutana saman, og vissulega er það hollara fyrir ýmsa, sem fara í ferðalög og láta það eftir sér að kynna sér fyrst sitt eigið land, fegurð þess og tilbreytni, frekar en að eyða mestu af sínum frítíma erlendis, og eyða þannig erlendum gjaldeyri að óþörfu.

Í sambandi við þá brtt., sem hér hefur verið flutt, vil ég segja það, að ég tel sjálfsagt, að hún verði samþ. og að athugun fari fram á því, sem í henni felst, enda þótt ég búist ekki við því, að það verði talin nægileg lausn á þessu máli að framkvæma það, sem ætlazt er til með henni, auk þess sem þessi farartæki eru ákaflega dýr í rekstri. En það er bezt að fullyrða ekkert um þetta fyrr en athugun hefur farið fram. Það mætti segja, að í 2 ár eða svo eða í 3 ár, á meðan verið er að vinna að því, sem á að koma, mætti leysa eitthvað með þessu, ef það kostar ekki allt of mikið, en athugun ætti að leiða það í ljós.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir undirtektir hans í þessu máli. Ég ætla aðeins að segja örfáar setningar í tilefni af því, sem hefur komið fram.

Ég vil leggja áherzlu á, að þessi þáltill. okkar fjallar um athugun á því að gera akfært umhverfis landið, þ.e.a.s. vegi og brýr, og þetta er vitanlega miðað við það að tengja saman þjóðvegakerfið, þannig að menn geti farið hindrunarlaust ferða sinna á venjuleg-

an hátt. Þess vegna mundi það ekki geta leyst þetta mál, þótt sett yrði upp loftferja eða einhvers konar ferja á þessari leið. Það mundi ekki geta leyst það, sem fyrir okkur vakir, en það er að gera akfært umhverfis landið, þannig að menn geti haldið ferð sinni áfram hringleiðina, hindrunarlaust á venjulegan hátt.

Ég vil fagna því, að hæstv. ráðh. tók undir þá meginstefnu, sem er í ályktuninni. Hann sagði: „Skeiðará verður brúuð, og hringvegurinn kemur". Það er þetta, sem er aðalatriðið, Skeiðará og hinar árnar á sandinum verða alveg vafalaust brúaðar, og hringvegurinn kemur, það er meginstefna ályktunarinnar.

Ég get ekki lýst neinu yfir fyrir hönd flm. varðandi brtt. þá, sem hefur komið fram frá hv. 4. þm. Reykn., en ég legg aðeins áherzlu á, að ef farið yrði inn á þá leið að hafa þarna ferju, yrði þar eingöngu um bráðabirgðalausn að ræða, og þá vegna þess, að menn gæfu það upp á bátinn að leggja þarna eðlilega og venjulega leið. Gæfu það upp á bátinn í bili, t.d. ef menn teldu, að það þyrfti að dragast svo lengi, að gera yrði bráðabirgðaráðstafinir, eða gæfu það alveg upp á bátinn, sem ég hef enga trú á, að komi nokkru sinni til mála, því ég álít, að Skeiðará muni einmitt verða brúuð og þessi vötn öll og hringvegurinn komi. En þetta atriði um ferjuna, sem hv. þm. hefur skotið fram og hann ympraði á sem bráðabirgðalausn, verður að sjálfsögðu athugað af þeirri n., sem fær málið til meðferðar og íhugað, hvort það ætti að fylgja með að skoða það einnig. En það er náttúrlega alveg annars eðlis en það, sem þáltill. gerir ráð fyrir. En þetta verður vonandi allt athugað hleypidómalaust af nefnd.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Eins og hv. 1. flm. þessarar till. sagði í sinni framsöguræðu, hafa komið fram hugmyndir um akfæra leið á þeim slóðum, þar sem nú er í þessari till. gert ráð fyrir, að reistar verði brýr og vegur, þ.e.a.s. um Skeiðarársandssvæðið, löngu fyrr en þessi till. kemur fram í hinum gömlu vegalögum, sem nú eru reyndar afnumin með tilkomu hinna nýjustu vegalaga, sem nú eru í gildi. Var sagt, að Suðurlandsvegur skyldi ná frá Reykjavík austur á Höfn í Hornafirði. Það sjá auðvitað allir menn, að við setningu þeirra l. hefur sú hugmynd verið býsna ofarlega í hugum manna, að á þessu svæði hlyti fyrr eða síðar að koma akfær leið. Á hinum síðari árum hefur sífellt tognað úr þeirri leið, sem akfær er á þessu svæði, raunar bæði frá austri og vestri, og þegar fyrir um það bil 5 árum var sýnilegt, að að fáum árum liðnum mundi ekki vera eftir á þessari leið óakfært meira en kaflinn úr Öræfum að Núpsstað við Lómagnúp. En það mun vera um það bil 40 km langur kafli. Leiðin öll frá Reykjavík austur á Hornafjörð er hins vegar tæpir 500 km. Nú er reyndar svo komið, eða sjá má fram á, að þegar á næsta sumri verður ekki stærri kafli ófær af þessari leið en einmitt um 40 km, og það er einmitt þessi kafli, sem einan vantar í, svo að hringleiðin um Ísland sé gerð akfær. Það liggur þess vegna í augum uppi, að það er miklu til þess kostandi að opna þessa leið.

Máske hef ég verið heldur fljóthuga í þessu máli, þegar ég fyrir 5 árum síðan lagði hér fram ásamt hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefssyni, till. um það, að þessi leið yrði gerð akfær þá á allra næstu árum. Hugleiddar voru tvær meginhugmyndir, en þær eru og hafa reyndar alltaf verið með þeim hætti, að vegna jökulhlaupa, sem öðru hvoru koma á þessu svæði, en virðast greinilega fara minnkandi hin síðari árin, kemur til mála að brúa vatnsföllin á þessari leið með tiltölulega ódýrum staurabrúm, sem þá mætti reikna með, að í jökulhlaupum flytu burt eða þær gætu lent uppi á þurru, eins og hæstv. samgmrh. drap hér réttilega á í sinni ræðu. Þá er og hitt, að það er komið svo nálægt með það vegna tækniframfara á hinum síðustu árum, að hugsanlegt sé að brúa þetta varanlega, þannig að brúrnar standi af sér jökulhlaupin og vegirnir þá væntanlega líka, nema máske mundu jökulhlaup brjóta í vegina einhver skörð. Þessar tvær hugmyndir koma auðvitað báðar til greina, þegar hugleitt er, hvernig eigi að gera þetta og hve mikið fé muni kosta að gera það.

Nú er hins vegar komin svo almenn hreyfing um málið, að það er ekki hægt að láta hjá líða með það öllu lengur að gera raunhæfar áætlanir og efna til framkvæmda, sem miða að því að opna þessa leið. Maður sér það t.d. á þeim till.-flutningi, sem hér er fram kominn. Hann er að því leyti óvenjulegur, að hér hafa þm. úr öllum flokkum sameinazt um mál, sem greinilega verður ekki framkvæmt ríkissjóði að kostnaðarlausu.

Þá er komið að því, hvernig eigi að afla fjár til þessarar framkvæmdar. Það er eins og hæstv. ráðh. drap á, að ýmsir munu nú hafa leitt hugann að því, hvaða leiðir væru þar færar, og ég vil þegar koma hér á framfæri hugmynd, sem í mínum huga er mjög ofarlega í þessu máli. Það er eins og ráðh. réttilega sagði, að hér þarf til milljónir og milljónatugi. Í fjárlögum yfirstandandi árs eru ætlaðar 34½ millj. kr. með vissum hætti til vegamála, enda þótt á fjárlögum sé sú upphæð færð undir dóms- og kirkjumrn., það er kostnaður ríkissjóðs af þeirri breytingu að flytja umferðina af hinum vinstra vegarkanti yfir á hægri kant. Þessi fjárveiting hefur þann kost í för með sér, að hún er ekki eilíf, henni verður væntanlega lokið á þessu yfirstandandi ári. Það hefur lengi þótt siður stjórnvalda að afnema aldrei þau útgjöld, sem lögð hafa verið á einu sinni, og ekki þætti mér fráleitt að hugsa mér það, að þessi útgjöld yrðu fastur liður í útgjöldum ríkissjóðs á næstunni, að minnsta kosti meðan ekki er kominn hringvegur um Ísland.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 52. fundi í Sþ., 17. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 49, n. 619, 241).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til athugunar till. til þál. á þskj. nr. 49 um undirbúning þess að gera akfært umhverfis landið.

Eins og fram kemur í áliti n., leitaði hún umsagnar vegamálastjóra um till., og þann 27. marz s.l. barst svo n. ýtarleg grg. um málið frá vegamálastjóra, og er álitsgerðin í heild prentuð sem fskj. með nál.

Í umsögn vegamálastjóra kemur það fram, að enda þótt sjálfsagt sé að hraða þeim athugunum, sem hér um ræðir, eftir föngum, þá telur hann með öllu óhugsandi, að hægt sé að framkvæma þær nauðsynlegu rannsóknir og mælingar, sem hér er lagt til, að gerðar verði, á einu sumri, þannig að niðurstöður geti legið fyrir á komandi hausti og þá hafðar til hliðsjónar, þegar vegáætlunin fyrir árin 1969-1972 verður afgreidd. Þessa skoðun sína rökstyður vegamálastjóri nokkuð nánar í umsögn sinni. Skýrir hann þar fyrst, hve umfangsmikið verkefni hér sé um að ræða, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skeiðarársandur nær frá Lómagnúp að vestan og að Skaftafellsheiði að austan, og er hann tæpir 30 km á breidd. Um sandinn falla 4 stórfljót, og eru þau, talin að vestan, Núpsvötn, Súla, Sandgígjukvísl og Skeiðará.

Í Súlu koma jökulhlaup úr Grænalóni uppi í Vatnajökli. Þessi hlaup falla yfir í Núpsvötn, er niður á sandinn kemur, og mynda þar einn samfelldan flaum. Talið er, að þessi hlaup geti numið 6—8 þús. teningsmetrum á sekúndu, eða 15—20-földu meðalrennsli Þjórsár, svo dæmi sé tekið. Á miðjum sandi fellur fram Sandgígjukvísl, og er hún eina vatnsfallið á Skeiðarársandi, sem fellur í nokkuð ákveðnum farvegi. Í hana koma hlaup jafnhliða Skeiðará, og er talið, að vatnsmagn í þeim geti numið 4—5 þús. teningsmetrum á sekúndu. Austast fellur svo sjálf Skeiðará, og flæmist hún yfir breitt svæði á sandinum, er neðar dregur. Hlaup í hana og Sandgígjukvísl koma úr Grímsvötnum, og hafa þau á undanförnum áratugum komið nokkuð reglulega á fjögurra til fimm ára fresti. Hlaup þessi hafa farið minnkandi hin síðari ár, og er þá talið, að þau hafi numið 6—8 þús. teningsmetrum á sekúndu. Áður voru meðalhlaup talin mun meiri eða 10—12 þús. teningsmetrar á sekúndu, en stórkostlegri hlaup hafa þó komið í Skeiðará í sambandi við gos í Grímsvötnum, og var talið, að í seinasta gosi þar árið 1934, hafi hlaupið í hámarki numið 40—50 þús. teningsmetrum á sekúndu.

Mjög lítið er vitað um venjulegt sumarrennsli í ánum á Skeiðarársandi, en víst er, að það mun aðeins vera lítið brot af því vatnsmagni, sem berst fram í jökulhlaupunum. Það verða því jökulhlaupin, sem ákvarða stærð þeirra mannvirkja, sem byggja þarf. Ef tengja á hringleið um landið með lagningu vegar yfir Skeiðarársand, þá er ljóst að byggja verður brýr á vatnsföllin á sandinum það stórar, að þær taki öll venjuleg jökulhlaup eins og þau hafa verið hin síðari ár. Hins vegar er þess ekki að vænta, að unnt verði að byggja brýrnar þannig, að þær taki hlaup á borð við það, sem kom árið 1934 jafnhliða gosinu í Grímsvötnum."

Þessu næst er vikið að því að upplýsa um þær athuganir, sem gerðar hafa verið til þessa, en þar kemur fram, að vegagerðin hefur þegar fyrir 4 árum hafið athuganir sínar og rannsóknir á þessu vandamáli. En um þetta segir svo:

„Þó mikill fróðleikur sé til um jökulhlaup á Skeiðarársandi úr Grænalóni og Grímsvötnum á undanförnum öldum, þá er þó fæst af því þess eðlis, að í tölum verði talið, er nota megi við hönnun mannvirkja. Engar nákvæmar mælingar eru t.d. til um stærð hlaupanna eða dreifingu þeirra um sandinn. Tölur þær, sem nefndar eru að framan, eru að mestu leyti ágizkanir jarðfræðinga og jöklafræðinga, sem byggðar eru á rúmmáli þeirra lóna, sem tæmzt hafa, og lengd hlaupanna. Þá er lítið vitað um það ísmagn, sem berst fram með hlaupunum, hve stór ísinn er, og þó sérstaklega, hve langt hann dreifist fram á sandinn.

Árið 1964 gerðu verkfræðingar vegagerðarinnar fyrstu frummælingar á Skeiðarársandi til þess að glöggva sig á stærð hlaups, sem væntanlegt var árið eftir. Sumarið 1965 voru teknar loftmyndir af sandinum seint í ágústmánuði. Skeiðarárhlaup kom síðan í sept., og fylgdust verkfræðingar vegagerðarinnar með hlaupinu, mældu dreifingu þess og jakaburð. Meðan hlaupið var í hámarki voru einnig teknar loftmyndir af sandinum til samanburðar við loftmyndir þær, sem teknar höfðu verið í mánuðinum á undan. Niðurstöður þessara athugana voru á þá lund, að vatnsmagnið í þessu hlaupi hefði verið 6-8 þús. teningsmetrar á sekúndu. Í nóvembermánuði sama ár kom hlaup í Súlu úr Grænalóni, en þá vildi svo óheppilega til, að svartaþoka var og því ógerlegt að fylgjast með hlaupinu.

S. l. haust fór Vegagerð ríkisins fram á það við dr. Sigurð Þórarinsson jarðfræðing, að hann tæki saman eins ýtarlega lýsingu og tök væru á um öll jökulhlaup úr Grímsvötnum og Grænalóni frá því, að sögur hófust. Einnig var farið fram á það við hann, að hann semdi grg. um þær breytingar, sem orðið hafa á Skeiðarárjökli samfara hlaupunum. Er þess að vænta, að skýrsla dr. Sigurðar geti legið fyrir á þessu ári."

Um það verkefni, sem nú bíður úrlausnar og leysa þarf, segir hins vegar svo í áliti vegamálastjóra:

„Svo sem að framan greinir, þá hafa þær athuganir, sem gerðar hafa verið á Skeiðarársandi til þessa, eingöngu verið miðaðar við að fá fram upplýsingar um hegðun jökulhlaupanna og þá sérstaklega jökulhlaupsins í Skeiðará árið 1965. Var þetta gert með það í huga, að í lok yfirstandandi vegáætlunar á þessu ári yrði sæmilega bílfært að Skeiðarársandi beggja vegna, og mundi þá verða knúið á með athugun á því, hvort tiltækilegt væri að leggja akveg um Skeiðarársand með viðráðanlegum kostnaði, svo sem nú er gert með ofangreindri till. til þál. Hefur kostnaður við þessar athuganir verið mjög hóflegur og hann verið greiddur af fjárveitingum til verkfræðilegs undirbúnings framkvæmda. Hins vegar mun rannsókn sú, sem þáltill. gerir ráð fyrir, verða mjög kostnaðarsöm, því þá verður að rannsaka allt, er viðvíkur hugsanlegri gerð mannvirkja, er staðizt gætu venjuleg jökulhlaup.

Hver endanlegur kostnaður við slíka rannsókn getur orðið, er ekki unnt að segja fyrr en hún er nokkuð á veg komin. Eru í eftirfarandi áætlun talin upp fyrstu verkefnin, sem leysa þarf í þessu sambandi og hefja mætti þegar á þessu ári, ef fé væri fyrir hendi. Koma þar fyrst mælingar, kortagerð og verkfræðikostnaður, 600 þús. kr., botnrannsóknir, 500 þús. kr., vatnsmælingar, 600 þús. kr. eða samtals 1 millj. og 700 þús. kr. Í mælinga- og kortagerðarkostnaði er gert ráð fyrir, að gerð verði kort af stórum svæðum við Skeiðará, Sandgígjukvísl, Núpsvötn og Súlu. Þá er áformað, að gerðar verði rannsóknir á burðarþoli botnsins við Skeiðará, Sandgígjukvísl, Núpsvötn og Súlu, með því að reka niður 15-20 staura á mismunandi stöðum í farveg ánna. Er þess vænzt, að með því móti fáist upplýst, hvert burðarþol botnsins er með tilliti til brúargerðar. Væri mjög heppilegt að geta lokið þessum rannsóknum í sumar, því brúarvinnuflokkur verður í Öræfasveit í ár við byggingu brúar á Hrútá í Öræfum og Fellsá. Gæti vinnuflokkur þessi gert botnrannsóknirnar á leið úr Öræfum vestur yfir sandinn. Þá hefur í samráði við vatnamælingadeild orkumálastjóra verið gerð áætlun um að koma upp sjálfritandi vatnsmælum í ám beggja vegna Skeiðarársands og í Sandgígjukvísl, en ekki er talið tiltækilegt að koma upp slíkum sjálfritandi vatnsmælum í Skeiðará, Núpsvötnum eða Súlu, sökum þess hve ár þessar renna á við og dreif. Í þeim yrðu í stað þess gerðar þversniðsmælingar nokkrum sinnum. Yrði það fyrsta skrefið til þess að fá nákvæmar mælingar af næstu jökulhlaupum á Skeiðarársandi.

Það mun fara nokkuð eftir niðurstöðum þessara rannsókna, hvernig rannsóknum verður hagað árið eftir. Líkur eru taldar á því, að næsta hlaup í Skeiðará komi árið 1970, og telur dr. Sigurður Þórarinsson, að þegar mælingar hafa verið gerðar í Grímsvötnum á vori komanda, muni mega segja fyrir um það atriði með nokkurri vissu. Fyrir það hlaup er alveg nauðsynlegt að geta byggt hluta af varnargarði eða varnargörðum af mismunandi gerðum til þess að fá úr því skorið, hvaða gerð varnargarða muni geta staðizt jökulhlaup í Skeiðará. Að fenginni reynslu af slíku hlaupi er líklegt að gera mætti sér nokkuð raunhæfa grein fyrir því, hvaða gerð varnargarða og brúa kæmi til greina við lagningu vegar yfir Skeiðarársand."

Af þessu, sem ég hef nú lesið úr umsögn vegamálastjóra, er augljóst mál, að hvað sem fjárútvegun líður til þess að standa undir kostnaði við umræddar rannsóknir og undirbúning þeirra framkvæmda, sem þáltill. felur í sér, verður ekki gengið fram hjá þeirri staðreynd, að fullnaðarathugun verður ekki unnt að framkvæma nema að fengnum þeim tíma, sem sérfræðingar gera ráð fyrir, og kemur fram í áliti vegamálastjóra um till. Þá vil ég geta þess, að á þskj. nr. 241 er brtt. við þessa þáltill. frá hv. 4. þm. Reykn., sem felur það í sér, að áætlunin nái einnig til þess að athuga um flugferju yfir vatnasvæðið á Skeiðarársandi og þá hvort í því geti falizt möguleiki á að leysa þetta vandamál. Fjvn. telur eðlilegt, að tillgr. verði orðuð á þá lund, að þessi athugun geti einnig átt sér stað. Fyrir því hefur n. leyft sér að leggja til, að tillgr. verði svo sem hér segir á þskj. 619, og hljóðar hún þá svo, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að skora á samgmrh. að láta gera áætlun um samgöngubætur yfir Skeiðarársand, sem tengi hringleið um landið. Áætlun þessari skal hraðað svo sem unnt er og að því stefnt, að hafa megi afnot af henni við gerð vegáætlunar fyrir árin 1972—1976."

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þessa þáltill., en vænti þess, að till., þannig breytt, hljóti samþykki Alþ.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka n. fyrir þá vinnu, sem hún hefur lagt í þetta mál. Ég hef ekki getað haft samband við flm. alla, þeir eru svo margir, en ég dreg það ekki í efa, að þeir fallast á þá brtt., sem hv. n. hefur flutt, og eru henni þakklátir fyrir þá afgreiðslu, sem fyrirhuguð er á málinu. Mér finnst ástæða til að telja, að það muni verða töluvert merkur áfangi í þessu mikla máli, að Alþ. ályktar nú vonandi þá stefnu, sem þál. gerir ráð fyrir.

Ég vil leggja áherzlu á það í þessu sambandi, sem segir í umsögn vegamálastjóra, að strax næsta sumar verður að gera vissar athuganir og rannsóknir, en það mundi tefja málið mjög, ef þeim yrði ekki komið í framkvæmd. Það eru þær rannsóknir, sem gerð er grein fyrir og kallaðar eru fyrsti rannsóknarkostnaður. Ég vil líta svo á, — ég veit, að hv. fjvn. lítur þannig líka á málið — að samþykkt þessarar till. sé einmitt m.a. til að leggja áherzlu á, að tafarlaust verði lagt í þessar undirbúningsathuganir, og fjármagn í þær er ekki svo mikið, að það þurfi á nokkurn hátt í vegi að standa, að slíkt geti orðið framkvæmt. Þetta er aðalatriðið í bili, því

þessar athuganir verður að gera fyrst án tafar og síðan, eins og segir í umsögn vegamálastjóra, á grundvelli þess, sem þá kemur í ljós, að athuga framhald rannsóknanna.

Hér er mikið í húfi, að þetta verði gert í sumar, áður en næsta vegáætlun verður samin, því það hlýtur að fara nokkuð eftir niðurstöðunum, sem verða í sumar, hvað sett verður í næstu vegáætlun um þetta mál varðandi frekari rannsóknir og undirbúning.

Svo vil ég segja að lokum, að þó að vegamálastjóri telji ekki hægt að gera ráð fyrir því, að þetta lán komi inn á vegáætlun, þ. e. a. s. sjálfar framkvæmdirnar, fyrr en 1972 til 1976, þ. e. a. s. ekki á næstu vegáætlun heldur þar næstu, þá hef ég samt sem áður ekki sleppt þeirri von, að þetta geti orðið framkvæmt fyrir 1100 ára afmæli byggðar í landanu. Sannast að segja er þessu þannig varið, eins og kom raunar fram í viðtali, sem hæstv. samgmrh. átti í sjónvarpinu um þetta mál, og sumir hv. alþm. hafa máske heyrt, að þegar á annað borð er búið að gera sér grein fyrir því, hvernig á að standa að þessu máli, þyrftu framkvæmdir ekki að standa mjög lengi yfir, alls ekki mörg ár.

Ég endurtek svo þakkir mínar til n. og vil mæla með afgreiðslu hennar, og ég veit, að ég geri það fyrir munn okkar allra, sem að þessu stöndum.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Mér finnst, eins og fram kom við fyrri umr. þessa máls, aðstandendur þessara tillagna vera of jarðbundnir, og það sama finnst mér koma fram bæði í umsögn vegamálastjóra og í nál. Þó er ég þakklátur fyrir, að það er orðað þannig, að það gefur minni brtt. möguleika til að verða athuguð — að menn megi svífa yfir þessum lausa sandi og þeirri botnleysu, sem er þarna á suðaustanverðu landinu, í staðinn fyrir að eiga við hugsanlega gagnslausa vegagerð.

Ég er sammála þeim röksemdum, sem vegamálastjóri færir fram fyrir því, að það sé ekki unnt að koma samgöngubótum á yfirborði jarðar inn í næstu vegáætlun, en ég sé enga ástæðu til þess, að ekki væri hægt fyrir þann tíma að koma fram þeirri till., sem felst í brtt. minni, sem ég bar hér fram við fyrri umr. málsins. um að athuga möguleikana á því að leysa vandamálið með flugferju yfir vatnasvæðið. Nú sé ég, að hæstv. samgmrh. er hvergi nærri, en forsrh. er hér staddur, og vil ég biðja hann að vera svo vinsamlegan að skila til hæstv. samgmrh., að ég treysti honum manna bezt til að láta athuganir fara fram einmitt um þetta atriði, og þegar hann hefur sannfærzt um réttmæti tillagna minna, treysti ég honum einnig til að koma þeim í framkvæmd, jafnvel fyrr en till. gerir ráð fyrir. Og út frá því sjónarmiði mun ég greiða þáltill. atkv.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur hér í þingi, þegar málið var fyrir tekið til umr., en sá, þegar ég kom í bæinn, að hv. 4. þm. Reykn. hafði flutt brtt. við frv. þess efnis, að einnig yrði athugaður sá möguleiki að leysa samgönguvandræðin á þessum stað, sem um ræðir, með því, sem hann kallar flugferju. Ég hef tekið það svo, að það væri um hið svonefnda loftpúðaskip eða svifskip að ræða. Ég vil mjög taka undir þessa till., og geri ég það vegna þess, að ég tel mig þekkja nokkuð inn á það, að tæki af þeirri gerð, sem þarna ræðir um, séu og geti verið við vissar aðstæður mjög eðlileg og góð samgöngutæki.

Eins og hv. þm. er öllum kunnugt, þá kom fyrir atbeina Alþ. hingað til lands á s. l. sumri lítið tæki af þessari gerð til þess að kanna aðstæður, þar sem talið var, að skipum eða bílum yrði ekki við komið. Reynsla fékkst að ég vil segja nokkur og allverulег af þessu tæki og þeim möguleikum, sem það getur skapað til samgöngubóta. Við, sem að því stóðum, að þetta tæki var fengið hingað til landsins, vorum fyrst og fremst með í huga ferjusamgöngur fyrir bifreiðar og fólk milli Vestmannaeyja og lands, og ég tel, að sú reynsla, sem við höfum af því fengið, sé á þá leið, að ef um er að ræða tæki af hentugri stærð, mundi það leysa þann vanda, sem þar er. En ég tel, að við höfum kannske fengið enn meiri reynslu af því, hvers konar tæki þetta er til ferðalaga yfir sanda, vegleysur og vatnsföll eins og um er að ræða á þeim stað, sem till. gerir ráð fyrir, að athugað verði um brúar- og vegarlagningu á.

Ég verð að viðurkenna það, að þó að ég hafi talið mig hafa miklar upplýsingar um þetta farartæki áður en það kom til landsins, þá kom það mér alveg á óvart, hversu miklu afkastameira og færara það var um að fara yfir torfærur á landi en ég hafði gert mér í hugarlund. Ég vil geta þess, að þetta litla tæki, sem hingað kom til landsins, fór í sinni fyrstu ferð beina leið frá Vestmannaeyjum upp í Landeyjasand. Að vísu var þar ekki um brimlendingu að ræða. Það var það, sem við köllum dauðan sjó. Það stoppaði þar ekki neitt, heldur fór beint af auga yfir sandtangann, sem þar er, upp Markarfljót, ekki neinar krókaleiðir, heldur yfir ála og mýrar, yfir bakka, sem þar voru, og upp að Markarfljótsbrú, án þess að hægja nokkurn tíma á ferð, og sagði skipstjórinn, að þeir hefðu farið þessa leið yfir landið með um 40 mílna hraða.

Eftir þá reynslu, sem við fengum, sem í þessu tæki vorum þessa leið, er ég alveg sannfærður um kosti ferja af þessari gerð. Fyrirtækið er nú að byggja slíka ferju og mun koma með fyrstu tækin af þessari gerð árið 1970. Það er ætlað, að þau taki 7-9 bíla af venjulegri stærð og að mig minnir um 100 farþega.

Ég er sannfærður um það, að ef hv. Alþ. telur, að fjárhagsins vegna sé hægt að leysa þetta mál, þá er hægt að gera það þegar á árinu 1970 með því farartæki, sem Englendingar eru nú með í smíðum og telja, að verði

komið á markað árið 1970. Ég vil því taka undir það, sem hv. 4. þm. Reykn. benti hér réttilega á, að mér finnst sá tími, sem áætlaður er í till., 1972-1976, mér finnst hann of langt undan, ef á annað borð hv. Alþ. telur sig fjárhagsins vegna geta leyst málið á þann veg, sem hv. 4. þm. Reykn. og ég höfum bent á. Þar er aðeins um fjárhagsatriðið að ræða. Þetta farartæki kostaði fyrir gengisbreytingu um 50 millj. kr., og er það vissulega há upphæð, en hvað Íslendingar vilja gera til þess að koma á hringvegi í kringum landið, það er auðvitað það atriði, sem Alþ. verður að meta, þegar að því kemur, að aðstaða skapast til þess. Ég tel alveg hiklaust, að aðstaða sé komin til þess að koma á hringvegi fyrir bifreiðar, mannflutninga og einnig vöruflutninga, ef því er að skipta, með því tæki, sem ég hef hér minnzt á og fram undan er, að á markaðinn komi. Þetta mundi ekki einasta leysa þann vanda, sem við er að etja á Skeiðarársandi, og þá farartálma, sem þar eru, heldur er ég sannfærður um, að það gæti einnig í mörgum tilfellum, við margar aðstæður komið að gagni, bæði hér á Suðurlandsundirlendinu og einnig út til Eyja, ef svo bæri undir.

Ég hygg, að öllum þm. sé það ljóst, að brúargerð á þessum stað, sem till. gerir ráð fyrir, er mjög fjárfrekt fyrirtæki. Tæknilega séð verður án efa ráðið við það, en engum dylst þó, að fjárhagslega séð mun það verða mjög dýrt fyrirtæki. Ég hygg þó, að það, sem mönnum finnst kannske erfiðast við það, sé óvissan um það, hvort brýr á þessum stað muni nokkurn tíma geta haldizt til langframa. Það, sem kannske skiptir mestu máli, er þó, að allar aðrar leiðir séu skoðaðar, allar aðrar hugsanlegar leiðir séu skoðaðar, hvort hægt sé að leysa þetta á annan ódýrari hátt, og ég mundi segja til frambúðar á öruggari hátt að því leyti, að ekki væri ástæða til að ætla, að hlaup í vatnsföll þar eystra mundu koma í veg fyrir, að hægt væri að halda samgöngum uppi, þó að slíkt bæri að höndum.

ATKVGR.
Brtt. 619 (ný tillgr.) samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 638).

11. Lífeyrissjóður togarasjómanna.

Á 13. fundi í Sþ., 20. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um endurskoðun l. um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum [57. mál] (A. 65).

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18., 28. og 30. fundi í Sþ., 6. des. og 24. og 26. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Sþ., 30. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 65 flyt ég svo hljóðandi þáltill.:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fyrir Alþ. frv. til l. um breyt. á l. um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum á þann veg, að sjóðsfélögum verði tryggð eigi minni réttindi en aðilar að lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins njóta nú."

Árið 1958 voru sett l. um lífeyrissjóð togarasjómanna, en frv. um það mál hafði þáv. hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, þá margsinnis flutt á Alþ. áður, án þess að það yrði samþykkt. Lög um lífeyrissjóð togarasjómanna voru í höfuðatriðum sniðin eftir l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en þó var hámarkslífeyrir í lífeyrissjóði togarasjómanna lægri miðað við sama starfstíma en gert var ráð fyrir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þannig var ellilífeyrir togarasjómanna eftir 10 ára starfstíma 10% af meðallaunum síðustu 10 starfsára, en 12½% hjá starfsmönnum ríkisins, og eftir 30 ára starfstíma voru elliaunin ákveðin 50% hjá sjómönnum, en 60% hjá ríkisstarfsmönnum. Á sama hátt nam hámarks makalífeyrir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 40%, en 35% í lífeyrissjóði sjómanna. Orsakirnar fyrir því, að réttindi í lífeyrissjóði togarasjómanna voru höfð sýnu knappari en í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, enda þótt flestar gr. l. væru að öðru leyti næstum samhljóða frá orði til orðs, hafa sjálfsagt verið þær, að ógerlegt hefur þótt að segja fyrir um, hvers sjóðurinn yrði megnugur og hversu langan tíma tæki að byggja hann svo upp, að unnt væri að veita jafnmikil réttindi og í þeim lífeyrissjóðum, sem fyrir voru.

Þegar við þáv. hv. 11. landsk. þm., Gunnar Jóhannsson, fluttum árið 1960 frv. um aukin réttindi sjóðsfélaga í lífeyrissjóði togarasjómanna, féllst meiri hl. heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. ekki á að samþykkja frv. og bar það fyrir sig, að enn hefði sjóðurinn ekki starfað nógu lengi til þess, að fullnægjandi reynsla væri fengin um framkvæmd laganna og getu sjóðsins. Nú eru liðin um 7 ár síðan, og á því tímabili hafa engar breytingar verið gerðar á lífeyrissjóði togarasjómanna aðrar en þær, að undirmenn á farskipum hafa fengið aðild að honum og nafni hans og ákvæðum verið breytt til samræmis við það, og lítils háttar breytingar voru gerðar s.l. vor um aðild starfsmanna sjómannafélaga, og nokkur fleiri atriði voru þá samþ. Á sama tíma hafa hins vegar verið gerðar mjög veigamiklar breytingar á lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna. Áður voru réttindi sjóðsfélaga í lífevrissjóði togarasjómanna sýnu lakari en sjóðsfélaga í lífevrissjóði starfsmanna ríkisins, en eftir breytinguna á síðar talda sjóðnum eru réttindin ekki sambærileg, svo mjög er réttur í

lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum nú lakari.

Sú grundvallarbreyting hefur verið gerð á lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, að þar eru lífeyrisgreiðslurnar, ellilífeyririnn, örorkulífeyririnn, makalífeyririnn og barnalífeyririnn, ekki lengur miðaðar við meðaltekjur sjóðsfélaga síðustu 10 ár, 10 síðustu starfsár hans, heldur eru greiðslurnar nú ákveðinn hundraðshluti af þeim launum, sem á hverjum tíma fylgja því starfi, sem sjóðsfélagi gegndi síðast, þ. e. a. s. greiðslurnar eru verðtryggðar og hækka með hækkandi launum. En í lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum eru þessar greiðslur enn miðaðar við ákveðinn hundraðshluta af meðaltekjum sjóðsfélaga síðustu 10 starfsár hans og rýrna því samhliða aukinni verðþenslu. Þetta er grundvallarmismunurinn á réttindum sjóðsfélaga í þessum tveim sjóðum.

Að ýmsu öðru leyti eru réttindi sjóðsfélaga í lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna meiri. Má þar t.d. nefna, að í þeim sjóði nýtur hver sjóðsfélagi lífeyris við tilskilið aldursmark, ef hann hefur greitt iðgjöld í 5 ár, en í lífeyrissjóði sjómanna njóta sjóðsfélagar ekki réttinda nema þeir hafi greitt a.m.k. í 10 ár. Í lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum er greiðsla makalífeyris, ef sjóðsfélagi andast, bundin við það, að sjóðsfélaginn hafi greitt í a.m.k. 10 ár til sjóðsins, en engin slík takmörkun er í lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna á greiðslu makalífeyris. Í sambandi við örorkulífeyrinn er sá munur á sjóðunum, að í lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna er örorkulífeyririnn greiddur, ef örorkan nemur 10%, en í lífeyrissjóði sjómanna er örorkulífeyrir ekki greiddur nema örorkan nemi a.m.k. 35%.

Þá má geta þess, að í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fá börn eða kjörbörn, sem sjóðsfélagi lætur eftir sig, lífeyri til 18 ára aldurs, en í lífeyrissjóði sjómanna til 16 ára aldurs. Ef sjóðsfélagi í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hættir störfum af öðrum sökum en elli eða örorku, á hann rétt á að fá iðgjöld sín endurgreidd með vöxtum, en í lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum eru slíkar endurgreiðslur reiknaðar án vaxta fyrir þann tíma, sem iðgjöldin hafa staðið í sjóðnum. Óþarft er að rekja fleiri atriði, en höfuðatriðið er það, að í lífeyrissjóði sjómanna eru allar greiðslur án verðtryggingar, en miðast við meðallaun sjóðsfélaga síðustu 10 starfsár hans og missa því að verulegu leyti gildi sitt, þegar um verðbólgutímabil er að ræða.

Fyrir um það bil 7 árum fengust ekki þær breytingar gerðar á lífeyrissjóði togarasjómanna, að greiðslur úr honum væru sambærilegar við greiðslur úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, en á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hafa verið gerðar breytingar á l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins á þann veg, að mjög hefur aukizt munurinn á þeim kjörum, sem félögum í þessum sjóðum eru búin. Á sama tíma hefur framkvæmdin á l. um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum sýnt, að eignir hans aukast mjög ört og námu um síðustu áramót um 146 millj. kr. og á árinu 1966 námu vaxtatekjurnar einar 11 sinnum hærri upphæð en bótagreiðslur sjóðsins.

Með tilliti til vaxtar sjóðsins virðist fullkomlega eðlilegt, að lög um hann verði endurskoðuð, því að ekki eru sýnileg rök fyrir því, að kjör sjóðsfélaga í þessum sjóði þurfi að vera miklum mun lakari en kjör sjóðsfélaga t.d. í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Fyrst og fremst er ástæða til, að athugað verði, hvort ekki er tímabært að taka upp þá sömu reglu og gildir í lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna, að bótagreiðslur úr sjóðnum verði verðtryggðar. Hins vegar er naumast unnt að haga verðtryggingu bóta með nákvæmlega sama hætti og í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, þ.e.a.s., að miðað verði við þau laun, sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf, er sjóðsfélagi gegndi síðast, þar sem nokkur annar háttur er á um launagreiðslur til sjómannsins og þær eru að því er togarasjómenn varðar að verulegu leyti aflahlutur. En vissulega ætti það ekki að vera óleysanlegt vandamál að færa laun sjómannsins, heildarlaunin, til raunverulegs, sambærilegs verðgildis á þeim tíma, sem bótagreiðslurnar færu fram. Á sama hátt er óhjákvæmilegt að taka tillit til þess, hversu verulegur hluti af launum farmanna er yfirvinna, og er eðlilegt, að af henni sé greitt í lífeyrissjóð og raunveruleg heildarlaun farmanna reiknuð út að fullu og sambærilegu verðgildi á þeim tíma, er bótagreiðslur færu fram, eða bótagreiðslurnar yrðu þá við þau heildarlaun miðuð. Ég vænti þess, að hv. alþm. geti á það fallizt, að tímabært sé að endurskoða þessi l. í því skyni, að togarasjómönnum og undirmönnum á farskipum verði tryggð eigi minni lífeyrisréttindi en starfsmenn ríkisins njóta nú.

Ég legg til, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 48. og 50. fundi í Sþ., 5. og 10. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 17. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 65, n. 500).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér um ræðir, er um endurskoðun l. um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum og hljóðar svo:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fyrir Alþ. frv. til l. um breyt. á l. um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum á þann veg, að sjóðsfé-

lögum verði tryggð eigi minni réttindi en aðilar að lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins njóta nú.“

Allshn. sendi þessa till. stjórn sjóðsins til umsagnar, og lagði sjóðsstjórnin til fyrir sitt leyti, að till. væri samþ.

Allshn. leggur einróma til, að till. verði samþ.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 639).

12. Fiskeldisstöðvar.

Á deildafundum 7. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um fiskeldisstöðvar [69. mál] (A. 109).

Á 22. fundi í Sþ., 13. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 30., 31., 32. og 34. fundi í Sþ., 26., 30. og 31. jan. og 7. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Sþ., 14. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Jónas G. Rafnar: Herra forseti. Till. til þál. um fiskeldisstöðvar á þskj. 109 var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Fyrri flm. till., hv. 4. þm. Norðurl. e., fylgdi þá till. úr hlaði með ýtarlegri ræðu. Efni till. er að skora á ríkisstj. að láta hið fyrsta fram fara athugun sérfróðra manna á því, hverjar gerðir fiskeldisstöðva, er reknar yrðu sem aukabúgrein, hentuðu bezt ísl. bændum, og jafnframt láta gera athuganir á kostnaði bygginga og rekstri slíkra eldisstöðva. Þá verður rannsakað, hver opinber stuðningur sé nauðsynlegur til þess, að þessi búgrein geti eflzt með æskilegum hætti.

Eins og kunnugt er, er fiskeldi nú orðið allveigamikil atvinnugrein víða um heim. Á Norðurlöndum hefur það reynzt arðvænlegt. T.d. munu Danir á árinu 1965 hafa framleitt um 11 þús. tonn af regnbogasilungi í fiskræktunarstöðvum og flutt verulegan hluta af þeirri framleiðslu út m.a. til Bandaríkjanna. Á síðari árum hefur áhugi manna hér á landi fyrir fiskeldi farið vaxandi, en framkvæmdir allar á þessu sviði eru enn á byrjunarstigi. Áhugasamir einstaklingar hafa unnið brautryðjendastarf og ríkið haft nokkra forgöngu. Fyrir nokkru var hér stofnað félag áhugamanna um fiskrækt, er innt hefur af hendi verulega kynningarstarfsemi. Flm. þessarar till. telja, að allar líkur bendi til, að víða um land séu skilyrði til þess, að bændur geti haft hagræði af fiskeldi og drýgt með því tekjur sínar.

Eins og ég gat um, fjallar þessi till. um það, að málið verði athugað af sérfróðum mönnum, og jafnframt kannað, hvaða stuðningur þyrfti til að koma, t.d. aðgangur að stofnlánum, tæknilegar leiðbeiningar og önnur fyrirgreiðsla.

Ég leyfi mér svo að vísa til grg., sem till. fylgir, og legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Sþ., 17. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 109, n. 530).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 640).

13. Breytt skipan lögreglumála í Reykjavík.

Á deildafundum 15. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um breytta skipan lögreglumála í Reykjavík [79. mál] (A. 149).

Á 27. fundi í Sþ., 16. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 30. fundi í Sþ., 26. jan., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem ég hef flutt á þskj. 149 og hér er til umr., fjallar um nokkuð breytta tilhögun á yfirstjórn lögreglunnar í Rvík. Aðalefni hennar er að fela hæstv. ríkisstj. að hlutast til um sameiningu lögreglunnar, hinnar almennu lögreglu og rannsóknarlögreglu, undir yfirstjórn lögreglustjóra.

Skv. gildandi l. fer lögreglustjóri með lögreglustjórn almennt, en sakadómarar með stjórn rannsóknarlögreglunnar. Í l. um meðferð opinberra mála er svo tekið til orða, að sakadómari í Rvík fari með stjórn þeirra lög-

reglumanna, sem ætlað er að rannsaka brot að því, er þau störf varðar. Hvort tveggja er, að orðalag þetta er ónákvæmt, enda slík tvískipting lögreglunnar óeðlileg að ýmsu leyti, eins og reynt mun að sýna fram á í fáum orðum.

Allsherjarmanntal Árna Magnússonar frá 1703 telur íbúa í sjálfri Rvík ekki nema 21. Þegar verksmiðjur Skúla landfógeta taka til starfa árið 1752 fer fólkinu að fjölga. Talið er, að fyrstu drög að löggæzlu í Rvík verði rakin til þess tíma, þó að glöggar heimildir skorti þar til nokkru síðar.

Fyrsti bæjarfógeti í Rvík var skipaður árið 1803, og voru þá jafnframt settir tveir lögregluþjónar. Ekki verður saga né þróun þess embættis rakin hér, en þess aðeins getið, að árið 1918 er skipaður sérstakur lögreglustjóri í Rvík. Hinn 1. jan. 1921 varð Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn og gegndi því starfi mjög lengi síðan. Hafði hann sérstaklega á hendi undirbúningsrannsóknir sakamála í mörg ár, en aðrir lögreglumenn unnu að því jafnframt meira og minna.

Með l. frá 1928, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Rvík, voru embætti bæjarfógeta og lögreglustjóra að nafninu til lögð niður, en í stað þeirra stofnuð þrjú ný embætti, lögreglustjóra-, lögmanns- og tollstjóraembætti. Lögreglustjóri hafði að sjálfsögðu á hendi stjórn allrar lögreglu.

Með l. nr. 67 frá 31. des. 1939 var gerð meginbreyting á skipan þessara mála. Þá var sakadómaraembættið stofnað og kveðið svo á, að sakadómari skyldi fara með stjórn rannsóknarlögreglu, en lögreglustjóri með stjórn hinnar almennu lögreglu. Þá hefst með öðrum orðum tvískipting lögreglunnar. Um nánari tildrög vil ég vísa til grg.

Samkv. l. er hlutverk lögreglumanna að halda uppi lögum og reglu, greiða götu manna, þar sem það á við, stemma stigu við ólögmætri hegðun og vinna að uppljóstrun brota, sem framin eru, og vera rannsóknardómara til aðstoðar í hvívetna. Þetta á við alla lögreglumenn, þótt margháttuð verkaskipting komi að sjálfsögðu fljótt til framkvæmda, þegar líðinu fjölgar.

Það er mála sannast, að einn allra mikilvægasti og vandasamasti þáttur lögreglustarfsins er undirbúningur og frumrannsókn afbrota. Sá, sem slík verk hefur á hendi, má alltaf búast við mikilli áreynslu og erfiði, sem ekki verður yfirstigið nema hann eigi yfir að ráða margháttaðri þekkingu og reynslu og öruggri dómgreind og miklu þolgæði, og skilyrði góðs árangurs eru einatt náin og traust samvinna margra manna að settu marki. Það er ekki ævinlega sjálfsagt né heldur nauðsynlegt að leita erlendra fyrirmynda, þó er að mínum dómi sjálfsagt að hafa hliðsjón af því í þessu efni. Um öll Norðurlönd, en þær þjóðir eru okkur nánastar að frændsemi, menningu og grundvallarreglum laga, gildir sú meginregla, að lögreglan í heild er háð yfirstjórn lögreglustjóra. Svo er og meðal annarra menningarþjóða, þar sem til er vitað, þó að það verði ekki nánar rakið hér.

Eins og getið er um í grg., er nú verið að byggja nýja lögreglustöð í Rvík. Það er því tilvalið að vinna að undirbúningi þessa máls meðan á því verki stendur. Í viðtali við Lögreglublaðið, sem út kom í des. s.l., segir Hermann Jónasson fyrrv. forsrh. og raunar gamall lögreglustjóri í Rvík, á árunum 1930 og þar á eftir, m. a.:

„Ég er heldur ekki viss um, að þorri manna geri sér það ljóst, að löggæzlan er hyrningarsteinn þjóðfélagsbyggingarinnar. Sú þjóð, sem býr við óréttláta löggæzlu, hlýtur að vera óhamingjusöm."

Að minni hyggju er mikils virði, að allir lögreglumenn, hvort sem þeir vinna að almennri löggæzlu, rannsóknarstörfum, tæknilegum verkefnum eða öðrum sérstökum störfum, finni, að þeir séu allir á sama báti, samverkamenn, sem lúta einni stjórn. Dómendur fara með dómsvaldið segir í 1. gr. stjórnarskrár Íslands, þannig fer borgardómaraembættið í Rvík með dómsstörf í einkamálum, en sakadómaraembættið með dómsstörf í opinberum málum. Allir eru sammála um það, að dómendur eigi að vera sem óháðastir í sínum störfum og þurfi ekki margháttuðum öðrum framkvæmdaverkefnum að sinna, þar af leiðir, að lögreglustjóri á að hafa á hendi yfirstjórn allrar lögreglunnar. Um nánari rökstuðning vísa ég til grg., en legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31. fundi í Sþ., 30. jan., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 17. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 149, n. 513).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till., sem hér liggur til afgreiðslu, fjallar um breytta skipan lögreglumála í Reykjavík og hljóðar svo:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa breytta skipan á yfirstjórn lögreglunnar í Rvík, þannig að bæði hin almenna lögregla og rannsóknarlögregla heyri framvegis undir yfirstjórn lögreglustjóra."

Allshn. sendi þessa till. til umsagnar dómsmrn., og sendi það allshn. svohljóðandi bréf varðandi till.:

„Með skírskotun til bréfs hv. allshn. dags. 20. f. m., þar sem óskað er umsagnar rn. um till. til þál. um breytta skipan lögreglumála í Rvík, sem liggur fyrir þinginu, skal tekið fram, að rn. telur engum vafa bundið, að stefna beri að því að sameina lögregluna í

Rvík og með því verði hægt að nýta starfskrafta og starfsaðstöðu mun betur en nú er unnt. Hefur verið gert ráð fyrir því við undirbúning byggingar nýrrar lögreglustöðvar í Rvík, að þar rúmist öll starfsemi lögreglunnar óskipt. Rn. hefur rætt viðhorf til framtíðarskipunar þessara mála við lögreglustjóra og yfirsakadómara í Rvík, og eru þeir sammála rn. um, að stefna beri að slíkri sameiningu lögreglunnar."

Að fenginni þessari umsögn lagði allshn. til einróma, að till. væri samþ.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég þakka hv. frsm. og öðrum fulltrúum allshn. fyrir góða samvinnu í þessu máli. Um till. er það að segja, að mér er ekki kunnugt um, að hún hafi sætt andmælum síðan hún kom fram. Um hana virðist því vera gott samkomulag allra viðkomandi aðila. Er þess því að vænta, að hún hljóti samþykki hins háa Alþ.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. áu atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 641).

14. Fiskirækt í fjörðum.

Á deildafundum 29. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um fiskirækt í fjörðum [108. mál] (A. 238).

Á 30. fundi í Sþ., 30. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32. og 34. fundi í Sþ., 31. jan. og 7. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Sþ., 6. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja enn á ný till. til þál. um fiskirækt í fjörðum á þá leið, að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að láta fram fara athugun á möguleikum á vísindalegri tilraunastarfsemi um fiskirækt og uppeldi nytjafiska í einstökum fjörðum, er hentugir kynnu að þykja til slíkrar starfsemi. Er lagt til, að haft verði samráð við Hafrannsóknastofnunina og Fiskifélag Íslands um þessa athugun.

Á Fiskiþingi og ýmsum öðrum fundum útvegsmanna og sjómanna á undanförnum árum hefur oft verið rætt um nauðsyn þess, að hafizt yrði handa um fiskirækt og uppeldi nytjafiska í einstökum fjörðum í strandlengju Íslands, en að því er vitað er, mun lítið eða ekkert hafa verið aðhafzt í þessum efnum. Það er hins vegar almenn skoðun sjómanna og útvegsmanna, að brýna nauðsyn beri til þess að hefjast handa um vísindalegar aðgerðir um ræktun nytjafiska í hafinu með svipuðum hætti og gert hefur verið í ám og vötnum hér á landi og víðs vegar um heim. Í Noregi og fleiri löndum hafa um nokkurt skeið verið gerðar vísindalegar tilraunir með fiskirækt í fjörðum og víkum. Hefur í þessu skyni verið rekin rannsóknar- og tilraunastöð í Flödeviken í S.-Noregi. Þar hefur þorskur verið látinn hrygna í tjörnum eða kerum á landi, en þorkseiðunum síðan verið sleppt út í fjörðinn rétt eftir, að þau eru klakin úr eggi. Þéttur skerjagarður lokar þessum firði, svo að skilyrði eru talin þarna mjög góð til þessarar starfsemi. Tilraunir þessar munu að vísu vera á byrjunarstigi, en fyllsta ástæða er til þess, að við Íslendingar gefum þeim gaum. Svíar hafa einnig hafizt handa um fiskirækt í sjó innan skerjagarðsins við strendur Svíþjóðar. Á það má einnig benda, að Japanir hafa hafizt handa um vísindalega starfsemi á þessu sviði, og langar mig til að lesa hér upp kafla úr frönsku tímariti, Revue de la Conserve, sem birtist í marz 1967, þar sem þessi mál eru rædd. Er þar m.a. komizt að orði á þessa leið:

„Tilraunir Japana með fiskirækt í sjó hafa borið góðan árangur vegna hinnar óvenjulegu aðferðar með tæki, sem gefur frá sér hljóðbylgjur, en þetta gerir kleift að fóðra fiska með aðferð hinnar innæfðu eðlishvatar. Þegar fiskarnir verða varir við hljóðbylgjurnar, koma þeir og hirða fóður sitt. Það tekur 15-20 daga að innæfa þessa eðlishvöt hjá fiskunum, en eftir það er ekki nauðsynlegt að króa þá inni með neti. Aðferð þessi er ekki vinnufrek, þar sem fóðrið er skammtað með sjálfvirku fóðurtæki, en það er staðsett við hljóðbylgjusendinn. Aðrir japanskir vísindamenn hafa alið upp lax og regnbogasilung í sjó, í búrum, sem sökkt hefur verið niður á 10 metra dýpi. Árangurinn hefur verið mjög uppörvandi.

Bretland hefur einnig sýnt áhuga á fiskirækt til þess að auka við afla brezkra sjómanna og bæta upp ofveiði á miðunum við strendur landsins. Tilraunir hafa verið gerðar með eldi á skarkola og sólkola við eyjuna Mön. Uppskeran gat orðið 2 tonn á ekru af fiski af hæfilegri stærð. Að síðustu hefur verkfræðingum í Skotlandi verið falið að koma á fót fiskiræktarbúi í tilraunaskyni í Invernesshéraði. Gerðar eru þegar tilraunir með ræktun á silungi og laxi.

Fiskirækt í sjó sýnist þannig vera að þróast í öllum löndum heims", segir í tímaritsgreininni. „Hún ætti að geta orðið mikilvæg viðbót við fiskveiðarnar og stuðlað að aukningu matvælaframleiðslunnar í heiminum. Samtímis er hún ágætt dæmi um áhrifaríka tilraun mannsins til þess að beygja náttúruna undir vilja sinn". Lýkur þar með þessari grein í Revue de la Conserve.

Að lokum vil ég svo segja þetta um þessa till. Vitað er, að fiskistofnarnir í Norður-Atlantshafi eru í verulegri hættu. Hefur það komið fram í skýrslum og ummælum fiskifræðinga og er raunar öllum ljóst, sem um þessi mál hugsa. Það er því augljóst, að nýjar ráðstafanir til frekari verndunar fiskistofna við strendur Íslands eru óhjákvæmilegar. Kemur þá í fyrsta lagi til greina takmörkun á netaveiði á hrygningarsvæðum. Í öðru lagi friðun nýrra svæða fyrir botnvörpu- og netaveiði utan 12 mílna fiskveiðitakmarkanna og í þriðja lagi vísindalegar aðgerðir til fiskiræktar. Það er skoðun mín, að íslenzkir fiskifræðingar hafi unnið mikið og merkilegt starf á sviði fiskirannsókna og fiskileitar á undanförnum árum. Hefur það starf haft mikla þýðingu fyrir atvinnulíf þjóðarinnar, en brýna nauðsyn ber til þess, að nýrra leiða verði freistað í þessum efnum. Þess vegna er þessi till. flutt.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska þess, að umr. um till. verði frestað og henni vísað til hv. allshn., en ég treysti því, að hún skili nú áliti um till., en þetta mun vera í þriðja skiptið, sem till. er vísað til þeirrar hv. n., og vona ég nú, að hún taki rögg á sig og skili áliti um till.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég álít, að hér hafi verið hreyft mjög athyglisverðu máli og það ekki í fyrsta sinn, eins og flm. upplýsti í sinni framsöguræðu. Raunar eru öll þessi málefni, hvort sem þau snerta friðun eða fiskeldi, mjög þýðingarmikil mál, ekki sízt í augum okkar Íslendinga. Eitt mesta áhyggjuefnið er það að sjálfsögðu, ef fiskistofnarnir ganga svo til þurrðar í framtíðinni, að okkar fiskveiðum, sem er undirstaða okkar efnahagslífs, stafi af því veruleg hætta. En það er ekki ástæða til þess að ætla, að við séum einir um þessar áhyggjur. Enginn vafi er á því, að þær þjóðir, sem halda úti stórum fiskveiðiflotum í Norður-Atlantshafi, hafa miklar áhyggjur af þessari þróun mála ekki síður en við, þó að þetta varði auðvitað lífsafkomu okkar alveg sérstaklega. Þess vegna er það mjög athyglisvert mál að hreyfa því, hvort það sé raunhæft að koma á fót fiskeldi nytjafiska í sjó hér við strendur eða í fjörðum landsins. Við, sem erum aldir upp í fjörðunum, vitum, að ungviðið hefst þar við. Smáþyrsklingur, ufsi og aðrar fisktegundir alast þar upp. Við höfum þetta fyrir augunum frá degi til dags, þannig að enginn vafi er á því, að fiskeldi hér í fjörðum Íslands er raunhæft að því leyti til, að það er hægt að ala hér upp fisk. Hitt er annað mál, hvort málið er raunhæft að því leyti til, að slíkt sé mögulegt í nægilega stórum stíl til þess, að það virkilega komi að notum. Eins og við vitum, eru allir þessir nytjafiskar okkar þannig, nema þá kannske flatfiskurinn, að þeir flakka um höfin og þess vegna er ástæða til að ætla, að aðrar þjóðir, eins og ég gat um áðan, hafi einnig mikinn áhuga á þessu máli.

Alþjóðasamvinna fer mjög vaxandi á ýmsum sviðum, eins og kunnugt er. Ég vildi því hreyfa þeirri hugmynd hér á Alþ., hvort það væri æskilegt, að Íslendingar leituðu eftir samvinnu við aðrar þjóðir um eldi nytjafiska í sjó í stærri stíl. Nýlega hefur verið samþykkt að koma á fót eldfjallarannsóknarstöð á Íslandi, eins og kunnugt er af fréttum frá fundum Norðurlandaráðs, en Norðurlandaþjóðirnar munu standa að kostnaði í sambandi við rekstur þeirrar stöðvar. Auðvitað er margs að gæta í sambandi við slíka samvinnu, það er mér vel ljóst. Það gæti verið, að aðrar þjóðir, t. d. þær, sem stunda fiskveiðar í Norður-Atlantshafinu, vildu fá eitthvað í staðinn, ef þær legðu fram fjármuni í þessu skyni. En það mætti vænta þess, að þær kynnu að hafa áhuga á slíku máli á þeim grundvelli, að auðvitað fer fiskurinn úr fjörðunum og út á hafið og kæmi þess vegna að notum fyrir þjóðir, sem stunda fiskveiðar hér utan íslenzkrar landhelgi.

Eins og flm. gat um í sinni ræðu, þá á fiskeldi í sjó sér stað nú á nokkrum stöðum. Hann gat m.a. um Noreg, Skotland og fleiri staði. Ég held, að Skotar reki fiskeldisstöð fyrir flatfisk einhvers staðar á N.-Skotlandi, en flatfiskurinn er miklu meira staðbundinn en aðrir fiskar, eins og kunnugt er, og þess vegna kæmi frekar til greina fyrir eina þjóð að standa fyrir eldi slíkra fisktegunda en hinna, sem flakka um höfin og allir njóta meira og minna góðs af.

Ég tel ekki ástæðu til að lengja mál mitt um þetta, en vildi hreyfa þessari hugmynd, þannig að hún bærist til þeirrar n., sem kemur til með að fjalla um málið. Ég vil ítreka það, að ég tel hér um að ræða stórmerkilegt mál, sem ástæða væri til að hreyfa meira á opinberum vettvangi en gert hefur verið, og einnig hugsanlegt að leita samvinnu við aðrar þjóðir um aðgerðir.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 48. og 50. fundi í Sþ., 5. og 10. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 17. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 238, n. 471).

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. um fiskirækt í fjörðum. Eru allir nm. sammála um að mæla með samþ. till.

Það er vaxandi áhugi margra manna á fiskirækt nú á dögum, um það bera glöggt vitni margar till., sem fram koma. Jafnframt er óvenjumikið unnið að slíkum málum víðs vegar um land. Bæði einstaklingar og hið opinbera hafa látið þessi mál til sín taka á undanförnum árum. Mönnum hefur skilizt, að rányrkjan ein horfir ekki til heilla. Á þetta

jafnt við um veiðar í fersku vatni og sjó. Ræktunarmálum er sinnt í vaxandi mæli, bæði í laxám og veiðivötnum, sjávarlónum og öðrum uppeldisstöðvum af áhugamönnum og samtökum þeirra. Þá má ekki gleyma hinni miklu fiskeldisstöð ríkisins í Kollafirði.

Að sjálfsögðu hafa áhugamenn á þessu sviði lent í margvíslegum byrjunarörðugleikum. Takmörkuð fjárráð og ófullkomnar aðstæður hafa vafalaust oft dregið úr árangri. Þessar tilraunir hafa þó sýnt og sannað, að þarna er mikið framtíðarverkefni fyrir höndum, margþætt verkefni, sem ekki verður lokið á skömmum tíma, en stuðlar að aukinni hagnýtingu og eflingu íslenzkra auðlinda.

Eins og vikið var að í grg. þessarar till., hafa íslenzkir fiskifræðingar unnið mikið og merkilegt starf á sviði fiskirannsókna og fiskileitar á liðnum árum. Hafa þau störf orðið atvinnulífi þjóðarinnar mikill styrkur, en betur má ef duga skal. Hér er um svo stórvaxið viðfangsefni að ræða, svo mikið í húfi um alla afkomu þjóðarbúsins, að leita verður allra ráða til aukinnar þekkingar á þessu sviði.

Viðfangsefni þetta snertir að sjálfsögðu landið allt og lýtur að verndun fiskistofna við strendur þess, þó ekki hvað síst að þeim slóðum, þar sem fiskimið hafa reynzt gagnauðug frá fornu fari. Ég leyfi mér að minna á þál. um fiskirannsóknir á Breiðafirði, sem samþykkt var á Alþ. 31. maí 1957, flutt af mér og þáv. þm. Snæfellinga, Sigurði Ágústssyni. Efni hennar var það að skora á ríkisstj. að láta svo fljótt sem því yrði við komið vegna annarra rannsókna, framkvæma fiskirannsóknir á Breiðafirði og innfjörðum hans. Rannsóknir þessar skyldu gerðar í samráði við vélbátaformenn á útgerðarstöðvum við Breiðafjörð. Í umsögn fiskideildar atvinnudeildar Háskólans, er fylgdi þessari till., sagði m.a.:

„Litlar fiskirannsóknir hafa verið gerðar á Breiðafirði miðað við aðra landshluta, einna helzt á þekktum fiskislóðum á utanverðu Snæfellsnesi, en ekkert í innfjörðum Breiðafjarðar. Sennilega er Breiðafjörður mikil uppeldisstöð ungfisks, og er æskilegt að á því verði gerðar kerfisbundnar rannsóknir á líkan hátt og í Faxaflóa. Æskilegt væri og að vita, hvaða þýðingu Breiðafjörður hefur sem uppeldisstöð fyrir íslenzka fiskistofna almennt, og mundu merkingar geta skorið úr um það."

Á þeim röska áratug, sem liðinn er frá samþykki umræddrar till., hefur, sennilega af fornri landsvenju, meira verið hugsað um að veiða og veiða sem mest en að gera sér fulla grein fyrir því, hvert raunverulega stefnir í þeim efnum. Till. sú, sem hér er til umr. um fiskirækt í fjörðum, bendir á nauðsyn þess að hefjast handa um vísindalegar aðgerðir til ræktunar nytjafiska í hafinu við strendur landsins. Hér er um hugsjónamál að ræða, sem jafnframt hefur mikið hagnýtt gildi. Leikmenn geta velt því fyrir sér og beitt sér fyrir því, um það má margt segja, en fyrst og fremst verða aðgerðir allar að byggjast á vísindalegum grundvelli og þekkingu. Séu þau mið höfð að leiðarljósi, má mikils árangurs vænta til heilla og hags alþjóð.

Allshn. sendi till. þessa til umsagnar þriggja aðila, Fiskifélags Íslands, veiðimálastjóra og Hafrannsóknastofnunarinnar. Svör hafa borizt frá þeim öllum, og eru þau mjög á einn veg, till. er talin athyglisverð og tímabær. Að vísu er bent á, að málefni þessi séu á algjöru byrjunarstigi, en þó séu víðtækar tilraunir hafnar meðal margra þjóða á þessu sviði nú þegar. Bent er á, að eðlilegt sé, að Hafrannsóknastofnunin láti kanna allt það, sem gert hefur verið erlendis í þessum málum á undanförnum árum, þeim gögnum verði safnað saman, svo að heildarupplýsingar séu til staðar, þegar hefja skal frekari aðgerðir í málinu, en eins og áður segir, mælir n. einróma með samþykkt till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 642).

15. Meðferð á hrossum.

Á deildafundum 20. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um mannúðlega meðferð á hrossum [142. mál] (A. 302).

Á 40. fundi í Sþ., 21. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 43. fundi í Sþ., 6. marz, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 44. fundi í Sþ., 13. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég verð ekki langorður um þá till., sem hér liggur fyrir, en hún er á þá leið, að Alþ. skori á landbrh. að sjá til þess, að ákvæðum laga um hýsingu, fóðrun og aðra hirðingu sé framfylgt að því er varðar hross sem annan búpening. Málalengingar út af þessu, hvort lögum skuli framfylgt, ættu að vera óþarfar, enda getur þetta varla valdið miklum deilum hér á sjálfri löggjafarsamkomunni.

Þegar ég var búinn að ganga frá þessari till., frétti ég það af Búnaðarþingi, að hæstv. landbrh. hefði þar í ræðu vikið að þessum málum og lagt á það ríka áherzlu, að eftir því yrði gengið, að umræddum lögum yrði framfylgt, og vel sé honum fyrir það. Engu að síður taldi ég rétt að leggja till. fram, enda þykist ég vita, að hæstv. ráðh. mundi

frekar fagna því heldur en hitt, að Alþ. lýsti yfir stuðningi sínum við þá viðleitni hans að bæta hlutskipti þeirra, sem vegna virðingarleysis manna fyrir umræddum lögum, — svo að maður tali nú ekki um þau lög, sem ekki byggjast á bókstafnum, heldur siðgæðisvitund hvers og eins, þ. á m. því, sem við nefnum mannúð, — hlutskipti þeirra, sem af þessum sökum verða að þola margs kyns þrengingar og raunir, þ.e.a.s. útigangshrossanna.

Ég mun þó ekki tefja við rökstuðning varðandi þá hlið þessa máls, sem að mannúðinni snýr, umfram það, sem fram kemur í bréfi frá heiðursbóndanum Kristjáni á Snorrastöðum, sem ég hef leyft mér að birta í grg. með till., enda má segja, að löggjafinn á þessu sviði sé ekki nema að takmörkuðu leyti þessi samkoma, hið háa Alþ., heldur hjartalag þjóðarinnar og sómatilfinning. Gengi mannúðarinnar, það má segja, að það sé fyrir utan valdsvið Alþ., eins og gengi reyndar á mörgum fleiri sviðum nú á þessum síðustu og erfiðustu tímum. En til að hamla gegn gengisfellingu á þessu sviði hefur Alþ. sett l., og Alþ. hlýtur að ætlast til þess, að eftir þeim l. sé farið.

En virðingarleysi manna fyrir þessum l., sem vitnað er til í till. og grg. með henni, þ.e.a.s. um hýsingu og fóðrun og aðra hirðingu búfjár, virðingarleysi manna fyrir þessum l. kemur m.a. fram í því, að lausagangur hrossa er að verða eitt meiri háttar vandamál í flestum eða öllum byggðarlögum landsins. Í kauptúnum og þorpum eru umhirðulaus hross á rangli vetrarlangt um götur og garða, brjótandi niður girðingar og viðkvæman trjágróður og hafandi iðulega ekkert að éta nema það, sem til fellur á ruslahaugum og í sorptunnum. Og umferðartruflanir upp til sveita stafa ekki allar af því slæma ástandi, sem þar ríkir í vegamálum, því að oft er það í skammdegismyrkri og hríðarbyljum, að ferðir manna tefjast af heilum hópum hrossa, sem standa eins og veggur þvert yfir veginn og verða ekki hrakin burt nema með harðri hendi. Verra er þó, að af þessu stafar mikil slysahætta, því að oft er það þannig, að ökumaður kemur ekki auga á þessi hross í myrkri og hríð fyrr en tími til þess að hemla er orðinn svo naumur, að það er ekki um annað að ræða en að aka beint inn í hópinn eða þá út af veginum, og mun þá flestum verða að velja frekar síðari kostinn, og hafa margir hlotið af þessu meiðsl og sumir mjög alvarleg, auk meiri og minni skemmda á bifreiðum sínum. Þá hafa sennilega enn fleiri slík slys orðið af völdum hrossa, sem allt í einu stökkva upp úr skorningum eða lægðum í veg fyrir bifreiðar.

Nauðsynjar þær, sem sveitafólk kaupir sér úr kaupstaðnum, eru yfirleitt skildar eftir á brúsapöllum við veginn, og víða er það þannig, að ásókn hrossa í þessa brúsapalla verður helzt líkt við stöðugt umsátursástand. Ég veit dæmi þess, að menn hafa lagt á sig að standa vörð í verstu veðrum við brúsapallana, meðan þeir bíða eftir bílnum með nauðsynjarnar, vegna þess að þeir vita, að ef það dregst eitthvað að bjarga nauðsynjunum heim í bæ, er allt að því eins líklegt, að hrossin verði búin að éta nauðsynjarnar upp til agna, þegar að er komið. Já, bókstaflega upp til agna. Það eru ýmsir, sem halda fram þeirri kenningu, að útigangshross þurfi aldrei að líða neinn teljandi skort og allra sizt í byggð. En hvað sem líður þeirri kenningu, er það staðreynd, að útigangshrossin éta ekki aðeins það, sem þau kunna að finna matarkyns á brúsapöllum, heldur éta þau líka það, sem í fljótu bragði virðist ekki hafa mikið næringargildi, eins og t.d. vefnaðarvörur, umbúðapappír og jafnvel dagblöð.

Þannig mætti lengi rekja þau vandræði, sem stafa af þessum hrossum, sem ráfa umhirðulaus um byggðir landsins. Ég ætla, eins og ég sagði, ekki að fjölyrða hér um líðan þeirra eða ásigkomulag. Ég verð þó að segja það fyrir mig persónulega, að mér hefur oft runnið það til rifja, og þó fullyrði ég, að meðferð hrossa í því héraði, þar sem ég á heima og þekki bezt til, er eflaust miklu betri og mannúðlegri en hún er víða annars staðar, þar sem þau verða kannske hundruðum eða þúsundum saman að þreyja þorrann og góuna í óbyggðum, e.t.v. snævi þöktum, þar sem hvergi eru nærri neinir brúsapallar eða ruslahaugar eða sorptunnur, sem þau geta sótt í saðningu við sárasta sultinum.

Ég mun svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég legg til, að þegar menn hafa sagt það, sem þeir kunna að vilja segja hér í dag varðandi till., verði umr. frestað og till. vísað til allsh.n.

Og þó, kannske ég bæti hér við aths., sem var gerð í mín eyru núna ekki alls fyrir löngu, að vísu í gamni, en öllu gamni fylgir nokkur alvara, og gott ef svipaðar aths. hafa ekki einhvers staðar komið fram á prenti, sem sé, að till. þessi muni hljóta dræmar undirtektir hér á hinu háa Alþ., þar sem ýmsir þm. muni óttast fylgistap, ef þeir láta í ljós opinberan stuðning við hana, vegna þess að þeir, sem setja hrossin á gaddinn, séu allir á kjörskrá, en hrossin hins vegar ekki. Ég er sannfærður um, að þessar ásakanir eru ekki aðeins ósæmilegar, heldur ástæðulausar með öllu, eins og ég veit, að sannast mun með farsælli afgreiðslu þessarar litlu till. minnar.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég ætla nú að hætta á það að segja fáein orð um þetta mál, jafnvel þó að því sé haldið fram, að það geti haft slæmar afleiðingar fyrir mann síðar. En maður verður þá að taka þeim afleiðingum, og ég hef ekki fleiri orð um það.

Hv. 4. landsk. þm., flm. þessarar till., hafði orð á því, að það væri fátt í friði fyrir hrossunum úti á vegunum, jafnvel dagblöðin væru þar ofurseld þeirra græðgi, og mun það vera rétt. En ég hygg, að það muni vera almennt viðurkennt af þeim, sem nokkuð þekkja til

þessara mála, að slíkir hlutir gerast ekkert síður á þeim tíma, þegar grösin eru græn og hrossin hafa nóg að éta. Það mun ekki vera vegna þess, að þau hafi sérstakan áhuga fyrir bókmenntum, né heldur af hinu, að þau séu svo nærri falli komin fyrir hungurs sakir, að þau leggja sér dagblöðin til munns. Liggja til þess aðrar orsakir, sem ég ræði ekki nú. En ég vildi aðeins leyfa mér að lýsa ánægju minni yfir því, að umr. fara fram um þetta mál hér í Alþ. Ég tel, að enn sé, því miður, þörf að ræða þessi mál þó að þetta sé hvergi nærri fyrsta umr. á meðal ábyrgra manna um það, á hvern hátt eigi að snúast við þeim vanda, sem hér er við að stríða.

Flm. þessarar till., hv. 4. landsk., hafði orð á því og gat um það réttilega, að hæstv. landbrh. hefði lagt á það ríka áherzlu við Búnaðarþing, að að þessum málum yrði staðið með þeim hætti, að fyrir það yrði tekið, að fóður skorti fyrir búpening á hverjum tíma. Ég vildi mega upplýsa það hér, að Búnaðarþing hafði þetta mál til meðferðar og gerði um það ályktun, sem að sjálfsögðu mun stýðja að því, að þetta komist í betra horf og betra lag en verið hefur, og er þess full þörf. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að kynna hér þá till., sem Búnaðarþing samþykkti um þetta efni. Hún er á þessa leið:

„Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að gangast fyrir fundum um fóðurbirgðamál á komandi sumri. Fundir þessir verði haldnir um allt land, einn í hverju sýslufélagi, og þeim lokið fyrir réttir. Á fundum þessum skulu mæta forðagæzlumenn, oddvitar hreppsfélaga og héraðsráðunautar í búfjárrækt eða fulltrúar þessara aðila. Helzta verkefni fundanna skal vera að taka til rækilegrar endurskoðunar lágmarkskröfur, sem gilt hafa um ásetningu og fóðurþörf búfjárins. Miðist endurskoðun þessi einkum við heyfóðrið. Reynt verði að samræma ásetninginn, eftir því sem tök eru á, og hert á lágmarkskröfum um heybirgðir á haustnóttum, þar sem sýnt er, að ásetningur er ekki enn öruggur fyrir. Þá vinni fundirnir að því, að forðagæzlumenn ljúki ásetningi svo snemma hausts, að bændur hafi sem minnst óþægindi, ef um fækkun bústofns verður að ræða vegna of lítilla heyja."

Eins og ég sagði áðan, er þetta hvergi nærri fyrsta skiptið, sem þessi mál ber á góma, að tryggja hrossum og öðrum búpeningi nægilegt fóður yfir veturinn og aðbúð, þannig að sómasamlega sé að þeim búið á allan hátt. Ég vil vekja athygli á því einnig, að í tímariti Landssambands hestamannafélaga, 1. tbl. þess 1967, bendir ritstjórinn á það í ritstjórnargrein, að það séu núna því nær 90 ár síðan sýslunefnd Skagafjarðarsýslu samdi reglugerð í því skyni að bæta kynferði búpenings í héraðinu, en í þeirri reglugerð segir m. a.:

„Hver búandi skal eiga rúmgóð hús yfir öll hross sín og hjúa sinna. Bresti húsrúm, verður hann að fækka hrossunum."

Ráðamenn um þessi efni hafa, eins og af þessu má sjá, lengi séð það, að hér var mikilla úrbóta þörf, og maður verður að játa það, að okkar ferð hefur gengið grátlega seint í þessu efni, að komast á þann leiðarenda, sem við verðum að ná, og það er að búa þannig að þessum gripum eins og öðrum, að það sé vansalaust og þeim megi líða vel. Um þessa reglugerð sagði Theódór heitinn Arnbjörnsson einu sinni, að samþykktinni væri ætlað að gerbreyta svo allri aðbúð Skagfirðinga við hross sín, að öllu ólagi ætti að hrinda með einu átaki, en framundan blasti við fyrirhyggja, mannúð og hagsýni. „Er svo bjart yfir hugsjóninni, sem stendur á bak við frv. um þessa reglugerð, að hún má ekki gleymast." Og með það í huga vildi ég m.a. minna á þessi orð.

Þá vil ég minna á það, að Búnaðarsamband Suðurlands hefur á þessum vetri m.a. rætt þessi mál og gert um þau samþykktir. Ég vil fyrst minna á samþykkt, sem stjórn Búnaðarsambands Suðurlands gerði á fundi sínum 1. febr. í vetur, sem er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Samkv. forðagæzlulögunum er ráðunautum búnaðarsambandanna í búfjárrækt skylt að hafa yfirumsjón með forðagæzlunni og fóðrun búfjárins. Stjórn Búnaðarsambands Suðurlands telur það mjög miklu skipta, að framkvæmd forðagæzlunnar fari að öllu leyti vel úr hendi, og til þess að auðvelda ráðunautum sambandsins yfirumsjón forðagæzlunnar heimilast ráðunautunum Hjalta Gestssyni og Einari Þorsteinssyni að ráða tvo menn sér til aðstoðar við þessi störf, og skal annar vera dýralæknir, en hinn vanur forðagæzlumaður, þannig að á sambandssvæðinu yrðu tvær forðagæzlunefndir til aðstoðar forðagæzlumönnum og hreppsnefndum."

Þessari ályktun er ætlað að stuðla að því, að framkvæmd forðagæzlulaganna komist í betra horf en nú er, og verður maður að vona, að þessi samþykkt meðal annarra umr., sem um mál þessi verða, verði til þess að stuðla að því, að svo verði.

Þá vil ég einnig minna á, að á fundi, sem Búnaðarsamband Suðurlands boðaði til alla formenn búnaðarfélaganna á sínu sambandssvæði 2. febr. í vetur, voru þessi mál mjög til umr., og mig langar til að kynna hér bæði útdrátt úr fundargerð þessa fundar og samþykkt þá, er þar var gerð. Í fundargerðinni segir svo, með leyfi forseta:

„Annað atriði fundarins var framsöguerindi, sem Hjalti Gestsson búfjárræktarráðunautur flutti um forðagæzlu. Taldi ræðumaður, að forðagæzlan væri ekki tekin nógu alvarlega í sumum sveitum. Skýrslugerð um þessi efni og öll framkvæmd þarf að vera í fullkomnu lagi og ásetningur ekki meiri en heybirgðir leyfa og mjölgjöf sé ekki notuð nema sem fóðurbætir. Þá taldi ræðumaður, að á ýmsum bæjum væri hirðingu mjög ábótavant á búfé og þó sérstaklega á hrossum, einnig væru

gripahús ekki í því standi, er þau þyrftu að vera. Þetta þyrftu búnaðarfélagsformenn að hugleiða og vinna að umbótum, hver í sinni sveit, þar sem þörf gerist, og hvatti ræðumaður bændur til þess að vinna að því. Skylt mál þessu, sagði ræðumaður, að væri gæzla búfjárins, sagði, að búpeningur ætti ekki að flækjast um alla vegi og valda öðrum skaða og óþægindum."

Fundur þessara forráðamanna búnaðarfélaganna á sambandssvæðinu gerði svo um málið samþykkt, að vísu er það fyrst og fremst um síðari lið þessa erindis, sem þarna var flutt, en það er einmitt mjög skylt þessu, sem við erum að ræða um, enda kom flm. inn á það að nokkru leyti. En samþykkt fundarins er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundur formanna hreppabúnaðarfélaganna á Suðurlandi, haldinn að Goðalandi í Fljótshlíð á vegum Búnaðarsambands Suðurlands 2. febr. 1968, leggur áherzlu á, að búfjáreigendur haldi gripum sínum í öruggum girðingum, en láti þá ekki ganga umhirðulitla í annarra löndum eða á umferðarleiðum vegfarendum til tafar og tjóns. Fyrir því skorar fundurinn alvarlega á búfjáreigendur og forystumenn sveitanna að vinna markvisst að því, að flökkufénaður hverfi með öllu af umferðarleiðum héraðsins og sér í lagi úr löndum annarra, eftir því sem frekast er unnt."

Ég vil þá einnig geta þess hér, að ýmis félagsskapur áhugamanna eins og t.d. hestamannafélögin í landinu og landssamband þeirra, hefur mjög haft þessi mál á dagskrá og gert um þetta samþykktir iðulega á ársþingum sínum. Ég vil rétt aðeins minna á, að samþykktir hafa verið gerðar um þessi mál á þingi, sem haldið var á Sauðárkróki 1964, sem haldið var á Hvolsvelli 1965 og nú síðast á Blönduósi 1967. Ég tel ástæðulaust að lesa hér upp hverja samþykkt fyrir sig. Þær miða allar að því að skora á ráðamenn og hestaeigendur að kippa þessum málum í lag, svo að hestunum megi líða sem bezt og þeir verði ekki eigendum sínum til skaða og skammar.

Þá vil ég einnig geta þess, sem ég raunar drap hér lauslega á áðan, að í tímariti landssambandsins hefur iðulega verið að þessum málum vikið og þó einna mest núna á árinu 1967. Ég benti áðan á ritstjórnargrein ritstjórans, en fleira hefur verið um þetta rætt í því riti. Í 2. tbl. þessa árgangs segir ritstjórinn t.d. í grein, sem hann kallar: „Um stóðhross og útigang" — þá segir hann m.a., að það muni vera nauðsyn á að fækka hrossunum, og segir þá orðrétt:

„Framkvæmd hrossafækkunar verður vart hugsanleg nema með einu móti. Landslög verða að gilda og skera úr. Fortölur og rökræður munu litlu til vegar koma. En lög eru lög, og þegar nauðsyn styður þau, ætti ekki að þurfa að brýna neinn til þess að halda þau. Ég tel, að Landssamband hestamannafélaga og Búnaðarfélag Íslands verði sameiginlega að skora á yfirvöld, að þau láti til skarar skríða í haust og fylgi eftir lögum um ásetning hrossa í landinu. Mér er það vel ljóst, að ég er að kveða upp dóm yfir sjálfum mér. Ég veit, að svo kann að fara, að ég verði að leggja að einhverju leyti í rúst hugsjónir bernsku minnar, ræktunarstarf, sem aðeins er vísir þess, sem verða átti, tómstundastarf, sem verið hefur lífshamingja mín að nokkru og kostað erfiði og fjármuni, en við því er ekkert að segja."

Þessi drengilegu orð mælir ritstjóri tímaritsins Hesturinn okkar í 2. tbl. árgangsins 1967.

Þá þykir mér rétt einnig að kynna, að í þessu sama riti, sama hefti, hefur Guðmundur Þorlákssson bóndi á Seljabrekku skrifað grein, sem hann kallar „Veðurskýli," og mundu þau vissulega, ef þau væru reist fyrir hrossin úti í haganum, verða til mikilla bóta og oft og tíðum nægileg vörn fyrir þessa gripi í stuttum hrinum, sem gerir, þegar ekki næðist til þeirra til þess að koma þeim í hús.

Mér þótti rétt að benda alþm. á þessa hluti, sem ég hef hér talið, en þetta er aðeins annar þáttur þess, sem vert væri að ræða í sambandi við þá till., sem hér er til meðferðar.

Ég hef bent á, að það mun vera liðið a.m.k. fast að 90 árum frá því að menn fóru að bollaleggja um það og gera um það samþykktir, að nauðsyn væri að kippa þessum málum í lag, og enn erum við ekki komin þar á leiðarenda. Þá, þegar svo hefur gengið, væri eðlilegt, að við leituðum eftir orsök þess, að svona hefur gengið til. Ég hef reynt að gera mér grein fyrir því, hvað þessum hlutum veldur, og ég held, að ég verði að draga þá ályktun af þeim athugunum, að það sé hrossafjöldinn, sem þarna skapar mestan vandann, svo og að hrossin gefa ekki eigendum sínum það í aðra hönd, sem þarf til þess, að þeir geti af fjárhagsástæðum kippt þessum málum í lag, hvorki það, að þeir geti skaffað þeim það viðurværi og aðbúnað, sem vert og skylt er, heldur einnig hitt, að það er ekki hlaupið að því að fækka hrossum, þegar litið fæst fyrir þá gripina, sem felldir eru úr hjörðinni. Um aldamótin síðustu var hrossatalan í landinu um 41 þús., um 1920 var hún komin upp í 50 þús., um 1940 eru þau 56 þús., en núna, 1960, er þessi tala komin niður í 31 þús. Þessi mikli fjöldi hrossa um 1940 mun að sjálfsögðu eiga rætur sínar að rekja til þess, að á þeim árum gengu sauðfjárpestir yfir landið, og bændur höfðu það sem nauðvörn í þeim þrengingum, sem þá gengu yfir þá, að fjölga hrossunum og reyna að hafa af þeim tekjur, sérstaklega með kjötframleiðslu í huga. Það hefur komið í ljós, að sú atvinnugrein var ekki arðbær, þó að hún bjargaði í bili, og því hefur verið horfið frá því ráði víðast hvar vegna þess, hversu þessar kjötvörur hafa verið í lágu verði og þess vegna ekki svarað til þess kostnaðar, sem þurfti að leggja í við þessa búgrein.

Ég vil benda á, að til þess að hægt sé að

kippa þessum málum í gott lag, þarf að gera tvennt að mínum dómi. Í fyrsta lagi að fækka hrossunum. En til þess að það sé hægt að fækka þeim, þyrfti að tryggja betra verð fyrir þau. Og ég á von á því, að það muni vera hægt að skapa og gera verðmæti úr þeim hrossum, sem til eru í landinu, ef hyggilega væri unnið að, með því að halda áfram þeirri sókn, sem verið hefur í kynbótastarfseminni í hrossaræktinni og einnig með því að vinna ötullega að því að skapa markaði fyrir þessi hross, fyrir íslenzka hesta hérlendis og erlendis. Það hefur nokkuð verið gert af því að flytja þau út til notkunar, sérstaklega í Þýzkalandi og Sviss, en það verður að játast, að að þeirri útflutningsverzlun hefur ekki verið staðið eins og þurfti. Ég álít, að vöruvöndun hafi þar ekki verið nægilega mikil, til þess að hrossin fengju þann eðlilega dóm og þær eðlilegu vinsældir, sem vænta mætti, og þess vegna þurfi að gera ráðstafanir, t.d. með því að hafa sérstakt gæðamat á þeim gripum, sem fluttir eru úr landi, til þess að hækka söluverðið erlendis. Ef þetta tækist, mundi það áreiðanlega verða drjúgur þáttur í því að leysa það mál, sem við erum hér við að fást og um er að ræða. En ég vil benda á það einnig, að það er mikil nauðsyn, að þeir menn, sem ræða þessi mál og gera um þau samþykktir, gleymi aldrei að gera kröfu til sjálfra sín og þeirra aðila, sem eru ábyrgir fyrir þessum hlutum, og brýni fyrir þeim að gera það, sem þeim er ætlað, til þess að koma þessum málum í lag.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það er yfirleitt dauft hjá okkur hér í þinginu, og lítið líf í umr. og liggur tæpast nógu vel á þm. En hv. 4. landsk. þm. bætti ofurlitið úr því. Ég hef alltaf haft miklar mætur á þessum hv. þm. sem stílista og skemmtilegum rithöfundi. Ég las bók eftir hann, Tekið í blökkina, eftir Jóngeir nokkrum. Ég hafði mikið gaman af þeirri bók. Jóngeir sagði með afbrigðum vel frá, svo að þessi hv. þm. á ekki allan heiðurinn af þeirri bók, en góð var hún. Ég las einnig bók eftir hann, þar sem hann var að segja frá konu á Austurlandi, sem var mikill dýravinur. Ég átti því von á, að hann mundi útmála hér, þessi hv. þm., hvað þessum hrossum liði illa, sem við ættum úti að vetrinum, og gerast þeirra verndari og varnarmaður. En mér virtist fara furðulítið fyrir því. Ég álít, að hann hefði átt að lýsa því, hvernig þeim liði, þegar þau stæðu úti í stórhríðum, hefðu ekkert skjól, ef til vill þriggja sólarhringa byljum eða þegar krapahríðarnar gengju og þeim yrði kalt, svo kæmi frost á eftir, hrossin forkeluðust og hryssurnar létu folöldum, því að þetta er náttúrlega það, sem á sér stað. Í stað þess talaði þessi hv. þm. um það, að þau verði fyrir bílum og það vilji til, að þau éti af brúsapöllum alls konar rusl. Út af fyrir sig getur það náttúrlega komið fyrir, en það er ekki aðalatriðið, því að það ætti að kenna mönnum hirðusemi að láta ekki liggja mikið á brúsapöllunum, ef þeir eiga von á, að hrossin éti það, svo að það út af fyrir sig gæti verið jákvætt. Í öðru lagi eru nú fleiri lífverur, sem éta af brúsapöllum, heldur en hross. Það eru t.d. hrafnar, sem eru alveg meinvættir. Ef lagt er smjör á brúsapall, eru þeir komnir í þetta og eins kindur, og ekki eru kýrnar beztar, því að þær eru mestu skaðræðisgripirnir, ef þær eru úti og komast að brúsapöllunum. Vitanlega geta hross orðið fyrir bílum, ef ógætilega er ekið, en það er nú þannig, að það eru fleiri skepnur en hross, sem geta verið á vegunum, þannig að þetta er ekki aðalatriði málsins. Svo er tilfellið, þó að menn fari að girða meðfram vegunum, eins og hv. 5. þm. Sunnl. var að tala um, að fundir á Suðurlandi hefðu verið að leggja áherzlu á, að menn ættu að gera, og láta ekki skepnur sínar vera að flækjast á vegunum, þá er við það að athuga, að það er erfiðast að losna við skepnurnar, þegar girt er beggja vegna við veginn. Það er eins og þar sem mestar eru girðingarnar vilji það alltaf til, að skepnurnar komist inn á vegina, og þá er maður algerlega í vandræðum að losna við þær, stórir skurðir báðum megin og kannske girt nærri vegunum. Það eru raunar ólöglegar girðingar nú orðið, en girðingar, sem komnar eru, hafa yfirleitt ekki verið teknar upp, þó að þær séu nálægt vegunum, og þá er ég fyrst í erfiðleikum að losna við skepnurnar af vegunum, þegar girt er báðum megin, og þá er það endalaust, sem þær þvælast fyrir, bæði hross og kindur. Það er ákaflega æskilegt, að hross fari ekki inn á vegina og yfirleitt að skepnur séu sem minnst fyrir ferðamönnum. En það er bara e.t.v. erfiðast að fást við þetta, þar sem mest er girt.

Það kom fram hjá hv. 5. þm. Sunnl., að gerðar hafi verið samþykktir hestamannafélaga um meðferð á hrossum og eitthvað slíkt á Búnaðarþingi. Það er nú gott og blessað með allar þessar ályktanir, ef eftir þeim væri farið. Það er þannig, að ef farið væri eftir guðs og manna lögum, væri prýðilegt ástand í veröldinni. Það eru lög um fordagæzlu, og og það væru sjálfsagt allir vel settir, af eftir þeim lögum væri farið. En það er bara ekki gert. Ég talaði við einhvern allra raunsæjasta mann í búnaðarmálum um daginn. Ég hef alltaf haldið því fram, að það væri ekkert gagn að fordagæzlu, og held því enn fram. Hann sagði mér, að þetta væri alveg satt, það væri ekkert gagn að henni. Þetta er ekkert nema peningaeyðslan. Svo gera margir það af spotti að kjósa þá menn, sem alltaf eru heylausir, til að vera fordagæzlumenn, þannig að þetta er hreint ekki tekið alvarlega. Það er snilld hjá hestamannafélagi Reykjavíkur, því að þetta eru hestavinir og hafa ánægju af hestum og allt vel um það, en ég heyrði nú annaðhvort í útvarpi eða blöðum, að þeir voru búnir að týna eitthvað milli 10 og 20 hestum í vetur í þessari líka þokkaveðráttu. Þeir voru búnir að spyrjast fyrir um það, ég heyrði það held ég í útvarp-

inu, hvort það gæti skeð, að þeim hefði verið slátrað einhvers staðar. Það er ágætt að gera svona samþykktir, en mennirnir þurfa fyrst að passa sín eigin hross.

Yfirleitt hef ég ekki haldið miklar ræður um þessi útigönguhross, en hryssurnar mínar, þær eru í hópum og þær koma heim, þ.e.a.s. ef einhver tekur þær ekki og passar þær, þá koma þær heim, og ég þarf ekkert að sýsla við þetta. En þessi óreiða, að vera búinn að týna 10-20 hrossum, hestum, reiðhestum, vinum sínum, — því í ósköpunum líta menn ekki eftir þessu? Ég held, að hv. flm. þessarar till. hefði átt að hnýta þessu aftan í hana og þessir hestamenn í þessum hestamannafélögum, þeir ættu fyrst og fremst að líta vel eftir sínum eigin hestum. Ég skal ekkert segja, hvað hefur orðið af þessum hestum. Sumir halda, að þeir hafi verið teknir í misgripum. Aðrir halda, að þeir hafi verið étnir. Út af fyrir sig væri það nú ekki neitt í ósamræmi við dýraverndunarlög, þó einhver hefði étið hestana, þeim leið ekkert illa á eftir. En fyrst ættu mennirnir að gæta að sínum eigin hestum, áður en þeir fara að víta aðra fyrir meðferð á hrossum.

Viðvíkjandi því, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Sunnl., að hrossunum sé að stórfækka, dreg ég það ofurlítið í efa, því að við, sem eigum mörg hross, teljum ekki svo nauðsynlegt, að við vitum nákvæmlega, hvað við eigum, þannig að ég legg ekki ákaflega mikið upp úr þessu framtali, ég segi það alveg eins og er.

Viðvíkjandi því, sem þessi hv. þm. var líka að segja, að það ætti að hækka verðið á hrossunum, er það alveg rétt hjá honum, að menn hlífðust s.l. haust við að slátra hrossunum, vegna þess að það var ekkert fyrir þau að hafa. Það er búið að fara þannig með þessa hrossakjötssölu, að þetta fer mest í millilliðakostnað. En það er bara hætt við því, ef verðið hækkaði, að menn færu þá að halda, að þeir græddu á að eiga hross. En hitt vil ég taka fram, að mín skoðun er sú, að það þurfi að gera ráðstafanir til þess, að hrossunum fækki í vissum héruðum a. m. k. Þau eru nú mjög fá víða. En það þarf að taka það öðrum tökum en tekið hefur verið. Það er þannig með þessa blessaða fordagæzlu og allt það, að þegar sveitarstjórnirnar eiga að sjá um framkvæmdirnar, hlífast þær við því. Það þarf alltaf einhvern að styggja, og menn hlífast við því. Það er ekki beint það, að þm. séu að sækjast eftir atkv., heldur er þetta heimamál í hverjum hreppi, og þar eru kosnar hreppsnefndir, og þá hafa atkv. á einu heimili kannske mikið að segja og þetta eru kunningjar. Bændur eru kunningjar og hlífast við að gera hver öðrum ógreiða.

Það er þannig með afréttarlöndin, að þau þola ekki, að þessi hross séu fleiri, og ég álít, að það sé nauðsynlegt að semja skynsamlega löggjöf um þetta og framfylgja henni, þannig að það sé tryggt, að það séu einhver takmörk fyrir því, hvað rekið sé í afrétt af hrossum, og í öðru lagi, að menn eigi ekki hross, ef þeir hafa ekki yfir þau hús og hey.

Ég heyrði talað um það í útvarpi, að einhver bóndi hefði sagt, að það versta, sem gert væri fyrir útigönguhrossin, væri að taka þau inn. Og þetta var, held ég, talin mesta firra og vitleysa. En sannleikurinn er sá, að þetta er alveg rétt. Ef hrossið á að mestu leyti að lifa á útigangi, þá er illa gert að fara að taka það inn í hús. En það þarf að gefa hrossunum, ef þau eru svöng, og það kom hér fram hjá hv. 5. þm. Sunnl., að menn þyrftu að eiga skýli úti í haganum fyrir hrossin, og þetta er í sjálfu sér alveg rétt og mjög vel athugað. En þá þarf að vera hey við það skýli, og það þarf að vera hægt að gefa inni. En yfirleitt er svo snöggt nálægt bæjum, síðan búin fóru að stækka, að hrossin verða að vera fjarri bænum, ef þau eiga að hafa viðunandi haga og þurfa að leita töluvert fyrir sér oft, og landlitlar jarðir þola bara alls ekki hrossaeign, þannig að þetta þarf að taka föstum og skynsamlegum tökum og koma í veg fyrir það, að menn eigi hross, sem hvorki hafa hús né hey og eru jafnvel sjálfir ekki í sveitunum, þar sem hrossin eru, eins og á sér stað í minni sýslu víða. En hins vegar get ég ekki tekið undir það, að yfirleitt líði útigangshrossum illa, ef þau eru ekki svöng. Ég held, að það sé yfirleitt skemmtilegasta líf, sem ein skepna getur lifað, það er að fá að ganga frjáls og glöð úti í náttúrunni. Það hlýtur hv. flm. að skilja. Og sérhvert dýr á gott, sem getur verið frjálst úti í náttúrunni og étið það, sem það vill, meðan það nær í það.

Svo þarf nú að fara vel með fleiri verur en hrossin. Hvernig er það með hreindýrin? Eru þau ekki látin ganga hungruð uppi á fjöllum? Ég held, að hv. flm. ætti að hnýta því aftan við að skjóta þau öll, svo að þau kveljist ekki lengur í öræfunum. Það væri vit í því. Ég las það einhvers staðar, að hrafnarnir væru að kroppa í bakið á þeim og þau gætu ekki varizt. Svo má ekki svelta menn heldur. Ég hef orðið að vera mjólkurlaus og smjörlaus í marga daga núna. Og hv. flm. ætti að beita sér fyrir því, að menn væru ekki sveltir. Ég sé ekki, að neinn vinni við það að svelta fólk, ef hann á matvæli til handa því. ekki sízt ef það er of mikið framleitt af þeim. Það þarf margs að gæta, bæði mannvináttu og dýraverndar.

En ég vil ekki taka undir það, sem flm. kom með, að við þurfum einkum að gæta þess, af því að við getum ekki algerlega komið í veg fyrir, að skepnur fari á vegi og geti orðið einstaka sinnum fyrir ferðamanni. Annars er það svo með suma þessa ferðamenn, að þeim liggur ekkert óskaplega á. Þeir eru að fara út í byggðirnar án þess að hafa mjög annríkt. Aftur höfum við nóg að gera, bændurnir, þó að við tefjum okkur ekki á þessu. Og brúsapallana verðum við að passa. Ég veit ekki, hvort hv. flm. hefur orðið fyrir miklum skaða af brúsapöllum, hann hefur víst ekki átt svo marga. En ég held, að við verðum að gæta þessarar vináttu við dýrin víðar

en gagnvart hrossunum og meira að segja gagnvart mönnum.

Magnús H. Gíslason: Herra forseti. Það er nú að vísu komið að lokum fundartímans, og ég get lofað því að hafa hér ekki mörg orð um þetta mál, enda er þegar búið að koma inn á ýmislegt af því, sem ég hafði annars hugsað mér að taka fram. Einkum var það hv. 5. þm. Sunnl., Steinþór Gestsson, sem það gerði, og ég get því látið nægja að segja hér aðeins örfá orð.

Ég vil þá fyrst af öllu þakka hv. flm., 4. landsk. þm., ef ég man rétt, — ég er nú ekki alveg viss á númerum á mönnum hér í þingsalnum, og má kannske virða mér það til vorkunnar, — þakka honum fyrir flutning á þessari till. og það hugarfar, sem ég veit, að býr á bak við þann tillöguflutning hjá honum. Og ég get fullkomlega tekið undir það, sem fram kemur í þessari till., bæði að því er snertir till. sjálfa, sem er nú reyndar stutt, og einnig þá grg., sem henni fylgir.

Hér var vitnað áðan í 90 ára gamla samþykkt, sem hafði verið gerð í Skagafjarðarsýslu um meðferð á hrossum. Ég verð nú að segja það, að þó að hún sé góðra gjalda verð og hafi áreiðanlega á sínum tíma verið gerð af góðum hug og í góðum tilgangi, er því miður ekki hægt að segja það, að árangur hennar hafi orðið jafnmikill í minni heimabyggð og æskilegt væri og þeir menn, sem að flutningi hennar stóðu á sínum tíma, hafa sjálfsagt gert sér vonir um. Skagafjörður er hrossamargt hérað. Þó að hrossum hafi að vísu farið fækkandi þar á seinni árum. Og þó að meðferð hrossa þar sé að sjálfsögðu ekki fullkomlega í því lagi, sem hún ætti að vera, hjá öllum, vil ég þó halda því fram alveg hiklaust, að hún hafi batnað mjög verulega á síðari tímum. Sannleikurinn er sá, að þar sem ég þekki til þarna heima, er, sem betur fer, svo komið, að það er ekki einasta, að flestir hafi nægjanlegt fóður, sem eitthvað eiga af hrossum, — þeir, sem eiga fá hross, hafa að sjálfsögðu alltaf nóg fóður fyrir sín hross og einnig hús, — það er einnig komið þannig, að þeim, sem eiga fleiri hross en almennt gerist, fer sífækkandi, sem hafa ekki fóður fyrir þau, þó að þeir sér enn til, því miður. Hinir eru eitthvað fleiri, sem ekki hafa hús fyrir sín hross. Það er líka töluvert útbreidd trú hjá mönnum, sem eiga hross, eiga stóð, og það kom fram hjá hv. þm. Birni Pálssyni áðan, að það sé kannske ekki höfuðnauðsyn, a.m.k. ekki að jafnaði, að menn eigi hús fyrir hrossin. Og það er nokkuð til í þessu. Ég á að vísu ekki mörg hross, en ég er alinn upp með hrossum og þykir vænt um hross og vil ekki missa af því að umgangast þau og þeirri ánægju, sem það veitir. Þó að við heima hjá mér og minir nágrannar getum hýst okkar hross og gerum það oft og einatt, hef ég samt sem áður lært það af því að umgangast hrossin, að þau, sem á annað borð eru vön útigangi og líða að öllum jafnaði mest á útigangi, kæra sig yfirleitt ekki um húsvist. Við höfum haft þann hátt á, að við gefum hrossunum inni að öllum jafnaði, þó ekki alltaf, en að öllum jafnaði gefum við þeim inni, ef tíð er þannig, að það er erfitt að gefa þeim úti. En við látum þau vera við opið, og það er nokkurn veginn segin saga, að um leið og hrossin eru búin að éta, fara þau út. Það má vera illt veður til þess, að þau virðist ekki heldur vilja standa undir húsunum, standa í vari við húsin heldur en að standa inni, þegar þau eru búin að fá fylli sína. Og þetta álít ég, að bendi til þess, að hrossin uni í sjálfu sér ekki húsvistinni.

Það er hægt að leysa þetta mál á einfaldan hátt, eins og hér hefur verið drepið á, og tiltölulega ódýran. Vandinn er ekki annar en sá að reisa tiltölulega ódýr hús, við skulum segja bara bragga, fyrir hrossin, setja þar upp timburgarða eða þá bara hreint og beint byggja skýli úr torfi og grjóti, sem er fremur ódýrt, en alveg fullnægjandi, hafa hey við þessi skýli, og þarna er hægt að gefa hrossunum með lítilli fyrirhöfn, þegar á þarf að halda. Þetta er auðveld lausn og eiginlega furðulegt, að menn skuli ekki hafa tekið hana upp í ríkara mæli en orðið hefur enn.

Ég skal ekki hafa þetta öllu lengra, því að það er komið fram yfir fundartímann. Ég hefði gjarnan viljað segja hér eitthvað fleira í sambandi við þetta mál, ef tími hefði unnizt til, en fundartíminn er úti, og ég vil ekki vera að brjóta af mér við hæstv. forseta, sem leyfði mér að segja þessi fáu orð. En ég vil aðeins endurtaka þakklæti mitt til hv. flm. fyrir þessa till. Sannleikurinn er sá, að þetta mál er raunverulega í höndum sveitarstjórnanna á hverjum stað. Þær hafa lög við að styðjast, og ef þær kæra sig um, geta þær fylgt þeim eftir, og það er raunverulega skylda þeirra að fylgjast með því á haustnóttum, að hrossabændur hafi fyrir hrossin, eins og annan búfénað, nóg fóður og hús. Og það, sem á vantar, er bara, að menn heima fyrir, þeir, sem vilja ekki una þessu ástandi, fylgist með því og fylgi því eftir, að þeir, sem hafa vald til þess að ráða því, hvernig á þessum málum er haldið, kippi þeim í lag, hver hjá sér. En það er ekki orðið enn, og meðan svo er ekki, tel ég þessa till., sem hér hefur komið fram, fullkomlega réttmæta og þakka hv. flm. fyrir að hafa vakið máls á þessu.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 17. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 302, n. 522).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Eins og fram kom við fyrri hl. umr. um þessa till. hv. 4. landsk. þm., þá eru menn ekki

á einu máli um það, hvað sé mannúðleg meðferð á hrossum. En um hitt virðast flestir vera sammála, að ákvæðum l. um, að búfjáreigendur skuli hafa til umráða hús og nægilegt fóður fyrir allan bústofn sinn, þeim sé a. m. k. ekki að öllu leyti fullnægt. Þegar hér við bætist svo, að hrossastofninn gengur allnærri gróðri landsins í ýmsum byggðarlögum, þá virðist þessi þáltill. ekki að ófyrirsynju fram komin.

Allshn. hafði þetta mál til meðferðar og leitaði umsagna, eins og greinir á nál. N. varð sammála um að leggja til, að till. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 643).

16. Auknar sjúkratryggingar.

Á deildafundum 22. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um auknar sjúkratryggingar til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis [148. mál] (A. 314).

Á 41. fundi í Sþ., 28. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 43. og 44. fundi í Sþ., 6. og 13. marz, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 46. fundi í Sþ., 20. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Ég hef ásamt 4 öðrum hv. þm. leyft mér að flytja till. til þál. á þskj. nr. 314 um auknar sjúkratryggingar til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj., að hún láti endurskoða IV. kafla l. nr. 40/1963, um almannatryggingar, með það fyrir augum, að sjúklingar, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis, fái verulega auknar sjúkrabætur frá því, sem nú á sér stað."

Till. samhljóða þeirri, sem hér um ræðir, var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. Við höfum því leyft okkur að endurflytja till. nú í von um, að hún nái fram að ganga. Eins og kemur fram í grg. fyrir till., er það ætlun flm., að endurskoðun l. miðist fyrst og fremst við, að gerðar verði breytingar á IV. kafla l., en sá kafli fjallar um það, hvaða sjúkrabætur tryggingunum beri að greiða almennt. Það, sem fyrir flm. vakir, er að endurskoðunin miðist við, að komið verði á auknum bótum til þeirra sjúklinga, sem óhjákvæmilega þurfa á því að halda að leita sér læknishjálpar erlendis. Að sjálfsögðu er hér um nokkurt vandamál að ræða. Það er viss vandi, sem hlýtur að fylgja því að taka ákvörðun um, hvaða sjúklingar það eru hverju sinni, sem nauðsyn ber til, að leitað verði læknishjálpar erlendis. Slík ákvörðun verður að sjálfsögðu að vera í höndur sérfræðinga.

Um allan heim er unnið þrotlaust að hvers konar rannsóknum á sviði læknavísindanna, og hafa slíkar rannsóknir þegar borið góðan árangur. Að sjálfsögðu fylgjast Íslendingar með allri slíkri þróun, eftir því sem kostur er á. Hitt segir sig sjálft, að hinar fjölmennu og auðugu stórþjóðir hafa hér meiri og betri skilyrði til þess að starfrækja fullkomnar og kostnaðarsamar rannsóknarstofnanir, en þær eru fyrst og fremst grundvöllur þeirrar þróunar og framfara, sem á undanförnum árum hefur átt sér stað á sviði læknavísindanna.

Á síðari árum hefur það farið allmikið í vöxt, að Íslendingar, sem gengið hafa með hjartasjúkdóma, hafi leitað sér lækninga á þeim sjúkrahúsum erlendis, sem vitað er, að ráða yfir mestri sérfræðilegri þekkingu og tækni á þessu sviði. Á s.l. ári munu ekki færri en 17 sjúklingar hafa leitað læknishjálpar erlendis vegna hjartasjúkdóma. Að sjálfsögðu getur einnig verið um fleiri alvarlega sjúkdóma að ræða, sem undir þessa auknu aðstoð þurfa að falla, en eins og ég áður sagði, verður það að vera í hverju tilfelli eftir mati þar til kvaddra sérfræðinga að dæma um þörfina. Augljóst er, að tala þeirra sjúklinga, sem hér um ræðir, fer stöðugt hækkandi og þess vegna brýn nauðsyn, að mál þessi frá tryggingarlegu sjónarmiði verði endurskoðuð og endurbætt með auknum fjárbótum. Þær læknisaðgerðir, sem ég hef hér rætt um, eru hins vegar mjög kostnaðarsamar og í mörgum tilfellum fjárhagslega ofviða þeim, sem í hlut eiga.

Á undanförnum árum hefur Alþ. veitt nokkra fjárupphæð á fjárl., sem ætluð er til styrktar þeim sjúklingum, sem leita verða læknishjálpar erlendis. Í fjárl. yfirstandandi árs er upphæðin 1½ millj., sem er mun hærri fjárhæð en áður hefur átt sér stað. Þá hafa fleiri aðilar látið mál þessi til sín taka á lofsverðan hátt. Má í því sambandi nefna félagssamtökin Hjartavernd og sjóðsstofnun Ásbjörns Ólafssonar stórkaupmanns, en báðir þessir aðilar hafa veitt fjárhagslegan styrk til þeirra sjúklinga, sem hér um ræðir. Allt fyrir það verður að telja réttmætt, að hið almenna tryggingakerfi, sjúkrasamlög og Tryggingastofnun ríkisins, taki málið í sínar hendur og veiti ríflegri fjárstyrk, eins og hér er lagt til. Ég vil því leyfa mér að vona, að hv. alþm. séu flm. till. sammála um, að hér sé nauðsyn breytinga og samþykki till. sem ályktun Alþ.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að

orðlengja frekar um málið að sinni, en legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vil taka undir ummæli hv. flm., 2. þm. Vesturl., að hér er um þýðingarmikið mál að ræða, sem nauðsynlegt er að leysa. Annað sæmir okkur ekki á þeirri tryggingaöld, sem við lifum á. Ég vil geta þess hér, af því að mér er það mál vel kunnugt, að tryggingaráð Tryggingastofnunar ríkisins skipaði þriggja manna n. fyrir rúmu ári síðan til þess að finna lausn á þessu vandamáli. Þessi n. skilaði áliti og samdi frv. að l. í þessum efnum. Frv. þetta var sent félmrn. á s.l. hausti, og var jafnframt óskað eftir því, að félmrn. ynni að framgangi málsins hér á hv. Alþ. Félmrn. mun hafa rætt málið við fjmrn., sem ekki treysti sér til að vinna að framgangi málsins að svo stöddu, sakir þess að það fæli í sér útgjöld fyrir ríkið. Þess vil ég geta, að þeir sjúklingar, sem leita læknishjálpar til annarra landa, verða sjálfir fyrir miklum fjárútlátum eða þeirra nánustu. Það kemur því úr hörðustu átt að halda því fram, að þjóðin í heild geti ekki lagt á sig nokkrar byrðar, sem einstaka févana sjúklingar verða að taka á sig. Hér er um nauðsynlegt mál að ræða, sem verður að finna viðunandi lausn á.

Ég er þakklátur hv. flm. fyrir að flytja þessa till. hér, og ég vænti þess, að þeir noti aðstöðu sína til þess að vinna að endanlegri, viðunanlegri lausn á þessu þýðingarmikla máli.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs aðeins út af þeim upplýsingum, sem hér komu fram, um það, að n. hefði unnið að athugun þessa máls og sent félmrn. frv. til lausnar þessu máli, en á fjmrn. hefði strandað, þar sem það hefði í för með sér gjöld úr ríkissjóði. Og hv. síðasti ræðumaður taldi það koma úr hörðustu átt, að þjóðfélagið í heild gæti ekki lagt eitthvað af mörkum í sambandi við kostnað, sem margir einstaklingar þyrftu að leggja á sig mjög mikinn hver og einn í málum jafnalvarlegum og þessum. Ég vildi mega vona, að þetta yrði ekki til þess að valda misskilningi, en mín afstaða, þegar ég sá uppkastið að nefndu frv., var sú, að þar hefði verið leitað of lítið að þeirri eðlilegu lausn, sem ég tel, að ætti að vera á þessu máli og vikið er að í þessari þáltill., þ.e. að rúma þetta innan ramma tryggingakerfisins, og þá er það þjóðfélagið í heild, sem tekur á sig baggann. Hitt var ósköp auðvelt að segja, að ríkissjóður skyldi bara borga kostnaðinn af þeim sjúklingum, sem út færu, en það hefur verið mín skoðun og fleiri í þessu sambandi, að þetta ætti einmitt að leysast á þeim vettvangi, sem vikið er að í þáltill., sem við ræðum nú. Þetta verði rúmað innan ramma tryggingakerfisins, og þá erum við allir sammála, ef lausn fæst á málinu á þeim vettvangi, og mér er kunnugt um, að hæstv. félmrh. vinnur að lausn málsins á þessum vettvangi.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Út af ræðu hæstv. heilbrmrh. vil ég geta þess, að í frv., sem ég ræddi um og var samið af þeirri n., sem tryggingaráð skipaði, var ekki svo ráð fyrir gert, að ríkið tæki á sig allan þann kostnað, sem af því hlytist, síður en svo. Það voru sjúkrasamlög landsins, sem gátu borið þarna kostnað allt upp í þrefaldan á við það, sem ríkinu var ætlað að greiða, og ég tel, að þetta frv. hafi á engan hátt verið þannig úr garði gert, að það væri ríkinu um megn að standa við þær skuldbindingar, sem það fól í sér, því að kerfið er það sama, en sjúkrasamlög landsins áttu að bera sinn hluta ekki síður en ríkið sjálft. Og auk þess voru það sérfræðingar, sem áttu að dæma um það, hverjir áttu að njóta styrkja í þessu sambandi, og ég ætla, að það út af fyrir sig geri það að verkum, að ríkið hafi sitt aðhald í þeim efnum.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Í sambandi við þá þáltill., sem hér er til umr., um það vafalaust mjög merka og þarfa mál, sem þar er hreyft, mætti ég kannske leyfa mér að upplýsa það, að mig minnir, að það væri 1. febr. s.l., sem borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti áskorun til félmrn. um það að auka stuðning hins opinbera við sjúklinga, sem þyrftu að leita læknishjálpar erlendis. Þessi till. var samþ. með öllum atkv. borgarfulltrúa í Reykjavík og var borin fram af borgarfulltrúum Sjálfstfl. Í sambandi við afgreiðslu á öðru máli, sem snertir almannatryggingar, hér fyrir um það bil þrem vikum síðan og rætt var í hv. Ed., leyfði ég mér að bera þá fsp. fram til hæstv. félmrh., hvort hann hefði ekki fengið þessa áskorun borgarstjórnar Reykjavíkur og hvort hann hygðist ekki gera eitthvað í þessu máli. Hæstv. félmrh. svaraði því þá til, að hann hefði vitanlega fengið þessa áskorun og að hann mundi verða við henni, auka fjárstuðning til þessara sjúklinga undir eins og hæstv. ríkisstj. yrði fullskipuð á ný, eins og hann sagði, en þá voru nokkrir ráðh. erlendis á fundum Norðurlandaráðs. Nú eru allir hæstv. ráðh. til allrar hamingju lentir hér heilu og höldnu, og ætti þá þessi fyrirstaða ekki lengur að vera fyrir hendi. Ég leyfi mér því að vænta þess, að hæstv. félmrh. skili innan mjög skamms tíma till. til úrbóta í þessu efni í samræmi við það, sem hann upplýsti og staðfesti hér fyrir aðeins þrem vikum síðan. Með hliðsjón af þessu sýnist mér satt að segja, að þessi þáltill., ályktun um að skora á ríkisstj. að gera það, sem hún er ákveðin í að gera, hafi næsta lítið gildi. Auðvitað ber að virða góðan hug flm. og áhuga þeirra fyrir málinu, en ég a.m.k. ber það traust til orða félmrh., að ég tel áskorun á hann um að framkvæma það, sem hann er búinn að lýsa yfir, að hann sé að gera, óþarfa.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Út af síðari ræðu hv. 1. þm. Vesturl. vil ég segja það, að það er óþarfi fyrir okkur að vera að deila hér um efni frv., sem ekki hefur verið lagt fram, en hafi ég misskilið það eitthvað, veit ég, að það var svo um fleiri ráðh. en mig. Hafi borið að skilja frv. svo sem háttv. þm. lýsti hér í sinni ræðu, er það töluvert mikið annað en við álítum, er við fórum í gegnum þetta frv., þegar félmrh. sendi okkur það, eftir að n. hafði skilað áliti. En eins og ég segi, það er ekki þörf á að deila um það, og ef ég hef eitthvað misskilið þarna, verður það auðvitað athugað nánar. Aðalatriðið er vissulega, að þetta mál komist í höfn.

Ég get huggað hv. síðasta ræðumann, hv. 11. þm. Reykv., með því, að fjarvera ráðh. við að sinna embættisskyldum sínum hefur á engan hátt tafið þetta mál.

Þetta frv. var sent til okkar frá hæstv. félmrh., ég man ekki nákvæmlega hvenær, en a.m.k. ekki löngu eftir að þing hóf starfsemi sína. Hvort það hefur verið í nóv. eða um mánaðamótin nóv.—des. man ég ekki, en það var einmitt vegna efnis frv., sem það hefur verið látið bíða, og sú áskorun, sem felst í þessari till., er einmitt að leysa þetta mál á þeim vettvangi, sem mín skoðun hafði alltaf verið, að þetta mál skyldi leysast á. Hún er um endurskoðun á IV. kafla l. um almannatryggingar með það fyrir augum, að sjúklingar, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis, fái verulega auknar bætur frá því, sem nú á sér stað, eftir endurskoðun á þessum l. og að þetta sé innan tryggingakerfisins.

Aðalatriðið er svo að lokum það, að allir hv. þm. virðast vera sammála um, að leysa þurfi úr þessum mikla vanda. Um það erum við allir sammála. Það er rétt, sem fram hefur komið, að það hefur ekki í annan tíma þó verið látið meira fé til þessara mála í beinum framlögum á fjárl. en nú, en það hefur alltaf verið af skornum skammti og sáralítið, og sú leið, sem þar er farin, er mjög erfið í framkvæmd og nær ekki tilgangi sínum. En ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að hæstv. félmrh. er nú með málið í endurskoðun einmitt á þeim grundvelli, að í meginatriðum a. m. k. falli þessi þjónusta innan ramma tryggingakerfisins, og mér þykir vænt um að heyra það, að það eru fleiri en ég, sem eru á þeirri skoðun, að það sé rétt, að málið sé leyst á þeim grundvelli.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka þeim, sem hér hafa tekið til máls út af þessari þáltill., og tekið undir og lýst yfir stuðningi við efni till. En út af því, sem fram kom hjá hv. 11. þm. Reykv., að till. væri á þessu stigi nánast óþörf vegna þeirra yfirlýsinga, sem félmrh. hefði gefið í Ed., vil ég segja það, að þessi till. var borin fram eða flutt í þinginu áður en sú yfirlýsing ráðh. lá fyrir, þó að hún kæmi ekki til umr. hér á Alþ. fyrr en í dag. Og mér sýnist á þeim undirtektum, sem málið hefur hér fengið, að till. ætti einmitt að verða til þess að styrkja endanlega lausn þessa máls og treysta þá niðurstöðu, sem hér er lögð til, og ég vænti þess því, að till. fái góða fyrirgreiðslu á þinginu.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 17. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 314, n. 529).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þessi till. til þál. fjallar um áskorun á ríkisstj. um, að hún láti endurskoða IV. kafla l. um almannatryggingar með það fyrir augum, að sjúklingar, sem þurfa að leita læknishjálpar erlendis, fái verulega auknar bætur frá því sem nú hefur átt sér stað. Það vakir fyrir flm. þessarar till., að endurskoðun l. miðist við það, að komið verði á verulega auknum sjúkrabótum til handa þeim sjúklingum, sem óhjákvæmilega þurfa að leita sér læknishjálpar erlendis.

Á undanförnum árum hefur Alþ. veitt nokkra fjárupphæð á fjárlögum, sem ætluð er til styrktar þeim sjúklingum, sem nauðsynlega þurfa að leita sér læknishjálpar erlendis og hefur verið þeim það dýr, að velflestir einstaklingar hafa engan veginn getað staðið undir þeim kostnaði. Í fjárlögum á þessu ári er varið um 1½ millj. kr. í þessu skyni, og er það mun hærri upphæð en nokkru sinni áður hefur verið varið til þessara mála. Flm. telur eðlilegt, að hið almenna tryggingakerfi, sjúkrasamlög og Tryggingastofnun ríkisins, taki þetta mál í sínar hendur og veiti ríflegri bætur til þeirra, sem þurfa að leggja í þennan mikla kostnað, og þess vegna telur flm. eðlilegt og sjálfsagt, að endurskoðun á IV. kafla l. um almannatryggingar fari fram og mælir einróma með samþykkt þessarar till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 644).

17. Náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarðar.

Á 44. fundi í Sþ., 13. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða [160. mál] (A. 366).

Á 46. fundi í Sþ., 20. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 47. fundi í Sþ., 27. marz, var till. tekin til einnar umr.

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér er til afgreiðslu, fjallar um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða, og er flutt af allshn. sem afgreiðsla n. á tveimur till. til þál., sem n. bárust til afgreiðslu, till. á þskj. nr. 6, sem fjallar um náttúruvernd og ráðstafanir til þess, að almenningur eigi aðgang að heppilegum stöðum til útivistar og náttúruskoðunar, og till. til þál. um endurskoðun á l. um friðun Þingvalla, þskj. 26. N. ræddi þessar till. á tveimur eða þremur fundum sínum og sendi þær auk þess til umsagnar Náttúruverndarráði, Þingvallanefnd, Ferðafélagi Íslands og Hinu íslenzka náttúrufræðafélagi. Af umsögnum, sem bárust, virtist það koma greinilega fram, að þess var óskað, að l. um náttúruvernd og l. um friðun Þingvalla yrðu endurskoðuð og endurbætt, ef þess yrði kostur. Jafnframt var það ósk þeirra aðila, sem svöruðu, að þeir fengju aðild að endurskoðuninni, og það varð niðurstaða allshn., að vísast yrði þetta auðveldast í meðförum á þann hátt, sem hér er lagt til, að ríkisstj. yrði falið að sjá um endurskoðunina og gæti þá komið því að að leita umsagnar og aðstoðar þeirra aðila, sem hefðu hug á að fjalla um þessi mál.

Okkur virtist höfuðtilgangur till. að fá þessa endurskoðun fram, og því er till. orðuð svo hér, að þessi tvenn l. verði endurskoðuð og endurskoðunin miði að því að auka náttúruvernd og auðvelda almenningi aðgang að heppilegum stöðum til útivistar og náttúruskoðunar og verk og valdssvið Náttúruverndarráðs og Þingvallanefndar verði skilgreind sem gleggst. Ég vísa svo til grg., sem fylgdi till. allshn., og vonast til, að þingið geti orðið sammála um að afgreiða þessa þáltill.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. allshn. fyrir þá alúð, sem hún hefur sýnilega lagt í að skoða þáltill. þá, sem við fluttum nokkrir á öndverðu þessu Alþ. og fjallaði um náttúruvernd og ráðstafanir til þess, að almenningur eigi aðgang að heppilegum stöðum til útivistar og náttúruskoðunar, eins og það er orðað.

Það var auðheyrt á því, sem hv. frsm. sagði, og einnig auðséð á þeirri þáltill., sem nú er flutt, að þeir hafa í n. sinnt vel þessu verkefni, og tel ég það mjög gott og vil þakka fyrir það. Ég set það ekkert fyrir mig, þó að gerð sé ný þáltill. í stað þeirrar, sem við fluttum, því að þessi er víðtækari, og það er reyndar greinilega tekið fram, að þessi er hugsuð sem afgreiðsla á okkar máli. Efni okkar till. er tekið hér upp að öllu leyti öðru en því, er varðar fyrirkomulag sjálfrar n.

Kemur það alveg fram, að hv. n. ætlast til þess, að endurskoðunin fari fram með sviputum hætti efnislega séð og við höfðum gert ráð fyrir, og það er óhætt í því sambandi að vísa á þá grg., sem okkar till. fylgdi, og þá framsögu, sem fyrir henni var höfð, til viðbótar því, sem hv. frsm. sagði hér. Segi ég þetta, ef einhver nm. í þessari n. skyldi verða svo samvizkusamur að kynna sér umr. á Alþ., um þetta mál, áður en hann hæfi starfið. Vil ég koma þeirri ósk til hans inn í dálka þingtíðindanna, að hann kynni sér aðdraganda málsins með því að skoða þá grg., sem fylgdi okkar till., og lesa þær umr., sem urðu þá. Fyrir okkur vakti, að þessi endurskoðun yrði talsvert víðtæk og næði einnig til þess að athuga skilyrði fyrir ferðalögum um landið með þeim hætti, sem við gerðum þar grein fyrir. Stefnan í málinu væri sú að endurskoða í einu lagi náttúruvernd og möguleika þjóðarinnar til þess að eiga aðgang að landinu og umgangast það.

Aðeins eitt atriði vildi ég svo nefna til viðbótar. Í okkar uppástungu var gert ráð fyrir því, að þingkjörin n. fjallaði um þessi málefni, og við rökstuddum það með því, að hér væri um málefni að ræða, sem fulltrúar frá stjórnmálaflokkunum þyrftu helzt að sinna þannig, að pólitísk samtök, samtök flokkanna, gætu myndazt um að gera eitthvað, sem um munaði í þessum málum.

Sumt af því, sem þarf að gera, er þannig vaxið, að það þarf að ná meiru valdi á þessum málefnum í hendur einhvers aðila á vegum ríkisins og enn fremur þarf meira fjármagn. Við höfðum gert okkur von um, að ef að þessu væri dregið lið úr öllum flokkunum, t.d. einn úr hverjum flokki eða svo, mundu verða meiri líkur fyrir því, að það næðust samtök um verulegt átak í þessu efni.

Í framhaldi af þessari skoðun okkar vil ég benda hæstv. ríkisstj. á, að ég tel, að verði þessi till. samþ., væri skynsamlegt að kveðja í n. fulltrúa frá stjórnmálaflokkunum og kannske einhverja fleiri, en jafnvel þó að ekki verði fleiri í n., gætu þeir auðveldlega aflað sér upplýsinga frá þeim félagasamtökum og þeim stofnunum, sem þekkja bezt til þessara mála og fengið þeirra till. og álitsgerðir. Mætti síðan vinna úr því. Ég teldi þetta heppilegri samsetningu n. en að tína saman menn úr stofnunum, en hafa ekki fulltrúa flokkanna með. Ég rökstuddi þetta nokkru nánar, þegar málið kom hér fyrst fyrir.

Mér er algerlega ljóst, að þeir, sem hafa mesta þekkingu í þessu efni, eru á vegum Náttúrufræðistofnunarinnar, Náttúrufræðafélagsins, Ferðafélagsins o.s.frv., og jafnvel hjá Skipulagi ríkisins hafa menn þekkingu, sem kemur til greina í þessu sambandi. En ég álít, að það sé samt sem áður ekki bezta fyrirkomulagið á endurskoðuninni að fela þessum stofnunum eða fulltrúum frá þeim að vinna þetta einum út af fyrir sig. Hitt er heppilegra að fá fulltrúa frá hinu pólitíska valdi, þ.e. stjórnmálaflokkunum, og ætla þeim þetta verkefni og þeir styðjist við þá sérþekkingu, sem aflað verður frá stofnunum og félögum, annaðhvort með því að hafa einnig fulltrúa

frá þeim í n. eða með því að leita þessara gagna sérstaklega, ef það þykir of fjölmennt lið að hafa fulltrúa frá öllum þessum aðilum í n.

Þetta er ábending. Ég mun fylgja þessari þáltill. og þakka n. fyrir hennar starf að málinu.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið hér í umr., flutti ég ásamt hv. 5. þm. Reykn., Gils Guðmundssyni, till. til þál. um endurskoðun á l. um friðun Þingvalla snemma á þessu þingi. Í umr., sem þá urðu, m.a. við hæstv. utanrrh., formann Þingvallan., kom í ljós, að hann taldi ekki eðlilegan þann hátt, sem við höfðum lagt til á endurskoðuninni, en við höfðum gert ráð fyrir, að hún væri falin Náttúruverndarráði og þjóðminjaverði. Og ég lýsti þá yfir því, að okkur væri þetta fyrirkomulag í sjálfu sér ekkert fast í hendi. Ef hægt væri að sameinast um endurskoðun l., teldum við það gersamlega aðalatriði og værum fúsir til að fallast á annað fyrirkomulag. Nú hefur hv. allshn. valið þann kost að fela ríkisstj. að láta endurskoða þessi l. ásamt þeim l., sem um var rætt hér áðan, og í sjálfu sér tel ég eðlilegt að fallast á það fyrirkomulag, fyrst ástæða er til að ætla, að um það geti orðið fullur einhugur hér á Alþ. En ég vænti þess, að sá aðili, sem fær þetta mál til athugunar, kynni sér þá sem bezt bæði þau sjónarmið, sem fram hafa komið í umr. hér á þingi, og raunar þær miklu umr., sem orðið hafa utan þings um málefni Þingvalla. Hins vegar er eitt atriði, sem fólst í till. okkar Gils Guðmundssonar, sem ekki er tekið upp í sjálfa tillgr. frá allshn. Till. okkar lauk á þessari setningu:

„Á meðan endurskoðun l. fer fram, felur Alþ. Þingvallanefnd að banna byggingarframframkvæmdir og jarðrask á vegum einstaklinga á öllu því landi, sem talið er upp í 2. og 3. gr. l. um friðun Þingvalla."

Nú er þetta í sjálfu sér alveg sjálfsögð málsmeðferð. Endurskoðun l. á m.a. að fjalla um það, hvort ekki eigi að stækka hið eiginlega þjóðgarðssvæði, þannig að það nái yfir allt það land, sem til er tekið í l. um friðun Þingvalla. Og meðan verið er að endurskoða þessi mál og komast að niðurstöðu um þau, væri auðvitað mjög óeðlilegt, að þarna væru heimilaðar á vegum einstaklinga framkvæmdir, sem kynnu að brjóta í bága við það, sem ákveðið yrði eftir skamma stund. Þetta atriði hefur auðsjáanlega verið rætt í allshn., því að hún segir í grg. sinni:

„Ríkjandi skoðun var í n., að æskilegt væri, að ekki yrðu leyfðar nýbyggingar sumarbústaða á Þingvallasvæðinu á meðan endurskoðun l. um friðun Þingvalla færi fram."

Ég ræð af þessu, að hv. allshn. hafi verið sammála okkur um þetta atriði, þó að hún af einhverjum ástæðum hafi ekki talið rétt að taka það upp í sjálfa tillgr. Nú finnst mér hins vegar alveg nauðsynlegt að fá úr þessu skorið. Hins vegar mundi ég telja það algerlega fullnægjandi, ef Þingvallanefndarmenn lýstu því yfir, að þeir mundu halda þannig á málum. Þá væri engin ástæða til þess að gera neinar frekari ráðstafanir í því sambandi. Og ég vil því leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. utanrrh., formanns Þingvallan., og hv. 1. þm. Austf., hvort ekki sé öruggt, að Þingvallan. muni halda á málum á þennan hátt. Fáist hins vegar ekki skýr svör um þetta atriði, mundi ég telja nauðsynlegt, að Alþ. lýsti vilja sínum um þetta efni og mundi þá flytja till. um það atriði áður en þessari umr. lýkur.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil af þessu tilefni frá hv. síðasta ræðumanni segja, að ég er fylgjandi því, að gerðar verði þær ráðstafanir, sem ýtrast eru kleifar til þess að koma í veg fyrir, að nýir sumarbústaðir verði byggðir á Þingvallasvæðinu á meðan endurskoðun l. um friðun Þingvalla fer fram.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Út af þessari aths. hv. 6. þm. Reykv. skal ég aðeins segja það, að ég hafði skilið hana þannig og þessa aths., sem í grg. er um það mál, að það yrðu ekki leyfðar fleiri nýbyggingar innan þjóðgarðsins heldur en gert hefur verið. Það var ákveðið í Þingvallanefnd, þegar síðasta lóðaúthlutun fór fram, að það yrðu stöðvaðar leyfisveitingar í bili, svoleiðis að ég hef enga trú á því, að það þurfi að gera neina ályktun í því sambandi nú.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Því miður leggur hæstv. ráðh. annan skilning í þetta heldur en ég geri og ég held, að hv. allshn. hafi gert. Hæstv. ráðh. talar um, að það verði ekki leyfðar fleiri nýbyggingar en leyfðar hafa verið. Í því virðist felast það, að hæstv. ráðh. telji eðlilegt, að þeir sumarbústaðir, sem þegar hafa verið leyfðir, verði byggðir áfram eins og ekkert hefði í skorizt. Ég get ekki skilið ummæli hans öðru vísi. Það, sem ég var að spyrja um, var það, hvort byggingarframkvæmdir og jarðrask í sambandi við þær yrðu ekki stöðvaðar á meðan endurskoðun þessara l. fer fram. Það var ég að fara fram á. Fyrst þetta virðist vera óljóst, vil ég leyfa mér að flytja hér brtt., sem er á þá leið, að við till. frá allshn. bætist:

„Á meðan endurskoðun l. um friðun Þingvalla fer fram, felur Alþ. Þingvallanefnd að banna byggingarframkvæmdir og jarðrask á vegum einstaklinga á öllu því landi, sem talið er upp í 2. og 3. gr. l. um friðun Þingvalla."

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 17. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 366, n. 515, 450, 544).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Á þskj. 366 er till. til þál. um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða, frá allshn. Hún er eins konar miðlunartill. eða öllu heldur fært saman í eitt tvær till., sem áður lágu fyrir allshn., annars vegar um náttúruvernd og hins vegar um friðun Þingvalla. Allshn. var einhuga um flutning þessarar till., en þegar hún kom til afgreiðslu Sþ., þá kom fram brtt. við hana, sem vísað var til allshn., og er sú brtt. á þskj. 450. Allshn. fjallaði um þá brtt. seinna á fundi sínum og varð sammála um að halda sig við fyrri till. óbreytta, en tveir nm., Jónas Árnason og Gísli Guðmundsson, áskildu sér rétt til þess að fylgja brtt. eða flytja. Einn nm., Vilhjálmur Hjálmarsson, var fjarverandi.

Eins og fram kemur af þessum orðum mínum, þá leggur meiri hl. allshn. til, að till., eins og hún er á þskj. 366, verði samþ. óbreytt.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið, flutti ég hér brtt., þegar þetta mál var síðast til umr., en tilgangur þeirrar brtt. var sá að koma í veg fyrir mannvirkjagerð á Þingvöllum á meðan endurskoðun l. færi fram, til þess að ekki yrðu bundnar í verki hendur manna þeirra, sem eiga að framkvæma endurskoðunina, og Alþ., á eftir. Ég varð var við það á eftir, að sumum þótti orðalagið á brtt. minni nokkuð einstrengingslegt, en ég vil geta þess í því sambandi, að orðalagið er raunar tekið beint upp úr l. um friðun Þingvalla. Hins vegar hafa tveir af nm. í hv. allshn., þeir Jónas Árnason og Gísli Guðmundsson, flutt brtt. um sama efni með öðru orðalagi, og er það orðalag raunar sótt í grg. hv. allshn., sem n. stóð öll að. Ég þykist því mega gera mér vonir um, að um till. þeirra geti tekizt góð samstaða hér á þingi, og mun því fylgja henni, en draga till. mína til baka, þá sem er á þskj. 450.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. allshn. tók fram, var samkomulag í n. um að mæla með till. á þskj. 366, um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða, þó þannig, eins og hann líka gat um, að við tveir nm. áskildum okkur rétt til að fylgja brtt. eða flytja. Við gerðum þennan fyrirvara vegna þess, að við vildum freista þess að flytja nýja brtt., sem væntа mætti, að samkomulag geti tekizt um, bæði við flm. till. á þskj. 450 og aðra. Þessa brtt. höfum við nú leyft okkur að flytja. Hún er á þskj. 544 og er um það, að við tillgr. bætist:

„Á meðan endurskoðun l. um friðun Þingvalla fer fram, verði ekki leyfðar nýbyggingar sumarbústaða á Þingvallasvæðinu."

Þetta er í rauninni óbreytt orðalag, sem n., þ. e. a. s. allshn. sjálf, hafði tekið upp í grg. till., þar sem stendur, með leyfi hv. forseta:

„Ríkjandi skoðun var í n., að æskilegt væri, að ekki væru leyfðar nýbyggingar sumarbústaða á Þingvallasvæðinu, meðan endurskoðun l. um friðun Þingvalla færi fram."

Þetta var orðalag, sem n. hafði þegar staðið að, og við nánari athugun sýndist okkur rétt að gera till. um, að þetta, sem nú er í grg. till., verði tekið fram í sjálfri till. Við urðum þess varir, sem raunar hefur nú komið fram í umr., að hv. þm., sem stendur að till. á þskj. 450, taldi sig eftir atvikum geta fallizt á það til samkomulags, ef þessi brtt. yrði samþ., að taka aftur sína till., sem hann reyndar hefur nú staðfest. Hv. fyrri flm. brtt., hv. 4. landsk. þm., er ekki á fundi vegna veikinda. Þess vegna hef ég leyft mér að mæla fyrir brtt. fyrir okkar hönd og vænti þess, að hún valdi ekki ágreiningi.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mig langar aðeins til þess að fá að vita hjá hv. flm., hvað þessi till. þýðir. Þýðir hún það, að þau leyfi, sem veitt hafa verið, komi ekki til framkvæmda, eða þýðir hún aðeins það, að hér eftir verði ekki veitt nein ný leyfi, en um það er Þingvallan. sammála, og móti því hef ég ekki neitt, en það er ekki alveg ljóst af till., hvort meint er.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það má vera, að mér sé ekki nákvæmlega ljóst, hverjar upplýsingar hv. ráðh. vildi fá hjá mér, en ég vil bara vekja athygli á því, að brtt. á þskj. 450 er alveg sama efnis og þýðir alveg það sama og síðari málsgr. grg. allshn. á þskj. 363, sem gerð var grein fyrir á sínum tíma.

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég vildi bara gera grein fyrir því, af því að vitnað er í grg., að eins og ég tók fram í upphafi máls míns, þá var algjör samstaða í allshn. um flutning till. eins og hún er á þskj. 366 og grg. líka, og grg. var við það miðuð, að allir gætu verið sammála um grg. og till., en um skilning á orðalagi var ekki ágreiningur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Sþ., 18. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 544 felld með 29:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: ÁÞ, ÁB, BGuðbj, EðS, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, SV, SP.

nei: AuA, BGr, BK, BBen, EKJ, BrS, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, INgJ, GeirH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, MJ, MB, MÁM, ÓB, ÓL, PB, SB, SI, StG, SvG, SvJ, BF.

BGuðm, BJ, EÁ, HS, PS, VH greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÞÞ, BFB, EggÞ, HV, IG, JR) fjarstaddir.

Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 666).

18. Styrjöldin í Víetnam (þáltill. KGuðj o. fl.).

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var útbýtt frá Ed.:
Till. til þál. um styrjöldina í Víetnam [116. mál] (A. 248).

Á 48. fundi í Ed., 1. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 49. og 52. fundi í Ed., 5. og 8. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 55. fundi í Ed., 13. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Styrjöld sú, sem nú og lengi að undanförnu hefur geisað í Víetnam, færist stöðugt og í vaxandi mæli í það horf, eftir því sem tímar fram líða, að vekja öllu mannkyni ugg og kvíða. Hún er því löngu komin af því stigi að vera einkamál þeirra, sem þar takast á eða með beinum og óbeinum hætti eiga aðild að vopnaviðskiptum.

Hvenær getur styrjöld af þessu tagi lokið? Hver verður sigurvegari átakanna?

Frammi fyrir spurningum eins og þessum verður það stöðugt fjarlægara, að svar geti fundizt, ef menn miða við, að bardagar hljóti að standa þar til úrslit á vígvelli eru fengin.

Í nánari hugleiðingum um svona spurningar og um styrjöldina í Víetnam yfirleitt verða auðvitað ekki allir samferða, því að mjög eru skoðanir manna um eðli og tilgang þessarar styrjaldar skiptar, að ekki sé nú talað um þá óskadrauma, sem menn ala með sér um úrslitin. En hér er hvorki staður né stund til að draga fram málstað hvors stríðsaðilans um sig eða stofna til deilna á þeim vettvangi, enda er það ekki tilgangur þessarar till., sem hér er til umr., að fá enduróm af átökunum í Víetnam hér inn í þingsalinn, heldur hitt, að Alþingi hugleiði það í fullri alvöru, hvort það vill ekki eiga hlut að því, að ósköpum þessara átaka linni, vopn verði slíðruð og gengið til samninga um deilumálin.

Greinilegt er, að þeim fer stöðugt fækkandi, sem telja, að nokkur sigur vopna, hernaðarátaka eða hryðjuverka sé mögulegur í náinni framtíð.

Þegar metinn er hernaðarmáttur styrjaldaraðilanna, annars vegar Bandaríkja Norður-Ameríku, Suður-Víetnams, Ástralíu, Nýja-Sjálands og annarra ríkja, sem með þeim eiga hermenn á orrustuvelli, og hins vegar Norður-Víetnams og skæruliða Víetcong, fæst auðvitað út úr því dæmi slíkur reginmunur, að hinir fyrrnefndu ættu að hafa unnið algeran úrslitasigur og það fyrir löngu. Alkunnugt er þó, ekki síst úr heimsfréttum síðustu daga, að þessu er engan veginn þannig farið. Þvert á móti virðist nú frumkvæði átakanna vera hjá hinum síðar nefndu. En tæpast verður þó talið, að þeir séu í neinni nánd við lokasigur. En hversu sem hernaðaraðstaða er metin og sigurhorfur á vígvelli, segir margra ára reynsla, að hvorugur aðili er nærri sigri. Átökin geta enn haldið áfram árum saman og breiðzt út, eins og þau hafa gert á hinum síðustu árum, þótt nú séu raunar líkur mestar fyrir mun skjótari útbreiðslu þeirra og aukinni hörku í hernaðinum, og er þá skammt eftir í það, að styrjöldin í Víetnam breytist í óvægin allsherjarátök stórveldanna, heimsstyrjöld.

Það er illt til þess að vita, að öðrum eins hörmungum og á víetnömsku þjóðinni hafa dunið á síðustu árum og áratugum skuli enn ekkert vera að linna, nema síður sé. Ef á heildina er litið, verður ekki annað sagt, en þróun heimsmála hafi verið þannig frá lokum hinnar síðari heimsstyrjaldar, að umkomulitlar og vanþróaðar þjóðir og ófrjálsar nýlendur hafi öðlazt nokkra möguleika til sjálfstæðis og framfara. Í þessum efnum hefur að vísu margt mistekizt og þróunin til betra og hamingjusamara mannlífs hjá þessum þjóðum orðið hægari en vonir stóðu til. Þá hafa þó öll stórveldin átt einhvern hlut að frjálslegri og betri þróun í þessum efnum og komið fram af meiri skilningi og hjálpfýsi en áður þekktist á hinum fyrri tímabilum sögunnar.

Harmleikurinn í Víetnam er enn átakanlegri fyrir það, að hann stingur svo skelfilega í stúf við hina almennu þróun.

Þegar fornar nýlendur stórveldanna og annarra nýlenduvelda voru sem óðast að hljóta sjálfstæði með friðsamlegum hætti hinn síðasta aldarfjórðung, háðu Víetnamar stríð við Frakka sér til sjálfstæðis, og þeir sigruðu í þeirri styrjöld. Sjálfstæðisins hafa þeir þó ekki notið vegna truflana frá utanaðkomandi öflum, sem í vaxandi mæli hafa komið við sögu í landi þeirra, unz nú er svo komið, sem allir vita: Landið er allsherjar vígvöllur, og þjóðin þjáist og brennur upp í styrjaldarlogum, en í öllum umheimi hennar finnst vart sá maður, sem telur hennar hlutskipti maklegt.

Herra forseti. Við flm. þessarar till. teljum, að styrjöldin í Víetnam sé alþjóðlegt vandamál, sem engri þjóð sé lengur óviðkomandi. Hún er að okkar mati smánarblettur á menningu heimsins og ógnun við allt mannkyn.

Okkur er það að sjálfsögðu fullljóst, að það er ekki á valdi okkar Íslendinga að gefa styrjaldaraðilunum fyrirskipanir. Með því móti erum við þess ekki umkomnir að þagga niður í byssum eða sprengjuvörpum. Við getum ekki heldur á þann hátt stöðvað sprengjukast úr vígdrekum loftsins eða kæft bálin, sem hernaðarátökin kveikja. En við getum látið rödd Íslands heyrast á alþjóðavettvangi. Við getum lýst yfir óskum okkar um, að þeim ósköpum, sem hér eru á ferð, þeim linni. Við getum tekið undir við fjölmarga friðelskandi aðila, sem þegar hafa kvatt sér hljóðs og sagt, að hér sé þegar meira en nóg að gert. Við getum bent á þær leiðir, sem okkur finnast

líklegastar til friðar, eins og nú er komið málum, og það er þetta, sem við viljum, að þessi hv. þd. geri. Við erum þeirrar skoðunar, að slíkar óskir og áskoranir megi sín nokkurs, þegar þær koma saman og falla í líkan farveg frá mörgum aðilum, og því meir sem þær eru einbeittari óskir um frið, — frið, sem þyrmi langhrjáðri og frumstæðri þjóð frá frekari tortímingu en orðið er, — frið, sem bægir yfirvofandi heimsstyrjaldarhættu frá öllum þjóðum, — frið án tillits til þess, hvern má ásaka fyrir það, sem orðið er.

Í till. okkar er bent á, hverjar leiðir við teljum líklegastar til árangurs, en efnislega eru þær þessar:

1. Að Bandaríkin stöðvi loftárásir sínar á Norður-Vietnam.

2. Að þjóðfrelsishreyfingin í Suður-Vietnam verði viðurkenndur aðili við gerð friðarsamninga.

3. Að stjórn Norður-Vietnams og Vietcong sýni ótvíræðan vilja til að setjast að samningsgerð, um leið og sprengjuregninu linnir.

Ef hv. Ed. Alþ. fellst á að gera þessa till. að sinni, mundi ríkisstj. falið að koma ályktuninni á framfæri á alþjóðavettvangi sem áskorun Íslendinga til stríðsaðila.

Að lokum, herra forseti, legg ég til, að á einhverju stigi þessarar einu umr., sem d. hefur ákveðið um till., verði umr. frestað og till. vísað til allshn., en þess vildi ég mega vænta, að n. láti afgreiðslu hennar ekki dragast um langan tíma.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hygg, að það geti allir verið sammála hv. 1. flm. þessarar till. um það, hversu ægilegar og hörmulegar þær styrjaldaraðgerðir, sem nú eru framkvæmdar í Vietnam, séu og að nauðsynlegt sé, að þeim linni. Hins vegar hafa menn ekki verið sammála um orsakir þessara átaka og engum, sem reynt hafa, hefur enn tekizt að koma með till., sem að gagni mætti verða til lausnar deilunni. Þessi mál voru hér til umr. á síðasta þingi, þar sem borin var fram till. um það, að Alþ. lýsti sig sammála sáttatill., sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, U Thant, hafði þá borið fram. Þessi till. náði ekki fram að ganga, því að hún kom seint fram og var ekki afgreidd. En mér þykir vænt um að heyra það hjá hv. flm., hv. 6. þm. Sunnl., að hann lætur þetta mál bera nokkuð öðruvísi að en gert var í fyrra. Í fyrra virtist það vera meginatriði hjá flm. þeirrar till., sem þá var hér til umr., að gera hlut annars styrjaldaraðilans sem minnstan og reyna að koma sök á hann, að því er sumum virtist umfram það, sem eðlilegt var. Nú hefur hv. flm. þessarar till. ákveðið að leiða allar slíkar deilur hjá sér, og ég er honum út af fyrir sig þakklátur fyrir það, því að það er ólíkt vænlegra, til þess að ná fram til einhvers árangurs, heldur en fyrri aðferðin, sem hér var höfð um hönd í fyrra. Ég skal þess vegna ekki fara frekar út í það að ræða um hinar mismunandi skoðanir, sem eru á því, hverjum hér sé um að kenna, heldur eingöngu snúa mér að þeirri till., sem hér liggur fyrir.

Það hafa margir reynt sættir. Það er bæði víst og satt. Það hafa verið reyndar sættir af hálfu ýmissa ríkja, af hálfu Englands, Frakklands, Kanada, Ítalíu og margra fleiri, en þær hafa ekki borið árangur. Það hafa líka verið gerðar tilraunir til að hafa áhrif á Sovétríkin til þess að reyna að miðla málum, en þær tilraunir hafa ekki heldur borið árangur, vegna þess að Sovétríkin hafa ekki talið rétt að blanda sér í málið og segja, að þetta sé mál, sem aðilar sjálfir verði að gera upp við sig. Það hafa líka einstakir menn, eins og aðalritari Sameinuðu þjóðanna eins og ég sagði, eins og páfinn og eins og enn fleiri menn hafa gert, reynt að koma á sáttum, þó að ekki hafi tekizt. Aðalritari Sameinuðu þjóðanna bar fyrst fram till. þá, sem hér var til umr. á síðasta þingi. Hún var á þá lund, að skora á Bandaríkin að hætta loftárásum á Norður-Vietnam og í öðru lagi, að þjóðfrelsishreyfingin yrði aðili að þeim sáttaumleitunum, sem fram kynnu að fara og í þriðja lagi skoraði hann í sinni fyrstu till. á Suður-Vietnam að draga úr hernaðaraðgerðum sínum. Allar þessar ályktanir hans voru í þeirri veru, að skora á annan styrjaldaraðilann að hætta þessum átökum. Síðan breytti aðalritarinn þessum till. sínum á þann veg, að í staðinn fyrir að skora á Suður-Vietnam að hætta átökunum, eftir að loftárásum væri hætt, að skora á Norður-Vietnam að draga úr sínum átökum. Engin af þessum till. náði fram að ganga.

Nú er hér komin fram ný till., sem segir í grg., að sé í meginatriðum sniðin eftir ályktun hollenzka þingsins frá 25. ágúst 1967. Það er alveg rétt, að till. er að langsamlega mestu leyti sniðin eftir þessari hollenzku till. Þó vantar í þessa þáltill., sem hér liggur fyrir, 4. liðinn, sem er í hollenzku till., sem er á þá leið að einbeita sér fyrir því við alla þá aðila, sem málið snertir, að Genfarsamningurinn frá 1954 verði skoðaður sem grundvöllur fyrir samningaviðræðum. Ég skal ekki segja, hvort þetta hefur nokkurt hernaðarlegt gildi, en þessi till. er nú einnig í hollenzku ályktuninni. Þessi hollenzka ályktun var að vísu ekki samþ. shlj. í þinginu. Hún var samþ. með 77:54 atkv., þannig að þingið virtist þar ekki sammála.

Nú hefur mér borizt í hendur blaðafrétt. Ég hef ekki fengið hana eftir diplómatískum leiðum, en ég hef aðeins séð hennar getið í Herald Tribune frá 9. þ.m., þar sem þess er getið, að Holland reyni nú að safna liði um þessa till. og í hollenzka þinginu hafi utanrrh. landsins skýrt frá því, að hann mundi snúa sér til ýmissa þjóða um það að beita sér efnislega fyrir því, sem þessi till. hefur farið fram á. Hann skýrði þá frá því, að hann mundi snúa sér til stjórnarinnar í Belgíu, til stjórnarinnar í Lúxemburg, til stjórna skandinavísku landanna og til nokkurra fleiri

landa, sem hann tilgreindi ekki, um það, að þær byndust samtökum til þess að beita sér fyrir framgangi málsins. Ég veit ekki nánar, hvernig þetta hefur borið að eða hvað á bak við er. Það eina, sem ég hef, er þessi greinarstúfur, sem birtist, eins og ég sagði, í Herald Tribune 9. febr. s.l. En ég verð að segja það þegar á þessu stigi, að mér lízt mjög vel á það, ef hugsað er til þess að ná árangri í þessu máli, sem ég vona að sé vilji allra, sem hér um fjalla, þá sé þetta kannske ein sú allra líklegasta leið, að mörg ríki, þótt smá séu, sameinist í einni heild til þess að beita sér fyrir málinu. Þessi till. um að beita sér fyrir, að nokkrar þjóðir sameinist um málið, var ekki heldur samþ. shlj. í hollenzka þinginu. Hún var samþ. með 107:26 atkv., en það þýddi þó, að andstaðan gegn henni var sýnu minni en á móti hinni fyrri.

Það er að vísu rétt, að það hafa margir áhrifamiklir aðilar, eins og ég hef lýst, beitt sér fyrir því að ná árangri í þessu máli, en eins og ég líka sagði, þá hefur það ekki tekizt. Ég er því fyrir mitt leyti alveg samþykkur, að Ísland láti sitt orð heyrast í þessum hópi, því að vissulega erum við Íslendingar, sjálfsagt allir, á þeirri skoðun, að hér sé bæði um hættulegt mál að ræða, að styrjöldin haldi áfram, eins og hún hefur verið að undanförnu, og eins mál, sem mætti kannske kalla tilfinningamál, það snertir hugarhræringar allra Íslendinga, að þetta gangi eins og það gengur. Og sem dæmi um það vildi ég geta þess, að Rauði kross Íslands hefur í gær, eftir að hafa rætt þetta mál við ríkisstj., tekið sér fyrir hendur að safna fé til þess fólks, sem á nú við mikið böl að búa í þessu landi. Hins vegar held ég, að það sé alveg ljóst og hafi komið mjög greinilega fram að undanförnu, að það þýðir ekki að beina tilmælum um að draga úr hernaðaraðgerðum til annars aðilans. Það verður að beina tilmælunum til beggja aðilanna, ef nokkrar líkur eiga að vera til að ná árangri, og það virðist mér einnig vera gert í þessari till., sem hér liggur fyrir, að verulegu leyti, þó að kannske mætti orða það öðruvísi, ég skal ekki segja um það, meiningin tel ég að eigi að vera sú, að þessi tilmæli eða áskorun beinist til beggja styrjaldaraðilanna. Það er rétt, sem hér hefur verið sagt líka, að styrjöldin virðist nú vera að færast í aukana og þar með vaxandi hætta á því, að hún nái meiri útbreiðslu en áður, þess vegna er bráð nauðsyn, að allt verði gert, sem hugsanlegt er, til þess að reyna að koma í veg fyrir áframhald á styrjöldinni.

Ég skal svo ekki fara frekar út í að ræða þetta mál og það alveg sérstaklega ekki vegna þess, hvernig hv. frsm. hélt á málinu. Ég er samþykkur því, að það verði gert hlé á umr. og málinu vísað til n., sjálfsagt allshn., því að hér er ekki hægt að vísa því til utanrmn., sem væri þó náttúrlega eðlilegasti vettvangurinn til þess að fjalla um málið, og þá væntanlega að mestu leyti um það, hvernig orðalag till. skuli vera, það sé miðað við, að allir geti þar við unað og ekki þurfi að koma til þess, sem var í hollenzka þinginu, að það væri samþykkt aðeins með meiri hl. atkv. og í öðru tilfellinu með tiltölulega naumum meiri hl. Ég vildi, að till. væri hægt að orða þannig, að við gætum allir sameinazt um hana. En það verður sú n. að fjalla um, sem málinu er vísað til. Annars er sjálfsagt rétt að bíða þess að kanna það, hvort utanrrh. Hollands, hr. Luns, muni ekki leita til okkar eins og til annarra skandinavískra þjóða, sem hann hefur skýrt hollenzka þinginu frá, að hann muni leita til, þannig að við getum þá gerzt aðilar að þeim hópi, sem hann reynir að safna saman um málið.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 19 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 97. fundi í Ed., 19. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 248, n. 654).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Þessari till. til þál. um styrjöldina í Víetnam var vísað til allshn., og hefur n. tekið þessa till. fyrir á nokkrum fundum.

N. náði að lyktum samstöðu um afstöðu til þessa máls. Leggur hún fram brtt., svo sem kemur fram í nál. á þskj. 654, þar sem tekin er upp tillgr. í heild með breytingum n., þ.e.a.s. tillgr. öll er endursamin.

Það náðist, eins og ég sagði, samstaða um þetta mál í allshn., en rétt er þó að geta þess, að einn nm., hv. 7. landsk., var fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

Fyrir tæpum þremur mánuðum, þegar þessari till. var útbýtt hér á Alþ. og hún tekin til umr., var styrjöldin í Víetnam í algleymingi. Loftárásir voru gerðar á Norður-Víetnam og miklar hernaðaraðgerðir áttu sér stað á landi Suður-Víetnams. Það má því segja, að á þeim tíma hafi raunar litið verr út en nokkru sinni fyrr með að leysa þessa deilu á friðsamlegan hátt. Þvert á móti virtist eins og styrjöldin væri að færast í aukana. Síðan þessi till. var flutt, hefur hins vegar orðið breyting á þróuninni í þessari styrjöld, breyting, sem horfir sem betur fer til batnaðar. Meginbreytingin er sú, að ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur takmarkað loftárásirnar á Norður-Víetnam, og það virðist einnig líklegt eða ljóst, að stjórn Norður-Víetnams og Víetcong-hreyfingin, sem eru aðilar að styrjaldarrekstrinum, hafi dregið úr sóknaraðgerðum í Suður-Víetnam, þó að það hafi að vísu frá þessum aðilum ekki komið nein yfirlýsing um það, af hverju það sé sprottið, hvort það sé af hernaðarlegum ástæðum eða hvort þær með þessu móti vilji sýna einhvern vilja til sátta og friðar.

Allshn. taldi eðlilegt að taka tillit til þessara breyttu aðstæðna við endanlegt orðalag og inntak þessarar till., því að í upphaflegu till. var m. a. skorað á stjórn Bandaríkjanna að stöðva loftárásirnar á Norður-Víetnam, en nú, þegar þessi till. er hér til afgreiðslu, hef-

ur ríkisstjórn Bandaríkjanna framkvæmt þetta að verulegu leyti, þó ekki að öllu leyti, eins og kunnugt er. Það sýnir reyndar bezt, hversu þessi deila er viðkvæm og vandmeðfarin, að nú, þrátt fyrir það, að nú séu horfur á því, að aðilar geti setzt að samningaborðinu til að hefja undirbúningsviðræður um vopnahlé, og reyndar hafi ríkisstjórn Norður-Vietnams tjáð sig reiðubúna til þess, eftir að stjórn Bandaríkjanna dró úr loftárásunum, virðist samt sem áður eins og þessir aðilar geti ekki komið sér saman um fundarstaðinn. Það er eins og það sé varla til nokkur staður á hnettinum, sem þessir aðilar geti báðir sætt sig við sem viðræðustað, og sýnir það auðvitað, hvað þessi deila er mjög svo viðkvæm og reyndar vandleyst. Og auðvitað verða menn að gera sér það ljóst, þótt heldur blási nú byrlegar í bili, að þá á auðvitað mjög langt í land enn, að þarna sé kominn friður á.

Í upphafi brtt. allshn. segir, að d. álykti að lýsa yfir þeirri skoðun sinni, að deiluefni styrjaldaraðila í Vietnam verði einungis leyst með friðsamlegum hætti. Er þarna reyndar um að ræða aðeins orðalagsbreytingu frá hinni upphaflegu till. Í öðru lagi segir í till. n., að stór hætta sé á því, að styrjöld þessi geti, hvenær sem er, breiðzt út og orðið upphaf nýrrar heimsstyrjaldar, auk þess sem áframhaldandi styrjaldarrekstur eykur sífellt á langvarandi hörmungar víetnömsku þjóðarinnar. Þetta er óbreytt frá því, sem var í upphaflegu till. Þá segir enn fremur í till. n., að með þeirri takmörkun loftárása á Norður-Vietnam, sem ríkisstjórn Bandaríkjanna hafi nýlega ákveðið, og þeim jákvæðu viðbrögðum, sem stjórnin í Hanoi hefur sýnt af þessu tilefni, hafi nú skapazt hagstætt tækifæri til undirbúnings sáttagerðar í deilunni. Má einskis láta ófreistað til að nota þetta tækifæri sem bezt, svo að vopnahléi og viðræðum um friðarsamninga verði komið á. Enn fremur segir í till.: „Telur deildin, að þessu verði nú helzt fram komið með því: 1) Að ríkisstjórn Bandaríkjanna stöðvi allar loftárásir á Norður-Vietnam, en jafnframt dragi stjórn Norður-Vietnams og Víetcong-hreyfingin úr sóknaraðgerðum af sinni hálfu og láti þannig í ljós ótvíræðan vilja til að ganga til samninga.“ Í þessum 1. tölulið í till. n. er í raun og veru meginefnið úr 1. og 3. tölulið upphaflegu till. dregið saman í eitt. Felst náttúrlega í því ósk um fulla stöðvun loftárása. Það má segja, að hún sé að inntaki nokkuð önnur en í upphafi, þar sem þegar hafi verið dregið verulega úr þeim, en þarna er sú hugsun á bak við þetta, að jafnframt því sem Bandaríkin stöðvi allar loftárásir, sýni stjórnin í Norður-Vietnam og Víetcong-hreyfingin vilja til friðarsamninga með að draga úr sóknaraðgerðum af sinni hálfu, og mætti þá vel hugsa sér, ef þessir aðilar, sem allir vona einlæglega, geta nú setzt að sáttaborðinu innan skamms tíma, þá geti þetta einmitt orðið fyrsta samkomulagsatriðið, sem þar yrði fjallað um.

Í öðru lagi segir í 2. tölulið þessarar till. frá n., að auk ríkisstjórnar Bandaríkjanna og ríkisstjórnar Norður-Vietnams verði ríkisstjórnin í Saigon og Víetcong-hreyfingin aðilar að samningagerðinni. Ýmsar kenningar hafa verið á lofti um það, hverjir séu aðilar að þessari styrjöld og þessari deilu. Hugsanlega mætti telja þar alla, sem eiga þarna hermenn á vígvellinum, en það eru margar þjóðir. En ég held, að það fari ekki á milli mála, að meginaðilar að þessari styrjöld séu stjórnin í Saigon, Víetcong-hreyfingin, stjórnin í Norður-Vietnam og svo Bandaríkin, sem eru langöflugasti hernaðaraðilinn þarna af utanaðkomandi ríkjum. Í þessari till. er lagt til, að þessir fjórir aðilar verði aðilar að því samkomulagi, sem þarna er vonazt eftir að geti komizt á.

Í þriðja lagi er svo í þessari brtt. n. lagt til, að öflugu sáttastarfi í deilunni verði haldið uppi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þetta er í raun og veru nýtt, þetta var ekki í hinni upphaflegu till. En það er ljóslega megintilgangur Sameinuðu þjóðanna að reyna að viðhalda og koma á friði í heiminum, þar sem styrjaldir eiga sér stað. Sameinuðu þjóðirnar ættu að öðru jöfnu að verða öflugasti aðilinn til þess, þó að þær hafi, því miður, reynzt vanmegnugar í þessari deilu og reyndar fleirum. En það er þó t.d. ljóst, að aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hefur mjög lagt sig fram um að koma á sáttum eða samningaviðræðum í þessari deilu og hefur einskis látið ófreistað í því efni. Einmitt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna ættu allar þjóðir að geta komið sjónarmiðum sínum fram, þeim sjónarmiðum, sem eiga að stuðla að því, að sættir takist í þessari deilu. Og vitanlega er það ljóst, að þessi hörmulega styrjöld kemur öllum þjóðum heimsins við, einnig íslenzku þjóðinni, og þó að okkar hlutur verði sjálfsagt ákaflega smár í að geta leyst þessa deilu, er þó sjálfsagt, að frá íslenzku þjóðinni heyrist, hvað hún vill, og hún komi einnig sínum sjónarmiðum á framfæri á alþjóðavettvangi og leggi sitt léttvæga lóð á vogarskálina.

ATKVGR.

Brtt. 654 (ný tillgr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 689).

Þingsályktunartillaga felld.

Vantraust á ríkisstjórnina.

Á deildafundum 24. nóv. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um vantraust á ríkisstjórnina** [63. mál] (A. 77).

Á 15. fundi í Sþ., 28. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 16. fundi í Sþ., 28. nóv., var till. tekin til einnar umr. (útvarpsumr.).

Forseti (BF): Umr. í kvöld skiptist í tvær umferðir, 25-30 mín. á flokk í fyrri umferð, en 15-20 mín. í síðari umferð. Röð flokkanna er þessi: Framsfl., Sjálfstfl., Alþb. og Alþfl. Af hálfu Framsfl. tala Eysteinn Jónsson og Ingvar Gíslason, af hálfu Sjálfstfl. tala Bjarni Benediktsson, Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason og Ingólfur Jónsson. Af hálfu Alþb. tala Hannibal Valdimarsson og Magnús Kjartansson. Af hálfu Alþfl. tala Gylfi Þ. Gíslason og Bragi Sigurjónsson. Hefst þá umr., og til máls tekur fyrsti ræðumaður kvöldsins, Eysteinn Jónsson, og talar af hálfu Framsfl.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Við flytjum hér fjórir saman þáltill. um vantraust á ríkisstj. og þykir okkur þetta ekki gert að ástæðulausu, og mun ég færa fram nokkur rök fyrir því, en aðrir auka þar við í umr.

Þessar vikurnar hafa umbúðirnar verið að flettast utan af einum hrikalegasta blekkingarvef, sem ofinn hefur verið í íslenzkum stjórnmálum. Það má víst alveg fullyrða, að engir eru jafnundrandi yfir aðförum ríkisstj. nú um þessar mundir og einmitt þeir, sem lögðu trúnað á málflutning stjórnarflokkanna í kosningunum í vor og léðu þeim atkv. sitt í góðri trú. Stjórnarflokkarnir sögðu, að það væri kosið um verðstöðvunarstefnuna, sem væri eins konar viðauki við viðreisnina. Þeir sögðust hafa tekið upp verðstöðvunarstefnu með góðum árangri og væru öll skilyrði þannig, að þeirri verðstöðvun yrði haldið áfram. Þeir bættu því hispurslaust við, að afkoma atvinnuveganna væri traust og grundvöllur atvinnulífsins öruggur og þótt eitthvað bjátaði á, þyrfti engar áhyggjur af að hafa, það gerði m.a. gjaldeyrisvarasjóðurinn, sem hefði verið komið upp. Þeir létu meira að segja fullyrða, að búið væri að leysa þann vanda, sem að hefði steðjað vegna nokkurs verðfalls í íslenzkum afurðum frá því, sem það var hæst.

Þegar þeir sögðu þetta, vissu þeir mætavel, að það var enginn grundvöllur fyrir þeirri verðstöðvun, sem þeir lofuðu eftir kosningarnar. Þeim var ljósara en nokkrum öðrum, að þeir notuðu peninga, sem þeir höfðu ráð á í stuttan tíma, til þess að byggja upp svikastíflu fyrir dýrtíðarflóðið, sem hlaut að bresta eftir kosningar. Þeir vissu líka annað og meira. Þeir vissu sem sé vel, að grunnurinn var svo holgrafinn undan íslenzku atvinnulífi eftir verðbólgustefnu undanfarinna ára, að það gat á engan hátt staðið aðgerðalaust svo að segja stundinni lengur. Þennan sannleika, sem nú er öllum mönnum augljós, sögðu framsóknarmenn þjóðinni blátt áfram fyrir kosningarnar, en málflutningur ríkisstj. og stjórnarflokkanna var byggður á botnlausum ósannindum um þýðingarmestu málefni landsins.

Stjórnarflokkarnir vissu vel, að menn hafa sterka löngun til þess að trúa því, að vel gæti gengið. Þetta notfærðu þeir sér hispurslaust, ef orðið gæti til þess að svíkja sér út meiri hluta áfram, þrátt fyrir það, hvernig komið var. Engum dettur nú í hug, að stjórnarflokkarnir hefðu fengið meiri hluta á s.l. vori, ef þeir hefðu sagt þjóðinni satt. Engum er þetta ljósara en þeim sjálfum, og einmitt þess vegna notuðu þeir þessar aðferðir. Umboð fengið með þvílíkum aðferðum er ógilt eða svo mun a.m.k. þeim finnast, sem leggja venjulegt siðgæðismat á málin. En það er nú öðru nær en ríkisstj. og forráðamönnum stjórnarflokkanna finnist þetta, því að ekki höfðu atkvæðin fyrr verið látin í kassana og talin og hinn naumi meiri hluti, fenginn með

þessum hætti, komið í ljós, en þeir fóru að hælast um, að þjóðin hefði veitt þeirra stefnu traust í kosningunum og nú bæri þeim að stjórna áfram. Það væri þjóðarviljinn, vilji meiri hluta þjóðarinnar.

Lítum svo á framkvæmd verðstöðvunarstefnunnar eftir kosningarnar. Fljótlega urðu þeir að setjast á rökstólana, því að ómjúkur var sá, sem á eftir rak, sem sé vandinn, sem falinn var kosningamánuðina. Verkefnið var ekki það, hvernig verðstöðvuninni skyldi haldið áfram, því að það var þeim sjálfum ljóst, að kom ekki til greina, heldur hitt, hvernig dýrtíðarflóðinu skyldi beint yfir þjóðina. Yfir þessu sátu ráðh. í sumar, og þegar haustaði, kom árangurinn í ljós af sumarstarfinu. Þeir sögðu þá allt í einu, að ríkissjóð vantaði 750-800 millj. kr. til þess að koma endunum saman. Þetta yrði að fást með því að hætta niðurgreiðslunum, sem þeir innleiddu fyrir kosningar til þess að halda niðri verðlaginu til bráðabirgða, og með því að demba á nýjum álögum til ríkissjóðs í margvíslegustu og ótrúlegustu myndum upp á 350 millj. Mest átti verðhækkunin að verða á matvælunum, og sá böggull fylgdi, að þessar verðhækkanir allar saman yrði almenningur að taka á sig bótalaust. Það yrði að banna með l., að þessar verðhækkanir kæmu inn í kaupgjaldið. Þetta átti að jafngilda 7½% almennri kjararýrnun, þó miklu meiri kjararýrnun hjá stærri heimilum, sem hafa lægri tekjur. Þessar álögur áttu því að vera og eru í öfugu hlutfalli við getu manna til þess að borga.

Þeir, sem trúað höfðu áróðri stjórnarflokkanna í vor, voru agndofa af undrun. Við vissum á hinn bóginn, að þetta var þó aðeins byrjunin. Í þessu sambandi var sem sé ekki hreyft við málefnum atvinnulífsins, sem komin voru í algera sjálfheldu fyrir löngu. Ríkisstj. varð hins vegar ekki klækjafátt, þegar á þetta var bent. Þeir sögðu, að menn skyldu ekki taka þessu illa, því að þó að þetta væri kannske ekki gott, væri það þó bót í máli, að ef farin væri þessi leið, kæmi gengislækkun alls ekki til greina. Það hefði verið athugað mjög vandlega og var margendurtekið, mjög vandlega, hvaða leiðir kæmu til greina. Gengislækkunarleiðinni og öðrum óheppilegum leiðum hefði verið hafnað, en einmitt þessi leið tekin til þess að forðast hana, til þess að sýna, hve djúpur skilningur væri á þessu í stjórnarherbúðunum, sagði hæstv. forsrh. mjög hátíðlega hér á Alþ. í sambandi við stefnuræðuna í haust, að gengislækkun hefði einmitt einnig verið útilokuð vegna þess, að hún skapaði fleiri vandamál en hún leysti. Þetta átti auðvitað að koma fram til þess að sýna, að gengislækkun væri útilokuð að vandlega yfirveguðu ráði, en ekki í neinu fljótræði. Þessu mættu menn því treysta.

Hagspekingurinn í ríkisstj., hæstv. viðskmrh., sagði: „Hins vegar get ég fullyrt, að gengislækkun er ekki rétta ráðið.“ Og sá ráðh. var ópreytandi að lýsa því, að önnur leið en gengislækkun væri valin að vandlega yfirveguðu ráði. Þegar þrengt var að ráðh. út af ástandi atvinnuveganna, gáfu þeir að vísu í skyn, að eitthvað kynni að þurfa að gera fyrir þá, en allt væri það þó óvíst og yrði tekið til athugunar seinna og raskaði ekki þessum höfuðniðurstöðum. Þegar hæstv. ráðh. sögðu þetta, var þeim auðvitað alveg jafnvel ljóst og nú, að búið var að fara þannig með íslenzkt atvinnulíf, að annaðhvort hlytu þeir að neyðast út í gengislækkun eða hrikalegt uppbótakerfi. Eða halda menn kannske, að það hafi fyrst runnið upp fyrir þessum mönnum nóvemberdaginn, er Bretar felldu pundið, sem svaraði til 5% áhrifa í íslenzku efnahagslífi, að það væri óumflýjanleg nauðsyn að lækka gengi íslenzkrar krónu um 20% vegna ástands íslenzkra atvinnuvega? Halda menn, að þetta hafi fyrst runnið upp fyrir ráðh. fyrir rúmri viku síðan? Nei, auðvitað ekki. Allur þessi málatilbúnaður og allir þessir svardagar gegn gengislækkun var ósannindavefur af sama toga spunninn og málflutningurinn fyrir kosningarnar, liður í þeim klækjum, sem ríkisstj. beitir í viðskiptum sínum við þjóðina. Sýnishorn af því, hvernig hugsað er í þessum herbúðum, kemur svo fram m.a. í því, sem einn af ráðh. sagði, þegar hann sagðist ekki skilja, að menn skyldu vera að gera veður út af því, þó að ríkisstj. hækkaði núna verðlag á vörum, sem hún hefði lækkað verð á fyrir nokkrum mánuðum eða m.ö.o., að menn skyldu vera að gera veður út af því, þó að stjórnin hefði lofað verðstöðvun, en efndirnar orðið verðhækkunarflóð.

Þá er það ekki ómerkur þáttur í þessum ljóta leik, að annað aðalblað ríkisstj., Alþýðublaðið, hefur hreinlega gefizt upp við að gera sig hlægilegt lengur með því að halda því fram, að ráðh. hafi ekki mælt gegn betri vitund, þegar þeir aftóku um gengislækkunina, því að blaðið segir hispurslaust í forystugrein í fyrradag, að Bjarni og Gylfi hafi án efa skilið betur en flestir aðrir, að gengi krónunnar kynni að falla eftir nokkra mánuði. Já, það er áreiðanlegt, að það vissu þeir mætavel í haust og í vor líka, þegar þeir lofuðu verðstöðvuninni. Það er svo einnig lærdómsríkt fyrir launþegasamtökin, að þó að ráðh. vissu þetta, þá átti að kúga samtök launafólksins til þess að ganga inn á vísitölubannið með því að hóta gengislækkun, ef ekki yrði á það fallizt. Stæðu launþegasamtökin fast á rétti sínum í þessu, bæru þau ábyrgð á gengisfellingu, sagði ríkisstj., sem þá hlyti að verða, en annars þyrfti ekki að koma til. Þegar þetta þokkalega vopn var notað, vissu ráðh. mætavel, hvernig komið var og gengislækkunaráætlanirnar lágu í skúffunum, eins og Alþýðublaðið játar og liggur í augum uppi. Og við bætist auðvitað, að allt var þetta gert með samstarfsorð á vörum.

En hver var þá hernaðaráætlun ríkisstj. í sumar og haust? Hvers vegna í ósköpunum var sú aðferð valin að taka málefni ríkissjóðsins fyrst og hella yfir menn matvöruhækkunum í því sambandi, en skilja eftir málefni

atvinnuveganna? Því var ekki horfzt í augu við vandann strax sem mest í heild?

Skýringin liggur í augum uppi. Það átti að taka málin í áföngum. Það átti að komast að mönnum í áföngum. Fyrsti áfangi átti að vera fólginn í því að leysa tekjuöflunarvandamál ríkissjóðs, útvega honum peninga og slíta vísitöluna úr sambandi í þeirri lotu. Höfuðskýringin á þessum vinnubrögðum, sem mörgum sýndust undarleg; vera að fara í öfugan enda, eins og margir hafa kallað það, er einmitt þessi: Að ríkisstj. lagði á það ofurkapp að ná því ákvæði burt úr l., að kaupgjald skyldi hækka í samræmi við verðlagsvísitölu, slíta vísitöluna úr sambandi, áður en kæmi að aðaldýrtíðarflóðinu, sem stjórnin vissi, að var í vændum. Það var aðalatriðið.

Þannig stóðu svo málin, þegar Bretar þurftu að lækka pundið, og þá beið ríkisstj. heldur ekki boðanna. Þetta var talinn sannkallaður hvalreki í stjórnarherbúðunum. Var ekki komið hér skálkaskjólið og tilvalið tækifæri til þess að rugla menn mátulega, á meðan kúvent var yfir í plönin, sem biðu framkvæmdanna? Ríkisstj. settist því niður og tók fram plöggin sín um viðreisnina og verðstöðvunina og ástand atvinnuveganna, og nú átti að taka allt með í botn, og útkoman varð vitaskuld eins og vænta mátti, og ríkisstj. vissi sjálf fyrir fram, að ekki dygði að lækka gengi íslenzkrar krónu um minna en 25%, enda þótt gengislækkun Breta gæfi að sjálfsögðu ekki tilefni til meira en 5% lækkunar. Þetta var ekki lengi gert, því að ráðh., sem einungis viku áður þóttust ekki vita, hvort nokkuð þyrfti að gera fyrir íslenzkt atvinnulíf og sögðust vita a.m.k. það, að það væri ekki gengislækkun nema þá sú ein, sem yrði þrjózku verkalýðsins að kenna, ef hann vildi ekki beygja sig strax; það kom í ljós, að einmitt þessir ráðh. áttu tilbúna nákvæma útreikninga um það, hversu mikil gengislækkun væri óumflýjanleg umfram gengisfall pundsins, og það var 20% gengislækkun, sem þeir sögðu lágmark umfram Breta.

Og hver er þá orðin efndin á verðstöðvuninni, sem lofað var í kosningunum? Í stuttu máli sagt, stórfelld verðhækkunaralda á matvörum þeim, sem haldið var niðri með niðurgreiðslum á meðan kosningabaráttan stóð, og gengislækkunin í ofanálag, sem reisa mun háa dýrtíðaröldu á næstunni. Ætli það hafi verið nokkrar ýkjur, þegar framsóknarmenn sögðu í kosningabaráttunni í vor, að stórfelldar verðhækkunarbylgjur ættu eftir að koma upp á yfirborðið, því að stjórnarstefnan hefði grafið undan atvinnulífinu og verðgildi krónunnar?

Í sambandi við gengislækkunina er ríkisstj. svo búin að berja fram hér á Alþ. uppáhaldsmálið sitt, sem hún ætlaði að vera búin að koma í framkvæmd með góðum fyrirvara, áður en aðalflóðið skylli yfir, sem sé að slíta verðlagsvísitöluna úr sambandi við kaupgjaldið. Það er nú búið að afnema það lagaákvæði, sem var undirstaða júní-samkomulagsins, að vísitöluuppbætur skuli greiðast á kaup. Þessar uppbætur höfðu menn tryggðar í l. Nú hefur það ákvæði verið numið á brott. Verða menn því að bera bótalaust þær verðhækkanir, sem nú verða vegna gengislækkunarinnar.

Það má heita, að allir kjarasamningar í landinu séu lausir, og augljóst er, að með þessum vinnubrögðum er stefnt til stórátaka um kjaramálin. Ríkisstj. og stjórnarflokkarnir segja, að það sé lífsnauðsyn að nema úr l. vísitölutrygginguna, því að kaupið verði nú að lækka sem nemur verðhækkunum vegna gengislækkunarinnar, enda stafi hár framleiðslukostnaður hér af því, að gróði veltuáranna hafi runnið inn í kaupgjaldið. Honum verði menn nú að afsala sér, gengisfallið stafi af því, að kaupið sé of hátt.

Hvert er svo þetta kaupgjald? Skoðum það ofurlítið nánar. Almennt verkamannakaup í hærri flokkunum í Dagsbrún t.d. er 114-118 þús. kr. á ári, ef unnið er fullan dagvinnutíma 300 daga á ári, en Iðjukaup um 108 þús. kr. á ári. Fagmannakaup um 130-140 þús. kr. á ári fyrir fulla dagvinnu. En vísitölufjölskyldan er talin þurfa 236 þús. kr. á ári samkv. nýja vísitölugrundvellinum. Og það er þetta kaup, 108-140 þús. kr., sem engin fjölskylda getur lifað af mannsæmandi lífi, sem býr við viðreisnarhúsaleigu, sem stjórnarflokkarnir segja, að hafi sligað íslenzkt atvinnulíf undanfarin veltiár og í því sé góðærisgróðinn. Og það er þetta kaup og annað hliðstætt ásamt tekjum bændanna, sem ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa nú gert ráðstafanir til þess að lækki dag frá degi jafnóðum og dýrtíðin vex vegna gengislækkunarinnar. Hefur sú ríkisstj. ekki setið nógu lengi, sem engin úrræði sér önnur en þessi og svona hefur haldið á atvinnu- og kjaramálunum á veltiárunum? Þetta kallar ríkisstj. síðan ráðstafanir til tryggingar vinnufriði, en allir aðrir vita, að með þessu er innleitt ófriðarástand í atvinnu- og starfslífi landsins. Þessar ráðstafanir ganga sem sé gersamlega í berhögg við yfirlýsingar nálega allra stéttarfélaga landsins, sem streymt hafa fram undanfarið ásamt beinum yfirlýsingum um verkfallsátök, ef verðtrygging kaups yrði numin úr lögum.

Fyrir atvinnurekendur er þetta einnig mikið áfall, því að þeir þyrftu nú umfram allt starfsfrið, og ofan á bætist það, að ríkisstj., sem hefur þá trú, að fyrir flestu öðru skuli ganga að lækka kaupmátt launanna, því að hann sé of mikill, mun fljótlega lenda út á þá braut að leita leiða til þess að gera atvinnurekendum sem örðugast fyrir að verða við óskum launþeganna.

Með þessu verður því öllu stefnt niður á við í stað þess að snúa blaðinu við og taka upp jákvæða stefnu í atvinnu- og kjaramálum, sem tryggt gæti viðunandi kaup fyrir eðilegan vinnudag. Til þess þyrfti auðvitað að breyta stefnunni í mörgum efnum m.a. lánamálum og miða hana við þarfir atvinnulífsins, og margt fleira þarf að koma til. En ríkisstj. segir, að það þurfi engu að breyta

nema því að hætta að verðtryggja kaupgjaldið og tekjur bændanna um leið og gengið er fellt, því að hér þurfi ekkert að endurskoða stjórnarstefnuna. Það hafi verið farið rétt að í öllu. Einungis þetta kaup, sem ég nefndi, sé of hátt og annað kaupgjald. Ráðh. hafa verið þrábeðnir um það hér á Alþ. undanfarnar vikur að sýna fram á, hvernig fólk geti tekið á sig lækkun á þessu kaupgjaldi, en þeir hafa reynzt ófáanlegir til þess að gera slíka tilraun.

Í ríkisbúskapnum á að vera sama ráðleysið áfram og eyðslan sem fyrr og reiðuleysið í fjárfestingunni og öðru því, sem mestu skiptir og veldur því, að við Íslendingar búum við gengishrun og ömurlegt kaupgjald, þegar nágrannaþjóðirnar búa við farsæla þróun í atvinnu- og kjaramálum og stöðugt verðgildi peninga. En ríkisstj. segir, að ástæðan sé verðhrun á útflutningsvörum og aflabrestur. Svo langt ganga þeir í áróðri sínum í þessu tilliti, að þeir svífast þess ekki að bera þróunina í þessum málum nú saman við verstu áföll, sem íslenzka þjóðin hefur orðið fyrir á þessari öld, þ.e.a.s. verðhrun og markaðshrunið fyrir stríð. En hverjar eru staðreyndirnar? Þær segja nokkuð annað. Meðalverðlag helztu útflutningsvara þessa árs verður álíka hátt og meðalverð síðustu 5 ára, en á þeim 5 árum hefur meðalverð á útfluttum vörum verið óvenjulega hátt og tvö þessara ára toppverð, sem við höfum naumast áður þekkt dæmi til. Þar með er þessi blekking úr sögunni. Aflabrestur hefur ekki orðið, þótt aflinn hafi orðið minni en s.l. ár, sem var algert metaflaár í allri sögu íslenzku þjóðarinnar.

En hverju eru mennirnir að reyna að leyna með þessum fráleita málflutningi? Það hlýtað vera eitthvað meira en lítið, sem þarf að breiða yfir, þegar gripið er til áróðurs af þessu tagi og það af valdamönnum landsins. Það er ósköp auðvelt að skilja, hvað það er, sem leyna þarf. Hér hefur orðið að fella gengi íslenzku krónunnar þrisvar sinnum á 7 árum síðan þessi stjórn tók við völdum. Þessi ár hafa þó verið einhver þau beztu, bæði af náttúrunnar hendi og eins að því, er varðar viðskiptakjör, sem þjóðin hefur nokkru sinni lifað, þegar litið er á meðaltölin. Ástæðan hlýtur því að vera röng stjórnarstefna og stórfelld mistök í stjórnarframkvæmdum, en hvorki verðhrun né aflabrestur, enda þarf ekki lengi að leita orsakanna.

Verðbólgan hefur vaxið margfalt hraðar hér en í viðskiptalöndum okkar árum saman, og það er þetta, sem hefur grafið grunninn undan afkomu íslenzkra atvinnuvega. En er það ekki kaupgjaldið, segir stjórnin. Er það ekki kaupgjaldið, sem valdið hefur verðbólgunni? Kaupmáttur tímakaups hefur ekki aðeins vaxið miklu minna hér en í nágrannalöndunum, heldur er ástandið svo ömurlegt, að kaupmáttur þess hefur nálega ekkert vaxið hér í 8 góðærisár, en framleiðslukostnaður atvinnuveganna samt aukizt svo gífurlega, að útflutningsverð, sem áður tryggði góða afkomu, hrekkur nú hvergi nærri og neyðir út í gengisfall. Verðbólgustefna ríkisstj. er undirrót þess, hvernig komið er, en ekki hitt, að kaupgjaldið hafi hækkað um of. Þeir, sem ekki skilja þetta, geta enga bót á vandanum ráðið, og einmitt þess vegna á ríkisstj. að fara frá. Undir því yfirskini, að hafa ætti hemil á verðbólgunni, hefur hér verið framkvæmd röng peningamálastefna, sem hefur bætt gráu ofan á svart og orðið þess valdandi, að vegna rekstrarfjárskorts hefur tæpast verið hægt að reka nokkurt íslenzkt atvinnufyrirtæki árum saman af fullri ráðdeild og hagsýni. Stefna í stofnlánaveitingum hefur verið þannig allan þennan tíma, að segja má, að ókleift hafi verið að búa nokkurn rekstur þannig, að hann gæti fyllilega notið sín. Hér hefur ríkt algert stjórnleysi í fjárfestingarmálum, sem leitt hefur til sorglegrar sóunar á dýrmætu vinnu- og vélaafli og til óhagkvæmari fjárfestingar, þegar á heildina er litið, en orð fá lýst. Hér hefur verið fylgt algerlega neikvæðri stefnu í atvinnumálum, sem bezt sést á því, að togaraútgerðin hefur verið látin drabbast niður aðgerðarlaust af hálfu ríkisvaldsins, þorskveiðiflotinn látinn dragast saman og þar með grafið undan sjálfum frystiiðnaðinum, sem er ein lífæð þjóðarbúsins, iðnaðurinn settur á kaldan klaka í mörgum greinum með margvíslegum ráðstöfunum og landbúnaðurinn hafður að hornreku. Um þetta mætti leiða fjölda vitnisburða, ef tími væri til, og það úr sjálfum stjórnarherbúðunum. Þessi stefna hefur lamað atvinnuvegina og lækkað verðgildi íslenzku krónunnar. En þessi stefna á að halda áfram.

Þjóðin verður á hinn bóginn að gera sér grein fyrir því, að ekki er von á góðu, þegar stjórnarflokkarnir hér eru a.m.k. 20 árum á eftir íhaldsflokkum í öðrum löndum að hugsunarhætti og framkvæmd. Þeir telja öll ríkisafskipti og ríkisforystu í atvinnumálum og fjárfestingarmálum óalandi og óferjandi og stjórnleysi í þeim málum æðstu dyggð, en sanna stjórnlist í því einu fólgna að beita lánsfjárhöftum og skattaflóði í sem margvíslegustum myndum til þess að draga úr fjárráðum fólks og fyrirtækja. Þessi stefna stjórnarflokkanna er byggð á þeirri meginskoðun, að allt komi af sjálfu sér, ef yfirvöldin gæti þess, að ekki sé of mikið fjármagn í umferð. Þess vegna sé hægt að lækna allar meinsemdir með lánsfjárhöftum, háum sköttum og álögum og svo gengisfalli við og við, ef í nauðir reki.

Þetta eru á hinn bóginn alveg úreltar aðferðir, sem hafa illa gefizt, og það er engin tilviljun, að sú ríkisstjórn, sem þessum aðferðum hefur beitt, hefur neyðzt til þess að fella krónuna í verði þrisvar sinnum á 7 árum. Hagfræðingar í æðstu trúnaðarstöðum í þýðingarmiklum alþjóðastofnunum vara alvarlega við þessum aðferðum, segja reynsluna sums staðar undanfarið ólygnasta í því, hversu þær hafi illa gefizt, enda er þeim nú hafnað

alls staðar þar sem farsællega er stjórnað.

Sú ákvörðun ríkisstj. að fella gengi íslenzku krónunnar án þess að breyta þeirri stefnu, sem þrívegis hefur þannig leitt til gengishruns á 7 árum, þýðir í raun og veru, að ríkisstj. byrjar strax að safna í fjórða gengisfallið. Við höfum sagt þjóðinni undanfarið, að ríkisstj. væri búin að grafa undan verðgildi krónunnar, og það höfum við sagt satt. En það, sem mest á reið, var þá einmitt, að leiðrétting á sjálfri gengisskráningunni yrði samferða stefnubreytingu í grundvallaratriðum í atvinnu- og efnahags- og kjaramálum.

Hér verður ekki komizt langt í því að lýsa þeirri stefnu, en ég nefni örfá höfuðatriði, sem ég hef þráfaldlega undanfarið skýrt nánar. Tekin verði upp stjórn á fjárfestingunni og verkefnum raðað eftir þýðingu þeirra fyrir atvinnulífið og þjóðarbúskapinn. Skynsamlegur áætlunarbúskapur verði innleiddur. Peningapólitík verði miðuð við þarfir atvinnulífsins og heilbrigða fullnýtingu vinnuafls og véla. Enn fremur komi til forysta ríkisvalds í atvinnumálum, sem byggist á nánu samstarfi við einstaklingsframtak, félagsframtak og samstarf við stéttasamtökin með fullum heilindum. Öflugur stuðningur við íslenzkt framtak, þar með talið að hefja íslenzkan iðnað til vegs og velmegunar. Byggðajafnvægisstefna, sem framkvæmd væri af öflugri stofnun með veruleg fjárráð.

En því er ekki að heilsa, að þessi stefna hafi verið tekin upp, heldur á allt að svamla áfram í sama ráðleysinu. En hvað ætli verði lengi að sækja í sama horfið fyrir íslenzkum fyrirtækjum og íslenzkum atvinnurekstri, ef hann verður rekstrarfjársveltur eins og undanfarið eða jafnvel því verr, sem nemur hækkunum á öllum nauðsynjum til rekstrarins vegna gengislækkunarinnar? Hvað verður um uppbyggingu atvinnulífsins og stórfellda sókn í tækni og vélvæðingu, ef áfram á að gilda sama tómlætið og ráðleysið og verið hefur í öllum afskiptum eða réttara sagt afskiptaleysi ríkisvaldsins af málefnum atvinnuveganna og þeirri stefnu verður framfylgt, sem yfirlýst er af forsrh., að vaxtarbroddurinn í atvinnulífi á Íslandi þurfi að vera atvinnurekstur erlendra manna byggður upp á alls konar sérréttindum umfram atvinnurekstur landsmanna sjálfra?

Eins og í einkarekstri og einkalífi manna, skiptir þó mestu, þegar til lengdar lætur, hvernig til tekst um fjárfestinguna, í hvað þjóðin leggur, á því veltur mest um afkomuna framvegis. Haldi sama óreiðan áfram og verið hefur í fjárfestingarmálunum, sem fyllilega er ætlun stjórnarinnar, verður ekki komizt út úr kviksyndinu.

Ofan á ranga meginstefnu í atvinnu- og efnahagsmálum, sem þrautreynt er, að leiði til algerrar sjálfheldu í málefnum landsins við hagstæð skilyrði, hefur ríkisstj. nú gert ráðstafanir til þess að slíta vinnufriðnum og sagt launþegasamtökunum stríð á hendur, eftir að hafa gert allt, sem hún gat, til þess að kenna þeim um gengislækkunina, en atvikin haga því svo, að af þeim tilburðum hefur ríkisstj. haft lítinn sóma, en vinnuaðferðir hennar skýrzt fyrir mörgum.

Það er álit okkar, að ríkisstj. hefði átt að segja af sér áður en hún lagði út í þá fásinnu að fella gengi íslenzkrar krónu í þriðja sinni að óbreyttri þeirri stefnu, sem þrívegis hefur leitt til gengisfalls. Það er skoðun okkar, að ríkisstj. geti ekki stjórnað, þótt hún vilji halda völdunum, og það sé siðferðileg og lýðræðisleg skylda hennar að fara frá, þegar það hefur áþreifanlega sannazt, að henni hefur mistekizt í öllum höfuðatriðum. Við teljum það liggja í augum uppi, að ríkisstj. nýtur ekki lengur trausts meiri hluta þjóðarinnar, og fáum mun til hugar koma, að hún fengi nú umboð þjóðarinnar til þess að stjórna áfram, ef eftir væri leitað. Við teljum ríkisstj. því umboðslausa og á rangri og hættulegri leið, og henni beri því að fara frá, og á þetta viljum við leggja ríka áherzlu með flutningi þessarar vantrauststill. — Góða nótt.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti, góðir hlustendur. Öðru hverju komast á kreik sögur af fljúgandi diskum, sem til jarðarinnar séu komnir frá öðrum hnöttum með hinar furðulegustu kynjaverur innanborðs. Af ræðunni, sem við nú heyrðum, mætti ætla, að þvílíkur furðufugl hefði brugðið sér í líki hv. þm., Eysteins Jónssonar, því að tal hans einkenndist af algerum ókunnugleika á aðstæðum hér og þá einnig þeim nýju viðhorfum, sem skapazt hafa á síðustu misserum.

Þessi nýju viðhorf tóku að myndast á árinu 1966. Það var að vísu mikið aflaár í heild, útflutningstekjur meiri en nokkru sinni fyrr. Þó voru þorskveiðar þá erfiðar, afli mun minni en áður og verðlag á hraðfrystum fiski fór mjög lækkandi, þegar á árið leið. Síldveiðin var svipuð og 1965, en mikil verðlækkun á síldarafurðum, þegar á árið leið, og þó sveiflur mjög í verði. Af þessum sökum voru verðstöðvunarlög sett seint á árinu 1966. Vegna reynslu síðustu ára um hagfellda þróun á verði afurða landsmanna, höfðu menn þá von um, að einungis væri um tímabundna, skammvinna örðugleika að ræða. Þegar fram á árið 1967 kom og þó áður en útséð var um, hversu vetrarvertíð reyndist örðug, þegar gæftir voru svo lélegar að leita þarf til ársins 1914 til annars eins, þá sáu menn, að verðfallið mundi alvarlegra og varanlegra en þeir höfðu í upphafi vonað. Með þetta í huga tók ég í almennum stjórnmálaumr. hér á Alþ. hinn 11. apríl s.l. svo til orða, með leyfi hæstv. forseta:

„Á meðan við erum svo háðir sveiflum vegna afla og verðlags, sem raun ber vitni, er ógerlegt að segja fyrir um það, hverjum úrræðum þurfi að beita á hverri stundu, en frelsið mun lengst af reynast bezta leiðarstjarnan. Jafnframt ber að keppa eftir að draga úr óvissu og sveiflum, og verður það ekki sízt gert með því að skjóta fleiri stoð-

um undir efnahaginn, hagnýta allar auðlindir landsins.“

Nokkrum dögum síðar var haldinn landsfundur sjálfstæðismanna, og var í stjórnmálayfirlýsingu hans hinn 23. apríl s.l. meðal annars sagt:

„Hið mikla verðfall á ýmsum helztu útflutningsafurðum sjávarútvegsins hefur þó leitt til verðlækkunar hráefnisins og þar með rýrt afkomu sjómanna og útgerðarfyrirtækja. Ríkisvaldið hefur leitazt við að draga úr afleiðingum verðfallsins með auknum framlögum úr ríkissjóði til sjávarútvegsins á þessu ári, þótt slíkar aðgerðir geti að sjálfsögðu ekki vegið á móti svo gífurlegu verðfalli afurða veigamikilla greina sjávarútvegsins, eins og nú hefur orðið raunin á. Jafnhliða hefur með ákvörðunum um verðstöðvun verið gerð nauðsynleg ráðstöfun til að hindra hækkun rekstrarkostnaðar útflutningsatvinnuveganna. Áður fyrr hefðu jafnstórfelldir erfiðleikar atvinnuveganna samstundis valdið viðskiptahöftum, nýjum álögum og kjaraskerðingu almennings. En vegna trausts fjárhags ríkissjóðs og gjaldeyrisvarasjóðsins, hefur til þessa verið hægt að ráða við þessa miklu erfiðleika án þess að skerða viðskiptafrelsi eða kjör almennings.“

Þessi var yfirlýsing sjálfstæðismanna hinn 23. apríl s. l.

Með þessum orðum mínum og yfirlýsingu landsfundarins er berum orðum gerð aðvörun um, að ef stórfelldir örðugleikar atvinnulífsins haldist, kunni að verða að skerða viðskiptafrelsi eða kjör almennings og ógerlegt sé að segja fyrir um það, hverjum úrræðum þurfi að beita á hverri stundu. Það er þess vegna síður en svo rétt, að við sjálfstæðismenn höfum fyrir kosningar gert lítið úr aðsteðjandi örðugleikum. Við lögðum þvert á móti áherzlu á, að mikil óvissa væri fram undan. Því miður reyndust þessar aðvaranir ekki að ófyrirsynju, og gat þó enginn í apríl séð fyrir þau áföll, sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir á þessu ári. Vegna aflabrests, verðfalls, markaðslokana og söluerfiðleika telja fróðustu menn nú, að útflutningsverðmæti okkar muni á þessu ári vera ¼—⅓ minna en það var á árinu 1966, og eru þó ekki þar með öll kurl komin til grafar, því að bæði vetrarvertíð og síldveiðar hafa sökum umhleypinga og fjarlægra miða orðið mun óhagstæðari fyrir sjómenn og útvegsmenn en minna aflaverðmæti einu nemur.

Nú erum við Íslendingar engan veginn óvanir miklum sveiflum í afkomu atvinnuvega okkar, en hvarvetna mundi þykja vá fyrir dyrum, ef slíkt bæri að í svo stórum stíl sem orðið hefur hér, jafnvel þótt í miklu öflugra þjóðfélagi væri en okkar. Engu að síður telzt svo mikil sveifla til minnkunar útflutningsverðmæta, sem nú hefur orðið, meðal fádæma í sögu þjóðarinnar, frá því að atvinnuvegir komust í nútímahorf.

Fram hjá afleiðingum þessa geigvænlega hnekkis komumst við ekki með nokkru móti, hversu illa, sem þær koma við okkur. Í því skyni gagnar allra sízt uppvakning gamalla deilna, sem þjóðin er þegar fyrir löngu og margoft búin að kveða upp sinn dóm um. Að sjálfsögðu áttum við einnig við ýmsa örðugleika að etja á uppgangsárunum fyrir 1966. En styrkveitingar þá til einstakra atvinnugreina sanna ekki ótraustan efnahag, heldur voru nauðsynlegar til að jafna á milli vegna þess, hversu misjafnan arð atvinnugreinarnar gáfu, og þá einkum síldveiðar mun meiri en nokkur önnur. Og auðvitað er það rétt, að ef verðlag innanlands hefði haldizt óbreytt samtímis því, sem verðlag útflutningsins stórhækkaði, stæðum við nú ólíkt betur að vígi. En tal um þetta er nú gersamlega út í hött. Orsakir verðhækkana er hægt að rekja lið fyrir lið, ef menn fást til að sinna staðreyndum, gagnstætt því, sem hv. þm. Eysteinn Jónsson gerir. Afurðaverð er nú mjög svipað og á árinu 1964, en síðan þá og til 1. okt. 1967 hafa kauptaxtar verkafólks og iðnaðarmanna að heildarmeðaltali hækkað um 45% og kaupmáttur tímakaups hækkað um 17%. Ef kaupgjaldið lækkaði nú sem þessari hækkun nemur, mundi afkoma atvinnuveganna vissulega vera betri en nokkru sinni fyrr. Engum kemur þvílík skerðing lífskjara til hugar. Aðalatriðið er, að tekjum útflutningsatvinnuveganna hefur jafnóðum með margvíslegu móti verið dreift út um allt þjóðfélagið til hvers einstaks þjóðfélagsþegns í bættum lífskjörum. Einmitt þess vegna verður nú ekki komizt hjá nokkurri lífskjaraskerðingu.

Það er rétt, að í framtíðinni mundi það draga úr slíkum sveiflum eða afleiðingum þeirra, ef við værum í Fríverzlunarbandalaginu eða næðum viðhlítandi samningum við Efnahagsbandalagið, þó að við getum ekki orðið fullkomnir aðilar þess. Eins er það okkur höfuðnauðsyn að nýta allar auðlindir landsins til að skjóta fleiri stoðum undir efnahag og atvinnu landsmanna til aukins jafnvægis og stöðugleika. En þótt ótrúlegt sé, standa um þetta harðar deilur, eins og heyra mátti af ummælum hv. þm. Eysteins Jónssonar. Hv. stjórnarandstæðingar beriast hatrammlega á móti öllum þessum ráðstöfunum eða reyna að gera þær tortryggilegar, og hefur okkur þó nú þegar orðið ómetanleg stoð af atvinnunni og tekjunum, sem fengizt hafa við virkjun Búrfells og byggingu álbræðslu. Með þessum aðgerðum er vísað á veginn til að hindra jafnmiklar sveiflur í framtíðinni, en enn komumst við ekki hjá að taka afleiðingum af okkar einhæfa atvinnulífi, og þess vegna er ekki unnt að skjóta sér undan ráðstöfunum til að koma í veg fyrir, að minnkun útflutningsverðmæta um allt að ⅓ leiði til öngþveitis og varanlegra örðugleika. Þó að viðbrigðin séu mikil, er íslenzkt þjóðfélag nú, sem betur fer, svo efnum búið, að það getur tekið á sig þessi áföll, ef rétt er við brugðizt, og þó að menn þurfi nokkuð að þrengja að sér í bili, geta allir búið við rýmri kjör en almenningur naut fram á miðjan þennan áratug.

Með engu móti fær staðizt, þegar sagt er,

að verið sé að svíkja júní-samkomulagið 1964 með tillögugerð okkar á frv. um efnahagsaðgerðir og nú með lagasetningunni um verðlagsuppbót og vísitölu. Júní-samkomulagið var einungis gert til eins árs og auk þess háð skilyrðum um meiri takmarkanir á grunnkaupshækkun en raun varð á. Og þegar verðtryggingarfrv. var lagt fyrir Alþ. í okt. 1964, sagði ég orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Á sínum tíma var það skýrt fram tekið, að skuldbinding um gildi þessara l. gilti að sjálfsögðu ekki lengur en þeir samningar eða samkomulag, sem frv. byggist á. Það þótti hins vegar ekki ástæða til þess að hafa neinn slíkan gildistíma ákveðinn í frv. sjálfu. Það verður að fara eftir aðstæðum, viðhorfum á hverjum tíma, hvað í þessum efnum er ákveðið."

Og síðar segi ég orðrétt:

„Vísitalan veitir launþegum að vissu leyti tryggingu, það er óumdeilanlegt, en hins vegar hefur hún hættur í sér fólgnar varðandi of öran verðbólguvöxt, sem einnig kemur niður á launþegum eins og öðrum landsmönnum. Það er þess vegna hvorki hægt að segja, að verðtrygging eða vísitala skuli undir öllum kringumstæðum vera lögboðin né heldur, að algert bann við þessu skuli að staðaldri vera í l. Það verður að fara eftir ástandi og horfum í efnahagsmálum hverju sinni, hvað tiltækilegt þykir í þessum efnum."

Þetta sagði ég í okt. 1964 í þessum sama ræðustól. Allir, sem að gerð júní-samkomulagsins stóðu, vita, að þessi orð mín í okt. 1964 eru sannleikanum samkvæm, enda var á sínum tíma engin aths. gerð við þau, þegar þau voru sögð í áheyrn helztu samningamanna af hálfu ASÍ. Till. okkar um verðtryggingu nú og vísitölu eru einmitt í fullu samræmi við það, sem ég sagði á þessum tíma og um var samið 1964.

Ríkisstjórnin hefur í öllum aðgerðum sínum og till. lagt á það höfuðáherzlu að vernda gengi íslenzku krónunnar. Þar hefur á stundum verið við ramman reip að draga. Sterk öfl hafa leynt og ljóst stefnt að því að knýja fram gengislækkun, og þá hafa stundum þeir höggvið, er hlífa skyldu. Hv. þm. Ólafur Jóhannesson, sem þá hafði til skamms tíma verið bankaráðsmaður í Seðlabankanum, sagði t.d. í almennum stjórnmálaumr. á Alþ. hinn 11. maí 1965, orðrétt:

„Nú óttast margir og ekki að ástæðulausu, að ríkisstj. muni grípa til þriðju gengisfellingarinnar á komandi hausti. Vegna þess, sem á undan er gengið, duga því miður ekki yfirlýsingar hæstv. forsrh. til að eyða þeim grunsemdum."

Þetta sagði Ólafur Jóhannesson þá, fyrrv. seðlabankaráðsmaður, og sízt voru þau ummæli hans löguð til þess að styrkja traust á krónunni. Þetta sagði hann einmitt á því ári, þegar þorskvinnslan og þó einkum hraðfrystiiðnaðurinn, sem síðustu misseri hefur átt við mesta örðugleika að etja, þegar þessi sami iðnaður hlaut þann mesta gróða, sem hann nokkurn tíma hefur hlotið í allri sinni sögu, og þegar síldarvinnslan var þó enn arðbærari.

Sumir menn hafa aldrei séð annað ráð, hvernig sem á stendur, en gengisfellingu. Af því tilefni sagði ég hinn 12. des. í fyrra til svars við fsp. hv. þm. Hannibals Valdimarssonar:

„Núverandi ríkisstj. kemur ekki til hugar að fella gengið. Það er að vísu rétt, að þannig getur staðið á í þjóðfélagi, að það sé nauðsynlegt að fella gengi, eins og dæmin sýna bæði hér og annars staðar. Það væri auðvitað alveg fásinna, ef ég ætlaði að segja, að aldrei kæmi til mála að fella gengi á Íslandi."

Síðar sagði ég í sömu ræðu:

„Hitt segi ég, og við það skal ég standa, að ég skal aldrei vera með gengislækkun framar, nema því aðeins, að ráðstafanir verði gerðar til þess, að þeir, sem ætla sér að knýja fram gengislækkun til þess að græða á henni sjálfir, fái að borga sinn brúsa fyllilega."

Þetta voru orð mín 12. des. í fyrra. Það er óhagganleg sannfæring mín, að ekki megi láta undan ásókn braskara, hvort heldur í stjórnmálum eða fjármálum, um gengislækkanir og verður að hindra, að þeir hagnist á sinni óhugnanlegu iðju.

Ég hef æ ofan í æ mælt gegn ótímabærri gengislækkun. Allt annað mál er, eins og ég hef ætíð gert fyrirvara um, að stundum getur staðið svo á, að gengislækkun sé óumflýjanleg. Í framsöguræðu minni um efnahagsaðgerðirnar í haust sagði ég t.d. orðrétt:

„Ég hef lýst yfir því oft áður, að vitanlega væri það fásinna af nokkurri ríkisstj. að lýsa yfir því, að gengislækkun kæmi aldrei til greina."

Þetta sagði ég þá. Hins vegar taldi ég, að gengislækkun bæri að forðast, eins og aðstæður voru þá. En þær aðstæður gerbreyttust, þegar Bretar ákváðu gengislækkun pundsins, og er út af fyrir sig enginn ágreiningur um það. Eins er óþarfi að deila um, að lækkun krónunnar nú stafar af fleiri ástæðum en lækkun pundsins. Úr því að til gengislækkunar varð að grípa á annað borð, var einsætt að ráða á þann hátt fram úr þeim vandræðum, sem tekjuhrapið á útflutningsvörum hefur skapað. Þá var einnig eðlilegt að skapa atvinnuvegunum svo mikið svigrúm, að þeir m.a. gætu staðið undir kauphækkun vegna verðhækkananna nú að undanförnu. Með þessu eykst verðbólguhætta raunar, en úr henni er jafnframt dregið með því, að sjálfvirk vísitöluhækkun kaups verður ekki lengur lögboðin, að minnsta kosti á meðan áhrif gengislækkunarinnar eru að koma fram. Enginn hefur gerzt talsmaður þess að lögbinda grunnkaup, og þá er eðlilegast, að allt kaupgjald sé háð frjálsum samningum aðila. Úrslitum ræður, að unnt er að hefja nýtt tímabil án stórátaka með þeim hug ábyrgra aðila, sem gefur von um, að þessi tilraun takist. Og er þó nú þegar ljóst, að til eru þeir, sem leggja ofurkapp á, að illa fari. Á Alþ. má nú heyra daginn út og daginn inn stöðugar ögr-

anir frá hv. framsóknarþm. og línukommúnistum til verkalýðsins um að slaka hvergi á kröfum.

Eins og ég segi, er atvinnuvegunum nú skapað aukið svigrúm og mun rýmra en ef till. ríkisstj. í frv. um efnahagsaðgerðir hefðu ekki reynzt óframkvæmanlegar, vegna okkur óviðráðanlegrar atburðarásar. Þetta er gert með tilflutningi tekna frá öðrum þjóðfélagsaðilum til atvinnuveganna. Á fyrsta stigi er gengislækkun því öllum almenningi óhagstæðari en hinar upphaflegu till. ríkisstj. En hætta á samdrætti og atvinnuleysi verður minni, og sannarlega eigum við öll afkomu okkar og lífskjör undir blómlegum atvinnuvegum. Hættan á margvíslegum verðhækkunum er hins vegar miklu meiri, og strangt verðlagseftirlit er óhjákvæmilegt, jafnframt því sem treysta verður þjóðhollustu allra um að gæta nú hófs um kröfugerð. Í því skyni að eyða tortryggni um verðlagsákvarðanir hefur ríkisstj. beitt sér fyrir nýrri skipan verðlagsnefndar, og var sú upphaflega till. upphaflega flutt af fulltrúum Alþýðusambandsins. Viðurkennt er, að leita þarf allra skynsamlegra ráða til að létta byrðum af þeim, sem lakast eru staddir. Auðvitað hlýtur undirbúningur slíkrar tillögugerðar að taka nokkurn tíma, og er þá þess að gæta, að gengisbreytingu ber nú allt öðruvísi að en oftast áður, þegar þær hafa verið undirbúnar mánuðum saman. Nú hafa einungis örfáir dagar verið til stefnu. Gengislækkunin má ekki verða til þess, að skotið sé á frest ýmsum endurbótum, sem nauðsynlegar eru í atvinnuvegum okkar, svo sem nýskipan hraðfrystiiðnaðarins og nýtingu fiskveiðilandhelginnar í samræmi við till. vísindamanna.

Þótt gengislækkun hafi nú reynzt óhjákvæmileg, mun það því miður sannast, sem ríkisstj. hefur ætíð talið, að því fer fjarri, að hún leysi allan vanda, samfara því, sem hún tvímælalaust vekur upp ýmis ný vandamál. Úr þeim vandamálum verður jafnóðum að ráða, eftir því sem efni standa til, og reynir þá mest á sáttfýsi og samstarfsvilja.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar stjórnarandstaða í lýðræðisþjóðfélagi ber fram vantraust á ríkisstj., eru í flestum tilfellum ákveðnar forsendur fyrir hendi, svo sem umdeilanlegar efnahagsaðgerðir eða aðrar stórpólitískar ráðstafanir. Vissulega verður að telja ærna ástæðu til slíkrar tillögugerðar og umræðna, þegar grípa þarf til aðgerða, eins og nú hefur verið gert, og á ég þá að sjálfsögðu við gengislækkunina. En ef sú staðreynd er höfð í huga, að þeir hv. þm., sem vantraustið bera fram, eru um leið að votta sjálfum sér traust, hljótum við stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. og þjóðin öll að spyrja þessa hv. þm., hvaða úrræði þeir hafi upp á að bjóða til lausnar miklum vanda, úrræði, sem þeir telja í sinni gagnrýni, að eigi að tryggja óbreytt kjör allra launþega, stórbæta hag alls atvinnurekstrar og standa undir hinum margháttuðu kvöðum, sem lagðar eru á ríkissjóð.

Þegar við spyrjum þessara spurninga, fást engin svör, aðeins þokukennt rugl um hina leiðina, sem allt bendir til, að aldrei hafi verið til nema í huga meistara Eysteins og nokkurra lærisveina hans. Það er hins vegar rétt, að ekki vantar gagnrýnina, enda er allt gagnrýnt, sem gert er, og þá aukaatriði, hvort svart er talið hvítt eða hvítt svart.

Ef sú vá skapast fyrir dyrum þeirrar þjóðar, sem býr við einhæfa útflutningsframleiðslu, að meginhluti útflutningsafurðanna fellur stórlega í verði á erlendum mörkuðum, segir stjórnarandstaðan á Íslandi, að það sé ríkisstj. að kenna, ef það hafi þá nokkuð að segja fyrir okkar þjóðarbúskap. Ef sjómenn okkar og útgerð fá yfir sig erfiðustu vetrarvertíð, sem komið hefur í hálfa öld, segir stjórnarandstaðan, að það sé ríkisstj. að kenna, og þegar Englendingar lækka gengi pundsins, sem óumflýjanlega markar þá braut, sem fara verður til þess að leysa vanda atvinnuveganna, segir stjórnarandstaðan á Íslandi, að þetta sé ráðabrugg ríkisstj. Það kemur því ekki á óvart, þótt framhaldið verði fullyrðingar framsóknarmanna um, að stuðningsflokkar ríkisstj. hafi blekkt kjósendur sína fyrir síðustu kosningar, og haldið því fram, að allur vandi væri leystur með verðstöðvunarlögunum og auknum niðurgreiðslum úr ríkissjóði. Með slíkum málflutningi er vísvitandi verið að fara rangt með staðreyndir, eins og hæstv. forsrh. benti á hér á undan.

Í sambandi við auknar niðurgreiðslur á s.l. ári var skýrt tekið fram, að til þeirra væri notaður tekjuafgangur ríkissjóðs, sem ekkert lá fyrir um, að yrði fyrir hendi á næsta hausti. Við setningu verðstöðvunarlaganna var aldrei sagt, að grundvallarvandi útflutningsatvinnuveganna vegna verðfalls og aflabrests væri leystur með þeim. Hins vegar var sú von látin í ljós, að á þessu tímabili gæti orðið um verðhækkanir á afurðum að ræða, sem þó síðar brást. Og síðast en ekki síst var því lýst yfir, að með þessu gæfist þeirri ríkisstj., sem mynduð yrði að loknum síðustu alþingiskosningum, tóm til að kynna sér vandamálin og leggja sínar till. fram á næsta Alþingi. Ef þjóðin hefði vottað hv. stjórnarandstæðingum traust sitt í þessum kosningum og hv. þm. Eysteinn Jónsson og Magnús Kjartansson sezt í ráðherrastóla, hefðu þeir notið þessara aðgerða ekki síður en núv. hæstv. ríkisstj. Þegar á þetta er horft, bið ég hlustendur að rifja upp, hvernig viðskilnaður þessara sömu gagnrýnenda var fyrir 9 árum, þegar þeir hlupu frá stjórn landsins í miðri messu, og engin samstaða var innan vinstri stjórnarinnar um nein úrræði gegn þeim vanda, sem þá blasti við. Nei, okkar kjósendur voru ekki blekktir s.l. vor. Hins vegar sýndu úrslit kosninganna, að hvorki kommúnistum né Framsfl. tókst að blekkja kjósendur.

Þær byrjunarráðstafanir, sem boðaðar voru í efnahagsfrv. ríkisstj. í haust, voru að megin-

efni til ráðstafanir til að tryggja hallalaus fjárlög. Að sjálfsögðu er það frv. ekki nú til umr. vegna gerbreyttra viðhorfa, sem sköpuðust við fall pundsins. En alþjóð er nú kunnugt um tilboð hæstv. ríkisstj. til ASÍ um viðræður og till. frá stjórnendum þess um, hvernig óumflýjanlegar álögur á þjóðina í heild yrðu sem léttbærastar þeim, sem úr minnstu hafa að spila í okkar þjóðfélagi. Ég tel, að nú sé rík ástæða til að óska eftir frekari og ýtarlegri till. frá samtökum launþega um leið og þær, sem þegar hafa verið bornar fram, verði kannaðar til hlítar, enda var vel í þær allar tekið, nema að afgreiða fjárlög með halla. Framkvæmd sumra þeirra getur orðið til stuðnings þeim vilja stjórnarflokkanna að gera allt, sem hægt er, til að fyrirbyggja atvinnuleysi.

Með aðgerðum ríkisstj. er verið að tryggja atvinnuvegunum þann rekstrargrundvöll, sem nauðsynlegur er, svo að hægt sé að halda uppi fullri atvinnu um allt land. Persónulega tel ég, að tímabundin lífskjaraskerðing allrar þjóðarinnar eigi ekki að vera of stór fórn til að svo geti orðið. Að sjálfsögðu eru enn ókomin mörg þeirra frv., sem boðuð hafa verið vegna nauðsynlegra hliðarráðstafana, sem fylgja í kjölfar gengisbreytingarinnar.

Hæstv. ríkisstj. hefur lýst því yfir sem stefnu sinni, að hún vilji hafa samráð við verkalýðshreyfinguna í því skyni, að gengislækkun sú á krónunni, sem ákveðin hefur verið, rýri ekki hlut launþega meira en óhjákvæmilegt reynist. ASÍ bar fram þá ósk við ríkisstj., að fulltrúar þess fengju aðild að verðlagsákvörðunum. Ríkisstj. varð við þessari ósk, og í gær og í dag hefur frv. þess efnis, að 4 fulltrúar ASÍ taki sæti í verðlagsnefnd meðan áhrif gengislækkunarinnar eru að koma fram í verðlagi innanlands, verið rætt. Þegar mál þetta var til umr. í Nd. s.l. nótt, var furðulegt sjónarspil sett á svið. Þegar ríkisstj. hefur orðið við ósk ASÍ og málið er tekið fyrir á næturfundi til að flýta því, bera framsóknarmenn fram till. þess efnis, að fulltrúum ASÍ verði fækkað, en í staðinn komi fulltrúi frá BSRB. Þetta var gert, þrátt fyrir vitneskjuna um það, að önnur launþegasamtök eigi kröfu á slíku alveg til jafns við samtök opinberra starfsmanna, að ekki sé minnzt á neytendasamtökin, og einnig, að slíkar kröfur hljóta að koma upp síðar hjá þessum samtökum. Á fundinum í nótt var m.a. vitnað í samþykki forseta og varaforseta ASÍ, sem báðir eiga sæti hér á Alþ., eins og þeir tveir hafi einhvern rétt til að afsala ASÍ rétti, sem því er færður með löggjöf. Í dag í Ed. og síðar í Nd. var svo orðið við þessari ósk, einfaldlega vegna þess, að þarna var um formsatriði ein að ræða, því að það vita allir menn, að ráðamönnum ASÍ var leyfilegt skv. till. ríkisstj. að skipa hvern sem var sem fulltrúa sinn í verðlagsnefnd og þeir hefðu getað skipað Kristján Thorlacius í þá stöðu ekki síður en þeir gátu skipað uppflosnaðan bónda af Barðaströnd í kjararannsóknanefnd á sínum tíma. Þetta litla sjónarspil ber þess glöggan vott, að hv. stjórnarandstæðingar eru ekki allir ánægðir með viðræður hæstv. ríkisstj. og fulltrúa launþegasamtakanna, og virðast sumir mikið á sig leggja til þess að halda þessu ósamstæða og sundurþykka liði saman.

Það hefur ekkert leyndarmál verið, að framsóknarmenn og sumir kommúnistar í Alþb. hafa gengið berserksgang til að skapa sem mestan vanda fyrir ríkisstj., og reyndu hvað þeir gátu til að koma á allsherjarverkfalli 1. des., áður en ríkisstj. gæfist ráðrúm til að mæta þeim vanda, sem svo skyndilega blasti við, þegar gengi pundsins var fellt. Þáttur Framsfl. í sambandi við verkfallið á verzlunarflotanum og lausn þeirrar viðkvæmu deilu er enn eitt dæmi um það, hvaða aðferðir eru notaðar.

Góðir hlustendur. Á undanförnum árum hafa auknar þjóðartekjur dreifzt jafnóðum og þær urðu til til allrar þjóðarinnar, til launþega, til sameiginlegra þarfa þjóðarinnar, til uppbyggingar atvinnuveganna. Vissulega hafa mörg víxlspor verið stigin, og af mistökunum ber að læra. Óarðbær fjárfesting í flestum greinum atvinnulífsins er ekki nýlunda hér á landi, og sjálfsagt eigum við stuðningsmenn ríkisstj. eftir að deila innbyrðis og við aðra um nauðsynlegar ráðstafanir til að mæta afleiðingum slíkra gerða. En vaxandi skilningur þjóðarinnar á nauðsyn aukinnar framleiðni í öllum greinum atvinnulífsins, sem markvisst er unnið að, auk nýrra atvinnugreina, betri nýtingar fiskimiða og sjávarafla, auk sparnaðar í opinberum rekstri gefur vonir um, að áhrif þeirra áfalla, sem við höfum orðið fyrir, verði skammvinn og þjóðin geti þá í enn ríkara mæli notið framfara og velmegunar, eins og á undanförnum árum. — Góða nótt.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þau ár, sem núv. ríkisstj. hefur farið með völd, eru mestu framfaraár í sögu þjóðarinnar. Alhliða uppbygging hefur átt sér stað á öllum sviðum. Aldrei hafa verið byggð fleiri og fullkomnari skip, síldarverksmiðjur og fjölmörg iðnfyrirtæki. Ræktun og byggingar í sveitum hafa verið meiri en áður. Í samgöngumálum hafa framfarir aldrei verið meiri og stórstígari. Í menningarmálum hefur mikið áunnizt og í félagslegri uppbyggingu hefur náðst undraverður árangur á skömmum tíma. Lífskjör almennings hafa aldrei verið betri, um það bera þúsundir alþýðuheimila í landinu gleggst vitni. Það hefur ríkt í þessu landi trú og bjartsýni. Ánægjulegast af þessu öllu er, að þessar framfarir hafa náð til allra landsfjórðunga, þótt óneitanlega séu til einstaka hreppsfélög, þar sem framfarir hafa verið alltof hægfara, en því hafa valdið atvinnuerfiðleikar vegna stórminnkandi afla í þeim byggðarlögum og tilfærsla á fólki til þeirra staða, þar sem uppbyggingin hefur verið örari. Allt þetta hefur getað gerzt, vegna þess að atvinna hefur verið mikil og megin-

hluti þjóðarinnar hefur lagt hart að sér til þess að ná þessum árangri. Samfara þessu var verð á flestum útflutningsafurðum okkar hagstætt, einkum á árunum 1964 og 1965 og átti það hvað drýgstan þáttinn í því, að þessar miklu þjóðfélagsumbætur áttu sér stað. Hinn mikli hraði, sem verið hefur í allri uppbyggingu okkar, hefur gert það að verkum, að fjárfesting atvinnuveganna hefur verið mikil, og þeir þess vegna ekki haft nægilegt rekstrarfé til að mæta versnandi stöðu á sölu afurða okkar á erlendum markaði.

Það mikla verðfall, sem hófst seinni hluta s.l. árs í flestum greinum útflutningsafurða okkar, hefur leitt til mikilla erfiðleika hjá flestum útflutningsfyrirtækjum í landinu og enn fremur haft óhjákvæmilega erfiðleika í för með sér fyrir flestar aðrar greinar atvinnulífsins. Verðfallið á útflutningsafurðum okkar hefur kostað þjóðina á þessu ári ekki minna en 1500 millj. kr., og samhliða því hefur afli skipa okkar minnkað verulega og tilkostnaðurinn við veiðarnar vaxið hröðum skrefum, einkum síldveiðiflotans, sem orðið hefur að sækja á fjarlæg mið. Þetta er mikið áfall, það mesta, sem hefur yfir okkur dunið frá því á árum heimskreppunnar miklu, eftir árið 1930.

Hv. stjórnarandstæðingar og alveg sér í lagi framsóknarmenn hafa í ræðum sínum hér á hv. Alþ. og í málgögnum sínum gert lítið úr þessu verðfalli og gengið svo langt að halda því fram, að stjórnarflokkarnir hafi fyrir síðustu kosningar blekkt þjóðina og hreinlega neitað því, að hætta steðjaði að í efnahagsmálum hennar. Í þessu sambandi á að nægja að minna á, að um síðustu áramót og á fyrstu mánuðum þessa árs var svo komið, að bátaflotinn hefði stöðvazt, ef fiskverð hækkaði ekki, og frystihúsin og annar fiskiðnaður gátu ekki vegna verðfallsins greitt hærra fiskverð. Þá leysti ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar þann vanda með því, að ríkissjóður greiddi alla fiskverðshækkunina, sem mun nema um 100 millj. kr. á þessu ári. Þetta var gert með því að lækka útgjöld á fjárl. þessa árs. Jafnframt tók ríkissjóður á sig að greiða allt að 75% af verðlækkuninni á frystum fiski, til þess að hraðfrystiiðnaðurinn gæti haldið áfram starfrækslu sinni. Það hefur verið stefna núv. stjórnarflokka að gæta varfærni við afgreiðslu fjárl. og spenna ekki bogann það hátt, að ekkert sé til að mæta ófyrirsjáanlegum erfiðleikum. Þessi stefna leiddi það af sér, að rekstrarafgangur varð hjá ríkissjóði á síðasta ári, sem gerði það kleift, að hægt var að greiða verðfallsbætur á frystan fisk á þessu ári, sem munu nema 110 millj. kr., án þess að leggja nýja skatta á þjóðina.

Það veltur á miklu, að þær ráðstafanir, sem nú hafa verið gerðar í efnahagsmálum, komi framleiðsluatvinnugreinunum að gagni til frambúðar. Það er tvímælalaust höfuðatriðið fyrir verkamenn og sjómenn, sem og alla aðra landsmenn, að atvinnufyrirtækin í landinu séu rekin með eðlilegum hætti og útflutningsatvinnuvegirnir búi við hallalausan búskap. Það er bezta tryggingin fyrir því, að atvinna sé nóg.

Sjávarútvegurinn er hornsteinn efnahagslegs sjálfstæðis okkar, sem skapar grundvöllinn fyrir aðrar atvinnugreinar í landinu. Við verðum að gera miklar breytingar á starfrækslu hans og leggja höfuðáherzlu á, að sá afli, sem á land kemur, verði sem bezt nýttur, vinna hann heima sem mest og gera hann eins verðmætan til útflutnings og frekast er unnt. Við verðum að nota okkur allar tækninýjungar til þess að auka verðmæti afurða okkar, en það þýðir jafnframt, að breyta verður um vinnuaðferðir og spara vinnuaflið til þess að lækka framleiðslukostnaðinn. Það verða nóg verkefni fyrir það vinnuafl, sem sparast, í nýjum greinum, og við eigum auðveldara með að auka fjölbreytni atvinnulífsins og taka í okkar eigin hendur margþætta framleiðslu og verkefni, sem við nú verðum að kaupa frá öðrum þjóðum. Til þess að ná sem mestum árangri á þessu sviði verða atvinnurekendur og launþegasamtök að taka upp nánari samvinnu en hingað til hefur verið. Verkalýðshreyfingin er það sterkt afl í landinu, að þjóðfélagsumbótum verður ekki komið á að neinu gagni, nema hún sé með í ráðum og virkur þátttakandi í breytingum, sem nauðsynlegt er að koma á til þess að tryggja heilbrigðan atvinnurekstur og raunverulegar lífskjarabætur almennings.

En það er ekki heldur nóg að auka verðmæti útflutningsafurða okkar, við verðum einnig að tryggja sölu þeirra á erlendum mörkuðum. Þar er gífurlegt starf að vinna. Við verðum að gera allar hugsanlegar ráðstafanir til þess að selja afurðir okkar til fleiri þjóða en við gerum nú. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að ef við vinnum meira úr afla okkar hér heima, gerum hann að verðmætari vöru, verðum við fyrst og fremst að leita markaða á meðal þeirra þjóða, þar sem lífskjörin eru bezt, því að þær hafa það fram yfir aðrar að geta keypt dýrar vörur. Við getum ekki lengur haldið áfram að standa utan við markaðsbandalög, þegar svo að segja allar þjóðir Evrópu eru orðnar aðilar að markaðsbandalögunum. Þjóðir þær, sem standa að Fríverzlunarbandalaginu og Efnahagsbandalaginu, telja tæpar 300 millj. íbúa. Við getum ekki í framtíðinni selt afurðir okkar þessum þjóðum, ef við eigum að vera háðir síhækkandi innflutningstollum. Flestar þessar þjóðir eru þróaðar iðnaðarþjóðir, þar sem lífskjör almennings eru góð og kaupgeta mikil. Við verðum að auka fjölbreytni í vinnslu sjávarafla og öðrum þeim afurðum, sem við flytjum út. Við fáum með hverju árinu, sem líður, sífellt fleira ungt fólk til starfa í þjóðfélaginu, ungt fólk, sem öðlazt hefur betri og meiri menntun en áður var. Á síðustu árum hefur mikið af ungu fólki sérmenntað sig á mörgum sviðum. Tæknimenntun færist í aukana, og við erum nær því marki en áður að auka fjölbreytni í starfi þjóðarinnar. Unga fólkið í þessu landi á gullin tækifæri til að víkka og treysta starfssvið þjóðarinnar. Við eigum

að auka áhrif unga fólksins á sviði atvinnulífs og í menningar- og félagsmálum, gefa því tækifæri til að bera í vaxandi mæli ábyrgð og auka á þann hátt þroska þess.

Fyrir tæpum áratug voru menn við völd í landinu, sem flm. þessarar vantrauststill. ættu bezt að þekkja. Þá steðjaði nokkur vandi að, sem þó var ekki nema svipur hjá sjón miðað við þann, sem nú er við að etja. Þann vanda treystu þeir sér ekki til að leysa. Þegar þjóðarskútan kenndi þá grunns, urðu þeir hræddir og stungu sér fyrir borð, svo að sást í iljar þeirra. Þá urðu sjálfstæðismenn að taka við stjórnarforustunni og stýra úr þeim vanda, og þeim tókst það giftusamlega. En veður eru válynd og nýr vandi og stærri er nú fyrir hendi. Sjálfstæðismenn og stjórnarflokkarnir báðir eru staðráðnir í því að hopa hvergi, heldur sigrast á erfiðleikunum. Það er skylda þeirra, sem þjóðin hefur valið til forustu, að berjast við erfiðleikana og finna leiðir til að sigrast á þeim. Þeir, sem það gera, glata ekki trausti þjóðarinnar, þó að í bili verði að gera ráðstafanir, sem krefjast fórna af öllum landsmönnum. Við trúum því, að hér sé við stundarerfiðleika að etja og þess sé ekki langt að bíða, að áfram haldi sóknin til aukinna framfara og betri lífskjara. — Góða nótt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti, góðir hlustendur. Í þriðja sinn á 7 árum hefur ríkisstj. framkvæmt gengisfellingu. Nú seinast minnkar verðgildi krónunnar um fjórðung, og er hitt þó öllu réttara, að erlendur gjaldeyrir hækkar um 33%. Með þeirri verðhækkun verða menn að kaupa þær vörur, sem erlendis eru keyptar, og það er raunverulega það, sem mestu máli skiptir. Út af þessu og óviturlegri og ófarsælli stjórn atvinnumála og efnahagsmála þjóðarinnar bera Framsfl. og Alþb. nú fram vantraust á ríkisstj. Vantraustsumr. er nú að hefjast, og hafið þið, hlustendur góðir, þegar heyrt rökstuðning hv. 1. þm. Austf. fyrir vantraustinu og varnarræðu hæstv. forsrh. Mér þótti það skemmtilegt að heyra hann vitna í fyrri ummæli sín um gengislækkun og braskara, og vil ég vona, að honum takist að standa við þau orð í sambandi við framkvæmd þessarar gengislækkunar.

Myndin er því nokkuð farin að skýrast, en í framhaldi af því mun ég nú gera grein fyrir því, hvers vegna við Alþb.-menn teljum ríkisstj. vantrausts verða og einskis trausts maklega.

Það gerðist með setningu brbl. í marz 1961, að valdið til að ákveða og skrá gengi íslenzkrar krónu var af Alþ. tekið og afhent Seðlabankanum og ríkisstj. Þann 23. þess mán. tilkynnti Jóhannes Nordal aðalseðlabankastjóri, að gengi íslenzkrar krónu hefði nú verið fellt, þannig að hver Bandaríkjadollar kostaði hér eftir rúmar 57 kr., en áður kostaði hann, eins og kunnugt er, 43 kr. Frammi fyrir þessu stóð Alþ. sem gerðum hlut.

Fyrsta frv., sem ríkisstj. flytur, varðandi gengisfellinguna, kallast frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabankans um nýtt gengi íslenzkrar krónu. Það stappar nærri, finnst mér, að ríkisstj. vilji leiða athyglina frá sér að verkfærinu, Seðlabankanum, og segja sem svo: Sýkn er ég. — En allar afsakanir eru með vissum hætti alltaf ásakanir, og víst er um það, að enginn er sekur um þessa gengisfellingu nema hæstv. ríkisstj. sjálf vegna sinnar stefnu. Það er hennar ranga stefna í efnahagsmálum og atvinnumálum, sem ógæfunni veldur.

Stundum er verkafólkið og verkalýðssamtökin höfð fyrir sökum í þessu efni. Launastéttirnar hafi sýnt allt of mikla heimtufrekju og gengið allt of nærri atvinnuvegunum, en þessu vísa ég algerlega á bug sem ósönnu og röngu. Kaupmáttur tímakaupsins er nú næstum því sá sami og í upphafi stjórnartímabilsins og hefur oft verið miklu lægri. T.d. fór kaupmáttur almenns tímakaups niður í 84 stig árið 1961, og hann var 86 stig á árinu 1964, þegar júní-samkomulagið var gert. Nú er kaupmáttur tímakaupsins í fiskvinnu t.d. 102.5 stig og í hafnarvinnu, sem mest hefur hækkað, 112.5 stig. Sannleikurinn er sá, að verkamenn hafa ekki fengið neina teljandi hlutdeild í aukningu þjóðartekna fyrir samningsbundna dagvinnu sína. En á sama tíma hafa þjóðartekjurnar vaxið um full 40%. Svipað verður upp á teningnum, ef kauphækkanir hér eru bornar saman við nágrannalöndin. Launakjör verkafólks á Íslandi hafa hækkað minna en á Norðurlöndum. En það, sem úrslitum veldur um miklu óhagstæðari þróun kjaramála launastéttanna hér á landi samanborið við Norðurlönd, er þó aðallega gerólík þróun verðlagsmála hér og þar. Á Norðurlöndum hefur verðlag aðeins hækkað um 1-2% að meðaltali á ári, en hér hefur dýrtíðarófreskjan ætt áfram um 10-11% árlega. Þetta gerir gæfumuninn. Það er meðal annars fyrir þessa átakanlegu óstjórn í dýrtíðar- og verðlagsmálum, að launastéttirnar bera fyllsta vantraust til hæstv. ríkisstj.

Allra sízt verður verkalýðshreyfingin sökuð um það, að hafa brotið niður grundvöll íslenzka gengisins hin síðari ár. Síðan 1964 hefur sú stefna verið uppi að gera mjög hófsamlegar kröfur um kaupgjaldshækkanir, en knýja heldur fram í leiðinni ýmiss konar þjóðfélagsumbætur, sem dýrtíðarmölurinn fengi síður grandað, svo sem skipulagt átak í húsnæðismálum hér suð-vestanlands og aðstoð við atvinnulífið á Norðurlandi. Það skyldi svo vera hlutverk ríkisstj. hins vegar að vaka yfir verðlaginu og standa gegn vaxandi dýrtíð. En í því hlutverki hefur ríkisstj. því miður mjög svo brugðizt vonum manna, og þess vegna stendur hún nú í dag frammi fyrir vantrausti.

Önnur afsökun fyrir öngþveiti efnahagsmálanna, sem nú er oft gripið til, er verðfall og aflabrestur. Og ekki er því að neita, að hér er hægt að finna átyllu. Það er rétt, að mikið verðfall hefur orðið á síldarlýsi og síldarmjöli miðað við toppverð seinasta árs, sem enginn

hyggjnn maður gat þó ímyndað sér, að héldist til langframa. Einnig hefur verð á frystum flökum lækkað verulega. Þó er verðið á öllum þessum útflutningsafurðum okkar mun hærra en fyrir 5 árum, árið 1961, og þegar virðist komið yfir dýpstu lægðina og verðið farið að lyfta sér á ný. Það verðlag, sem þótti ágætt fyrir 5 árum, þykir nú óviðunandi með öllu, og það er því einu að kenna, að dýrtíðaróstjórn okkar innanlands hefur ráðið þeim örlögum. En ég spyr: Verður fiskveiðaþjóð ekki að vera við því búin hvenær sem er, að verðfall geti orðið í nokkra mánuði á nokkrum útflutningsafurðum hennar? Og það, sem hér hefur gerzt, er ekkert annað en það. Á slíkt að geta valdið allsherjar hruni? Það tel ég óeðlilegt með öllu, ef sæmileg stjórn er á hlutunum. Hinu má þó ekki heldur gleyma, að sumar útflutningsafurðir okkar nú eru í hæsta verði, sem þær hafa nokkru sinni komizt í. Þannig er það með saltfiskinn, bæði verkaðan og óverkaðan, og sama er að segja um saltsíldina. Þessar útflutningsafurðir okkar allar eru í því hæsta toppverði, sem við höfum nokkurn tíma fyrir þær fengið. Mín niðurstaða er því sú, að ekki sé með nokkru móti hægt að réttlæta gengislækkunina með verðfallinu á heimsmarkaðinum.

Hið umfangsmikla uppbóta-, styrkja- og niðurgreiðslukerfi, sem stjórnin hafði þvert ofan í öll fyrirheit yfirlýstrar stefnu sinnar flækt sig í löngu áður en verðfallið skall á, sýndi líka öllum heilskyggnum mönnum, að stjórnarstefnan var raunverulega búin að fella gengið fyrir löngu, gengið var orðið skakkt og mældi framleiðsluatvinnuvegunum of lítið. Þeir voru löngu komnir í þrot og flutu aðeins á bráðabirgðaaðstoð um hver áramót.

En er þá ekki afsökun aflabrestsins eitthvað haldbetri? Ég held það tæpast. Rétt er það, að aflabrögð yfirstandandi árs standast ekki samjöfnuð við metaflabrögð ársins 1966. Vist lét síldin líka bíða eftir sér í ár, og kostnaðarsamt var að sækja hana í órafjarlægð frá landinu austur í höf. En enginn getur samt talið árið 1967 aflaleysisár. Meira að segja getur samt vel svo farið áður en um lýkur, að það reynist 3. eða 4. mesta aflaár íslenzkrar sögu. Reynist það mat mitt nærri sanni, verður ekki heldur auðvelt að réttlæta þessa gengislækkun með átakanlegum aflabresti.

Er þá komið að þeirri afsökun fyrir gengislækkuninni nú, að Bretar felldu sterlingspundið. Og það er rétt, að við höfum ávallt fylgt pundinu. En viðskipti Íslendinga við sterlingssvæðið eru þó ekki meiri en svo, að lækkun pundsins hefði í allra mesta lagi getað réttlætt 8-10% lækkun krónunnar. Þetta er áætlun, en sennilega er hún heldur of há en of lág, enda hafa aðrir áætlað þarna mun lægri tölu, eða 5-6%. Mín skoðun er því sú, að svo stórfelld gengislækkun, sem hér er um að ræða, 33% hækkun á erlendum gjaldeyri, verði engan veginn réttlætt með falli pundsins, nema að því leyti hvaða tími var valinn. Gengisfelling krónunnar er bein viðurkenning ríkisstj. sjálfrar á því, að íslenzkir útflutningsatvinnuvegir voru enn einu sinni komnir í þá kreppu, þá sjálfheldu vil ég segja, að hún kom ekki auga á nein önnur úrræði til að halda þeim gangandi en að fella gengi krónunnar um röskan ¼ þeim til bjargar, enda er það nú kunnugt, að stöðvun vofði yfir og hafði verið boðuð um næstu áramót.

Auðvitað hefur þessi kollsteypa ríkisstj. í efnahagsmálum alvarleg og stórfelld áhrif á þjóðlífið allt. Reynslan af fyrri gengislækkunum er slæm og vekur ekki bjartar vonir, sporin hræða. Gróðabrall og spákaupmennska fengu byr í segl, en byrðarnar lögðust þyngst á alþýðu manna. Skyldi það nú fara eins í þetta sinn? Það er spurningin. Það er vitað, að fyrstu afleiðingarnar verða svo að segja strax stórfelld aukning dýrtíðar, og skiptir því mestu máli, hvernig takast megi að halda dýrtíð í skefjum. Vist ætti það að vera sameiginlegt áhugamál ríkisvaldsins, atvinnurekenda og verkalýðssamtaka, að gengislækkunin verði útflutningsatvinnuvegunum sem varanlegust blóðgjöf. Það er hennar eini réttlætanlegi tilgangur. Og að því, að þeim tilgangi verði náð, mun verkalýðshreyfingin stuðla eins og hún orkar og fær aðstöðu til. En nú hefur kaupgreiðsluvísitalan verið felld úr l. um sinn. Það má því ekki leiða til þess, að óréttmætum byrðum verðhækkana verði velt yfir á herðar launastéttanna. Um það verða verkalýðssamtökin og öll launþegasamtök að vera vakandi á verðinum. Með tilliti til þeirrar óvissu, sem ríkir um alla framkvæmd gengislækkunarinnar, og slæmrar reynslu af þeim fyrri, heiti ég því á verkalýðsfélögin, hvert og eitt, að halda nú vel vöku sinni.

Með frv. því um efnahagsmál, sem ríkisstj. lagði fram í þingbyrjun og afla skyldi ríkissjóði 750-800 millj. kr. í nýjum álögum án þess, að launþegasamtökin fengju neinar bætur fyrir, var gerð allfruntaleg árás á lífskjör almennings, alveg sérstaklega hina tekjulægstu. Aðalforsenda þessa frv. var sú, að vísitölubætur þær á kaup, sem launþegar áttu rétt á skv. l. og samningum, miðað við 1. des., skyldu þurrkaðar út með nefndri lagasetningu. Gegn þessu risu Alþýðusambandið og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja sem einn maður. Lá við sjálft, að verkalýðsfélögin yrðu að fara í allsherjarverkfall til þess að verja þennan rétt sinn. En áður en til þess kæmi, sá ríkisstj. sitt óvænna og féllst á, að kjaraskerðingin samkv. frv. yrði bætt í launum eftir vísitölu 1. des. Þar með var aðalkröfu verkalýðshreyfingarinnar fullnægt, og var mælt með því, að verkföllum yrði aflýst. Þarna var að vísu einungis um varnarsigur að ræða, en samt sem áður þá var fullur sigur, og hann vannst vegna órofa samstöðu verkalýðshreyfingarinnar og náinnar samstöðu með B.S.R.B. Þó vil ég vegna kviksagna um, að leynisamningar hafi verið gerðir einmitt í sambandi við lausn þessa máls, lýsa því yfir, að ekkert slíkt samkomulag

hefur verið gert, slíkt er algerlega úr lausu lofti gripið. Um þetta mál skal ég ekki fara fleiri orðum, að því verður nánar vikið af öðrum í þessum umr.

Það hefur nú verið upplýst af sérfræðingum ríkisstj., að þeir hafi í öllum útreikningum sínum um gengislækkunina gengið út frá því, að tekjur hlutarsjómanna yrðu óbreyttar í krónutölu eftir framkvæmd gengislækkunarinnar. Þetta er ótrúlegt, en satt. Hlutarsjómenn eiga samkv. hefðbundnum hlutaskiptakjörum um helming aflans. Hækki verðmæti þess hluta aflans, sem útgerðarmaðurinn á, um 33% vegna gengislækkunarinnar, á hlutur sjómanna að sjálfsögðu að hækka jafnmikið, að öðrum kosti væri gengið á hlut þeirra, sjómennirnir rangindum beittir. Svo er þó að sjá sem ýmsir hafi hug á að koma slíku ranglæti fram. Fyrir nokkrum dögum lét einn af talsmönnum L.Í.Ú. hafa þetta eftir sér í Morgunblaðinu: „Fáist því ekki breytingar á núverandi samningum við sjómenn um skiptakjör, hlýtur útgerð fiskiskipa að stöðvast." Hér er blátt áfram ógnað með stöðvun útgerðar, ef hlutaskiptum sjómanna fáist ekki breytt til lækkunar. Framkvæmdastjóri L.Í.Ú. endaði viðtal sitt við Morgunblaðið með því, að láta í ljós þá von sína, að sjómenn yrðu viðmælanlegir um þetta. Sömu skoðanir um nauðsynlega skerðingu hlutaskipta lét Sverrir Júlíusson alþm., form. L.Í.Ú., í ljós í sjónvarpsviðtali. Og það varð til þess, að Jón Sigurðsson, form. Sjómannasambandsins, lýsti því yfir, að til annars hefði kjarasamningum bátasjómanna verið sagt upp, miðað við næstu áramót, en að rýra þau og skerða. Um það ætti nú Jón Sigurðsson að vita, að sjómannastéttin stendur auðvitað að baki honum sem einn maður, og víst er um það, að verði alvara gerð úr þessum hótunum, mundu fleiri verða til varnar en sjómennirnir einir. Þar mun verða einhuga og sameinaðri verkalýðshreyfingu að mæta.

Sjómenn hafa þegar, eins og allir vita, á þessu ári tekið á sig tilfinnanlega kjaraskerðingu, bæði af aflabresti og verðfalli. Það væri því toppmæld ósvífni, ef ætlunin væri ofan á það að ráðast á kjarasamninga þessarar stéttar, sem á Herkúlesarherðum sínum ber uppi langmestan hluta þeirrar verðmætasköpunar, sem íslenzk þjóðfélagsbygging hvílir á. Verði sú raunin á, að Alþfl. standi að slíkri aðför að sjómannastéttinni eftir nokkrar vikur, þá er hann kominn enn lengra frá uppruna sínum en ég vildi þó að óreyndu trúa. Slík afstaða flokksforustunnar mundi að minnsta kosti leysa mig frá öllum vanda um að svara því hlýlega heimboði, sem hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, og fleiri foringjar Alþfl. sendu mér um Jónsmessuleytið í vor, rétt fyrir kosningarnar. Og það finnst mér viðeigandi að segja hér, að verði svo á málum haldið varðandi framkvæmd gengislækkunarinnar, að byrðar hennar verði aðallega lagðar á herðar verkafólks og sjómanna, en milliliðum og bröskurum látið haldast uppi að gera sér hana að féþúfu, mun því verða svarað á verðugan hátt, og í þeirri fylkingu skilst mér, að hæstv. forsrh. ætli að vera.

Nú er gengislækkunin sem sé staðreynd, hún verður ekki umflúin, og þá er allt, bókstaflega allt undir framkvæmd hennar komið. Bezt er að gera sér það ljóst, að þess er ekki að vænta, að neinn fái fullar bætur hennar vegna. Ef allir fengju það, væri hún tilgangslaus efnahagsmálaráðstöfun með öllu. Fari svo, að sumum stéttum haldist það uppi að mata krókinn á gengislækkuninni, hrifsa til sín allt sitt eða jafnvel krækja sér í gróðahluta af henni á annarra kostnað, þá mundi örugglega illa fara, eins og í hin fyrri skiptin. Þá étur gengislækkunin sig upp á nokkrum mánuðum. Og því miður eru strax ljótar blikur á lofti í þessu efni. Sú krafa er þegar uppi frá kaupsýslunni, að hún fái að selja vörubirgðir sínar á endurkaupsverði, sem þýðir, að hún fengi að hækka verð þess feikna vörumagns, sem hrúgað var inn í landið á fyrri hluta ársins og keypt á gamla genginu. Nú þegar hefur olíufélögunum verið heimiluð mikil hækkun á benzíni og olíum. Er þar þó vissulega um vörur að ræða, sem keyptar voru inn á gamla genginu og tollafgreiddar áður en gengið var fellt.

Fjöldamargar spurningar leita nú á hugann um framkvæmd gengislækkunarinnar. Ég vil t.d. spyrja: Er ekki ætlunin að gera neinar ráðstafanir til þess, að þær miklu vörubirgðir, sem í landinu eru, hækki ekki vegna gengisfallsins? Hvað hyggst ríkisstj. gera til þess að bæta sparifjáreigendum það tjón, sem þeir enn þá einu sinni verða fyrir af völdum gengisfellingar? Mér finnst ekki úr vegi að hugsa úr í það, að í flestum tilfellum er sparifé óeydd vinnulaun og ekkert annað. Er ekki ætlunin að gera neinar sérstakar ráðstafanir til þess að halda óskertum kaupmætti ellilífeyris, örorkubóta og fjölskyldubóta, þegar áhrif gengisfellingarinnar fara að koma í ljós? Ef það verður ekki gert, verður gengisfellingin eins og reiðarslag á þessa tekjulægstu þegna þjóðfélagsins. Hvað hyggst ríkisstj. gera til þess að rétta hlut íslenzkra námsmanna erlendis? Það er sýnt, að þeir verða unnvörpum að hætta námi, ef ekki verður brugðið við skjótt og þeim rétt hjálparhönd vegna verðfalls krónunnar. Hvað hyggst ríkisstj. nú gera, þegar kaupgjaldsvísitala er felld úr l., til þess að gera húsbyggjendum visitölutryggð húsnæðislán léttbærari? Er ekki einsætt, að visitölukvöðin hverfi af slíkum lánum, jafnframt vísitölubótum á laun? Ekkert virðist sjálfsagðara. Er það ætlun ríkisstj., að innheimtir verði jafnháir tollar að hundraðshluta eftir gengisfellinguna sem fyrir hana? Ef það verður gert, mundi það þýða peningamokstur í ríkissjóðinn. Þá gengi ríkið á undan í því að mata krókinn á gengislækkuninni, og væri þó full hætta á, að ýmsum þætti það eftirbreytnivert fordæmi, sbr. hið fornkveðna, að eftir höfðinu vilja limirnir dansa. En ef ætlunin er að lækka tolla, hve mikil

getur þá sú tollalækkun orðið, og hve fljótt getur hún komið til framkvæmda? Er það vilji ríkisstj., að allur vöruinnflutningur til landsins verði tekinn undir verðlagsákvæði og álagningu á hið hækkaða vöruverð stillt í hóf? Auðvitað væri það glapræði hið mesta, ef álagningin yrði hin sama í hundraðshlutum á hið hækkaða innkaupsverð eftir gengislækkunina sem fyrir hana. Og enn vil ég spyrja: Er það ætlun ríkisstj. að bæta þeim innflytjendum, sem nú munu skulda um 600 millj. kr. erlendis í lánum til skamms tíma, gengistapið með því að láta það fara inn í verðlagið? Ef það verður gert, skapar það margvísleg fordæmi, sem stuðla mundu að því, að holl áhrif gengislækkunarinnar fyrir atvinnulífið hyrfu og rynnu út í sandinn á skömmum tíma. Ég fullyrði, að enginn kaupsýslumaður hefur búizt við öðru en því að verða að bera gengisáhættu af slíkum lánum sjálfur, enda mundi þetta skapa mikið misrétti í framkvæmd meðal heildsalastéttarinnar.

Það er talið, að íslenzkir útgerðarmenn skuldi um 5000 millj. í Noregi vegna skipa, sem þar hafa verið byggð á seinustu árum. Það eru að vísu lán til nokkru lengri tíma en hjá verzluninni, en samt er ástæða til að spyrja: Eiga útgerðarmennirnir að bera gengistapið af þessum erlendu skuldum sínum, eða er ætlunin að bæta þeim það, eins og heildsölunum kann að verða bætt sitt gengistap? Hvort sem menn hafa meiri eða minni trú á opinberu verðlagseftirliti, er það víst, að framkvæmd gengisfellingarinnar verður að fylgja sterkt, vökult og virkt verðlagseftirlit. Ef ekki, þá er ég ekki viss um, að það sé nauðsynlegt að gera verðlagseftirlitið að stóru og fyrirferðarmiklu skrifstofubákni. Það er hægt að skipuleggja verðlagseftirlit fólksins. Það mætti t.d. viðurkenna verðlagsnefndir eða verðgæzlunefndir kvenfélaga, húsmæðrasamtaka og verkalýðsfélaga. Þeirra hlutverk væri að fylgjast gaumgæfilega með verðlagi frá degi til dags, hvert á sínu svæði, senda skýrslur og kærur um meint brot, og þyrfti þá að *mínu* viti að hraða rannsókn og dómum í slíkum málum líkt eins og um umferðarbrotamál væri að ræða. Ég spyr því: Mundi ríkisstj. vilja byggja upp slíkt verðlagseftirlit heimilanna eða fólksins? Þannig mætti á margt benda og lengi spyrja, og hér hefur ekki verið spurt af illkvittni. Ég hef spurt í vændum þess, að svörin sýndu það og sönnuðu, að ríkisstj. vilji leita allra ráða til að halda dýrtíð í skefjum, svo að útflutningsatvinnuvegirnir og atvinnulífið í heild njóti áhrifa gengislækkunarinnar sem allra lengst. En um það getur enginn maður verið í vafa, að á þeirri stundu, sem sú fjármunatilfærsla til útflutningsatvinnuveganna, sem í gengislækkuninni felst, er komin út í verðlagið, hefur hún runnið sitt skeið og verður eftir það engum að gagni.

Mikil þensla er vissulega víða í þjóðfélaginu, en víst er um það, að hvergi hefur meiri þenslu gætt en í verzluninni. Álagningargrundvöllur hennar hefur að minnsta kosti hækkað um 70% og álagningin í mörgum tilfellum um 100% eða jafnvel meir. Dýrmætt vinnuafl þjóðarinnar hefur á seinustu árum sogazt til verzlunarinnar. Fyrir fáum árum voru 11 af hverjum 100 Íslendingum við verzlun. Nú sýna skýrslur, að 15 af hverjum 100 vinna við verzlunarstörf. Þetta er mikils til of mikið. Á þessu hefur þjóðin engin efni. Hvergi ríkir meira skipulagsleysi í framkvæmd en í verzluninni, og auðsætt virðist það vera, að þegar þjóðartekjur minnka stórlega, þá verður það nauðsynlegra en endranær að fara skynsamlega með vinnuaflið og beina fleiri höndum að framleiðslustörfum, ef mögulegt er, en á því örlar hvergi, eða ekki fæ ég séð það. Og það verð ég að segja, að þá meinsemd held ég, að núv. stjórn sé ekki fær um að lækna, því að hún er ekki fyrst og fremst ríkisstj. atvinnuveganna, hún er miklu fremur, því miður, ríkisstj. milliliðanna. Það horfir að mínu viti nú einna mest til óheilla í þjóðfélagi okkar, hversu fáir vinna fyrir mörgum, og meðan svo er ástatt, eru flest úrræði í efnahagsmálum raunar nokkurn veginn dæmd til að mistakast.

Herra forseti. Núverandi hæstv. ríkisstj. hafði ekki lengi stjórnað, þegar hún greip til gengislækkunar, það var árið 1960. Þá hafði stjórn Alþfl. lækkað allt kaup með l. árið áður, eða árið 1959. Árið 1961 felldi stjórnin gengið *aftur*. Hvað veldur því svo, að gengisfellingar töldu ekki árin í framhaldi af þessari álitlegu byrjun? Því olli sívaxandi aflamagn frá ári til árs, aðallega sem afleiðing mikillar tæknibyltingar í fiskveiðunum. Samfara þessu hækkuðu allar útflutningsafurðir okkar frá ári til árs allt fram á síðari hluta ársins 1966. Enn fremur bjó þjóðin öll þessi ár við eindæma hagstæð viðskiptakjör varðandi erlent vöruverð. Samt fór svo, að strax á árunum 1964 og 1965, meðan allt lék þó í lyndi, varð ríkisstjórnin að byggja upp víðtækt kerfi uppbóta, niðurgreiðslna og styrkja. Þá var gengið raunverulega fallið, en einurð skorti bara til að viðurkenna það, enn þá hékk þó viðreisnarkerfið uppi með harmkvælum. En þegar verðfall varð svo á þessu ári í nokkra mánuði á sumum útflutningsafurðum okkar, þá hrundi viðreisnarkerfið gjörsamlega, og gengisfelling, sem leiðir af sér 33% hækkun erlends gjaldeyris, varð ekki umflúin. Þetta er mikil sorgarsaga, átakanlegur hrakfallabálkur. Þetta er þó saga hæstv. ríkisstj. Í þremur atrennum er hún búin að hækka gengi Bandaríkjadollarsins gagnvart íslenzkri krónu úr kr. 16,32 í kr. 57,07 eða nærri því um 300%. Ætli þetta hljóti nú ekki að vera nærri heimsmeti? En ríkisstj. situr enn, og sennilega er hún nú að tauta í barm sér: Það er í fjórða sinni, sem er fullreynt. En hvort sem vantraustst*illaga* sú, sem hér er til umræðu, verður felld eða samþ. á hv. Alþ., er það sannfæring mín, að ríkisstj. hafi glatað trausti þjóðarinnar, alveg sérstaklega í atvinnumálum og í efnahagsmálum, og beri því lýðræðisleg skylda

til að biðjast lausnar. Alþb. telur ríkisstj. margfaldlega hafa unnið sér til óhelgi og eigi því að segja af sér.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Góðir hlustendur. Stjórnarandstaðan hefur flutt till. um vantraust á ríkisstj. Fyrstu viðbrögð mín við þessari till. eru þau, að mig langar til að lýsa trausti á dómgreind Íslendinga, á dómgreind ykkar, sem mál mitt heyrið.

Oft er sagt um Íslendinga, að þeir séu gáfuð þjóð og menntuð. Einkum er það haft á orði, að þeir séu bókmenntaþjóð, en ég vil einnig mega treysti því, að þeir hafi heilbrigða dómgreind á efnahagsmál, að þeir geri sér ljósar mikilvægar staðreyndir og kunni að draga af þeim réttar ályktanir. Hvaða Íslendingur veit ekki, að mikið verðfall hefur orðið á útflutningsvörum landsmanna? Hvaða Íslendingur veit ekki, að gjaldeyrisvarasjóðurinn hefur minnkað um næstum helming á einu ári, og hver er sá Íslendingur, sem heldur, að þetta þurfi engin áhrif að hafa í íslenzku þjóðlífi? Auðvitað hafa þeir hlutir verið að gerast í efnahagsmálum Íslendinga, að hagur þjóðarheildarinnar hefur farið versnandi, og þess vegna hljóta lífskjör okkar allra að rýrna í bráð. Um þetta getur enginn ágreiningur verið meðal skynsamra manna, um hitt getur menn greint á, hvernig bregðast eigi við þessum vanda. Það má gera með ýmsu móti. Ríkisstj. hugðist fyrst reyna að leysa vandann án þess að breyta gengi krónunnar. Hún vissi, að það mundi verða erfitt, en hún vissi líka, að gengisbreyting er svo viðurhlutamikil ráðstöfun, að til hennar á ekki að grípa nema hún sé talin brýn nauðsyn. En þegar gengi pundsins var lækkað og gengisbreyting krónunnar varð óhjákvæmileg af þeim sökum, þótti einsýnt, að skynsamlegt væri að hætta við fyrri fyrirætlanir um lausn á efnahagsvandamálunum og freista þess að leysa þau með því að hafa gengislækkunina nokkru meiri en svaraði til lækkunar sterlingspundsins. Í þessu sambandi var það veigamikið atriði, að gengislækkunarleiðin gerði kleift að verða við óskum launþegasamtakanna um hækkun verðlagsuppbótar á laun 1. des. n. k. Fyrri fyrirætlanir ríkisstj. voru við það miðaðar, að kaupgjald héldist óbreytt 1. des. En hætta var á, að til víðtækra verkfalla kæmi, ef kaup hækkaði ekki 1. des. Gengislækkunin gerði kauphækkunina mögulega, og nú hefur verkföllum verið aflýst, vinnufriður verið tryggður, m. a. með því að gengislækkunarleiðin var farin.

Í sambandi við þessa atburði alla hefur undanfarnar vikur gerzt ýmislegt sögulegt, sem varpar athyglisverðu ljósi á stjórnmálaflokka og stjórnmálamenn. Á s.l. sumri fóru fram kosningar til Alþ., þá fékk þjóðin tækifæri til þess að láta í ljós traust sitt eða vantraust á stjórnarflokkum, á þeirri ríkisstj., sem setið hafði að völdum, á þeirri stjórnarandstöðu, sem andspænis stóð. Úrskurður þjóðarinnar var traust á ríkisstj., vantraust á stjórnarandstöðuna. Ríkisstj. hélt meiri hluta sínum í þriðja sinn, aðalstjórnarandstöðuflokkurinn, Framsfl., tapaði þingsæti. Þetta var lýðræðisleg niðurstaða, fengin að loknum frjálsum umræðum í langri kosningabaráttu. Ríkisstj., sem er nýbúin að vinna kosningar, á að sjálfsögðu að fá starfsfrið til þess að vinna að lausn viðfangsefna sinna í samræmi við stefnu sína. Það er grundvallaratriði lýðræðis og þingræðis, að svo geti orðið. En stjórnarandstaðan á Íslandi lítur því miður ekki þannig á, það er hið alvarlega, sem verið hefur að gerast bak við tjöldin undanfarnar vikur. Það, sem í raun og veru hefur verið að gerast, er, að stjórnarandstaðan hefur neitað að viðurkenna niðurstöðu kosninganna í sumar, þá niðurstöðu kosninganna, að núv. ríkisstj. eigi að fara áfram með völd. Þegar stjórnarandstöðunni tókst ekki að hnekkja meirihluta ríkisstj. í kosningunum og koma henni frá völdum með þeim hætti, tók hún upp nýja baráttuaðferð til þess að koma henni frá. Með hliðsjón af hinum miklu efnahagsörðugleikum, sem verðfall og aflabrestur hefur valdið þjóðinni, reri hún að því öllum árum, að verkalýðshreyfingin efndi til allsherjarverkfalls núna í desember. Það skipti þessa stjórnmálabraskara engu máli, hvað slíkt verkfall kostaði launþegana. Það skipti þá engu máli, hverju tjóni það ylli þjóðarheildinni. Það eina, sem skipti þá máli, var, að erfiðleikarnir yrðu svo miklir, að ríkisstj. treysti sér ekki til annars en óska eftir samvinnu við stjórnarandstöðuna til þess að leysa þá, m.ö.o. að þeim yrði boðin aðild að ríkisstj. Með misnotkun verkalýðshreyfingarinnar átti þannig að knýja það fram, sem ekki hafði unnizt í nýafstöðnum kosningum. Það þýðir ekkert fyrir leiðtoga Framsfl. og kommúnistaforingjana í Alþb. að bera á móti því, að þetta hafi verið ætlunin. Það var í margar vikur altalað meðal þm. í stjórnarandstöðuflokkunum, að erfiðleikarnir fram undan væru svo miklir, að ríkisstj. kæmist ekki hjá því að leita samvinnu við stjórnarandstöðuna um lausn þeirra, og jafnframt þóttust ýmsir vita, að Eysteinn Jónsson og Lúðvík Jósefsson mundu engan kost gefa á samstarfi um lausn vandans, nema fyrsta sporið yrði myndun fjögurra flokka ríkisstj. Það átti m.ö.o. fyrst að semja um ráðherrastólana, áður en nokkuð yrði rætt um úrræðin. Þá fyrst ætluðu þessir herramenn að segja, hvað þeir vildu gera til þess að leysa vandamálin, þegar þeir væru orðnir ráðherrar, og leiðin til þess að komast í þessa aðstöðu átti að vera sú að magna verkföll og ringulreið.

Hér er um alvarlega hluti að ræða. Hér er um það að ræða, að stjórnmálamenn reyna að koma sér undan lýðræðislegum dómi kjósenda með bolabrögðum, með rangindum, sem ekki aðeins kosta þjóðarheildina stórfé, heldur kippa í rauninni grundvellinum undan gildi þingræðis og kosninga. Ef mönnum, sem tapa í lýðræðislegum kosningum, á að takast að

þvinga sig inn í ríkisstj. með verkfallsbaráttu, er niðurstaða kosninganna ógild, þá er verkfallsvopnið orðið áhrifameira en kjörseðillinn. Allir hljóta að sjá, hvert slíkt mundi leiða.

Ég er þeirrar skoðunar, að það hefði fyllilega getað komið til mála, að fleiri flokkar fengju hlutdeild í stjórn landsins, ef það í raun og veru hefði getað stuðlað að lausn vandamálanna. En stjórnarmyndun án samkomulags um úrræði í megindráttum gat ekki verið spor í þá átt, og ríkisstj. hefði brugðizt hrapallega skyldum sínum, ef hún hefði látið knýja fram með verkföllum niðurstöðu, sem átti sér ekki lýðræðislegar og þingræðislegar forsendur. Verkföll á að leysa á vinnumarkaðinum, en ekki með stjórnarmyndun.

Sem betur fer kom ekki til verkfalla, en það var sannarlega ekki framsóknarforingjunum og kommúnistaleiðtogunum að kenna. Ástæðan var sú, að verkalýðshreyfingin lét ekki misnota sig, þegar til kastanna kom. Ábyrgir verkalýðsleiðtogar tóku hagsmuni fram yfir valdastreitu framsóknarmanna og kommúnista. Framsóknarforingjarnir og kommúnistaleiðtogarnir urðu fyrir vonbrigðum, þegar verkföllum var aflýst. Tilraunin til þess að hrekja ríkisstj. frá völdum hafði mistekizt. Draumurinn um að brjótast upp í ráðherrastólana, þrátt fyrir niðurstöður kosninganna, var búinn.

Því miður er þetta ekki í fyrsta skipti, sem þessir sömu menn gera tilraun til þess að misnota verkalýðshreyfinguna sér til stjórnmálaframdráttar. Hliðstætt gerðist í raun og veru eftir næstsíðustu kosningar, haustið 1963. Ríkisstj. hélt velli í þeim kosningum og jók atkvæðamagn sitt, en því átti ekki að una. Sumarið og haustið 1963 voru uppi víðtækar ráðagerðir um að knýja það fram með verkföllum, sem hafði ekki unnizt við kjörborðið. Þetta olli miklum og alvarlegum erfiðleikum, en einmitt þeir erfiðleikar stuðluðu að því, að verkalýðshreyfingin gerði sér ljóst, hvað hér var um að vera og hvað var í húfi. Þess vegna kom til júní-samkomulagsins svonefnda 1964, en með því samkomulagi var að ýmsu leyti brotið í blað í sögu samskipta ríkisvalds og verkalýðshreyfingar. Það voru ábyrgir verkalýðsleiðtogar, sem að því samkomulagi stóðu, en það lék ekki á tveimur tungum, að kommúnistaleiðtogarnir og framsóknarforingjarnir voru því algerlega andvígir. Þeir reyndu fram á síðustu stund að koma í veg fyrir, að samkomulag yrði, og leyndu ekki vonbrigðum sínum, þegar úr því varð. Það voru sömu mennirnir, sem unnu gegn júní-samkomulaginu og hvöttu til verkfallanna nú í des. Það voru sömu mennirnir, sem í bæði skiptin sátu eftir með sárt ennið, vonsviknir yfir því að hafa ekki getað misnotað verkalýðshreyfinguna til þess að veikja löglega kosna ríkisstj. og færa stjórnarandstöðu, sem þjóðin hafði sýnt vantraust, aukin stjórnmálaítök. Ég vil hvetja alla þá, sem mál mitt heyra, til þess að hugleiða vandlega, hversu alvarlega hluti hér er í raun og veru um að ræða.

Framsóknarforingjarnir og kommúnistaleiðtogarnir eru í sannleika sagt að sniðganga reglur lýðræðisins. Þeir eru að storka þeim meiri hluta kjósenda, sem hefur hafnað forustu þeirra í frjálsum kosningum. Þeir eru í raun og veru að segja við þennan meiri hluta: Það skiptir engu máli, hvaða ríkisstj. þið viljið hafa og hvaða stjórnarstefnu þið viljið láta fylgja. Verkfallsvopnið er svo sterkt, að sé því beitt kröftuglega, verður ríkisstj. að víkja og kalla á stjórnarandstöðuna til hjálpar. Þannig fáum við hlutdeild í völdunum og aðstöðu til þess að framkvæma að einhverju leyti okkar stefnu, hver svo sem niðurstaða kosninganna hefur orðið. Hér er að sjálfsögðu um algerlega ólýðræðislegan hugsunarhátt og verknað að ræða. Það er í sjálfu sér ekki undrunarefni, að kommúnistar skuli hugsa þannig og breyta í samræmi við það. Þeir hafa ekki einu sinni í orði, ýmsir hverjir, fallizt á leikreglur lýðræðis og þingræðis og telja þau þjóðfélög til fyrirmyndar, þar sem hvorki ríkir lýðræði né þingræði. En hitt hljóta menn að undrast, að leiðtogar Framsfl. skuli ekki gefa kommúnistaforingjunum neitt eftir í ákefð sinni við þessa iðju. Það ætti að vera alvarlegt umhugsunarefni fyrir almenna fylgismenn Framsfl., sem ég efast ekki um, að séu yfirleitt góðir lýðræðissinnar. Er þeim í raun og veru að skapi, að foringjar þeirra hegði sér eins og þeir gera? Er þeim að skapi, að ekki skuli ganga hnífurinn milli framsóknarforustunnar og kommúnistaleiðtoganna? Er það í samræmi við vilja þeirra, að samtímis því, sem ýmsir verkalýðsleiðtogar ASÍ taka ábyrga afstöðu og láta hagsmuni launþeganna ráða gjörðum sínum, en ekki stjórnmálasjónarmið, skuli bókstaflega enginn framsóknarforingi hafa áhuga á neinu öðru en pólitískum hráskinnaleik og valdabraski?

Sú vantraustst., sem hér er til umræðu, er í orði kveðnu borin fram vegna þess, að gengi krónunnar hefur verið lækkað. 1. flm. hennar er form. Framsfl., Eysteinn Jónsson. Í sjónvarpsþætti um daginn spurði fréttamaður Eystein Jónsson, hvort Framsfl. hafi verið fylgjandi gengislækkun, áður en Bretar felldu sterlingspundið. Eysteinn Jónsson tók þessu fjarri og lét nánast í ljós undrun yfir því, að nokkrum skyldi geta dottið annað eins í hug.

En það er sannarlega ekkert undarlegt, þótt mönnum detti í hug, að Framsfl. sé í raun og veru fylgjandi gengislækkuninni og mundi jafnvel hafa hana meiri, ef hann hefði mátt ráða. Framsfl. má ekki halda, að menn muni ekki eitthvað aftur í tímann. Fyrsta gengislækkun, sem gerð var hér á landi eftir að föst gengisskráning var tekin upp, var gengislækkunin vorið 1939, en þá var Eysteinn Jónsson viðskmrh. og ráðh. bankamála. Hann flutti þá margar ágætar ræður bæði innan þings og utan, um að gengislækkun væri skyn-

samlegasta leiðin út úr þeim vanda, sem þá var við að etja. Útgerð landsmanna hafði þá um langt skeið verið rekin með halla vegna verðfalls, sem fylgdi í kjölfar heimskreppunnar miklu, og missis mikilvægra markaða vegna Spánarstyrjaldarinnar. Reynt hafði verið að sigrast á erfiðleikunum með ýmsum ráðum, m. a. ströngum innflutnings- og gjaldeyrishöftum, en allt kom fyrir ekki. Vorið 1939 var talið óhjákvæmilegt að lækka gengið, og var það tvímælalaust rétt. Þá taldi Eysteinn Jónsson það líka rétt, enda var hann ráðherra. Næst var almenn gengislækkun gerð 1950. Hana bar að með sérkennilegum hætti. Minnihlutastjórn Sjálfstfl. hafði setið að völdum og borið fram frv. um gengislækkun, en þá var gengisskráningarvaldið í höndum Alþ. Framsfl. bar þá fram vantraust á ríkisstj. Sjálfstfl. vegna gengislækkunarfrv., rétt eins og nú. Vantraustið var samþ., enda var ríkisstj. þá minnihlutastjórn. En þegar eftir að vantraustið hafði verið samþ., myndaði Framsfl. ríkisstj. með flokknum, sem hann hafði verið að lýsa vantrausti á, og samþ. með honum gengislækkunarfrv., sem hafði verið tilefni vantraustsins.

Í allri sögu Alþ. Íslendinga hefur enginn stjórnmálaflokkur hegðað sér með líkum hætti og Framsfl. gerði í þessu máli. Enginn íslenzkur stjórnmálaflokkur hefur nokkurn tíma afhjúpað jafnberlega málefnalausa tækifærismennsku og Framsfl. gerði í þetta sinn. Gengislækkunin var röng meðan Framsfl. var utan ríkisstj., en hún var rétt á samri stundu og hann var kominn í ríkisstj. Auðvitað gleymist þetta ekki, en með hliðsjón af því þarf formaður Framsfl. ekki að verða hissa, þótt hann sé spurður, hvort Framsfl. hafi verið eða sé kannske fylgjandi gengislækkuninni nú.

Þegar ríkisstj. Hermanns Jónassonar átti við örðugleika að etja, örðugleika, sem að endingu leiddu til falls hennar, gerðu allir stjórnarflokkarnir till. um lausn þeirra, þótt samstaða næðist ekki, svo sem kunnugt er. Vorið 1958 stakk Framsfl. upp á því, að lagt yrði almennt gjald á bæði útflutning og innflutning, jafnhátt á báða bóga. Jafngilti þetta að sjálfsögðu gengislækkun, og var bæði framsóknarmönnum og okkur öllum hinum það jafnljóst. Þá var gengislækkun með öðrum orðum leið út úr vandanum. Það var rétt hjá framsóknarmönnum, enda voru þeir þá í stjórn. En þegar núverandi stjórnarflokkar lækkuðu gengið tæpum 2 árum seinna, var það orðið alrangt, enda voru framsóknarmenn þá ekki í stjórn. Með hliðsjón af öllu þessu mega foringjar Framsfl. hreint ekki verða hissa á því, þótt mönnum detti í hug, að þeir séu í raun og veru alls ekki á móti gengislækkuninni, þótt þeir flytji vantraust á ríkisstj. hennar vegna. Vita í raun og veru ekki allir, sem þekkja dálítið til Framsfl., að það hefði verið lítill vandi að fá hann til þess að samþykkja gengislækkunina? Líklega hefði einn ráðherrastóll dugað. Enginn vafi er á, að tveir hefðu verið fullnægjandi. En ríkisstj. er þeirrar skoðunar, að gengislækkunin sé jafnnauðsynleg, hvort sem Framsfl. er með henni eða á móti. Meira máli skiptir þó hitt, að það er hægara að láta gengislækkunina koma atvinnuvegunum að gagni, að það er hægara að verja þá, sem höllustum fæti standa, áföllum vegna gengislækkunarinnar án Framsfl. en með honum. Þess vegna látum við okkur í léttu rúmi liggja, þótt hann tali gegn henni. Við vitum, að hún var nauðsynleg. Við vitum líka, að það hefði verið auðvelt að fá Framsfl. í lið með henni, en við kærum okkur ekkert um að greiða það verð fyrir fylgi Framsfl., sem við þykjumst vita, að þeir mundu setja upp. Við kærum okkur ekki um að taka upp þá afturhaldsstefnu í efnahagsmálum, sem Framsfl. aðhyllist. Við kærum okkur ekki um að gefa honum kost á að efla þá sérhagsmuni, sem við vitum, að hann ber fyrir brjósti.

Það er í sannleika sagt ömurlegt, hvílíkt hlutskipti næststærsti stjórnmálaflokkur þjóðarinnar, Framsfl., hefur kosið sér á síðari árum. Það er engu líkara en 9 ára vist utan stjórnarráðsins hafi rænt forustu flokksins allri heilbrigðri dómgreind og ábyrgðartilfinningunni í þokkabót. Flokkurinn er orðinn harðasti kaupkröfuflokkur þjóðarinnar. Engin kauphækkunarkrafa er sett fram, án þess, að Framsfl. styðji hana. Samtímis styður hann allar kröfur atvinnurekenda um aukna styrki úr ríkissjóði. Hann heimtar aukin bankalán til atvinnurekenda og húsbyggjenda og lækkaða vexti. Jafnframt er hann á móti ráðstöfunum, sem ætlað er að auka sparifjármyndun. Hann krefst hækkaðs hlutar úr fiskverði til sjómanna samtímis því sem hann telur bátana hafa allt of lélega afkomu. Jafnframt telur hann frystihúsin berjast í bökkum og þurfa að fá aukinn ríkisstyrk. Hann ber fram till. um stóraukin ríkisútgjöld samtímis því sem hann krefst lækkunar skatta og tolla. Hann ýtir undir óánægju kaupmanna með álagningu sína og krefst afnáms verðlagseftirlits, jafnframt því sem hann segir neytendur þurfa að fá lægra vöruverð. Hann krefst hækkaðs verðs á landbúnaðarafurðum til þess að hækka kaup bænda jafnframt því sem hann hvíslar því að verkamanninum, að hann hljóti að sjá, hversu dýrtíðin sé orðin voðaleg. Þannig mætti lengi telja. Ef Framsfl. fréttir einhvers staðar af kröfugerð, þá er hann kominn þangað til þess að styðja hana. Ef Framsfl. fréttir af einhverjum hópi manna, sem hann telur að hægt sé að gera óánægðan, þá er hann kominn þangað til þess að blása í glæðurnar. Ef hann telur einhverjar líkur á verkfalli, hvetur hann til þess. Ef reynt er að ná sáttum í vinnudeilu, eins og farmannadeilunni um daginn, þá reynir hann að koma í veg fyrir það. Þetta er ótrúlegt, en það er því miður satt. Svona hefur enginn flokkur hegðað sér áður á Íslandi, ekki einu sinni kommúnistarnir. Í hópi þeirra hafa oft reynzt vera menn, sem lítið hafa á vandamál dagsins af ábyrgðartilfinningu. Allar götur

síðan Sósfl. var stofnaður hefur verið á allra vitorði, að sú fylking hefur verið samansett af mönnum með mjög ólíkar skoðanir, og sá ágreiningur hefur hvað eftir annað komið upp á yfirborðið. En því miður virðist enginn ágreiningur vera í þingliði Framsfl. Það virðist næstum óhugnanlega sammála um lýðskrumið og ábyrgðarleysið. Svo grátt hefur 9 ára dvöl utan ríkisstj. náð að leika Framsfl.

Góðir hlustendur. Þessi vantrauststill. verður að sjálfsögðu felld, og ríkisstj. mun halda áfram störfum sínum í samræmi við mótaða stefnu. En því fer víðs fjarri, að sá þingmeirihluti, sem stendur að baki ríkisstj. þykist nota vald sitt af yfirlæti. Okkur er ljóst, að þjóðin hefur orðið fyrir miklu áfalli í efnahagsmálum. Við drögum enga dul á, að fram undan eru erfiðir tímar. Við komum fram af hreinskilni og segjum þjóðinni, að hún verði að sætta sig við nokkra kjaraskerðingu í bráð. Okkur er ljóst, að gengislækkun er alvarlegur atburður. Einmitt þess vegna var ekki gripið til hennar fyrr en nú. Þegar slík alvara er á ferðinni, er okkur ljóst, að okkur ber að leita allra ráða, til þess að öll framkvæmd gengislækkunarinnar og ráðstafanir í sambandi við hana sé sem sanngjörnust og réttlátust og allt sé gert til þess að áhrif hennar verði sem minnst hjá þeim, sem erfiðast eiga með að þola þau. Við ætlum okkur ekki þá dul, að við í ríkisstj. eða stjórnarflokkunum vitum allan sannleikann í þessum efnum. Þess vegna viljum við gjarnan hafa sem nánust samráð við þá aðila, sem líklegast er, að gefið geti vísbendingar um, hvernig hægt sé að haga framkvæmdaatriðum skynsamlegast. Að því er launþega snertir er líklegast, að heildarsamtök þeirra geti gefið góð ráð. Þess vegna hefur ríkisstj. lagt á það áherzlu, að samstarf takist og haldist við ASÍ. Ríkisstj. mun reyna að taka tillit til allra ábendinga og allra góðra ráða, sem þaðan berast og líkleg væru til þess að létta launþegum þær byrðar, sem hún þarf því miður að leggja á herðar þeirra um sinn. Á sama hátt telur ríkisstj. sjálfsagt að hafa samráð við samtök atvinnurekenda, bæði í sjávarútvegi, iðnaði og verzlun, sem og bændasamtökin um það, með hverjum hætti fyllsta gagn geti orðið af gengisbreytingunni. Ríkisstj. er því ekki heldur andvíg að hafa um þessi mál samvinnu við þá stjórnmálaflokka, sem eru í stjórnarandstöðu, en slík samvinna má ekki byggjast á hrossakaupum, heldur á sameiginlegum skilningi á vandamálinu og samstarfsvilja til þess að leysa þau. Alvörutímar eins og þeir, sem við nú lifum, eiga ekki að vera tími þjóðfélagsátaka og ófrjórra deilna, heldur tímar samstarfs og sameiginlegs átaks til þess að koma þjóðarskútunni út úr þeim þunga straumi, sem hún hefur nú orðið að sigla gegn um hríð. Það getur tekizt, það verður að takast. Íslendingar hafa oft áður orðið fyrir miklum áföllum í efnahagsmálum. Nægir í því sambandi að minna á kreppuárin eftir 1930 og árin eftir heimsstyrjöldina síðari. Ég er þeirrar skoðunar, að það hafi í bæði skiptin verið látið dragast of lengi að grípa til þeirra ráðstafana, sem dugðu, en ég ásaka engan í því sambandi, það er alltaf erfitt að taka afdrifarikar ákvarðanir. Það hefur einnig átt sér nokkurn aðdraganda að þessu sinni, að hin endanlega ákvörðun var tekin um að lækka gengi krónunnar. En það var þó gert fyrr nú en nokkru sinni áður undir svipuðum kringumstæðum, nema 1961. Einmitt það ætti að geta gefið fyrirheit um, að gengislækkunin komi að því gagni, sem til er ætlazt. En frumskilyrðið í því sambandi er, að ekki verði hækkun á framleiðslukostnaði innanlands fyrst um sinn. Ef það verður, er hagur útflutningsatvinnuveganna og iðnaðarins af gengislækkuninni rokinn út í veður og vind og vofa hallarekstrar, greiðsluhalla og atvinnuleysis komin á kreik aftur. Sú vofa, sem gengislækkuninni er einmitt ætlað að halda frá dyrum okkar.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, hef ég þá bjargföstu trú á dómgreind Íslendinga, að þeir sjái og skilji, að við erum á réttri braut og nú höfum við gert rétt og nú þurfum við um sinn að sætta okkur við minna en undanfarin ár, til þess að ný sókn geti hafizt fram á við fyrir framförum og bættum lífskjörum. Við búum í góðu landi, sem okkur þykir vænt um. Sjórinn er gjöfull, og við eigum auðlindir í hverum og fallvötnum, en mesti auður okkar er þó fólkið sjálft, vel menntað, vel verki farið og harðduglegt. Þótt á móti blási um sinn, er því engin ástæða til þess að örvænta. Lífskjör okkar hafa verið með því bezta, sem gerist í heiminum. Við eigum fullkomnari framleiðslutæki en nokkurn tíma áður í sögu þjóðarinnar. Við erum því vel undir það búin að standast áföll, og það munum við gera. Við munum sigrast á þeim erfiðleikum, sem nú hafa orðið á vegi okkar, og frá þeim átökum munum við koma stæltari en nokkru sinni fyrr.

Ingvar Gíslason: Góðir hlustendur nær og fjær. Hæstv. menntmrh., sem var að ljúka hér máli sínu, notaði ræðutíma sinn til þess aðallega að kasta fram strákslegum ásökunum í garð framsóknarmanna, en ræddi ekki einu orði að kalla þau málefni, sem fyrst og fremst eru á dagskrá með þjóðinni nú. Þjóðin er því litlu nær eftir ræðu þessa hæstv. ráðh. um það, sem fram undan er í efnahagsmálum, og verður þetta að teljast vægast sagt ómerkilegur málflutningur.

Það er sannarlega ekki vandalaust að átta sig á orðum og yfirlýsingum ríkisstj. og einstakra ráðh. nú að undanförnu. Fyrir nokkrum vikum sögðu ráðh., að gengislækkun skapaði fleiri vandamál en hún leysti. En þessa síðustu daga ber víst að líta á það sem skoðun ríkisstj., að gengislækkun sé allra meina bót í efnahags- og atvinnulífi. Slíkt er þó auðvitað meira en ofmælt. Gengislækkun sú, sem framkvæmd hefur verið, verður aldrei skoðuð sem einhver úrbótaráðstöfun í sjálfu sér,

heldur fyrst og fremst sem viðurkenning á ákveðnu ástandi, ófremdarástandi, sem skapazt hefur á alllöngum tíma vegna rangrar stjórnarstefnu. Gengislækkun er ávallt neyðarúrræði, sem aðeins er gripið til, þegar allt um þrýtur, þegar svo er komið, að búið er að grafa undan gjaldmiðlinum og rýra verðgildi hans. Gengislækkun felst ekki í því einu saman að skrá nýtt gengi niðri í Seðlabanka. Gengislækkunin á sér aðdraganda, sem nær yfir mörg ár, og er eins og lokakafli í löngum hrakfallabálki. Gengislækkunin verður hvorki skýrð né skilin nema í ljósi þessara sanninda.

Reynslan ein fær úr því skorið, hvort sá tími, sem fram undan er, verður hagstætt tímabil í atvinnu- og efnahagsmálum eða hvort stefnt er til sama vandræðaástands og ríkt hefur undanfarin ár. Þær aðgerðir, sem ríkisstj. hefur nú framkvæmt, gefa í sjálfu sér engin fyrirheit um blómlegt efnahagslíf, því að eins og þær eru settar fram, eru þær ekki líklegar til þess að eyða frumorsök vandans, sem við er að stríða og lengi hefur þjáð íslenzkt efnahagslíf og fjármálastjórn.

Sá vandi, sem mestur er og enn er óleystur, er vandi verðbólgunnar. Það er sá vandi, sem herjað hefur undanfarin ár og valdið hefur því, að smám saman hefur verið grafið undan gjaldmiðli þjóðarinnar og hann rýrður svo að verðgildi, að nú hefur þótt óhjákvæmilegt að skrá gengi krónunnar upp á nýtt í þriðja sinn á 7 ára tímabili. Og meðan ekki finnast ráð og ekki er fyrir hendi samstaða um aðgerðir til þess að hefta verðbólguþróun, þá er fullsnemmt að spá um það nú í upphafi nýs gengisfellingartímabils, að hér sé um viðunandi efnahagslausn að ræða.

Það hlýtur að vekja undrun, þvílík látalæti eru í kringum þessa gengislækkun. Þeir, sem að henni standa, láta eins og hún komi þeim sjálfum alveg á óvart. Atburðarásin á að hafa verið svo hröð, að þeir hafa ekki haft við að fylgjast með henni. Þetta eru augljós látalæti og gerð í því skyni einu að láta líta svo út sem ástæðan til gengislækkunarinnar eigi rætur í fjarlægum og ófyrirséðum viðburðum einhvers staðar úti í heimi. Það er að vísu staðreynd, að Bretar hafa skert gengi sterlingspundsins og slíkt hlaut að hafa óheppileg áhrif á nokkurn hluta af útflutningsverzlun okkar. En lækkun sterlingspundsins um 5% getur ein saman ekki réttlætt 25% gengislækkun ísl. krónu. Til þess að jafna metin milli gengislækkunar sterlingspundsins og útflutningshagsmuna okkar nægði að fella krónuna um 5% gagnvart hinum brezka gjaldmiðli. Allt það, sem umfram er, þ. e. a. s. um 20%, á sér aðrar orsakir. Og þessar orsakir eru heimatilbúnar og þurfa engum að koma á óvart. Þar er sjálf stjórnarstefnan að verki, verðbólgan og dýrtíðin, röng atvinnumálastefna, röng verzlunarstefna, röng stefna í fjárfestingarmálum, röng bankapólitík. Á meðan ekki er breytt um grundvallarstefnu, á meðan ekki er leitazt við að ráða niðurlögum verðbólgunnar, á meðan gjaldeyrissjóðir tæmast vegna óþarfa innflutnings og heimskulegrar eyðslu, á meðin fjárfestingin er skipulagslaus og eitt rekur sig á annars horn í þeim efnum, á meðan fjármagnið sogast inn í milliliðabraskið, en fjarlægist undirstöðuatvinnuvegina, — á meðan slík öfugþróun ríkir á öllum sviðum og ekki er breytt um grundvallarstefnu í efnahagsmálum, þá mun sækja í sama farið og verið hefur öll stjórnarár núv. ríkisstj. Þá er stefnt að nýrri gengislækkun áður en varir, enda er allur ferill ríkisstj. varðaður verðbólgu og gengisfellingum. M. a. stóð ríkisstj. augliti til auglitis við gengisfellingu á síðasta ári, en valdi þá leið að fresta henni þangað til nú. Ríkisstj. kaus að greiða verðbólguna niður beint úr ríkissjóði og kallaði þá ráðstöfun sína verðstöðvun, en réttnefni hennar hefði verið frestun á gengisfellingu fram yfir kosningar. Í kosningabaráttunni í vor ræddu forustumenn stjórnarflokkanna hins vegar um gengislækkun sem fjarstæðu, og allt fram á síðustu stund, nú fyrir viku eða hálfum mánuði afneituðu þeir gengislækkun og sóru fyrir allar slíkar áætlanir. Eigi að síður hefur gengið verið fellt, ekki til samræmis við lækkun sterlingspundsins, eins og ríkisstj. vill fá almenning til að trúa, heldur sem ráðstöfun í beinu samræmi við þróun efnahagsmála s. l. 8 ár og sem framhald þeirrar þróunar.

Fyrir 8 árum hófust þessir menn til valda með miklu yfirlæti og fullyrðingum um, að markmið þeirra væri að koma á nýju og fullkomnu efnahagskerfi, sem byggt væri á viðurkenndum og allt að því óyggjandi hagfræðikenningum. Var mjög áberandi í upphafi viðreisnar sú tilhneiging ríkisstj. að setja fræðilegan stimpil á ráðstafanir sínar í efnahagsmálum og kalla til vitnis um ágæti þeirra ýmsa útlenda aðila, bæði einstaka menn og heilar stofnanir, þó að slíkum vitnaleiðslum fari nú fækkandi.

Það væri of langt mál að greina nákvæmlega frá, í hverju þessar ráðstafanir voru fólgnar, enda eru þær flestum í fersku minni, en ástæða er til þess við þessar umr. um vantraust á ríkisstj. að rifja upp, hvert var höfuðmarkmið stjórnarstefnunnar eða hins nýja efnahagskerfis. Markmiðið var í stuttu máli sagt viðreisn atvinnulífsins, verðbólgustöðvun og efnahagslegt jafnvægi, þ. á m. verndun gjaldmiðilsins. Þessum göfuga og margþætta tilgangi skyldi náð eftir leiðum, sem færustu efnahagssérfræðingar höfðu markað. Þessi boðskapur var því ekki fluttur sem venjuleg stjórnmálastefna, heldur miklu fremur sem hagfræðilegur réttrúnaður. Viðreisnarstefnan hófst eins og krossferð gegn villutrú þeirra, sem efuðust um, að íslenzka efnahagskerfið yrði alfarið vegið á sömu vog og efnahagskerfi iðnaðarstórveldanna.

Frá því er skemmst að segja, að reynslan hefur sýnt, að viðreisnarráðstafanirnar voru ekki þeim kostum búnar, sem höfundar þeirra og talsmenn vildu vera láta. Hinum göfugu markmiðum um viðreisn efnahags- og at-

vinnulífs hefur ekki verið náð, heldur hefur þróunin orðið alveg hið gagnstæða. Verðbólgan hefur vaxið mjög ört allan viðreisnartímann og gengi krónunnar hefur verið svo óstöðugt, að leitt hefur til endurtekinna gengisfellinga. Þetta tvennt ætti að vera nægileg ábending um haldleysi viðreisnarstefnunnar, því að vitanlega verður ríkisstj. hvað helzt dæmd eftir því, hvernig henni farnast, að því er tekur til verðlagsþróunar og gengismála.

En stærsti áfellisdómurinn er þó ástandið í atvinnumálunum. Sú stefna, sem upphaflega var sagt að ætti að treysta grundvöll atvinnuveganna, hefur í reynd orðið til þess að grafa grundvöllinn undan þeim. Íslenzkt atvinnulíf verður nú að súpa seyðið af þessari 8 ára tilraunastarfsemi, sem stofnað var til á röngum forsendum og misskilningi á því, hvað hentaði íslenzku atvinnulífi. Skakkt mat á hagsmunum frumatvinnuveganna og hins unga íslenzka iðnaðar, hefur leitt til þess vandræðaástands, sem endar nú í ógöngum gengisfellingar. Ríkisstj. hefur lagt höfuðkapp á að halda uppi svonefndri frjálsri innflutningsstefnu, sem á undanförnum veltiárum hefur leitt til meira álags á gjaldeyrissjóði en þeir reyndust færir um að þola, þegar nokkuð dró úr sjávarafla og verðlagshækkunum. Verzlunarfrelsi af því tagi, sem ríkisstj. hefur hallazt að og barizt fyrir af meiri ákafa en skaplegt má telja, veldur litlu eða alls engu um varanlegan hagvöxt á Íslandi, en hefur hins vegar orðið bein orsök að fáránlegustu eyðslustefnu og gjaldeyrissukki, sem enn er reynt að viðhalda með erlendum lántökum, þegar eiginn gjaldeyrir þjóðarinnar er á þrotum. Það er framleiðslan til lands og sjávar, atvinnulífið í landinu og afkoma frumatvinnuveganna, sem bera uppi lífskjörin á hverjum tíma, en ekki milliliðastarfsemi. En það er eitt af einkennum stjórnarfarsins undanfarin ár, að milliliðastarfsemin hefur blómstrað, fjármagnið hefur leitað í stríðum straumum inn í verzlunina, fyrst og fremst gróðavænlega einkaverzlun og spákaupmennsku, en framleiðsluatvinnuvegirnir hafa verið í fjármagnssvelti. Stefnan í innflutningsmálunum hefur einkum haft óheillavænleg áhrif á þróun innlends iðnaðar, hún hefur kippt fótunum undan fjölmörgum einstökum iðngreinum og átt þátt í að draga úr almennum vexti iðnaðarins. Slík þróun er skaðvænleg, því að innlendur iðnaður er tiltölulega ný atvinnugrein og þarf enn um skeið sérstakrar verndar við. Vissulega er ísl. iðnaður ekki ánmarkalaus og stenzt ekki í öllum greinum harða gagnrýni um fjölbreytni og vörugæði. En hann er sá atvinnuvegur, sem flestum veitir fasta og trygga atvinnu. Það er að langmestu leyti iðnaðinum að þakka, að hægt hefur verið að taka á móti hinni öru fólksfjölgun í landinu, en íbúatalan hefur tvöfaldazt á um það bil þremur áratugum. Þjóðinni hefur fjölgað úr 100 þús. manns í 200 þús. manns á þessum tíma. Án innlends iðnaðar hefði þessi fólksfjölgun tæpast getað átt sér stað og næstum víst, að mikill hluti fólksaukningarinnar hefði neyðzt til að flytjast úr landi og setjast að með öðrum þjóðum, líkt og átti sér stað um og eftir aldamótin, þegar fólkið streymdi þúsundum saman til Vesturheims. Slík þróun á sér stað á Írlandi enn í dag og annars staðar, þar sem lítið er hlúð að innlendum iðnaði og atvinnuframtaki landsmanna sjálfra, en í þess stað mænt upp á útlenda forsjá og erlent auðmagn.

Hlutlaus dómur um stjórnarstefnuna undanfarin ár mundi án minnsta efa leiða til þeirrar niðurstöðu, að öll meginmarkmið hennar í efnahagsmálum hefðu brugðizt. Það væri verðugt verkefni fyrir fræðimenn að útskýra, hvers vegna hagstjórnartæki viðreisnarinnar og grundvallarkenningar boðbera hennar hafa brugðizt svo gersamlega eins og raun ber vitni. Mætti gjarna hugsa sér, að viðskm.- og menntmrh. beitti sér fyrir því, að góðir og hæfir hagfræðingar hlytu sérstakan fjárhagsstyrk til þess að rannsaka sögu viðreisnarinnar og áhrif hennar á íslenzkt efnahags- og atvinnulíf.

Núv. ríkisstj. hefur að baki sér mjög naumman meiri hluta á Alþ. Þennan meiri hluta fékk hún í síðustu kosningum út á þann málflutning sinn, að hún ætlaði að halda áfram verðstöðvun þeirri, sem hún kom á í nóv. í fyrra. Þessi málflutningur var blekkingin uppmáluð og er það sízt í samræmi við lýðræðislegar leikreglur, sem hæstv. menntmrh. þykist kunna öðrum mönnum betur skil á. En hrekklaus almenningur varaði sig ekki á henni, þessari blekkingu, og varð til þess að trúa orðum stjórnarherranna. Vitanlega sáu allir, sem fylgdust með þróun mála, að atvinnu- og efnahagslífið var helsjúkt og verðstöðvunin gat ekki haldið áfram með þeim hætti, sem forustulið stjórnarflokkanna vildi vera láta. Nú er það líka komið í ljós, að ríkisstj. hefur allan tímann stefnt að gengisfellingu og talið hana óumflýjanlega og notar fyrsta tækifærið, sem gefst, til þess að koma henni á. Með öllu er óvíst, hverjar hliðarráðstafanir eiga að fylgja gengislækkuninni. Ríkisstj. hefur enga viðhlítandi grein gert fyrir því, hvað ætla má, að kjaraskerðingin verði mikil hjá almenningi, hjá aldraða fólkinu, hjá öryrkjunum, hjá sparifjáreigendunum. Á þetta hafa hæstv. ráðh., sem hér hafa talað í kvöld, ekki minnzt aukateknu orði. Það eitt er víst, að kjaraskerðingin verður mikil, enda strax farið að auglýsa verðhækkanir ofan á þær hækkanir, sem urðu á matvörum fyrir skömmu. Gengislækkunin er fyrst og fremst talin gerð vegna atvinnuveganna, en ekki liggur fyrir nein áreiðanleg greinargerð um það, hver áhrif hennar verða á einstakar atvinnugreinar. Á það hafa hæstv. ráðh., sem hér hafa talað í kvöld, ekki minnzt einu orði fremur en annað, sem máli skiptir í þessum umr.

Gengislækkunin hlýtur að hafa mikil áhrif á afkomu ríkissjóðs og afgreiðslu fjárlaga. Allan þann tíma, sem gengislækkunarmálin

hafa verið til umr. á Alþingi og í dagblöðum, hefur ekki aukatekið orð verið sagt um það, hver ríkisstj. telji að þessi áhrif muni verða. Það er t.d. alls óvíst, að tollar verði lækkaðir, og óvíst, að söluskatturinn verði skertur. Margt bendir hins vegar til þess, að ríkisstj. hugsi sér að gera gengislækkunina að sérstakri gróðaleið fyrir ríkissjóð.

Miðað við alla málavexti, hin fálmandi tök ríkisstj. að undanförnu, ósamhljóða yfirlýsingar hennar og glatað traust hennar hjá almenningi, þá staðreynd, að ríkisstj. hefur ekki áhrifavald né getu til þess að koma í veg fyrir stórfelldar vinnudeilur innan tiltölulega stutts tíma, allt þetta og ótal margt fleira staðfestir þá skoðun, að ríkisstj. beri að leggja niður völd. Það er nauðsynlegt að leita nýrra leiða í því skyni að auka áhrifavaldið að baki þeim úrræðum, sem gera þarf til raunverulegrar viðreisnar íslenzku atvinnu- og efnahagslífi. Sé þess ekki kostur að mynda viðtæk samtök áhrifaafla þjóðfélagsins án undangenginna nýrra kosninga, tel ég ekkert eðlilegra en að alþingiskosningar fari fram á næsta ári og þess freistað að rjúfa þá sjálfheldu, sem íslenzk stjórnmál eru óneitanlega í. — Góða nótt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Stjórnarandstaðan hefur borið fram vantraust á ríkisstjórnina og vill koma henni frá völdum. Ekki gera stjórnarandstæðingar sér grein fyrir því, hvað við á að taka, ef núv. ríkisstj. legði niður völdin. Það er talað um að breyta þurfi um stefnu í þjóðmálunum án þess að nokkur jákvæð stefna komi fram hjá stjórnarandstöðunni. Hin leiðin er ekki lengur nefnd og jákvæða leiðin, sem talað var um á s.l. vori, því síður. Það er þó ljóst, að það, sem helzt má greina í málflutningi framsóknarmanna og Alþb.-manna, er, að þeir gera tilraunir til að þyrla upp blekkingum og loforðum til handa öllum stéttum, sem fyrirsjáanlegt er, að ekki verður staðið við. Kom þetta sérstaklega fram í ræðum Eysteins Jónssonar og Ingvars Gíslasonar hér áðan.

Íslendingar eru fámenn þjóð í stóru landi, lífskjörin hafa um aldaraðir verið erfið og atvinnuvegirnir fram á síðari áratugi verið frumstæðir og mjög getulitlir. Einangrun, harðindi og fátækt hafa lengi haldið þjóðinni í heljargreipum. Tímarnir hafa breytzt, með því að tæknin hefur verið tekin í þjónustu landsmanna. Tæknin hefur aukið afköstin og framleiðsluverðmætin. Lífskjörin hafa batnað og fjármagn myndazt í landinu, sem notað hefur verið í auknum mæli til framkvæmda og uppbyggingar. Þrátt fyrir margvíslega mögulelika, sem landið hefur, er augljóst, að fámenn þjóð verður að gæta þess að haga framkvæmdum og efnahagsmálum í samræmi við staðhætti og fjárhagslega getu. Stjórnmálin hér á landi hafa frá því, að landsmenn fóru að ráða málum sínum sjálfir, snúizt um það, á hvern hátt lífskjör almennings yrðu helzt bætt og hvernig bezt mætti ná árangri í framfaramálum þjóðarinnar. Þótt oft hafi orðið mistök, eins og skiljanlegt er, verður að viðurkenna, að margt hefur vel tekizt og að framfarirnar hér á landi hafa orðið ótrúlega miklar á þeim áratugum, sem Íslendingar hafa farið með sín eigin mál. Við erum stolt af því að búa við lýðræði og þingræði, og til þess er ætlazt að meiri hlutinn megi ráða. Kosið er til Alþ. ekki sjaldnar en á 4 ára fresti, og ríkisstj. koma og fara. Allar ríkisstj. munu fá sinn dóm í stjórnmálasögu þjóðarinnar. Sú ríkisstj., sem nú situr, mun ekki verða undanskilin.

Núv. ríkisstj. var mynduð til þess að reisa við efnahag landsins, eftir að vinstri stjórnin á árunum 1956-58 hafði vegna rangrar stjórnarstefnu komið efnahag landsins í rúst. Þjóðin hafði glatað traustinu út á við og hafði ekki gjaldeyri fyrir brýnustu lífsnauðsynjum. Sú saga er kunn og verður því ekki rakin hér. Það skal þó vakin athygli á því, að á árunum 1957 og 1958 var ekki aflatregða, það var miklu frekar uppgripaafli á þeim árum. Það var ekki verðfall á heimsmarkaðnum á íslenzkum afurðum, en það var úrræðalaus stjórn, sem stýrði eftir rangri stefnu, og þess vegna misheppnaðist flest af því, sem þessi ógæfusama ríkisstj. reyndi að framkvæma. Það var seint á árinu 1959, sem núverandi stjórnarflokkar tóku höndum saman og mynduðu ríkisstj. til þess að bjarga atvinnuvegunum og vinna að viðreisn þjóðarinnar. Gengislækkunin, sem var lögfest í ársbyrjun 1960, var ekki vegna verðlækkunar og aflabrests, hún var ekki gerð vegna þess, að sterlingspundið eða önnur mynt í mikilvægu viðskiptalandi Íslendinga hefði verið felld. Gengisfellingin 1960 var lögfest vegna þess, að vinstri stjórnin hafði gengið þannig frá málunum, að krónan var fallin, þó að það hafi ekki fengizt viðurkennt af þáverandi valdhöfum, sem höfðu búið til 20 misjöfn gengi á krónunni, en þá fékkst hún heldur hvergi skráð í erlendum bönkum. Eftir að krónan hafði verið skráð á réttu gengi 1960, var hafizt handa um uppbyggingu atvinnulífsins. Unnið var að því að tryggja landsmönnum nægilega atvinnu og bæta lífskjörin, eftir því sem unnt reyndist.

Öllum, sem vilja líta hlutlaust á þróunina síðustu 8 árin, mun vera ljóst, að uppbyggingin hefur á engu tímabili í þjóðarsögunni verið jafnmikil og á þessum tíma. Lífskjörin hafa þrátt fyrir dýrtíðina, sem svo oft er talað um, aldrei verið jafnari eða betri en á þessu tímabili. Allur almenningur hefur getað veitt sér mun meira á þessum árum en nokkru sinni áður. Kaupmáttur launa hefur aukizt á árunum 1960—1967 um 23.4%. Kauphækkunin hefur vitanlega verið miklu meiri og talsverður hluti hennar farið til að mæta verðhækkunum á þeim nauðsynjum, sem ávallt verður að kaupa. Kaupmáttur launanna jókst, vegna þess að framleiðslan hafði aukizt og atvinnuvegirnir létu meira af hendi til launþeganna en það sem nam verðlagshækkununum. Framleiðslan jókst, vegna þess að stjórnarvöldin

stuðluðu að því, að atvinnuvegirnir eignuðust afkastamikil tæki og tækju tæknina í þjónustu sína. Á þessum tíma hefur verið kappkostað að auka framleiðni og hagræðingu, til þess að atvinnuvegirnir væru færari um að greiða hærra kaup og veita launþegum betri kjör.

Í sjávarútveginum hefur verið unnið að stækkun fiskiskipaflotans, og hefur þess vegna verið mögulegt að stunda síldveiðar fjarri heimamiðum, eins og verið hefur á síðustu árum. Árið 1960 var rúmlestatala fiskiskipa 23335 brúttólestir, en 1967 60611 brúttólestir. Aukningin er 37276 rúmlestir brúttó eða 160%. Samtímis þessu hafa verið reist fiskiðjuver og verksmiðjur til þess að nýta aflann. Það er þó líóst, að mikið verkefni er óunnið í því skyni að hagnýta sjávaraflann betur og gera hann verðmætari á erlendum markaði.

Landbúnaður hefur á undanförnum 8 árum verið í mikilli framför, framleiðslan hefur stóraukizt, þótt bændum hafi fækkað nokkuð. Þannig hefur mjólkurframleiðslan aukizt um 46.8% og kjötframleiðslan um nærri 20%. Byggingar í sveitum hafa aldrei verið meiri en á þessu tímabili. Ræktunin hefur verið 4—6 þús. ha árlega síðan 1960, en var á áratugnum 1950—60 2500 ha að meðaltali. Kjör bænda hafa batnað verulega og aldrei verið nær því en á þessu tímabili að vera í samræmi við kjör annarra stétta. Munu margir bændur hafa brosað, þegar Evsteinn Jónsson talaði hér áðan um það, að landbúnaðurinn væri hornreka hjá ríkisstj. og munu þeir þá hafa minnzt ráðsmennsku Eysteins Jónssonar í landbúnaðarmálum.

Kjör bænda eru mjög misjöfn, eftir því hvar þeir búa. Hagstofan hefur gert skýrslu um meðaltekjur bænda í hverri sýslu 1965, og í þeirri skýrslu kemur tekjumismunurinn greinilega fram. Í þeirri sýslu, sem hefur hæst meðaltal, eru nettótekjur 257 þús. kr., en í þeirri sýslu, þar sem meðaltekjur bænda eru lægstar, aðeins 156 þús. Í mörgum sýslum eru meðaltekjurnar talsvert hærri en tekjur viðmiðunarstéttanna, en í öðrum verulega lægri, og verður landsmeðaltalið því mjög mörg árin nokkuð undir þeim tekjum, sem viðmiðunarstéttirnar, verkamenn, iðnaðar- og sjómenn, hafa.

Þetta er vitanlega mikið vandamál, sem erfitt er að finna lausn á. Ljóst er, að þetta misræmi verður ekki lagað með því einu að hækka verð á landbúnaðarafurðum. Hætt er við, að búin séu of lítil hjá mörgum bændum og geti ekki gefið viðunandi tekjur, auk þess sem ræktunar- og afkomuskilyrði á mörgum jörðum eru ekki góð. Forustumenn bændasamtakanna hafa gert sér grein fyrir þörfinni á því að taka þessi mál til gaumgæfilegrar athugunar. Talsvert hefur verið gert til þess að reyna að bæta úr misræminu, m. a. með því að veita hærri jarðræktarframlög til þeirra, sem minni ræktun hafa. Þá hefur verið stofnaður jarðakaupa- og framleiðnisjóður landbúnaðarins, sem er ætlað að koma að gagni í þessum efnum. Lánasjóður landbúnaðarins verður ekki fyrir skakkaföllum vegna gengisbreytingarinnar, eins og á dögum Framsóknar. Stofnlánadeildin mun halda áfram að eflast og tryggja áframhaldandi framkvæmdir í landbúnaðinum.

Iðnaður er ekki gamall að árum á Íslandi, en hefur eigi að síður mikilvægu hlutverki að gegna og mun í náinni framtíð taka til sín fjölda manna. Iðnaðurinn hefur á ýmsan hátt átt í erfiðri samkeppni við erlendan iðnvarning, en mun komast yfir þá erfiðleika, eftir því sem framleiðnin og tækniþróunin vex í þessari atvinnugrein.

Iðnaðurinn þarf mikla raforku. Virkjun Þjórsár við Búrfell er stórvirkjun, sem gefur landsmönnum lægra raforkuverð en orðið hefði með því að virkja í litlum áföngum, eins og áður. Skilyrði fyrir stórvirkjun var að tryggja sölu á nægilega stórum hluta orkunnar. Það var gert með því að gera samning við Svissiendinga um orkukaup til álbræðslunnar. Með því að haga framkvæmdum þannig getur raforkuverð til landsmanna orðið allt að 60% lægra en ef Þjórsá hefði verið virkjuð í litlum áföngum. Stjórnarandstæðingar sögðust vilja virkja við Þjórsá, en þeir voru á móti því að virkja á ódýran hátt, þeir voru á móti álbræðslu, þeir voru á móti því að byggja kísilverksmiðju við Mývatn, og þeir voru á móti stórvirkjun. Við Búrfellsvirkjun vinna nú 410 íslenzkir starfsmenn og við Straumsvík 260 og í Kísiliðjunni um 30 eða alls 700 manns við þessar framkvæmdir. Við Kísiliðjuna munu síðar verða allt að 100 starfsmenn. Hætt er við, að erfitt hefði verið að finna atvinnu fyrir alla þessa menn, ef ekki hefði verið ráðizt í allar þessar framkvæmdir.

Það er nauðsyn, og það má segja, að skylt sé að haga málum þannig, að allir, sem geta unnið, geti fengið atvinnu. Á vinnumarkaðnum fjölgar nú árlega um 1500 manns. Þjóðin verður að notfæra sér auðlindir landsins, hafsins, gróðurmoldarinnar, vatnsaflsins og jarðhitans. Það er sjálfsagt að hafa það hugfast, að til þess að ekki komi til atvinnuleysis, verður að vera stöðug uppbygging í atvinnurekstri þjóðarinnar, það þarf stöðugt aukin tæki og nýjar atvinnugreinar, sem geta tekið við þeirri fjölgun, sem á vinnumarkaðinn kemur.

Um það leyti, sem rætt var um samninga um álbræðsluna, var því stundum haldið fram, að hún gæti tekið of margt fólk frá atvinnuvegunum. Þetta er vitanlega reginmisskilningur. Álbræðslan mun ekki nota nema um 500 manns og er því ekki til baga fyrir innlenda atvinnuvegi, en álbræðslan verður þýðingarmikil fyrir þjóðarbúskapinn eigi að síður. Auk þess sem hún gerir verð á raforkunni mun ódýrara en ella hefði orðið, mun þjóðin árlega hafa allmiklar gjaldeyristekjur frá þessu fyrirtæki. Árlegar tekjur af verksmiðjunni munu verða allt að 100 millj. kr. á ári og gjaldeyristekjur vegna verksmiðjunnar allt að 500 millj. kr. á ári. Af tekjum

verksmiðjunnar renna árlega tugir millj. í framkvæmdasjóð strjálbýlisins til uppbyggingar viðs vegar um land. Frá álverksmiðjunni fæst mikilvægt hráefni til margs konar iðnaðar, sem mun festa rætur hér á landi.

Aðrar atvinnugreinar, svo sem flug og siglingar, eru nú mjög þýðingarmiklar og veita þúsundum manna atvinnu. Ef rétt er á haldið, ætti að geta orðið mikil aukning í þessum þáttum atvinnulífsins á næstu árum.

Í vega- og hafnarmálum hafa verið gerð stórátök á undanförnum árum. Framkvæmdafé til vega hefur aukizt um 550% á síðustu 8 árum, en vegagerðarkostnaður hefur aukizt á sama tíma um 100%. Eigi að síður þarf hér meira að gera, þar sem uppi eru kröfur um bætta vegi og að varanlegt slitlag verði sett á hraðbrautir.

Eins og áður er sagt, hafa undanfarin 8 ár verið tímabil framkvæmda og athafna. 1960-66 hefur verið byggt íbúðarhúsnæði yfir 40 þús. manns, en fólksfjölgunin á þessum árum hefur verið aðeins tæplega 20 þús. Mun aldrei áður hafa verið gert svo stórt átak í húsnæðismálum sem á þessu tímabili. Þessar miklu framkvæmdir voru mögulegar, vegna þess að atvinna var nægileg fyrir alla, sem vildu vinna. Tekjur þjóðarbúsins jukust með bættum atvinnutækjum, kaupmáttur launanna var meiri, vegna þess að stór hluti af arði atvinnuveganna var greiddur til launþeganna. Á miðju ári 1966 dró bliku á loft, þar sem verðfall varð mikið á útflutningsafurðum þjóðarinnar. Þetta verðfall hefur haldizt og aukizt á ýmsum vörum. Við verðfallið hefur það bætzt, að aflinn er miklu minni en hann var árin 1965 og 1966. Má því segja, að aflatregðan og verðfallið komi mjög þungt niður á þjóðarbúskapnum. Er talið, að tekjumissir þjóðarbúsins á yfirstandandi ári verði um 30% miðað við s. l. ár. Af þessum sökum hefur síðustu vikurnar verið rætt um kjaraskerðingu og erfiðleika atvinnuveganna.

Ríkisstj. reynir með ýmsum ráðum að stuðla að því, að kjaraskerðingin verði sem minnst. Þess vegna hafa sérstaklega verið athugaðir möguleikar á að bæta fyrir þeim, sem verst eru settir, með því að hækka tryggingabætur á elli- og örorkulífeyri ásamt bótum til barnmargra heimila. Þá eru einnig í athugun fleiri hliðarráðstafanir til þess að milda áhrif gengisbreytingarinnar.

Gengi sterlingspundsins var fellt. Allir eru sammála um, að Íslendingar, sem selja mikið á brezkan markað og til þeirra landa, sem hafa gengisskráningu í samræmi við pundið, gátu ekki annað en breytt krónunni, eftir að Bretar höfðu lækkað gengið. Ríkisstj. taldi eðlilegt að stíga sporið nokkru stærra til þess að skapa útgerðinni þann rekstrargrundvöll, sem gerði henni mögulegt að starfa án styrkja úr ríkissjóði. Til þess að gengisbreytingin nái tilætluðum árangri, þarf að gera það, sem unnt er til þess að halda rekstrarkostnaðinum niðri og vinna gegn því, að verðlag hækki umfram það, sem brýnasta nauðsyn krefur. Með því gengi, sem nú er í gildi, batnar aðstaða hjá útflutningsatvinnuvegunum í samkeppni við erlenda aðila. Atvinna mun örvast í landinu, og atvinnuleysi ætti að vera útilokað. Uppbygging atvinnuveganna getur haldið áfram og lífskjörin farið batnandi á ný. Það er ástæða til að ætla, að þjóðin geri sér fulla grein fyrir því, að afkoma hvers einstaklings og heildarinnar fer eftir því, hvernig atvinnuvegunum vegnar og hvernig viðskiptakjörin eru út á við. Sá skilningur mun nú vera fyrir hendi, að þeir, sem vinna að framleiðslunni, eigi að bera úr býtum eins mikið og gjaldgeta atvinnuveganna leyfir. Það verður einnig að ætla, að reynslan hafi kennt, að til ófarnaðar leiðir, ef lengra er gengið í kröfum á hendur atvinnuvegunum en þeir geta staðið undir.

Ríkisstj. hefur unnið að því að skapa skilning á milli stéttanna, milli atvinnurekenda og launþega. Það er von allra, sem vilja þjóðarheill, að gagnkvæmur skilningur megi verða fyrir hendi í atvinnumálum þjóðarinnar, svo að í framtíðinni verði byggt hér upp traust athafnalíf og örugg atvinna. Þá þarf ekki að efast um, að efnahagur þjóðarinnar verður góður og að lífskjör almennings í landinu muni fara batnandi og verða eins og þau bezt gerast hjá öðrum menningarþjóðum. Þjóðin vill ekki vinstristjórnarforustu til valda, menn, sem ekki virðast hafa neitt lært síðan þeir fóru með völdin. Vantrauststillagan verður því felld til huggunar þeim, sem vilja áframhaldandi framfarir og uppbyggingu í landinu.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar yfir dynja stórtíðindi, sem raska högum hvers einasta manns, er ástæða til, að fólk staldri við ofurlitla stund og reyni að skyggnast út fyrir hversdagslegt umhverfi sitt. Ég vil biðja menn að hugleiða með mér eina athyglisverða staðreynd. Á tæpum tveimur áratugum höfum við lækkað gengi íslenzku krónunnar fimm sinnum. Eftir styrjöldina kostaði einn bandarískur dollari rúmar 6 kr. Hann kostar nú 57 kr. Sé dollarinn notaður sem mælikvarði, hefur íslenzka krónan nú aðeins svo sem 1/9 hluta af því verðgildi, sem hún hafði fyrir tveimur áratugum. Þetta hrun á gengi íslenzku krónunnar stafar ekki af því, að við höfum átt við einhverja óvenjulega og óviðráðanlega erfiðleika að etja á þessu tímabili. Menn geta bent á eitt og annað örðugleikaskeið, en í heild hefur þetta tímabil verið okkur hagstætt. Tæknibróun hefur verið ör. Þjóðarframleiðslan og þjóðartekjur hafa aukizt verulega. Engu að síður hefur gengi krónunnar haldið áfram að falla, og fallhraðinn fer í sífellu vaxandi. Síðustu þrjár gengislækkanir hafa dunið yfir okkur á tæpum 8 árum, einmitt á þeim árum, þegar vöxtur þjóðartekna hefur verið hvað mestur. Hliðstæð dæmi verða ekki fundin í nokkru viðskiptalandi okkar og raunar ekki nokkru landi heims með hliðstæðan efnahag. Við verð-

um að leita til óstjórnarríkja rómönsku Ameríku til þess að finna jafnoka okkar.

Hver einstök gengislækkun hefur verið varin með tímabundnum rökum af ýmsu tagi, og menn hafa oft tekið þann málflutning gildan, fallizt á röksemdirnar eða snúizt gegn þeim. En ef við lítum á þessa tvo áratugi í heild, má það vera hverjum manni ljóst, að hinar tímabundnu röksemdir hrökkva ekki til sem nein raunveruleg skýring. Hrun krónunnar hefur verið föst regla allan þennan tíma, og sú regla gerist æ nærgöngulli okkur, án þess að skýringar verði fundnar í nokkrum þeim ytri aðstæðum, sem við höfum orðið að fást við á þessum tíma.

Það stoðar lítið að segja, að gengislækkun sé orðin óhjákvæmileg og spyrja, eins og gert hefur verið undanfarna daga: Ertu með henni eða móti? — Það, sem skiptir máli, er að leita svars við þeirri spurningu, hvers vegna gengislækkanir verða okkur óhjákvæmileg örlög æ ofan í æ. Það stoðar lítið að setja upp ábúðarmikinn svip, eins og hæstv. forsrh. og aðrir málssvarar ríkisstj., og segja, að víst sé gengislækkun neyðarúrræði, en til slíkra úrræða verði menn að grípa af karlmennsku, ef þeir vilja ekki gefast upp fyrir vandamálunum. Það, sem máli skiptir, er að fá svar við þeirri spurningu, hvers vegna þessi gengislækkananeyð sækir okkur heim æ ofan í æ umfram allar grannþjóðir okkar. Þvílíkar spurningar ættu að vera áleitnar við landsmenn þessa dagana, ekki aðeins vegna þess, að gengislækkanir eru efnahagslegar kollsteypur, sem raska högum og kjörum hvers einasta manns. Gengislækkanir hafa einnig mjög víðtæk áhrif á samfélagslega vitund manna, siðferðilega afstöðu þeirra, það félagslega samhengi, sem er undirstaða hvers þjóðfélags, ekki síður en sjálft efnahagskerfið. Gengislækkanir eru ekki aðeins tilfærsla á fjármunum í þjóðfélaginu, oft afar ranglát. Þær ýta ekki aðeins undir ábyrgðarleysi, brask og spákaupmennsku. Slík efnahagsóstjórn hefur einnig áhrif á lífsviðhorf manna. Hún brýtur niður þær félagslegu dyggðir, sem er bindiefnið í hverju heilbrigðu þjóðfélagi. Hún stuðlar að upplausn og óreiðu og siðferðislegri ringulreið. Ég held, að það fái naumast dulizt nokkrum hugsandi manni, að siðferðislegri reisn þessa þjóðfélags okkar hefur hrakað ásamt gengi krónunnar á þeim rúmum tveimur áratugum, sem liðnir eru síðan við endurreistum lýðveldið af fagnandi einhug.

En hvernig stendur þá á því, að siendurteknar gengislækkanir sækja okkur heim umfram allar þær þjóðir, sem við höfum mest viðskipti við og nánust kynni af, hvort sem þær búa við kapitalískt eða sósíalistískt efnahagskerfi? Ég tel engum vafa bundið, að sú staðreynd er tengd sjálfri sérstöðu okkar í heiminum. Við erum næsta einstakt fyrirbæri, aðeins 200 þús. manns í víðáttumiklu og harðbýlu landi. Við höfum sett okkur það mark að halda til jafns við aðrar þjóðir í lífskjörum og menningu, enda þótt allur þjóðarbúskapur okkar jafngildi aðeins einu sæmilegu fyrirtæki meðal stórþjóðanna. Það er augljóst mál, að því aðeins fáum við risið undir því verkefni, að við lærum að sameina krafta okkar og einbeita þeim. Engu að síður hafa ráðamenn þjóðarinnar gengið upp í þeirri dul, að við gætum apað eftir efnahagsskipulag og hagstjórnaraðferðir annarra þjóðfélaga hundraðfalt og þúsundfalt stærri. Þeir hafa, og ekki sízt með viðreisnarstefnunni, reynt að hefja hér til öndvegis gróðakerfi það, sem tíðkast í Ameríku og Vestur-Evrópu. Afleiðingin hefur orðið sú, að við sundrum kröftunum æ meir í stað þess að sameina þá, brjótum þetta litla samfélag niður í örsmáar einingar, sem grafa hver undan annarri. Í auðvaldsríkjum Ameríku og Evrópu eru burðarásarnir risastór fyrirtæki, sem eru þrautskipulögð og starfrækt af ýtrustu hagkvæmni. Þar er sannarlega ekki um stjórnlaust framtak hvers einstaklings að ræða. Hér á Íslandi er hliðstæð skipulagning óhugsandi nema við temjum okkur félagsleg viðhorf, eins og við gerum til að mynda í raforkuframleiðslu. En á flestum þeim sviðum, sem máli skipta, blasir í staðinn við glundroði.

Fiskveiðar eru undirstöðuatvinnugrein Íslendinga. Á því sviði hafa vinnubrögðin verið þau eftir stríð, að sum árin höfum við keypt nýja togara svo tugum skiptir, en á öðrum tímabilum látum við togaraflotann grotna niður, eins og gerzt hefur í tíð núv. ríkisstj. Sama stjórnleysið auðkennir bátaútgerðina, sífelldir rykkir eftir vísbendingu stundargróðans. Í fiskiðnaði okkar er í senn um að ræða stórfellda yfirfjárfestingu og ákaflega lélega nýtingu. Oft notast aðeins 10-15% af afkastagetu frystihúsanna, svo að ekki sé minnzt á fjárfestinguna í síldariðnaðinum eða á fyrirbæri eins og Faxaverksmiðjuna og Norðurstjörnuna í Hafnarfirði. Um aðrar greinar iðnaðar er sömu sögu að segja. Sum árin fjárfestum við hundruð millj. kr. í neyzluvöruverksmiðjum með afkastagetu, sem gæti séð milljónaþjóðum fyrir nauðsynjum, og látum þær svo koðna niður eða deyja drottni sínum nokkrum árum síðar. Allir vita, hvernig ástatt hefur verið að undanförnu í málmiðnaði og stálskipasmíði. Þó tekur fyrst steininn úr, þegar vikið er að verzlun og þjónustu. Þar hafa fyrirtækin sprottið upp eins og gorkúlur á haugi undanfarin ár. Nú er svo ástatt í Reykjavík, að hver verzlun um sig sér að meðaltali aðeins fyrir þörfum nokkurra tuga fjölskyldna, og það gefur auga leið, að tilkostnaðurinn við það kerfi verður óhemjulegur, þó að ekkert sé minnzt á gróða. Yfirleitt hefur reglan verið sú í öllum atvinnugreinum á Íslandi, að hafi einhvers staðar verið gróðavon, hafa sprottið upp fjölmörg fyrirtæki og grafið hvert undan öðru, þar til engin tök voru lengur á skynsamlegum rekstri. Nú síðast eru tvö fyrirtæki farin að framleiða fiskumbúðir með tvöföldum vélabúnaði og tvöföldum tilkostnaði, vegna þess að það eina, sem fullnægði öllum þörfum okkar, var talið skila verulegum arði.

Það er þetta allsherjarstjórnleysi, sem er undirrót stöðugrar verðbólguþróunar og síendurtekinna gengisfellinga.

Efnahagskerfið er svo sundurtætt í smáar einingar og þjónustustarfsemin svo þrútin og kostnaðarsöm, að þjóðfélagið sporðreisist með stuttu millibili. Þetta sundurvirka, þróttlausa skipulag veldur því, að þess er enginn kostur að koma við skynsamlegri hagstjórn. Stjórnarvöldunum er það helzt eftir skilið að ákveða kollsteypur, þegar kerfið er að komast í alger þrot. Þarna er meginástæðan fyrir öryggisleysinu í íslenzkum efnahagsmálum. Af þessum sökum höfum við orðið að þola fimm gengislækkanir á tæpum tveimur áratugum.

Sumum kann að finnast þetta nokkuð almennar hugleiðingar í tilefni af vantrausti og nærtækum viðfangsefnum, sem um er deilt í því sambandi. Samt er hér vikið að sjálfum kjarna vandamálanna, þeim grundvallaratriðum, sem geta skýrt öll smærri viðfangsefni. Það mun stoða okkur lítið að deila og þjarka og þrasa um nærtæk vandamál, ef þær deilur eru ekki mótaðar af langsýnum sjónarmiðum. Það, sem sker úr um stjórnmálaþróun og efnahagsþróun á Íslandi, eru átökin milli félagshyggju og stjórnleysis. Hver, sem íhugar af raunsæi hinar sérstöku aðstæður íslenzku þjóðarinnar, mun komast að þeirri niðurstöðu, að við getum aðeins starfrækt þessa litlu efnahagslegu heild og haldið til jafns við aðra með félagslegum vinnubrögðum. Aðrar leiðir eru ófærar. Þegar ég tala hér um félagsleg vinnubrögð, á ég við allar tegundir eignarréttar, þjóðnýtingu, samvinnurekstur og einkarekstur, sem sameinist í áætlunarbúskap, sniðnum eftir hinum sérstöku, íslenzku aðstæðum. Ég á við það, að við rekum þjóðarbúskap okkar á jafnskipulegan og hagkvæman hátt og nútímaleg fyrirtæki eru rekin í sæmilega þróuðum löndum, hvort sem þau eru sósíalísk eða kapítalísk. Menn streitast enn við það hér á landi að kalla nútímalega hagstjórn höft, en hún ein mun geta tryggt okkur festu og öryggi í efnahagsmálum, hámarksnýtingu á auðlindum okkar, fjármagni og vinnuafli og þar með þann afrakstur, sem tryggir þegnunum hámarksfrjálsræði í verki.

Ástæða er til að benda á í þessu sambandi, að ríkisstj. og sérfræðingar hennar hafa greinilega einnig hugleitt þessi vandamál á undanförnum árum og komizt að sömu niðurstöðu og ég, að það sé ekki unnt til frambúðar að halda uppi sjálfstæðri, íslenzkri efnahagsheild með aðferðum hins sundurvirka gróðaskipulags. En þeir taka skipulagið, stjórnmálahollustu sína, fram yfir það ætlunarverk íslenzku þjóðarinnar að starfrækja hér sjálfstætt samfélag. Viðbrögð þeirra eru þau að opna landið erlendu auðmagni, leyfa alþjóðlegum auðhringum að starfrækja hér risafyrirtæki á íslenzkan mælikvarða, og nú er sú stefna boðuð af vaxandi kappi að tengja okkur við Fríverzlunarbandalagið og Efnahagsbandalag Evrópu, eins og heyra mátti í ræðu hæstv. forsrh. og annarra ráðh. hér á undan. Valdhafarnir vilja gera Ísland að hluta af stórri heild, svo að þær hagstjórnaraðferðir, sem standast ekki við íslenzkar aðstæður, verði neyddar upp á okkur af öðrum, svo að við verðum útkjálkahreppur í samfélagi voldugra þjóða og verðum að lúta lögmálum þeirra. Í flótta sínum frá innlendri efnahagsóstjórn stefna valdhafarnir að því að leiða yfir okkur erlenda efnahagsharðstjórn. Þessi þróun hefur verið afar greinileg seinustu árin, og hún er í beinum tengslum við þau vandamál, sem leitt hafa yfir okkur eina gengislækkunina af annarri með sívaxandi hraða.

Valdhafarnir reyna mjög að halda því fram, að nýjasta gengislækkunin sé aðeins tæknileg aðgerð til þess að bjarga atvinnuvegunum og koma í veg fyrir atvinnuleysi. Þeir segjast hafa reiknað nákvæmlega út, hvað fiskiðnaðurinn þurfi mikið, þorskveiðarnar, síldariðnaðurinn o. s. frv., og gengislækkun sé óhjákvæmileg niðurstaða af því dæmi. Og í samræmi við það biðja stjórnarvöldin verkalýðsfélög og aðra að sýna þegnhollustu og fórnarlund og sætta sig við byrðar til þess að bjarga atvinnuvegunum og Íslandi. En þessar ákallanir standast ekki. Gengislækkun ein saman leysir engan vanda til frambúðar. Hún kemur ekki nálægt sjálfu vandamálinu, skipulagi efnahagskerfisins og hagstjórninni. Gengislækkun eins og sú, sem nú hefur verið framkvæmd, hefur aðeins þann tilgang að framlengja enn um stund óstjórnina og ringulreiðina í atvinnumálum og efnahagsmálum, gera þessum aragrúa af óhagkvæmum og illa reknum fyrirtækjum kleift að starfa áfram enn um sinn, halda við sóuninni og magna hana, þar til næsta kollsteypa verður óhjákvæmileg, eins og gerzt hefur með sívaxandi hraða undanfarna tvo áratugi.

Ef stjórnarstefnan helzt, verður þessi gengislækkun aðeins ávísun á þá næstu, nema ríkisstj. verði áður búin að innlima okkur í stærri heild, svo að aðrir og voldugri aðilar en við skeri þá úr um rekstur atvinnuveganna og gengi gjaldmiðilsins. Gengislækkun eins og sú, sem nú hefur verið framkvæmd, er ekki skurðlækning til þess að komast fyrir mein, heldur er hún deyfilyf til að draga í bili úr vanlíðan þeirri, sem meinsemdinni fylgir.

Eins og ég sagði áðan, skiptir það engu meginmáli, hvort gengislækkunin hafi verið óhjákvæmileg eða ekki, heldur hvers vegna hún er talin óhjákvæmileg í fimmta skipti á tæpum 20 árum. Hér er ekki um að ræða hagfræðilegt reikningsdæmi eða tæknilegt úrlausnarefni, heldur stjórnmál, átökin á milli félagshyggju og gróðahyggju, ástæðurnar fyrir stjórnleysis.

Það er til marks um skammsýni og getuleysi margra íslenzkra stjórnmálamanna, að félagshyggjan skuli hafa verið á undanhaldi á Íslandi um langt skeið, því að það er alkunn staðreynd, að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar aðhyllist félagsleg sjónarmið. Hér

á þingi eru tveir flokkar, sem stofnaðir voru til framdráttar sósíalistiskum og félagslegum markmiðum, Alþfl. og Alþb. Í kosningunum í sumar fengu þeir þriðjung greiddra atkv., og þeir hafa að bakhjarli öflugustu félagssamtök þjóðarinnar, verkalýðshreyfinguna. Hér er um að ræða svo sterkt þjóðfélagsafl, að það gæti mótað stjórnmálaþróunina, ef menn gætu hafið sig yfir þau lágkúrulegu ágreiningsmál og fordóma, sem glögglega birtust í ræðu hæstv. ráðh. Gylfa Þ. Gíslasonar, og tekið að huga í alvöru að þeim meginmálefnum, sem sameiginleg eru.

Framsfl. var einnig stofnaður til framdráttar félagslegum viðhorfum, samvinnu, sameign og samhjálp, og einnig innan Sjálfstfl. er skilningur á félagslegum sjónarmiðum meiri en í nokkrum öðrum íhaldsflokki, sem ég þekki til. Hér á Íslandi ættu að vera allar forsendur fyrir sívaxandi félagslegri stjórn á efnahagsmálum og atvinnumálum, ef stjórnmálaflokkarnir störfuðu í samræmi við skoðanir fylgismanna sinna. En því miður hafa íslenzk stjórnmál verið í öldudal um langt skeið. Þar hafa skammsýn sjónarmið og lágkúra ráðið ríkjum. Menn hjakka í sama farinu og hafa ekki djörfung til að endurmeta viðhorf sín, þegar aðstæður breytast. Þess vegna hefur lítilli en harðvítugri klíku í forystu Sjálfstfl. og sérfræðingum í hennar þjónustu tekizt að ráða ferðinni á undanförnum árum. Þessi hópur sérhagsmunamanna og kreddumeistara hefur getað skákað andstæðingum sínum hverjum gegn öðrum, vegna þess að þá hefur skort samheldni og reisn og skilning á þeim viðfangsefnum, sem brýnust eru. Það er þessi litla viðreisnarklíka, sem *hefur leitt yfir okkur fimm gengislækkanir* á tveimur áratugum, og ætlar næst að festa kreddur sínar og sérhagsmuni í sessi með því að innlima okkur í stærri heild. Það væri þungur dómur um íslenzk stjórnmál, ef sú ráðagerð tækist.

En ráðagerðin tekst, ef menn láta ekki þessa nýjustu kollsteypu verða sér áminningu og tilefni til endurmats. Það endurmat þarf einnig að ná til verkalýðshreyfingarinnar. Þeirri kenningu hefur á undanförnum árum verið otað óspart að verkalýðshreyfingunni, að hún eigi ekki að hafa nein afskipti af stjórnmálum, hún eigi að vera hlutlaus aðili, tengd ríkisvaldinu hverju sinni, eins konar skriffinnskustofnun og innheimtufyrirtæki, sem sæki krónur og aura, þegar fjármunir liggja á *lausu, en felli innheimtu niður* af þegnskap, ef atvinnuvegirnir eiga í svokölluðum örðugleikum, eins og verkalýðsleiðtogi Sjálfstfl., hv. þm. Pétur Sigurðsson, lagði áherzlu á hér áðan. En verkalýðssamtökunum var ætlað allt annað hlutskipti, þegar þau voru stofnuð fyrir hálfri öld, og þau hafa haft miklu stærri markmið, þegar þeim hefur orðið mest ágengt. Alþýðusamband Íslands var stofnað til þess að breyta þjóðfélaginu, til þess að leiða til sigurs þau félagslegu markmið, sem ég hef hér vikið að, og þeim tilgangi mega verkalýðssamtökin aldrei gleyma. Það er sagt, að með gengisfellingu og afnámi vísitölubóta sé ríkisstj. að kalla yfir sig ný og stórfelld átök á vinnumarkaðinum, og það mat er tvímælalaust rétt. En þau átök verða að hafa annan og meiri tilgang en þann einn að endurheimta krónur og aura. Það er brýnasta hagsmunamál verkalýðshreyfingarinnar að afnema það kerfi, sem leiðir öryggisleysi og sífelldar kollsteypur yfir launafólk; að öðrum kosti jafngildir kaupgjaldsbaráttan þeirri iðju að moka í sífellu sama sandinum í botnlausa tunnu. Og vel mætti verkalýðshreyfingin hugleiða það einmitt nú, að hún er mikið þjóðfélagsafl hér á Íslandi. En hver yrði máttur hennar, ef búið væri að gera Ísland að útskækilshreppi í þeirri stóru heild, sem ráðh. og sérfræðingar tala um? Íslenzk verkalýðshreyfing hefur í fullu tré við íslenzka atvinnurekendur og íslenzk stjórnarvöld, ef hún kýs að beita afli sínu; en hver yrði máttur hennar í átökum við erlend auðfélög, sem ekki eru í neinum órjúfandi örlagatengslum við íbúa þessa lands? Með þessum orðum er ég ekki að leggja til, að verkalýðshreyfingin ánetjist einhverjum stjórnmálaflokki eða stjórnmálaflokkum, heldur að hún hefji sjálf til öndvegis í starfi sínu og baráttu þau félagslegu sjónarmið, sem voru sjálfur tilgangurinn með stofnun Alþýðusambands Íslands.

Vantraust það, sem hér er flutt, stafar ekki eingöngu af gengislækkun, rán á vísitöluuppbótum, snarhækkun á hversdagslegustu lífsnauðsynjum og öðrum þeim árásum, sem öllum eru í fersku minni. Meginástæðan er ágreiningur um grundvallaratriði, sem skera úr um þróun atvinnumála og raunar um framtíð *Íslands sem sjálfstæðrar efnahagslegrar* heildar. Ég veit fullvel ekki síður en aðrir, hvernig atkv. falla um vantrauststill. Hún verður felld af sameinuðu stjórnarliði gegn sameinuðum stjórnarandstæðingum. Ég geri mér ekki vonir um hughvörf hjá einum einasta manni innan veggja þessa húss. En það, sem máli skiptir, er, hver viðbrögðin verða utan þessarar stofnunar, hjá alþingi þjóðarinnar sjálfrar. Það hefur sjaldan verið ríkari ástæða til þess en nú, að menn staldri við og hugleiði staðreyndirnar um niðurlægingu landsstjórnarinnar á mestu árgæzkutímum, sem við höfum notið, að menn endurmeti gömul og úrelt viðhorf og eigi djörfung til að breyta í samræmi við nýja tíma og nýjan skilning. Það hefur sjaldan verið brýnna en nú, að *menn láti sér ekki nægja* að mögla hver í sínu horni, heldur beiti þeim baráttutækjum, sem tiltæk eru, til þess að knýja fram óhjákvæmilegar breytingar á stjórnarstefnunni. Um leið og stefna stjórnleysis og síendurtekinna gengislækkana hefur verið felld af þjóðinni sjálfri, munu finnast leiðir til þess að koma þeim vilja gegnum hina bergmálslausu múra alþingishússins. Þá, en ekki fyrr, verður vantraust á viðreisnarstefnuna samþ. einnig í þessum sal.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur fjær og nær. Nýlega er komin á markaðinn bók, sem heitir „Suðaustan 14“, og mun nafnið sótt til Vestmannaeyja, en hvort sem það er rétt eða rangt, hefur almenningur það á meðvitundinni eftir veðurlýsingum frá Stórhöfða, að þar sé nánast alltaf háarok, eða eins og segir í vísunni:

„Í útlöndum er ekkert skjól,
eilífur stormbeljandi.“

Nú eru mismunandi veður ágæt tilbreytni í tilverunni, jafnvel háarok hressandi einstöku sinnum, en eilífur stormbeljandi, sífellt suðaustan rok er fullmikið af svo góðu. Menn snúa sér undan slíku veðravíti og leita síður en svo á náðir þess.

Undanfarna daga og vikur hafa margar og langar ræður verið fluttar í hinu háa Alþingi Íslendinga um stjórnmálaviðhorfið og efnahagsmálin, og hefur hv. stjórnarandstaða talið sig hafa þar mest vit á öllu, svo að sannazt hefur á þm. þar í flokkum, að margir eru kallaðir. Sameiginlegt er eitt með öllum ræðum þessara hv. þm. stjórnarandstöðunnar. Þar er sífellt suðaustan 14, eilífur stormbeljandi, allt er forkastanlegt, sem stjórnarflokkarnir hafa gert og ætla að gera. Núv. ríkisstj. er óalandi, óferjandi og ætti að vera óráðandi öllum bjargráðum, svo sem kveðið var að orði um skóggangsmenn til forna. Eftir að hafa hlýtt á slíkan málflutning um mánaðar skeið, verður manni enn ljósara en fyrr, hvers vegna stjórnarandstaðan tapaði alþingiskosningunum á s. l. vori. Þar réði hinn eilífi stormbeljandi verulegu um, sá málflutningur að greina ekkert á milli þess, sem andstæðingar þeirra höfðu vel gert og miður gert, heldur ráðast á allt jafnt með suðaustan 14. Almenningi féll ekki slíkt veðravíti. Hann sneri sér undan veðurofsanum, leit á hann sem gjörningaveður.

Undanfarnar vikur hefur ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar lagt sig fram um það að ná samkomulagi við launþegasamtökin um fyrirkomulag og framkvæmd erfiðra og þungbærra, en nauðsynlegra efnahagsaðgerða. Vissir aðilar innan stjórnarandstöðunnar hafa á hinn bóginn lagt sig alla fram um það að hindra slíkt samkomulag. Þeir virðast hafa hugsað um það eitt að reyna að nota launþegasamtökin sem bakþúfu upp í stjórnarstóla, en ekki sézt fyrir um þjóðarheill, þótt þeir hafi ekki haft erindi sem erfiði. Og því svellur þeim nú móður. Till. sú, sem hér er til umr. í kvöld, er afsprengi þess hugmóðar. Nú skal lýst vantrausti á ríkisstj.

Meginefni rökstuðnings stjórnarandstöðunnar fyrir vantrauststill. er þessi:

1. Stjórnarflokkarnir skýrðu þjóðinni rangt frá ástandi efnahagsmála í alþingiskosningunum á s. l. vori og öfluðu sér þannig meiri hl. á Alþ. með ósannindum og blekkingum, meiri hl., sem hefur ekki lengur meirihlutakjörfylgi að baki sér.

2. Ríkisstj. hefur ekki reynzt þeim vanda vaxin að taka efnahagsmál þjóðarinnar réttum tökum. Efnahagsstefna stjórnarinnar er röng, henni ber að fara frá og rýma fyrir nýrri ríkisstj.

Við skulum nú athuga þessar staðhæfingar hv. stjórnarandstæðinga ofurlítið nánar. Það er þá fyrst, að stjórnarflokkarnir hafi blekkt þjóðina varðandi ástand efnahagsmálanna. Sjálfstfl. mun svara fyrir sig, en Alþfl. neitar þessari ásökun afdráttarlaust. Í kosningunum í vor sagði hann við kjósendur: Samstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. hefur stuðlað að jafnri og stöðugri atvinnu, þegar á heildina er litið. Var þetta rangt? Nei. Alþfl. sagði: Veiðiskipafloti landsmanna hefur stórlega vaxið undir samstjórn Alþfl. og Sjálfstfl., en vegna þessa hefur þjóðinni tekizt að notfæra sér mun betur auðæfi hafsins, láta heildartekjur sínar vaxa og velmegun aukast. Var þetta rangt? Nei. Alþfl. sagði: Með stjórnarsamstarfi Alþfl. og Sjálfstfl. hefur tekizt að stuðla að stórfelldri uppbyggingu skólahúsa og íbúðarhúsnæðis. Almannatryggingar hafa verið auknar og vöruúrval bæði brýnna nauðsynja og velmegunarvara hefur aldrei verið meira. Var þetta rangt? Nei. Alþfl. sagði: Með minnkun skuldabyrða landsins og myndun allverulegs gjaldeyrisvarasjóðs hefur efnahagur þjóðarinnar út á við verið treystur, en það gerir henni færara en ella, að þola tímabundnar verðsveiflur á útflutningsafurðum sínum. Var þetta rangt? Síður en svo.

Og Alþfl. sagði, og takið þið nú vel eftir, að brýna nauðsyn bæri til að standa vörð um verðstöðvunarstefnuna, láta hvorki verðlag né kaupgjald hækka, því að annars riðuðu atvinnuvegirnir til falls. Vegna mjög lækkaðs og enn fallandi verðs á útflutningsafurðum okkar væru þegar komnir í ljós verulegir erfiðleikar og enginn gæti sagt fyrir, hvað fram undan væri. Hins vegar hefur þjóðin hingað til mætt öllum sínum erfiðleikum ótrauð og sigrazt á þeim. Það mundi hún enn gera, ef hún tækist á við þá af festu og þolgæði, en léti ekki volið og barlóminn blekkja sig. Var þetta röng staðhæfing? Ég held, að almenningi hafi ekki fundizt það og finnist það ekki heldur nú. En þessi staðhæfing fór mjög fyrir brjóstið á hv. stjórnarandstæðingum. Þeim virðist renna blóðið til skyldunnar við volið og barlóminn.

Hv. stjórnarandstæðingum hefur síðustu vikur og daga orðið tíðrætt á Alþ. um kosningavíxilinn, sem þeir nefna svo, hinar auknu niðurgreiðslur í fyrravetur á landbúnaðarvörum og niðurfellingu þeirrar aukningar í haust. Ekki lá nú í láginni þeirra skilningur á þessari efnahagsaðgerð við kosningarnar s. l. vor. Þeir kölluðu þetta hreinlega kosningamútur, blekkingaraðgerð til að leyna almenning því, að erfiðleikar steðjuðu að. En þessar staðhæfingar stjórnarandstæðinga misstu þá þegar marks, og vegna hvers? Vegna þess, að frambjóðendur stjórnarflokkanna drógu enga dul á, að vandinn var fyrir hendi. Alþfl.

sagði kjósendum sínum það tæpitungulaust fyrir kosningar, að vaxandi niðurgreiðslur væru neyðarráðstafanir, sem aðeins væru skynsamlegar meðan ríkissjóður gæti innt þær af hendi án nýrra skatta og beðið væri átekta um, hvort útflutningsafurðir okkar hækkuðu ekki í verði. M. a. vegna þessa málflutnings Alþfl. gerði almenningur sér það ljóst strax á liðnu sumri, þegar síldveiðar okkar reyndust okkur mun óhagstæðari en undanfarin sumur, verðlækkun á útflutningsafurðum okkar hélzt og sumir markaðir enda lokaðir, að nýrra efnahagsaðgerða væri von og áreiðanlega þörf. Ríkisstj. var meira að segja fremur legið á hálsi fyrir seinlæti heldur en fljótræði í þeim sökum. Mörgum fannst að takmarka bæri þá þegar innflutning og hlífa þannig gjaldeyrisvarasjóðnum við verulegri blóðtöku. En aðrir ræddu um gengisbreytingu eða hækkun söluskatts. Það fer þannig ekki á milli mála, að almenningur var með á nótunum, hvað var að gerast í efnahagslífi okkar, hvað sem tali hv. stjórnarandstöðu líður um kosningavíxil niðurgreiðslna og blekkingar, sem kjósendur hafi verið beittir með þeim.

En ég vil líka vekja athygli almennings á því, að með blekkingarbrigzlum sínum í garð stjórnarflokkanna er stjórnarandstaðan einnig að löðrunga alþýðu manna, gefa í skyn, að hún sé svo fákæn og dómgreindarlaus, að hún láti telja sér trú um hluti, sem stangast á við augljósar staðreyndir og hún hefur fyrir augunum. „Gjafir eru yður gefnar", mætti hér segja. Er þetta ekki nokkuð langt gengið í mannfyrirlitningunni? Ég leyfi mér að staðhæfa af þeirri reynslu, sem ég hef af hinum almenna kjósanda í hinum mismunandi stéttum, að hann standi okkur a. m. k. mörgum hverjum alþm. fyllilega á sporði um athygli og dómgreind á þeim veðrateiknum, sem dregur á loft þetta eða hitt árið yfir þjóðarheimili okkar, og láti ekki segja sér fyrir um það umhugsunar- og athugasemdalaust, hvað fari að og hvernig við því skuli bregðast.

Áður en ég hætti að tala um blekkingarbrigzl hv. stjórnarandstöðu í garð okkar stjórnarsinna og þá fullyrðingu, að meiri hl. kjósenda hafi látið okkur ginna sig eins og þurs, vil ég lítillega drepa á þá staðhæfingu hennar, að velgengni undanfarinna ára stafi einvörðungu af góðæri, en að engu leyti af farsælli stjórn mála. Þetta er sérstaklega eftirlætisfullyrðing framsóknarmanna, og er mörgum í ferska minni ein af ræðum hv. 1. þm. Vestf., þegar hann í upphafi þingsins hugðist færa sönnur á, að fram komið og orðið verðfall á útflutningsafurðum okkar væri hvorki atvinnuvegunum né þjóðinni verulega þungbært, því að enn væri verðlagið ekki undir meðalverðlagi nokkurra tiltekinna ára undanfarið. Hitt láðist hv. þm. að nefna, hvað kaupgjald og verðlag hefði hækkað frá þeim tíma, er hann tók fyrst til viðmiðunar, né heldur drap hann á það, að sú hækkun stæði enn, þótt verðlag útflutningsafurða væri fallið og það misræmi yllí erfiðleikunum. Auðvitað hét þetta í munni hv. þm. óstjórn ríkisstj., en ekki hefur hún stjórnað verðfalli á útflutningsvörum né valdið þar nokkru um, og ólíklega hefur hv. þm. ætlazt til, að ríkisstj. hefði hindrað hækkanir kaupgjalds þau árin, sem útflutningsatvinnuvegirnir gátu borið þær vegna góðæris, eins og stjórnarandstaðan vill telja.

Í útvarpsumr. frá Alþ. á s.l. vori tók Sigurður Ingimundarson, nú 1. landsk. þm. og einn af forvígismönnum Alþfl. hér í Reykjavík, þessa góðærisstaðhæfingu til meðferðar og benti með skýrum rökum á, að samkv. venjulegum skilningi á orðinu góðæri hefði ekki gengið góðæri yfir landbúnaðinn, svo að hann vissi, því að víða um land hefði ár eftir ár verið kvartað um kal og grasleysi. Þá vissi hann ekki heldur til, að sérstakt góðæri hefði verið talið ríkjandi vestan- og norðanlands undanfarin ár, hvað aflaföng úr sjó snerti, sum árin ekki heldur sunnanlands. Aflabrögð togaranna hefðu oftast undanfarin ár þótt rýr, og þar hefði ekki verið góðæri að marki, en hitt væri rétt, að síldin hefði veizt. Þar væri vissulega um góðæri að ræða, en spyrja mætti, hvaða aðstöðu við hefðum haft til að notfæra okkur það, ef framsýnnar stjórnar hefði ekki notið við öflun veiðiskipa af fullkomnustu gerð og séð hefði verið fyrir aðstöðu til þess að nýta aflann. Það stendur enn upp á Framsfl. að svara þessari glöggu og skýru ræðu Sigurðar Ingimundarsonar.

Næst skulum við líta á þá fullyrðingu stjórnarandstöðunnar, að ríkisstj. hafi ekki reynzt þeim vanda vaxin að taka efnahagsmál þjóðarinnar réttum tökum og beri því að fara frá, þar sem hún njóti ekki lengur fylgis meiri hl. landsmanna. Þegar við reynum að kryfja þessa staðhæfingu til mergjar, verðum við að skilja á milli liðinnar tíðar og þess, sem bíður. Um þær efnahagsaðgerðir, sem nú hafa verið teknar eða senn verða teknar, þ. e. gengislækkunina og hliðarráðstafanir í sambandi við hana, gengur dómur reynslunnar seinna, og hann einn verður óvefengjanlegur. Nú getum við aðeins ráðið í hann af líkum frá fyrri reynslu, og er þó sá þátturinn mikilverðastur, sem ekki verður séður fyrir, hvaða aðstöð almenningur veitir til þess, að niðurstaða reynslunnar verði hagstæð. Ef við leggjumst ekki öll á eitt um það, að gengislækkunin verði atvinnuvegunum blóðgjöf, ef við hvorki skiljum né viljum skilja það, að hér er verið að freista þess að bæta hag atvinnuveganna, svo að atvinna geti haldizt sem jöfnust og bezt, en í stað atvinnuöryggisins verðum við vísast um sinn að þola lítillega þrengri kjör, — ef við hvorki skiljum þetta né viljum skilja það, er gengislækkunin aðeins bráðabirgðaaðgerð. En gerist hitt, sem allar góðar vættir styðji, að landsmenn víkist af ábyrgð undir nauðsynina, mun gengislækkunin koma að góðu gagni. Þannig liggur það í hendi alþjóðar og framtíðarinnar að skera

úr því, hvort ríkisstj. hefur nú reynzt forustu- og þar með efnahagsvandanum vaxin. Dómur stjórnarandstöðunnar þar um er ekki tímabær.

En hvað líður þá liðnum tíma? Hefur stefna ríkisstj. í efnahagsmálum verið þar röng? Núverandi efnahagsvandi er sá, að mikið verðfall hefur orðið á útflutningsafurðum okkar. Vissir markaðir hafa lokazt, og afli hefur nokkuð dregizt saman. Er þetta að kenna efnahagsstefnu núv. ríkisstj.? Enginn mun bera sér það í munn. Hitt vill hv. stjórnarandstaða staðhæfa, að hinar miklu tekjur þjóðarinnar um undanfarin ár, sem sérstaklega komu af miklum síldarafla og hagstæðu verðlagi á afurðum okkar erlendis, hafi brunnið á örskömmum tíma upp í báli verðbólgu. Ekki þarf nema hugleiða stórfelld skipa- og flugvélakaup, minnast nýrra verksmiðja, skóla og íbúðarhúsabygginga á undanförnum árum til að sannfærast um, að þetta er ekki allur sannleikurinn. Hitt er rétt, að hluti af hinum auknu þjóðartekjum hefur vissulega brunnið á báli verðbólgunnar, en víxlverkanir verðlags og kaupgjalds hafa þar óvefengjanlega komið við sögu. Hefur ríkisstj. haft þar fyrirleitkinn? Varla verður það sagt með sanni, og ekki minnumst við þess, að Framsfl. né Alþb. hafi sérstaklega gengið fram fyrir skjöldu með það að hindra víxlhækkanirnar. Brennur þó verðbólgan á flestum þegnum þjóðfélagsins og ekki sízt á launþegum og bændum. Við höfum þvert á móti orðið vitni að því hvað eftir annað, að þessir flokkar og ekki síður Framsfl. hefur sjaldan talið eftir sér að kasta sprekum á eldinn. Hér skal ég að vinna, virðist hann hafa hugsað. Nú kann einhver að spyrja: En hvaða vesaldómur er það hjá ríkisstj. að láta eldana brenna? Hví slekkur hún þá ekki? Og þá komum við að kjarna þessa máls, sem almenningur virðist ekki gera sér glögga grein fyrir. Það er ekkert framkvæmdavald til í landinu, sem getur barið í borðið og sagt, að svona skuli hlutirnir vera og öðruvísi ekki. Þetta er í senn veikleiki og styrkleiki íslenzka lýðveldisins, veikleiki að því leyti, að vegna þessa getur nálega hver stétt þjóðfélagsins, jafnvel minni hagsmunahópar, tekið hús á löglegri ríkisstj. og gert henni ókleift að koma málum fram nema eftir samkomulagsleiðum. En styrkleikur á hinn bóginn að því leyti, að þannig finna stéttirnar að vissu marki meir til ábyrgðar sinnar eða ættu að finna það. Þær verða að koma sér saman undir leiðsögn ríkisstj., sem kann hverju sinni bezt að laða til samvinnu og samstöðu. Það er skilningurinn á þessum þætti í stjórnarháttum okkar, sem hefur valdið því, að samstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. hefur í vaxandi mæli leitað meir og meir eftir samvinnu stéttanna um úrlausnir efnahagsmála og þá ekki sízt launþegasamtakanna, fjölmennasta hópsins í þjóðfélagi okkar. Það hefur varla farið framhjá nokkrum, að þessi samvinnueftirleitun hefur í sumum tilfellum a. m. k. kallað á aukna ábyrgðarkennd forustuliðs stéttanna og af þessari samvinnu hefur ýmislegt gott flotið, sem ella hefði kannske alls ekki náðst fram. Enginn skyldi því vanmeta nauðsyn þessara samvinnutilrauna né sjá eftir tímanum, sem í þær fer, þó að hóf verði að vera á öllu.

Á s. l. vori gengu stjórnmálaflokkarnir til alþingiskosninga. Þeir lögðu spilin á borðið fyrir kjósendur, hver eftir sínu mati á málefnum þjóðarinnar. Að sjálfsögðu drógu þeir hver fram sinn hlut eftir getu. Það er háttur flokka. Einn telur þetta sér sigurstranglegast. Annar hitt. Stjórnarandstaðan taldi, að sér mundi verða bezt til fylgis, að deila hart á samstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. Sérstaklega lagði Framsfl. alúð við að túlka fyrir alþjóð, að þar hefði allt tekizt illa. Nú yrði að taka upp aðra stjórnarstefnu, fara nýja leið, hina leiðina. Hver sú leið væri, þótti óljóst. Margir komust að þeirri niðurstöðu, að önnur stjórnarstefna táknaði það í munni flokksins, að hann fengi sæti í ríkisstj., að nýja leiðin væri, að hann næði sæti í ríkisstj. og að hin leiðin væri, að hann öðlaðist sæti í ríkisstj. Kjósendum þótti svipur Framsfl. ekki hreinn og upplitið næsta ódjarflegt. Þeir veittu honum ekki aukið brautargengi.

Alþb. gekk klofið til kosninganna í vor og kom sárt og vígmótt af innbyrðis deilum út úr þeim. Hinn vaski og gunnreifi uppreisnarforingi Hannibal Valdimarsson bar að vísu skjöldinn hátt úr þeim hildarleik. En það verður honum vísast sízt fyrirgefið af andstæðingunum í eigin flokki, og fáum dylst, að „bróðernið er flátt mjög og gamanið er grátt“ í þeim herbúðum. Þegar óeiningin í herbúðum Alþb. er höfð í huga og getuleysi Framsfl. til þess að skilgreina, hvað hann vill í þjóðmálum annað en að komast í ríkisstj., liggur í augum uppi, að þangað er ekki til forustu að leita í þeim vanda, sem nú er við að fást. Þar verður núv. ríkisstj. að fá frið til að greiða úr erfiðleikunum. Það verður affarasælast.

Strangasti dómurinn, sem kveðinn hefur verið upp um stjórnarandstöðuna og algert stefnuleysi hennar í efnahagsmálum, hefur verið felldur af nokkrum talsmönnum þjóðstjórnar nú. Rök þeirra eru, að þjóðstjórn skuli mynduð, svo að stjórnarandstaðan verði til friðs. Enginn nefnir, að hana skuli taka inn í stjórn vegna skynsamlegra till. eða úrræða hennar.

Nú skyldi enginn taka orð mín svo, að núv. ríkisstj. sé gallalaus eða geti ekki gert skyssur. Slíkt hefur allar ríkisstj. hent og mun allar henda. Það er mannlegt að skjátlast. En ég þykist hafa leitt rök að því, að meginefni rökstuðnings hv. stjórnarandstöðu fyrir vantrauststill. sinni sé úr lausu lofti gripið. Það er ekki rétt, að núv. ríkisstj. hafi hlotið meiri hl. með þjóðinni út á fals og blekkingar varðandi efnahagsstöðu hennar s. l. vor. Það er engin sönnun fyrir því, að meiri hl. kjörfylgis sé brostinn. Það hafa ekki verið færð rök fyrir því, að stjórnarstefnan í efnahagsmálum okkar hafi reynzt í megindráttum

röng, og það er enn of snemmt að dæma um áhrif nýgerðrar gengislækkunar á efnahagskerfi okkar.

Af öllu þessu er vantrauststill. hv. stjórnarandstæðinga óraunhæf og ótímabær, og ég vil leyfa mér að skora á flm. hennar að taka hana aftur og tefja ekki þingstörfin með gagnslausum tillöguflutningi. Hv. stjórnarandstaða hefur kvartað undan því á Alþ. undanfarið, að ræðum hennar væri lítt eða ekki svarað og stjórnarsinnar vildu lítið á mál hennar hlýða. Með þessu væri hinu háa Alþ. óvirðing sýnd. En hefur stjórnarandstaðan hugleitt, hver hlutur hennar er í þessu? Það má vissulega æra stöðuglyndasta mann að hlusta á sömu röksemdirnar fluttar mörgum sinnum af ræðumanni eftir ræðumanni, sem hafa það eitt að marki að tefja tímann og heyra í sjálfum sér. Þetta er að sýna Alþ. óvirðingu og þetta er að fara illa með hlutverk sitt, því að snörp og sköruleg stjórnarandstaða, sem þorir og kann að segja kost og löst á stjórnaraðgerðum, er þingræðinu nauðsynleg og ætti, ef vel er á málum haldið, að ganga næst farsælli og góðri ríkisstj. um virðingu alþjóðar.

Hvar er virðing stjórnarandstöðunnar í dag með þjóðinni? Kemur hún fram í þjóðstjórnarhugmyndinni til að láta stjórnarandstöðuna vera til friðs? Það er þá virðing, liggur mér við að segja. Ég vil ráða stjórnarandstöðunni heilt. Hættið þessum sífelldu suðaustan 14, hættið þessum eilífa stormbeljanda, reynið að hafa farsæl áhrif á málefni lands og þjóðar með ábyrgri afstöðu með því að segja af fyllstu einlægni kost og löst á hlutunum að ykkar dómi án hornauga á stjórnarstóla, því að til þess voruð þið kjörnir á þing.

Megi svo nýgerðar efnahagsaðgerðir verða þjóð okkar til hagsældar. Megi ríkisstj. bera gæfu til farsællar forustu landi og lýð. Megi takast góð samvinna og samstaða stjórnarflokka og stjórnarandstöðu um framgang og framkvæmd margra góðra mála á Alþ. og utan þess nú og framvegis. — Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 17. fundi í Sþ., 7. nóv., var fram haldið einni umr. um till. (útvarpsumr.).

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Síðdegis á föstudaginn var boðaður fundur í hv. Nd. til þess að ræða frv. ríkisstj. um hinar fyrstu ráðstafanir vegna nýrrar gengisskráningar íslenzkrar krónu. Þá lá á borði hvers þm. stuttorð og gagnorð orðsending frá hv. 1. þm. Austf., Eysteini Jónssyni, og þremur öðrum aðalforingjum stjórnarandstöðunnar, till. sú um vantraust á hæstv. ríkisstj., sem hér liggur fyrir til umr. í kvöld. Það var sýnilegt, að vígmóður svall hv. 1. þm. Austf. í brjósti; misjöfn tilefni geta gert glatt í döprum hjörtum. Lá ríkisstj. ekki vel við höggi? Gengið fallið, allsherjarverkfall á næsta leiti, viðreisn landsins öll í voða. Hafði nokkur spurn af svo heimskum þjóðum, að þær hlytu ekki að sjá, að stund spámannsins var komin, nú yrði hliðrað til á stjórnarbekknum, svo að þar gætu orðið langþráðir endurfundir, er hv. þm. settist aftur í sinn forna sess?

En margt fer öðruvísi en ætlað er. Áður en hæstv. forsrh. hafði lokið framsöguræðu sinni, hafði meðflm. að vantrauststill., hv. 9. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, skálmað þvert yfir fundarsal Nd. og lagt á ræðupúltið fyrir framan ráðh. bréf Alþýðusambands Íslands, þar sem stjórn sambandsins kveðst skulu mæla með því við félög þau, er hlut áttu að máli, að boðuðum verkföllum yrði aflýst. Draumurinn fagri var orðinn að martröð, stöllinn að hillingum, ekkert framundan nema svartur sandurinn, níu ára eyðimerkurganga átti enn að halda áfram. Ef hv. 9. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, hefur á þessari stundu litið til meðflm. síns, fer varla hjá því, að honum hafi hvarflað í hug orð skáldsins:

„Ei gleymir neinn þess svip, er hann sá
sjónum heiftar sig bregða á.“

Hin snöggu veðrabrigði á svip hv. 1. þm. Austf. verða áreiðanlega flestum minnisstæð, sem viðstaddir voru. Rökin, sem fram hafa komið til stuðnings vantrauststill., hafa verið allmjög með sama markinu brennd. Þó verður að viðurkenna, að einn ræðumanna skar sig nokkuð úr hópnum, hv. 6. þm. Reykv., Magnús Kjartansson. Fyrir honum var það ekki almenn mannvonzka ráðh. né dæmafátt þekkingarleysi ráðgjafa ríkisstj. í efnahagsmálum, sem átti sök á ófarnaðinum, heldur vonzka tímanna og gerónýtt og gatslitið efnahagskerfi, sem villir þessum eðlisgóðu mönnum sýn. Ef hæstv. forseti leyfir mér að fara með tvö lítil erindi úr gömlu kvæði, sem „Aldarhrollur“ nefnist, held ég, að við höfum þar viðhorf hv. þm. í fám orðum:

„Þjóðarsómi allur er
út úr flúinn landi hér,
flærðar vanir furtar þá
fjandmönnunum sníkja hjá.

Dónum skipað dáðlaust þing
danska hyllir svívirðing,
eigingirnin ærir þá
allri sýn og viti frá.“

Boðskapur hv. þm. um fallegan íslenzkan nasjónal-sósíalisma sýnist einlæglega fluttur. Einhvern veginn er það nú samt svo, að þeim, sem reynt hafa að fræðast um það, sem fram fer handan við járntjaldið, bambustjaldið og tóbaksblaðatjaldið, hættir við að verða flökurt við tilhugsunina um ást þessa mannvinar á því, sem þar er að gerast.

Um aðra hv. stjórnarandstæðinga á sannarlega við sú líking, að þeir hafa borið fram sama grautinn í sömu skál, að vísu með nokkuð mismunandi kurteisi af framreiðslumanna hálfu.

Ég hygg mig muna það rétt, að allir hv. stjórnarandstæðingar, sem til máls hafa tekið, hafi viðurkennt, að gengisbreytingin hafi verið réttmæt, jafnvel óhjákvæmileg eins og á stóð. Samt eru þeir á móti jafnvel allra sjálfsögðustu ráðstöfunum í sambandi við hana. Hvernig má það vera? Mér virðist þeir bera fyrir sig aðallega tvenns konar ástæður. Fyrst er það, að ekki hafi komið fram till. um að létta af hinum og þessum hópum þeim óþægindum, sem af gengisfellingunni leiði, jafnvel sé gengið enn lengra og lagaákvæðið, sem bindur kaupgjald við vísitölu, beinlínis afnumið. Nú er sannleikurinn sá, að till. um ýmsar hinar svo kölluðu „hliðarráðstafanir" hafa enn ekki verið bornar fram, en því hefur verið marglýst yfir af ríkisstj., að reynt verði að sinna sanngjörnum kröfum þeirra, sem verst verða úti. Hitt er náttúrlega alger og bersýnileg fjarstæða, að unnt sé að bæta öllum allt. Þar á meðal verður að horfast í augu við það, að ótímabærar kauphækkanir geta aðeins orðið til að draga úr þeim lækningamætti, sem gengislækkuninni er ætlað að hafa fyrir atvinnulíf þjóðarinnar.

Það veit hver hugsandi maður, að gengislækkun er enginn gamanleikur. Hún er harkaleg tilfærsla verðmæta innan þjóðfélagsins og réttlætist af því einu, að ella færu meiri verðmæti í súginn fyrir þjóðarheildina, einnig fyrir þá, sem verða fyrir barðinu á gengisbreytingunni. Áframhaldandi greiðsluhalli við útlönd, stöðvun útflutningsframleiðslu og innlends iðnaðar. Ætla hv. flm. að reyna að segja mér eða öðrum, að þá reki ekkert persónulegt minni til þessara hugtaka? Hafa þeir í raun og sannleika gleymt því, þegar þrír þeirra sátu í ríkisstj. saman og sá fjórði var í stjórn æðstu peningastofnunar landsins, Seðlabankans? Muna þeir ekki, að þá voru þeir með fáránlegu kerfi að reyna að halda atvinnuvegunum á floti, og muna þeir ekki, hvernig sú tilraun endaði? Hafi þeir gleymt því, man þjóðin það enn, hvernig þeir ultu úr hásætinu og ofan hauginn, eins og Hrollaugur konungur í Naumudal forðum. Gengisfellingin, sem þeir fjasa nú svo mikið um, að orðið hafi á árinu 1960, var aðeins leiðrétting á hinni misheppnuðu tilraun flm. sjálfra til að ráða við ófremdarástand efnahagsmálanna með öðrum ráðum en raunhæfri gengisskráningu. Hin aðalröksemdin hjá hv. stjórnarandstæðingum er nánast sú, að ráðh. séu svo vondir menn og ráðunautar ríkisstj. í efnahagsmálum svo fjarri því að vera starfi sínu vaxnir, að ekki verði við neitt ráðið nema forkólfar þeirra sjálfra, stjórnarandstöðunnar, fái að taka þátt í því, sem hv. 9. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, kallar „dýrtíðaróstjórn okkar innanlands". Öll vandræðin eru þessum mönnum að kenna, og orsakir, sem mannlegur máttur fær ekki við ráðið, má ekki viðurkenna, nema þá að einhverju örlitlu leyti hjá þeim, sem allra sanngjarnastir eru. Nýverið bar einn aðalreikningsheili Framsóknar það á borð fyrir menn, að meðalverð á skreið hefði stórhækkað frá í fyrra, því að í ár hefðum við aðeins selt dýra skreið til Ítalíu, þótt hin ódýra skreið fyrir Afríkumarkaðinn sé óseld í geymslum og óseljanleg í bili. Fjöldi af álíka rökvillum hefur verið hrakinn af ýmsum ræðumönnum. Eru þeir sem bera þetta á borð slegnir blindu, eða eru þeir að gera að gamni sínu?

Hv. 9. þm. Reykv. talaði um kerfi uppbóta, niðurgreiðslna og styrkja og bætti því við, að þar með hafi gengið raunverulega verið fallið, þótt ríkisstj. hefði skort hreinskilni til að viðurkenna það. Herra forseti. Var hv. þm. ekki að lesa upp úr endurminningum sjálfs sín, þegar hann ásamt meðflutningsmönnum sínum var einn af æðstu stjórnarherrum þessa lands? Eða var hann bara að leika skollaleik með 1. þm. Austf., Eysteini Jónssyni? Hann vildi, eins og 1. þm. Austf., sem minnst gera úr erfiðleikum atvinnuveganna út af aflabresti og verðfalli, var þó svo sanngjarn að viðurkenna, að „víst lét síldin bíða nokkuð eftir sér", já, nokkuð, ekkert voðalega mikið. En þrátt fyrir leikaraskapinn kom það hvað eftir annað í ljós, að hv. þm. hafði meiri skilning á málefninu en hann vildi eða mátti sýna. T. d. benti hann réttilega á það, að „sjómenn hafa á þessu ári, eins og allir vita, tekið á sig miklar byrðar, bæði vegna aflabrests og verðfalls", þessara atvika, sem annars hefðu ekki haft nein áhrif á þjóðarbúið. Einnig sagði hv. þm., að það, sem nú skipti mestu máli, væri, hvernig tækist að halda dýrtíðinni í skefjum. Þetta er hverju orði sannara, og ef við tökum höndum saman um það, verður gengislækkunin þjóðinni til heilla, og ekkert öfugmæli að óska landsmönnum góðs gengis.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Till. sú til þál., sem hér er til umr. um vantraust á ríkisstj., felur vissulega ekki í sér neina nýlundu um vinnubrögð hv. stjórnarandstæðinga. Hún er ekki heldur flutt vegna þess, að líklegt sé, að hún hafi áhrif á lífdaga hæstv. ríkisstj., heldur einungis til þess að skapa æskilegan vettvang fyrir pólitíska herlúðra stjórnarandstöðunnar, sem nú skulu gjalla um land allt.

Í umr. í gærkvöld fékk þjóðin eins konar vasaútgáfu af þeim málflutningi, sem glumið hefur frá talsmönnum stjórnarandstöðunnar hér á hv. Alþ. síðustu tvær vikur. Þar gat hver, sem á hlýddi, sannfærzt um það, að jafnt í málflutningi sem starfsaðferðum af öðru tagi teygja framsóknarmenn sig ætíð feti framar forustumönnum Alþb. um óbilgirni og pólitískan loddaraleik. Þetta sannaði þó einkum ræða hv. 1. flm. vantrauststill., Eysteins Jónssonar, sem var óvenjulegt samsafn af rangfærslum og brigzlyrðum um svik, ósannindi og klækjabrögð. Öll meginatriði í ræðu þessa hv. þm. voru hrakin af ræðumönnum stjórnarflokkanna þegar í gærkvöld, og mun ég ekki víkja að henni mörgum orðum.

Svo sem kunnugt er, er þessi vantrauststill. flutt í sambandi við gengisfellingu íslenzku krónunnar. Í ræðum hv. stjórnarandstæðinga

hefur hvað eftir annað gætt fullyrðinga um það, að stjórnarstefnan og verðbólguþróunin innanlands hafi ráðið mestu um það, hvað krónan féll. Hér skal ekki gert lítið úr þeim vandamálum, sem verðbólgan hefur valdið. Hitt er þó öllum ljóst, sem viðurkenna staðreyndir, að aðrar orsakir hafa fyrst og fremst þar um valdið. Það afsanna hvorki reiknikúnstir um, að ekkert verðfall hafi orðið, um leið og verðmæti útflutningsins hefur minnkað um 1500—2000 millj. á einu ári, né handahófskenndar og ósamhljóða fullyrðingar um það, hve mikið hafi þurft að fella krónuna til samræmis við fall þundsins. Af þessu tali hv. stjórnarandstæðinga mætti hins vegar ætla, að þeir hafi á undanförnum árum staðið fast á verðinum til þess að sporna við því, að verðgildi krónunnar rýrnaði. Því verður víst harla erfitt að finna nokkurn stað, heldur þvert á móti. Baráttuaðferðir hv. stjórnarandstæðinga hafa á þessum árum einkennzt af ábyrgðarleysi og kröfugirni og þeim pólitísku markmiðum að skapa vandamál, sem verða mættu ríkisstj. örðug viðfangs, og þá ekki skirrzt við, þó að sú barátta hafi orðið til þess að grafa undan verðgildi gjaldmiðilsins. Í þeim leik hefur Framsfl. vissulega leikið það sérstæða hlutverk, sem ýtarlega var lýst af hæstv. viðskmrh. hér í gærkvöld.

Það er að sjálfsögðu auglóst, að hin nýja gengisskráning markar alvarleg þáttaskil í efnahagsmálum þjóðarinnar. Hún mun þó treysta mjög stöðu útflutningsatvinnuveganna og bæta samkeppnisaðstöðu innlendrar framleiðslu gagnvart erlendum innflutningi. Það má því vænta þess, að nýtt líf færist í atvinnulífið, en blómlegt atvinnulíf er öruggasta undirstaða afkomu launþega og þjóðarinnar allrar. Útflutningur landbúnaðarvara verður nú auðveldari og markaðsverð þeirra erlendis færist nær framleiðslukostnaðarverði.

Vegna spurninga, sem fram hafa komið hér á hv. Alþ. frá stjórnarandstæðingum um það, hvernig hækkanir á rekstrarvörum kæmu niður á bændastéttinni, er rétt að taka fram, sem raunar allir ættu að vita, að eftir framleiðsluráðslögunum fá bændur ársfjórðungslega teknar inn í verðlagsgrundvöllinn hækkanir, sem verða á rekstrarvörum og kauptöxtum viðmiðunarstéttanna. Það er svo annað mál, að ýmsar hækkanir koma illa við bændur, og þeir þurfa auðvitað að taka á sig sína bagga, eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins. Væri hins vegar farið eftir því kerfi, sem gilti á vinstristjórnarárunum, þegar Framsfl. hafði æðstu völd landbúnaðarmála í sínum höndum, fengju bændur ekki þessa leiðréttingu nema einu sinni á ári, og væri svo að öllum líkindum enn, *ef forustu sjálfstæðismanna hefði ekki* notið við. Hér er aðeins um að ræða eitt dæmi af mörgum, sem núv. stjórn hefur haft forustu um að breyta til hagsbóta fyrir bændastéttina. Þær breytingar hafa ekki einungis orðið á framleiðsluráðslögunum, heldur einnig á mörgum öðrum sviðum. Þetta hefur átt sinn mikla þátt í því að gera bændum kleift að hefja þá miklu sókn til framfara í ræktun, tæknibúnaði og húsabyggingum, sem hvarvetna blasa við í sveitum landsins og hafa orðið miklu stórfelldari en forustumenn bænda sjálfir gerðu ráðtlun um að þyrftu að verða. Bændur munu því yfirleitt gera sér ljóst, að það væri ekki þeim til hagsbóta, að skipt væri um forustuhlutverk í landbúnaðarmálum, og hygg ég, að þeir hafi staðfest þá skoðun í kosningunum s. l. vor. Ég tel því ekki líkur til, að bændur mundu yfirleitt fagna því, hvorki framsóknarbændur né aðrir, að þessi vantraustsstill. væri samþ. Þeir mundu ekki telja ávinning að því að fá aftur gömlu framsóknarúrræðin. Hitt er svo önnur saga, að s. l. 2 ár hafa verið bændum erfið vegna árferðis, einkanlega norðan- og austanlands. Vegna kals í túnum og vorkulda hafa þeir bæði mátt þola mikið tjón og aukinn tilkostnað. Það er sú gamla saga okkar kæra lands, að veðurfarið getur ýmist verið blítt eða stritt. Það er því eitt hið mikilvægasta viðfangsefni bænda sjálfra, sem og hinna, sem með forustu fara í málefnum þeirra, að gera enn stór átök til þess að treysta stöðu landbúnaðarins gegn sveiflum í árferði.

Hv. þm. Framsfl. þrástagast á því, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki traust þjóðarinnar og útilokað sé, að hún hefði unnið kosningarnar í vor, ef hinn hrekklausi almúgi, sem þeir nefna svo, hefði séð fram á lausn þess efnahagsvanda, sem nú er við að glíma. Að minni hyggju snerust kosningarnar í vor ekki hvað sízt um það, hverjum þjóðin treysti bezt til að takast á við þau óvenjulegu vandamál, sem þá þegar blöstu við, sem og þau, sem upp kynnu að koma. Ef kjósendur hefðu verið gæddir þeirri spádómsgáfu að sjá fyrir alla þá óvæntu erfiðleika, sem steðjað hafa að íslenzku efnahagslífi, eftir því sem á árið hefur liðið, er víst, að fáir hefðu sett traust sitt á Framsfl. þeim til úrlausnar. Þjóðin þekkir sögu Framsfl. og starfsaðferðir. Enginn flokkur er eins ber að óheilindum í samstarfi við aðra flokka, enginn flokkur hefur jafnoft hlaupizt úr ríkisstj. til að losna við þá ábyrgð, sem því fylgir að taka ákvarðanir um lausn meiri háttar vandamála. Á honum hvílir því hvort tveggja, vantrú annarra flokka vegna óheilinda í samstarfi og vantrú þjóðarinnar til þess að ráða fram úr torleystum vandamálum. Enda þótt kjósendur hefðu í vor séð fyrir hin stórauknu og óvæntu efnahagsvandamál nú, má telja fullvíst, að það hefði ekki orðið til þess að fjölga atkv. Framsfl. í kosningunum, miklu fremur til að fækka þeim.

Hv. þm. Ingvar Gíslason lauk ræðu sinni í gærkvöld með því að segja, að rjúfa verði sjálfheldu íslenzkra stjórnmála. Hv. þm. mun hafa runnið til rifja hin pólitíska sjálfhelda Framsfl., og var það mjög að vonum. Til þess að einhverjar vonir séu til, að flokkurinn komist úr þeirri sjálfheldu, verður hann að sýna meiri ábyrgð í störfum, meiri heilindi í samstarfi við aðra, meira raunsæi í málflutningi og síðast en ekki síst að viðurkenna stað-

reyndir. Yrðu þessi hughvörf hjá Framsfl., væru fyrst líkur til, að honum tækist að feta sig út úr sinni pólitísku sjálfheldu.

Við þau þáttaskil, sem nú eru í íslenzku efnahagslífi, er það höfuðnauðsyn, sem skiptir meginmáli, að sá ávinningur, sem gengisbreytingunni fylgir, verði varanlegur. Enda þótt nokkuð þrengist að um sinn, sem óumflýjanlegt var, til hvaða ráða sem gripið hefði verið, má binda vonir við það, að nú renni upp nýtt skeið uppbyggingar og framfara, nýtt tímabil, sem leiði af sér áframhaldandi sókn til aukinnar velmegunar. En það gerist þó því aðeins, að grundvöllur sá, sem lagður er með þessari gengislækkun, verði ekki rofinn með ótímabærum kröfum og ringulreið ófriðar í landinu.

Hv. þm. Hannibal Valdimarsson sagði í gærkvöld, að það væri sameiginlegt áhugamál ríkisvalds, atvinnurekenda og verkafólks, að gengisfellingin treysti varanlega grundvöll atvinnuveganna. Þetta eru sönn orð og drengilega mælt. Ég leyfi mér því að láta í ljós miklar vonir um það, að þau fjölmennu og valdamiklu launþegasamtök, sem þessi hv. þm. er forseti fyrir, sýni fullan skilning á því, hvað hér er í húfi og láti ekki egnast af pólitískum flugumönnum til óhappaverka.

Vinnan er móðir auðsæfanna, segir gamalt spakmæli. Þjóðin hefur á undanförnum árum lyft Grettistaki með vinnu sinni, kjarki til framkvæmda og atorku. Möguleikar framtíðarinnar eru miklir. Með aukinni þekkingu, nýrri tækni og þróttmiklu átaki huga og handar mun þjóðinni takast að vinna nýja sigra, skapa ný og vaxandi verðmæti úr þeim auðlindum, sem felast í landinu sjálfu og hafinu umhverfis það. Nýjar atvinnugreinar munu dafna og aukin verkkunnátta leiða til vaxandi framleiðni. Við getum því leyft okkur bjartsýni, en við þurfum einnig að temja okkur raunsæi. Í þeim tímabundnu erfiðleikum, sem nú er við að etja, verðum við að setja hagsmuni morgundagsins ofar hagsmunum dagsins í dag. Framtíðarheill þjóðarinnar veltur á því, að þær ráðstafanir, sem nú eru gerðar í efnahagsmálum, verði ekki brotnar niður með óraunhæfum kröfum og pólitísku vopnabraki valdasjúkra stjórnmálaforingja, sem leiði til allsherjarátaka. Þegar þið, hlustendur góðir, heyrið herhvöt hv. stjórnarandstæðinga, þá hugleiðið framtíðarstöðu okkar þjóðfélags, hugleiðið, hve hagsmunir okkar Íslendinga allra eru samtengdir, hugleiðið hin miklu tækifæri, sem okkar bíða, ef vel og skynsamlega er á málum haldið. Þá munið þið hlýða kallinu. Þið látið hina pólitísku valdastreitumenn standa eina á vígvellinum.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Þegar menn eru í þrengingum staddir, er þess vissulega mikil þörf að eiga vaska vopnabræður. Ber er hver að baki nema sér bróður eigi. Þetta gamla máltæki hefur hv. fyrsti ræðumaður hér í kvöld, Pétur Benediktsson, vafalaust vilja láta á sannast. En ekki er ég viss um, að hæstv. forsrh. og ríkisstj. hans hafi orðið alveg nægilegt lið að framgöngu þessa vörpulega skjaldsveins, þótt skemmtilega vitni hann í fornar sögur og alþýðukveðskap. Og allténd getur kveðskapur verið mönnum til hressingar í skammdeginu.

Hinn 20. nóv. 1959, fyrir 8 árum og 9 dögum betur, var íslenzkri þjóð tilkynnt, að ný ríkisstj. hefði tekið við völdum. Við þá ríkisstj. hefur þjóðin búið alla stund síðan, að vísu með nokkrum mannaskiptum í ráðherrastólum, sem orðið hafa í tímanna rás. Það verður því ekki annað sagt en þessi ríkisstj. hafi fengið næg tækifæri og ærinn tíma til að vinna að framgangi stefnumála sinna og móta stjórnarfarið. Ekki hefur á það skort, að fylgismenn ríkisstj. hér á Alþ. hafi reynzt henni þægir og leiðitamir, því að öllu tryggari hjörð mun vandfundin. Naumast verður heldur sagt, að ytri aðstæður hafi torveldað ríkisstj. framkvæmd stefnumála þau ár flest, sem hún hefur setið að völdum. Hitt er nær sanni, að allar forsendur fyrir góðum árangri hafi verið til staðar mestan hluta þessa 8 ára tímabils. Með harðfylgi og dugnaði og tilstyrk nútíma tækni hafa sjómennirnir okkar á þessum árum dregið óhemju auð í bú, og þótt bændum hafi fækkað, framleiðir bændastéttin meira af matvælum en nokkru sinni. Verkamenn, iðnaðarmenn og aðrar starfsstéttir hafa unnið hörðum höndum að verðmætasköpun langan vinnudag, og flest árin hafa viðskiptakjör okkar verið með eindæmum hagstæð, útflutningsafurðirnar selzt fyrir mjög hátt verð. Það er fyrst nú hið síðasta ár þessa langa stjórnartímabils, að útflutningsvörurnar hafa lækkað í verði frá því, sem þær voru hæstar áður. Þó eru þær lækkanir ekki stórfelldari en svo, að á fyrri hluta þessa árs var útflutningsverð vara okkar hærra en meðalverð þeirra síðustu 5 árin. En slíka verðbreytingu þolir hið yfirspennta, íslenzka efnahagskerfi ekki. Þá ætlar allt að snarast, hjól framleiðslunnar stöðvast hvert á fætur öðru. Með þetta í huga fæ ég ekki betur séð en kveðinn hafi verið upp þyngri áfellisdómur yfir stjórnarstefnu síðustu 8 ára en nokkur íslenzk ríkisstj. á undan þessari hefur orðið að þola. Það er ekki stjórnarandstaðan, sem kveður upp þennan dóm, heldur staðreyndirnar sjálfar, blákaldur veruleikinn, og þeim dómi verður ekki áfrýjað.

Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum fyrir 8 árum, gaf hún út stjórnarboðskap eins og venja er til, setti fram stefnumið og lofaði mörgu. Ekki væri það langrar stundar verk að telja upp þá liði þessarar stefnuyfirlýsingar, sem efndir hafa verið til fullrar hlítar. Til hins þyrfti skorinorðari mann en mig, að tíunda á 20 mínútum öll þau stefnuskráratriði stjórnarinnar, sem lítt eru efnd eða vanefnd. Að þessu sinni læt ég nægja að rifja upp eitt atriði stefnuyfirlýsingarinnar, en raunar eitt hið allra veigamesta, það, sem þjóðinni reið á öðru fremur, að við yrði staðið. Ríkisstj.

setti það efst á stefnuskrá sína að koma á jafnvægi í efnahagsmálum og treysta rekstrargrundvöll íslenzkra atvinnuvega. Þetta er óneitanlega mikið fyrirheit og engan veginn vandalaust að uppfylla það til hlítar. Ytri aðstæður hverri ríkisstj. óviðráðanlegar hlutu að ráða miklu um, hversu til tækist. En þegar haft er í huga, að lengst af valdaferli núv. ríkisstj. hafa hinar ytri aðstæður verið sérlega hagstæðar, er það fyrirmunun, hversu illa hefur til tekizt um efndir þessa fyrirheits.

Ég þarf ekki að eyða að því mörgum orðum, hvert sé það jafnvægi í efnahagsmálum, sem þjóðin hefur búið við. Þrjár gengisfellingar á 8 ára tímabili eru m. a. talandi vottur um þetta. Grátbroslegt er, þegar núverandi stjórnarherrar eru í lofræðunum um sjálfa sig og eigin stjórnvizku að státa af því að hafa lyft íslenzku krónunni til vegs meðal mynta heimsbyggðarinnar. Þeir eru að vísu hættir þessu sumir núna, en þó var landbrh. svo brjóstheill að nefna þetta hérna í gærkvöld. Sjaldan hafa öfugmælasmiðir verið hugkvæmari en þetta.

Árið 1959 jafngiltu 16.32 kr. einum Bandaríkjadollar. Árið 1960 felldi viðreisnarstjórnin, sem svo er nú kölluð einvörðungu í skopi, krónuna í fyrsta sinn. Eftir þá gengisfellingu þurfti 38 kr. ísl. til að jafngilda Bandaríkjadollar. Næst kom gengisfellingin 1961, refsiaðgerðin alræmda til að ná sér niðri á launþegum, sem ekki höfðu viljað þola afleiðingar 57% gengislækkunar bótalaust. Trúlega var það einhver óviturlegasta stjórnvaldaráðstöfun, sem um getur í síðari tíma sögu íslenzkri, og er þá mikið sagt. Eftir þá gengislækkun jafngilti Bandaríkjadollar 43 kr. Við það hefur setið þar til á dögunum, að stjórnin felldi gengið í þriðja sinn, og nú þarf 57 kr. til að jafngilda Bandaríkjadollar. Í stuttu máli, 16 kr. rúmar við upphaf viðreisnar, 57 kr. í dag.

Síðustu vikurnar áður en Bretar felldu gengi sterlingspundsins, stóð innan þings og utan mikill styrr um efnahagsmálafrv. stjórnarinnar, sem fól það í sér að velta yfir á almenning 750 millj. kr. til hagsbóta fyrir ríkissjóð. Þessa skattheimtu áttu heimilin að þola bótalaust og greiða því meira, sem fjölskyldurnar voru stærri. Það þurfti yfirlýsingu um allsherjarverkfall til að knýja ríkisstj. á undanhald og tryggja vísitölubætur 1. des. Þetta efnahagsmálafrv. var í rauninni gjaldþrotayfirlýsing stjórnarstefnunnar, fullnaðarsönnun þess, að viðreisnarstefnan hafði leitt til efnahagslegs öngþveitis. Ekki er annað vitað en ríkisstj. haldi fast við þá fyrirætlun, að meginþorri umræddra 750 millj. fari áfram beint út í verðlagið, að vísu ekki bótalaust launþegum til handa, eins og í upphafi var ætlunin. En ljóst er, hver áhrif þessar aðgerðir hafa á verðlagsþróun í landinu, og ekki bæta þær stöðu atvinnuveganna. Gengislækkunin nýja kemur því ekki, eins og sumir virðast halda, í staðinn fyrir 750 millj. kr. álögurnar, heldur til viðbótar við þær. Ætti þá hverjum að vera ljóst, hversu geigvænleg verðbólguholskefla er að rísa, og er ákaflega hætt við, að hagur margra raskist í því flóði.

Gengisfelling sterlingspundsins er notuð sem átylla til að lækka gengi íslenzkrar krónu um 24.6%. En 24.6% gengisfelling þýðir það, að vörur keyptar frá þeim löndum, sem ekki hafa fellt gjaldeyri sinn, hækka um tæplega 33%. Til þess að mæta áhrifum af verðfellingu sterlingspundsins á íslenzkt efnahagskerfi hefði varla þurft nema 5—7% gengislækkun krónunnar. Allt hitt er einkagengisfelling ríkisstj., algerlega af innlendum rótum runnin.

Ríkisstj. fullyrðir, að gengislækkunin sé fyrst og fremst gerð fyrir útflutningsatvinnuvegina. Engum dylst, að þeir eru að þrotum komnir eftir 8 ára viðreisnarpólitík. Innlend verðbólga, skipulagsleysi og tómlæti stjórnarvalda um endurnýjun mikilvægra þátta sjávarútvegs og jöfnuðar eiga gildastan þátt í því. Hlut útflutningsatvinnuveganna varð að rétta, eins og Alþb. hefur lagt á ríkasta áherzlu allra flokka, þótt það hafi löngum talað fyrir daufum eyrum stjórnarvalda. En eru nú líkur til, að gengisfelling, eins og ætlunin virðist að framkvæma hana, verði útflutningsatvinnuvegunum veruleg búbót til frambúðar? Fyrst um sinn í nokkra mánuði kann að verða um einhverja úrlausn að ræða, en hvað verða þeir mánuðir margir? Ljóst er af fyrstu viðbrögðum stjórnarvalda, að obbi þeirra hækkana, sem með nokkru móti má rekja til gengisbreytingarinnar, streymir beint inn í verðlagið, og ekki verður annað séð en í blóra við þær verðhækkanir hækki margt annað, eins og löngum hefur átt sér stað í kjölfar gengisfellinga. Og þessa gengisfellingu og verðhækkanir af hennar völdum á að knýja fram í fullri andstöðu og jafnvel harðri baráttu við verkalýðshreyfinguna og önnur launþegasamtök. Dettur ráðamönnum í hug, að þeir komist upp með þetta? Og hvað verður eftir af gengishagnaði útflutningsatvinnuveganna, þegar líða tekur á næsta ár, eftir að ný verðbólguholskefla kann að vera risin, eins og nú virðist ljóst, að verið sé að hleypa af stað?

Sú ákvörðun ríkisstj. að nema úr l. ákvæðin um það, að kaupgjald miðist framvegis við verðlag og breytist samkv. því, einmitt á tímum, þegar ljóst er, að verðlag hækkar stórlega, getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Sagt er, að þetta sé gert atvinnuvegunum til framdráttar. En er líklegt, að svo verði? Einn af forustumönnum verkalýðssamtakanna, Björn Jónsson, ræddi þetta mál af glöggskyggni og hreinskilni í Ed. Alþ. í gær. Ég tel ástæðu til að vitna til ummæla hans og eindreginna varnaðarorða. Björn Jónsson mælti á þessa leið:

„Afnám verðviðmiðunar kaupgjalds jafngildir því í raun réttri að útiloka gerð kaupgjaldssamninga nema í hæsta lagi til örstutts tíma í senn, og á þetta sérstaklega við, þegar um miklar verðbreytingar er að ræða, eins og þær, sem nú eru fram undan.“

Og Björn sagði enn fremur:

„Ef slíkt ástand skapast, býður það heim

margháttuðum vandkvæðum og þó tveimur helztum: Í fyrsta lagi fullkominni óvissu á vinnumarkaðinum jafnt fyrir vinnuseljendur sem vinnukaupendur, þar sem enginn veit stundinni lengur, hvert kaupgjaldið verður. Er fullljóst, að öllu afkomuöryggi launafólks er með slíku stefnt í algera tvísýnu og atvinnurekendur geta ekki heldur haft uppi neinar fyrirætlanir um rekstur eða framkvæmdir, sem á öruggum grundvelli verða reistar. Afleiðingin verður óhjákvæmilega glundroði og upplausn, tíðar kjaradeilur, vinnustöðvanir, skæruhernaður, tilviljanakennd yfirboð til einstakra hópa launþega, rekstrartruflanir. Í þessum efnum ætti reynslan frá 1960—1964 að vera slíkt víti til varnaðar, að engum, sem ber öryggi á vinnumarkaðinum fyrir brjósti, ætti að koma til hugar að skapa slíkt ástand aftur, ástand, sem aðeins á einu ári, 1963, leiddi til þriggja erfiðra vinnudeilna og lyktaði með allsherjarverkfalli í árslokin, en verðlag fór allt úr skorðum í enn ríkara mæli en nokkra nauðsyn bar til.

Í annan stað leiðir afnám verðviðmiðunar til þess, að aðhald atvinnurekenda og ekki síður stjórnarvalda til þess að hindra verðlagshækkanir, eftir því sem í þeirra valdi stendur, stórminnkar eða jafnvel hverfur. Reynslan frá 1960—1964 er einnig í þessum efnum ólygin, þegar álagningarfrelsi verzlunar og milliliða var aukið á blygðunarlausan hátt.

Á það verður seint lögð of mikil áherzla, að sjómenn og verkafólk almennt hafa þegar tekið á sínar herðar hlutfallslega miklu meiri kjaraskerðingu en nokkrir aðrir vegna verðfalls afurða og minnkandi sjávarafla. Er fráleitt að ætla að stórauka þær byrðar með afnámi verðlagsbóta í kjölfar gengisfellingar og hvað sjómennina áhrærir með skerðingu hlutarkjara þeirra, að ráði efnahagssérfræðinga ríkisstj. Slíkar fyrirætlanir eru ekki aðeins ósvífnar og óréttlátar og þjóðfélaginu í heild hættulegar. Þær eru óframkvæmanlegar.“

Þetta voru ummæli Björns Jónssonar. Enn er að vísu ekki nema að nokkru leyti í ljós komið, hvaða ráðstafanir ríkisstj. hyggst gera í framhaldi af gengislækkunarákvörðun sinni. Á því veltur að sjálfsögðu mikið, og eftir því fer að ekki litlu leyti þróun efnahagsmála í náinni framtíð. En margt bendir til, að ríkisstj. hafi helzt til lítið lært af reynslunni. Það er þegar sýnt, hverjir það eru, sem fá byrðum gengisfellingarinnar af sér létt með forgangshraði. Það eru heildsalar, sem skulda erlendis, það eru oliufélög og skipafélög. Með vinnukappi, sem er fágætt hér á Alþ., afbrigðum frá þingsköpum og næturfundum var frv. þessum aðilum til bjargar drifið í gegnum þingið á mettíma og afgreitt sem l. á laugardaginn var. Á hinu bólar ekki enn sem komið er a. m. k., að neitt eigi að gera fyrir sparifjáreigendur, þá sem njóta elli- og örorkulífeyris og íslenzka námsmenn erlendis.

Við umr. í Ed. á dögunum sýndi ég fram á, að gengisfellingin raskaði svo stórkostlega högum þeirra 700—800 Íslendinga, sem stunda nám í öðrum löndum, að margir þeirra neyddust til að hætta námi, ef þeir fengju ekki fullar bætur með einum eða öðrum hætti. Hér er um að ræða nálægt 30 þús. kr. hækkaðan námskostnað á mann á ári. Heildarupphæðin, sem íslenzkir námsmenn erlendis verða að borga í hækkuðum kostnaði vegna gengisfellingarinnar, er snöggtum hærri en öll þau lán og styrkir, sem þeir hlutu frá ríkinu á þessu ári. Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum um þá röskun, sem gengisfelling veldur. En því nefni ég námsmenn sérstaklega, að margir þeirra klífa þrítugan hamarinn við að afla sjálfum sér og þjóð sinni nauðsynlegrar og verðmætrar menntunar og mega hvorki við því né eiga það skilið, að þeim sé með efnahagsaðgerðum torveldað eða með öllu meinað að ná settu marki. Því spyr ég: Hvað hyggjast stjórnarvöld gera til að rétta að fullu hlut þessara manna?

Ein er sú vísitala bundin í l., sem ríkisstj. virðist hafa lítinn hug á að afnema, og er þá vægilega til orða tekið. Það er vísitala húsnæðismálalána. Eftir að kaupgjald og verðlag hefur verið slitið úr tengslum, en stórfelldar verðhækkanir fyrirsjáanlegar, er það fráleitara en nokkru sinni, að lánþegar húsnæðismálalána verði að greiða vísitöluálag á vexti og afborganir lána sinna.

Þegar eru komnar fram harðar og óbilgjarnar kröfur um, að sjómenn verði með breyttum hlutaskiptum eða á annan hátt sviptir þeim kjarabótum, sem gengisfellingin kynni að færa þeim. Á sjómönnum hefur þó nú þegar bitnað með fullum þunga sú kjaraskerðing, sem stafar af minnkuðu aflamagni og lækkuðu fiskverði. Verði sú raunin, sem margir hafa fyrir satt, að stjórnarvöld landsins séu staðráðin í að knýja fram skertan hlut sjómanna, blasir nokkuð skýrt við myndin af því, hverjum ætlað sé að axla þyngstu byrðarnar af völdum gengisfellingarinnar. Er það í rauninni svo, að það séu sjómenn, verkamenn og aðrir launþegar, húsbyggjendur, ellilífeyrisþegar, námsmenn, sparifjáreigendur, sem eiga að bera þessar byrðar? Mér finnst ástæða til að spyrja.

Ríkisstj., sem hefur á 8 ára valdaferli, lengst af við eindæma hagstæð ytri skilyrði, haldið þannig á málum, að efnahagskerfi þjóðarinnar riðar til falls, jafnskjótt og viðskiptakjörin þrengjast nokkuð, sú ríkisstj. er einskis trausts verðug. Ríkisstj., sem ákveður að halda óbreyttri þeirri heildarstefnu, sem með fádæmum illa hefur gefizt, sú ríkisstj. er orðin þjóðinni mikils til of dýr. Ríkisstj., sem nú er að fella gengi íslenzku krónunnar í þriðja sinn á valdaferli sínum, virðist staðráðin í að framkvæma þá gengisfellingu eftir gömlum, úreltum og óhæfum afturhaldsleiðum, sú ríkisstj. hefur kveðið upp áfellisdóm yfir sjálfri sér. Ríkisstj., sem með nauman þingmeirihluta að baki grípur á alvörustund til óyndisúrræða, sem kallað geta yfir þjóðina nýja óðaverðbólgu og harðvítug stéttaátök, sú ríkisstj. er öllum heillum horfin. Ríkisstj., sem stefnir að

því vitandi vits og rær að því öllum árum að hengja þjóð sína á klafa erlendra auðhringa og efnahagsbandalaga, sú ríkisstj. á að víkja.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Undanfarna mánuði hef ég eindregið verið þeirrar skoðunar, að gengisfelling íslenzku krónunnar væri eina úrræðið, sem dygði til þess að rétta við hag útflutningsatvinnuveganna, auka atvinnu í landinu og örva gjaldeyrisöflun þjóðarinnar á ný. Ég hef ekki verið ásáttur með tregðu ríkisstj. og efnahagsráðunauta hennar til þess að gera sér þessar staðreyndir ljósar í tæka tíð. En gengisfelling pundsins opnaði augu manna. Þá var strax ljóst, að lækka þurfti krónuna til að bægja frá skakkaföllum vegna lækkunar sterlingspundsins. En úr því að fara þurfti út á þessa braut á annað borð, var það auðvitað rétt stefna að stiga skrefið til fulls, að skrá gengi, er gæti staðið til frambúðar, er gerði okkur jafnframt fært að hverfa frá uppbótarkerfi sjávarútveginum til handa, sem skapazt hefur á undanförnum árum.

Þótt ég telji gengisfellingu bezta úrræðið til að mæta þeim stórfelldu, efnahagslegu áföllum, sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir á þessu ári, verða allir að gera sér ljóst, að gengisfellingin krefst fórna af launþegum og neytendum og tvímælalaust af öllum landsmönnum í einhverri mynd. Nú þarf að deila byrðunum á bak allra Íslendinga, sagði Hannibal Valdimarsson í tímariti Alþýðusambandsins haustið 1958. En þá áttu útflutningsatvinnuvegirnir mjög í vök að verjast vegna óðaverðbólgu innanlands. Þessi orð eiga vel við í dag, þótt örðugleikar útflutningsatvinnuveganna séu nú af öðrum rótum runnir en haustið 1958. En gengisfellingin ber því aðeins ríkulegan ávöxt, þegar fram líða stundir, að menn skilji þann einfalda sannleika, að við höfum nú sem stendur minna til skiptanna en áður. Deilur og átök stétta og hagsmunasamtaka, sem grundvallast á því, að hver og einn vill velta byrðunum af sér og yfir á náungann, fá engu áorkað þjóðinni til heilla, en lama þrek okkar til baráttu gegn örðugleikunum, sem að höndum hefur borið. Við skulum hafa það hugfast, að það er ekki aðeins gengislækkun, sem hefur í för með sér fórnir og kjaraskerðingu, heldur einnig sérhver önnur leið, sem valin hefði verið til að mæta þeim vanda, sem nú steðjar að.

Það, sem gengislækkun hefur til að bera umfram önnur úrræði, er einkum tvennt. Hún er sterk hvatning til meiri framleiðslu og aukinnar gjaldeyrisöflunar, og hún er hagkvæmasta ráðið til að auka eftirspurn eftir vinnuafli og bæta úr atvinnuskorti, sem víða hefur komið fram að undanförnu. Örugg atvinna og blómlegt atvinnulíf er langþýðingarmesta hagsmunamál launþega og verkalýðssamtaka og skiptir miklu meira máli en það, hvort unnt reynist að greiða fulla vísitöluuppbót á kaup um stundarsakir, meðan við erum að komast yfir örðugasta hjallann. Sannarlega erum við á hættulegri braut, þegar svo er komið, að það er ódýrara að sækja til útlanda flest allt, sem við getum framleitt sjálfir, en að skipta við innlenda framleiðendur. Má í þessum greinum minna á skipasmíðar og skipaviðgerðir, veiðarfæragerð, prentun bóka, smíði innréttinga í hús og framleiðslu ýmiss konar iðnvarnings. Þegar svona er ástatt, er gengisskráningin orðin röng og því leiðréttinga þörf. Gengisleiðréttingin verður þá innlendum framleiðendum styrkur til að auka samkeppnishæfni og framleiðni fyrirtækja sinna og rennir þannig nýjum stoðum undir innlenda atvinnuvegi. Það skal að vísu játað, að gengisfellingin leiðir væntanlega til meiri verðbólgu en önnur úrræði, sem til álita komu. Er því nauðsynlegt að reyna að forðast kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags. En sé ekki nema um tvennt að velja, verðbólgu eða atvinnuleysi, vel ég hiklaust fyrri kostinn.

Hinni nýju gengisskráningu hljóta að fylgja ýmiss konar viðaukaráðstafanir, sem einkum hafa þann tilgang að jafna byrðunum réttlátlega niður, að koma í veg fyrir óeðlilegan gróða og draga úr áhrifum gengisbreytingarinnar, þar sem hún kemur verst við. Skal ég hér á eftir nefna nokkur atriði, sem borið hefur á góma í þessum efnum.

1. Ströng verðlagsákvæði og aukið verðlagseftirlit. 2. Lækkun tolla. 3. Hækkun ellilífeyris og fjölskyldubóta. 4. Ný fjárframlög til húsnæðismála. 5. Hækkun eignarskatts. 6. Uppbætur á sparifé.

Það er mjög mikilvægt, hversu til tekst um þessar hliðarráðstafanir, þótt við megum að hinu leytinu ekki gleyma því, að fjárhagsgeta ríkissjóðs er takmörkuð, þrátt fyrir það, að nokkurt fé liggur nú á lausu, vegna þess að uppbætur til sjávarútvegsins falla væntanlega niður. Ríkisstj. mun hafa samráð við verkalýðshreyfinguna á næstu vikum um þessar ráðstafanir, og er góðs af því að vænta. Aðalatriðið er það, að þjóðin mun sætta sig við að taka á sig byrðar, ef hún finnur, að þeim er réttlátlega skipt.

Framsóknarmenn telja fólki trú um, að meginorsakir erfiðleikanna séu ekki verðfall, markaðsörðugleikar og minnkandi sjávarafli, heldur kenna þeir um rangri stjórnarstefnu. Halda þessir menn, að borgarastyrjöldin í Nígeríu, sem valdið hefur lokun mikilvægs skreiðarmarkaðar, sé að kenna rangri stjórnarstefnu á Íslandi? Á ríkisstj. sök á því, að páfinn hefur leyft kaþólskum mönnum að éta kjöt á föstudögum, en vegna þess hefur dregið úr eftirspurn eftir fiskmeti? Er það ríkisstj. að kenna, að aukin og endurbætt framleiðsla ýmiss konar gerviefna úti í heimi hefur orsakað stórfellda verðlækkun á ull og gærum? Ber ríkisstj. ábyrgð á því, að aðrar þjóðir hafa aukið fiskiskipaflota sinn svo, að offramleiðsla á sér nú stað í heiminum á lýsi og mjöli með tilheyrandi verðfalli? Er hægt að bæta úr þessu með nýrri stjórnarstefnu? Hefðu síldveiðarnar í ár gengið betur eða kallið í túnum bænda orðið minna, ef Framsókn hefði setið í ríkisstj.?

Á síðustu árum hafa framsóknarmenn haldið því óspart fram, að góðæríð væri ekki ríkisstj. að þakka. En þegar harðnar í ári, er ríkisstj. sökudólgurinn. Svona barnalegur áróður mun ekki finna hljómgrunn meðal íslenzku þjóðarinnar.

Stjórnarandstæðingar klifa mjög á því þessa dagana, að nú hafi ríkisstj. fellt gengi krónunnar í þriðja sinn á tæpum 8 árum og sýni þetta glögglega, að lækkun á gengi íslenzku krónunnar sé engin varanleg lausn. Þetta er vert að athuga betur. Ríkisstj. felldi gengið í upphafi stjórnarferils síns í febrúarmánuði 1960 um 34%. Þessi gengisfelling var afleiðing þess, sem gerzt hafði í efnahagsmálum okkar næstu árin á undan, áður en núv. ríkisstj. tók við. Raunar féll gengið á vinstristjórnarárunum. En sú gengisfelling var falin fyrir þjóðinni á bak við yfirfærslugjöld og stórfelldar útflutningsuppbætur. Tilgangur gengisbreytingarinnar 1960 var tvíþættur. Annars vegar að leiða staðreyndirnar í ljós og hins vegar að skapa þjóðinni heilbrigðara efnahagskerfi. Árið 1961 var svo framkvæmd minni háttar gengisfelling til að tryggja vöxt gjaldeyrisvarasjóðsins. Þessar gengisbreytingar urðu grundvöllur undir öflun nýrra og stórvirkari framleiðslutækja, sem gerðu þjóðinni fært að nýta vel hin hagstæðu ár, sem á eftir komu, með hækkandi verðlagi á útflutningsafurðum okkar og góðum aflabrögðum og meiri velmegun þjóðarinnar en áður hafði þekkzt. Það er því alrangt, sem stjórnarandstæðingar halda nú fram, að gengisbreytingarnar 1960 og 1961 hafi brugðizt sem úrræði í efnahagsmálum.

Stjórnarandstæðingar, og þó einkum Eysteinn Jónsson, segja, að verðstöðvunarstefnan hafi verið haldreipi stjórnarflokkanna í kosningunum í vor. Þeir hafi lofað þjóðinni áframhaldandi verðstöðvun, ef þeir héldu velli, en í reynd hafi þeir vitað betur og nú séu svikin komin fram. Aðvaranir framsóknarmanna hafi reynzt réttar, en þjóðin hafi látið blekkjast. Þessi túlkun er ekkert einsdæmi. S. l. 8 ár hefur Eysteinn Jónsson haldið því fram á hverju einasta ári, að ríkisstj. hafi svikið öll sín loforð frá síðustu kosningum og blekkt þjóðina. En í þessum ummælum Eysteins felst sú skoðun hans, að meiri hluti þjóðarinnar sé í raun réttri grunnhyggið og trúgjarnt fólk, sem stjórnarflokkarnir geti logið fullt fyrir hverjar kosningar, sér og sínum skuggalegu fyrirætlunum til framdráttar. Í þessu er einmitt fólginn veikleiki Eysteins sem stjórnmálaforingja. Hann gerir sér ekki nægilega vel ljóst, að meiri hluti þjóðarinnar er fólk, sem vill kryfja hlutina til mergjar og hafa það, sem sannara reynist. Þetta fólk hlustar fúslega á gagnrýni á ríkisstj. og gerðir hennar. En því finnst þessi gagnrýni fara út í öfgar, þegar allt, sem stjórnin gerir, er álitið rangt eða ófullnægjandi, hvort sem það er verðstöðvun, gengisbreyting, breytingar á skatta- og tollalöggjöf, svo að eitthvað sé nefnt.

Þetta fólk fellst ekki á það, að aldrei hefði þurft að leggja byrðar á þjóðina, ef aðrir menn hefðu stjórnað, og þetta fólk er líka minnugt. Það man vel, hvernig þeim tókst til á sínum tíma, sem nú bera fram vantraust á ríkisstj. Umfram allt lætur þetta fólk sér ekki nægja innantóm slagorð um gerbreytta stjórnarstefnu. Það vill eitthvað meira.

Það var vissulega sjónarmið Alþfl. að viðhalda verðstöðvuninni svo lengi, sem þess væri kostur. En það var skýrt fram tekið af hálfu flokksins fyrir kosningarnar í vor, að hann lofaði þjóðinni ekki gulli og grænum skógum, en á hinn bóginn mundi flokkurinn reyna að hlaupast ekki brott frá þeim skyldum, sem honum væru lagðar á herðar. Ef afkoma ríkissjóðs og atvinnuveganna hefði orðið jafngóð í ár og í fyrra, væri auðvelt að halda verðstöðvuninni áfram. En hér hefur gerbreyting orðið á til hins verra, eins og allir vita, vegna utanaðkomandi atvika, sem ekki var á valdi neinnar ríkisstj. að fyrirbyggja. Kjarni málsins er, að nýjum aðstæðum verður að mæta með nýjum úrræðum. Þótt ekki yrði hjá því komizt að hverfa frá verðstöðvuninni, hefur hún samt gegnt mikilvægu hlutverki fyrir atvinnuvegina og þjóðina í heild og dregið úr afleiðingum þeirra geysilegu erfiðleika, sem nú eru fram komnir. Það var eitt af fyrstu verkum vinstri stjórnarinnar að koma á fjögurra mánaða verðstöðvun, og það var talinn mikill ávinningur fyrir útflutningsatvinnuvegina og atvinnuöryggið í landinu. Samt sem áður hvarf vinstri stjórnin frá þessari stefnu, án þess að verðfall eða aflabrestur ætti þar hlut að máli og án þess að minnzt væri á svik við kjósendur. En úr því að fjögurra mánaða verðstöðvun var álitin hafa mjög heillavænleg áhrif á vinstristjórnarárunum, sem ég er alls ekki að vefengja, hlýtur þá ekki 14 mánaða verðstöðvun nú að undanförnu að hafa miklu meira gildi?

Gengisbreyting sú, sem nú hefur verið gerð, er allmiklu minni en gengislækkanirnar 1950 og 1960. Þótt gengisfelling sé sú lausn, sem bezt á við um þessar mundir, hljótum við samt að hafa áhyggjur af því, hve oft hefur þurft að skerða krónuna bæði beint og óbeint á undangengnum áratugum, og leiða hugann að því, hvaða veilur séu í efnahagskerfi okkar, sem valdi þessu. Þar eru ofarlega á blaði einhæfni útflutningsatvinnuveganna, rótgróið vixlhækkanakerfi og forsjárlítil fjárfesting. Í fjárfestingarmálum höfum við reynt bæði höft og frelsi, en hvorugt gefizt vel. Hér er mikill vandi óleystur, en lausnin verður að byggjast á annars vegar dug og frumkvæði einstaklinganna, en hins vegar á skipulagningu og áætlanagerð, sem ekki sé hvikað frá, þegar á reynir. Vel rekin atvinnufyrirtæki eru einn af hornsteinum að velferð þjóðarinnar. Þau atvinnufyrirtæki, sem eru illa rekin til langframa, eiga að fara á hausinn, og það má ekki gefa þeim undir fótinn með að þeim verði bjargað með opinberum ráðstöfunum.

Sú hugmynd hefur oft komið fram á undangengnum árum, að rétt væri að taka núll aft-

an af krónunni, eins og það er kallað, eða m. ö. o. gera 10 kr. seðilinn að krónu. Þetta hefur að vísu engin bein hagsmunaleg áhrif, og sumir kalla þetta bara talnaleik. Þó hafa aðrar þjóðir, sem hafa orðið gengisfellingunni að bráð, gert þetta, eins og t. d. Frakkar og Finnar. Það væri rétt að íhuga þetta mál vel á næstunni. Menn bera meiri virðingu fyrir stærri krónu, og sálræn áhrif í peningamálum hafa líka sitt gildi. En hvað sem þessu líður, þurfum við öll að hugsa það mál vandlega, hvernig framtíðargildi íslenzku krónunnar verði bezt borgið.

Höfundar till. um vantraust á ríkisstj., sem hér er fram borin, eru þeir Eysteinn Jónsson og Lúðvík Jósefsson. Væntanlega gera þeir sér ekki miklar vonir um, að till. verði samþ., enda eru þeir ekki reiðubúnir til að taka við landsstjórninni. Eysteinn Jónsson og Lúðvík Jósefsson hafa enga nýja lausn á takteinum og reyndar óvíst, hvort þeir kæmu sér saman um nokkuð annað en að vera á móti núv. ríkisstj. Vantrauststill. er flutt á örlagaríkum tímum, þegar þjóðinni ríður á því að standa saman. Tilgangurinn með flutningi till. er fyrst og fremst sá, að skapa deilur og spilla fyrir árangri af þeim þýðingarmiklu viðræðum milli ríkisstj. og verkalýðshreyfingarinnar, sem fram hafa farið síðustu vikurnar og er hvergi nærri lokið. Eysteinn og Lúðvík gleyma því ekki, að það var í raun réttri verkalýðshreyfingin, sem svipti þá ráðherrastólunum 1958. Verkalýðshreyfingin gerir sér hins vegar grein fyrir því, að ef núv. ríkisstj. félli, gæti orðið bið á því, að ný ríkisstj. væri mynduð, sem væri jafnfús til góðs og árangursríks samstarfs við verkalýðshreyfinguna og núv. ríkisstj.

Viðræðurnar milli ríkisstj. og verkalýðshreyfingarinnar að undanförnu hafa leitt til þess, að nýja vísitalan er viðurkennd, að verðlagsuppbót verður greidd á laun 1. des. n. k. og að yfirvofandi verkföllum hefur verið bægt frá. Í ræðu sinni í gærkvöld taldi forseti Alþýðusambandsins þetta fullan sigur. En Tíminn segir, að verkalýðshreyfingin hafi hopað á hæl fyrir ríkisstj. Vita allir, hvað undir þeim ummælum býr.

Alþýðusamband Íslands hefur nú fengið sterka aðild að verðlagsnefndinni, en n. þessi er mjög valdamikil, og hafa ákvarðanir hennar mikil áhrif á þróun verðlagsmálanna. N. þessi ætti að taka upp þá nýbreytni að gera almenningi grein fyrir niðurstöðum sínum og skýra frá því, á hvaða forsendum verðhækkanir eru leyfðar. Með þessu má eyða tortryggni og misskilningi og skapa n. aðhald. T. d. mætti hugsa sér það fyrirkomulag á þessu, að formaður verðlagsnefndarinnar kæmi við og við fram í útvarpi og sjónvarpi, þar sem hann yrði þaulspurður um þessi mál.

Í dag verðum við að horfast í augu við staðreyndirnar. Það dugir ekki að tala til þjóðarinnar með lokuð augu, eins og stjórnarandstæðingar hafa gert að undanförnu. Við viljum öll tryggja velfarnað þjóðarinnar, en það verður ekki gert nema leggja raunsætt mat á hlutina. Sú þjóð, sem trúir á hagsæld án fórna, er á villigötum. Ég trúi því, að íslenzka þjóðin hafi til að bera ærði og giftu til að marka sér rétta braut.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Ræða menntmrh. hér í gærkvöld einkenndist af fúkyrðavaðli um Framsfl. Við slíkan málflutning get ég ekki verið að elta ólar, enda læt ég mér hann í léttu rúmi liggja. Allt hans skraf um, að Framsfl. hefði átt þátt í verkföllum, spillt fyrir lausn vinnudeilna, eins og t. d. farmannadeilunnar nú síðast, er hreinn tilbúningur. Ráðh. virtist mæltur stjórn á viðtækari grundvelli. Framsfl. taldi hann þó ósamstarfshæfan, vegna þess að hann stæði vörð um einhverja hagsmunaklíku. Ég spyr nú bara: Hver er sú hagsmunaklíka? Vill ráðh. ekki tala skýrt? Ef þessum annars ágæta manni finnst hann hafa efni á að kenna öðrum lýðræðislegar leikreglur og stjórnmálaleg siðaboð, þá hann um það. Ýmsir hefðu nú álitið, að hann væri ekki aflögufær í því efni.

Það er annars furðuleg kenning, að það sé andstætt lýðræðislegum leikreglum, að flutt sé vantraust á ríkisstj., þó að hún hafi á sínum tíma hlotið meiri hluta í kosningum. Þess eru svo fjölmörg fordæmi, bæði hérlendis og erlendis.

Málflutningur okkar orðsnjalla forsrh. í gærkvöld var í daufara lagi. Þegar upplestri úr eigin verkum sleppti, var aðalboðskapur ræðunnar þessi: Það er ekki hægt að fylgja neinni ákveðinni, fastmótaðri stefnu í efnahagsmálum á Íslandi, heldur verður sífellt að sikksakka til og frá, leita úrræða eftir atvikum á hverri tíð. Á slíkri siglingu veitir sannarlega ekki af því að hafa stýrimann hið næsta sér. En kompás stýrimannsins er sennilega eitthvað í ólagi, því að oft hefur legið við strandi á stjórnarskútunni, og enn er klettótt strönd fyrir stafni.

Enn einu sinni hefur verið gerð gengislækkun. Sú stórfellda gengislækkun er að langmestu leyti afleiðing fjármálalegrar óstjórnar, ávöxtur rangrar stjórnarstefnu. Hún á ekki nema að litlu leyti rætur að rekja til lækkunar sterlingspundsins, heldur stafar hún að stærstum hluta af öngþveiti í efnahagsmálum og erfiðleikum íslenzkra atvinnuvega. Það er svo augljóst mál, að um það ætti ekki að þurfa að deila. Það er ekki um það deilt, að illa hafi verið komið fyrir íslenzkum atvinnuvegum. Það er ekki heldur um það deilt, að óhjákvæmilegt hafi verið, eins og á stóð, að gera einhverjar ráðstafanir til bjargar. En af hverju voru atvinnuvegirnir í svo stórfelldum vandræðum svo skömmu eftir að einu samfelldasta góðæristímabili í sögu íslenzkrar þjóðar lauk? Af hverju var þeim ókleift að standast verðfall á íslenzkum útflutningsafurðum, sem að vísu er verulegt miðað við toppverð, en þó ekki meira en svo, að nærri lætur, að verðlagið nú svari til meðaltalsverðlags síðustu 5 ára? Hefðu þeir ekki átt að standast það áfall, ef stjórnin hefði staðið við það stefnu-

skrárheit sitt, sem hún hafði efst á blaði fyrir 8 árum, að koma atvinnuvegum landsins á traustan og heilbrigðan grundvöll? Jú, það held ég. Hefðu þeir ekki getað mætt því áfalli, ef allt hefði verið með felldu um fjármálastjórn þjóðarinnar á undanförnum árum og greitt hefði verið fyrir atvinnuvegunum með eðlilegum hætti og um það fyrst og fremst hugsað, að koma þeim til nokkurs þroska? Jú, það held ég. Hefðu þeir ekki getað boðið þessu verðfalli byrginn, ef ríkisstj. hefði tekizt að hafa hemil á verðbólgunni, eins og hún lofaði fyrir 8 árum? Jú, það held ég. En gallinn er bara sá, að ríkisstj. hefur ekki tekizt það á umliðnum 8 árum að koma atvinnuvegunum á traustan og heilbrigðan grundvöll, og áttu þó skilyrði til þess að vera svo ákjósanleg sem hugsazt gat. Metafli ár eftir ár, óvenjulega hagstætt verðlag. Það fór svo þrátt fyrir fögur fyrirheit, að grípa varð til styrkjakerfis og útflutningsuppbóta í öllu góðærinu, en það hafði þó áður verið fordæmt sem eitur í efnahagskerfinu.

Á árinu 1966 skiluðu tvær stjórnskipaðar nefndir, sem stjórnarmenn áttu meiri hl. í, ýtarlegum álitum um afkomu vélbátaútgerðar og togaraflota. Báðar þessar n. komust að þeirri niðurstöðu, að afkoma þessara atvinnugreina væri hörmuleg og þær þyrftu á stóraukinni aðstoð eða fyrirgreiðslu í einni eða annarri mynd að halda. Vandi atvinnuveganna er því ekki nýtilkominn og hann kom ekki fyrst til sögu með verðfalli útflutningsafurðanna á þessu ári og síðari hluta síðasta árs. Hitt gefur auga leið og því neitar enginn, að vandi þeirra hefur auðvitað stóraukizt við verðfallið.

Þetta, sem sagt var um útflutningsatvinnuvegina, verða stjórnarsinnar að viðurkenna. En þeir segja, að vandi þeirra stafi af því, að þeim hafi ekki verið leyft að safna sjóðum á góðu árunum. Allt, sem inn kom, hafi farið út til fólksins og komið því til góða. Því verði nú að sækja til þess aftur með beinum eða óbeinum hætti eitthvað af því fé, sem í þess hlut kom. En ég segi: Bakreikningar eru verstu reikningar, og ég spyr: Hver átti að hafa forustu um það, að atvinnuvegirnir fengju að byggja sig upp, fengju að safna sjóðum á góðu árunum, hver annar en ríkisstj.? Það má vera, að atvinnuvegirnir hafi í sumum tilfellum greitt kaupgjald umfram getu. En með því er ekki nema hálfsögð sagan. Hvers vegna þurfti fólk á hækkandi kaupi að halda til þess að það gæti lifað? Vegna vaxandi dýrtíðar. Og hver ætlaði að hafa hemil á dýrtíðinni? Ríkisstj. En léleg afkoma atvinnuveganna á vissulega ekki rætur að rekja til kaupgreiðslna nema þá að litlu leyti, heldur til viðhorfs hins opinbera gagnvart þeim, til rangrar stjórnarstefnu. Það var þáttur viðreisnarstefnunnar að íþyngja atvinnuvegunum með óhóflegum vöxtum, takmarka lán til þeirra og leggja á þá síhækkandi opinber gjöld, þ. á m. há útflutningsgjöld, sem að vísu var aftur skilað að nokkru leyti. Það var sem sagt af opinberri hálfu reynt að plokka af þeim það, sem hægt var, en skilningur á nauðsyn þeirra til uppbyggingar og hagræðingar var vægast sagt af skornum skammti.

Frumrót alls vanda atvinnuveganna var þó og er verðbólgan. En gegn henni reyndist stjórnin vanmegnug, þrátt fyrir hátíðlegar yfirlýsingar. Þó hafði hún lýst því yfir, að ef ekki tækist að stöðva verðbólguna, væri allt unnið fyrir gýg. Stjórnin hamlaði ekki gegn verðbólgunni, heldur þvert á móti ýtti undir hana með ýmsum aðgerðum sínum, og er sú saga alkunn og hefur margoft verið rakin. Margir vonuðu, að hin svokallaða verðstöðvun í fyrravetur væri viðleitni í rétta átt. En nú er komið á daginn, sem við stjórnarandstæðingar reyndar sögðum fyrir, að hún var að verulegu leyti blekking og til þess eins gerð að efla verðbólguvöxtinn fram yfir kosningar. En það var gert með niðurgreiðslum úr ríkissjóði, sem hætt var svo við, þegar kosningar voru lukkulega afstaðnar og tilgangi sjónarspilsins náð. Og nú verður fólkið að gera svo vel að borga verðstöðvunarvíxilinn. Auðvitað hefur verðfall útflutningsafurða og léleg vetrarvertíð á þessu ári aukið mjög á vanda atvinnuveganna. En það, sem ég legg höfuðáherzlu á, er það, að ef skynsamlega hefði verið á málum haldið á undanförnum árum og atvinnuvegirnir þá ekki mergsognir, heldur leyft í góðærunum að búa sig undir lakari ár, hefðu þessi áföll ekki skapað nein óyfirstíganleg vandamál. Á það verður einnig að minna, að verðfallið lá fyrir í júnímánuði s. l. Þá var einnig kunnugt um lélega vetrarvertíð. Þá lá vandinn fyrir. Stjórnleysi í fjárfestingarmálum og innflutningi á svo auðvitað sinn þátt í sjúklegu efnahagslífi. Það hefur kannske ekki farið há gjaldeyrisupphæð í innflutning tertubotna, en þeir eru táknrænir fyrir sukkið á þessu sviði.

Svo má ekki gleyma ráðsmennskunni á ríkissjóðnum, þar sem sparnaður virðist bannorð, nema þá helzt á verklegum framkvæmdum. Þar hefur svo sannarlega verið gengið á undan öðrum í eyðslunni og útþenslupólitíkinni.

Það eru þessar orsakir vandans, sem hér hefur lítillega verið drepið á, sem menn verða að hafa í huga, þegar þeir standa andspænis nýjustu gengisfellingu ríkisstj. og reyna að gera sér grein fyrir því, hvort hún muni koma að gagni við lausn þess vanda, sem við er að glíma. Ég vil taka það skýrt fram, að ég álít, að úr því sem komið var og eftir þá ráðsmennsku, sem ég hef hér lítillega lýst, hafi enginn kostur verið góður fyrir hendi. Það varð að gera einhverjar ráðstafanir, og fyrir þeim hlutu einhverjir að finna, og meðal annars hlaut sjálfsagt gengislækkun að koma til skoðunar í því sambandi. Því verður ekki neitað, að það var búið að grafa undan gjaldmiðlinum. En gengisfelling er í sjálfu sér ekkert töframeðal. Hún er að mínum dómi aldrei neitt fagnaðarefni, þó að sumir stjórnarsinnar virðist líta svo á, sbr. leiðarann í Vísi s. l. laugardag með hinni glaðhlakkalegu fyrirsögn

„Birtir upp". Þar er gengisfellingunni fagnað með *hástemmdum hætti*. Þar segir m. a.:

„Þessi mikla lækkun leysir í einu vetfangi flest meginvandamál sjávarútvegsins og fiskiðnaðarins". Og síðar segir: „En gengislækkunin mun hafa örvandi áhrif á fleiri atvinnugreinar en útflutningsframleiðsluna. Aðstaða iðnaðarins mun styrkjast verulega. Yfirleitt má búast við, að svipuð þróun verði og jafnan eftir gengisfellingar, að hjól atvinnulífsins taki að snúast með auknum hraða. Samhliða því aukast að sjálfsögðu atvinnumöguleikar, og yfirvinna eykst."

Margt er þar fleira sagt í svipuðum dúr. Fögnuðurinn leynir sér ekki. Þarna er ekki verið að minnast á erlendar skuldir atvinnufyrirtækja, ekki á innkaup á rekstrarvörum þeirra, ekki á öll stuttu vörukaupalánin, sem talið er, að nú muni nema um 700 millj. kr., en af þeirri verzlunaróreiðu er nú almenningi ætlað að taka á sig hallann. Ég lít öðrum augum á gengislækkun. Ég tel hana algert neyðarúrræði, neyðarúrræði, sem stundum getur að vísu verið óhjákvæmilegt. Hún getur haft jákvæð áhrif fyrir útflutningsatvinnuvegina, a. m. k. í bili. En henni fylgir óumflýjanleg kjaraskerðing fyrir tilteknar stéttir og starfshópa. Hún byggist beinlínis á eigna- og teknatilfærslu innan þjóðfélagsins.

Í *umr. um gengislækkun á Alþ. 1950* sagði núv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, m. a. þetta:

„Hvað er gengislækkun? Hún er í sjálfu sér ekki annað en flutningur á tekjum á milli atvinnustétta í þjóðfélaginu. Þeir, sem flytja út, fá meiri tekjur, en allar aðrar stéttir minni. Gengislækkun eykur því tekjur útflytjenda á kostnað annarra atvinnuvega."

Ég álít þessa skilgreiningu Gylfa Þ. Gíslasonar rétta, svo langt sem hún nær. En ég vil bæta því við, að gengislækkun bitnar að mínum dómi alveg sérstaklega á launafólki, sparifjáreigendum, rýrir hlut gamalmenna og leggur stein í götu ungs fólks. En eitt er alveg óumdeilanlegt. Stórfelld gengislækkun hefur þegar í stað í för með sér hækkun á verði innfluttra vara. Þær hækkanir eru þegar byrjaðar. Þær hækkanir hljóta að magna dýrtíðina. En um áhrif gengislækkunar, þ. e. hvort hún verður að nokkru verulegu gagni fyrir atvinnuvegina og hversu þungbærar byrðar hún leggur á aðra, skiptir það annars öllu máli, hvernig að henni er staðið, hverjar hliðarráðstafanir eru gerðar og hvernig framkvæmd hennar að öðru leyti fer úr hendi. Vegna fenginnar reynslu af ríkisstj. og stefnu hennar treysti ég henni ekki til að halda þannig á málum í sambandi við þessa gengislækkun, að af henni verði nokkur varanlegur, jákvæður árangur. Ég treysti henni ekki heldur til að gera nauðsynlegar hliðarráðstafanir til þess að hamla gegn kjaraskerðingaráhrifum gengisfellingarinnar. Ég held því á móti, að í höndum hennar geti gengislækkunin innan skamms haft skaðsamlegar verkanir, komið af stað nýrri og geigvænlegri verðbólguöldu en áður. Það spáir ekki góðu, að þessi stórfellda gengislækkun skuli ákveðin, án þess að henni fylgi nokkrar hliðarráðstafanir og án þess að menn hafi gert sér grein fyrir, hverjar þær þurfa að vera, en það er viðurkennt í grg. Seðlabankans, að ekki hafi reynzt kleift að kanna til fulls, hverra aðgerða væri þörf í þessu efni, þ. e. hverjar hliðarráðstafanir þurfi að gera. Samt er ákvörðun tekin um svona stórfellda gengislækkun. Það kalla ég ábyrgðarleysi.

Það má segja, að eina raunverulega hliðarráðstöfunin, sem séð hefur dagsins ljós til þessa, sé ákvörðunin að fella það úr l., að verðlagsuppbót samkv. vísitölu skuli greidd á laun. Það er furðuleg ráðstöfun miðað við það, sem á undan er gengið. Má um hana margt segja. En eitt er ljóst, að hún býður upp á átök milli stéttarsamtaka og stofnar vinnufriði í hættu, býður upp á stærri stökk og stærri sveiflur í kaupgjaldsmálum en áður. Eðvarð Sigurðsson alþm., formaður Dagsbrúnar, hefur sagt um þetta mál: „Frv. óbreytt boðar nýjan ófrið á vinnumarkaðinum." — Hann hefur sagt: „Aflýsing verkfallanna 1. des. þýðir einungis frestun átaka, ef stjórnarflokkarnir samþykkja frv. sitt um afnám lagaákvæða um vísitölugreiðslur á kaup." Nú hefur frv. verið lögfest. Eðvarð Sigurðsson er gagnorður maður. Það má áreiðanlega taka mark á orðum hans.

Stjórnin segist að vísu ætla að gera einhverjar hliðarráðstafanir, en um þær er allt á huldu. Það liggur t. d. ekkert fyrir um það, hvort eða hversu mikið eigi að lækka tolla. En auðvitað hefur gengislækkunin í för með sér raunverulega tollahækkun. Ekkert liggur fyrir um það, hvort rétta eigi eitthvað hlut sparifjáreigenda. Ekkert hefur verið sagt um aukna aðstoð við námsmenn erlendis.

Þá lofar það ekki heldur góðu, hvernig til þessarar gengislækkunar er stofnað. Til skamms tíma, já, allt þangað til pundið var lækkað fyrir rúmri viku, kepptist ríkisstj. og ráðamenn hennar við að lýsa því yfir, að gengisfelling hér kæmi ekki til greina. Öll viðleitni ríkisstj. beindist þá að því að afla ríkissjóði aukinna tekna. Um vandamál atvinnuveganna vildi hún ekki ræða, stóð ráðþrota gagnvart þeim vanda, taldi ekki kannað, hver þörf þeirra væri. Það yrði síðar að taka til rækilegrar rannsóknar, en svo þegar pundið var fellt, er allt í einu á 3—4 dögum hægt að gera sér fulla grein fyrir þörf atvinnuveganna. Þá er í skyndi og án þess að *málið allt hafi verið gaumgæfilega* rannsakað hægt að ákveða gengislækkun, ekki gengislækkun til samræmis við lækkun pundsins, heldur stórfellda gengislækkun með tilliti til íslenzkra atvinnuvega. Þetta eru ekki traustvekjandi vinnubrögð.

Í Alþýðublaðsleiðaranum á sunnudaginn er að vísu gefin spánný skýring á fyrri yfirlýsingum ráðh. varðandi gengislækkun. Þar segir, að það sé óneitanleg staðreynd, að ráðh. hafi undanfarna mánuði afneitað gengislækkun og hvað eftir annað sagt opinberlega, að til henn-

ar væri ekki ætlunin að grípa. Síðan segir blaðið orðrétt:

„Af hverju gáfu Bjarni Benediktsson og Gylfi Þ. Gíslason slíkar yfirlýsingar, þótt þeir hafi án efa skilið betur en flestir aðrir, að gengi krónunnar kynni að falla innan fárra mánaða? Svarið er augljóst. Þeim bar sem ráðh. skylda til þess. Ráðh. verða að halda uppi trausti gjaldmiðils, enda þótt það kosti yfirlýsingar, sem þeir vita sjálfir að kunna að reynast rangar eftir skamma stund."

Svo mörg eru þau orð. Alþýðublaðsritstjórinn ber það m. ö. o. blákalt fram, að nafngreindir ráðh. hafi visvitandi sagt þjóðinni ósatt. Og hann reynir meira að segja að réttlæta þann verknað, að stjórnmálamenn ljúgi að þjóðinni. Hvernig lízt mönnum á svona móral? Hann er sem betur fer fágætur enn þá. Það eru kannske svona nýmóðins siðareglur, sem Framsfl. skortir skilnig á að dómi Gylfa Þ. Gíslasonar.

Vera má, að annað eigi að lesa á milli línanna í leiðara þessum en orðin tjá. Vera má, að þar eigi að lesa botnlausa fyrirlitningu ritstjórans á því framferði ráðh., sem hann er að lýsa. Ekki veit ég það. En hvorir segja satt, ritstjóri eða ráðh.? Um það spyr steini lostinn almenningur. En við nefnda ráðh. má sannarlega segja: Gjafir eru yður gefnar. En sjálfsagt ættu þessir nafngreindu ráðh. að fylgja nýgefnu fordæmi Callaghans, fjmrh. Bretlands.

Kjarni þessa máls, sem hér er um að ræða, er sá, og það er höfuðástæðan frá minni hendi fyrir þessari vantrauststill., að ekkert liggur fyrir um það, að stjórnin ætli að skipta um stefnu. En þessi ríkisstj. hefur tvisvar áður fellt gengi krónunnar. Hvernig hafa þær gengisfellingar reynzt? Því hefur reynslan svarað. Þær hafa runnið út í sandinn, og þær hafa vissulega skapað fleiri og stærri vandamál en þær hafa leyst. Þær hafa ekki leitt til þess, að atvinnuvegirnir kæmust á traustan og heilbrigðan grundvöll. Verðbólgan hefur ekki verið stöðvuð, heldur hefur hún magnazt við hverja gengisfellingu. Gengislækkanirnar hafa reynzt henni sannkallaður fjörgjafi. Það eru að mínum dómi engar líkur til þess, að reynslan verði önnur af þessari gengisfellingu að óbreyttri stjórnarstefnu. Hún mun reynast atvinnuvegunum skammgóður vermir, líkt og fyrri gengislækkanir. Dýrtíðarhjólið mun halda áfram að snúast og hraði þess aukast. Hún er í raun og veru dæmd til að mislukkast, ef áfram á að halda óbreyttri verðbólgustefnu og ekki hvika frá ringulreiðinni í fjárfestingunni og sukkinu í innflutningsmálunum. Hún mun skapa stórfellt ranglæti, ef ekkert verður gert til að skipta byrðum af henni réttlátlega niður. Það ranglæti verður rót nýrra meinsemda. Að óbreyttri stjórnarstefnu getum við vissulega átt von á fjórðu gengisfellingunni af hendi þessarar ríkisstj. Að óbreyttri stjórnarstefnu verður haldið áfram lengra út í fenið. Misheppnuð gengisbreyting býður nýjum hættum heim, skapar ný vandamál. Það liggur t. d. í augum uppi, að síendurteknar gengisfellingar hljóta að grafa undan trausti á peningum og sparifjársöfnun. Fyrir því hefði bankastjórinn og alþm. Pétur Benediktsson átt að gera grein hér áðan. Það hefði verið ólíkt gagnlegra en allur kveðskapurinn, þó að kveðskapur geti verið góður á réttum stað og réttum tíma. Ég held, að gengislækkun, án þess að henni sé fyrir fram tryggður nokkur grundvöllur, sé í raun og veru hættulegt heljarstökk. Ég held, að gengislækkun verði til lítillar bjargar, a. m. k. til frambúðar, nema almennur skilningur sé á nauðsyn hennar og sú stjórn, sem að henni stendur, hafi víðtækt traust. Ég held, að þessar forsendur skorti nú, a. m. k. þær síðari.

Meiri hl. stjórnarflokkanna í kosningunum í vor var naumur. Þá var boðskapur stjórnarinnar sá, að allt væri í lagi. Yfir tímabundna erfiðleika af völdum aflabrests og verðfalls væri auðvelt að komast áfallalaust vegna verðstöðvunar og gjaldeyrisvarasjóðs. En allt það skraf hefur reynzt blekking, eins og við stjórnarandstæðingar sögðum fyrir, og þá voru aðvaranir okkar kallaðar hrakspár. Dettur nokkrum í hug, að stjórnin hefði haldið velli, ef hún hefði sagt þjóðinni sannleikann, að svo væri komið eftir allt góðærið, að ekki yrði komizt hjá nokkurri kjaraskerðingu á næstunni og hún mundi neyðast til þess að fella gengi krónunnar? Nei, gengi stjórnarinnar hefur áreiðanlega fallið frá því í kosningunum í vor. Og hvernig á almenningur að skilja nauðsyn þessarar ráðstöfunar, þegar ráðh. hafa keppzt við að lýsa því yfir þangað til fyrir rúmri viku, að gengisfelling kæmi alls ekki til greina? Fram hjá því verður ekki með neinu móti komizt, að sú stórfellda gengislækkun, sem hér hefur verið gerð, er í æpandi ósamræmi við allan málflutning stjórnarflokkanna í síðustu kosningum og yfirlýsingar ráðh. að undanförnu. Þess vegna eru engar líkur til, að stjórnin hafi meiri hl. þjóðarinnar á bak við sig í dag. Þess vegna ætti hún að segja af sér og leita þegar í stað eftir nýju umboði frá kjósendum.

En það eru sjálfsagt litlar líkur til þess, að stjórnin geri það. Hún mun reyna að sitja. Stólarnir sýnast vera henni eitt og allt. Og hver veit nema við eigum eftir að lesa það í einhverjum stjórnarblaðsleiðara á næstunni, að það sé skylda ráðh. að segja þjóðinni ósatt, ef á þarf að halda til þess að tryggja áframhaldandi setu sína í ráðherrastólum?

Því verður ekki neitað, að stjórnin hefur meiri hl. hér á Alþ. Þann meiri hl. notar hún sjálfsagt til þess að fella þessa vantrauststill. Og hún mun ekki hafa þrek né þor til þess að leita nú eftir trausti þjóðarinnar. En ég held, að það allra minnsta, sem núv. stjórn gæti gert, væri að koma að hljóðnemanum og játa mistök sín, mistök, sem engum geta dulizt, og biðja þjóðina auðmjúklega afsökunar á ráðsmennsku sinni fyrr og síðar. — Góða nótt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég er hræddur um, að það geti orðið nokkurt álitamál, hver helzt eigi að biðja afsökunar á málflutningi sínum, bæði hér í þessum umr. og undanfarna daga. Það var næsta broslegt að heyra hv. þm. Ólaf Jóhannesson hneykslast yfir því, að ríkisstj. hefði ekki á síðustu árum haft forgöngu um að leggja til hliðar hluta hins háa verðs sjávarafurða til að mæta vandanum nú. Vissulega hefði þetta verið æskilegt, en hv. þm. má ekki gleyma því, að flokkur hans hefur allra flokka harðast stutt alla kröfugerð á hendur útgerðinni undanfarin ár. Hvað ætli Tíminn hefði kallað það, ef ríkisstj. hefði tekið þetta fé úr umferð? Við getum gert okkur í hugarlund þau viðbrögð, þegar við skoðum afstöðu Framsóknar til gjaldeyrisvarasjóðsins.

Þá reyndi hv. þm. að rangfæra ummæli Alþýðublaðsins um yfirlýsingar tveggja ráðh. um gengislækkun og talaði í því sambandi um slæmt siðferði, sem Framsfl. væri óskiljanlegt. Í Alþýðublaðinu var sagt, að ráðh. hafi vitað, að gengislækkun kynni að verða. Er það sama og að segja, að þeir hafi vitað, að hún stæði nú fyrir dyrum?

Í fjárlagaræðu minni í haust benti ég á, að við Íslendingar gengjum nú undir örlagaríka prófraun, sem ekki ætti að vera okkur ofætlun að standast, en mundi þó reyna á það, hvort góðæri og velmegun hefði slævt manndóm okkar og getu til að standast erfiðleika. Þegar ég mælti þessi orð, var að vísu gert ráð fyrir, að síldveiði brygðist ekki og vandinn því minni en hann reynist í dag. En það rýrir ekki mikilvægi þessa prófs sem forsendur velsældar okkar eða ógæfu á komandi árum. Fyrsta skilyrðið til þess að falla ekki á prófi er að skilja spurningarnar, sem fram eru bornar, og síðan að sjálfsögðu að geta svarað þeim rétt. Ef við ekki leggjum okkur fram um að skilja eðli þess vanda, sem nú er við að fást, tökum hann ekki réttum tökum frá byrjun, erum við að safna í fjórðu gengislækkunina, eins og formaður Framsfl. sagði í gærkvöld, og því miður leiddi málflutningur hans í ljós, að þeir framsóknarmenn ætla ekki að verða smátækir í framlögum í þá söfnun. Þótt gengislækkun sé óhjákvæmileg eins og á stendur, er það einmitt prófraun okkar nú, að bregðast með þeim hætti við gengisbreytingunni og tileinka okkur þau viðhorf í efnahagsmálum, að til frekari gengisfellingar íslenzku krónunnar þurfi ekki að koma. Þetta getum við vissulega gert, ef við kunnum að draga réttan lærdóm af reynslu okkar síðustu áratugi. Í því efni hvílir sú skylda vitanlega á ríkisstj. að hafa ákveðna og trausta forustu, en reynslan hlýtur að hafa fært okkur heim sanninn um það, að í okkar litla þjóðfélagi, sem er margfalt viðkvæmara fyrir hverri truflun á efnahagsstarfseminni en hin stærri þjóðfélög, er heilbrigð efnahagsþróun vonlaus nema einnig komi til skilningur og jákvæð viðhorf allra helztu hagsmunahópa og þjóðfélagsstétta. Niðurrifsstarfsemi og viðleitni til þess að skapa efnahagslega upplausn má ekki vera aðalvopn stjórnarandstöðu gegn ríkisstj., heldur verður barátta stjórnarandstöðu að beinast að því að veita ríkisstj. aðhald og leita eftir trausti þjóðarinnar með jákvæðri stefnumörkun.

Á síðustu árum hafa mikilvæg spor verið stigin í þá átt að veita hlutlæga fræðslu um eðli efnahagsmála. Er þar mikilvægast starf Efnahagsstofnunarinnar, sem með aðstoð annarra stofnana, svo sem Hagstofu og hagdeildar Seðlabankans, hefur lagt grundvöll að upplýsingakerfi um hag atvinnuveganna og þróun þeirra, er óhugsandi hefði verið fyrir fáum árum. Með stofnun kjararannsóknarnefndar hefur verið komið á mikilvægu samstarfi milli launþega og vinnuveitenda, og loks hefur með stofnun hagráðs verið fundinn vettvangur fyrir skoðanaskipti ríkisvalds, stjórnmálaflokka og stéttarsamtaka á grundvelli skýrslugerðar Efnahagsstofnunarinnar. Með þessari nýju starfsemi að upplýsingasöfnun um hag atvinnuveganna, sem ríkisstj. hefur lagt sig fram um að efla og styrkja, hefur verið lagður grundvöllur að því, að stéttarsamtök geti aflað sér nauðsynlegrar þekkingar á eðli efnahagsmálanna, og stöndum við því einmitt nú mun betur að vígi en áður að mæta viðfangsefnunum á réttan hátt. Það er að vísu eðli efnahagsmála, að leiðirnar til úrlausnar þeim eru mismunandi eftir því markmiði, sem þeim er ætlað að ná. En það er ekki lengur auðið að bera á borð margvíslegar fullyrðingar um ástand og þróun efnahagsmála, sem stundum hefur verið uppistaða í deilum um þessi vandamál.

Núverandi stjórnarflokkar hafa samfellt farið með stjórn landsins í 8 ár, sem er lengsta stjórnartímabil frá stofnun innlendrar stjórnar, og hafa þeir hlotið traust meiri hluta þjóðarinnar í þrennum kosningum. Það er því út af fyrir sig ekkert að undrast, þótt stjórnarandstæðingar geri nú enn eina tilraun til þess að koma stjórninni frá, ekki sízt framsóknarmenn, sem alltaf hafa kunnað illa við sig utan valdastóla. Það er heldur engin nýjung að heyra úr þeirri átt, að ríkisstj. hafi mistekizt allt og hún hafi raunar lagt sig fram um það, annað hvort af fákunnáttu eða þá mannvonzku, að valda vandræðum í þjóðfélaginu. Sérstaklega á ríkisstj. að vera umhugað um að valda atvinnuvegunum erfiðleikum og níðast á verkalýð og bændum, og auk þess eiga sérfræðingar hennar annað hvort að vera jafnillgjarnir og ríkisstj. eða þá svo fákunnandi um eðli vandamálanna, að allt gangi á tréfótum. Kaupgjaldið á ekki að skipta neinu máli fyrir hag atvinnuveganna, hvað þá heldur stórfelldasti tekjusamdráttur þeirra um áratugi, heldur er eini ógæfuvaldurinn verðbólga, sem ríkisstj. ein á að eiga sök á. Það er sannarlega ekki að undra, þótt umhyggjusamir föðurlandsvinir vilji koma slíkum óhappamönnum frá völdum. Þessum dómum stjórnarandstæðinga er þarflaust að svara. Öll þjóðin veit, hvað hefur gerzt síðustu 8 árin. Jafnvel forustumenn stjórnarandstöðunnar viðurkenna, að þetta hafi verið mesta framfaraskeið í sögu

þjóðarinnar og lífskjörin aldrei verið betri og jafnari. Undraverð afrek hafa verið unnin á þessum árum í alhliða uppbyggingu í þjóðfélaginu. Auðvitað verða mörg mistök, þegar slíkur framkvæmdahraði og velmegunaralda gengur yfir, og ekki alltaf auðvelt að fá menn til að þræða hinn gullna meðalveg. En það eru vægast sagt einsýnir menn, sem ekkert sjá nema gallana á þessari stórfelldu uppbyggingu. Þótt margri krónunni hafi verið eytt í fánýti, hefur á tímabili fyrstu fjögurra ára framkvæmdaáætlunarinnar 24 þús. millj. á verðlagi ársins 1966 verið varið til margvíslegrar fjármunamyndunar, fyrst og fremst í undirstöðuatvinnuvegunum. Tekizt hefur að tryggja síðustu árin samfelldari vinnufrið en áður og fá stéttarsamtök til ábyrgs samstarfs við ríkisvaldið, sem fært hefur launþegum mun meiri kjarabætur en hin gamla verkfallastefna. Framhald þeirrar samvinnu er ein veigamesta forsenda þess, að farsællega takist að leysa þann vanda, sem nú er við að glíma.

Því miður hafa ýmsir áhrifamiklir leiðtogar stjórnarandstöðunnar lagt sig fram um að spilla þessu samstarfi og óspart storkað forustumönnum launþega og bænda til að láta óbilgirnina ráða. Það er rétt, að ríkisstj. hefur ekki tekizt að hafa nægilegan hemil á verðbólgu. En það er rangt, að hún hafi síðustu árin vaxið hraðar en áður. Það er einnig rangt, að stjórnarstefnan hafi stuðlað að verðbólgu. Þvert á móti hefur meginstefnan í fjármálum og peningamálum, binding sparifjár, vextir og myndun gjaldeyrisvarasjóðs, stuðlað að jafnvægi og til að draga úr ofþenslu. Þessar hagstjórnaraðferðir eru notaðar í öllum þróuðum löndum til að vinna gegn verðbólgu, en fyrir fátt hefur ríkisstj. verið meira skömmuð af andstæðingum sínum. En það er á þessu sviði sem öðrum, að eitt rekur sig á annars horn hjá þeim herrum. Ýmist hefur ríkisstj. verið ásökuð fyrir óhefta fjárfestingu eða fyrir að veita ekki miklu meira lánsfé til fjárfestingar, eftir því sem hentara er að halda fram í það og það skiptið. Og í ræðu sinni í gærkvöld lét formaður Framsfl. sig hafa það að bera báðar þessar ásakanir fram samtímis. Kaupgjald á ekki að hafa minnstu áhrif til verðbólgumyndunar eða valda atvinnuvegunum erfiðleikum, en þó lét vinstri stjórnin það vera sitt fyrsta verk að taka af launþegum 6 vísitölustig og hrökklaðist frá völdum, af því að verkalýðssamtökin féllust ekki á að gefa eftir 17 vísitölustig til viðbótar. Hækkun á útgjöldum ríkissjóðs er fordæmd af stjórnarandstæðingum, en samtímis flytja þeir nýjar útgjaldatill., sem á undanförnum 8 árum nema samtals ekki hundruðum millj. heldur milljörðum. Talað er um sukk hjá ríkissjóði þó án þess að vísu að benda á nokkra leið til sparnaðar. En það er þó fyrst í tíð þessarar stjórnar, að tekin hafa verið upp skipulögð vinnubrögð til þess að koma á meiri hagkvæmni í ríkisrekstrinum og betri hagnýtingu framkvæmdafjár. Ein höfuðsök ríkisstj. á að vera sú að hafa ekki skipulagt betur framkvæmdir í landinu. Og það á að vera helzta úrræði hinnar leiðarinnar að ræða framkvæmdum. Það er þó fyrst í tíð núverandi stjórnar, að tekið er að gera framkvæmdaáætlanir og lánsfé til framkvæmda fyrst og fremst beint að lánasjóðum atvinnuveganna í samvinnu við bankana. Þannig má lengi telja mótsagnakenndar fullyrðingar stjórnarandstæðinga.

Það er stjórnarflokkunum sannarlega ekkert gleðiefni að hafa þurft að standa að þremur gengislækkunum á 8 árum, og okkur er fullkomlega ljós nauðsyn þess, að svo má ekki áfram ganga. Það er auðvitað alrangt, að stjórnarstefnan hafi valdið þessum gengislækkunum. Gengislækkunin 1960 var óhjákvæmilegt uppgjör á þrotabúi vinstri stjórnarinnar. Gengisbreytingin 1961 var afleiðing af ótímabærri kröfugerð á hendur atvinnuvegunum. Gengisbreytingin nú er aftur á móti af öðrum toga spunnin. Hún er afleiðing hins mikla samdráttar í tekjum útflutningsframleiðslunnar, sem gerir óumflýjanlega verulega tilfærslu fjármagns til atvinnuveganna, ef framleiðslan á að geta gengið með eðlilegum hætti. Hefði sjávarútvegurinn ekki orðið fyrir þessu mikla áfalli, hefði ekki þurft að grípa til svo róttækra aðgerða.

Það er eftirtektarvert við þessar umr., að ekki örlar á réttum skilningi framsóknarmanna á neinu veigamiklu atriði þeirra vandamála, sem við er að glíma. Að því leyti, sem auðið er að átta sig á skoðunum þeirra, sýnast þeir staðnaðir í kenningum, sem engu þróuðu þjóðfélagi dettur í hug að fylgja nú á dögum. Meira að segja hv. þm. Magnús Kjartansson, sem annars er ekki sérstakur unnandi okkar lýðræðisskipulags, sýndi mun meiri skilning á eðli vandamálanna, þótt rynni út í fyrir honum, þegar hann ræddi um erlent fjármagn og aðild að EFTA, og hann teldi ríkisafskipti allra meina bót. Þá viðhafði hann þau mjög svo réttu ummæli um eðli verðbólguvandamáls okkar, að orsökin væri sú, að þótt við byggjum í harðbýlu landi, hefðum við sett okkur það mark að halda í við miklu ríkari þjóðir. Þetta er laukrétt. Við heimtum betri lífskjör en jafnvel háþróaðar iðnaðarþjóðir, og fullyrða má, að engin þjóð, sem býr við jafneinhæft atvinnulíf og við, búi við eins góð lífskjör. Að auki hefur svo síðustu árin hinn mikli munur á greiðslugetu einstakra þátta framleiðslunnar verulega magnað vandann. Stórhækkað verðlag erlendis hefur að verulegu leyti leyst kostnaðarauka einstakra þátta útvegsins, en kauphækkunum í landbúnaði, iðnaði og þjónustugreinum hefur ekki tekizt að mæta með aukinni framleiðni, heldur hefur þeim verið velt yfir í verðlagið. Þess vegna hafa menn ekki viljað una öðru en fá til skipta jafnóðum allan hinn óvenjulega tekjuauka þjóðarbúsins síðustu árin. Þess vegna neyðast menn einnig til þess að bíta nú í það súra epli að mæta með almennri kjaraskerðingu áföllum atvinnuveganna nú, þar eð þeir hafa enga varasjóði upp á að hlaupa.

Eftirtektarverðust var þó sú játning hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar í gærkvöld, að orsök þess, að stjórnarandstæðingum yrði ekki meira ágengt, væri sú, að þá skorti skilning á brýnustu viðfangsefnum. Þessar umr. hafa glöggt leitt í ljós, að þessi hreinskilnislega yfirlýsing á enn við, því að þótt ætlazt sé til, að Alþ. víki núv. ríkisstj. frá völdum, hafa stjórnarandstæðingar ekki gert nokkra tilraun til að gegna þeirri sjálfsögðu skyldu að tilgreina, hvernig þeir ætli að leysa vandann, ef þeim væri fengin forusta. Þeir flokkar, sem vilja koma ríkisstj. frá og telja starf hennar og stefnu leiða til ófarnaðar, hljóta að verða krafðir svars um það, hvernig þeir ætli að tryggja landinu stjórn og hvernig eigi að leysa vandamálin á réttan hátt. Eða eiga menn að trúa því, að á hinum alvarlegustu tímum, þegar við er að fást örlagarík vandamál, sé aðeins verið að sviðsetja skrípaleik í trausti þess, að till. verði felld?

Þótt prófraunin sé töluvert erfið og almenn kjaraskerðing verði ekki umflúin um sinn, er ástæðulaust að kvíða framtíðinni, ef viðfangsefnunum er mætt af þjóðhollustu og skilningi. Umfram allt verða menn að gera sér ljóst, að hér er ekki um sérhagsmuni ríkisstj. að tefla, heldur veigamikla hagsmuni allrar þjóðarinnar, sem krefjast þess, að allir leggi sitt af mörkum til þess að stuðla að happasælli lausn, sem geri þeim fyrst auðið að jafna metin á ný og halda öruggum skrefum fram til nýrra lífskjarabóta.

Ríkisstj. er ljóst, að miklar kröfur hljóta að verða til hennar gerðar um að reyna eftir föngum að dreifa lífskjaraskerðingunni sem réttlátast, svo að hún verði ekki meiri en brýnust þörf krefur. Hv. þm. Hannibal Valdimarsson nefndi í gærkvöld nokkur atriði, er hann taldi brýnt að taka til athugunar í þessu sambandi. Ég hef ekki tíma til að ræða hvert einstakt þeirra atriða, en öll voru þau þess eðlis, að sjálfsagt er að gefa þeim gaum, enda flest þeirra í athugun. Hann vakti einnig athygli á þeim staðreyndum, að ef allir fengju fullar bætur, væri gengislækkun tilgangslaus, og veigamest væri að leggja áherzlu á, að halda dýrtíð í skefjum og tryggja, að gengisbreytingin kæmi atvinnuvegunum að varanlegu gagni. Þetta vill ríkisstj. leggja sig fram um að gera. En ég vek enn athygli á því, að við búum í litlu þjóðfélagi með svo veikt ríkisvald, að stjórn efnahagsmála verður alltaf að verulegu leyti undir viðbrögðum stéttarsamtakanna komin. Því teljum við óraunhæft að banna kauphækkanir, heldur verði að treysta því, að árangur gengisbreytingarinnar verði ekki eyðilagður með ótímabærum kaupkröfum. Þótt verðtrygging launa hafi um sinn verið felld úr lögum, er það ekki til frambúðar, heldur eðlilegt, að verðtrygging verði aftur upp tekin, eftir að áhrif gengisbreytingarinnar eru fram komin.

Þótt verðlagseftirlit sé ekki æskilegt á venjulegum tímum, verður ekki komizt hjá að beita á næsta ári ströngu verðlagseftirliti og leggja kapp á að tryggja það, að engir hagnist óeðlilega á gengisbreytingunni eða hún leiði til spákaupmennsku og brasks. Leggja verður áherzlu á að gæta í hvívetna hagsýni og sparnaðar í ríkisrekstrinum. Síðast en ekki sízt verður að leita allra úrræða til þess að gera rekstur atvinnufyrirtækja sem hagkvæmastan, og á það jafnt við í sjávarútvegi, iðnaði, landbúnaði og verzlun. Við megum ekki búast við, að verðlag útflutningsvara okkar hækki á næstunni í það, sem var á árunum 1965-1966. Og því þarf að leggja megináherzlu á betri nýtingu og hagræðingu í rekstrinum. Ýmis vinnubrögð við uppbyggingu fyrirtækja og fjárráðstafanir þarfnast vissulega einnig endurskoðunar og breytinga. Við verðum að ná þeim samningum við efnahagsbandalögin, að verndartollar þeirra valdi okkur ekki varanlegri kjaraskerðingu. Við verðum að halda áfram að finna fleiri stoðir til að skjóta undir atvinnulíf okkar. Vonandi hafa menn einnig lært nægilega af reynslu síðustu ára til þess að koma á því verðtryggingakerfi fyrir sjávarútveginn, er geti jafnað hinar óheppilegu verðsveiflur og gert þessum atvinnuvegi kleift að taka við tímabundnum aflabresti án þess að samstundis þurfi að grípa til kjaraskerðingar.

Um þessi viðfangsefni öll verðum við nú að sameina krafta okkar. Nú er ekki stund ævintýramennsku eða til að reyna að ná sér niðri á pólitískum andstæðingum með því að efna til úlfúðar og vandræða. Það er hægt að þrátta og karpa og kenna hver öðrum um þetta eða hitt, þegar um hægist. En við verðum að eiga þann þroska að standa saman, þegar þjóðarhagur er í veði. Ef það stuðlaði að lausn vandans, að ríkisstj. færi frá völdum, væri það sjálfsagt. En hver trúir því, að það sé leiðin út úr erfiðleikunum, eftir að hafa hlýtt á þessar umr.? Næstu mánuðir verða erfiðir, en það er ástæðulaust að kvíða framtíðinni, ef rétt er á málum haldið. Væri ekki heppilegt, að við reyndum öll til tilbreytingar að tileinka okkur þann hugsunarhátt, sem Kennedy Bandaríkjaforseti túlkaði í innsetningarræðu sinni, er hann sagði:

„Við eigum ekki að spyrja: Hvað getur þjóðfélagið gert fyrir mig, heldur: hvað get ég gert fyrir land mitt?“

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Fáir í þessu landi munu hafa jafnríka ástæðu til að taka undir, þegar lýst er vantrausti á núv. ríkisstj., og launastéttirnar og verkalýðssamtökin. Það eru ekki aðeins síðustu atburðir, sem þessu valda, heldur flest afskipti ríkisstj. af launamálum, frá því er hún kom til valda fyrir 8 árum. Hún hóf feril sinn með því að stórlækka gengi krónunnar 1960. Samtímis voru með lagaboði numin úr gildi þau ákvæði úr kjarasamningum verkalýðsfélaga við atvinnurekendur, að þeir skyldu greiða verðlagsuppbætur á kaup eftir vísitölu. Launþegum var eftir skilið að taka á sig

bótalaust hinar stórfelldu verðhækkanir gengisfellingarinnar.

Þegar launastéttirnar reyndu að rétta hlut sinn að nokkru sumarið 1961, var umsvifalaust skellt á nýrri gengisfellingu. Fyrir þeirri gengisfellingu voru engin efnahagsleg rök. Hún var pólitísk hefndarráðstöfun gegn verkalýðshreyfingunni og átti að sannfæra launafólk um, að kaupgjaldsbaráttan borgaði sig ekki. Það var þessi gengisfelling, sem Gylfi Þ. Gíslason, hæstv. viðskmrh., sagði um í gærkvöld, að enga umhugsun hefði þurft til að framkvæma. Árin 1962 og 1963 einkenndust af sífelldum átökum á vinnumarkaðinum vegna verðhækkana, sem launþegarnir fengu ekki bættar nema með endurtekinni kaupgjaldsbaráttu. Haustið 1963 reyndi ríkisstj. að banna kauphækkanir og verkföll, en mætti þá svo eindreginni afstöðu og mótmælum verkalýðsfélaganna, að hún sá sig um hönd á síðustu stundu. Eftir verkföllin í des. 1963 virtist ríkisstj. loks sannfærð um, að verkalýðshreyfingin léti ekki bjóða sér endalausar verðhækkanir án bóta í kaupi.

Næsti áfangi þessara mála er svo hið margnefnda júní-samkomulag 1964. Það er rétt, sem sagt hefur verið, að þá var brotið í blað í viðskiptum verkalýðshreyfingar og ríkisvalds. Ríkisstj. breytti þá um stefnu gagnvart verkalýðshreyfingunni. Aðalatriði júní-samkomulagsins var, að á ný var tekin upp verðtrygging á kaupið. Síðan júní-samkomulagið var gert, hefur ríkt meiri kyrrð á vinnumarkaðinum en árin þar á undan. Þó hefur verkalýðshreyfingunni tekizt á þessu tímabili að rétta við kaupmátt tímakaupsins, svo að hann er nú ámóta og hann var 1959. Ýmsir og þá ekki sízt Bjarni Benediktsson, hæstv. forsrh., hafa viljað telja júní-samkomulagið til sinna verka, sinna beztu verka. Enga löngun hef ég til að gera lítið úr hlut Bjarna Benediktssonar eða annarra við gerð júní-samkomulagsins. En þessum mönnum ætti þá einnig að vera umhugað, að ekki yrðu að engu gerðir hinir miklu, beinu og óbeinu ávinningar þessa margnefnda samkomulags. En það er einmitt það, sem nú er að gerast. Nú er að því stefnt að eyðileggja árangur júní-samkomulagsins, og skal ég nú víkja að síðustu afskiptum ríkisstj. af kaupgjaldsmálum launafólks.

Fyrir röskum mánuði lagði ríkisstj. frv. fyrir Alþ. um efnahagsaðgerðir. Þessar aðgerðir, sem sumpart komu strax til framkvæmda, fólu í sér nýjar álögur, er námu 750-800 millj. kr. á ári. Tilgangurinn var sá einn að bæta hag ríkissjóðs. Stærsti liðurinn í þessum ráðstöfunum var að lækka niðurgreiðslur á vöruverði, sem nam röskum 400 millj. kr., og afleiðing þess varð mikil verðhækkun á brýnustu nauðsynjavörum eins og mjólk, kjöti og kartöflum, svo sem mönnum er enn í fersku minni. Með frv. ríkisstj. var áformað að fella niður vísitölubætur á kaupið, sem koma áttu 1. des. vegna þessara verðhækkana. Launafólk átti að nýju að taka á sig verðhækkanir bótalaust. Verkalýðshreyfingin leit á þessa ráðstöfun sem algert samningsrof við sig. Ríkisstj. var beinn aðili að júní-samkomulaginu 1964 um verðtryggingu launa. En nú ætlar hún einhliða að afnema þessi lögbundnu réttindi verkafólks. Segja má, að verkalýðshreyfingin hafi risið upp sem einn maður til að andmæla, og jafnalmenn mótmæli hafa aldrei dunið yfir ríkisstj.

Alþýðusambandið og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja tóku tilboði ríkisstj. um viðræður um þessi mál gegn því skilyrði, að frv. yrði látið kyrrt liggja í þinginu á meðan. Ágætt samstarf var milli Alþýðusambandsins og BSRB varðandi þessi mál, og skipuðu þessi stóru samtök launafólksins sameiginlega viðræðunefnd, 12 manna n. svonefndu. Allvíðtækar viðræður og athuganir fóru nú fram. En árangur var enginn varðandi höfuðatriði málsins. Launþegasamtökin stóðu óhagganleg á rétti sínum til vísitölubóta 1. des., en ríkisstj. neitaði. Samtökin buðu hins vegar, að vísitölubætur skyldu reiknaðar eftir þeim nýja vísitölugrundvelli, sem ríkisstj. hafði hugsað sér að lögfesta, þótt bætur yrðu nokkru minni með því móti en ef miðað væri við eldri grundvöllinn. Það var og er skoðun okkar, sem höfum athugað þessi mál, að nýi vísitölugrundvöllurinn muni ekki mæla lakar verðlag og neyzlu en sá eldri hefur gert og hann sé mun meira í samræmi við neyzluvenjur, eins og þær nú eru, og því sé rétt að taka hann upp.

Þegar séð var, að viðræðurnar við ríkisstj. yrðu árangurslausar, boðaði Alþýðusambandið til ráðstefnu verkalýðsfélaganna. Ráðstefnan samþykkti einróma að beina því til sambandsfélaganna, að þau lýstu yfir vinnustöðvun 1. des., ef ekki væri þá búið að semja. Verkalýðsfélögin brugðust svo við þessum tilmælum, að yfir 50 félög með yfir 20 þús. félagsmanna lýstu yfir verkfalli frá 1. des. Frammi fyrir þessari fylkingu búinni til allsherjarverkfalls stóð ríkisstj., þegar fréttirnar bárust um fall sterlingspundsins, og má með sanni segja, að sjaldan hafi annar eins hvalreki komið á hennar fjörur. Hér var komin afsökun fyrir gengisfellingu, sem annars átti að geyma fram yfir verkföllin, svo að hægt væri að kenna verkalýðshreyfingunni um. Nú blasti allt í einu við ríkisstj. og sérfræðingum hennar allur vandi atvinnuveganna svo ljóst, að þeir gátu á svipstundu sagt til upp á brot úr prósentu, hvað hver grein þyrfti að fá í sinn hlut. Aðeins nokkrum dögum áður, þegar viðræðunefnd launþegasamtakanna bað um þessar upplýsingar, var okkur sagt, að þær væru ekki til, því að málið allt væri svo óljóst og ókannað og yrði látið bíða seinni tíma. En nú hefur blaðinu verið snúið við og ríkisstj. hugsað sér að slá margar flugur í einu höggi.

Auðvitað er það satt, sem sagt hefur verið, að nærri 25% gengisfelling krónunnar núna er ekki nema að litlum hluta afleiðing af falli sterlingspundsins. Að langmestum hluta er gengisfellingin úttekt ríkisstj. sjálfrar á viðreisnarbúinu. Það er nú komið í ljós, sem

reynt var að fela fyrir kosningarnar í vor, kosningavíxlarnir eru fallnir og meira til. Það má vera, að hv. þm. Bragi Sigurjónsson bankastjóri þekki ekkert til kosningavíxla og hann hafi rætt við sína kjósendur í vor af þeirri einurð, sem hann lýsti hér í gærkvöld. Ég þekki það ekki. En að Gylfi Þ. Gíslason hafi talað af hreinskilni við kjósendur í vor um þessi mál, eins og hann einnig sagði í gærkvöld, hygg ég, að enginn geti samsinnt með honum.

Stjórnarflokkarnir sögðu í vor, að kosið væri um framhald verðstöðvunar, og þótt eitthvað bjátaði á í búskapnum, kæmi það ekki að sök, varasjóðir væru gildir. Með þessum málflutningi tókst stjórnarflokkunum að halda hinum nauma meiri hluta sínum. En nú hefur tjaldinu verið lyft og við blasir nýtt dýrtíðarflóð í stað verðstöðvunar, sem heitið var. Og nú hefur ríkisstj. látið þinglið sitt lögfesta afnám l. um verðtryggingu á kaupið og þar með endanlega rofið júní-samkomulagið. Enn á ný er til þess ætlazt, að launafólkið taki á sínar herðar verðhækkanir gengisfellingar bótalaust. Í leiðinni er svo ákveðið, að greiða skuli verðlagsuppbót á kaup frá 1. des. vegna þeirra verðhækkana, sem urðu í síðasta mánuði, þegar lækkaðar voru niðurgreiðslur á mjólk, kjöti og fleiri vörum, er þá hækkuðu í verði. Af þessum sökum hækkar allt kaup n. k. föstudag um 3.39%.

Verkfallsaðgerðir verkalýðsfélaganna 1. des. voru við það miðaðar að knýja fram greiðslu vísitölu nú um mánaðamótin. Nú hefur verið komið til móts við þá kröfu, og því hefur miðstjórn Alþýðusambandsins beint því til félaganna að aflýsa vinnustöðvunum sínum. En það hlýtur öllum að vera ljóst, að þótt verkföllum sé nú aflýst, er vinnufriður ekki tryggður til frambúðar, þvert á móti. Afleiðing þess, að launþegar fá ekki vísitöluhækkanir á kaupið vegna verðhækkana af völdum gengisfellingarinnar, verður nýr ófriður á vinnumarkaðinum. Menn eru nú að bjóða heim sama ástandi og ríkjandi var á árunum 1960—1964. Verkafólk í ýmsum greinum hefur þegar tekið á sig byrðar vegna samdráttar í atvinnulífinu, og hlutarsjómenn hafa minni tekjur vegna lægra verðs og minni afla. Faglært eða ófaglært verkafólk, sem hefur frá 110—150 þús. kr. í árslaun fyrir að vinna dagvinnu alla virka daga ársins, getur ekki og á ekki að taka á sig kjaraskerðingu. Á þetta fólk á ekki að leggja auknar byrðar. Þær verður að leggja á þá, sem breiðari hafa bökin.

Svo er nú látið heita, að frjálst sé, að verkalýðshreyfing og atvinnurekendur semji síðar um vísitölubætur á kaup. Ef öðruvísi á stæði, mætti segja, að það fyrirkomulag væri ekki óæskilegt. En eins og nú er í pottinn búið, er afnám l. um verðtryggingu á launin ekkert annað en harkaleg árás á réttindi og kjör verkafólks. Það er yfirlýst af ríkisstj., að kjaraskerðing verði að fylgja gengisfellingunni. Augljóst er því, að kauphækkanir í hvaða mynd sem er vegna kjaraskerðingar gengisfellingarinnar verða ekki sóttar til atvinnurekenda nema í beinum fjandskap við ríkisstj. En enginn skyldi halda, að verkalýðshreyfingin láti það hindra sig til langframa.

Það er margyfirlýst stefna launþegasamtakanna, að kaupgjald verði að vera í nánum tengslum við verðlagið í landinu. Um þessa stefnu stendur verkalýðshreyfingin sameinuð, eins og berlega hefur komið fram síðustu vikur. Verkalýðshreyfingin mun því ekki una nýju dýrtíðarflóði bótalaust. Og vel að merkja, hér er ekki aðeins um að ræða áhrif gengisfellingarinnar, heldur einnig þær álögur, sem fyrirhugaðar voru í hinu fyrsta frv. ríkisstj. um efnahagsaðgerðir. Söluskattur á að koma á póst- og símaþjónustu og á afnotagjöld hljóðvarps og sjónvarps. Hækka á gjöld til almannatrygginga og sjúkrasamlaga, og hitaveitugjöld eiga að hækka stórlega. Allar þessar hækkanir á fólk einnig að bera bótalaust. Strangt aðhald í verðlagsmálum og ýmsar hliðarráðstafanir gætu dregið úr áhrifum gengisfellingarinnar, en eins og af stað hefur verið farið í þeim efnum, er ekki við miklu að búast. Og verðtryggingin á kaupið, sem nú er búið að afnema, var eitt bezta aðhald fyrir stjórnarvöldin til að halda verðhækkunum í skefjum.

Ég sagði í upphafi máls míns, að full ástæða væri til að lýsa vantrausti á ríkisstj. vegna stefnu hennar í launamálum verkafólks. Ég þykist hafa leitt rök að þessari fullyrðingu. En fjarri fer því, að þetta sé eina ástæðan til vantrausts. Sjálfsagt verður vantraustið ekki samþ. hér í þingsalnum. Það var fyrir fram vitað, enda flutt fyrst og fremst til að vekja athygli almennings á hinni hættulegu stefnu ríkisstj. Þeirri stefnu verður eflaust áfram haldið. Því er það nú sérstök nauðsyn, að verkalýðshreyfingin haldi vel vöku sinni og verði við því búin að hrinda þeirri kjaraskerðingu, sem nú er í vændum og er afleiðing hinnar röngu stjórnarstefnu.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Eins og kunnugt er, hefur bylgja hagsældar gengið yfir Vestur-Evrópu undanfarin 6 ár. Áhrifa frá þessari þróun hefur gætt víða og m. a. hér á landi. Þessi hagþróun einkenndist af mikilli eftirspurn eftir iðnaðarvörum, og í kjölfar vaxandi eftirspurnar kom hækkandi verðlag. Atvinna varð mjög mikil í þessum löndum, og verulegur tilflutningur á vinnuafli úr Suður-Evrópu átti sér stað norður á bóginn. Við Íslendingar fundum brátt jákvæð áhrif á eftirspurn eftir útflutningsvörum okkar í kjölfar þessarar þróunar. Allt frá árinu 1960 hefur verðlag farið meira og minna hækkandi sem heild, þótt nokkrar innbyrðis sveiflur hafi komið fram. Þetta tímabil stóð fram á mitt ár 1966, en þá fór að bera á minnkandi eftirspurn og verðlækkun á sumum vörutegundum. Menn reiknuðu ekki með öðru en hér væri á ferð lítilfjörleg lægð, er mundi jafnast út fljótlega aftur. En svo varð ekki. Mörg lönd hafa átt við vaxandi erfiðleika að búa í verzlunarjöfnuði við út-

lönd hina seinustu mánuði. Harðast varð England úti, og þarf ég ekki að rekja það nánar, svo mjög sem búið er að ræða um gengisbreytingu þeirra og ákvörðun um að breyta hér einnig gengi íslenzku krónunnar.

Til þess að auka áhrif þessarar hagþróunar hér á landi, tók ríkisstj. þegar upp breytta stefnu árið 1960 frá því, sem verið hafði undanfarin ár. Þessi stefna einkenndist af vaxandi frelsi í viðskiptum og auknu vöruvali til mikilla hagsbóta fyrir neytandann. Hinar hvimleiðu biðraðir og betligöngur fyrir nefnd eftir nefnd voru úr sögunni, og enginn mun sakna þeirra, sem reynt hefur hvort tveggja kerfið. Við þessar breyttu aðstæður hófst hið mesta framfaratímabil í sögu þjóðarinnar. Almenningur lagði hart að sér, og geysimikil uppbygging bæði hjá hinu opinbera og einkaaðilum átti sér stað. Þetta tímabil einkenndist af vaxandi þenslu í flestum eða öllum starfsgreinum hér á landi. Í kjölfar eftirspurnarinnar eftir vinnuafli fylgdi launahækkun, sem útflutningsframleiðslan gat mætt, en aðeins vegna hækkandi verðlags erlendis á afurðum og sívaxandi afla í síldveiðum. Þrátt fyrir þetta vöruðu forsvarsmenn útflutningsatvinnuveganna margsinnis við svo miklum launahækkunum, er lagðar voru á þær atvinnugreinar með ýmsu móti, sem geta ekki velt innlendri hækkun af sér endalaust í hærra vöruverði á erlendum markaði. En þetta dugði ekki. Launakröfur komu alls staðar að, og vegna mikils afla höfðu sjómenn góðar tekjur, er óspart var vitnað til við viðmiðun í launakröfum. M. a. notuðu opinberir starfsmenn launakjör sjómanna sér til framdráttar, og í mörg ár fengu bændur sjálfkrafa launahækkun út á góðar tekjur sjómanna. Fram hjá þeirri staðreynd verður ekki komizt, og eiga þar allir flokkar hlut að máli, að svona launakerfi var og er stórhættulegt og gat ekki leitt til annars en að um leið og minnkandi afli kom og hvað þá er samtímis varð mikil verðlækkun erlendis, kæmu fljótlega fram risavaxnir erfiðleikar, þrátt fyrir margra ára góðæri.

Menn greinir mjög á um, hvað hægt sé að gera til þess að draga úr neikvæðum áhrifum þeirrar hagsældar, sem þjóðin hefur búið við undanfarin ár. Hitt er augljóst, að ekki er mögulegt að veita mönnum svo mikið frelsi sem æskilegt er, nema full ábyrgð fylgi öllum starfsgreinum. Það verður því að vera meginsjónarmið við þá endurskipulagningu, er fara verður fram við núverandi gengisbreytingu, að fyrirtæki sem einstaklingar verða að bera fulla ábyrgð á gerðum sínum og taka afleiðingum af röngum fjárfestingarákvörðunum. Hér mun ekki komast á eðlilegt jafnvægi, nema áherzla sé lögð á þetta atriði, vegna þess að við búum við mjög ójafnar tekjur í aðalframleiðslugreinum okkar og hins vegar dreifast tekjur frá þessum greinum með miklum hraða út um allt atvinnulífið, og verður ekki lengur unnt að komast hjá því, að aukið aðhald með fullri ábyrgð verði grundvallaratriðið í rekstri fyrirtækja á komandi árum. Það getur ekki verið til blessunar ár eftir ár að treysta á verðbólgu og að skuldasöfnun verði léttbærari en sparnaður og ráðstöfun á fjármagni til skynsamlegrar uppbyggingar.

Eins og áður var sagt, jókst eftirspurn eftir vinnuafli á þessum árum, og yfirborganir urðu algengar. Þessar ytri aðstæður komu launafólki vel, en voru atvinnuvegunum hættulegar. Þessari þróun varð aðeins mætt með sívaxandi afla, og varð aukningin næstum öll í síldveiðunum, og einnig þurfti hækkandi verðlag að koma til hjálpar, svo að rekstur veiðiflotans gæti verið tryggur og stöðugur. Augljóst var, að við verðsveiflu í útflutningsframleiðslunni niður á við samfara minnkandi aflamagni mundu fljótt koma til miklir örðugleikar. Vegna hagstæðrar þróunar á verðlagi og afla frá 1960 til 1966 var ráðizt í meiri bátakaup á þessum árum en nokkru sinni fyrr í sögu þjóðarinnar. Einkum beindist skipagerðin að skipum til síldveiða, og til aflaaukningar þeirra var sóttur vaxtarbroddurinn í efnahagskerfið undanfarin ár. Sem dæmi um þessa þróun vil ég nefna eftirfarandi skiptingu í síldveiðiflota landsmanna. Árið 1960 voru síldveiðiskipin 258, meðalstærð 82 tonn. Árið 1964 voru síldveiðiskipin 233, meðalstærð 133 tonn, og árið 1967 voru skipin aðeins 152, en meðalstærð komin upp í 223 tonn. Á þessu yfirliti sést, að stærð meðalsíldveiðiskipsins hefur næstum því þrefaldazt frá árinu 1960 til þessa dags. Þetta segir þó ekki nema hálfa söguna. Verðmæti skipanna um 1960 var 5 til 6½ millj. kr., en er í dag á gamla genginu um 18 til 22 millj. kr. eða jafnvel meira.

Ég vil nefna þessa þróun hér, því að framsóknarmenn hafa komizt að mjög spaklegri niðurstöðu að þeirra eigin dómi hér á hv. Alþ. að undanförnu. Þeir hafa fundið út, að verðið í dag á útflutningi okkar sé mjög svipað svonefndu meðaltali á sömu vörum undanfarin 6 ár. Samkv. þessu ætti alls ekki að vera um nein sérstök vandræði að ræða hjá útveginum eða framleiðslu í dag. Ef um vandræði væri að ræða, stöfuðu þau aðeins af alrangri stjórnarstefnu og klaufaskap þeirra, sem stjórna fyrirtækjunum. Það er ekki úr vegi að líta nokkru nánar á þessa staðhæfingu þeirra og gera sér grein fyrir gildi hennar.

Eins og ljóslega kom fram af yfirlitinu hér að framan, hafa skipin stækkað verulega. Þessi stækkun kostar auðvitað stórfé. Þótt aflaaukning hafi fylgt eftir stækkuninni, er hún ekki í samræmi við aukinn tilkostnað í kaupum skipanna og hækkandi þjónustukostnað hér á landi varðandi rekstur þeirra. Og því hljóta eðli málsins samkvæmt að koma fram vandræði um leið og verð fellur niður fyrir það, sem byggt var á við ákvörðun um kaup á stóru skipunum. Þegar svo þessir tveir þættir tvinnast saman, verðfall og aflaminnkun, á a. m. k. öllum að vera ljóst, að erfiðleikar skapast, erfiðleikar, sem engum sérstökum aðila hér á landi verður með nokkurri

sanngirni kennt um. Á hitt er svo að líta, að það getur verið sjónarmið út af fyrir sig, að skammast yfir kaupum á góðum bátum og þeim afla, sem kemur í land frá þeim, þótt við erfiðleika sé að etja í rekstrinum sjálfum. Það skal fúslega viðurkennt, að unnt er að fiska á árabátum og trillum einhvern afla, sérstaklega þorsk, ýsu og t. d. grásleppu, og eins að þessi útgerð tekur sáralítið til sín í erlendum gjaldeyri. En er það afturhvarf til svona útgerðar, sem framsóknarmenn eru að impra á hér undir rós? Ég geri ráð fyrir, að fiskkílóið mundi ekki lækka, þótt það vitnaðist erlendis, að aflinn væri veiddur á árabátum, og því gæti verið um góðan rekstur á honum sem slíkum að ræða, þótt stærri vel útbúnir bátar ættu í vandræðum og þyrftu meira til sín til þess að lifa af. Eða hvaða lífskjör gæfi árabáturinn Íslendingum í dag? Er nokkur maður, sem í alvöru vill hverfa aftur á tímabil árabátanna til sjós og tíma orfs og ljáar í landi? Það sama gildir um landbúnaðinn. Hann þarf mikið til sín í dag vegna vélvæðingar, sem vissulega hefur verið mikil og í mörgum tilfellum of ör. Það haggar samt ekki þeirri staðreynd, að lífskjör bænda, eins og annarra í þessu landi, hafa farið batnandi undanfarið og aldrei í sögunni verið betri en einmitt nú.

Í sambandi við efnahagsvandræðin að undanförnu hafa menn almennt mikið rætt um möguleika á sparnaði hjá hinu opinbera. Þetta er að vonum, en hægara sagt en gert. Fulltrúar launþega höfðu fjárlagafrv. til meðferðar og athugunar í marga daga, þegar viðræður stóðu sem hæst milli fulltrúa þeirra og ríkisstj., en raunhæfar till. frá þeim um sparnað komu ekki fram. Hins vegar var sagt, að spara mætti víða, og þar við sat. Vissulega þarf að gera átak í sparnaði hjá hinu opinbera, en er það ekki mest undir ríkisstarfsmönnunum sjálfum komið, ber þeim ekki að sýna forsjálni og aðgæzlu? Eins er það mjög þýðingarmikið, að stjórnarvöld landsins sýni í verki sparnað. Þaðan verður fyrirmyndin um aðhald á erfiðum tímum að koma. Ég man ekki eftir öðru en að allar ríkisstj. hafi fengið um það kvartanir, að sparnaðurinn gæti verið meiri hjá þeim hverri og einni. En hér er vandamál á ferðinni, sem á djúpar rætur í okkar skipulagi.

Nú höfum við Íslendingar náð þeim áfanga að verða 200 þús. manns. Þessi hópur manna vill reka hér nútíma þjóðfélag með hliðstæðri stjórnskipan og er hjá stórþjóðum að undanteknum hernum. Við viljum halda uppi mikilli menningarstarfsemi í ýmsu formi, skólum, listum, íþróttum o. s. frv. Allt þetta kostar stórfé og miklar álögur á hvern og einn þjóðfélagsþegn. Gerðar eru hinar margvíslegustu kröfur til ríkisins á sama tíma og því er hallmælt eins og einhverju forað, sem reytir og ruplar af þegnum sínum eftir fremsta megni. Þannig eru viðhorfin andstæð.

Niðurstaða fjárlaga er 6.2 milljarðar, og vissulega eru það miklir peningar, jafnvel í dag. Til fróðleiks má nefna aðalútgjaldaliðina samkv. frv., en breytingar kunna þó að koma fram. Þessir eru helztu liðir til útgjalda: Almannatryggingakerfið 1384 millj. kr. Fræðslumál, listir og söfn o. s. frv. 867 millj. kr. Samgöngumál 599 millj. kr. Niðurgreiðslur ýmislegar eru ætlaðar 519 millj. kr. Ýmisleg félagsmál 437 millj. kr. Dómgæzla og lögreglumál 296 millj. kr. Toll- og skattheimta 98 millj. kr. Menn sjá af þessu, að geysileg tekjujöfnun á sér stað í hinu íslenzka þjóðfélagi í gegnum almannatryggingakerfið. Á komandi ári er gert ráð fyrir að jafna til baka til hinna efnaminni og öldruðu fyrst og fremst ásamt einstæðum mæðrum yfir 1 milljarði kr. Margir vilja draga úr þessu, en meðan Alþfl. hefur áhrif á stjórn þessa lands, mun ekki verða slakað á, heldur sótt fram á tryggingasviðinu til aðstoðar við þá, sem af einhverjum orsökum mega sín miður í lífsbaráttunni. Mér finnst rétt að undirstrika sérstaklega kostnaðinn við dómgæzlu og lögreglumálin og innheimtu skatta. Þessi kostnaður er um 40 millj. kr. Hér væri og er vissulega þörf á, að verði á breyting, en hvar verður breytingin? Hún þarf og verður að koma frá þegnunum sjálfum. Það er óhugnanlega há tala, að þurfa að kosta til af hálfu ríkisins um 7% af ríkistekjunum til dómgæzlu og lögreglumála og innheimtu skatta, sem mönnum ber að greiða.

Hér er aðeins minnzt á þátt ríkisins, en um þátt bæjarfélaga veit ég ekki að sinni, hve stór er. Það getur verið, að það sé ofrausn að tala um bætta stefnu í þessum málum á meðan ríkiskassinn reiknar með tekjum af víni og tóbaki hvorki meira né minna en tæplega 700 millj. kr. En svona er háttalag mannsins undarlegt. Nútímaþjóðfélag veitir þegnum sínum mikið, en leggur um leið ákveðnar kvaðir á herðar hverjum og einum. Þessar kvaðir bera menn misjafnlega, og það er mannlegur veikleiki að reyna að skjóta sér undan þeim eftir beztu getu og velta með því byrðinni yfir á náungann. En þegar öll starfsemi þjóðarbúsins er skoðuð niður í kjölinn, sést vel, að ekki er svo auðvelt sem um að tala að gera þar á verulegar sparnaðarráðstafanir, eins og nauðsynlegt er samt að gera hér á Íslandi. Núv. ríkisstj. hefur stofnað til sérstakra athugana á öllum rekstri þjóðarbúsins með stofnun hagsýsludeildarinnar, og verður að vænta þess, að sú viðleitni beri mikinn og góðan árangur. Það er nauðsynlegt að skapa aðhald og öryggi í öllum ríkisrekstrinum og einkum þegar efnahagsörðugleikar steðja að. Almenningur á réttmæta kröfu á slíku.

Við þessar umr. sem aðrar áður hafa hlustendur heyrt tölur margar og misjöfn sjónarmið. Stjórnarliðar draga fram sem bezta mynd af högum lands og þjóðar, en andstæðingar ríkisstj. hamast á ranghverfunni og finna allt til foráttu og sjá hyldýpið eitt fram undan. Svona hefur þetta löngum verið. En ég vil spyrja sem nýliði á þessum vettvangi: Þjónar þetta nokkrum tilgangi í sjálfu sér, eru landsmenn svo miklir aular, að þeir geti ekki af

eigin raun séð og dæmt af eigin dómgreind, hvað sé að gerast í kringum þá? Ég ætla mér ekki þá dul að álíta menntaða og vel lesna menn svo dómgreindarlausa, að þeim sé ekki treystandi til þess að meta, hvað vel er gert og hvað miður fer, og af hvaða orsökum lífið gengur misjafnlega hér á Íslandi.

Það eru nýafstaðnar kosningar. Um það verður ekki deilt, að þjóðin vottaði Alþfl. og Sjálfstfl. ótvírætt traust með góðum meiri hluta. Þessir flokkar ákváðu því að hafa áfram stjórnarsamvinnu og byggja á heilbrigðum grunni stefnu sína, sem er landsmönnum vel kunn frá ræðu forsrh. í upphafi þingtímans. Vissulega er ekki unnt að ráða við allt í þjóðarbúskap okkar Íslendinga, og núv. stjórn gerir sér grein fyrir því. Hins vegar hefur hún sett sér það markmið og nýtur til þess stuðnings meiri hluta Alþ. að halda áfram að byggja upp og efla velferð í þessu landi. Það er heilbrigt að rökræða um leiðir, en það er lágmarkskrafa, að um mögulelka til aukningar hagsældar sé rætt af fullri einurð og ábyrgð, en ekki með upphrópunum um að breyta þurfi um menn og nefna ekki í leiðinni neina sérstaka úrlausn á aðsteðjandi vandamálum. Slíkt hjal ber ekki vott um raunsæi.

Það eru engin ný sannindi, að við Íslendingar verðum að hafa okkur alla við til þess að geta lifað hér menningarlífi. Hitt mætti fremur kalla afrek að geta rekið hér svo umfangsmikinn þjóðarrekstur sem hið unga lýðveldi hefur í dag. Þetta er því aðeins mögulegt, að allir landsmenn leggi jafnan að sér mikla vinnu og stór hluti þjóðarinnar fari vel með sitt og ráðstafi arði sínum skynsamlega. Það er von okkar Alþfl.-manna, að þetta fólk fái að njóta sín sem mest, og svo mikill var stuðningur þess fólks við Alþfl. í kosningunum í vor, að hann mun ekki vega að þessum liðsmönnum nú. Hitt vitum við, sem sitjum fyrir Alþfl. á Alþ. núna, að mikill vandi er á höndum um ákvarðanir til lausnar þeim vanda, er við er að etja í dag. Engu að síður er það von okkar, að menn muni láta skynsemi ráða, en ekki rasa um ráð fram með kröfum, sem ómögulegt er að fá framgengt nema með því að auka enn til muna verðbólgu og glundroða í íslenzku efnahagskerfi. Við treystum því, að almenningur vilji standa áfram að baki okkar í viðleitni til þess að hafa hér frjálsa verzlun og athafnir með fullri ábyrgð hvers þegns, er tekur á sig af fúsum vilja þær skyldur, sem lýðveldið leggur honum á herðar. Þess vegna mun Alþfl. standa fast að núverandi stjórn og stjórnarstefnu.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Háttvirtir tilheyrendur. Fornar heimildir greina frá því, að heiðnir menn hafi talið sér leyfilegt, þegar þeir vildu ná sigri, að mæla fagurt, en hyggja flátt. Aldrei mun þó sú aðferð hafa þótt stórmannleg eða þeir vel að sigrinum komnir, sem þeirri aðferð beittu. Með vaxandi menningu og lýðræðishugsjón var slík siðfræði, að mæla fagurt og hyggja flátt, dæmd úr leik. Þó hefur stundum viljað bóla á hinni fornu aðferð hjá ýmsum stjórnmálamönnum, þegar þeir hafa talið málstað sinn standa höllum fæti og ekki þolað, að satt væri frá sagt um þeirra verk. Slíkar baráttuaðferðir hafa orðið til þess að veikja trú margra manna á lýðræði, og á síðari árum hefur svo farið, að lýðræðið er víða á undanhaldi í heiminum, einmitt af þeim ástæðum, að baráttuaðferðir ýmissa stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka hafa um of hneigzt til þess að vinna kosningasigra á þeim grundvelli að mæla fagurt til kjósenda og lofa miklu og góðu, en leyna ýmsu. Af sömu rót er það einnig runnið, þegar ráðandi stjórnmálaflokkar fara að móta löggjöf þannig að draga úr afskiptum og ákvörðunarvaldi löggjafarsamkomunnar, en afhenda embættismönnum og ráðuneytum þetta vald. Slíkar ráðstafanir eru allar gerðar til þess, að viðkomandi ríkisstj. geti sem mest komizt fram hjá löggjafarsamkomunni, svo að stjórnarandstöðuflokkarnir fái ekki tækifæri til afskipta.

Því miður hefur sá þingmeirihluti og sú stjórn, er hann styður og hér hefur ráðið ríkjum s. l. 8 ár, mjög farið inn á þessa hættulegu braut og þar með veikt lýðræðislega og þingræðislega meðferð mála. Eitt af þeim málum, sem núv. stjórnarflokkar hafa tekið úr höndum Alþ. og fært til embættismanna og ríkisstj., er skráning krónunnar, sem Seðlabankinn hefur í orði kveðnu nú, en allir vita, að raunverulega er ákveðið af ríkisstj. Af hinu stafar þó kannske ekki minni hætta, að stjórnarliðið hefur mjög tekið upp fyrir kosningar og tileinkað sér þá siðfræði heiðinna manna í fornöld að mæla fagurt, en hyggja flátt. Er þar skemmst á að minnast viðreisnarsönginn og sögurnar um alla ódáinsakrana, er nú mundu um alla framtíð spretta sjálfsánir, ef núv. stjórn fengi að halda völdum. Þeir sögðu þjóðinni á s. l. vori fyrir kosningar, að hér kæmi ekki til gengisfellingar. Það væru þeir búnir að tryggja með traustum gjaldeyrisvarasjóði, og allir fjármálavitringar úti í öðrum löndum hefðu framúrskarandi traust á fjármálastjórninni hér. Þeir lækkuðu vöruverðið fyrir kosningarnar, svo að ýmsar vörur, eins og mjólk, smjör og kartöflur, voru seldar fyrir hálfvirði, en ríkissjóður látinn borga hinn helminginn. Þetta var sannkölluð kosningaveizla. Dálítill meiri hluti kjósenda varð glaður og áhyggjulaus og veitti stjórninni umboð til að sitja.

En það voru ekki margir mánuðir liðnir frá kosningunum, þegar hið sanna, sem stjórnarandstaðan hafði haldið fram í kosningabaráttunni, fór að koma í ljós. Fyrsta áþreifanlega sönnunin var lækkun á niðurgreiðslu vöruverðsins. Sú hækkun niðurgreiðslnanna, sem sett var á fyrir kosningar, var aftur tekin. Kosningaveizlunni var lokið. Annað kom og í ljós, verzlunarhallinn við útlönd jókst ískyggilega, og gjaldeyrissjóðurinn frægi eyddist því

miður fljótt. Það hefði ekki verið talin viturleg spá eða af góðgirni mælt, ef einhver hefði farið að tala um það á s.l. vori á kjósendafundum, að ríkisstj. yrði búin að taka gjaldeyrislán fyrir jól, svo að kaupmenn gætu flutt inn jólavarninginn. En það er nú samt svo komið, að fyrir einni eða tveimur vikum var slíkt lán tekið að upphæð 160 millj. kr. Stjórnin svarar því til, að þetta stafi af aflabresti og verðfalli á íslenzkum framleiðsluvörum erlendis. Ekki skal ég neita því, að vöruverð hafi lækkað erlendis á afurðum okkar síðustu mánuði og dregið hafi úr aflamagni. Þó má vel geta þess, að verð á saltfiski hefur aldrei verið eins hátt og á þessu ári. Það hefur að vísu tregazt mjög afli til verkunar í salt, en það má vel spyrja ríkisstj., af hverju hún hafi á síðustu árum horft á það aðgerðalaus, að togurum hefur stórfækkað og fiskibátar hafa verið látnir í tuga- eða hundraðatali hætta að veiða fisk til verkunar í salt. Þessi dýru framleiðslutæki liggja víða ónotuð og grotna niður á meðan eftirspurn eftir saltfiski eykst og verðið fer hækkandi.

Það hefur oft verið minnzt á það við ríkisstj. hér á hinu háa Alþ. og á öðrum vettvangi, að nauðsyn bæri til að hafa meiri skipulagningu og yfirstjórn á atvinnuvegunum og hinum stóru og dýru tækjum þeirra og að hvaða framleiðslugreinum ætti á hverjum tíma að beina vinnuafli og vélum. Þetta hefur hæstv. stjórn ekki mátt heyra. Hún kveðst trúa á einhver lögmál í efnahags- og atvinnumálum, þar sem samkeppni framboðs og eftirspurnar eigi að ráða. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki tileinkað sér hið forna og merka heilræði: Verið ekki lögmáls þrælar, — því að hún hefur viljað gera það að undirstöðuatriði viðreisnarspekinnar, að allt skuli stjórnast af lögmáli framboðs og eftirspurnar. Sú kenning fær ekki staðizt og allra sízt hjá svo fámennri þjóð sem við Íslendingar erum. Efnahagsvanda þjóðarinnar verðum við að leysa með skipulegri yfirsýn og samráði allra þeirra aðila, sem það mál láta sig varða, og það gera auðvitað allir stjórnmálaflokkar landsins. Það verður aldrei hægt að ráða fram úr hinum erfiðu efnahagsvandamálum, sem íslenzka þjóðin er nú komin í, nema um þau verði samið af þeim öllum og það látið ganga fyrir öðru að leysa það mikla vandamál.

Það er á engu sviði eins hættulegt fyrir lítinn meiri hluta að ætla sér allt valdið og á efnahagsmálasviðinu, þegar í mikinn vanda er komið. Ég lít svo á, að ekki sé hægt að leysa efnahagsvandann til frambúðar nema þar komi til samkomulag og ábyrgð allra stjórnmálaflokkanna. Þeir eru fulltrúar fólks, sem allt vill þjóð sinni vel og þráir það eitt að ná góðum árangri í lífsbaráttu sinni eftir því, sem landið getur veitt. Ég er viss um, að þjóðin vill ekki, að lítill meiri hluti, jafnvel þótt hann hefði ekki sagt þjóðinni ósatt fyrir kosningar um raunverulegar efnahagsástæður sínar, hangi hér við völd og heimti hlýðni þegnanna við hvers konar fyrirmælum, sem eru eitt í ár og annað á næsta ári, eins og reynslan hefur verið að undanförnu. Það eina, sem í haust var sæmandi fyrir hæstv. ríkisstj., var að segja af sér og taka svo þátt í að koma hér á stjórn allra flokka, sem hefði sett sér það mark og samið um það að skiljast ekki fyrr við en búið væri að tryggja atvinnuvegum landsmanna það öryggi, sem veitt gæti þeim vaxtar- og þroskaskilyrði og þjóðinni allri góða framtíð og velgengni, því að velgengni atvinnuveganna eru allir þegnar landsins einnig háðir um sína eigin afkomu.

Síðan hið svonefnda júní-samkomulag var gert 1964 og kaupgreiðsluvísitala tók gildi að nýju, hefur verið sæmilegur friður um kjaramálin. Varla þarf að efa, hvað af því hlýzt, ef vísitölunni er kippt úr sambandi. Það verður endurtekning á fyrri reynslu frá árunum 1960—1964, deilur og verkföll, sem þjóðin öll líður við. Gengisfellingin mun leiða af sér mikla verðhækkunaröldu, eins og alltaf verður við slíkar ráðstafanir, ekki sízt þegar svo stórfelld gengislækkun er gerð. Ég trúi því illa, að fólk eins og allur fjöldi verkamanna og iðnaðarmanna, sem ekki hefur með 8 stunda vinnudegi nema 110—120 þús. kr. í árslaun, geti þolað verðhækkun án þess að fá slíkt bætt. Ég er viss um, að þessar stéttir finna leiðir til að knýja fram leiðréttingar á sínum kjörum.

En það eru hins vegar til í þjóðfélaginu aðrir aðilar, sem ekki hafa slíka aðstöðu, og á ég þar við gamla fólkið, sem er að mestu eða öllu leyti hætt að vinna og verður að lifa af ellilífeyri, sem ekki á að hækka til samræmis við þá verðhækkun, er nú kemur í kjölfar gengislækkunarinnar. Sumt aldraða fólkið hefur dregið saman nokkrar krónur á langri lífsleið, sem það ætlar sér til styrktar í ellinni. Gengislækkunin sér fyrir því að minnka þessar krónur og gera þær lítils virði. Margt eldra fólk á íbúð, sem það býr í. Nú hefur hæstv. ríkisstj. í hyggju að tólffalda þessar eignir í verði til skattlagningar. Allir geta séð, hvernig slíkar ráðstafanir munu koma við hina öldruðu. Gamla fólkið getur ekki farið í verkfall til að rétta hlut sinn eða fá hann bættan. Það mun því verða að taka til þess eina ráðs, sem fyrir hendi er, að spara við sig þá litlu neyzlu, sem það flest hefur veitt sér.

Gengislækkanir og verðhækkanir hitta flesta illa, en fáir verða þó varnarlausari fyrir slíku en hinir öldruðu. Frá því er sagt í Gautreksögu, að á Gautlandi var á einum stað þverhníptur hamar, sem hét Gyllingshamar, og stapi einn á hamrinum, sem hét Ætternisstapi. En svo hét hann af því, að þar fækkaði það fólk ætt sinni, er þar bjó, þegar þrengdist í búi, og þá var gamla fólkið leitt fram af stapanum. Kosningaloforðum ríkisstj. má líkja við Gyllingshamarinn, því að ekki vantaði fyrir kosningarnar á s.l. vori gyllingar og fögur fyrirheit. Upp á það háa fjall leiddi ríkisstj. eða stjórnarflokkarnir kjósendurna í vor, enda leyndist þar hinn fjárhagslegi ætternisstapi, gengisfellingin, á bak við loforðin. Ofan fyrir

þann ætternisstapa hrapar nú margur sjóðurinn, sem aldraða fólkið ætlaði sér til framfærslu í ellinni, og er það hörmuleg frammistaða af ríkisstj. að láta á þann hátt verða efndirnar á fögrum fyrirheitum, þegar hún var að biðja um atkv. á síðasta vori.

Hæstv. menntmrh., Gylfa Þ. Gíslasyni, hefði verið nær, þegar hann talaði hér í gærkvöld, að skýra frá því, hvernig hann hugsaði sér, að gamla fólkið fái notið sómasamlegra lífskjara eftir það, sem nú hefur yfir það dunið, heldur en að nota sínar góðu gáfur til þess að ryðja úr sér öllum þeim svívirðingum og ósannindum um Framsfl. og forustumenn hans, sem hann viðhafði hér. Sannleikurinn er sá, að pólitískt gengi Alþfl. stóð þá hæst og hann naut sín bezt, þegar hann hafði samstarf við Framsfl. En nú stendur hið pólitíska gengi Alþfl. ekki hátt. Og muna mætti hann eftir því, þegar hann fór í liðsbón til Framsfl. 1956 og bað um kosningabandalag til að bjarga Alþfl. frá dauða, en þá var talin hætta á, að Alþfl. kæmi hvergi að manni. Það er sagt, að ýmsir menn, sem bjargað hefur verið frá drukknun, hafi upp frá því hatað lífgjafa sína. Það virðist vera einnig svo með Alþfl., a. m. k. Gylfa Þ. Gíslason. Sennilega er slíkt ósjálfrátt, og skal ekki gert veður út af því, þó að hinn þreytti maður sé með ergelsi út af þessu um leið og hann rígheldur sér í ráðherrastólinn.

Hæstv. landbrh. Ingólfur Jónsson talaði hér í gærkvöld og minntist með fáum orðum á bændur. Taldi hann, að ræktun ykist mjög. Hvað segja jarðræktarskýrslur um þessa fullyrðingu ráðh.? Þær segja það, að nýrækt var hér árið 1965 5045 ha og var rúmum 1000 ha minni en árið áður. Og enn gerðist það sama árið 1966. Þá var nýrækt ekki nema 4057 ha og þá enn það ár 1000 ha minni en árið áður. Á sama tíma mun talsvert af ræktuðu landi hafa farið í órækt með jörðum, sem fóru í eyði. Enn fremur er talsvert af ræktuðu landi, sem fer undir götur, byggingar og önnur mannvirki í kaupstöðum og þorpum landsins. Þessar staðreyndir eru ekki fagur vitnisburður um viðreisnarstefnuna og áhrif hennar á framkvæmdagetu og hag bænda.

Hæstv. landbrh. taldi í ræðu sinni í gær hag bænda stórbatnandi og sagði, að þeir mundu hafa brosað í kampinn, þegar þeir hefðu heyrt Eystein Jónsson segja, að staða bænda væri ótraust fjárhagslega og efnahag þeirra væri að hraka. Til hvers er nú hæstv. landbrh. að tala svona borginmannlega og kaldhæðnislega um ástæður bænda? Hann hlýtur þó að vita, að bændur landsins horfa ekki með bjartsýni fram á veginn nú. Ég skal upplýsa nokkrar staðreyndir um efnahagsástandið hjá bændastéttinni. Samkv. úrtaki, sem Hagstofa Íslands gerði á framtölum bænda á árinu 1966 og gert var þannig, að framtöl 734 búa voru tekin sérstaklega úr öllum framtölunum, og síðan voru valin úr þeim 86 bú af þeirri stærð, sem notuð eru við ákvörðun verðlagsgrundvallar, — niðurstaðan varð sú, að þegar búið var að draga frá tekjum þessara 86 manna fyrningargjöld af útihúsum og vaxtagjöld, voru eftir 98 þús. kr. tekjur. Þetta sama ár voru meðaltekjur viðmiðunarstéttanna, sjómanna, verkamanna og iðnaðarmanna, 244 þús. kr. Þetta sýnir, hvernig staða bændastéttarinnar sem heildar er á hinum svokölluðu viðreisnartímum, þó að hægt muni vera að benda á nokkra bændur til og frá um landið, sem eru betur settir, enda hefur það alltaf verið, jafnvel á hinum verstu hallærisárum í sögu þjóðarinnar, að til voru einstakir bændur, sem voru vegna ýmislegrar sérstöðu betur settir en heildin. Er svo ævinlega í öllum stéttum, en slíkt segir ekkert um almennan hag heildarinnar.

Af því, sem ég hef hér sagt og upplýst um hag bændastéttarinnar, verður það skiljanlegt, að hvort tveggja gerist í senn, framkvæmdir dragast saman, eins og skýrslur um nýræktina gefa til kynna, og lausaskuldir virðast fara vaxandi í stórum stíl. Við síðustu áramót voru lausaskuldir bænda 500—600 millj., og vitað er, að þær hafa mikið vaxið á þessu ári. Þá er veðskuldabyrði bænda ekkert smáræði, því að þær voru í Búnaðarbankanum 830 millj. um síðustu áramót, og eru þá meðtalin ógreidd árgjöld af lánum, en á síðustu árum hefur það færzt í vöxt, að bændur hafa ekki getað staðið í skilum. Vaxtagjöld bænda eru síhækkandi, bæði vegna þess að skuldafjárhæðin vex og vaxtaprósentan einnig. Í Búnaðarbankanum, þar sem veðskuldir bænda eru aðallega, er meðalvaxtaprósentan þessi: Af íbúðarlánum 6%, af ræktunarlánum 6½% og af veðdeildarlánum 8%. Þar við bætist svo hinn illræmdi stofnlánadeildarskattur. Það er ekki að furða, þótt hæstv. landbrh. telji, að bændur brosi, þegar skýrt er frá, hvernig fjárhagsleg staða þeirra er nú, eins og hún er góð eða hitt þó heldur eftir 8 ára samfellda yfirstjórn hans á landbúnaðarmálum. Sannleikurinn er sá, að bændur geta því miður ekki verið bjartsýnir nú. Allar rekstrarvörur munu stórhækka í verði vegna gengislækkunarinnar, en allt er enn í óvissu um verðlag á framleiðslu þeirra. Nú er talið víst, að fóðurbætir hækki í verði um 28% eða meira. Bændur á kalsvæðunum voru til þess hvattir í haust af ábyrgum aðilum að setja búfé sitt að nokkru á fóðurbæti, svo að ekki þyrfti í haust að fella það svo, að bændur yrðu að hætta búskap. Ég spyr: Hvað ætlar landbrh. að leggja til þessum bændum til hjálpar? Ef þeir fá ekki sérstaka aðstoð í tilefni af verðhækkuninni, má gera ráð fyrir, að þeir verði gjaldþrota í hópum. Ætli þessir bændur séu strax farnir að brosa af ánægju yfir gengislækkuninni og trausti á hæstv. landbrh. og félögum hans?

Nú er komið fast að jólaföstu og þrír mánuðir liðnir frá því, að samkv. l. átti að ákveða verðlag landbúnaðarvara. Yfirdómur er enn með það mál í sínum höndum. Auðvitað vona bændur og treysta því, að komið verði til móts við þeirra sanngjörnu kröfur og brýnu

þarfir. Eitt af því, sem viðreisnarstjórnin ákvað á sínum tíma, var það, að ekki mætti lána úr Búnaðarbankanum til mjólkurbúa, sláturhúsa og ræktunarsambanda nema gengistryggð lán. Auk þess hafa þessar stofnanir tekið eitthvað af lánum erlendis í sambandi við vélakaup. Gengislækkunin verður þessum stofnunum þung í skauti, og mun það auðvitað lenda á bændum ofan á annað, ef ekkert verður að gert. Nú vil ég spyrja: Hvað verður gert til þess að bæta þessum nauðsynlegu fyrirtækjum bænda það tap, sem þau verða fyrir af gengislækkuninni, eða ætlar ríkisstj. að láta það lenda á bændum?

Tími minn mun vera á þrotum. En ég vil í lokin minna á hina alkunnu sögu um það, þegar Haraldur harðráði greiddi Halldóri Snorrasyni, sem var konungi trúr og traustur liðsmaður, málann með koparblandaðri mynt í stað silfurs. Þessu reiddist Halldór og kvaðst ekki lengur ætla að þjóna konungi nema hann í stað hinnar verðlausu myntar fengi kaup sitt ófalsað. Meiri hluti íslenzku þjóðarinnar hefur í þrennum kosningum veitt stjórnarflokkunum vald út á fögur fyrirheit þeirra. Þetta hefur hin harðráða ríkisstj. launað með því að skammta þjóðinni nýja Haraldssláttu í þriðja sinn nú á 7 árum. Ætlar þjóðin og þingheimur að verða minni fyrir sér en Halldór Snorrason, þegar hann kvaðst ekki mundu þjóna Haraldi harðráða lengur nema hann fengi skíra mynt að launum? Ég vil ekki trúa því. — Góða nótt.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Virðulegu tilheyrendur. Það er nú komið að lokum þessara útvarpsumr. frá Alþ. Rædd hefur verið till. hv. stjórnarandstæðinga um vantraust á ríkisstj. Þessar umr. hófust með ekki áður ókunnum stóryrðum og miður þinglegum fúkyrðum formanns Framsfl. um hrikalegasta blekkingarvef, sem ofinn hafi verið í íslenzkum stjórnmálum af hálfu stjórnarliðsins. Við hefðum farið með ósvífnar blekkingar fyrir kosningar. Við hefðum vitað, að grunnur þjóðfélagsins hafi verið orðinn holgrafinn. Það hafi þeir stjórnarandstæðingar reyndar vitað líka, en við hefðum farið með slík botnlaus ósannindi, að þeir hefðu ekki fengið rönd við reist og stjórnarliðinu því lánazt að svíkja sér út meiri hluta hjá kjósendum. Í þessum sama tón talaði bóndinn Ágúst Þorvaldsson, sem var að ljúka máli sínu. Ég hef alltaf haldið, að þessi bóndi væri námfúsari á annað en slíkan óhróður. Hvorki hann né aðrir þeir, sem talað hafa í þessum tón, hafa nokkurn tíma vitnað til þeirra ummæla, sem við frambjóðendur Sjálfstfl. höfum átt að hafa að þessu leyti fyrir kosningar og væru önnur nú. En það er svo, að þó að ekki stæði steinn yfir steini í ásökunum í fáyrðagusu formanns Framsfl. í gærkvöld, eftir að forsrh. flutti næstur sína ræðu og hafði m. a. vitnað til ályktana og afstöðu landsfundar Sjálfstfl. hér að lútandi fyrir kosningar og eigin ummæli í stjórnmálaumr. fyrir kosningar á Alþ., hafa þeir þm. Framsóknar ekkert farið út af laginu í framhaldi umr. Þeir eru orðnir þaulæfðir í þessum talkór ónota og brigzlyrða. Ekki verður þetta lið sakað um að bresta kunnáttu í að þræða forarvilpurnar. Slík eru að mínu viti einkenni þeirra vantraustsumr. stjórnarandstöðu, sem hér hafa verið settar á svið. Alþb.-menn eru meðreiðarmenn Framsóknar, en jafnvel málflutningur kommúnistanna í því liði er þó tiltakanlega manneskjulegri en framsóknarþm.

Reyna mætti að skilgreina í hnotskurn ásakanirnar, sem fram hafa komið, nú í lokin. Í fyrsta lagi. Allt var á heljarþröm fyrir kosningar, grunnurinn holgrafinn. Í öðru lagi. Augljóst var, að hverju stefna mundi. Stjórnarandstæðingar sáu það fyrir, segja þeir. Í þriðja lagi. Gengislækkunin var löngu ráðin og útreiknuð. Í fjórða lagi. Allar orsakir gengislækkunar íslenzku krónunnar umfram 5% í hlutfalli við gengislækkun sterlingspundsins eru heimatilbúnar.

Um fyrsta atriðið hefur verið fjallað í umr. af liðsmönnum ríkisstj. og ráðh. Framsóknarmenn spáðu reyndar í upphafi viðreisnar móðuharðindum af manna völdum á Íslandi, eins og það var orðað. Allir vita og viðurkenna, að aldrei hefur annar eins velgengnistími gengið yfir íslenzku þjóðina og á undanförnum árum viðreisnar. Kjör almennings aldrei betri, framþróun aldrei örari, stórvirkjanir í tengslum við stóriðju hafa haldið innreið sína og ný iðnþróun er í uppsiglingu. Kísilgúrvinnsla er að hefjast við Mývatn. Íslenzk stálskipasmíði er orðin að veruleika og verður efld. Skotið hefur verið stoðum undir íslenzkan veiðarfæraiðnað. Bifreiðayfirbyggingar og margt fleira eflt. Rismikil uppbygging iðnaðarhúsnæðis og iðnaðarsvæða hefur orðið, svo sem iðngarðar hér í Reykjavík og svipuð þróun annars staðar vitnar um. Rannsóknastofnanir og vísindamenn vinna að frekari hagnýtingu náttúruauðlinda, svo sem vinnslu perlusteins við Loðmundarfjörð og sjóefnavinnslu á Reykjanesi, og fjölmargt fleira er á prjónunum eða hefur verið í íhugun, svo sem hagkvæmni í ullarvinnslu, sútun o. fl. Byggðaáætlanir, aukin ræktun, bættar samgöngur og vaxandi framleiðni hefur einkennt þróunina.

Já, sáu stjórnarandstæðingarnir s. l. vetur fyrir þá erfiðleika, sem við höfum verið að glíma við undanfarið? Miklir menn erum við, Hrólfur minn. Þetta er annað atriði ásakana þeirra. Sáu þeir fyrir, hversu rýr mundi reynast vetrarvertíð vegna aflabrests, ógæfta og veiðarfæratjóns? Sáu þeir fyrir, að síldina þyrfti að sækja norðaustur í hafsauga með þar af leiðandi stórauknum tilkostnaði? Sáu þeir fyrir, að borgarastyrjöld brytist út og yrði viðvarandi í Nígeríu með þeim afleiðingum, að Afríkuskreið okkar hefur reynzt óseljanleg, nær öll framleiðsla ársins? Sáu þeir fyrir, að við gætum aðeins selt þriðjung skreiðar til Ítalíu miðað við sölu þangað fyrir tveimur árum, af því að hinn upphengdi fiskur fraus á

liðnum vetri í ríkara mæli en áður, en það útilokar söluna á bezta markaðinum, Ítalíu? Sáu þessi ljós fyrir, að verðfall útflutningsafurðanna mundi halda áfram og fara vaxandi?

Vel kunna þessir menn að vera spakir. En að þeir hafi til að bera yfirnáttúrlega hæfileika til þess að vita fyrir óorðna hluti, verður þó að draga í efa.

Þá var okkur sagt, að gengislækkun hafi fyrir löngu verið ráðin og útreiknuð af stjórnarliðinu. Annað veifið segja þessir sömu menn að vísu, að við höfum staðið eins og glópar, þegar pundið féll, og verið með öllu óviðbúnir. Staðreyndin og sannleikurinn er allt annar en varaformaður Framsfl., Ólafur Jóhannesson, vildi vera láta í ræðu sinni hér áðan. Strax og þing kom saman í haust skýrði ríkisstj. frá því, að hún hefði viljað forðast gengislækkun í lengstu lög og við það miðað till. sínar um efnahagsráðstafanir, þegar Alþ. kom saman. En úrlausn mála á því stigi var m. a. þeim mikla vanda bundin, hve óvissan var mikil um verðlag og viðskipti, enda vaxandi ókyrrð á hinum alþjóðlega peningamarkaði og endurtekinn orðrómur um hugsanlega gengislækkun hjá Bretum og þá jafnframt fjölda annarra þjóða, jafnvel búizt við atlögu að dollaranum.

Og þá er loks fjórða atriðið, sameiginlegar ásakanir stjórnarandstæðinga um, að gengislækkun sé að mestu heimatilbúin viðurkenning á því, að viðreisnin hafi gengið sér til húðar. 5% er eina réttlætanlega gengisfellingin miðað við pundið, segja framsóknarmenn. 8—10% lækkun er að þessu leyti réttlætanleg, segir Hannibal. Ef sterlingspundið fellur í verði, fá útflytjendur færri kr. í sinn hlut fyrir þau sterlingspund, sem þeir selja afurðir fyrir og skipta hér í bönkum í kr. til greiðslu á útgerðarkostnaði, kaupum á fiski, greiðslu launa o. s. frv. Miðað við lækkun pundsins eru, áður en krónan lækkaði, um 103 kr. í staðinn fyrir um 120 kr. fyrir hvert sterlingspund. En er einhver eðlismunur á þessu að fá hreinlega vegna verðfalls á útflutningsvörunni sjálfri 103 kr. fyrir tiltekið sama magn í stað 120 kr. áður? Verðfallið á útflutningsvörunum er bara miklu meira, í sumum tilfellum 30—40% og meira en það, til viðbótar lækkun pundsins. Ef útflutningsverðmætin lækka miðað við ársframleiðslu úr allt að 6 þús. millj. kr. í rúmar 4 þús. millj. kr. eða um ⅓, þyrfti í raun og veru að hækka þessi verðmæti um allt að 40—50% til þess að útflytjandinn stæði svipað að vígi og áður að greiða innlendan kostnað framleiðslunnar eða hefði jafnmargar krónur til þess. Er þetta heimatilbúinn vandi? Kemur þetta ekkert gengisskráningu við, þegar hún er framkvæmd? Ég held, að sjaldan, ef nokkru sinni áður, hafi heyrzt aðrar eins fjarstæður frá þm. eftir þm. og forustumönnum flokka, og hér hafa verið hafðar í frammi um það, hvað eðlilegt væri, að fallið á okkar krónu væri, miðað við þær aðstæður, sem eru núna, annars vegar verðfellingu og hins vegar pund og þá væri í raun og veru notaður sá einfaldi reikningur að segja: Þriðji parturinn af vörunni er það, sem við seljum fyrir pund. Þriðji parturinn af tæpum 15% er 5%. En hvað er verðfallið? Það er bara heimatilbúið.

Hér vil ég svo leiðrétta síendurteknar staðhæfingar um, að viðreisnarstjórnin hafi þrisvar þurft að fella gengi krónunnar vegna rangrar stjórnarstefnu sinnar, eins og margsinnis hefur verið endurtekið hér í kvöld og í gærkvöld. Fyrsta gengisbreytingin, þegar viðreisnarstjórnin tók við 1959, var framkvæmd 1960 til þess að leiðrétta ranga stjórnarstefnu vinstri stjórnarinnar. Ári síðar var gerð lítils háttar leiðrétting á skráningunni vegna vaxandi tilkostnaðar, sem ekki hafði verið gert ráð fyrir. Það er og enn fremur rangt, að gengi dollars hafi verið breytt úr rúmum 16 kr. við upphaf viðreisnar í 57 kr. nú. Þó er búið að margendurtaka þetta líka, bæði í umr. hér í kvöld og í gærkvöld. En meðalgengi eftir vinstri stjórn mun hafa verið nálægt 35 kr. dollar, en ekki 16 kr., en auk þess er það á almennings vitorði, að hann gekk þá kaupum og sölum á svörtum markaði á 60 kr., en ekki 57 kr., eins og hann er nú skráður. En gengin voru hins vegar svo fjölmörg í tíð þeirra manna, sem þá höfðu forustu og flytja nú þetta vantraust, í tíð vinstri stjórnar, með tugum margvíslegra uppbóta og álaga á lögskráð gengi, þ. e. a. s. seldan og keyptan erlendan gjaldeyri, að engin furða er í sjálfu sér, þótt fram hafi komið svo greinilega í kvöld og gærkvöld, að stjórnarandstæðingar kunna bókstaflega engin skil á þessu lengur.

Herra forseti. Vantraustið er rökstutt af vanefnum. Það hefur reynzt of mikill órói í huga þeirra manna flestra, sem gerzt hafa talsmenn þess, til þess að skýr og hlutlaus hugsun fái að ráða. Sumir eru líka langþreyttir á stjórnarandstöðu, farnir að lýjast, eins og verða vill. Ríkisstj. mun nú kappkosta að veita í stjórnsýslu og löggjöf alveg á næstunni svör við þeim spurningum, sem forseti Alþýðusambandsins varpaði fram í gærkvöld af engri illkvittni, eins og hann sagði sjálfur, hvaða hliðarráðstafanir yrðu gerðar til varnar þeim fyrst og fremst, sem hætt er við, að veigaminnstir séu til þess að mæta áhrifum gengisfellingar. Minnzt hefur verið á lækkanir tolla til lækkunar vöruverði, sparifjárverðfestingu, uppbætur á ellilífeyri og örorkubætur og aðstöðu námsmanna erlendis og margt fleira. Um þessi atriði hefur stjórnin tjáð sig fúsa til samráðs við samtök launþega og atvinnustétta. Vandi okkar er mikill, en við eigum fyrningar frá viðreisnartímabili, nýjan skipastól, nýtízku framleiðslutæki, alhliða vélvæðingu og samgöngutæki, gjaldeyrisvarasjóð, sem hefur enn reynzt nægur til þess að verjast áföllum fram að þessu, samhliða öðrum ráðstöfunum. Vonandi auðnast okkur sameiginlega að búa með hagsýni að okkar, samfara batnandi árferði og viðskiptakjörum, svo að fram verði haldið til vaxandi almennrar vel-

sældar í okkar litla, en góða landi, þótt harðbýlt sé á köflum. — Góða nótt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það hefur mikið gengið á í efnahagsmálunum undanfarnar vikur hér á Alþ. Fyrsta lotan var sú, að ríkisstj. lagði fram till. sínar um nýjar efnahagsaðgerðir í byrjun þings. Samkv. þeim till. átti að afla ríkissjóði nýrra tekna, sem næmu 750 millj. kr. á ári, með nýjum sköttum í ýmsu formi og stórhækkuðu verðlagi á öllum helztu nauðsynjavörum almennings eða nokkrum helztu nauðsynjavörum almennings. Með þessum till. fylgdu þær yfirlýsingar stjórnarinnar, að hún væri á móti gengislækkun og teldi þá leið skapa fleiri og meiri vandamál en hún leysti.

Önnur lotan varð samt sem áður stórfelld gengislækkun, sem nýlega hefur verið ákveðin og þegar er farin að hafa sín viðtæku áhrif í verðlags- og kjaramálum. Og hvað er það þá, sem á að gerast í efnahagsmálunum samkv. öllum þessum till.? Í aðalatriðum er það þetta: Álögurnar, sem till. voru gerðar um í fyrstu lotu, eiga allar að standa, nema farmiðaskatturinn. Það á sem sagt að afla ríkissjóði nýrra tekna samkv. þessari fyrri leið, sem nemur um 700 millj. kr. á ári. Verðhækkanirnar á kjöti, mjólk og kartöflum, sem ákveðnar voru í októbermánuði, eiga að standa áfram. Hækkunin á áfengi og tóbaki á að standa, og hækkun á pósti og síma á að koma. Útvarpsgjöld skulu hækka, sjónvarpsgjald hækkar, iðgjald til almannatrygginga hækkar, sjúkrasamlagsgjöld eiga að hækka, lagður verður á nýr fasteignaskattur, sem ná mun til alls íbúðarhúsnæðis í landinu. Og hitaveitugjöld eiga að hækka um 18%. Allar skulu þessar álögur standa samkv. því, sem nú er upplýst. En ofan á allt þetta kemur svo hin mikla gengislækkun, gengislækkunin, sem ríkisstj. sagðist ætla að forða þjóðinni frá með þessum fyrri till. sínum. Fyrir ríkissjóð munu þessar ráðstafanir hafa þau áhrif, að tekjur hans hækka um 700 millj. kr. vegna fyrri ráðstafananna og um 300 millj. með því, að niður eiga að falla greiðslur til sjávarútvegsins, sem áður hafði verið aflað tekna til að greiða. Þannig munu tekjur ríkissjóðs raunverulega aukast um 1000 millj. kr., en til viðbótar því koma svo stórauknar tolltekjur vegna gengislækkunarinnar og mikil hækkun á söluskatti, einnig vegna gengislækkunarinnar. Augljóst er því, að ríkissjóður mun skófla til sín nýjum tekjum í skjóli efnahagsaðgerðanna, auðvitað með þeim afleiðingum, að verðlag í landinu fer stórhækkandi. Það lætur því heldur einkennilega í eyrum að heyra hér í þessum umr. hæstv. fjmrh. skora á almenning í landinu að stilla nú kröfum sínum í hóf og tala um prófraun, sem menn gangi nú undir í sambandi við framkvæmd gengislækkunarinnar. Mér sýnist, að hann stilli ekki sínum kröfum í hóf fyrir hönd ríkissjóðs og hann hafi með þessum kröfum öllum, greinilega fallið á sínu gengislækkunarprófi.

En hver verða áhrif þessara ráðstafana fyrir launafólk í landinu? Samkv. fyrri efnahagsmálatill. ríkisstj. gerði hún ráð fyrir, að afleiðingar þeirra yrði hækkun á vöruverði, sem næmi 7½% miðað við eldri vísitölu. Nú hefur verið ákveðið, að launafólk fái bætur á laun 1. des., sem nema tæplega 3½%, og standa þá eftir um 4%, sem ekki á að bæta af þessum verðhækkunum miðað við gömlu vísitöluna. Fulltrúar ríkisstj. gera ráð fyrir, að verðhækkanir vegna gengislækkunarinnar muni nema a. m. k. 8%, og er ekki ætlað að bæta þá verðhækkun að neinu í kaupgjaldi. Ljóst er því, að ríkisstj. ásætlar sjálf, að launamenn í landinu eigi að taka á sig beina kjaraskerðingu á næstu mánuðum, sem nemur a. m. k. 12%, en sennilegra er, að þessi kjaraskerðing muni nema 15—16%. Sams konar kjaraskerðing á að ganga yfir sjómenn, því að upplýst er, að gengislækkunin sé reiknuð út á þeim grundvelli, að kaup sjómanna eigi ekki að hækka í krónum og það verði því að breyta hlutaskiptakjörum þeirra, ef fiskverð verði látið hækka. Hér er um ótrúlega ósvífnar ráðagerðir að ræða, ráðagerðir, sem útilokað er með öllu, að ríkisstj. geti komið fram. Það er svo dæmi um óskammfeilni hæstv. ráðh. að tala hér í þessum umr. um frið og sættir og samvinnu, um leiðir til þess að framkvæma gengislækkunina, þegar málatilbúnaður þeirra er á þessa lund.

En hvernig ætlar svo ríkisstj. að standa að framkvæmd gengislækkunarinnar gagnvart milliliðum? Jú, hún hefur þegar ákveðið, að heildsalar og aðrir innflytjendur fái leyfi til þess að hækka þegar í stað verð á öllum vörubirgðum, sem í landinu voru, þegar gengislækkunin var ákveðin, enda skuldi þeir erlendis vegna þessara vörubirgða, og það gera þeir allir. Samkv. þessari heimild er þegar búið að hækka verð á olíum, benzíni, smjörlíki, kaffi og fleiri vörutegundum, og næstu daga munu berast tilkynningar um allt verðhækkunarflóðið. Á sama hátt á nú að leyfa skipafélögum að hækka flutningsgjöld á öllum vörum, sem liggja í afgreiðslum þeirra, jafnvel þó að þær vörur hafi verið fluttar til landsins fyrir mörgum mánuðum, enda geti skipafélögin sýnt, að þau skuldi erlendis vegna starfsemi sinnar. Þannig ætlar ríkisstj. að standa að því, sem Jón Þorsteinsson þm. Alþfl. talaði hér um fyrr í kvöld, að jafna byrðunum niður á alla landsmenn. Launþegar eiga strax að taka á sig stórfellda kjaraskerðingu, en það á að vægja til fyrir milliliðum.

Það væri kannske ástæða einnig til þess að spyrja um það, hvernig ríkisstj. ætli að láta ýmsa aðra aðila standa undir útgjöldum vegna gengislækkunarinnar. Hvað ætlar ríkissjóður t. d. sjálfur að taka á sig í þeim efnum? Og hvað á verzlunarstéttin almennt að taka á sig í þeim efnum? Um það hefur ekkert komið fram. En verðhækkanir, sem til falla af þessu tagi og öðru, hafa ekki áhrif á stjórnarvöld

landsins vegna þess, að þær á ekki að mæla inn í neina kaupgjaldsvísitölu. Hún á engin að reiknast út þrátt fyrir allar verðbreytingar eftir 1. des. n. k. Og hverjar verða svo afleiðingar þessara efnahagsaðgerða fyrir útflutningsatvinnuvegina, sem allt þetta á þó að vera gert fyrir? Samkv. till. ríkisstj. á að gera upptækan allan þann gengishagnað, sem til fellur af þeim útflutningsvörubirgðum, sem til eru í landinu, og ekki aðeins af þeim birgðum, sem til voru, þegar gengislækkunin skall á, heldur einnig af þeim vörum, sem framleiddar verða í næsta mánuði eða til áramóta.

Ljóst er því, að þær vörur, sem framleiddar verða hér eftir til áramóta til útflutnings, verða framleiddar við óhagstæðari kjör en verið hefur, þar sem framleiðslukostnaður hækkar, sbr. olíuhækkunina, sem þegar er orðin, hækkun á umbúðum, stórfelld hækkun á frögtum og hækkun á veiðarfærum og fleira í tilkostnaði framleiðslunnar. Þennan gengishagnað á að leggja á sérstakan reikning í Seðlabankanum, og honum ætlar ríkisstj. að ráðstafa síðar í einhverja sjóði eða einhverjar vanskilaskuldir. Mjög er vafasamt, hvernig hagur hinna einstöku greina útflutningsframleiðslunnar verður eftir þessar ráðstafanir. Þó er ljóst, að sumar greinarnar a. m. k. munu ekki fá verulega bætta rekstraraðstöðu, eftir að ríkissjóður hefur dregið til sín 300 millj., sem áður runnu til sjávarútvegsins, og eftir að allar rekstrarvörur hafa stórhækkað frá því, sem áður var.

Sú ávísun ríkisstj. til atvinnuveganna, að kaup sjómanna skuli standa óbreytt og aflahlutur þeirra minnka og kaup verkafólksins skuli rýrna að verðgildi um a. m. k. 12%, mun ekki standast. Sú ávísun mun reynast ógild, þegar á reynir. Efnahagstill. ríkisstj. munu ekki koma að gagni fyrir atvinnuvegina, vegna þess að efnahagsstefna hennar er röng í grundvallaratriðum. Ríkisstj. ætlar áfram að halda uppi verðbólgustefnu sinni. Hún leiðir áfram hverja verðhækkunina af annarri, sem hægt hefði verið að komast hjá. Hún knýr fram þannig fjármálaaðgerðir fyrir ríkissjóð, að af mun hljótast verðhækkunaralda. Ríkisstj. trúir því enn, að framboð og eftirspurn geti ráðið eðlilegri verðlagsþróun í landinu. Hún heldur áfram í okurvaxtapólitík sína, einnig gagnvart útflutningsatvinnuvegunum, og hún ætlar sér þá dul, að hún geti með verðhækkunarpólitík sinni rænt verkamenn, sjómenn, bændur og annað verkafólk, sem nemur a. m. k. 12% í launakjörum. Þessa fáránlegu stefnu reyndu núv. stjórnarflokkar með gengislækkuninni 1960. Þá voru vísitöluuppbætur á laun bannaðar með lögum. Afleiðingarnar urðu gífurleg átök á vinnumarkaði. Fyrst skullu yfir verðhækkanir, svo verkföll og kauphækkanir, svo aftur verðhækkanir og enn aftur verkföll, þangað til í júní 1964, að ríkisstj. gafst upp og leiddi aftur í lög vísitölubætur á laun.

Það verður að telja alveg furðulegt, að líklega verðandi formaður Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason ráðh., skuli enn skilja svo lítið starfshætti verkalýðsfélaganna í landinu að telja það til misbeitingar á samtökunum, að þau skyldu lýsa yfir vinnustöðvunum, ef verðlagsuppbætur yrðu ekki greiddar á laun 1. des. Verkalýðsfélögin höfðu gilda samninga staðfesta í landslögum um það, að laun skyldu breytast í samræmi við verðlag, og þau áttu að fá hækkun á kaupi samkv. þeim samningum nú 1. des. Þennan rétt ætlaði ríkisstj. að ógilda með l., og af því reis verkalýðshreyfingin upp sem einn maður til varnar sínum rétti. Þetta virðist ráðh. ekki skilja og kastar því fram þeirri fullyrðingu, að stjórnarandstaðan á Alþ. hafi misnotað verkalýðshreyfinguna og staðið að verkfallsboðunum. Með þessum fullyrðingum vill Gylfi Þ. Gíslason halda því fram, að við stjórnarandstæðingar á Alþ. höfum ráðið yfir Jóni Sigurðssyni formanni Sjómannasambandsins, Óskari Hallgrímssyni formanni rafvirkjafélagsins, Guðjóni í Iðju og mörgum öðrum forustumönnum í verkalýðsfélögunum, sem þó eru stuðningsmenn ríkisstj. kallaðir. Sú stefna, sem leiðir til látlausra verðlagshækkana, til sívaxandi milliliðagróða, til skipulagsleysis og ringulreiðar í fjárfestingu, til sóunar á gjaldeyri, grefur undan verðgildi sparifjár almennings og leiðir til óhjákvæmilegra átaka á vinnumarkaði og til rekstrar- og framleiðslustöðvana, fær ekki staðizt. Hún á ekki rétt á sér. Sú stjórnarstefna, sem mörkuð er skilningsleysi á þörfum íslenzkra atvinnuvega, en dekri við erlenda auðhringa, er efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar hættuleg. Þeirri stefnu verður að breyta. Stefna núv. ríkisstj. á því að hljóta vantraust, og ríkisstj. á að fara frá völdum, og það sem fyrst. Það er bezt fyrir þjóðina. — Góða nótt.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Háttvirtir áheyrendur. Hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldsson, sagði, að gengi Alþfl. hefði aldrei verið meira en þegar hann hefði haft samvinnu við Framsfl., en nú sé gengi flokksins sífellt að hraka. Ég skal ekkert fullyrða um gengi eða gengisleysi Alþfl. og Framsfl. Þó hygg ég, að fylgi Alþfl. við síðustu kosningar hafi ekki verið minnkandi, heldur þvert á móti. En hitt vil ég segja hv. þm., að reynsla Alþfl. af samvinnu við Framsfl. hefur jafnan verið erfið og jafnan endað með ósköpum. Sérhagsmunir flokksins, pólitískir sérhagsmunir, hafa jafnan verið látnir sitja í fyrirúmi fyrir hagsmunum almennings. Þetta er ástæðan fyrir því, að samvinna við Framsfl. hefur ekki þótt eftirsóknarverð.

Það eru ófáar ávirðingarnar, sem stjórnarandstaðan hefur borið á ríkisstj. Hún á að hafa svikið loforð, sem gefin voru fyrir kosningar s. l. vor. Þeir segja, að stjórnarstefnan sé í meginatriðum röng, gengisfellingin nú óþarflega mikil, 5% lækkun íslenzkrar krónu hefði svarað til gengisfellingar pundsins, allt, sem þar sé fram yfir, sé afleiðing af rangri stjórnarstefnu, og margt fleira hefur verið fundið stjórninni til foráttu. Þessum ásökunum hefur nú verið hnekkt í öllum megin-

atriðum. En ég skal aðeins fara um þær nokkrum orðum.

Stjórnarflokkarnir sögðu fyrir kosningarnar, að þeir vildu leitast við að halda verðlaginu í skefjum, og það hefur tekizt í hálft annað ár. Frá miðju árinu 1966 og til þessa dags. En það tókst því aðeins, að hægt var að greiða niður verð á nokkrum vörutegundum með greiðsluafgangi fyrra árs. Þegar sá greiðsluafgangur var þrotinn, varð að taka til annarra ráða. Við það var efnahagsmálafrv. ríkisstj. miðað, sem borið var fram í upphafi þessa þings. Þegar svo þar við bættist verðfallið á íslenzkum útflutningsvörum, svo stórkostlegt, að ekki hafði annað eins átt sér stað í áratugi, varð allt erfiðara um vik. Útflutningsverðmætissamdráttur og birgðarýrnun á fyrstu 10 mánuðum þessa árs hefur numið nú hvorki meira né minna en 1500 millj. kr., svo að augljóst er, að þessi rýrnun þjóðartekknanna hlýtur að snerta þjóðina alla. Þó var ríkisstj. staðráðin í því að leitast við að freista að ná endum saman án gengislækkunar ísl. kr., í þeirri von, að útflutningsvörur okkar mundu aftur hækka eitthvað á ný. En þegar brezka gengislækkunin bættist svo við, var sýnilegt, að ekki yrði fram haldið á þeirri leið og ekki yrði hjá því komizt að lækka gengið. Þá þótti eðlilegt og sjálfsagt, að gengislækkun okkar yrði meiri en Bretanna, til þess að með henni og henni einni yrði einnig hægt að rétta við hag útflutningsatvinnuveganna, og þetta hefur nú verið gert. Að stjórnarstefnan eigi einhvern mikinn þátt í þessu, er hins vegar á engum rökum reist. Ríkisstj. hefur leitazt við að efla hag útvegsins með því fyrst og fremst að gera honum kleift að afla sér nýtízkulegra skipa, fullkominna vinnslustöðva í landi og með því að koma á þeirri vinnuhagræðingu, sem frekast er mögguleg. Það er því ekki stefna ríkisstj., sem hefur valdið því, að gengislækkunin hefur verið gerð, heldur aflatregða, verðfall og aðrir utanaðkomandi örðugleikar, og síðast en ekki sízt verðfall pundsins. Gengislækkun er að vísu alltaf tvíeggjuð ráðstöfun, og hún kemur ekki að fullum notum, nema því aðeins, að verðlagi og kaupgjaldi sé haldið í skefjum. Ef þetta er ekki gert, eyðast áhrif hennar furðu fljótt, og allt situr við sama, nema að gildi krónunnar hefur minnkað og verðlag innanlands hefur hækkað. Allt veltur því á því, að til verulegra kauphækkana komi ekki og ströngu verðlagseftirliti verði beitt.

Nú hafa stjórnarandstöðuflokkarnir borið fram till. um vantraust á ríkisstj., og það er hún, sem hér hefur verið til umr. í kvöld og í gærkvöld. Sjálfsagt fyrst og fremst vegna gengisbreytingarinnar, skulum við segja, en vitaskuld einnig í þeirri von, að hún verði samþ. og stjórnin fari frá og þeir sjálfir komist að, þó að ekkert liggi fyrir um það, hvernig þeir ætli að leysa aðsteðjandi vanda. Það má segja í þessu sambandi, að sagan endurtekur sig, eins og oft hefur verið sagt, og allur málflutningur og málatilbúningur stjórnarandstöðunnar nú minnir mjög á atburð, sem gerðist hér á Alþ. fyrir tæpum 18 árum eða á öndverðu ári 1950. Þá hafði ríkisstj., sem var minnihlutastjórn Sjálfstfl., borið fram frv. um gengislækkun til lausnar á aðsteðjandi efnahagsvanda. Framsfl. bar þá fram vantraust á ríkisstj. eins og nú. Hann fékk það samþykkt. En hvað gerði hann þá? Hann myndaði nær samstundis stjórn með þeim flokki, sem hann hafði borið fram vantraust á. Hygg ég, að þetta muni einsdæmi í allri þingsögunni, að flokkur, sem ber fram vantraust á annan, myndi þegar í stað stjórn með þessum sama flokki, sem hann hafði fengið samþ. vantraust á. En hvað varð svo um gengisfellingarfrv., sem Sjálfstfl. hafði borið fram? Hvað varð um þetta frv., eftir að Framsfl. var kominn í ríkisstj.? Það merkilega skeði, að frv. var samþ. og með atkv. framsóknarmanna og með nákvæmlega sömu gengislækkuninni og Sjálfstfl. lagði til í upphafi. Þetta varð niðurstaðan af þessu vantrausti. Þetta befur þá kannske verið einhver smávægileg gengislækkun, kunna menn að spyrja. Nei, þessi gengislækkun var aldeilis ekki smávægileg. Hún var, ef svo má segja, stórkostleg. Þetta var hækkun á Bandaríkjadollar um hvorki meira né minna en 75%, meira en helmingi meiri en sú gengislækkun, sem nú er verið að tala um hér. En þá kunna menn kannske að spyrja enn: Það hefur kannske verið langt um liðið, kannske mörg ár síðan ísl. krónan var þá síðast lækkuð? En það var ekki heldur tilfellið. Framsfl. hafði verið með í því að hækka gengið á Bandaríkjadollar um 44% réttu hálfu ári áður, réttu hálfu ári áður, svo að þá hlýtur kannske stjórnarstefnan á undanförnum árum að hafa verið mjög slæm, mjög röng, þar sem nauðsynlegt þótti að lækka gengi ísl. kr. svo ofsalega, ekki einu sinni, heldur í tvígang. En það skyldi maður þó ekki halda, að stjórnarstefnan á undanförnum árum hafi verið mjög röng, a. m. k. ekki að dómi Framsfl., því að 3 árin næstu á undan hafði Framsfl. setið í ríkisstj. og ráðið stefnunni, eins og aðrir, sem þar áttu sæti. Og skyldi maður þá halda, að þar hefði verið vel ráðið. En til þess að bæta þar um, þurfti ekki eina gengislækkun á hálfu ári, heldur tvær, aðra upp á 44% hækkun á Bandaríkjadollar og hina upp á 75% hækkun 6 mánuðum síðar. En þetta fór nú svona samt. Þess er þó skylt að geta, að fyrri gengisfellingin í sept. 1949 var gerð í sambandi við það, að Bretar felldu gengi síns sterlingspunds, og fylgdum við þeirri lækkun þá, en ekki heldur meira og létum óleyst vandamál okkar eigin efnahagslífs, og það leiddi til þess, að gengisfellingin í marz var gerð, réttum 6 mánuðum síðar. Þarna er störfum Framsfl. rétt lýst. Þeir bera fram vantraustst1ll. til þess að komast í ríkisstj., en þegar þeir eru komnir í ríkisstj., samþ. þeir sömu gengislækkunina og Sjálfstfl. hafði áður lagt til. Það skyldi þó ekki vera, að það sama vaki fyrir flokknum enn, að ef vantraustst1ll. þessi yrði samþ. og þeir kæm-

ust í ríkisstj., að þeir mundu þá standa að sömu leiðum, sömu gengisfellingu og núverandi ríkisstj. hefur stungið upp á? Ég hygg, að með samþykkt þessarar vantrauststill. verði enginn vandi leystur, nema ef til vill sá, sem er Framsfl. sjálfum mest á höndum, vegna þess að þeir eiga ekki sæti í núv. ríkisstj.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Háttvirtir áheyrendur. Jóhann Hafstein var hér enn einu sinni að vitna í gjaldeyrissjóðinn. Sá sjóður er nú svo samanskroppinn, að hann dugar rétt rúmlega til að mæta erlendum lausaskuldum, sem myndazt hafa á viðreisnartímanum. Það er nú allur árangurinn af góðærinu.

Hæstv. ráðh. hafa verið að segja hér, að menn greindi á um orsakir gengisfellingarinnar. Þetta held ég, að sé ekki rétt, nema að mjög litlu leyti. Því hefur verið haldið fram án mótmæla, að um það bil fimmtungur hennar eigi rætur sínar að rekja til þess, að sterlingspundið var fellt hinn 19. þ. m. Að öðru leyti var lækkunin framkvæmd fyrst og fremst til að jafna þann halla, sem verðbólguþróun undanfarandi ára hafði komið á atvinnuvegina. Um þetta eru að minnsta kosti flestir sammála. Þegar vel gekk, stóð ekki á að eigna sér það. Nú segir hæstv. utanrrh., að stjórnarstefnan eigi mjög óverulegan þátt í því, sem gerzt hefur. Það er raunar fleira en lækkun gengis, sem læra má af Bretum. Í kvöld var frá því skýrt, að fjmrh. James Callaghan hefði sagt af sér embætti vegna þess, að áður en pundið var fellt, hafi hann blekkt svo marga með því að afneita gengislækkun fram á síðustu stund. Geta nú ekki einhverjir hér lært eitthvað af þessu? Eða eru íslenzkir ráðh. kannske upp yfir svona siðareglur hafnir? Þegar gengið hefur verið fellt áður, meira að segja í tíð núv. stjórnarflokka, hafa jafnan verið gerðar ýmsar ráðstafanir til að tryggja, að skaðleg áhrif gengislækkunar yrðu sem minnst, það ranglæti, sem alltaf vill sigla í kjölfar þessarar hallærisráðstöfunar, yrði eins lítið og frekast er kostur. Nú er þessi háttur ekki á hafður. Nú er gengislækkunin ákveðin einhliða. Lagasetning hefur að vísu verið boðuð, en engar upplýsingar fást um efni hennar. Þau l., sem fram að þessu hafa verið sett, eru síður en svo líkleg til að hafa áhrif í framangreinda átt, eins og ég mun sýna.

Lögfest hefur verið, að sú verðlagsuppbót, sem launafólki er ætluð fyrir allri þeirri verðhækkun, sem orðið hefur síðan 1. ágúst, eigi aðeins að verða 3.4%. Þetta er gert með því að taka upp nýjan vísitöluútreikning, sem launþegum er til muna óhagstæðari en sá gamli, að minnsta kosti í fyrstu lotu. Þessi 3.4% verða að nægja til að bæta upp þá stórfelldu verðlagshækkun, sem leiðir af því, að í okt. s. l. voru stöðvaðar niðurgreiðslur á ýmsum landbúnaðarvörum, sem námu hvorki meira né minna en 410 millj. kr. Auk þess eiga þær að standa undir fjölmörgum hækkunum öðrum, sem orðið hafa á umræddu tímabili. Þessi rök hafa því engin áhrif í þá átt að draga úr áhrifum gengislækkunarinnar á kjör launafólks. Þau eru aðeins til að mæta þeirri kjaraskerðingu, sem orðin er þegar af öðrum ástæðum, og hrökkva þó hvergi nærri til. Hagspekingar stjórnarinnar hafa áætlað 7% verðhækkun vegna gengisfellingarinnar, en flestir aðrir telja víst, að hún verði miklu meiri. Engar upplýsingar fást um það, hvernig þessi tala sé fundin.

Undanfarna daga hafa margar tilraunir verið gerðar til þess hér á Alþ. að fá að vita eitthvað um það, hvaða hliðarráðstafanir séu ráðgerðar, en hæstv. ráðh. verjast allra frétta og rembast við að þegja. Hv. þm. Bragi Sigurjónsson, sem í ræðu sinni í gærkvöld vitnaði jöfnum höndum í Bergþóru Skarphéðinsdóttur og Sigurð Ingimundarson, leyfði sér að gagnrýna þm. stjórnarandstöðunnar fyrir það að spyrja um fyrirhugaða framkvæmd þessara mála. Þjóðin á þó ótvíræðan rétt á slíkum upplýsingum. Gengislækkun er ekkert einkamál ráðh., og mig furðar á því, að Bragi Sigurjónsson og aðrir þm. stjórnarflokkanna skuli ætla að votta þeirri ríkisstj. traust, sem virðir Alþ. ekki einu sinni svars, þegar örlagaríkustu mál þjóðarinnar eru rædd. Það er fyrst nú í kvöld, að því brá fyrir hjá einum stjórnarþm., Jóni Þorsteinssyni, og raunar hjá hæstv. dómsmrh. líka, að líklega þurfi nú að huga að einhverjum þeirra atriða, sem stjórnarandstæðingar hafa verið að klifa á að undanförnu. En allt var það þó mjög loðið.

Í l., sem samþ. voru í gær, er fleira en það, sem nú hefur verið talið. Þar er jafnframt ákveðið, að rofin skuli tengslin milli kaupgjalds og verðlags og þar með niður felld sú eina trygging, sem launþegar hafa haft gegn því að kaffærast í verðbólguflóðinu. Hér eftir skal það vera samningsatriði milli verkalýðsfélaga og atvinnuveitenda, hvort verðlagsuppbætur á laun séu greiddar eða ekki. Það breytir vitanlega engu í reynd fyrir launþega, hver hluti af kaupi hans er kallaður grunnlaun og hver verðlagsuppbót. Eftir breytinguna verður launþeginn að sækja allan rétt sinn til atvinnuveitandans, ekki bara grunnkaupið, eins og verið hefur, heldur afleiðingarnar af verðlagsþróuninni líka, og hljóta þá allir að sjá, hversu aðstaðan er stórum verri en áður. Halda menn þá, að svona aðgerðir séu til þess fallnar að bæta vinnufriðinn? Nei, áreiðanlega ekki, enda skýra forustumenn verkalýðsfélaganna nú frá því, að þeir hafi aðeins verið að fresta aðgerðum, þegar þeir aflýstu boðuðum verkföllum um daginn. Baráttan er eftir, segja þeir, baráttan fyrir rétti launþeganna, og sú barátta verður auðvitað þeim mun harðari, sem ósamræmið er meira á milli kaupgjalds og verðlags.

Fram að þessu hefur mér yfirleitt virzt allir vera sammála um, að gengislækkun sé neyðarúrræði. T. d. sagði forsrh. ekki alls fyrir löngu, að gengislækkun skapaði fleiri vandamál en hún leysti. En undanfarna daga hefur kveðið við nýjan tón í stjórnarblöðunum um þetta. Þess hafa víða sézt dæmi, og hér var minnzt

á forustugreinina í Vísi s. l. laugardag, sem einna opinskáast hefur lýst þessari nýju hagspeki. Fyrirsögn greinarinnar, sem fjallaði um neyðarráðstöfun þá, sem gengisfelling nefnist, ber heitið „Birtir upp", og efni hennar er að sanna, hversu gengislækkun sé allra meina bót, nýtt líf færist í atvinnufyrirtækin og nýir viðreisnartímar væntanlega á næsta leiti. En engin er rós án þyrna, og ríkisstj. hefur ekki komizt hjá því að stinga sig ofur lítið, því að síðar í greininni segir orðrétt:

„Það er sjálfsagt gert gegn betri vitund sinni, að ríkisstj. leggur nú jafnframt fram lagafrv., þar sem gert er ráð fyrir, að vísitöluhækkanir fyrir 1. des. n. k. verði reiknaðar inn í laun, eins og verið hefur undanfarin ár."

Já, það er vafalaust gert gegn betri vitund hæstv. ráðh. að setja svona l., sem fela í sér hvorki meira né minna en 3,4% verðlagsuppbót á laun í landinu á sama tíma og erlendur gjaldeyrir er hækkaður í verði um 32.6%. Menn sjá af þessu, hvernig hæstv. ríkisstj. vildi helzt hafa framkvæmt gengislækkunina. Hér sannast því enn hið fornkveðna, „að gera verður fleira en gott þykir".

Hvernig skyldi svo ganga að standa við stóru orðin, eins og t. d. það, að þeir, sem knýja fram gengislækkun til þess að hagnast á henni, skuli fá að borga brúsann? Er það þá verkafólkið, sem hefur knúið þessa gengislækkun fram? Nei, kaupmáttur tímakaups hefur lítið sem ekkert vaxið á viðreisnartímabilinu. Eða kannske að það séu sparifjáreigendurnir? Tæplega mun það, því að enginn tapar meira á þessu en einmitt þeir, sem hafa verið að reyna að spara saman á undanförnum árum. Hvað þá um opinbera starfsmenn og bótaþega trygginganna? Ef til vill hafa þeir knúið þessa breytingu fram? Illa hygg ég að ganga muni að færa rök að þeirri fullyrðingu, því að þessir hópar hafa enga möguleika á að rétta hlut sinn, hafa ekki einu sinni samningsrétt hvað þá verkfallsrétt. Eða unga fólkið, sem á að borga húsnæðislánin sín með verðlagsálagi, einnig eftir að uppbótin á kaupi þess hefur fallið niður. Hvað um það? Varla má það líklegt þykja, að hér séu þeir fundnir, sem mest hagnast á gengislækkun og fylgifiskum hennar. Nei, þetta er ekki fólkið, sem knúði gengislækkunina fram. En þetta er fólkið, sem verður að borga brúsann. Það er hins vegar augljóst mál, að gengislækkun þessi er m. a. knúin fram til þess að afla ríkissjóði tekna. Stjórnin gat ekki komið saman hallalausum fjárlögum, nema með því að leggja á enn þá nýja skatta. Gengislækkun án tollabreytinga eykur tekjur ríkissjóðs um mörg hundruð millj. Hér er því einn aðili fundinn, sem hagnast á breytingunni. Til þess að standa við stóru orðin, þó að ekki væri nema að hluta, ætti því ríkisstj. nú að stórlækka tolla og draga jafnframt úr útgjöldum ríkissjóðs. Það er lítið samræmi í því að krefjast fórna af almenningi, en auka fjárausturinn hjá því opinbera. Með endurskipulagningu ríkisrekstrarins má koma fram gífurlegum sparnaði. Þenslan í skrifstofubákninu þarf að hverfa, en hagsýni og ráðdeild að koma í staðinn. Væri þetta gert, er einhver von til þess, að gengisfellingin verði atvinnuvegunum sú lyftistöng, sem vonazt er eftir, án þess að byrðar almennings þyrftu að verða óbærilegar. Að öðrum kosti er vandséð, hver ávinningurinn verður.

Herra forseti. Þessum umræðum er nú lokið. Ég vona, að þær hafi orðið til þess að skýra að nokkru þau mál, sem rædd hafa verið, fyrir hv. hlustendum. Lítill vafi er á því, að þm. Sjálfstfl. og Alþfl. muni verja ríkisstj. vantrausti í atkvgr. hér á eftir. En það er sannfæring mín, að núna, þegar blekkingarhjúpnum frá í vor hefur verið burtu svipt og það liggur ljóst fyrir og staðfest, m. a. með játningu Alþýðublaðsins, að engum, engum var það ljósara þá en einmitt ráðherrunum Bjarna Benediktssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni, að gengislækkun var fram undan, að þetta vantraust mundi ekki verða fellt af kjósendum, ef þeir hefðu atkvæðisrétt, heldur samþykkt með miklum meiri hluta. — Góða nótt.

ATKVGR.

Till. felld með 31:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VG, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, JK, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HS, HV, IG.

nei: JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, GeirH, PJ, PB, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, BGr, BK, BBen, BGuðm, BrS, EggÞ, EmJ, ÁP, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, BF.

1 þm. (MÁM) fjarstaddur.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Náttúruvernd og náttúruskoðun.

Á 2. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um náttúruvernd og ráðstafanir til þess, að almenningur eigi aðgang að heppilegum stöðum til útivistar og náttúruskoðunar [6. mál] (A. 6).

Á 7. fundi í Sþ., 25. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur að flytja þáltill. um náttúruvernd og ráðstafanir til þess, að almenningur eigi aðgang að heppilegum stöðum til útivistar og náttúruskoðunar.

Efni till. er það, að Alþ. álykti að koma á fót 7 manna mþn. til þess að endurskoða l. um náttúruvernd og gera till. um aukna náttúruvernd og ráðstafanir, sem stuðli að því, að almenningur eigi aðgang að heppilegum stöðum til útivistar og náttúruskoðunar. Við leggjum til, að 5 nm. séu kosnir af Sþ., en einn tilnefndur af Hinu íslenzka náttúrufræðifélagi og einn af Ferðafélagi Íslands. Ég skal færa nokkrar ástæður fyrir því, að við flytjum þessa þáltill.

Það er enginn vafi á því, að í mörgum löndum eru þessi efni, náttúruvernd og möguleikar manna til þess að eiga aðgang að sínu eigin landi til ferðalaga og náttúruskoðunar, orðin meðal hinna stærstu vandamála, og mundu margar þjóðir nú óska þess heitt og innilega, að þau mál hefðu verið tekin fastari tökum fyrir löngu. Í þessu sambandi á það betur við en víðast annars staðar, að ekki er ráð nema í tíma sé tekið.

Við Íslendingar höfum áreiðanlega mikla og ríka ástæðu til þess að taka þessi mál æði föstum tökum og láta það ekki dragast. Að vísu hefur margt verið gert í þessa stefnu og sumt af því ágætt, m. a. sett löggjöf um þessi efni. En þó er enginn vafi á því, að við erum mjög stutt komin í þessum málum og gera þarf miklu stærri átök en enn hefur orðið úr og endurskoða þessi mál frá rótum.

Ísland er þannig gert, að það er með allra fjölbreyttustu löndum. Það leikur enginn vafi á þessu, og ísl. þjóðin er vitaskuld mjög lánssöm að eiga slíkt land. Ég mundi vilja orða þetta svo, að fjölbreytni væri svo mikil hér á landi, að nálega opnaðist nýr heimur við hver vatnaskil og hvert annes á landinu. Þetta er kannske nokkuð mikið sagt, en það er þó ekki langt frá réttu. Ég ætla ekki að fara að nefna dæmi um þetta, en þegar ég segi þessi orð, hef ég m. a. í huga leiðina frá Akureyri að Skeiðará. Ég vil biðja þá hv. þm., sem hafa farið þessa leið við góð skilyrði, að íhuga, hvort þetta séu miklar ýkjur, sem ég var að segja. Og það sama má áreiðanlega segja um marga aðra landshluta og mörg önnur byggðarlög. En þetta er alveg sérstakt um Ísland og vafamál, að þessu sé annars staðar til að dreifa í jafnríkum mæli og hér.

Við höfum miklar skyldur við þetta land, en ég skal ekki fara að halda hér langa ræðu út frá þeim texta. Ég bendi aðeins á þetta til þess að sýna, hversu mikilvæg þau málefni eru, sem hér er drepið á og þáltill. er beint að.

Ég sagði áðan, að talsvert hefði verið gert í þessum málum. Hér starfar náttúruverndarráð, en samt sem áður er þessu þannig varið, að það er óðfluga verið að eyðileggja ýmsa staði og vinna tjón í þessum efnum, sem aldrei verður bætt. Ég gæti fundið þessum orðum mínum stað með dæmum, ef ég vildi gera það. En ég vil ekki gera það, vegna þess að ég álít, að ég geri málinu ekkert gagn með því. Sumt af því, sem er að gerast í þessum efnum, er svo viðkvæmt og þannig vaxið, að það er áreiðanlega miklu betra að athuga það rólega og við getum sagt að sumu leyti í kyrrþey en að bera einstök atriði í þessu sambandi á torg, eins og þau mál standa. Ég gæti t. d. nefnt dæmi um óbætanlegt tjón, sem verið er að vinna í þessum efnum, hér í grennd við höfuðborgina. Hér er sums staðar verið að eyðileggja náttúrustöðvar, sem eru þannig vaxnar, að það er stórfellt þjóðartjón, ef svo fer fram sem nú horfir. Mér er kunnugt um, að þeir, sem eiga að fjalla um þessi mál, vita þetta, þeim er þetta ljóst, en þeir hafa hvorki

vald né fjármuni til þess að gera það, sem gera þarf.

Ég álít, að það eigi að taka þetta mál viðtækt. Það eigi t. d. í þessu sambandi að gera sér grein fyrir því, að það þarf að koma upp fleiri þjóðgörðum í landinu, að minnsta kosti einum í hverjum landshluta, — þjóðgörðum, sem miðaðir eru við að vernda náttúruna, halda henni í eðlilegu ástandi, forða frá öllu raski, en einnig við hitt, að fólk geti umgengizt þessi svæði. Að garðarnir geti orðið útivistarsvæði fyrir fólk, bæði til náttúruskoðunar og umferðar að öðru leyti. Þetta mál, að koma upp slíkum þjóðgörðum hæfilega víða í landinu á æskilegum stöðum, álít ég, að eigi að vera eitt af verkefnunum í endurskoðun þessara mála, það eigi að blanda því verkefni saman við sjálfa náttúruverndina, eins og raunar er nokkuð gert í náttúruverndarlöggjöfinni, sem nú þegar er fyrir hendi.

Ég get ekki stillt mig um að minnast á, að ég tel það þjóðarlöst, hvernig Íslendingar umgangast land sitt á ýmsa lund, því að segja má, að miðað við það, sem gerist í öðrum löndum, þar sem þessa er betur gætt, sé okkar land löðrandi í rusli, sem þjóðin dreifir um landið. Svo ramt kveður að þessu, að uppi í efstu óbyggðum rekast menn á mjólkurhyrnur og alls konar rusl, sem fólk fleygir frá sér athugunarlaust. Og þó að umgengnin hafi aðeins skánað á undanförnum árum frá því sem hún var, stingur þetta mjög í augun, og er þetta mjög hættulegur ósiður, hvernig menn umgangast landið að þessu leyti. Og ég verð einnig að segja, hvernig menn ganga um við híbýli sín. Ég held því miður, að Íslendingar þoli alls ekki samanburð við aðrar þjóðir, þar sem vel er haldið á í þessum efnum. Þessu er mjög áfátt hjá okkur og þyrfti að breytast, og umgengni okkar öll utanhúss er í æpandi ósamræmi við það, sem er innanhúss. Kannske er þetta fyrir það, að hér liggur það í landi, að karlar eigi fremur að sjá um umgengnina utanhúss en konur innanhúss. Er það ekki til sóma fyrir okkur karlþjóðina, ef þessi er ástæðan. En einhver sérstök ástæða liggur til þess, hversu þessu er ábótavant víða hér umfram það, sem tíðkast annars staðar. Ég álít, að undir þessi málefni, um náttúruvernd, eigi þessi þáttur einnig að koma, og ég álít, að það þurfi að koma til í þessu tilliti einhvers konar skynsamleg forusta. Ég er alveg sannfærður um, að það er hægt með fortölum og skynsamlegri forustu að hafa gífurleg áhrif í þessu efni með aðstoð blaða, útvarps og sjónvarps, ef það væri einhver aðili í landinu, sem sérstaklega hefði með höndum að leiðbeina okkur um þessi efni. En hér álít ég um mjög stóran þátt í þjóðlífinu að ræða og kannske miklu stærri en við gerum okkur hversdagslega grein fyrir.

Þá er einn liður í þessu, sem ég tel einna þýðingarmestan. Hann er sá, hvernig menn temja sér umgengni við landið. Það þurfti enginn að hafa áhyggjur af því fyrir nokkrum árum, að menn slitnuðu úr sambandi við landið, vegna þess að atvinnuhættirnir sáu um það. Meginhluti þjóðarinnar var daglega úti við og daglega í sambandi við sjó og land, ef svo mætti segja. Nú er þetta náttúrlega gerbreytt. Nú er þetta að verða þannig, að mikill hluti og vaxandi hluti þjóðarinnar vinnur störf sín innanhúss, og er allt, sem að þessu lýtur, gjörbreytt frá því, sem áður var. Hefur orðið alger bylting í þessu. Og þá er alls ekki því að leyna, að það er veruleg hætta á því, að menn slitni úr þeim nánu tengslum við landið, sem áður voru, og í þessu er fólgin mikil hætta. Það er ekkert smámál, ef mikill hluti þjóðarinnar kynokar sér við að vera undir beru lofti, nema rétt um blásumarið, þegar allra blíðast er og bezt. Það er hætt við, að mönnum finnist fljótlega íslenzk veðrátta vera nokkuð rysjótt, ef menn leggja það ekki í vana sinn að vera úti, þó að þeir þurfi þess ekki.

Hér er á ferðinni að mínu viti eitthvert allra stærsta mál þjóðarinnar, ef rétt er skoðað, því að þetta að umgangast land, það er í raun og veru alveg eins og að umgangast fólk. Það er í raun og veru innst inni ekki svo mikill munur á því. Og ef menn umgangast ekki, er hætt við, að kunningsskapurinn verði lítill og vináttan ekki djúpstæð. Ég held meira að segja, að menn hafi talsvert mikla tilhneigingu til þess að hafa ímigust á því, sem þeir ekki þekkja, ekki sízt ef ytra borðið er þá kannske ekki alltaf mjúkt — eða það, sem að mönnum snýr — eins og segja mætti um íslenzka veðráttu t. d. Á hinn bóginn vildi ég segja það um íslenzka veðráttu, þó að það séu sjálfsagt dálitlar ýkjur í því, að þegar á allt er litið, er hún einhver hin bezta og æskilegasta. Hér er aldrei heitt, hér er heldur aldrei kalt í þeim réttu skilningi þessara orða. Hér er í raun og veru nálega alltaf mjög þægilegt að vera úti, ef menn temja sér að klæða sig rétt. Sumir virðast álíta, að það sé ekki gerlegt, eins og ég sagði áðan, að vera úti á Íslandi, nema allra blíðustu og beztu sumarmánuðina. Þetta er hinn mesti misskilningur. Það er engu síður hægt að vera úti á Íslandi, þó að menn þurfi þess ekki, að vetrinum en að sumrinu. Ég skal á hinn bóginn ekki fara langt út í það, því að þá halda menn, að ég ætli að fara að tala um skíðaferðir, en það er ekki ætlunin að fara að tala sérstaklega um skíðaferðir.

Það er nú veruleg hætta á því, að menn slitni úr sambandi við landið, og þetta getur orðið svo harkalegt, að menn fari að halda, að til þess að geta notið fría t. d., þurfi menn að flýja í önnur lönd. Það væri hættulegt, ef sú skoðun yrði útbreidd í landinu, að hér væri svo rysjótt veðrátta og þannig vaxið allt útilíf og örðugt, nema kannske blásumarið, að menn þyrftu að flýja land sitt í fríunum. Nú vonum við, að fríin verði sífellt lengri og lengri, að þau verði látlaust stærri þáttur í þjóðlífinu. Og með það í huga mundi ég hreinlega vilja orða þetta þannig, þó að sumum finnist það sjálfsagt skrýtið, að ferðalög og náttúruskoðun eigi að verða sífellt stærri og

stærri þáttur í þjóðarbúskapnum, — ég segi í þjóðarbúskapnum. Það hefði einhvern tíma þótt einkennilegt að taka svona til orða. En ég geri það. Ég álít, að ferðalög í landinu og náttúruskoðun eigi að verða sífellt stærri og stærri þáttur í sjálfum þjóðarbúskapnum. Við vonum, að okkur vegni hér vel í landinu framvegis og hagur okkar fari batnandi, og þá verður það auðvitað þannig, að fríin lengjast og þá verðum við að temja okkur að njóta þeirra í landinu sjálfu að verulegu leyti. Ég er ekki talsmaður þess, að menn loki sig inni og fari ekki til útlanda, en hitt ætla ég að vona, að menn sjái alveg glöggt og greinilega, að ef ekki er vel fyrir því séð, að menn noti verulegan hluta af frítíma sínum til þess að njóta lífsins í landinu sjálfu og til þess að umgangast sitt eigið land, er ekki vel komið okkar hag. Ef menn álíta, að þeir þurfi yfirleitt að sækja þann unað, sem þeir eiga að hafa í tómstundum, í önnur lönd, en geti ekki fengið hann heima. Og ef þessi skoðun festir rætur, væri þar um hörmulegan misskilning að ræða. Ég fullyrði, að það er engin ástæða til þess að kvíða því, að ferðalög og náttúruskoðun geti ekki orðið vaxandi þáttur í þjóðlífi okkar Íslendinga, ef við förum skynsamlega að. En þá verðum við líka að gera eitthvað til þess að búa í haginn í þessu efni, og það er fjöldamargt, sem þarf að gera í því tilliti, og ég álít, að endurskoðun á þeim málum eigi að blanda inn í endurskoðun náttúruverndarmálanna sjálfra, því að þetta er svo skylt. Þetta er allt saman svo skylt og tvinnast þannig saman, að ég álít, að það eigi að skoða þessi mál öll í einu lagi, og slá, ef svo mætti segja, sem flestar flugur í einu höggi í sambandi við þær framkvæmdir, sem ákveðnar verða.

Ég get nefnt ýmislegt, sem mér finnst að gera þyrfti í þessa stefnu. Ég vil t. d. benda á, að hér í grennd við höfuðborgina lokast nú gönguleiðir óðfluga. Sumar skemmtilegustu gönguleiðirnar eru að lokast núna þessi árin. Þannig er ástatt orðið hér t. d. fram með sjónum og með vötnum í grennd við höfuðborgina, að það er þegar orðið stórkostlegt vandamál fyrir fólk, sem vill vera úti t. d. með börn og unglinga, eða skemmta sér við útivist í nágrenni við heimili sín. Það eru allir þannig settir, að þeir hafi bifreið standandi fyrir framan dyrnar og geti farið langar leiðir til þess að komast á skemmtilegan stað. Margir verða að láta sér nægja að fara í leigubíl eða þá strætisvagni. Fyrir þetta fólk, sem er þannig sett, og raunar fyrir alla er þetta þegar orðið stórkostlegt vandamál hér við Faxaflóa. Sumar leiðir hér í nágrenni við höfuðborgina þyrfti að friða og halda opnum, ekki sízt fjörur eða sjávarstrendur. Ég gæti bent á þessa staði, en ég sé ekki ástæðu til að gera það hér. Leiðirnar eru að lokast, en þannig er ástatt um sumar, að það má ekki ske. Ég get ekki stillt mig um að benda á einn stað t. d., sem er ströndin norðan við Gálgahraunið í Arnarnesvoginum. Þetta er aðeins eitt dæmi, en nefna mætti fleiri. Það er óbætanlegt tjón, ef þessar strendur sumar verða ekki „teknar frá“ og gerðar að friðunarsvæðum og almenningssvæðum, og þannig mætti nefna svæði í grennd við stöðuvötn hér ekki síður.

Það má vera, að þeir, sem búa í dreifbýlinu og þar sem þessi vandi fyrirfinnst ekki, eigi erfitt með að gera sér grein fyrir því, að þetta vandamál sé verulegt, en ég veit, að ef þeir kynntu sér þetta, mundu þeir fljótlega sjá, að þetta er ekki talað út í bláinn og að hér er mikil hætta á ferðum og nálega hver síðastur, að rösklega verði tekið í þessi mál. Ég nefndi þarna að friða, ég nefndi þjóðgarða, ég nefndi það að friða viss svæði, en þá á ég alltaf við, að um þessi svæði geti verið frjáls og óhindruð, eðlileg umferð. Ég nefni líka það að gera gönguleiðir auðveldari með því að merkja þær. Það er ákaflega mikið gert að því í Noregi og víðar, að merkja gönguleiðir. Það er einnig nauðsynlegt að gera göngubrýr á girðingar og annað þess konar, en það er enginn aðili, nema helzt Ferðafélag Íslands, sem beitir sér nú fyrir þessu, sums staðar að vísu af miklum myndarskap. Það þarf umfram allt að taka þessi mál til skoðunar í heild. Friða, gera þjóðgarða, gönguleiðir og reiðvegi. Það er eitt af hinum stærstu atriðum í sambandi við þéttbýlið að búa þannig í haginn, að menn geti haldið tryggðinni við hestinn. Það eru ekki allir, sem vilja fara gangandi, síður en svo, og ekki heldur æskilegt, að svo sé. Það þarf að gera áætlanir, skynsamlegar áætlanir um gönguleiðir og hestaslóðir og svo að taka ferðamálin inn í á þann hátt að útbúa heppilega staði til gistingar einnig fyrir þá, sem ferðast akandi, þ. á m. tjaldstæði og aðra ferðaþjónustu. Og ég vil leggja áherzlu á, að það vakir fyrir okkur, að þetta sé allt saman skoðað í einni heild og reynt að gera sér grein fyrir þessum verkefnum, þannig að þau loði saman.

Ég þykist nú hafa talað þannig, að menn skilji það, að ég meina ekki, að allt eigi að vera eintómar fjallgöngur eða skíðaferðir, en eitt vil ég nefna, sem snertir þær sérstaklega. Ég álít, að hér við Faxaflóa þyrfti að koma upp einni góðri fjallalyftu. Ég vil ekki nefna neitt af fjöllunum hérna núna, því að það er vandasamt mál að velja, hvar hún ætti að vera. Þetta er þýðingarmikið mál, ekki aðeins vegna skíðaferða, heldur engu síður vegna gönguferða á sumrin. Sumir halda, að það auki mönnum leti og værð að hafa slíkar lyftur. Það er hinn mesti misskilningur. Það ýtir stórkostlega undir alla útivist og ýtir einnig undir fjallgöngur, því að það er mannleg náttúra, að vilja alltaf fara hærra. Þess vegna kemur það af sjálfu sér, að allt, sem lyftir mönnum upp og inn á nýjar gönguleiðir, verður síður en svo til þess að gera menn lata eða værukæra. Þetta opnar fyrir mönnum alveg nýja heima, sem þeir annars kynnast ekki, vegna þess að þeir setja fyrir sig fyrsta þrepið, af því að það er stundum dálítið hátt.

Ef okkur væri lyft upp á fyrsta þrepið, kæmi hitt fremur af sjálfu sér.

Um það, hvað stórkostlega hluti væri hægt að gera í þessu sambandi, mætti margt segja, en ég get ekki stillt mig um að minnast á eitt svæði. Það er Kjölurinn, Kjalvegur og umhverfi hans. Ég efast um, að í nokkru landi veraldarinnar séu aðrir eins möguleikar til þess að gera paradís fyrir útilíf eins og á Kjalvegi. Þar eru jöklar á báða vegu, og þar eru tvö einhver stærstu jarðhitasvæði landsins. Annað í Kerlingarfjöllunum, en hitt á Hveravöllum. Þar er þannig ástatt, að sums staðar eru hverirnir nálega að bræða jökulinn. Það er einstakt að hafa slíka fjölbreytni. Þarna eru viðlendar slóðir til gönguferða, nálega ótæmandi möguleikar fyrir þá, sem vilja nota hesta, og þarna er Hvítárvatn, þar sem ísjakar fljóta allt sumarið. Þarna eru ótæmandi uppsprettur með heitu vatni. Það væri hægt að byggja þarna gistihús og sundhallir og hafa nógan hita og allt, sem heita vatnið gefur, allan ársins hring. Ég bendi aðeins á þetta.

Ég hef stundum sagt að gamni mínu, að það mundi borga sig vel að leggja t. d. eins og tvö skipsverð í Kjalveg og það svæði. Það mundi sennilega verða mikill búhnykkur. Svona hlutir allir finnst mér eiga að koma inn í þessi mál.

Ég hef bent á ýmislegt, sem þarf að skoða, og farið mjög fljótt yfir sögu og skal ekki tefja hv. þm. með lengri ræðu um þetta efni, sem væri þó í raun og veru svo að segja ótæmandi. En ég vil að lokum leggja áherzlu á þetta: Mér er það vel ljóst, að þeir, sem fyrir þessum málum ráða núna, hafa mikinn áhuga og vita um mörg verkefni, sem þarf að leysa, en þeim hefur ekki verið mögulegt að taka á. Ég álít, að það, sem vantar í þessu efni, sé vald og fjármunir. Það vantar vald fyrir einhvern aðila til þess að gera ýmsar framkvæmdir, sem þarf að ráðast í. Og svo vantar fjármuni, peninga, því að það verða menn að gera sér ljóst, að það þarf að leggja fé í þetta. En ég er þeirrar skoðunar, að þeim fjármunum, sem væri skynsamlega varið í þessi mál, væri sannarlega vel varið og oft þannig, að það yrði stórkostlegur hagur fyrir þjóðina, þegar rétt er skoðað. Hvað halda menn t. d., að það hafi mikla þýðingu í þjóðarbúskapnum, hvort þjóðin temur sér fremur að ferðast heima eða erlendis? Og ég endurtek, að ferðalög og náttúruskoðun og það að skemmta sér úti við verður látlaust stærri og stærri liður í þjóðlífi Íslendinga og á að verða það. En þá verðum við að búa sem bezt í haginn í þessu tilliti. Og svo fer þetta tvennt saman, og það er ekki minna um vert, að umgangast landið eins og menn og leggja rækt við það og sjá um, að það verði ekki unnið stórtjón þar, sem sízt skyldi í náttúru landsins.

Það er einmitt vegna þess, að það er m. a. valdið, sem að okkar viti vantar, og fjármunirnir, að við höfum stungið upp á því, að í þetta yrði kosin mþn., þar sem í væru fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkum. Við álítum, að það sé skynsamleg leið, einmitt af því að þarna vantar vald og fé, og það er vandasamt að ákveða, hvert það vald skuli vera, sem veitt verður, og hvernig að þessu skuli fara að því leyti til. Þess vegna höfum við lagt til, að það yrði sett upp mþn. og þar væru með fulltrúar frá þingflokkunum, sem kæmu í n.

Það er sjálfsagt hægt að setja um þetta falleg lagaákvæði, en þau koma ekki að fullu gagni nema þau séu studd einhverjum fjármunum. Okkur hefði langað til, að það hefðu líka getað verið í n. menn frá Náttúrufræðistofnuninni eða Náttúruverndarráði, en þá verður hún víst of fjölmenn. Við létum þess vegna það sjónarmið ráða, að kosin verði mþn. til þess að fulltrúar komi þarna frá flokkunum og bættum síðan við tveimur mönnum, öðrum frá Hinu íslenzka náttúrufræðifélagi og hinum frá Ferðafélagi Íslands, og það vil ég rökstyðja með því, sem ég hef þegar sagt. Þá voru nm. komnir upp í 7, og þá sáum við ekki rúm í n. fyrir menn beint frá Náttúrufræðistofnuninni og Náttúruverndarráði. Má vera, að einhverjir finni að þessu. En þetta er byggt á þessu sjónarmiði, sem ég var að skýra. Þá vil ég taka fram alveg sérstaklega, að n. ber að vinna í nánu samstarfi við Náttúruverndarráð og Náttúrufræðistofnunina og fá till. frá Náttúruverndarráði og Náttúrufræðistofnuninni um þeirra hlið á þessum málum, þ. e. a. s. hvað æskilegt sé að gera. Ég álít, að þau séu engir betur færir um það en forráðamenn Náttúrufræðistofnunarinnar og Náttúruverndarráðs að benda á það, hver verkefnin séu. En svo er aftur sá stórkostlegi vandi, hvernig eigi að leysa þau, og þá kemur meira til kasta Teits og Siggu, löggjafarvaldsins og framkvæmdavaldsins. Þess vegna töldum við skynsamlegt að hafa n. svona og þá með það einnig fyrir augum, að Náttúrufræðistofnunin og Náttúruverndarráð eru tiltækar stofnanir, sem að sjálfsögðu leggja sínar álitsgerðir fyrir n. Á hinn bóginn vil ég segja, að við erum að sjálfsögðu til viðræðu um að breyta samsetningu n., en þó held ég, að það væri ekki viturlegt að breyta henni svo mikið, að fulltrúar frá Alþ. sjálfu eða stjórnmálaflokkunum yrðu felldir niður. Ég held, að þeir þurfi að vera með í þessu, því að þarna verða menn að mætast, sumpart þeir, sem hafa bezt vit á því, hvað þarf að gera, og sumpart hinir, sem þurfa að koma því í framkvæmd, sem menn telja, að gera þurfi.

Ég vil leggja til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég er sammála því meginatriði þessarar till., að tímabært sé orðið að endurskoða gildandi l. um náttúruvernd. Raunar hafði sú ákvörðun verið tekin í menntmrn. í s. l. mánuði í nánu og fullu samráði við Náttúruverndarráð, að til slíkrar endurskoðunar skyldi efnt, þó að enn hafi ekki verið frá því gengið,

hverjum skyldi falin sú endurskoðun og með hverjum hætti skyldi að henni unnið. Fleiri en eitt tilefni hafa orðið til þess, að við höfum sameiginlega komizt að þeirri niðurstöðu, Náttúruverndarráð og menntmrn., að æskilegt væri að efna til slíkrar endurskoðunar. Síðasta og stærsta tilefnið var deila sú hin mikla, sem upp kom milli náttúruverndaraðila og skipulagsaðila um staðsetningu vegar í Mývatnssveit, Kísiliðjuvegarins svonefnda. En við alla meðferð þess máls, sem er mjög vandasöm og mjög flókin, kom í ljós, að allir aðilar voru sammála um, að nokkur ákvæði náttúruverndarlaga væru óljósari en svo, að æskilegt og skynsamlegt væri að láta við svo búið standa. Og þá var þetta afráðið, að efnt skyldi til slíkrar endurskoðunar, þó að enn hafi sem sagt ekki orðið úr því að hleypa henni af stokkunum.

Það er ekki undarlegt, að endurskoða skuli þurfa lög, sem orðin eru rúmlega 10 ára gömul, lög, sem voru frumsmíð á sínum tíma og mjög vandasöm lagasetning. Það er ekki reynsla okkar Íslendinga einna, að frumsmíð varðandi náttúruverndarlöggjöf þurfi endurskoðunar við eftir tiltölulega skamman tíma. Sú hefur orðið reynsla flestra annarra þjóða eftir fyrstu tilburði til lagasetningar um jafnviðamikil og vandasöm en mikilvæg mál og náttúruverndarmál hljóta að teljast.

Milli Náttúruverndarráðs, sem skipað er hinum áhugasömustu mönnum um náttúruverndarmál, og menntmrn. hefur á undanförnum árum verið ágæt og náin samvinna, og þessir aðilar báðir eru, eins og ég sagði áðan, sammála um það, að tímabært sé orðið að efna til þessarar endurskoðunar. Hins vegar er ég ekki viss um, að það sé rétt meðferð málsins, sem stungið er upp á hér í till. varðandi skipun n. Eins og hv. flm. gat um í lok sinnar ræðu, er ekki gert ráð fyrir því, að sá aðili, sem óneitanlega þekkir langbezt til þessara mála af öllum aðilum á landi hér, mesta reyslu hefur í þeim, Náttúruverndarráð, það er ekki gert ráð fyrir, að það sé beinn aðili að nefndarskipuninni og ekki heldur Náttúrufræðistofnunin. Og í því sambandi er vitnað til þess, að hafa megi samráð við þessa aðila. En ef félög eða aðilar utan Alþ. eða utan stjórnarráðsins eiga rétt til að tilnefna í n., þá er það að mínu viti ekki síður Náttúruverndarráð og Náttúrufræðistofnunin en Hið íslenzka náttúrufræðifélag og Ferðafélag Íslands.

Ég er ekki alveg viss um, að það sé nauðsynlegt eða ástæða sé til þess, að stjórnmálaflokkarnir eigi beina aðild að jafnsérfræðilegu verki og endurskoðun náttúruverndarlaganna hlýtur að teljast. Ég mun þó ekki beita mér neitt gegn því, ef mönnum sýnist svo, að það sé eðlilegt, að flokkarnir eigi þarna beina aðild að, en þá sýnist mér n. óhjákvæmilega þurfa að vera stærri en till. gerir ráð fyrir.

Í þessu sambandi vildi ég einnig benda á það, að fyrir liggur önnur till. um endurskoðun á l. um Þingvelli eða þjóðgarðinn á Þingvöllum. Eitt þeirra atriða, sem upp hefur komið á undanförnum árum og valdið hefur nokkurri óvissu, ég vil ekki segja deilum, en dálítil skoðanaskipti hafa komið fram um, er það, hvort l. um náttúruvernd og l. um friðun Þingvalla stangist e. t. v. að einhverju leyti á. Það hefur komið upp sú spurning, sem ég skal enga afstöðu taka til og tel mig ekki geta tekið afstöðu til að svo vöxnu máli, hvort verksvið Þingvallanefndar og Náttúruverndarráðs kunni að rekast á að einhverju leyti og með einhverjum hætti samkv. ákvæðum beggja þessara l., eins og þau eru nú. Þetta tel ég vera eitt atriði, sem n., sem fengi þetta mál til athugunar, ætti einnig að fjalla um, og þá væri mikil spurning eða kæmi vel til greina, hvort Þingvallanefnd væri ekki réttur og sjálfsagður aðili að þessu verki öllu saman. Segja má, að l. um friðun Þingvalla séu fyrstu náttúruverndarlög á Íslandi, og það er spurning, sem er ósvarað, hvort náttúruverndarlögunum frá 1956 hafi að einhverju eða kannske öllu leyti verið ætlað að koma í staðinn fyrir náttúruverndarákvæði í l. um friðun Þingvalla. Um þetta hefur lögfróðum mönnum sýnzt nokkuð sitt hvað, og virðist vera æskilegt að koma þessu máli á hreint, hver sem niðurstaðan um það efni yrði.

Enn fremur vildi ég minna á, að komið hafa upp nokkrar spurningar, sem ekki heldur hefur verið algerlega úr skorið, varðandi það, hvert sé verksvið Náttúruverndarráðs annars vegar og svo Skógræktar ríkisins eða jafnvel Landgræðslunnar hins vegar. Það hafa gerzt hlutir, sem auðveldlega hefðu getað orðið að ásteytingarsteini milli þessara tveggja stofnana, sem báðar fara með tiltekin völd eða tiltekna ábyrgð samkv. hlutaðeigandi lögum. Þetta eru líka atriði, sem ég tel fullkomlega tímabært, að athugað sé nánar í sambandi við endurskoðun náttúruverndarlaga. Ég tel sem sagt efni þessarar till. vera réttmætt og æskilegt og raunar alveg í samræmi við það, sem menntmrn. og Náttúruverndarráð hafa áður komið sér saman um og afráðið að gera, en ég tel, að hitt þurfi að athugast nokkru betur, með hverjum hætti þessi endurskoðun ætti að fara fram og þá sérstaklega hvaða aðilum ætti að fela hana.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir undirtekir við þessa till., og sé ég ekki ástæðu til þess að bæta miklu við þær þakkir að öðru leyti en því, að ég bendi á, að hér er ekki aðeins um sérfræðilegt verk að ræða, þó að það sé nokkur þáttur í þessu. Þetta er miklu viðtækara en svo, að hægt sé að tala um, að þetta sé sérfræðilegt viðfangsefni. Það eru þættir í þessu máli að sjálfsögðu, sem eru mjög pólitísk viðfangsefni, eins og ég vék að áðan, og skal ég ekki fara neitt lengra út í það. Þess vegna vil ég biðja hæstv. ráðh. að hugsa vel um, hvort hann teldi ekki skynsamlegt að fallast á, að þarna væri þessum sjónarmiðum

blandað saman. Það er hins vegar ekki víst, að við höfum fundið púðrið og stungið upp á alveg réttri samsetningu n., það er annað mál. Ég bendi á, að það eru þessir tveir þættir í málinu, og ég er alveg sannfærður um, að *það væri mjög gott fyrir málið*, að það væri blandað saman þessum tveimur sjónarmiðum við skipan n.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

2. Friðun Þingvalla.

Á deildafundum 24. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun á l. um friðun Þingvalla [26. mál] (A. 26).

Á 7. fundi í Sþ., 25. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Sþ., 8. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ekki þarf að færa rök að því hér á þessum stað, hvers vegna Þingvellir eru í vitund þjóðarinnar helgasti staður landsins. Hins vegar er ástæða til að íhuga, hverju sú helgi er tengd á staðnum sjálfum. Hún er ekki fyrst og fremst bundin við fornminjar, þær eru fáar og ekki tilkomumiklar, nokkrar búðartóftir, sem fornfræðingar telja vera frá 17. og 18. öld. Helgi staðarins er fyrst og fremst bundin við náttúruna sjálfa, fegurð hennar og tign, sjálft andrúmsloftið, tengsl staðarins við skrifaðar heimildir, sem allir landsmenn kunna einhver skil á, áhrifamikla sögu jafnt í reisn sem niðurlægingu. Á Þingvöllum myndar land, þjóð og tunga órofa einingu, nákomnari íslenzkum manni en á nokkrum stað öðrum. Þess vegna hlýtur umhyggja landsmanna fyrir Þingvöllum fyrst og fremst að vera fólgin í náttúruvernd, með henni er ekki aðeins verið að fullnægja náttúruverndarsjónarmiðum í þröngum skilningi heldur og skyldunum við sögu og bókmenntir. Þingvellir munu halda áfram að færa þjóðinni boðskap sinn, á meðan náttúran sjálf fær að tala máli sínu á öllu hinu víðlenda svæði, sem umlykur mann þar, à meðan andrúmsloftið helzt óbreytt.

Lög þau, sem hið háa Alþ. setti 1928 um friðun Þingvalla, einkennast af stórhug og framsýni, sem ástæða er til að meta og þakka. Engu að síður er nauðsynlegt orðið að endurskoða þá lagasetningu eftir nærri fjögurra áratuga reynslu, og hér er lagt til, að það verk verði falið Náttúruverndarráði og þjóðminjaverði, og felast rökin í að leita til þeirra aðila í orðum þeim, sem ég mælti í upphafi. Margt er það, sem gerir endurskoðun l. nauðsynlega. Hugmyndir manna um náttúruvernd og þau vandamál, sem henni eru tengd, hafa breytzt mjög og skýrzt að undanförnu, m. a. setti Alþ. sérstaka löggjöf um náttúruvernd 1956. Þegar þau l. voru sett, gerðu alþm. sér ljóst, að náttúruverndarreglurnar yrðu umfram allt að ná til Þingvalla. Í grg. frv. var gert ráð fyrir því, að „mikil samvinna takist á milli Þingvallanefndar og Náttúruverndarráðs". En á milli þessara stofnana hefur ekki tekizt nein samvinna, eins og nánar mun vikið að síðar, enda skýrði hæstv. menntmrh. frá því í ræðu hér fyrir nokkru, að það væri lögfræðilegt vandamál, hvernig meta bæri valdsvið Þingvallanefndar annars vegar og Náttúruverndarráðs hins vegar. Auðvitað er það fráleitt með öllu, að þar sé um eitthvert matsatriði að ræða, um það verða að vera skýr og ótvíræð lagafyrirmæli, að náttúruverndarsjónarmið móti allar framkvæmdir á Þingvöllum.

Einnig er nú orðið tímabært að setja ný ákvæði um *viðáttu* þjóðgarðsins, svo að ekki geti heldur orðið ágreiningur um þetta atriði. Í l. frá 1928 er Þingvallasvæðinu skipt í tvennt, annars vegar er „hið friðhelga land", sem skilgreint er í 2. gr. l., hins vegar land jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka. Ástæðan fyrir þessari skiptingu mun annars vegar hafa verið sú, að nokkur ágreiningur var um það á þingi, hvað hið friðlýsta land þyrfti að vera víðáttumikið, og hins vegar sú, að land það, sem l. náðu til, var þá ekki allt í almenningseign. Hins vegar gekk Alþ. þannig frá l., að þrátt fyrir þessa tvískiptingu náði friðlýsingin í verki til alls þess lands, sem þar er fjallað um. Þar er m. a. þetta ákvæði um svæðið utan hins friðhelga lands:

„Ekkert jarðrask, húsbyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki má gera á hinu friðlýsta svæði eða í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka, nema með leyfi Þingvallanefndar".

Einnig gera l. frá 1928 ráð fyrir því, að allt það land, sem þar er fjallað um, komist smátt og smátt í almenningseign. Um það segir svo í 3. gr. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Nú takast eigi samningar milli Þingvallanefndar og ábúenda jarða þeirra, sem að nokkru eða öllu falla undir hið friðlýsta land, og skal þá Þingvallanefnd taka afnotarétt jarðanna eða jarðahlutanna eignarnámi samkv. l. og ábúendum greitt fyrir afnotaréttinn samkv. óvilhallra dómkvaddra manna mati. Svo skulu og metnar bætur til Þingvallahrepps fyrir íþyngingu fjallskila og rýrnun útsvara,

enda náist ekki samningar. Heimilt skal Þingvallanefnd að kaupa jörðina Gjábakka eða ef ekki nást viðunandi samningar um verð að taka jörðina eignarnámi samkv. 1.“

Þessi lagagr. sýnir ljóslega, að ætlun löggjafans var sú, að allt það land, sem l. náðu til, yrði þjóðareign jafnframt því, sem sett voru ströng ákvæði um, að því landi mætti á engan hátt raska. Þannig var eftirkomendunum gert kleift að sameina Þingvallasvæðið allt í einn samfelldan þjóðgarð, og ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að þessi lagasetning bar vott um framsýni og stórhug.

Ég álít, að nú sé tímabært að láta ein og sömu ákvæðin ná til Þingvallasvæðisins alls. Það verði í heild friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Síðan l. voru sett fyrir nærri fjórum áratugum hafa orðið miklar breytingar á högum Íslendinga. Þá voru Þingvellir næsta afskekktur staður fyrir allan þorra landsmanna. Það þótti minnisverður og frásagnarverður atburður að ferðast þangað. Nú er svo komið, að meiri hluti þjóðarinnar er búsettur í næsta nágrenni Þingvalla, og sú gerbreyting hefur orðið á samgöngum, að það þykir ekki mikið ferðalag lengur að skreppa þangað. Íbúarnir á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa þurfa á miklu upplandi að halda, ef þeir eiga að komast í snertingu við land sitt, og Þingvallasvæðið er öðrum stöðum betur til þess fallið að verða mönnum slíkur þjóðgarður. En sá hluti Þingvallasvæðisins, sem kallaður er „hið friðhelga land“ í l., er þegar orðinn of lítill til þess að nægja sem slíkur þjóðgarður, ef menn eiga að geta notið þeirrar friðsældar og einmanalegu tignar, sem er aðall íslenzkrar náttúru. Af þessum ástæðum einum er orðið tímabært að gera allt Þingvallasvæðið að samfelldum þjóðgarði, og engin ráðstöfun önnur mun tryggja það, að Þingvellir verði til frambúðar sá „friðlýsti helgistaður allra Íslendinga“, sem l. mæla fyrir um.

Í sambandi við endurskoðun l. þarf jafnframt að huga að fjáröflun. Fjárveitingar til Þingvalla hafa alltaf verið af mjög skornum skammti og torvelda mjög störf Þingvallanefndar. Verði nú unnið markvisst að því að gera allt Þingvallasvæðið að samfelldum þjóðgarði, mun þurfa á verulegum fjárupphæðum að halda. Náttúruvernd er ekki einvörðungu í því fólgin að forða náttúru frá spjöllum. Tilgangur hennar er einnig sá, að tryggja almenningi sem bezt not af þeim svæðum, sem sérstaklega eru vernduð, og er þörf á margs konar þjónustustarfsemi í því sambandi. Endurskoðun l. mun ekki ná tilgangi sínum nema nauðsynlegar tekjur séu jafnframt tryggðar.

Þegar l. um friðun Þingvalla voru sett, var ein ástæðan sú, að einstaklingar höfðu sótzt mjög eftir því að tryggja sjálfum sér einkaafnot af landi á þessum helgistað þjóðarinnar. Þegar árið 1919 hafði Alþ. raunar samþ. áskorun á ríkisstj. um að koma í veg fyrir, „að einstakir menn eða félög reisi sumarbústaði eða nokkur önnur skýli á svæðinu“, sem í 1. lið getur, en þar er átt við „svæðið frá Þingvallavatni milli Almannagjár og Hrafnagjár norður á móts við Ármannsfell og Hrafnabjörg.“ N., sem undirbjó friðunarl. 1928, lýsti sérstakri andstöðu sinni við sumarbústaðabyggingar einstaklinga á Þingvallasvæðinu öllu, og það kom ákaflega skýrt fram í umr. á þingi, að ástæðan til þeirra þröngu ákvæða, sem sett voru um lönd jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka, var einmitt sú, að Alþ. vildi koma í veg fyrir, að þar risu sumarbústaðir einstaklinga. Mig langar í þessu sambandi að tilfæra með leyfi hæstv. forseta ummæli nokkurra þeirra manna, sem einkum beittu sér fyrir setningu laganna.

Þáv. dómsmrh., Jónas Jónsson, komst svo að orði í umr.:

„En þetta friðlýsta svæði er ekki stærra en svo, að utan við það gæti risið upp eins konar Grímsstaðaholt í skjóli skipulagsleysis og stundarhagnaðar einstakra listsnauðra manna. Bændur gætu óátalið leyft að byggja út um allt hraun, svo að þar risu upp lélegir sumarbústaðir.“

Annar hvatamaður málsins, Bernharð Stefánsson, komst svo að orði:

„En frv. gerir auk þess ráð fyrir, að friða eigi allstórt svæði utan þinghelginnar gömlu, og um það er ágreiningurinn, hvort aðeins skuli friða þingstaðinn sjálfan eða allt það svæði, sem frv. gerir ráð fyrir.“

Og Bernharð heldur áfram um ástæðurnar fyrir því, að ákveðið er að friða svæðið allt:

„Annað er það líka, að hugsa mætti sér þau mannvirki gerð í nágrenni Þingvalla, sem ekki ættu heima á þeim stað. Þess konar mannvirki, þó að góð kunni að vera í sjálfu sér, eiga ekki við á þessum fornhelga stað. Sama er, þó að þau séu ekki í sjálfri þinghelginni, ef þau eru í þeirri nálægð, að þau blasa við frá Þingvöllum, því að þá eru þau til helgispjalla. Ef nokkur staður er hér á landi, þar sem náttúran á að vera í fullum friði og án þess, að henni sé raskað af mönnum, eru það Þingvellir.“

Jón Baldvinsson sagði:

„Frv. er borið fram með fortíðina fyrir augum, svo að komandi kynslóðum gefist kostur á að skoða hinar fornu menjar sögualdarinnar á Þingvöllum og hin stórfellda náttúrufegurð Þingvalla verði ekki skemmd með framkvæmdum, svo sem byggingum og jarðraski, sem hæglega getur orðið, ef ekki er fyrir það girt í tíma.“

Þannig var það einn megintilgangur l. að koma í veg fyrir, að einstaklingar helguðu sér land á Þingvöllum og reistu þar einkabústaði. Í samræmi við það sjónarmið hljóðaði 1. gr. l. svo:

„Frá ársbyrjun 1930 skulu Þingvellir við Öxará og grenndin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga“.

Og 4. gr. hljóðar svo:

„Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþ. og ævinlega eign íslenzku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.“

M. ö. o.: helgistaður allra Íslendinga, en ekk-

ert óskipulagt eða skipulagt sumarbústaðasvæði.

Enda þótt svona tryggilega væri frá þessum málum gengið jafnt við meðferð málsins sem orðun l., hefur svo illa til tekizt, að Þingvallanefndir hafa æ ofan í æ látið undan ásókn einstakra manna í sumarbústaði og sumarbústaðalönd á Þingvöllum. Umhverfis Þingvallavatn eru nú um 300 sumarbústaðir, og a. m. k. 21 þeirra er innan þess svæðis, sem í l. er kallað hið friðhelga land, frá Valhöll suður með Þingvallavatni vestanverðu. Á þessu svæði, hinu friðhelga landi, er nú verið að reisa tvo bústaði í viðbót, að vísu á lóð, sem veitt hafði verið leyfi fyrir löngu áður. Ég held, að það geti *naumast* verið álitamál, að þessir bústaðir eru algert brot ekki aðeins á anda l. um friðun Þingvalla, heldur og á orðun þeirra. Því gerum við flm. þessarar till. ráð fyrir því, að í hinum endurskoðuðu l. um friðun Þingvalla skuli sett ákvæði, sem mæla svo fyrir, að sumarbústaðir einstaklinga skuli fjarlægðir af því svæði, sem l. ná til, innan ákveðins tíma og samkv. tilteknum reglum. Mér þætti eðlilegt, að þeir einstaklingar, sem þarna eiga hlut að máli, fengju rúman frest til að breyta högum sínum. Nokkur ár til eða frá skipta að sjálfsögðu ekki máli, heldur hitt, að *settar séu skýrar og undantekningarlausar* reglur. Ég kann ekki skil á samningum þeim, sem Þingvallanefndir hafa gert við þessa einstaklinga, en ég trúi ekki öðru en það fólk, sem nú nýtur mjög óeðlilegra forréttinda á helgistað allra Íslendinga, muni fúslega fallast á að afsala sér þeim, ef eftir verður leitað.

Ég geri ekki ráð fyrir, að ágreiningur verði um þetta atriði í till. okkar, a. m. k. ekki frá hv. Þingvallanefnd. Formaður Þingvallanefndar, hæstv. utanrrh. Emil Jónsson, sagði í viðtali við Alþýðublaðið 9. júlí í fyrra:

„Þeir bústaðir, sem eru innan þjóðgarðsins, voru reistir áður en l. um friðun Þingvalla voru sett, og við í Þingvallanefndinni lítum þá illu auga."

Nú er það að vísu ekki rétt hermt, að bústaðir þessir hafi allir verið reistir áður en l. voru sett, en það kann að vera missögn blaðamanns. Ég tilfæri þessi ummæli aðeins vegna þess, að hæstv. utanrrh. segir Þingvallanefnd líta þessa bústaði illu auga, þótt það augnaráð hafi að vísu komið fyrir lítið. 30. júlí í fyrra endurtók hæstv. utanrrh. þessa skoðun sína í grein í Alþýðublaðinu og sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel persónulega líka, að æskilegt væri að fjarlægja þá sumarbústaði, sem nú eru innan þjóðgarðs, en til þess hefur skort fé. Fjárveitingar til þjóðgarðsins hafa ávallt verið af skornum skammti, þó að nokkuð hafi þokazt í áttina hin síðustu ár, en margt er ógert af því, sem þurft hefur að gera, vegalagning, gangstígar, hreinlætisútbúnaður o. fl., sem n. telur, að sitja eigi í fyrirrúmi, en vonandi kemur hitt síðar, þegar fjárveitingar verða fyrir hendi."

Hér er tekið mjög eindregið undir þá stefnu, sem felst í till. okkar að því er þessa bústaði varðar. Hitt er mjög dularfullt, að einmitt nú á sama tíma og hæstv. ráðh. lýsir þessu yfir, skuli tveimur aðilum heimilað að reisa nýja sumarbústaði einmitt á þessu svæði. Þær nýbyggingar munu raunar þannig tilkomnar, að Þingvallanefnd vakti athygli sumarbústaðamanna á því, að þeir mundu missa lóð sína, ef þeir reistu ekki hús á henni. Frumkvæðið er þannig komið frá hv. Þingvallanefnd sjálfri á sama tíma og hún ástundar hið illa augnaráð, sem hæstv. ráðh. gat um í Alþýðublaðinu í fyrra.

Um sumarbústaði þá, sem heimilaðir hafa verið í landi Gjábakka, 24 nýja bústaði í viðbót við tvo, sem fyrir voru, er allt aðra sögu að segja. Þar er um að ræða opinberan og harðvítugan ágreining milli hv. Þingvallanefndar annars vegar og hins vegar Náttúruverndarráðs, þeirra manna, sem sérfróðastir eru um náttúruvernd hér á landi og mestan áhuga hafa á því efni, þeirra stofnana, sem láta sér annt um ferðamál og raunar að ég hygg yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar. Þingvallanefnd réttlætir hina nýju úthlutun sína með þeirri tviskiptingu Þingvallasvæðisins, sem ég ræddi um áðan. Hún heldur því fram, að hinn eiginlegi þjóðgarður sé aðeins svæði það, sem kallað er „hið friðhelga land" í l., en um það svæði, sem þar er fyrir utan, gegni allt öðru máli. Þar geti Þingvallanefnd ákveðið að eigin geðþótta, hvað leyft skuli og hvað bannað. Þingvallanefnd vitnar í þessu sambandi til niðurlags 2. gr. l. um friðun Þingvalla, sem hljóðar, eins og ég sagði áðan, á þessa leið:

„Ekkert jarðrask, húsbyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki má gera á hinu friðlýsta svæði eða í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka, nema með leyfi Þingvallanefndar."

Þingvallanefnd virðist túlka þetta ákvæði svo, að það veiti henni heimild til að leyfa hvers konar jarðrask, húsbyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki á því svæði, sem hún telur ekki heyra til hinum eiginlega þjóðgarði. En þessi lögskýring er fráleit með öllu. Þingvallanefnd er kosin í ákveðnum tilgangi, þeim, sem um getur í 1. gr. l., að gera Þingvelli við Öxará og grenndina þar að friðlýstum helgistað allra Íslendinga. Aðeins innan þess ramma getur hún bannað eða leyft mannvirkjagerð á svæðinu, en fari hún út fyrir þetta verksvið, er hún farin að brjóta þau l., sem hún á að vernda. Það gefur raunar auga leið, að Alþ. setti ekki l. um að meina bændum að úthluta sumarbústaðalóðum á jörðum sínum í því skyni einu, að þn. gæti síðar tekið að sér úthlutunarréttinn, enda hef ég áður rakið, hver var tilgangur þeirra manna, sem beittu sér fyrir l. um friðun Þingvalla 1928.

Mér finnst Þingvallanefnd hafa sýnt furðulega stífni í þessu máli. Hún hefur ekkert skeytt um röksemdir og mótmæli þeirra manna hérlendra, sem mestan áhuga hafa á náttúruvernd og mesta kunnáttu á því sviði. Mér er

kunnugt um það, að formaður Náttúruverndarráðs, hv. 7. þm. Reykv., Birgir Kjaran, sneri sér tvívegis í fyrrahaust til framkvæmdastjóra Þingvallanefndar, Harðar Bjarnasonar, og fór fram á það, að sumarbústöðum yrði ekki úthlutað án þess að leitað væri álits ráðsins. En Þingvallanefnd hafði þau hógværu tilmæli að engu. Hlýtur það raunar að vera álitamál, eins og ég gat um fyrr, hvort Náttúruverndarráð hefur ekki haft heimild til að taka fram fyrir hendur Þingvallanefndar í þessu máli, enda komst hæstv. forsrh. svo að orði í sumar í grein, sem hann skrifaði í Morgunblaðið, að ef til vill sé það hæpnast í þessu deilumáli, að Þingvallanefnd skuli hafa úrskurðarvaldið. Ég hefði skilið þrályndi Þingvallanefndar í þessu máli, ef n. hefði talið sig vera að framkvæma skylduverk sín samkv. ákvæðum l., en mér er það hulin ráðgáta, hvers vegna n. er það slíkt kappsmál að úthluta sumarbústaðalóðum á Þingvallasvæðinu. Ég hef enga skýringu séð á því, hvers vegna nefndarmenn telja þvílíka forréttindaaðstöðu nokkurra manna samrýmast því skylduverki að gera Þingvelli við Öxará og grenndina þar að „friðlýstum helgistað allra Íslendinga".

Í þessu sambandi er rétt að víkja að öðrum þætti þessa máls, sem einnig hefur valdið almennri gagnrýni. Það er leyndin og pukrið, sem fylgt hefur þessari annarlegu sumarbústaðaúthlutun. Ekkert var auglýst um það, að til stæði að úthluta sumarbústaðalóðum, svo allir Íslendingar ættu þess þá jafnan kost að sækja um bletti á hinum friðlýsta helgistað sínum. Þeir einir komu til greina, sem voru svo blygðunarlausir að fara fram á slík forréttindi. Öll vinnubrögð hafa verið hulin, einnig úthlutunin sjálf. Slíkar starfsaðferðir hljóta að vekja tortryggni og getsakir, einnig þó tilefni væru margfalt minni en í þessu dæmi. Mér virðist þetta atferli sigilt dæmi um það, hvernig opinberir trúnaðarmenn eiga ekki að hegða sér.

Við flm. þessarar till. leggjum til, að Þingvallanefnd verði nú falið að banna allar frekari byggingaframkvæmdir og jarðrask á vegum einstaklinga á landi því, sem l. um friðun Þingvalla ná yfir, meðan endurskoðun l. fer fram. Er það auðvitað sjálfsögð tilhögun, til þess að hendur þeirra manna, sem framkvæma eiga endurskoðunina, verði ekki bundnar frekar en orðið er. Og það því fremur, sem tilgangur endurskoðunarinnar á að vera sá að tryggja aukna náttúruvernd, stækka þjóðgarðinn og gera hann að raunverulegri sameign allra Íslendinga.

Ég hef hér að framan gagnrýnt nokkuð einn þátt í störfum Þingvallanefndar. Sitt hvað fleira mætti gagnrýna, svo sem það, að einstaklingum og félagasamtökum hefur verið heimilað að ástunda mjög hæpnar gróðurtilraunir á hinu friðlýsta landi. Hitt er mér ljúft að taka fram, að ég tel, að Þingvallanefndum hafi margt tekizt vel, ekki síst þegar þess er gætt, hve takmörkuð fjárráð þær hafa haft í samanburði við verkefnið. Og þótt sumarbústaðaúthlutun sé gagnrýnd af ærnu tilefni, er ástæða til að leggja áherzlu á það, að á því sviði hefur ekkert það gerzt enn þá, sem ekki er unnt að bæta, án þess að umtalsverðir erfiðleikar hljótist af. Hitt gæti orðið afdrifaríkt, ef úthlutun sumarbústaðalóða héldi áfram. Þingvallanefnd hefur aðeins lýst yfir, að úthlutun sé lokið að sinni, og í slíkri yfirlýsingu felst engin trygging. Einnig það er veigamikil röksemd fyrir því, að nú verði settar *fastar og endanlegar reglur um framtíðarstefnuna á Þingvallasvæðinu öllu.*

Ég vil að lokum taka fram, þótt þess ætti ekki að gerast þörf, að till. þessi er að sjálfsögðu ekkert flokksmál. Umræður um Þingvelli hafa að undanförnu verið miklar í ýmsum félögum og öllum blöðum, og ég vil vænta þess, að hliðstæður áhugi sé hér innan þingsalanna. Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði frestað að loknum umr. hér og því vísað til hv. allshn. Vil ég mega vænta þess, að hv. n. taki skjótar ákvarðanir um afstöðu sína. Hér er einvörðungu um það að ræða, hvort l. um friðun Þingvalla skuli endurskoðuð og hvernig þeirri endurskoðun skuli háttað.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Hv. fyrri flm. þessarar þáltill. hefur nú þegar gert svo skilmerkilega og glögga grein fyrir því, hvað fyrir okkur till.-mönnum vakir, að við það hef ég í rauninni engu að bæta. Ég vil þó segja fáein orð um þetta mál til þess að leggja á það enn aukna áherzlu, hversu mikilvægt ég tel, að sú endurskoðun, sem till. okkar fjallar um, fari fram.

Eins og hv. 6. þm. Reykv. sagði í framsöguræðu sinni, hafa orðið töluvert miklar umr. um þessi Þingvallamál og sérstaklega um þann þáttinn, sem er lóðaúthlutun Þingvallanefndar. Sigurður Magnússon fulltrúi birti skeleggar greinar um þetta efni fyrir svo sem 1½—2 árum, og þá spunnust nokkur frekari blaðaskrif um málið. Háskólastúdentar efndu í fyrravetur til fundar hér í Sigtúni um náttúruverndarmál, og aðalumræðuefnið á þeim fundi urðu þessi Þingvallamál og þá sérstaklega lóðaúthlutunarmálin þar. Á þessum fundi, sem stúdentar efndu til í Sigtúni, flutti Eyþór Einarsson grasafræðingur, sem á sæti í Náttúruverndarráði, mjög fróðlegt erindi um náttúruverndarmál. Hann hefur einnig síðar rætt og ritað um þessi efni og komið þar alveg sérstaklega að náttúruverndarmálum á Þingvöllum. Í Tímanum hinn 17. sept. nú í haust birtist ýtarlegt viðtal við Eyþór Einarsson grasafræðing um náttúruverndarmál, og þar kemst hann svo að orði, þegar hann kemur að Þingvöllum, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég get satt að segja ekki litið á Þingvelli sem þjóðgarð í eiginlegri merkingu þess orðs. Þingvellir voru friðlýstir með sérstökum l. af sögulegum ástæðum fyrst og fremst, og Alþ. setti yfir þá n. alþm., og náttúruverndarsjónarmið hafa ekki ráðið nægilega í gæzlu Þingvalla til þess, að mér finnist unnt að kalla þá

þjóðgarð, meira að segja hefur ýmislegt verið gert þar, sem er alveg andstætt þeim sjónarmiðum og heyra fremur til náttúruspjöllum.“

Síðar í þessu viðtali segir Eyþór Einarsson:

„Þjóðgarður er svæði, sem friðlýst er með þeim hætti að láta það tvennt fara saman að vernda náttúru þess og gera þó fólki fært að njóta hennar. Um Þingvelli er það að segja, að ég teldi ekki fráleitt að breyta lögunum um þá og Náttúruverndarráði verði falin umsjá staðarins, sem þá verði gerður að raunverulegum þjóðgarði. Enginn staður er betur til þess fallinn á þessu fjölbyggða landshorni, en þá þarf að vinna allt öðru vísi að málum en gert hefur verið.“

Þetta sagði einn af fulltrúunum í Náttúruverndarráði, og ég hygg, að Náttúruverndarráð allt sé þessu sammála.

Ég vil leggja á það alveg sérstaka áherzlu í sambandi við þetta mál, að Alþ. ber óvenjulega mikla ábyrgð gagnvart friðunarmálum Þingvalla. Alþ. setti á sínum tíma góða og skynsamlega löggjöf um þetta efni, þar sem segir m. a.: „Frá ársbyrjun 1930 skulu Þingvellir og grenndin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga“. En Alþ. setti ekki aðeins þessi l. Það tók í rauninni sjálft að sér varðstöðuna, varðstöðu um þennan friðlýsta helgistað allra landsmanna. Það ákvað að kjósa úr sínum hópi 3 alþm., 3 fulltrúa í Þingvallanefnd til þess að vernda þjóðgarðinn, til þess að vernda helgasta sögustað þjóðarinnar, þann stað, sem einmitt er helgur í augum okkar Íslendinga vegna þess, að þar var Alþ. háð um aldir.

Nú er það skoðun mín og margra annarra, að Þingvallanefnd hafi bæði fyrr og síðar verið mislagðar hendur um einstaka framkvæmdir á Þingvallasvæðinu og að ýmsar ráðstafanir Þingvallanefnda, gamalla og nýrra, hafi verið meira en vafasamar. En Alþ. í heild ber líka ábyrgð á því, hvernig til hefur tekizt. Alþ. átti að veita fulltrúum sínum í Þingvallanefnd meira aðhald en gert hefur verið, ef það taldi ástæðu til. Alþ. bar einnig að breyta l., friðunarlögunum um Þingvelli og bæta þau, eftir því sem reynslan sýndi, að þörf var á. Þetta hefur því miður ekki verið gert. Héðan af er því ekki um annað að ræða en að viðurkenna þau mistök, sem þarna hafa orðið, og leiðrétta þau, eftir því sem föng eru á og slíkt er hægt, þótt það kunni að taka nokkurn tíma að leiðrétta mistökin. En því aðeins verður hér bót á ráðin, að löggjöfin um Þingvelli verði endurskoðuð og henni verði breytt í það horf, sem tryggi svo sem bezt verður, að Þingvellir verði, eins og segir í þeim l., sem enn gilda, um aldir friðlýstur helgistaður allra Íslendinga.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þessi till. til þál., sem hér er til umr., fer í þá átt, að Náttúruverndarráði og þjóðminjaverði verði falið að endurskoða l. nr. 59 frá 7. maí 1928 um friðun Þingvalla og semja frv. um breyt. á þeim l. Í framsöguræðu flm. kom fram, hvernig hann hugsar sér, að þessi endurskoðun fari fram. Í fyrsta lagi virðist mér, að hún eigi að taka til þess að ákveða á ný viðáttu þjóðgarðsins, að náttúruverndarsjónarmið eigi að ráða meiru heldur en hingað til hefur verið og raunar fleira, þó að þetta séu aðalatriðin, eins og fram kemur í till.gr., þó að þar séu líka ákvæði um það að stöðva byggingu allra sumarbústaða, sem veitt hefur verið leyfi til að byggja í landi Gjábakka.

Ég skal nú, af því að mér er málið nokkuð skylt og eins vegna þess, að ég þekki vel bæði sögu málsins og starf Þingvallanefndar s. l. 10 ár, leyfa mér að fara um þetta nokkrum orðum.

Ég get út af fyrir sig fallizt á, að l. um friðun Þingvalla verði endurskoðuð. Þau eru frá 1928, og skortir því ekki nema 1 ár á, að það séu 40 ár síðan þau voru samin. Á þessum 40 ára tíma hefur margt breytzt. Samgöngur hafa gerbreytzt, og gestafjöldi á Þingvöllum hefur margfaldazt, þannig að það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt, að þessi l. verði skoðuð á ný með hliðsjón af þeim breyttu þjóðfélagsháttum, sem orðið hafa á þessu tímabili.

Ég skal um fyrra atriðið, um víðáttu þjóðgarðsins, fyrst fara nokkrum orðum. Þegar l. voru sett 1928, kemur í ljós, að Alþ. skiptist í tvo hluta um afgreiðslu málsins. Minni hl. vildi láta takmarka þetta svæði við þinghelgina og aðeins tiltölulega lítið svæði til viðbótar, þannig að ef að þeirra ráðum hefði verið farið, hefðu takmörk Þingvallasvæðisins til norðurs sennilega verið talsvert fyrir neðan Skógarkot. Þá hefði ekki verið tekinn með nema lítill hluti þess lands, sem niðurstaðan varð þó að taka. Nú hefur það svæði, sem ákveðið var í l., mjög eðlileg takmörk, það takmarkast af Almannagjá að vestan, og það takmarkast af Þingvallavatni að sunnan, af Hrafnagjá að austan og Ármannsfelli og svæðinu þar í grennd að norðan. Þetta eru að því er þeim fannst, sem málið fluttu 1928, og mörgum síðar, talin eðlileg takmörk svæðisins frá náttúrunnar hendi.

Ég hef ekki fundið einn einasta staf í umr. frá 1928 um það, að það hefði verið meining þeirra manna, sem að friðunarl. stóðu, að friðlýsa svæði utan þessara takmarka. Það eina, sem hefur verið í þeirra huga og sem greinilega kemur fram í umr., er það, að það verði ekki á þessum býlum 4, sem margnefnd hafa verið, Gjábakka, Brúsastöðum, Svartagili og Kárastöðum, stofnað til framkvæmda, sem fari illa í landslaginu. Það er hvergi nefnt í þessum umr., að það sé ekki hugsað að leyfa sumarbústaði á svæðinu.

Í grg. fyrir þessari till. hv. 6. þm. Reykv., Magnúsar Kjartanssonar, er sagt í 2. mgr., með leyfi forseta:

„Ástæðan til þessarar skiptingar á milli hins friðlýsta svæðis og annars svæðis, sem Þingvallanefnd voru falin umráð með, er sú, að ríkið hafði ekki tryggt sér eignarrétt á landinu öllu, en tilgangur löggjafans var auðsjáanlega sá, að hið friðhelga svæði yrði smátt

og smátt stækkað með kaupum á jörðum eða eignarnámi."

Ég hef leitað að þessu í öllum umr. frá 1928 og hef ekki fundið einn staf, sem bendir til, að þetta hafi verið meiningin, og tel það þess vegna vera algerlega hugaróra hv. flm. Hitt er annað mál, hvað nútímamönnum kann að finnast í þessu efni, en það var ekki hugmynd þeirra manna, sem að friðunarlögunum stóðu fyrir 40 árum. Þetta kemur raunar mjög greinilega fram í bréfi, sem forgöngumaður, get ég sagt, þessarar lagasetningar, Jónas Jónsson frá Hriflu, skrifaði þá sem formaður Þingvallanefndar út af sumarbústaðabyggingum í Gjábakkalandi. Þetta bréf hans var skrifað í sept. 1946 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingvallanefnd hefur ákveðið að leyfa byggingu nokkurra sumarbústaða í landi Gjábakka, þegar ríkið hefur eignazt þá jörð, en þau kaup eru nú að gerast. N. vill, þegar hún hefur fengið umráðarétt yfir Gjábakkalandi, heimila yður (þetta er umburðarbréf, sem hefur verið sent til margra manna) að reisa sumarbústaði í landi þessarar jarðar með þeirri almennu takmörkun, sem n. setur um sumarbústaði á þessum stað. Lóðastærð mun verða svipuð og í landi ríkisins vestan við Þingvallavatn og leigukjör hin sömu."

Þetta bréf sýnist mér ekki benda til þess, að forgöngumaður friðunarlaganna hafi haft í huga að leggja þetta svæði undir hið almenna, friðlýsta svæði eða tengja þau saman, heldur þvert á móti, eins og ég hef sagt. Það var hjá þeim, sem gengust fyrir þessu máli í upphafi, ekki talað um að alfriða nema þann hluta, sem talinn er í l., þ. e. a. s. milli Almannagjár og Hrafnagjár, milli Ármannsfells og Þingvallavatns. Og meira að segja, eins og ég einnig gat um, var stór hópur í Alþ., þegar þessi l. voru sett, á því, að friðunin ætti ekki að ná nema til svæðis, sem rétt náði út fyrir þinghelgina. Góðu heilli vildi ég segja var þó þetta svæði ákveðið, eins og það er nú í l., og ég tel, að það sé allvel fyrir málum séð með þessu svæði. Þetta friðlýsta svæði á milli gjánna og Þingvallavatns og Ármannsfells mun vera að stærð milli 3 og 4 þús. hektarar, þannig að það geta komið æðimargir menn og gengið um þetta svæði, notið útsýnis, veðurs og fornminja og alls þessa, þó að það sé ekki stækkað fram yfir þessa 3—4 þús. ha. Ég hef verið á Þingvöllum margoft á dögum, þegar ferðamannastraumurinn þangað hefur verið hvað mestur, og ég fullyrði, að það sé mjög lítill hluti þeirra manna, sem til Þingvalla koma, sem fer út fyrir mjög þröngt svæði, sem er ekki nema brot af því landrými, sem friðlýst er. Það heldur sig á svæðinu í kringum Valhöll, suður með vatninu og lítið annars staðar. En þetta land er ekki nema brot af landi þjóðgarðsins.

Nú er aftur á móti farið að tala um Þingvallasvæði mjög óljóst orðað, sem enginn veit nákvæmlega hvað er, hvort það eru allar jarðirnar fjórar, Kárastaðir, Brúsastaðir, Svartagil og Gjábakki eða hvort það er einhver hluti þeirra. Ef allar jarðirnar verða teknar undir, er það geysistórt svæði. Það er t. d. mjög kostnaðarsamt. Ég vildi segja, að það mundi kosta mörg hundruð þúsunda að girða það, ef ætti að passa það. En ein aðalhugmyndin að friðuninni 1928 var sú, að sauðfjárbeit á friðlýsta svæðinu yrði útilokuð. Og meira að segja kemur það fram í umr., að forgöngumenn þessarar stærri lausnar, sem varð að lögum, hafa getað hugsað sér það, að hvorki Skógarkot né Hrauntún yrðu lögð í eyði, heldur yrði búskap haldið þar áfram, að undanskildum sauðfjárbúskap. Sem betur fer hefur þetta nú ekki verið gert, þannig að báðir þessir bæir hafa nú verið jafnaðir við jörðu, ef svo má segja, og Vatnskot, sem er þriðja og síðasta bújörðin á þessu friðlýsta svæði, er nú um það bil að komast í eigu ríkisins og Þingvallanefndar, þ. e. a. s. húsin á jörðinni, því að jörðin sjálf er í eigu ríkissjóðs. Ábúandinn hafði lífstíðarábúð á jörðinni, og þegar hann féll frá, ákvað Þingvallanefnd að leggja þetta býli niður, og verður unnið að því nú á næstunni að gera það.

Ég held þess vegna, að með niðurlagningu þessara þriggja býla á Þingvöllum sé mjög vel fyrir landrými staðarins séð, þó að það verði ekki aukið. En ég vildi segja í því sambandi, að Þingvallanefnd hefur oft rætt um það að gera gangstíga um þetta svæði, til þess að gefa fólki kost á að njóta þess betur, sem það venjulega kemur sjaldan á, og það hefur aðeins staðið á því hjá n., að hafa fjármuni til þeirra verka. Bílvegi um þetta svæði vill hún ekki leggja og skoðar það sem skemmd á svæðinu, ef til þess verður gripið, heldur eingöngu að góðir gangstígar verði gerðir til þess að reyna að beina fólki inn á þá staði, sem hafa margir hverjir yfir mjög mikilli fegurð, ég vil segja töfrandi fegurð, að búa, til þess að beina því þangað og gera því mögulegt að komast þangað. Ég vona, að til þess fáist fjárveiting innan ekki allt of langs tíma.

Þingvallanefnd hefur nú upp á síðkastið unnið að því og ákveðið það, að Almannagjá skyldi verða friðuð, og ég vænti þess, að þegar búið er að friða hana, geta margir, sem Þingvöll sækja, átt þar griðland, sem þeir ekki hafa átt áður vegna moldroks og umferðar, sem um gjána hefur farið. Ég vænti þess, að sú ráðstöfun geti orðið til bóta og til þess að hjálpa fólki, sem heimsækir Þingvelli til þess að njóta friðhelgi og fegurðar staðarins.

Náttúruverndarráð hefur séð ástæðu til þess að fetta fingur út í sumarbústaðabygginguna í Gjábakkalandi. Og alþm. hafa verið inni á því, að það væri ekki rétt, að þessi sumarbústaðabygging yrði leyfð. Þingvallanefnd hefur á hinn bóginn hugsað sér að fara eftir því, sem hún telur vera í anda friðunarlaganna, að það verði einungis séð um, að með sumarbústaðabyggingunni eða mannvirkjum á þessu fjögurra býla svæði utan friðlýsta svæðisins verði ekki unnin spjöll á landslaginu, þ. e. a. s. bústaðirnir verði þannig byggðir, að þeir

skemmi ekki landslagið neitt. Það hafa verið settar reglur um þessa sumarbústaðabyggingu, hvernig þeir skuli gerðir, mjög nákvæmlega, og það hafa verið valdir sérstakir hraunbollar uppi í Lyngdalsheiði fyrir sunnan og austan Gjábakkabýlið til þess að setja þessa sumarbústaði niður, en n. telur, alveg eins og hún taldi 1946 undir forsæti Jónasar Jónssonar, að þessir bústaðir þurfi ekki að vera til neinna lýta og hefur þess vegna ákveðið, að þeir, sem sótt hefur verið um leyfi fyrir, verði þarna leyfðir og byggðir. N. hefur aldrei auglýst eftir umsóknum um þessa bústaði. Hún hefur eingöngu tekið þær, sem borizt hafa, og með þessari síðustu sumarbústaðaveitingu, þessum 24 bústöðum í Gjábakkalandi, hefur hún veitt eða samþ. allar þær umsóknir, sem fyrir hendi voru, þegar n. hélt síðast fund. Þá lýsti hún því einnig yfir, til þess að sýna ekki neina þvermóðsku, þó að hv. flm. hafi talið, að hún væri einstrengingsleg í sjónarmiðum sínum, þá vildi hún ekki sýna þann einstrengingsskap að halda þessu áfram fyrr en búið væri að athuga málið frekar. En hún telur sig bundna af þeim samþykktum, sem þegar hafa verið gerðar, og að umsækjendum skuli verða gert kleift að byggja samkv. þeim.

Ég skal svo ekki ræða þetta mikið meira. Ég tel, að það sé ekki óeðlilegt, að l. um friðun Þingvalla verði endurskoðuð. Ég tel þó ekki ástæðu til, að þessi endurskoðun verði gerð með hliðsjón af því, að hið friðlýsta svæði, hið algerlega friðaða svæði, verði mikið stækkað. Ég tel enga þörf á því, enda eru sérkenni landsins, sérkenni Þingvalla, eingöngu bundin við þetta svæði á milli gjánna annars vegar og milli vatnsins og Ármannsfells hins vegar. Fari maður út fyrir þetta svæði, er maður kominn burt af Þingvöllum.

Um það, hverjir eigi svo að framkvæma þessa endurskoðun, hef ég þá skoðun, að það sé ekki ástæða til að láta Náttúruverndarráð endilega gera það. Náttúruverndarráð hefur átt í nokkrum útistöðum við Þingvallanefnd, og ég tel, að það væri langbezt, að það væri bara einhver hlutlaus aðili, sem þessa endurskoðun annaðist. Nú vill svo til, að hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, hefur borið fram till. hér á þskj. 6, þar sem hann leggur til, að Alþ. skuli koma á fót 7 manna mþn. til þess að endurskoða l. um náttúruvernd og gera till. um aukna náttúruvernd og ráðstafanir, sem stuðla að því, að almenningur eigi aðgang að heppilegum stöðum til útivistar. Ég gæti vel hugsað mér, að þessi endurskoðun á náttúruverndarlögunum gæti orðið samferða endurskoðun á friðunarlögum um Þingvelli, þannig að sama n. athugaði hvort tveggja. Það er hér stungið upp á, að 5 menn skuli kosnir í þessa n. af Sþ., 1 tilnefndur af Hinu íslenzka náttúrufræðifélagi og 1 af Ferðafélagi Íslands. Ég teldi a. m. k. fulla ástæðu til þess að ætla það, að þessi n. gæti á hlutlausan hátt kynnt sér þessi mál bæði, bæði náttúruverndarlög og l. um friðun Þingvalla, og gæti vonandi komið með einhverjar skynsamlegar till. um breytingar.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum. Ég vil aðeins endurtaka það, að það er alger misskilningur hjá hv. flm. till., að það komi nokkurs staðar fram hjá flm. þessa máls á Alþ. 1928, að það hafi verið meiningin að bæta þessum fjórum jörðum eða hluta þeirra við hið friðlýsta svæði á Þingvöllum, aðeins hitt að tryggja það, að á þessum jörðum yrðu ekki gerð mannvirki, húsbyggingar eða annað, sem skemmdi útsýnið frá staðnum.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Mér er það að sjálfsögðu ánægjuefni, að hæstv. utanrrh., form. Þingvallanefndar, skuli fallast á það meginsjónarmið í till. okkar, að ástæða sé til að endurskoða l. um friðun Þingvalla. Og ég vil í því sambandi mjög eindregið fara þess á leit við hæstv. ráðh. og þá hv. þm., sem kunna að vera á annarri skoðun um tilhögun endurskoðunar en við flm. þessarar till., að þeir komi fram með brtt. um þau atriði og Alþ. ákveði að endurskoða þessa löggjöf. Ég tel ekki, að það sé neitt úrslitaatriði í hverra höndum endurskoðunin verður, heldur að þegar verði tekið að vinna að þessu verkefni, þannig að ég vil vænta þess, að þessi till. verði ekki látin sofna í n., eins og stundum vill verða, heldur að hún fái afgreiðslu.

Hæstv. ráðh. var andvígur því, að Náttúruverndarráð yrði aðili að þessari endurskoðun, og sagðist heldur vilja fá hlutlausan aðila til þeirra starfa. Náttúruverndarráð er stofnun, sem Alþ. hefur sett á laggirnar til þess að vinna að tilteknum verkefnum, þ. e. náttúruvernd. Þetta er starfsnefnd, sem Alþ. hefur stofnað til, og mér virðist, að Náttúruverndarráð sé eðlilegasti aðilinn til þess að vinna að þessu verki. Þar eru þeir menn, sem mest hafa leitt hugann að náttúruvernd, bezt vita, hvernig þeim málum ber að haga og þekkja bezt þau vandamál, sem þeim eru tengd, svo að ég held, að við eigum að hagnýta okkur þá sérþekkingu, sem Náttúruverndarráð hefur. Ég tel raunar, að Þingvallanefndir hefðu mátt gera miklu meira að því að hagnýta sér aðstoð sérfróðra manna. Í þessar nefndir hafa verið kjörnir forustumenn úr þremur stjórnmálaflokkum, menn sem allir hafa verið ákaflega störfum hlaðnir, eins og við vitum, og hafa eflaust oft haft nauman tíma til þess að sinna því sérstaka verkefni, sem tengt er friðun Þingvalla. Framkvæmdastjóri n., Hörður Bjarnason, er einnig ákaflega störfum hlaðinn embættismaður, svo að ég held, að ýmislegt hefði getað farið betur í störfum n., ef hún hefði einmitt haft það samráð seinustu 10 árin við Náttúruverndarráð, sem gert var ráð fyrir í grg. l. um Náttúruverndarráð, þegar það frv. var lagt fram hér á þingi 1956.

Hæstv. ráðh. sagði, að ekki kæmi fram í umr. frá 1928, að alþm. hefðu hugsað sér að stækka sjálft hið friðlýsta svæði. Ekki skal ég vefengja það, að ráðh. fari þarna með rétt mál. Hitt er staðreynd, að eins og l. eru, gera

þau ráð fyrir alveg sambærilegri friðun á svæðinu öllu, bæði hinu friðlýsta landi og landi þeirra fjögurra jarða, sem þar eru taldar upp. Ábúendur þeirra jarða hafa ekki heimild til nokkurra mannvirkja, nema með leyfi þingkjörinnar nefndar, og eins og ég vitnaði í hér í framsöguræðu minni, gerðu margir ræðumenn einmitt þá grein fyrir nauðsyn þessa fyrirkomulags, að það yrði að koma í veg fyrir, að bændur leyfðu sumarbústaðabyggingar á þessum jörðum. Það skiptir í sjálfu sér auðvitað ekki máli, hvort alþm. 1928 hafi gert sér grein fyrir þeirri nauðsyn að stækka þetta svæði. Það, sem máli skiptir nú, er, hver okkar niðurstaða er, þegar við reynum að meta það viðfangsefni, og ég tel alveg vafalaust, að eftirkomendur okkar eigi eftir að verða okkur þakklátir, ef við stækkum þjóðgarðinn og látum hann ná til þess svæðis, sem l. í heild taka til.

Hæstv. ráðh. vék að sjálfsögðu að úthlutun sumarbústaða í Gjábakkalandi, og ég átti ekki von á því, að hann yrði mér sammála um það atriði. Hann sagði, að settir hefðu verið sérstakir skilmálar um, hvernig haga ætti byggingum á þessu svæði, húsin ættu að vera í hraunbollum, svo að þau sæjust ekki. Mér virðist þetta sjónarmið hv. Þingvallanefndar sýna einkar ljóslega, að hún hefur komizt að þeirri niðurstöðu sjálf, að hún hafi verið að taka rangar ákvarðanir. Það væri ekki ástæða til að fela þessa bústaði, ef n. teldi að þeir væru með felldu. Það er gersamlega ástæðulaust, að þetta séu einhverjir útilegumannabústaðir, ef mönnum finnst, að þarna eigi að vera sumarbústaðir. Með því að tala um að fela þá niðri í hraunbollum er verið að viðurkenna, að þetta séu mjög óeðlilegar framkvæmdir.

Ég vil minna á það í sambandi við Gjábakka, að jörðin þar var tekin eignarnámi af bóndanum, og honum hafði fram að þeim tíma verið bannað að heimila sumarbústaði á landi sínu. Á því voru aðeins gerðar tvær undantekningar. Einn þáv. Þingvallanefndarmanna tryggði sér land á þessu svæði, stórt land, 11 hektara að ég hygg, og lét byggja þar rammbyggilegan bústað og girða og setja veg, þar sem stendur skiltið „Einkavegur". Enn fremur var annar bústaður heimilaður um líkt leyti og Þingvallanefnd tók við landinu. En bóndanum hafði sem sé verið bannað að leyfa almennar sumarbústaðabyggingar. Og ég tel það ákaflega annarlegt, að þetta bann á sumarbústaðabyggingum á þessu svæði hafi aðeins átt að hafa þann tilgang að halda svæðinu lausu handa Þingvallanefnd til þess að setja upp sumarbústaði. Þetta er alveg fráleitt sjónarmið, og ég vil ítreka það, sem ég sagði áðan, að ég tel, að Þingvallanefnd hafi ekki raunverulega lagalega heimild til að gera þetta. Eins og ég vitnaði til áðan, er sagt, að þarna séu óheimil mannvirki nema með leyfi Þingvallanefndar, en í því felst það ekki, að Þingvallanefnd hafi heimild til þess að leyfa hvað sem henni sýnist. Við skulum taka dæmi. Fyrir skömmu auglýsti verðlagsnefnd, að allar verðhækkanir í landinu væru óheimilar án leyfis n. Þessi auglýsing n. var að sjálfsögðu í samræmi við lög. Hins vegar held ég, að það væri algert lagabrot, ef verðlagsnefnd færi að leyfa einstökum mönnum, vildarvinum sínum, að hækka verð. Það fengi ekki staðizt. Engu að síður er það hliðstæð lagatúlkun og mér virðist hv. Þingvallanefnd gera sig seka um.

Ég vil svo að lokum aðeins ítreka það, sem ég sagði í upphafi. Ég tel það mestu máli skipta, að ráðizt verði í endurskoðun þessara laga, og ég vil ítreka það, sem ég sagði áðan við hæstv. utanrrh., að ég mundi fagna því mjög, ef hann flytti þær brtt., sem eru í samræmi við hans skoðanir á till. okkar, þannig að hún fengi fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði, sem ég þarf að minnast á og leiðrétta. Mér fannst koma fram hjá hv. flm. misskilningur í sambandi við sumarbústaðina í Gjábakkalandi. Hann sagði, að Þingvallanefnd hefði bannað sumarbústaðabyggingu á meðan landið var í einkaeign, en svo hafi hún sjálf tekið sig fram um að leyfa þessa byggingu, þegar ríkið var orðið eigandi. Honum fannst þetta, hv. flm., mjög óviðfelldin aðferð og taldi, að þetta væri jafnvel ekki sæmandi.

Þessi fullyrðing hv. þm. um, að sumarbústaðir hefðu verið bannaðir í Gjábakkalandi á meðan þeir voru í einkaeign, segir ekki allan sannleikann, því að það, sem vakti fyrir Þingvallanefnd, var það, að það yrðu engir bústaðir byggðir þar nema þeir, sem væru í samræmi við þær hugmyndir, sem Þingvallanefnd hafði. Það lá ekki fyrir þá skipulagsuppdráttur af þessu svæði, en Þingvallanefnd taldi nauðsynlegt, að gerður yrði skipulagsuppdráttur af svæðinu, og þess vegna var takmörkun á réttinum til byggingar þá ekki bundin við annað en það að reyna að halda heildarsvipnum á landinu í því horfi, sem hún vildi hafa það, og það hefur hún reynt að gera með þeirri úthlutun, sem hún er nú að gera. Hv. þm. taldi líka, að það væri nokkurs konar feluleikur, sem væri verið að leika þarna, að koma sumarbústöðunum niður í hraunbollum í staðinn fyrir að hafa þá svona á bersvæði, og taldi, að með þessu væri óróleg samvizka að gera vart við sig hjá Þingvallanefnd. En þetta er hreint ekki tilfellið, því að við höfum ákveðið í Þingvallanefnd, að þessum framkvæmdum skyldi haga svona vegna þess, að við teljum, að þessir sumarbústaðir, sem eru litlir, allir ákveðnir af sömu stærð og með sama útliti, fari bezt með því að hafa þá í þessum hraunbollum. Heildarsvipur landsins verði betri þannig. Það eru tveir gamlir bústaðir þarna rétt hjá því svæði, sem við höfum verið að skipuleggja, þar sem sumarbústaðirnir standa uppi á hólum, og það teljum við, að sé ekki gott og spilli frekar heildarsvip landsins. Þessi skipulagsákvörðun

er raunar tekin af færustu mönnum í skipulagningu, sem til eru á þessu landi. Að vísu hef ég það nú einhvern veginn á tilfinningunni, að Náttúruverndarráð geri ekki mjög mikið úr skipulagningarmönnum eða skipulagsnefndum. Hún hefur átt í útistöðum við þá líka núna fyrir stuttu, og yfirleitt eru það nú ýmsir menn, sem mér virðist, að Náttúruverndarráði hafi tekizt að eiga í útistöðum við. En þessir menn, sem um þetta hafa fjallað, eru mjög færir á sínu sviði, og ég tel, að það sé ekki líklegt, að við getum fengið aðra menn færari til þessara starfa. Auk þess höfum við haft sem okkar framkvæmdastjóra húsameistara ríkisins, sem hefur áreiðanlega ekki minni smekk í þessum málum en a. m. k. sumir í Náttúruverndarráði.

Hv. þm. var að bera saman verðhækkun varnings, eftir að bann hefði verið sett við hækkunum. Ég skildi nú ekki almennilega samhengið í þessu, en hann vildi víta það, ef einum manni eða nokkrum mönnum mundi vera leyft að gera hlut, sem öðrum væri bannað. Þetta er alls ekki sambærilegt við það, sem gerzt hefur í Gjábakkalandi. Þar er öllum mönnunum, sem sóttu, gefin heimild til þess að byggja. Það er ekki verið að taka einn fram yfir annan. Það er nákvæmlega það sama, sem gengur yfir allan hópinn.

Ég vil svo að síðustu leyfa mér að beina því til hv. allshn., sem fær væntanlega málið til athugunar, að hún athugi möguleikana á því, sem ég nefndi hér áðan, að sama n. athugi bæði frv., á þskj. 6, sem er till. hv. 1. þm. Austf. um endurskoðun á náttúruverndarl., og þessi lög. Ég tel það vera vinnusparnað að ræða skyld mál saman, og ég tel, að það fari vel á því, að það væri sama n., sem gerði það, hvort sem hún yrði nú akkúrat skipuð eins og till. á þskj. 6 gerir ráð fyrir, með 5 kosnum þm. á Alþ. og tveimur mönnum öðrum nánar tilgreindum þar, eða á annan hátt. Það getur vel verið, að það fáist önnur og skynsamlegri skipun mála í þessari n., og það, sem fyrir mér er aðalatriðið, er, að ég teldi, að það væri praktískt að sama n. ynni að hvoru tveggja málunum. Ég vil að lokum undirstrika, að ég tel ekki rétt, að Náttúruverndarráðið eitt eða að mestu leyti eitt taki að sér endurskoðun l. um friðun Þingvalla.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

3. Áætlun um þjóðvegakerfið.

Á deildafundum 26. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um, að gerð verði áætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins á tilteknum tíma [30. mál] (A. 30).

Á 10., 14. og 18. fundi í Sþ., 8. og 22. nóv., 6. des., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Sþ., 13. des., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér liggur fyrir á þskj. 30 og flutt er af 8 þm. í Sþ., er í meginatriðum byggð á ályktun um vegamál, sem gerð var á kjördæmisþingi framsóknarmanna í Norðurlandskjördæmi eystra, sem haldið var á Laugum í Reykjadal dagana 2.—3. sept. 1966. En till. er um það, að gerð verði áætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins á tilteknum tíma, og nokkrar meginreglur, sem við flm. teljum rétt að fara eftir við áætlunargerðina. Er sú löggjöf höfð í huga og fjáröflun til hennar, sem nú er í gildi.

Flestir Íslendingar, sem leggja leið sína eftir akvegum nágrannalandanna, austan hafs og vestan, og útlendingar, sem hér eru á ferð um land vort, hljóta að gera sér grein fyrir því, að þrátt fyrir framfarir þær, sem hér hafa orðið og eru óneitanlega miklar á þessari öld, þá er Ísland enn þá í vegamálum vanþróað land. Til lengdar má ekki við svo búið standa. Hjá því verður ekki komizt að horfast í augu við verkefnin á þessu sviði, verkefni, sem eru í senn örðug og mikilvæg, en verða með hverjum áratug eða jafnvel ári, sem líður, meira aðkallandi en þau voru. Við Íslendingar höfum undanfarin ár flutt inn ökutæki fyrir of fjár. Við flytjum inn fjölda af dýrum og vönduðum fólksbifreiðum, sem í upprunalöndum sínum eru gerðar til að vera á ferðinni á eggsléttum og breiðum vegum, oftast malbikuðum eða steinsteyptum, og því viðkvæmar fyrir hvers konar hnjaski. Þessum viðkvæmu ökutækjum aka menn svo hér meira og minna um land allt mikinn hluta ársins á holóttum malar- og moldarvegum, sem víða eru aðeins ruddar slóðir og ofaníburðurinn venjulega af skornum skammti. Þetta aka menn á þessum vönduðu ökutækjum, öslandi holklakann á vorin, forarvilpurnar í rigningartíð og snjókrapann á vetrum, þar sem fönn leggst á vegi og ekki eru tök á nægilegum snjómokstri. Slíkt er hörmuleg meðferð mikilla verðmæta.

Það er kunnara en svo, að um það þurfi að fjölyrða, að vegakerfi okkar, eins og það er nú, er fjarri því að fullnægja þörfum byggðarlaganna, sem veganna eiga að njóta, fólksins og atvinnuveganna, sem þar eru til staðar. Ég ætla ekki að ræða um það hér í sambandi við þetta mál, hvort þjóðin hefði getað verið komin lengra á þessu sviði en hún nú er eða hverju eða hverjum það sé að kenna, ef talið

er, að minna hafi verið aðhafzt en unnt hefur verið á þessu sviði. Það er ekki það, sem mestu máli skiptir, að deila um slíkt, þótt stundum geti verið ærin ástæða til og jafnvel nauðsynlegt. En það, sem mestu skiptir, er að reyna að finna leið til að ganga haganlega að óhjákvæmilegu verki og ljúka því síðan svo fljótt sem unnt er — ljúka því á viðhlítandi hátt á sem stytztum tíma.

Við vitum það vel, Íslendingar, að umferðin hér á landi er ekki sambærileg við það, sem gerist í fjölmennum eða þéttbýlum löndum með tilsvarandi magn framleiðslu, og við gerum þá ekki heldur ráð fyrir því, að hér komi malbikaðir eða steyptir vegir um land allt. Og enn kunna menn hér ef til vill ekki nógu vel að gera slíka vegi. En ástæða er til að ætla, að vel uppbyggðir vegir með nægilega þykku malarlagi úr því efni, sem hér fæst bezt, geti mjög víða orðið góðir vegir, sem ekki þurfi óhóflegt viðhald og séu að jafnaði færir og viðunandi. Svo segja að minnsta kosti fróðir menn um þessi mál. Það er líka vel hugsanlegt, að reynslan kenni mönnum, að varanlegri slitlög en malarvegina megi gera á ódýrari hátt en helzt hefur verið reynt til þessa hér á landi. En til þess að svo megi verða, þarf fjármagn og sérfróða menn, sem hafa tíma til að sinna nauðsynlegri tilraunastarfsemi.

Samkv. skýrslu vegamálastjórnarinnar, þegar vegáætlunin var gerð til fjögurra ára, 1965—1968, var lengd hins ísl. þjóðvegakerfis og flokkun þjóðveganna í árslok 1964 þessi, sem ég nú nefni:

Hraðbrautir 148.5 km.
Þjóðbrautir 2960.9 km.
Landsbrautir 6272.1 km.
Þjóðvegir í þéttbýli 96.4 km.
Samtals þjóðvegir í árslok 1964 9477.9 km.

Í sömu skýrslu vegamálastjórnarinnar var í árslok 1964 talið ólagt eða ófullgert af þjóðvegum það, sem ég nú nefni:

Af hraðbrautum 127.9 km.
Af þjóðbrautum 648.3 km.
Af landsbrautum 2432.5 km.

Óbrúaðar ár á þjóðvegum voru í árslok 1964 taldar 174. Síðan hafa sumar af þessum ám verið brúaðar, en gamlar brýr þarf enn víða að endurbyggja. Nokkuð hefur verið fullgert af þjóðvegum síðustu 3 árin, þ. e. a. s. síðan 1964, m. a. Reykjanesbraut, sem er hraðbraut. Hins vegar hef ég heyrt, að vegna umferðartalningarinnar muni hraðbrautir nú vera taldar lengri en þær voru taldar vera í árslok 1964. Úrskurður vegamálastjórnar um nýja lengdartölu hraðbrauta á grundvelli 12. gr. vegalaga hefur þó ekki verið birtur svo að ég viti, og meðan svo er, er enn óvissa um lengd hraðbrautanna, en ég tel þó líklegt, að hraðbrautakerfið lengist ekki minna en sem lengd Reykjanesbrautar nemur. Það, sem taldar voru fullgerðar þjóðbrautir, styttist þá sennilega um leið og hraðbrautirnar lengjast, en ekki þær ófullgerðu. En ætla má, að lengd ólagðra og ófullgerðra þjóðbrauta og landsbrauta sé til muna vantalin árið 1964, ef miða skal við umbótaþörfina eða ákvæði 12. gr. vegalaga.

Í þeirri gr. vegalaga, þ. e. a. s. 12. gr., eru ákvæðin um flokkun þjóðvega í hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir og að hverju skuli stefnt, eins og það er orðað, um gerð þeirra. Um hraðbrautir A segir þar, að þar skuli stefnt að fjórfaldri akbraut með varanlegu slitlagi. Um hraðbrautir B, að þar skuli stefnt að tvöfaldri akbraut með varanlegu slitlagi. Um þjóðbrautir, að þar skuli stefnt að malarvegi með tvöfaldri akrein. Um gerð landsbrauta eða hverju þar skuli stefnt að eru hins vegar ekki sérstök ákvæði í 12. gr. vegalaganna, en í seinni tíð ætla ég, að landsbrautum hafi verið ýtt upp sem kallað er, en malarlag miðað við einfalda akbraut með útskotum, þar sem ökutæki getur numið staðar til þess að mæta öðru ökutæki. Ef til vill hafa þeir, sem unnu að vegalagafrv. á sínum tíma, hugsað sér, að landsbrautirnar yrðu síðar flokkaðar innbyrðis og reglur settar um, hvað teljast skuli fullgerðar landsbrautir á hverjum stað.

Upphaf þáltill., sem við áttmenningarnir nú flytjum og nú er til umr., á þskj. 30 hljóðar svo:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að fela vegamálastjóra að láta svo fljótt sem unnt er, og ekki síðar en fyrir árslok 1968, gera sundurliðaða kostnaðaráætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins á einum áratug, eða skemmri tíma, ef fært þætti, enda sé í áætluninni miðað við þá gerð vega, sem stefna ber að samkv. 12. gr. vegalaga nr. 71 30. des. 1963".

Þetta var það, sem ég átti við fyrst og fremst áðan, þegar ég sagði, að tímabært væri, að þjóðin færi að horfast í augu við hið mikilvæga og nokkuð örðuga viðfangsefni sitt á þessu sviði þjóðmálanna. Við teljum, flm. till., nauðsynlegt og tímabært, að þjóðin setji sér nú það markmið að koma vegakerfi sínu í viðunandi lag á einum áratug og reyni að gera sér grein fyrir, hvað það kosti og yfirleitt hvað til þess þurfi, að það megi takast á þessum tíma. Við teljum eðlilegt, að vegamálastjóri hafi umsjón með og stjórn á gerð slíkrar áætlunar, sem væntanlega yrði framkvæmd af starfsliði hans, eftir því sem það hefur tíma til, en að öðru leyti yrðu fleiri starfsmenn til að koma. Þar sem margar áætlanir um uppbyggingu einstakra vega hafa þegar verið gerðar, gerum við okkur í hugarlund að heildaráætlun þá, sem hér er um að ræða, væri hægt að gera á einu ári, þannig sundurliðaða, að kostnaður við einstaka vegakafla kæmi fram í áætluninni, eftir því sem hentugt þætti. Brýr eru þar að sjálfsögðu taldar með öðrum vegamannvirkjum, og framlög til þeirra hafa yfirleitt verið ákveðin sérstaklega úr vegasjóði.

Einhver kann nú að segja sem svo, að það sé raunar nokkuð langt að bíða í 10 ár eftir því, frá því að hafizt yrði handa um

framkvæmd áætlunarinnar, að einn eða annar vegarkafli yrði fullgerður. En miðað við það, sem nú á sér stað, væri hér þó um mikið átak að ræða. Ég skal nefna dæmi um þá þjóðbraut, sem mér er næst, Þingeyjarsýslubraut. Þingeyjarsýslubraut er alfaravegur, 265 km löng, að mestu um byggðir, milli Breiðumýrar í Reykjadal og sýslumarka N.-Þingeyjar- og N.-Múlasýslu, en þar austan við tekur við í framhaldi af henni Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur í N.-Múlasýslu. Þessi þjóðbraut, Þingeyjarsýslubraut, liggur um umráðasvæði 11 sveitarfélaga, m. a. um einn kaupstað og 3 sjávarþorp og er að verulegu leyti mjög ófullkominn vegur. Ef framlög til nauðsynlegrar uppbyggingar Þingeyjarsýslubrautar yrðu áfram svipuð og oft undanfarið, mundi uppbygging brautarinnar í samræmi við vegalög samkv. lauslegri áætlun taka 30—40 ár. Þetta kann að vera nokkuð áberandi dæmi, en þó sennilega ekki einsdæmi. Ef 10 ára áætlun yrði framkvæmd, slík sem hér er um að ræða, hvað þá ef áætlunartíminn yrði skemmri, yrðu tímamót í sögu ísl. samgöngumála. En víst mætti tíminn skemmri vera, ef fært þætti, eins og það er orðað í till.

Í síðari hluta till. á þskj. 30 er bent á nokkur undirstöðuatriði, sem við flm. leggjum til, miðað við núv. löggjöf um vegasjóð, að Alþ. hafi í huga við samþykkt till. og síðar þeir, sem að 10 ára áætluninni ynnu, varðandi fjáröflun og tímasetningu einstakra framkvæmda. En samkv. orðalagi till. er gert ráð fyrir, að tekið verði ríkislán til hraðbrauta og þjóðbrauta, en landsbrautir verði gerðar fyrir fé úr vegasjóði og framkvæmdaröð í áætluninni við það miðuð, að landsbyggð haldist og eflist, svo og æskilegt jafnvægi milli landshlutanna.

Svo sem hv. þm. er kunnugt, hefur ríkissjóður og í seinni tíð vegasjóður lagt fram fé til nýbygginga á vegum af árlegum tekjum sínum. En þar sem þetta hefur hrokkið skammt, þessi nýbyggingaframlög, hefur nú um skeið verið farið inn á þá leið að taka með aðstoð ríkisvaldsins sérstök lán, allstór, til vegagerðar, sem enn er ætlazt til, að vegasjóður endurgreiði af nýbyggingafé, sem þá verður ekki til annars notað. Lán til Reykjanesbrautar er þó að nokkru leyti greitt með vegaskatti. Ég hef eftir heimildum, sem ég hef undir höndum, gert lauslegan samanburð á því, hvað veitt hefur verið af almannafé annars vegar, þ. e. a. s. úr ríkissjóði og vegasjóði, og hvað hins vegar hefur verið tekið að láni til nýbygginga á hraðbrautum, þjóðbrautum og landsbrautum undanfarin 6 ár, þ. e. a. s. árin 1962—1967. En á árinu 1962 ætla ég að það hafi verið, sem byrjað var að taka lán á þennan hátt, sem tíðkazt hefur undanfarið. Mér virðist lánsfé, sem unnið hefur verið fyrir á þessum 6 árum, samtals vera mun meira en þau framlög samtals úr ríkissjóði og vegasjóði, sem varið hefur verið til nýbygginga á sama tíma. En gert er ráð fyrir því nú, að þessi lán verði svo endurgreidd úr vegasjóði. Hæst er lánsupphæðin til Reykjanesbrautar, sem kostaði hátt á þriðja hundrað millj. kr., en einnig hafa allhá lán verið tekin til Siglufjarðarvegar, Vestfjarðavega, Múlavegar, Ólafsvíkurvegar og raunar fleiri vega, þegar árið, sem er að líða, er með talið og þær heimildir til lántöku, sem notaðar hafa verið á því ári. Allir hv. þm. hafa aðstöðu til að kynna sér tölur um þetta efni, en ég hirði ekki um að tilgreina þær að þessu sinni.

Þessi þróun gefur til kynna, að lántökuleiðin verði farin meir og meir. Og vitanlega hljóta þeir, sem sjá, hversu löturhægt nýbyggingum fyrir tekjur vegasjóðs miðar áfram, að festa auga á lántökuleiðinni. En eigi vegasjóður með núverandi tekjum að endurgreiða lánin með vöxtum, er sú leið ekki til langframa og fjarri því, að hún geri mögulega framkvæmd þeirrar 10 ára áætlunar, sem hér er um að ræða.

Á síðasta þingi kom fram lagafrv. um að auka til mikilla muna fé vegasjóðs með því að afhenda honum leyfisgjald af bifreiðum. Það náði ekki fram að ganga. Undanfarin ár hefur það verið rökstutt, að ríkissjóði beri að afhenda vegasjóði að minnsta kosti bróðurpartinn af þeim tekjum, sem ríkissjóður sjálfur hefur enn af umferðinni í landinu og áætlaðar hafa verið um 600 millj. kr. á ári. Enn á þessu þingi mun reynt að fá úr því skorið, hvort vegasjóður geti fengið tekjuauka, sem um munar, af þessu tagi, og vera má, að nú blási byrlegar í því efni, þar sem tekjur ríkissjóð munu nú aukast mjög verulega á komandi ári af kunnum ástæðum. Takist það, kynni að vera ástæða til að endurskoða af þeim ástæðum síðari hl. þessarar till. En við till.-menn hljótum að miða við þá tekjuöflun, sem sjóðurinn nú hefur. Við gerum ráð fyrir, að sú stefna verði mörkuð, að fé til nýbygginga á hraðbrautum og þjóðbrautum vegna 10 ára áætlunarinnar, sem þessi till. fjallar um, verði fengið með ríkislántökum utan lands og innan, og að þau lán, sem þar er um að ræða, verði endurgreidd á umsömdum tíma af almennum tekjum ríkissjóðs, en ekki vegasjóðs.

Ég hygg, að hæstv. samgmrh. hafi nýlega, að minnsta kosti á þessu ári, lýst því yfir opinberlega, að lán til vegagerðar hér á landi væru fáanleg erlendis, og er gott til þess að vita, að svo er, og mátti raunar gera ráð fyrir því, að það hlyti að vera hægt að fá slíkt fé til vegagerðar hér að láni. Því fé, sem vegasjóður þá gæti ráðstafað til nýbyggingar af tekjum sínum, mundi verða skipt í vegáætlun, væntanlega í samræmi við 10 ára áætlunina, milli viðurkenndra þjóðvega, en ef fullnægt verður fjárþörf hraðbrauta og landsbrauta samkv. 10 ára áætluninni með lánsfé, sem ríkissjóður en ekki vegasjóður stendur straum af, verður að sjálfsögðu að gera ráð fyrir, að meira rynni til landsbrauta af vegasjóðstekjum en nú tíðkast, og er þá jafnframt opin sú leið, að vegasjóður, ef mönnum sýndist svo, tæki lán, sem hann stæði sjálfur straum af, út á endurgreiðslu af einhverju af því fé,

sem landsbrautunum er ætlað, til að flýta fyrir vissum framkvæmdum, þegar henta þætti.

Gera verður ráð fyrir, að 10 ára áætlunin um að fullgera þjóðvegakerfið fæli ekki eingöngu í sér kostnaðaráætlun um einstaka vegi, heldur jafnframt sundurliðun framkvæmda eftir árum, þ. e. a. s. áætlun um, hvað framkvæma skuli hvert ár af þeim árum, sem áætlunin tekur til, enda þótt varla sé hægt að gera ráð fyrir, að sú sundurliðun eftir árum verði ófrávíkjanleg, þegar um svo langan tíma er að ræða.

Í lok till. leggjum við til, að við gerð áætlunarinnar verði það haft sem leiðbeinandi sjónarmið við röðun framkvæmda eftir árum, að stefna beri að því, eins og það er orðið, „að landsbyggð haldist og eflist svo og æskilegt jafnvægi milli landshlutanna".

Sérfræðingar og aðrir áhugamenn, sem vinna að landshlutaáætlunum á vegum Efnahagsstofnunar ríkisins og fleiri aðilla, telja það, sem rétt er, mikilsvert að efla byggðakjarna eða miðstöðvar, stóra miðstöð í landshluta eða landsfjórðungi, minni miðstöðvar í einstökum byggðarlögum. Hér er að verulegu leyti átt við kaupstaði þá og þorp, sem fyrir eru, en sennilega einnig nýja staði, sem á komandi tímum kynnu að þykja vænlegir byggðakjarnar. Ef úr þessu á að verða, gefur auga leið, að eitt af því mikilsverðasta í sambandi við byggðakjarnana er, að sem bezt vegasamband fáist milli hvers byggðakjarna og þess umhverfis, sem hann á að þjóna, og þó sér í lagi á þjóðbrautum þeim, sem flestir eiga samleið eftir, svo og á milli nálægra byggðakjarna, sem oft og tíðum munu hafa verkaskiptingu sín á milli, en á það er nú lögð nokkur áherzla af þeim, sem að þessum málum vinna, að slík verkaskipting eigi sér stað milli byggðakjarna. Ég álít t. d., að það eigi ekki að skipta minna máli fyrir Norðlendinga, svo að ég nefni þá til dæmis, að hafa gott vegasamband og öruggt við Akureyri en Suðvesturland svo og fyrir einstakar byggðir að hafa slíkt vegasamband við sína byggðakjarna. Á Suðurlandi er svipað að segja um Selfoss og ef til vill Þorlákshöfn svo og miðstöðvar hinna einstöku byggðarlaga. Á það einnig við á ýmsan hátt um aðra landshluta. Þetta vil ég m. a. nefna til skýringar á orðalagi till. að þessu leyti.

Þó að við áttmenningarnir, sem stöndum að till. á þskj. 30 um að gerð verði áætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins á tilteknum tíma og þeim ábendingum um fjáröflun við áætlunargerðina, sem þar eru settar fram, séum allir í þingflokki framsóknarmanna, og þó að till. sé að meginefni upprunnin á einu af kjördæmisþingum okkar, lít ég ekki á hana sem flokksmál, heldur sem sameiginlegt áhugamál okkar og þeirra annarra hv. þm., sem vilja koma til samstarfs við okkur um það að reyna að finna færa leið til þess, að Ísland þurfi ekki um ófyrirsjáanlegan tíma að halda áfram að vera vanþróað land í vegamálum, og til þess, að byggðir landsins geti öðlazt von um, að sá tími komi, að bætt verði úr brýnni þörf þeirra á þessu sviði. Við teljum það engan veginn sjálfsagt, að okkur hafi hér tekizt að benda á hina einu réttu leið í öllum atriðum t. d. varðandi fjáröflunina og erum þá jafnframt fúsir til viðræðu um það, sem betur mætti fara. En í þessu mikilvæga máli verður þjóðin að reyna að setja sér, ef unnt er, tímabundið markmið, og þessu marki verður að ná á þennan hátt eða einhvern annan viðhlítandi. Þetta er framtíðarmál, og tímabundnir erfiðleikar ættu ekki að hafa áhrif á meðferð þess á Alþ. Þó dægurmálin séu mörgum að vonum ofarlega í huga, má það samt ekki gleymast, að þjóðin heldur áfram að lifa í landi sínu, og öll vonum við, að hún verði þar sem langlífust. Hvernig sem ástatt er á hverjum tíma, verður að hyggja að því, sem koma skal, og ef það horfir til framfara, þá að greiða fyrir því í tíma, eftir því sem mönnum endist fyrirhyggja til og framsýni.

Ég skal svo ekki hafa þessa framsögu lengri, en leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. frsm. hefur nú lýst þeirri till., sem hér er um að ræða á þskj. 30, till. til þál. um að gerð verði áætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins á tilteknum tíma.

Hv. frsm. lýsti yfir því, að hugmyndin að þessari till. hefði orðið til á kjördæmisráðsfundi í Norðurl. e., kjördæmisráðsfundi Framsfl. þar. Þessi hugmynd er nú vitanlega miklu eldri, því að þessi hugmynd um það að gera góða vegi um Ísland, er orðin tuga ára gömul. Ég hef verið á Alþ. í 25 ár, og vegamálin hafa verið venjulega til umr. og tekið góðan tíma. Og það er ekki nema eðlilegt, að þetta mál sé alltaf á dagskrá. Við búum í stóru landi og erum fámennir. Það þarf mikið fé til þess að gera góða vegi um allt Ísland. Það þarf svo mikið fé, að það verða þungar byrðar á hvern þegn í landinu, ef það á að gerast á mjög skömmum tíma. Þess vegna er nú það, að það hefur ávallt þokazt nokkuð í áttina, en er þó alltaf hægt að benda á, að mikið sé eftir. Till. fer fram á það, að það sé gerð heildaráætlun til 10 ára, hvernig þetta megi verða og hvað þetta muni kosta. Ég get upplýst það, að vegamálaskrifstofan hefur, að ég hygg, áætlunartölur um það, hvað það muni kosta að byggja upp vegakerfið í landinu, svo að það þarf tæplega neina áskorun um það, að áætlun verði um þetta gerð. Við gerum áætlun til vegamála til 4 ára í senn, og auk þess hefur vegamálastjóri og vegamálaskrifstofan heildaráætlun, vinnur að henni og hefur áætlunartölur um þetta hjá sér. Og áður en þessi till. kom fram í kjördæmisráði Framsfl. í Norðurl. e. hafði vegamálastjóri t. d. gert áætlun um hringveg í kring um landið að fyrirlagi samgmrn. En það er nú ástæðulaust að vera að pexast um þetta.

Ég held, að það sé rétt, sem hv. frsm. sagði

hér áðan. Ég held, að hann hafi sagt eitthvað í þá átt, að þetta mál gæti verið hafið yfir öll dægurmál. Þetta er sameiginlegt hagsmunamál. Þetta er mál, sem allir alþm. hafa áhuga fyrir.

Hv. þm. talaði um það, að það hefði verið unnið mikið fyrir lánsfé í seinni tíð. Þetta er rétt. Það hefur verið unnið fyrir lánsfé að Múlavegi, að Strákavegi, að Ólafsvíkurvegi fyrir Ennið, að Reykjanesbraut og fleiri framkvæmdum, sem hafa verið á dagskrá, síðan ég kom á hv. Alþ., en biðu þess að verða framkvæmd, þangað til núna allra síðustu árin. Nú getur það ekki verið meiningin hjá hv. þm., að það hefði verið betra, ef núv. ríkisstj. hefði hagað sér eins og þær fyrri, að láta þessi verk vera ógerð og látið það vera að afla lánsfjár til þessara framkvæmda. Ég hefði ekki haldið, að úr þessari átt kæmi ámælistónn í garð núv. ríkisstj. fyrir það að hafa hrundið þessum málum í framkvæmd, sem hafa verið á döfinni s. l. 20—25 ár, og ég er alveg sannfærður um það, að hv. þm. talar ekki í umboði þeirra, sem njóta þessara framkvæmda helzt, þegar hann er að gefa það í skyn, að það sé jafnvel ámælisvert af núv. ríkisstj. að hafa aflað lánsfjár til þessara framkvæmda, frekar en það að láta við það sitja að framkvæma fyrir það fé, sem vegasjóður hafði yfir að ráða. Nú er það svo, að ég get verið sammála hv. frsm. um það, að það væri æskilegt, að vegasjóður hefði haft meira fé til ráðstöfunar, að það hefði verið hægt að framkvæma meira auk þess, sem framkvæmt var fyrir lánsfé. Þetta getum við verið sammála um, eins vænti ég þess, að hv. frsm. sé samþykkur því, að í tíð núv. ríkisstj. hafi verið veitt beinlínis meira fé til vegamálanna en áður. Og það má segja, að það sé á ýmsan hátt eðlilegt, vegna þess að kröfur þjóðarinnar til framkvæmda, uppbyggingar og þæginda fara stöðugt vaxandi með ári hverju. Og það má segja það, að þjóðin öll geri í dag meiri kröfur til þeirrar ríkisstj., sem nú situr, en til þeirrar, sem sat fyrir 10 árum. Og eftir því sem kjör þjóðarinnar hafa batnað, þeim mun háværari verða kröfurnar um meiri framkvæmdir og enn betri lífskjör. Ég held, að það sé nauðsynlegt, eins og hv. frsm. gaf í skyn hér áðan, að við setjum þetta mál, sem er hagsmunamál þjóðarinnar allrar og alþm. eru í hjarta sínu allir sammála um, að við setjum það til hliðar á þann veg, að við séum ekki að reyna að nota það sem áróðursmál fyrir einn eða annan, gefa í skyn, að einhver stórhugsjón hafi fæðst á kjördæmisfundi Framsfl., þegar talað var um það að byggja upp vegina á Íslandi, eins og það hafi ekki komið til mála áður, heldur hafi þessi fundur uppgötvað það allt í einu, að hér væri mál, sem bæri að berjast fyrir. Þetta mál er miklu eldra, og mér dettur ekki í hug að efast um það, að hv. frsm. og margir ágætir framsóknarmenn hafi jafneinlægan áhuga fyrir því að byggja upp vegakerfið og ég og við sjálfstæðismenn. Mér dettur ekki í hug að efast um það, en það er alveg ástæðulaust og er ekki sæmandi að vera að reyna að draga þetta í dilk í áróðurs skyni og reyna að telja landsmönnum trú um það, að þetta sé eitthvað sérstakt fyrir framsóknarmenn.

Hv. frsm. sagði hér áðan, að það hefði verið byrjað 1962 að taka lán til vegaframkvæmda annarra en þessara stórframkvæmda, sem ég taldi hér upp áðan. Þetta er alls ekki rétt. Ég man ekki betur en að ég hafi oftast, frá því að ég varð þm.., beitt mér fyrir því, að það væri unnið að vegamálum í mínu kjördæmi, á meðan það var Rangárvallasýsla ein, fyrir lánsfé, sótti um það til samgmrh., að hann samþ., að það væri unnið fyrir lánsfé, og svo gengum við þm. fram í því að útvega þetta fé. Það byrjaði fyrir 1950 og hefur verið meira og minna á hverju ári síðan. Það er þess vegna ekki aðeins 1962 eða eftir það, sem þetta hefur átt sér stað, heldur alltaf og misjafnlega mikið í kjördæmunum, eftir því hve fast var ýtt á eftir. En þegar stórframkvæmdirnar eru dregnar frá, sem ég nefndi áðan, eru þetta venjulega héraðavegir, sem unnið er eitthvað í fyrir fram, eftir að komið hafa beiðnir frá hreppsnefndum eða sýslunefndum um það, að þeir bjóðist til að útvega lánsfé, án þess að vegagerðin greiði af því vexti. Og venjan hefur verið sú að samþykkja það að taka við þessu lánsfé, og það hefur oft komið sér vel. (Gripið fram í.) Hvað sagði þm.? Það hefur alltaf komið sér vel, hv. 1. þm. Vesturl., og mér kemur það einkennilega fyrir, ef það hefur ekki komið sér vel á áratugnum 1950—60 í Dalasýslu og öðrum sýslum á Vesturlandi að geta ýtt framkvæmdum áfram með lánsfé. Þannig var það a. m. k. á Suðurlandi.

En eins og ég sagði hér áðan, ætlaði ég nú ekki að taka langan tíma til ræðuhalda nú út af þessari þáltill. Ég vildi nú aðeins vekja athygli á því, hvaða mál hér er um að ræða, og þótt þessi till. hafi verið flutt, er náttúrlega út af fyrir sig engin ástæða til þess að finna að því. Maður gæti hins vegar alveg játað það, að það væri kannske eðlilegt, að menn settu þetta fram, en þá vildi ég mælast til þess, að það væri gert í öðru formi en í svona áróðursformi, eins og kom fram í ræðu hv. þm. hér áðan, þegar hann var að reyna að draga það fram, að það væri sérstakur áhugi hv. framsóknarmanna, að fé vegasjóðs væri aukið og framkvæmdum hraðað í þessu máli. Það er jafnmikið áhugamál okkar allra, örugglega. En við, sem erum í ríkisstj., og þeir, sem styðja ríkisstj., gera sér vitanlega grein fyrir því, að það eru takmörk fyrir því fjármagni, sem hægt er að fá til vegagerða nú, eins og það var á meðan framsóknarmenn voru við stjórn. Það eru takmörk fyrir því.

Nú segir hv. frsm.: Það á að láta vegasjóðinn hafa það fé, sem kemur af umferðinni, og talaði hann um 600 millj. kr. á ári. Það eru nú ekki 600 millj., sem hægt er að tala um að komi frá umferðinni, en hvort sem það eru 400 eða 600 millj., má segja, að það munaði um það, ef vegasjóður fengi þetta fé. En

þetta fé hefur gengið í ríkissjóð, og verði það tekið frá ríkissjóði, verður að afla ríkissjóði tekna með öðru móti. Og það hefur ekki komið fram tillaga frá hv. frsm. eða öðrum framsóknarmönnum um það, hvernig ætti að afla ríkissjóði tekna, ef þetta væri tekið.

Hv. þm. talaði um, að nú væri viðhorfið breytt, vegna þess að nú hefði orðið gengisbreyting. Þó að hann nefndi það ekki, þá vissu allir, að hann átti við það. En hvað er langt síðan að ýmsir stjórnarandstæðingar töluðu um það, að það væri eðlilegt að ráðstafa gengishagnaðinum til þess að lækka tolla. Það verður nú ekki gert tvennt við sömu krónuna. Og það veit ég, að hv. 1. flm. þessarar till. skilur alveg og veit.

Í þessari till. er talað um það, að taka ríkislán til hraðbrauta og þjóðbrauta og fé vegasjóðs ætti þá eingöngu að notast til landsbrauta, til brúargerða að vissu marki og til vegaviðhalds, en það er óhætt að upplýsa hv. frsm. um það, að þótt ég hafi sagt það hér í vetur, að það væri hægt að fá erlend lán til hraðbrauta, eins og fyrirhugað er, þá verður það vitanlega aldrei 100% af kostnaðinum. Við fáum aldrei nema hluta af kostnaðinum lánaðan erlendis frá, og hluta af kostnaðinum verðum við að hafa af innlendu fé. Það dugar þess vegna ekki að vísa á erlent fjármagn eingöngu til hraðbrautabygginga og þjóðbrautabygginga, við verðum einnig að hafa innlent fé að einhverju leyti í þessu skyni, og það eru líka takmörk fyrir því, hversu ráðlegt er að ganga langt í erlendum lántökum í þessu skyni. Finnar hafa þrívegis fengið lán í Alþjóðabankanum til vegagerða, en það hefur ekki verið nema 40% af vegagerðarkostnaðinum hverju sinni, sem þeir hafa tekið þar, og ég hygg, að það sé nokkurn veginn algild regla hjá Alþjóðabankanum, að þegar hann lánar til vegagerðar, þá séu það um 40% kostnaðar. Það er þess vegna mikill vandi á höndum, ef við ætlum að flýta framkvæmdum okkar í vegamálum, að afla nægilegs fjármagns, sem til þess þarf, enda þótt við eigum þess kost að fá fjármagn erlendis frá að vissu marki.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri að þessu sinni. Mér fannst eðlilegt að koma hér á framfæri nokkrum atriðum í tilefni af flutningi þessarar till. og þeirrar ræðu, sem hv. frsm. flutti hér áðan.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Sþ., 16. jan., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 24. jan., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Það munu nú vera liðnar einar 5 eða 6 vikur síðan frestað var fyrri umr. um þetta mál, sem er till. til þál. um, að gerð verði áætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins á tilteknum tíma. En málið var tekið til fyrri umr. hinn 13. des. 1967. Ég flutti þá framsöguræðu fyrir hönd okkar flm., sem að þessari till. stöndum, og að því loknu talaði hæstv. samgmrh. Ég mun hafa kvatt mér hljóðs þá og skal hafa um þetta örfá orð.

Í ræðu þeirri, sem hæstv. samgmrh. flutti að lokinni framsöguræðu, kom hann með nokkrar aths., sem virtust vera gerðar í tilefni af ræðu minni. Ég held nú, að þessar aths. hæstv. ráðh. hafi komið nokkuð á óvart, sumar þeirra, þeim, sem höfðu heyrt ræðu mína, en mér var reyndar ljóst, hvernig á þeim stóð. Þannig vildi til, að þegar umr. hófst, var hæstv. ráðh. ekki viðstaddur hér í d. og heyrði ekki nema lítinn hluta af ræðu minni í lokin. Þess vegna held ég, að hann hafi í raun og veru verið að gera aths. við það, sem hann gerði sér í hugarlund, að ég kynni að hafa sagt, en ekki það, sem ég sagði. Það var t. d. einhver hugarburður hjá hæstv. ráðh., að í ræðu minni hefði verið ámælistónn, mér skilst í garð hans eða hæstv. ríkisstj. Svo var alls ekki. Það var enginn ámælistónn í ræðunni. Ég nefndi hvorki hæstv. ráðh. né hæstv. ríkisstj., ræddi um allt önnur efni, og í því sambandi vil ég aðeins vitna til nokkurra orða, sem ég hafði yfir. Ég sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég ætla ekki að ræða um það hér í sambandi við þetta mál, hvort þjóðin hefði getað verið komin lengra á þessu sviði en nú er eða hverju eða hverjum það sé að kenna, ef tallið er, að minna hafi verið aðhafzt en unnt hefði verið á þessu sviði. Það er ekki það, sem mestu máli skiptir að deila um slíkt, þótt stundum geti verið ærin ástæða til og jafnvel nauðsynlegt, en það, sem mestu skiptir, er að reyna að finna leið til að ganga haganlega að óhjákvæmilegu verki og ljúka því síðan svo fljótt, sem unnt er á viðhlítandi hátt."

Ég sagði heldur ekki í þessari framsöguræðu, að Eyfirðingar og Þingeyingar, sem sóttu fund að Laugum, hefðu átt hugmyndina að því að gera góða vegi á Íslandi og ekkert því líkt. Ég sagði aðeins, að till., sem við flyttum hér, væri gerð með hliðsjón af till., sem þar hefði verið samþ. Ekki deildi ég heldur á hæstv. ríkisstj. í þeirri ræðu fyrir það að hafa tekið lán til vega, enda hefði ég ekki haft góða aðstöðu til þess að gera það, þar sem við erum að flytja till. um að taka lán til vega. Það voru heldur ekki mín orð, að ekki hefði verið tekið lán til vegagerðar fyrr en á árinu 1962. Hitt nefndi ég, að á því ári mundi hafa verið byrjað að taka lán á þann hátt, sem nú tíðkaðist, þ. e. a. s. föst lán í stórum stíl til vegagerðar, og ég hafði það eftir vegamálaskrifstofunni, sem ég spurði um þetta, að á því ári hefði verið byrjað að taka lánið til Reykjanesbrautar.

En það eru tvö atriði, sem fram komu í ræðu hæstv. ráðh., sem ég vil gjarnan vekja athygli á hér, af því að þau varða það mál, sem hér er til umr. Hið fyrra er það, að hæstv. ráðh. staðfesti það, sem ég hafði vikið að í ræðu minni, að það mundi vera unnt að

fá lán erlendis til vegagerðar, enda var það í raun og veru eftir honum haft, og hann gaf þær nánari upplýsingar, að það mundi vera hægt að fá 40% af vegagerðarkostnaði lánaðann, og hann sagði, að Finnar hefðu fengið slík lán, 40% af kostnaði, til vegagerðar. Þetta tel ég nú þó nokkuð, ef það er svo, sem ég dreg ekki í efa, að hæstv. ráðh. hafi kynnt sér, að hér sé hægt að fá erlendis 40% til vegagerðar, og ég býst ekki við því, að mér eða öðrum hafi komið það til hugar, að við gætum lagt hér vegi eingöngu fyrir erlent lánsfé, heldur yrði þess lánsfjár, sem gert er ráð fyrir, einnig aflað innanlands.

Annað var það, sem hæstv. ráðh. drap á í ræðu sinni, og það var það, að hann sagði, að þegar mundi liggja fyrir á vegamálaskrifstofunni allmikið af áætlunum og tölum í sambandi við kostnað við einstaka vegi. Og ég hafði nú búizt við því, að svo mundi vera, það mundi liggja allmikið fyrir af slíkum áætlunum og vék einmitt að því í ræðu minni. Vegamálaskrifstofan hefur unnið að því árum saman að gera slíkar áætlanir, og í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að skjóta því til hv. n., sem kann að fá þessa till. til meðferðar, að það kynni að vera athugandi að ætla skemmri tíma en till. gerir ráð fyrir til þeirrar áætlunargerðar, sem þar er um að ræða. En það er gert ráð fyrir því í till., að 10 ára áætluninni verði lokið ekki síðar en fyrir árslok 1968. Ef það er svo, sem hæstv. ráðh. segir, og hann ætti að vera því kunnugur, að mikið liggi fyrir af einstökum áætlunum og tölum í því sambandi, mætti e. t. v. ætla þeim, sem að þessu vinna með vegamálastjóra að ljúka þeirri áætlun, sem hér er um að ræða, á eitthvað skemmri tíma en hér er gert ráð fyrir, þ. e. a. s. fyrr en um árslok 1968. Og um þetta mundi n. væntanlega hafa samráð við vegamálastjóra og hæstv. ráðh.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta, en eins og hv. þm. sjá, er það meginatriði till. okkar áttmenninganna, að gerð verði heildaráætlun um uppbyggingu þjóðvegakerfisins samkv. vegalögum. Eins og ég sagði í ræðu minni, er Ísland í vegamálum vanþróað land. Og það er skoðun okkar, að við svo búið megi ekki standa og á þessu þurfi að verða gerbreyting og hún megi ekki taka mjög langan tíma. Okkur hefur sýnzt, að það, sem fyrst þyrfti að snúa sér að í því sambandi, væri þá að gera sér grein fyrir verkefninu í heild, þ. e. a. s. gera heildaráætlun um uppbyggingu veganna, hvað hún kostaði og hvernig haganlegast væri að framkvæma hana á tilteknum tíma, t. d. á 10 árum, sem við höfum nefnt í till.

Þar sem nú liggja fyrir einstakar áætlanir, eins og hæstv. ráðh. sagði í sinni ræðu, um þessi efni, um margar einstakar vegaframkvæmdir, er auðvitað það, sem hér er um að ræða, að safna þessum áætlunum saman í eina heild, gera þær einstöku áætlanir, sem vantar til að slík heildaráætlun geti verið gerð, og áætla síðan, á hvaða tíma hver einstök framkvæmd yrði, hvenær hvert einstakt verk yrði framkvæmt. Í till. er svo jafnframt bent á þær leiðir, að tekin yrðu lán til sérstakra vegaframkvæmda, þ. e. a. s. hraðbrautanna og þjóðbrautanna. Það er alveg auðsætt mál, að verk eins og það að byggja upp þjóðvegakerfið á 10 árum verður ekki framkvæmt nema á tvennan hátt. Það er um tvær leiðir að velja að því er fjármagnið varðar. Annars vegar að sjá vegasjóði fyrir svo miklum tekjum, að hann geti innt þetta verkefni af hendi, hins vegar að taka að verulegu leyti lán til þessara hluta. Og ef vegasjóði verður ekki séð fyrir þessum tekjum, sem þarna er um að ræða, verður þetta ekki framkvæmt öðru vísi en með mjög verulegum lántökum.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Sþ., 5. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 30, n. 466, 494).

Forseti tók málið af dagskrá, og var till. ekki á dagskrá tekin framar.

---

4. Atvinnuráðning menntamanna erlendis.

Á deildafundum 26. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á atvinnuráðningu íslenzkra menntamanna erlendis [32. mál] (A. 32).

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. og 14. fundi í Sþ., 8. og 22. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sþ., 6. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef ásamt þrem öðrum framsóknarþm. leyft mér að flytja svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta rannsaka, hvort mikil brögð séu að því, að íslenzkir menntamenn ráði sig að námi loknu til starfa erlendis, og ef svo er, hverjar ástæður liggi til þess.“

Ástæðan til þessarar till. er sú, að það er almenn skoðun, sem hefur ríka stoð í þeim upplýsingum, sem þegar liggja fyrir hendi, að allmikil og að mínum dómi allt of mikil brögð séu að því, að ýmsir sérmenntaðir menn, svo sem læknar og verkfræðingar, ráði sig til starfa erlendis og setjist þar að að námi

loknu, taki sér þar fasta búsetu og komi jafnvel ekki aftur hingað til lands. Hefur allmikið verið rætt um þetta að undanförnu, og hafa ýmsir látið í ljós ugg út af þessum búferlaflutningum menntamanna til útlanda. Frá því hefur t. d. verið skýrt í dagblaði ekki alls fyrir löngu, að í Svíþjóð einni mundu nú starfa 60-80 læknar. Skv. upplýsingum frá landlæknisskrifstofunni er talið öruggt, að talsvert á 2. hundrað íslenzkra lækna dveljist nú erlendis, en þess er að gæta, að allmargir þeirra eru við framhaldsnám eða dveljast þar til bráðabirgða. Samkv. upplýsingum frá skrifstofu verkfræðingafélagsins munu 35 íslenzkir verkfræðingar, sem eru félagsmenn í verkfræðingafélaginu, starfa erlendis um þessar mundir. Þar að auki geta svo verið einhverjir og eru áreiðanlega einhverjir, sem ekki eru á skrá verkfræðingafélagsins. Og ekki alls fyrir löngu las ég það í dagblaði einu hér, að 60 íslenzkir verkfræðingar störfuðu erlendis, en ég veit ekki, á hverju það er byggt. Auk þess munu svo ýmsir íslenzkir tæknimenntaðir menn stunda atvinnu erlendis, og eru það sjálfsagt ekki allt háskólamenntaðir menn, en sérmenntaðir eigi að síður. Um þá menn liggja ekki fyrir neinar upplýsingar, svo að mér sé kunnugt um.

Eftir að þessi till. var flutt, hefur mér borizt vitneskja um skoðanakönnun, sem Bandalag háskólamanna hefur efnt til, en það mun hafa verið seint á þessu sumri eða í haust, sem um það var rætt meðal þeirra, að það væri nauðsynlegt að láta fara fram slíka könnun, og í septembermánuði mun það hafa verið, sem framkvæmdastjóra félagsins var falið að undirbúa þvílíka könnun, og var hún eftir það sett af stað og bréf sent þeim háskólamönnum, sem erlendis dvelja, ásamt spurningalista, þar sem sérstaklega var gert ráð fyrir því, að reynt væri að upplýsa, hvað ráðið hefði starfsvali þeirra og búsetu erlendis. Þegar mér var síðast kunnugt um, var búið að senda slíkan lista eða bréf til 220 háskólamenntaðra manna. En það var vitað um talsvert fleiri, sem þó hafði ekki tekizt að afla upplýsinga um, hvar heima ættu, og hafði því ekki enn verið skrifað.

4. nóvember s. l. hafði borizt rúmlega þriðjungur svara frá þeim, sem skrifað hafði verið, og sjálfsagt hefur eitthvað borizt síðan, þó að mér sé ekki kunnugt um tölu í því efni. Þessi skoðanakönnun, sem Bandalag háskólamanna hefur efnt til, er að sjálfsögðu mjög góðra gjalda verð. Upplýsingar þær, sem þar fást, geta sjálfsagt komið að notum við frekari rannsókn á þessu máli. Þessari skoðanakönnun, sem Bandalag háskólamanna hefur efnt til, verður hins vegar ekki jafnað til þeirrar rannsóknar, sem hér er gerð till. um, því að það eru líka aðrir háskólamenntaðir menn, sem hér eiga að koma til athugunar og rannsóknar.

En það er þannig alveg óvefengjanlega ljóst, að það eru margir og ég vil segja óeðlilega margir menntamenn, sem hafa leitað atvinnu utan landsteinanna. Óeðlilega margir af því að verkefni eru hér fyrir þá og hér er þeirra þörf. Það eru hins vegar ekki fyrir hendi fullnægjandi upplýsingar um það, hve margir sérmenntaðir Íslendingar stundi atvinnu erlendis um þessar mundir. Að áliti okkar flm. þessarar till. er æskilegt og nauðsynlegt, að það fari fram rækileg athugun á því, hve marga menn er hér um að ræða, og jafnframt þarf að kanna — og það er að sjálfsögðu höfuðatriðið og höfuðröksemdin fyrir þessari till., sem hér er flutt, — hverjar ástæður liggja til þess, að þessir sérmenntuðu menn kjósa að setjast að erlendis. Það er auðvitað það, sem fyrst og fremst vakir fyrir okkur flm., að upplýst sé með þeirri rannsókn, sem hér er lagt til, að fram fari.

Sumir kasta steini að þessum mönnum, finnst þeir hafa launað fóstrið illa. Ég vil nú vara við hnútukasti í garð þessara manna að órannsökuðu máli. Til dvalar þeirra og búsetu erlendis liggja sjálfsagt ýmislegar ástæður, sumar skiljanlegar, aðrar aftur á móti, sem mönnum gengur verr að skilja, en þessar ástæður allar er rétt að kanna, áður en menn fella þunga dóma. Hitt liggur alveg í augum uppi, að það er mikið tjón fyrir Ísland að missa þessa sérmenntuðu menn. Hér vantar t. d. tilfinnanlega, eins og öllum er kunnugt, lækna. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um læknaskortinn. Það er öllum hv. þm. svo kunnugt um hann, þar sem vitað er jafnvel um heil héruð og heilar sýslur, sem eru læknislausar, og lítið útlit að því er virðist því miður fyrir, að úr rætist í þeim efnum. Og allir minnast þess, er s. l. sumar átti að ráða lækni til aðstoðar síldveiðiflotanum, en af því gat ekki orðið. Ég verð að segja, að það er ömurleg staðreynd og það er eiginlega vansæmd fyrir þjóðfélagið að geta ekki séð þessum mönnum, sem þjóðfélagið stendur í svo mikilli þakkarskuld við, fyrir læknishjálp. Ég skal ekkert dæma um það, á hverju það hefur strandað, og skal ekki hér í þessu sambandi ræða neitt frekar um þennan alkunna læknaskort, en nefni hann aðeins sem staðreynd, sem öllum er kunn.

Um það ætti nú ekki að þurfa að deila, að framtíð og gengi íslenzkrar þjóðar er ekki hvað sízt undir því komið, að hún eigi á að skipa nægilegum fjölda sérmenntaðra manna og tæknimenntaðra manna. Þjóðfélagið þarf á þessum mönnum að halda. Þjóðfélagið hefur kostað miklu til menntunar þessara manna. Þjóðin hefur á ýmsan hátt lagt á sig mikið vegna þessara manna. Það er ekki verið að telja eftir það fé. Því fé hefur almennt verið vel varið og kemur yfirleitt aftur til skila að mínum dómi. Oft er sagt, að menntun sé bezta fjárfesting. Fyrir því má vissulega færa haldgóð rök. Ég vil að vísu fyrir mitt leyti vara við því, að það efnishyggjulega viðhorf verði alls ráðandi eða of mikils ráðandi í viðhorfi manna til menntunar. En hitt er ljóst, að sú fjárfesting, sem felst í menntun manna, sem hverfa að fullu til starfa á erlendum vettvangi,

ganga í þjónustu erlendra aðila og taka sér þar fasta búsetu, skilar ekki arði hér, kemur ekki okkar þjóð og okkar landi að beinu gagni. Orsakirnar til þessa þarf að kanna og reyna að ráða bót á því. Það er að sjálfsögðu svo, að það er fyrir margra hluta sakir æskilegt og nauðsynlegt, að íslenzkir menntamenn dvelji erlendis um stundarsakir og að sérmenntaðir menn eigi þess kost að stunda þar framhaldsnám. Þar auka þeir við sína kunnáttu. Þar fá þeir reynslu, sem ekki er alltaf kostur að fá hér. Þó að sæmilega hafi verið gert við okkar háskóla og reynt að gera hann svo úr garði sem unnt er, er það auðvitað mál, að hann getur aldrei haldið til jafns við aðra stærri háskóla, þar sem kostur er miklu fjölbreyttari og margbreyttari menntunar en hér er. Þess vegna er það síður en svo, að það sé amazt við því í þessari till., að menntamenn sæki til útlanda þekkingu og reynslu, sem getur svo aftur komið okkar landi að margföldu gagni, þegar þessir menn koma aftur. En það, sem er öfugþróun í þessum efnum, er það, að þessir menn taki sér fasta búsetu erlendis og ráði sig þar til starfa til frambúðar og komi ekki aftur hingað til landsins. Ég vil segja það, að við Íslendingar höfum ekki að mínum dómi efni á því að flytja út fólk og við höfum allra síst efni á því að flytja út sérmenntað fólk.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að æskja þess, að umr. þessari verði frestað og till. vísað til athugunar hjá allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá meiri og minni hl. allshn., á þskj. 467 og 493, var útbýtt 1. og 2. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

5. Embætti lögsögumanns.

Á deildafundum 6. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um undirbúning löggjafar um embætti lögsögumanns [40. mál] (A. 40).

Á 10., 14., 18. og 28. fundi í Sþ., 8. og 22. nóv., 6. des. og 24. jan., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 26. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég held, að það sé í fjórða skiptið, sem þessi þáltill. er sýnd hér á hv. Alþ., enda hefur hún aldrei fengið neina afgreiðslu, svo að það gerist sjálfsagt ekki þörf á því að hafa um hana langa framsöguræðu að þessu sinni.

Ég hef áður gert allítarlega grein fyrir þessu máli. Ég má segja, að það hafi verið á síðasta hv. Alþ., sem ég gerði það, og rifjaði þá m. a. upp reynslu nágrannaþjóðanna og þá sérstaklega Dana af þessu embætti, en þar hefur lögsögumaður starfað nokkur undanfarin ár við mjög góðan árangur og við mikla eftirtekt annarra þjóða, sem ekki hafa komið þessu skipulagi á hjá sér.

Efni till. er í stuttu máli það, að Alþ. feli ríkisstj. að skipa 5 manna n. til þess að undirbúa löggjöf um stofnun embættis lögsögu*manns með sérstakri hliðsjón af löggjöf á* Norðurlöndum um embætti, sem þar er kallað „ombudsmand", og að hverjum þingflokki sé gefinn kostur á að tilnefna 1 mann í n., en hæstiréttur skipi þann fimmta og sé hann formaður.

Hér á landi hefur á síðari áratugum orðið þróun í þá átt, að bæði ríkisvald, bæjaryfirvöld og sveitarstjórnir hafa æ meiri afskipti af málum, sem snerta daglegt líf einstaklinganna, og því er ekki að neita, að þær raddir heyrast að minnsta kosti, að enda þótt allir eigi að vera jafnir fyrir lögunum, þá geti í sumum tilfellum á það skort. Tilgangurinn með stofnun þessa embættis á að vera sá að auka möguleikana á því, að lög og reglur þjóðfélagsins gangi réttlátlega yfir alla, og höfum við fim. þá jöfnum höndum í huga þau hlunnindi, sem þjóðfélagið veitir þegnum sínum, og þær kvaðir, sem það leggur á þá, og enn fremur meðferð refsimála og afplánun refsinga þeirra, sem brotlegir gerast.

Þegar þetta mál var hér til umr. síðast eða síðast þegar ég talaði fyrir því, þá kom hæstv. forsrh. hér í ræðustólinn og taldi öll tormerki á því, að slíkt embætti gæti átt rétt á sér hér við þær aðstæður, sem í okkar þjóðfélagi ríkja. En ég tel þvert á móti, að það sé óvíða og kannske hvergi meiri þörf á slíkum embættismanni en einmitt hér vegna þess kunningsskapar og vináttutengsla, ef svo mætti segja, sem setja svipmót sitt á allt þjóðfélagið framar því, sem annars staðar gerist.

Síðan þessar umr. fóru hér fram, þá hefur okkur stuðningsmönnum þessa frv. bætzt nokkur liðsauki. Ég vil þá fyrst nefna það, að fyrir nokkrum mánuðum talaði ungur menntamaður í útvarpið og flutti þar fram þau rök, sem honum sýndust hníga að því, að það væri nauðsynlegt fyrir okkur að koma upp embætti lögsögumanns. Þetta er auðvitað mikill fengur fyrir þá, sem telja hér aðkallandi mál á ferðinni, en þó munar sjálfsagt meira um hitt í þessu sambandi, að félagsskapur ungra sjálfstæðismanna hefur nýlega, eða í okt. 1967, ályktað um þetta. Það var 19. þing SUS, sem saman kom í októbermánuði s. l., sem ályktaði m. a., að kanna beri nauðsyn á embætti stjórnsýslugæzlumanns, er gætti hagsmuna borgaranna gagnvart hinu opinbera.

Ég vonast nú satt að segja eftir því, að hæstv. forsrh. sjái sér fært að endurskoða af-

stöðu sína til þessa máls í ljósi þessara staðreynda og þessa liðsauka, sem okkur hefur borizt, síðan umr. fóru hér fram síðast. Ég harma það, að hæstv. ráðh. er ekki viðstaddur, og mun ekki beina orðum mínum meira til hans sérstaklega vegna þess.

Nafnið á þessum embættismanni hefur orðið ýmsum hv. alþm. þyrnir í augum. Lögsögumaðurinn til forna var æðsti maður þingsins, og mönnum þykir e. t. v. ekki tilhlýðilegt að sæma þeirri nafnbót annan mann, sem ekki hefur svo mikilsverðu embætti að gegna, og ég get vel skilið það. Því hefur margsinnis verið lýst yfir af okkur flm. þessarar þáltill., að nafnið sé ekkert aðalatriði, og vitanlega er það fráleitt, að nafnið á embættismanninum eða deilan um það geti orðið til þess, að menn hafni málinu af þeim sökum. Vitanlega hlýtur að vera hægt að finna nafn, sem allir geta unað við. Ungir sjálfstæðismenn hafa gert tilraun til að skíra þennan mann öðru nafni. Ég veit ekki, hvort það fellur í betri jarðveg eða á meiri hljómgrunn að kalla manninn stjórnsýslugæzlumann, þó getur það vel verið.

Ég vil svo aðeins að lokum, herra forseti, greina frá því, að nú alveg nýverið hefur borizt til utanrrn. skýrsla þessa embættismanns í Danmörku — hann er kallaður Folketingets ombudsmand — og sú skýrsla, sem hér um ræðir, er fyrir árið 1966, og ég vildi mega leyfa mér að hvetja alla þá hv. alþm., sem áhuga hafa á þessu máli, að kynna sér þessa skýrslu. Af henni kemur í ljós, að þetta embætti hefur afgreitt hvorki meira né minna en 343 mál á árinu 1966, 11 mál, sem snerta sveitarstjórnir, 204 mál, sem snerta hin ýmsu ráðuneyti, 21 mál, sem snerta lögregluna, og 107 mál, sem snerta aðra opinbera starfsmenn eða stofnanir en þær, sem nú hafa verið taldar, svo sem tryggingaryfirvöld, skattayfirvöld o. s. frv. Og í þessari bók eru sérstaklega rakin 44 mál, sem þessi maður hefur haft til meðferðar, þau sem mesta athygli hafa vakið. Þeir, sem ekki gera sér fulla grein fyrir því, hver þörf sé á þessu embætti hér, ættu og gerðu vel í því, ef þeir vildu kynna sér þessar frásagnir. Það er bæði athyglisvert og hreint ekki heldur leiðinlegur lestur.

Ég mælist svo til þess, herra forseti, að till. verði að lokinni umr. vísað til 2. eða síðari umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31. fundi í Sþ., 30. jan., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

6. Vatnsveita Vestmannaeyja.

Á deildafundum 7. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um sérstakan fjárhagsstuðning við Vatnsveitu Vestmannaeyja [44. mál] (A. 46).

Á 14., 18., 22. og 28. fundi í Sþ., 22. nóv., 6. og 13. des., 24. jan., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 26. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Það verður vart sagt, að mál, sem þm. leggja hér fyrir, fljúgi í gegnum þingið. Sú till., sem hér er tekin á dagskrá, mun hafa verið lögð fram hinn 6. nóv. s. l. og hefur ekki komið til umr. fyrr en þetta, og má þá telja, að nærri láti, að liðinn sé ársfjórðungur frá því að till. kom fram og þar til hún kemur til umr. hér á þinginu. Ég vildi nú aðeins vekja athygli hæstv. forseta á þessu, að á þeirri öld hagræðingarinnar, sem við lifum á, væri nú kannske vert að skoða það svolítið í ljósi slíkra staðreynda, hvort við vinnum hérna með þeim hætti, sem svarar til þeirrar hagræðingar, sem við teljum sjálfsagt, að t. d. atvinnuvegir þjóðarinnar byggi sig upp eftir. En nóg um það. Ég skal taka það alveg sérstaklega fram reyndar, að þó að ég hafi beint orðum mínum til forseta, sem nú situr á forsetastóli, þá er mér það mjög ljóst, að hann á enga sök á þeim hægagangi, sem orðið hefur á þessu máli.

Svo vill nú til, að ég get sparað mér það að fara mjög ýtarlega orðum um þá till., sem hér liggur fyrir, því að bæði koma aðalatriði málsins fram í grg., sem till. fylgir, og einnig hef ég flutt hluta af þessu máli í sambandi við afgreiðslu fjárl., því að það virðist nú vera einasta leiðin til þess að koma því við, að mál komi hér til athugunar og umr., að þau geti komizt í samband við einhver þau mál, sem verða að fá afgreiðslu. Till. fékk ekki byr í því máli, enda má kannske segja, að hér sé um stærra mál að ræða en svo, að við því sé að búast, að þm. séu reiðubúnir til þess að taka afstöðu til þess í sambandi við fjárl. til eins árs.

Svo er mál vaxið, að Vestmannaeyjabær býr við mjög lélega möguleika til vatnsöflunar. Hann hefur nýtt þá, eftir því sem bezt má verða, á undanförnum árum. Hann hefur nú safnað regnvatni af húsaþökum í þrær, og það hefur verið neyzluvatn bæjarbúa um margra ára bil. Þetta verður stöðugt erfiðari aðferð og kemst stöðugt fjær því að fullnægja þörfinni, sem tímar líða lengra fram. Auk þess liggur það fyrir, að þessi aðferð fullnægir ekki hreinlætiskröfum þeim, sem gera verður, eða heilsufarslegum kröfum á hinum síðustu tímum, þar sem með auknu þéttbýli blandast æ meira saman við regnvatnið, sem á húsaþökin

fellur, bæði ryk og ýmiss konar upprót, sem fylgir lífi í bæjum, en auk þess er vatn, sem svona er aflað, í stöðugt meiri geislunarhættu en vatn úr öðrum vatnsbólum.

Vestmannaeyjabær hefur á undanförnum árum gert ítrekaðar og kostnaðarsamar tilraunir til þess að afla sér vatns með öðrum hætti, með jarðborunum, grunnum og djúpum, og er þess skemmst að minnast, að fyrir fáum árum var gerð djúpborun niður á 1700 m dýpi, og hafðist ekki árangur sem erfiði. Þessi borhola mun hafa kostað 6 millj. kr., sem bæjarfélagið greiddi að hálfu, en styrkt var að hálfu af ríkinu.

Allir nútímalifnaðarhættir manna kalla á stöðugt meiri vatnsnotkun, og þá vatnsnotkun er ekki hægt að auka eftir þeirri reglu eða eftir þeirri leið, sem Vestmanneyingar hafa orðið að notast við. Það hefur því rekið að því á hinum síðustu árum, að þetta byggðarlag hefur orðið að hefja mjög kostnaðarsamar framkvæmdir við að afla sér hæfs og góðs neyzluvatns. Og ég ætla, að öllum hv. alþm. sé það kunnugt, að nú er einmitt í framkvæmd vatnsveita, þar sem ráðgert er að leiða vatn úr Vestur-Eyjafjallahreppi niður á Landeyjasand og þaðan í gegnum neðansjávarpípur út til Vestmannaeyja. Þetta er stórkostlegri vatnsveita en gerð hefur verið áður á Íslandi og miklu dýrari en nokkurt byggðarlag hefur þurft að leggja í miðað við sína möguleika og miðað við sinn fólksfjölda. Það hefur verið áætlað af Efnahagsstofnuninni, að vatnsveita þessi muni kosta röklega 100 millj. kr.. — 102—103 millj. kr. var áætlun, sem gerð var á s. l. ári af Efnahagsstofnuninni. Nú mun sýnt, að þessi framkvæmd verði a. m. k. 30 millj. kr. dýrari en þar var reiknað með, enda hafa orðið verðbreytingar í landinu síðan. Það er alveg auðsæilegt, að eitt tiltölulega lítið byggðarlag hefur ekki möguleika til þess að standa undir þessum kostnaði, og reyndar eins og nú er komið um lánsfjárkreppu og annmarka á því að geta losað fjármagn til framkvæmda, blasir ekkert annað við en að það verði að hætta við þessa framkvæmd eða skjóta henni á frest um nokkurt skeið, ef ekki fæst betri fyrirgreiðsla af ríkisins hálfu en enn er séð að verði. Þess má geta, að af þeim 102—103 millj. kr., sem Efnahagsstofnunin áætlaði að væri kostnaður við þessa vatnsveitu, þegar hún gerði um það áætlun á s. l. ári, var talið, að um það bil 20 millj. kr. mundu vera fé, sem ríkissjóður tæki í tolla af því efni, sem til vatnsveitunnar þarf. Þessi upphæð er þá auðvitað nú orðin allmiklu hærri, sökum þess að verðlag á þeirri vöru, sem til þessa þarf, hefur auðvitað hækkað, og það sést ekki enn bóla neitt á þeirri tollalækkun, sem hæstv. ríkisstj. hefur látið í veðri vaka að hún ætlaði að framkvæma og kallaði reyndar Alþ. saman fyrr eftir jólaleyfi að þessu sinni en vant er til þess að fást við þau mál. En það mál hefur sem sagt ekki sézt hér enn þá og ekki líkur til þess, að tollalækkunin verði nokkru sinni slík, að þetta mannvirki þurfi ekki miklu meiri fjárstuðning af opinberri hálfu en ráðgerður hefur verið.

Til eru lög, sem almennt gera ráð fyrir því, að ríkið styrki og styðji vatnsveitufranikvæmdir. Þar virðist vera gert ráð fyrir því, að ríkið geti greitt allt að því helming kostnaðar við slík mannvirki. Á fjárl. þeim, sem nýlega hafa verið samþykkt, er ætlað til slíkra framkvæmda á öllu landinu á yfirstandandi ári 6½ millj. kr., svo að það geta allir séð, að sá stuðningur, sem hugsanlegt væri, að til þessa mannvirkis fengist samkv. þeim, er svo lítill, að það tekur vart að nefna hann í sambandi við þá fjárfreku framkvæmd, sem er næsta skref í þessari vatnsveitu.

Það hafa margir menn brotið heilann um það, með hverjum hætti væri hugsanlegt að fá meiri stuðning við þetta verk og fá stuðning, sem eitthvað verulega munaði um, þannig að þessi vatnsveita gæti notið þeirrar fyrirgreiðslu af ríkisins hálfu, sem hin almennu lög um vatnsveitur gera ráð fyrir að ríkið geti veitt, þ. e. a. s. svo sem helmingsgreiðslu. Kemur þá auðvitað mjög til mála, að ríkið gefi eftir tolla af efni til mannvirkisins. Um það hafa ekki verið fluttar till. mér vitandi enn sem komið er, enda er það reynsla, að ríkissjóður er yfirleitt mjög tregur til þess að styðja framkvæmdir með þeim hætti og mér finnst það í rauninni mjög skiljanlegt.

Í þeirri till., sem við hv. 4. þm. Sunnl. höfum borið hér fram sameiginlega, gerum við ráð fyrir og viljum láta það koma til athugunar og afgreiðslu Alþ., hvort ekki sé hugsanlegt að koma við sérstökum stuðningi við þetta mannvirki umfram það, sem gert er ráð fyrir í hinum almennu vatnsveitulögum, með því að viss hundraðshluti af sölu einkasölu ríkisins á áfengi og tóbaki í Vestmannaeyjum megi renna til þessa verks. Við höfum gert ráð fyrir því í till., að 15% af heildarsölu áfengis- og tóbaksverzlunarinnar í Vestmannaeyjum megi renna til verksins. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins er í raun réttri aðeins einn af tekjuöflunarliðum ríkisins. Það er ekki hægt að líta á þetta eingöngu sem verzlunarfyrirtæki, heldur hlýtur það að skoðast jafnframt sem tekjuöflunar- eða skattheimtufyrirtæki af ríkisins hálfu. Þess eru allmörg dæmi, að í þennan sjóð eða á þennan tekjustofn hafi verið sótt og ríkið hafi veitt af honum stuðning ýmsum þeim málefnum, sem greinilega þurfa stuðnings við, en ekki lá í augum uppi að taka mætti fé til með öðrum hætti. Nefni ég þar, að af þessum tekjustofni hafa Landgræðslusjóður, Krabbameinsfélagið og Slysavarnafélagið fengið nokkurn stuðning, eins og hv. alþm. mun vera kunnugt. Hér er því ekki um það að ræða, að með samþ. þessarar till. sé farið inn á nýja og ópekkta braut. Hitt mundi torvelda í flestum tilfellum að nota samþykkt þessarar till. sem fordæmi fyrir öðrum gjöldum ríkisins með þessum hætti, að hér er um það að ræða, að eitt tiltekið fyrirtæki ríkisins á einum tilteknum stað leggi hluta af tekjum sínum til hins mesta nauðsynjamáls þar á

staðnum. Í þessu ljósi vildi ég gera ráð fyrir, að sú n., sem fær till. þessa til athugunar, skoði málið. Fé, sem gæti runnið til þessa fyrirtækis, ef till. yrði samþ. eins og hún liggur fyrir, mundi ég álykta, að gæti orðið um 45 millj. kr., þar eð fyrirtækið virðist selja á ári fyrir 30 millj. kr. Á s. l. ári seldi þetta fyrirtæki fyrir 28.4 millj., en starfaði ekki allt árið, starfaði ekki nema tæplega 10 mánuði ársins. Með öðrum stuðningi, sem veittur yrði, m. a. samkv. hinum almennu reglum um vatnsveitur, tel ég, að þarna væri orðið um að ræða stuðning, sem gæti orðið þess valdandi, að fyrirtækið kæmist upp og gæti þjónað þeim tilgangi, sem svo mjög er nauðsynlegt að það geri.

Ég lét þess getið, að ég færi ekki eins mörgum orðum um þetta mál og vert væri, þar eð það hefur áður komið hér að hluta til umr. og grg. gerir nánar grein fyrir því, hvernig þessu máli er varið. Skal ég ekki hafa mál mitt lengra að þessu sinni.

Herra forseti. Ég legg til, að till. verði, að umr. lokinni, vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Frsm. og fyrri flm. að þeirri till., sem hér liggur fyrir, gat þess, að hér væri um stórt fyrirtæki að ræða, og er það vissulega rétt og mun sennilega vera stærsta framkvæmd, sem nokkurt sveitarfélag í landinu hefur með höndum nú utan höfuðborgarinnar. Það er ekki einasta, að hér sé um stórt fyrirtæki að ræða á íslenzkan mælikvarða, heldur er hér um alveg sérstakt fyrirtæki að ræða, sem mér vitanlega á enga hliðstæðu, hvorki hér á landi né í norðanverðri Evrópu, þar sem um það er að ræða að leggja neðansjávarvatnsleiðslu allalanga leið yfir opið úthaf frá brimasamri strönd og að brimasamri strönd úti í Vestmannaeyjum.

Nú má spyrja, hvers vegna Vestmanneyingar séu með þetta fyrirtæki á döfinni. Því er fljótsvarað. Ég hygg, að alþm. séu alveg sammála um það, að 5000 manna bær hér á Íslandi verður ekki rekinn án þess að þar sé um nægjanlegt og gott neyzluvatn að ræða og vatnsveitu, eins og annars staðar á sér stað hér á landi í hliðstæðum bæjum. Það er af þessari ástæðu, sem Vestmanneyingar hafa ráðizt í þetta fyrirtæki, telja sig til þess neydda og að framtíð byggðarlagsins byggist að verulegu leyti á því, að þetta fyrirtæki komist áfram og að fullkomin vatnsveita og nægjanlegt neyzluvatn verði úti í Vestmannaeyjum, eins og í öðrum hliðstæðum kaupstöðum bæði hér á landi og annars staðar.

Hv. frsm. kom inn á þær kröfur, sem gerðar hafa verið til ríkisins í sambandi við þessa framkvæmd, og vil ég í því sambandi rifja það upp, sem í því máli hefur gerzt. Í fyrsta lagi var þessi framkvæmd viðurkennd af ríkisvaldinu með yfirlýsingu fjmrh. um, að ríkisábyrgð mundi verða veitt fyrir öllum stofnæðakostnaði. Í öðru lagi var hún enn fremur viðurkennd með yfirlýsingu fjmrh. við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1967, þar sem hann gaf þá yfirlýsingu, að ákveðinn hluti af því fé, sem ætlað var til vatnsveitna, yrði látinn renna til vatnsveitu Vestmannaeyja. Ég tel, að þar með sé það viðurkennt af ríkisvaldinu, að þetta fyrirtæki njóti fyrirgreiðslu samkv. vatnsveitulögunum, sem heimila, að það verði styrkt á fjárl. með allt að helmingi kostnaðar af stofnæðum og þeim mannvirkjum, sem til stofnæða teljast.

Það má að sjálfsögðu um það deila og er ekki óeðlilegt, þó að hér komi fram á Alþ. ábendingar um frekari fyrirgreiðslu í þessu sambandi. Ég tel slíkt ekkert óeðlilegt, þar sem hér er, eins og ég hef áður sagt, um alveg sérstakt fyrirtæki að ræða. En fyrst og fremst tel ég, að það verði að liggja fyrir, eins og nú er, að ríkisvaldið viðurkenni það samkv. þeim l., sem þessar framkvæmdir byggjast á. Það er svo aftur fjvn. og Alþ. og ríkisvaldsins á hverjum tíma eftirleiðis, að meta stuðning við þetta fyrirtæki og meta það, hvort eðlilegt sé, að það sé styrkt eins og l. frekast heimila, og vona ég, að sá skilningur verði ríkjandi hér á Alþ. í framtíðinni, að svo verði gert.

Það eru atriði í sambandi við þá till., sem hér liggur fyrir, og þá greiðsluáætlun Efnahagsstofnunarinnar, sem henni fylgir og er prentuð með þskj., sem ég vildi vekja athygli hv. þm. á. En það er í fyrsta lagi, að inn í áætlunina er tekið ákveðið ríkisframlag í aðeins 4 ár, 2.7 millj. kr. á ári. Þetta getur valdið misskilningi, og hv. alþm. gætu haldið, að um það hafi verið samið af forráðamönnum byggðarlagsins, að þannig skyldu framlög ríkissjóðs vera í framtíðinni, en svo er ekki. Ég spurðist fyrir um það hjá Efnahagsstofnuninni, hvernig það mætti vera, að slíkar tölur kæmu þarna inn í hennar áætlun og birtar síðan í þskj. hér á Alþ., og fékk þau svör, að það hefði aðeins til bráðabirgða verið tekin þessi upphæð, sem þá var í fjárl. fyrir árið 1967. Ég vildi láta þetta koma hér fram til þess að fyrirbyggja það, að nokkur alþm. stæði í þeirri meiningu að þetta væri að áætlun Vestmanneyinga sú tala, sem endanlega yrði greidd úr ríkissjóði til stuðnings við þetta fyrirtæki. Ég tel, að það sé langt frá, að svo sé, heldur munum við fara fram á það og teljum okkur eiga verulegan rétt á því, að þetta fyrirtæki njóti allt að helmingsstuðnings, eins og vatnsveitulögin gera ráð fyrir.

Þá er það annað í greiðsluáætlun Efnahagsstofnunarinnar, sem ég einnig vildi vekja athygli á, en það er það, að allir útreikningar, sem þar koma fram, eru byggðir á því, að vatnsveitan eigi að greiðast upp á aðeins 10 árum. Bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum hafa aldrei viðurkennt slíka áætlun, og ég hygg, að það væri óeðlilegt, ef til þess væri ætlazt, að þau viðurkenndu það. Vatnsveitur eru almennt að lágmarki reiknaðar út, eins og kallað er, til 20 ára minnst og gert ráð fyrir, að þær verði greiddar niður á þeim tíma, en ekki 10 árum, enda ber greiðsluáætlun Efnahagsstofnunarinnar það með sér, að slíkt

mundi vera mjög óeðlilegt, ef henni yrði fylgt eins og hún liggur hér fyrir. Þar segir, að árið 1977 ætti að vera búið að greiða vatnsveituna upp að fullu, eftir 10 ár ætti að vera búið að greiða hana upp að fullu, en árið 1987 ætti hún að eiga í sjóði, að mér skilst, um 80 millj., þannig að þeir, sem nú búa í Vestmannaeyjum, greiða þar vatnsveituskatt og önnur gjöld, að það væri ekki einasta, að þeir ættu að greiða þá vatnsveitu, sem nú er verið að vinna að að koma á, heldur ættu þeir að greiða mikinn hluta af samsvarandi vatnsveitu fyrir framtíðina. Ég tel þetta í alla staði óeðlilegt og hygg, að bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum muni ekki una því, að þessir útreikningar fái athugasemdalaust að standa. Við ætlumst að sjálfsögðu til þess, að þessi veita eins og aðrar verði reiknuð út eftir þeim reglum, sem almennt gilda um útreikninga á vatnsveitum, og eftir þeim upplýsingum, sem ég hef um það, er að lágmarki til gengið út frá 20 árum, en ekki 10 árum. Við höfum ekki ástæðu til þess að ætla það, þótt þetta sé sérstakt fyrirtæki, þar sem öll leiðslan liggur yfir opið úthaf, að sá hluti leiðslunnar fyrnist nokkuð fyrr en sú leiðsla, sem á landi er, eða leiðslur annars staðar, vegna þess að ég hygg, að mjög vel hafi tekizt til um vinnslu á þeirri leiðslu, sem fyrir liggur, að lögð verði frá Landeyjasandi og út til Eyja.

Það kom fram hjá hv. frsm., að hætta væri á, að hætta yrði við framkvæmdirnar eða fresta þeim, ef ekki fengist frekari fjárhagsstuðningur. Sem betur fer er málið ekki, að því er ég bezt veit, neitt á því stigi. Það er búið að leggja 22 km vatnsleiðsluna á landi, virkja vatnsupptökin og leggja leiðsluna og fullprófa hana, þannig að hún er reiðubúin til flutnings alla leið niður á Landeyjasand eða fram að sjávarmáli. Það er búið að gera fastan samning um, að það fyrirtæki, sem vinnur sjóleiðsluna, skili henni næsta sumar, og samkomulag náðist um, að andvirði hennar yrði lánað til 10 ára, þannig að ég tel, að það sé alveg öruggt, ef hið danska fyrirtæki stendur við sitt tilboð að því er afgreiðslu varðar, og við höfum ekki ástæðu til að ætla annað en svo verði, að vatnsveitan komist alla leið út til Vestmannaeyja þegar á næsta sumri.

Það hefur verið unnið nokkuð að innanbæjarkerfi í Vestmannaeyjum. Var þar nokkurt kerfi fyrir, og var á s.l. ári unnið nokkuð að því að stækka það, þannig að nokkur hluti bæjarins ætti þegar á næsta sumri að verða settur í samband við stofnæðina og fá sitt neyzluvatn ofan af landi, og er það vissulega ánægjulegur og gleðilegur áfangi.

Ég vildi láta þessar upplýsingar koma fram hér í sambandi við þessa umr. og sérstaklega undirstrika það um þau tvö atriði, sem ég hef bent á í greiðsluáætlun Efnahagsstofnunarinnar, að þm. ber að skilja það, að það er ekki þar um neina endanlega afgreiðslu á málinu að ræða. Þetta hefur verið sett fram af þeim aðila, sem þetta mál vann, eftir þeim gögnum, sem hann taldi sig hafa fyrir hendi, en mun verða endanlega út um þetta gert og ákveðið, því að það liggur að sjálfsögðu alveg ljóst fyrir, að ef greiða ætti jafndýrt fyrirtæki niður á aðeins 10 árum, yrði þar um svo óhóflegan vatnsskatt að ræða, að við það mundi enginn una. Við höfum að sjálfsögðu gert okkur það ljóst úti í Vestmannaeyjum, að við hljótum að lenda í nokkru hærri vatnsskatti en a. m. k. er hér í Reykjavík og kannske annars staðar, en ef greiða ætti fyrirtækið upp af vatnsskattinum eða bæjarbúum á aðeins 10 árum, er þar um slíkar óhóflegar álögur að ræða, að ég tel, að slíkt komi ekki til mála.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31. fundi í Sþ., 30. jan., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til fjvn. með 36 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

7. Námskostnaður.

Á deildafundum 13. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um námskostnað [53. mál] (A. 55).

Á 14., 18., 28. og 30. fundi í Sþ., 22. nóv., 6. des., 24. og 26. jan., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Sþ., 30. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Till., sem hér er til umr., er flutt af mér og 3 öðrum þm. Framsfl. Á undanförnum 2 þingum hafa þm. Framsfl. flutt till. til þál. um aukna fjárhagsaðstoð við námsmenn, og voru þær till. að því leyti ýtarlegri en sú, sem við flytjum að þessu sinni, að í þeim var gert ráð fyrir mikilli eflingu námslánasjóðs, auk þess sem stefnt yrði að því að taka upp bein námslaun. Var þá höfð hliðsjón af löggjöf, sem sett hefur verið í Svíþjóð og hefur verið í gildi þar í landi um 3 ára skeið. Það er stefna Framsfl. að vinna að því, að námsaðstoðarkerfið verði aukið að því marki, sem áðurnefndar till. gerðu ráð fyrir, þó að flutningsmenn hafi með þessari till. valið þá leið að flytja aðeins hluta af málinu í heild, eins og það var fyrst fram borið. Má með réttu segja, að hér sé um 2 að-

skilin mál að ræða, þótt nátengd séu í eðli sínu. Námslánasjóður er fyrst og fremst ætlaður háskólastúdentum, og verði námslaun upp tekin, er líklegt, að þau yrðu í fyrstu að minnsta kosti bundin við langskólamenn einvörðungu.

Í sambandi við endurskoðun menntakerfisins, sem allir eru sammála um að beri að hraða sem mest, þá má sízt gleymast að taka allt námsstyrkjakerfið til nýrrar athugunar, þ. e. þær reglur, sem gilda um aðstoð hins opinbera við námsmenn. Vil ég nú endurtaka það, sem ég hef áður sagt um þetta efni, að opinbera námsaðstoð þarf að efla sem óhjákvæmilegan lið í framtíðaruppbyggingu og nýskipan skóla og menntamála. Á því þarf að fást full viðurkenning bæði almennings og opinberra aðila, að námsaðstoð verður að fara vaxandi, enda er hún í senn réttlætismál gagnvart námsmönnum og vandamönnum þeirra og beinlínis arðbær fjárráðstöfun fyrir ríkið. Það er m. a. þjóðhagslegur ávinningur að stytta þann námstíma, sem stúdentar verja til náms. Þess er auðvitað skylt að geta, að aðstoð við námsmenn eða stúdenta hefur aukizt að heildarkrónutölu undanfarin ár, en þá verður einnig að hafa í huga, að stúdentafjöldinn vex frá ári til árs og þó engan veginn meira en við er að búast og námskostnaður fer einnig vaxandi. Ég skal því láta alveg ósagt um það, hvort fjárhagsaðstoð á hvern námsmann hafi vaxið í raun svo að nokkru nemi, en slík viðmiðun gefur ekki síður rétta hugmynd um ástand þessara mála en sú, að miða við heildarupphæð námsaðstoðarinnar nú og áður. Það var ekki ætlun mín að ræða um þetta atriði sérstaklega eða þá aðstoð, sem langskólanemendum er einkum ætluð eða yrði ætluð.

Sú tillaga, sem hér er til umræðu, fjallar um það, að skipuð verði mþn., sem geri till. um fjárhagslegan stuðning við nemendur á skyldunáms- og framhaldsskólastigum, sem óhjákvæmilega verða að vista sig til langs tíma utan heimila sinna vegna skólagöngu. Hér er um býsna mikið hagsmunamál að ræða, sem allt of lítill gaumur hefur verið gefinn. Einkum er hér um að ræða hagsmunamál þeirra, sem í sveitum búa og í dreifðum þorpum og kauptúnum okkar víðáttumikla lands, stöðum þar sem heimangöngu í skóla verður ekki við komið og nemendur verða því að vista sig til langs tíma utan heimila sinna. Er augljóst og öllum kunnugt, að það er mikill beinn útgjaldaliður fyrir sveitaheimili og önnur, sem líkt eru sett hvað snertir fjarlægð frá skólum, að þurfa að vista börn og ungmenni utan heimilis vegna skólagöngu. Á barnmörgum heimilum er þessi kostnaður afar tilfinnanlegur og veldur að sjálfsögðu mjög óhægri aðstöðu til þess að láta börn og unglinga njóta eðlilegrar skólagöngu. Hér er enn eitt dæmi um mikinn aðstöðumun í fræðslu- og skólamálum í landinu. En það er eitt hið brýnasta verkefni í fræðslumálum okkar, að jafna námsaðstöðu í landinu frá því sem nú er. Eitt hið áhrifaríkasta atriði í því sambandi er einmitt opinber aðstoð við greiðslu hins beina námskostnaðar, t. d. dvalar- og ferðakostnaðar nemenda.

Alkunna er, að nemendur í héraðsskólum og menntaskólum, svo að dæmi sé tekið, sem sækja verða skóla langt að, oft í önnur héruð og aðra landsfjórðunga, verða fyrir tilfinnanlegum beinum fjárútlátum af þessum sökum. Það er allt önnur aðstaða að búa heima hjá sér og ekkert svipað því eins dýrt og að kosta sig til náms við þær aðstæður miðað við það að þurfa að vera að heiman og stunda nám marga mánuði ársins á fjarlægum stöðum. Það er erfitt að fullyrða mikið um það, hversu hin ójafna námsaðstaða, m. a. að því er snertir námskostnað, verður til þess að hindra unglinga á námsbrautinni. Ég get ekki sannað neitt um það með tölfræðilegum skýrslum. Hitt getur hver maður sagt sér sjálfur, að þessi ójafna námsaðstaða hlýtur að leggja stein í götu fjölmargra nemenda og gera þeim erfitt um að stunda nám og kemur beinlínis í veg fyrir oft og einatt, að unglingar geti stundað það nám, sem þá lystir. Þetta á einkum við um unglinga úr sveitum og þorpum og minni kauptúnunum, sem búa við ófullkomnari aðstæður í skólamálum en þéttbýlið býður almennt upp á. Ég held, að það sé alveg sérstakt hagsmunamál fyrir bændastéttina, að þessi mál verði tekin til gaumgæfilegrar athugunar.

Það gefur nokkra hugmynd um kostnað við námsdvöl utan heimila, að heimavistarkostnaður við Menntaskólann á Akureyri er áætlaður í vetur 3000 kr. á mán. Í þessari upphæð er fólginn fæðis- og þjónustukostnaður, en húsaleiga telst engin. Nú hef ég upplýsingar um það, sem ég tek mark á, að kostnaður við heimavistardvöl á Akureyri sé tiltölulega mjög lítill, en eigi að síður 3000 kr. fyrir nemanda á mánuði eða nálægt 24 þús. kr. yfir veturinn. Þetta þykir ódýrt. Fyrir þá, sem ekki búa í heimavistinni, er kostnaðurinn miklu meiri. Algengt verð á herbergjum úti í bæ á Akureyri er 1000 kr. á mán., og fæði og þjónusta er áreiðanlega ekki ódýrari en gerist í heimavistinni, þannig að nemandi, sem ekki býr í heimavist, sleppur varla við minna en ca. 32 þús. kr. Þannig er þetta í Menntaskólanum á Akureyri. Ég hygg, að kostnaður við námsdvöl í Reykjavík sé miklu meiri en þetta. Ég minnist þess ekki, að nemendur almennra framhaldsskóla eða sérskóla eigi þar kost á heimavist, og má það þó vera. Dæmi veit ég þess, að unglingar utan af landi, sem stunda nám í Reykjavík í vetur, greiði sér til uppihalds 5000 kr. á mán. Í héraðsskólum er þessi kostnaður eitthvað breytilegur. S. l. vetur var heimavistarkostnaður í þeim skóla, sem hafði minnstan kostnað, um 15 þús. kr., en í þeim, sem sýndi mestan kostnað, rúm 18 þús. kr. Meðaltalið liggur einhvers staðar þarna á milli. En þess ber að geta, að heimavistarkostnaður á yfirstandandi skólaári verður mun meiri. Þessi kostnaður fer vaxandi eins og annað

verðlag yfirleitt. Ég get sagt frá því vegna þess, að það er frásagnarvert í þessu sambandi, að skólamenn hafa orðið varir við tilfinnanlegan fjárskort hjá námsmönnum í vetur. Nemendur, sem að mestu eða öllu leyti verða að kosta nám sitt sjálfir af eigin vinnutekjum, standa verr að vígi nú í vetur en oft áður. Þar segir til sín aðallega minnkandi atvinna hjá skólafólki. Nemendur, sem verða að vinna fyrir sér sjálfir, urðu að þola atvinnuleysi eða mjög stopula vinnu s. l. sumar. Þess vegna eru brögð að því í skóla, sem ég hef kynni af, að nemendur hafi sagt sig úr skóla vegna fjárskorts, en hugsað sér að lesa utan skóla, ef þeir flosna þá ekki alveg upp frá námi. Ég skal ekki fullyrða, hversu mikil brögð eru að þessu, en þessa eru dæmi. Í þessum hópi eru auðvitað fyrst og fremst þeir, sem verða vegna skólagöngu sinnar að vista sig til langdvalar utan heimila sinna. Þetta ástand minnir á kreppuárin og ástandið eins og það var fyrir 30—40 árum eða fyrr. Þá var algengt, að menn brutust í því að lesa utan skóla fyrir fátæktar sakir, og margir gerðu það með furðu góðum árangri, en yfirleitt er slíkt ástand hin alvarlegasta hindrun á vegi námsmanna. Það er að mínum dómi mikið hagsmunamál fyrir landsbyggðina, einkum sveitir og minni þorp, en einnig hina fjölmennari staði, að það mál, sem ég hef hér gert að umræðuefni, verði tekið til frekari athugunar og leyst með myndarlegum hætti. Ein áberandi ástæða til búferlaflutninga fólks utan af landsbyggðinni til Reykjavíkur og einnig til Akureyrar að vissu marki er sú, hversu dýrt er að senda börn og ungmenni að heiman til skólanáms, ekki aðeins sérskóla- eða langskólanáms, heldur venjulegs gagnfræða- eða skyldunáms. Sérstaklega er það þungur baggi fyrir barnmargar fjölskyldur.

Herra forseti. Ég hef í sem fæstum orðum reynt að gera grein fyrir höfuðatriði þessa máls eða þeirrar till., sem hér er fram borin. Ég vænti þess, að málið fái þá athugun hér á hv. Alþ., sem mér finnst því beri, og till. nái fram að ganga. Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til allshn. með 40 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá meiri og minni hl. allshn., á þskj. 672 og 688, var útbýtt 19. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

8. Lækkun tolla á efnum og vélum til iðnaðarins.

Á deildafundum 7. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um lækkun tolla á efnum og vélum til iðnaðarins [71. mál] (A. 114).

Á 22. fundi í Sþ., 13. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 30. og 31. fundi í Sþ., 26. og 30. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það er aðalefni þeirrar till., sem hér er til umræðu, að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að láta nú þegar endurskoða tollalögin með það fyrir augum, að innflutningstollar á efnum og vélum til iðnaðarins verði hinir sömu og nú er á efnum og vélum til fiskveiða. Ríkisstj. skal strax og þessari endurskoðun er lokið leggja fyrir Alþ. frv. um breyt. á tollalögunum í samræmi við hana.

Það er kunnara hv. alþm. en frá þurfi að segja, að undanfarna daga hefur farið fram í kaupstöðum og kauptúnum landsins skráning á atvinnulausum mönnum, og það hefur komið í ljós, að atvinnuleysi er nú mjög mikið, meira en það hefur sennilega verið hér á landi nokkru sinni seinustu 20—30 árin. Að einhverju leyti kann þetta að stafa af þeirri stöðvun, sem hefur verið hjá útgerðinni og óþarft er að rekja hér, og vonandi breytist þetta því verulega til batnaðar, þegar útgerðin hefst nú að nýju eftir þær tafir, sem orðið hafa á rekstri hennar. En þó held ég, að það hljóti að liggja í augum uppi, að þótt útgerðin starfi með sæmilegum blóma, muni það hvergi nægja, eins og komið er í okkar þjóðfélagi, til þess að tryggja landsmönnum næga atvinnu, m. a. með tilliti til þess, að vinnufæru fólki muni fjölga nokkuð ört næstu árin. Jafnvel þótt nokkur aukning yrði í sjávarútveginum og landbúnaður héldist í sæmilegu horfi, getum við ekki búizt við því, að það nægi til þess að tryggja næga atvinnu í landinu á komandi árum. Ég held, að menn geri sér það líka ljóst, að það er ekki hægt að búast við því, að hægt sé að fjölga fólki í verzluninni eða við þjónustustarfsemi, það væri miklu frekar æskilegt, að starfsfólki fækkaði þar í sumum greinum. Af þessu leiðir það, að það er óhjákvæmilegt, að unnið sé að því að auka iðnaðarstarfsemina í landinu og efla sem allra flestar iðnaðargreinar. Til þess að ná því marki, þarf að sjálfsögðu að gera ýmsar ráðstafanir, en ein sú þýðingarmesta í þeim efnum felst tvímælalaust í því frv. eða þeirri till., sem hér liggur fyrir, þ. e. að fella niður tolla á vélum

og hráefnum til iðnaðarins, eins og þar er lagt til, eða m. ö. o., að þessir tollar verði nokkuð svipaðir og eru núna á vélum og efni til fiskveiða, en í flestum tilfellum eru þeir engir ellegar þá mjög lágir, í kringum 4% eða um það bil.

Ég hef átt tal við ýmsa forustumenn iðnaðarins að undanförnu, og mér hefur virzt það vera sameiginlegt álit þeirra, að það yrði iðnaðinum mjög til styrktar, ef slík tollalækkun næði fram að ganga og rætt er um í þessari till. Ég nefni í því sambandi m. a. járniðnaðinn, sem hefur haft við verulega erfiðleika að glíma að undanförnu og verulegur samdráttur hefur orðið í. Forustumenn hans hafa sagt mér það alveg hiklaust, að fátt mundi vera honum til meiri styrktar en að tollar yrðu felldir niður á efni til hans svo og einnig á vélum, sem hann þarf að nota. En þó ber þess að gæta í því sambandi að taka verður tillit til þess hluta járniðnaðarins, sem hefur með höndum framleiðslu á vissum vélum og þarf þar af leiðandi að keppa við erlenda framleiðslu. Verið getur að haga verði tollabreytingunni í sambandi við þá framleiðslu á þann veg, að henni verði veitt einhver tollvernd.

Eins og fram kom í sambandi við fjárl. og áður hefur verið minnzt á hér á Alþ., hefur ríkisstj. látið vinna að nokkurri endurskoðun á tollalöggjöfinni að undanförnu í framhaldi af því loforði hennar, að sökum gengisbreytingarinnar yrðu tollar lækkaðir um 200—230 millj. kr. miðað við óbreytt tollalög. Það mun nú vera nokkuð óvisst, hvað úr þessari endurskoðun hjá hv. ríkisstjórn verður, en ég reikna hins vegar með því, að þótt hún verði nokkur, sem maður vonar, muni hún hvergi nærri vera fullnægjandi í samræmi við þá till., sem hér liggur fyrir, og þess vegna sé þessi ályktun Alþ., sem hér er lagt til að gerð verði, jafnnauðsynleg, þótt eitthvert frv. komi fram hjá ríkisstj. um tollabreytingu. Að sjálfsögðu yrðu bornar fram till. í sambandi við þetta frv. ríkisstj., ef það kæmi fram, en eigi að síður þá er nauðsynlegt að fram fari ýtarlegri og meiri rannsókn á tollalöggjöfinni með tilliti til þess að fullnægt verði þeim þörfum iðnaðarins, sem þessi tillaga fjallar um. Ég segi þetta til að mótmæla því, sem aðeins hefur komið fram, að þessi till. verði óþörf, ef það kemur eitthvert sérstakt tollafrv. frá ríkisstj. næstu daga. Ég tel, að þessi endurskoðun verði jafnnauðsynleg eftir sem áður og þess vegna sé rétt af þinginu að samþykkja þessa till., burtséð frá því, hvaða frv. kemur frá ríkisstj. allra næstu daga, sem snertir gengislækkunina alveg sérstaklega.

Ég sé ekki á þessu stigi ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en leyfi mér að leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það eru örfá orð í sambandi við þessa þáltill., sem ég vildi láta koma fram. Ég er í fyrsta lagi sammála hv. 1. flm., að þessi till. sé efnislega ekki óþörf, vegna þess að fram kunni að koma breyt. á tollalögum frá ríkisstj., sem eru í beinum tengslum við gengisbreytinguna. Í sambandi við hinar fyrirhuguðu tollabreytingar, sem ég skal ekki fara inn á og síðar koma ef til vill til umr. hér í þinginu, var því lýst yfir af hálfu fjmrh. fyrir hönd ríkisstj., að að svo miklu leyti sem ríkissjóður hefði tekjur afgangs vegna gengisbreytingarinnar,— m. ö. o. að það væri hægt að falla frá uppbótum eða styrkjum, hvort heldur sem menn vilja nú kalla það, til sjávarútvegsins vegna hennar, — mundi ríkisstj. verja þeim fyrst og fremst til þess að hafa áhrif á verðlagið innanlands í þá átt að draga úr kjaraskerðingu almennings með lækkun tolla á ýmiss konar almennri neyzluvöru í landinu. Þá kom einnig fram af hálfu iðnmrh. fyrir hönd ríkisstj., að gæta yrði þess í sambandi við þessar ráðagerðir, að iðnaðurinn kæmi ekki til með að standa verr að vígi en hann stóð eða hefði staðið fyrir tollabreytingar af þessu tagi. Í endurskoðun á tollskránni í sambandi við gengisbreytinguna voru þessi sjónarmið höfð í huga, þ. e. áhrifin á verðlagið, sem tollabreytingin gæti haft gagnvart almenningi, geta ríkissjóðs og aðstaða iðnaðarins. En það eru, eins og fram kemur í grg. þessarar till. og ræðu hv. 1. flm., ýmis sératriði, sem snerta iðnaðinn af öðrum ástæðum í sambandi við tollalöggjöfina, og það verður mönnum að vísu ljósara nú en þeim hefur oft verið áður, þegar menn sjá svo berlega, hversu valtur eða ótraustur okkar aðalatvinnuvegur, sjávarútvegurinn, er. Við höfum að vísu oft áður séð léleg aflabrögð og verðfall á sjávarafurðum, en einmitt vegna þess sjáum við, hversu mikla þýðingu hefur almenn efling iðnaðar í landinu sem höfuðatvinnugreinar, til þess m. a. að taka á móti þeirri miklu ástæðu fólksfjölgun, sem gert er ráð fyrir hjá okkur Íslendingum á komandi áratugum, því að jafnframt þessu hefur verið réttilega bent á, að hvað sem líði nú aflabrögðum frá ári til árs og við skulum segja árferði, gæftum og öðru slíku, væri uppi viss ótti, sem ef til vill og vonandi er ekki eins ástæðumikill og sumir hafa haldið, um að við værum alvarlega farnir að ganga á okkar fiskistofna. Þess vegna væri lítið um það að ræða að bæta hag okkar af útgerðinni í framtíðinni bara með meiri aflabrögðum, heldur þyrfti til að koma meiri hagnýting aflans í landinu en áður. Án þess að ég vilji nokkrar deilur um þetta mál hefja, er nú eins og fyrri daginn ýmsum óeðlilegum stjórnarráðstöfunum eins og lánsfjárhöftum og hóflausum innflutningi erlendra iðnaðarvara kennt hér um. Hafi þetta leitt til þess, að iðnaðurinn hafi átt erfitt uppdráttar að undanförnu. Það hafa aldrei verið gerð önnur eins átök til þess að efla fjárfestingalánaaðstöðu iðnaðarins og á undanförnum árum, og er óþarft að víkja frekar að því, hins vegar er mér ljóst, að hann hefur átt erfiða rekstrarlánaaðstöðu, eins og reyndar aðrar atvinnugreinar, og í sambandi við lækkun tolla, sem menn hafa oft talað um

að undanförnu, er það mikill misskilningur, að þær tollalækkanir, sem átt hafa sér stað fram til þessa, eða tollabreytingar, hafi á undanförnum árum verið iðnaðinum nokkuð í óhag. Ég hef reyndar áður að því vikið, að ég held, að það sé nokkuð í járnum ýmiss konar hagræði fyrir iðnaðinn í tollum og annað óhagræði. Hitt er svo annað mál, og um það verður ekki deilt, að hann hefur staðið í miklu meiri samkeppni við innfluttan iðnvarning, en það er á flestum ef ekki öllum sviðum við mjög hátt tollverndaðan innflutning og oft og tíðum vörur, sem kannske er greiddur af 80—120% tollur eða eitthvað því um líkt.

Það er ekki af þessum ástæðum, vegna vafasamra stjórnarráðstafana, sem nú er talað um sameiningu iðnfyrirtækja í vissum greinum, eins og segir í grg., heldur er það eitt af þeim atriðum, sem menn hafa viljað athuga á undanförnum árum, til þess hreinlega að styrkja aðstöðu iðnaðarins og þá fyrst og fremst með auknu hagræði. Menn hafa talið, að stærri einingar í rekstrinum væru þessari atvinnugrein hagkvæmari en hinar mörgu smáu einingar, sem við yfir höfuð búum þar við í einu eða öðru formi, annað hvort beinlínis í samruna eða sameiningu að einhverju marki, t. d. með sameiginlegum innkaupum til iðnaðarins, sameiginlegri sölu, þó að ekki væri um beinan samruna að ræða eða samsteypu á fyrirtækjum. Ég hygg, að það hafi verið árið 1966, að Félag ísl. iðnrekenda óskaði eftir því, að ríkisstj. hlutaðist til um athugun á þessu máli, og helzt með því að kveðja til erlenda sérfræðinga, sem hefðu nokkra reynslu, og var þá helzt bent til Norðmanna, sem hefðu nokkra reynslu að þessu leyti. Ríkisstj. ákvað eftir þessa beiðni, sem fram var borin af Félagi ísl. iðnrekenda, að fá hingað norskan sérfræðing til þess að vinna að könnun þessa máls. Hann gerði það í samráði við iðnmrn. í samráði við Iðnaðarmálastofnun Íslands og skilaði síðan grg. um málið, sem að sjálfsögðu hefur verið kynnt iðnrekendum og öðrum aðilum á sviði iðnaðarins, og síðan hafa verið uppi tilraunir og tilhneiging til þess að reyna að styrkja aðstöðu vissra iðngreina eða iðnfyrirtækja með eins konar samruna eða sameiningu. Þetta er út af fyrir sig kannske ekkert lausnarorð á þessu sviði, en í vissum tilfellum gæti það orðið til hagræðis. Því er auðvitað ekki að neita, að þetta hefur kannske að nokkru leyti leitt til þess, að erfiðleikar, sem hvert einstakt fyrirtæki hefur átt við að búa, hafa orðið til þess að laða menn frekar saman, en það var auðvitað alveg ljóst frá öndverðu, að hér á landi mundu menn kannske að eðlisfari vera nokkuð tregir til slíkrar stefnubreytingar, að stuðla að samruna og samvinnu fyrirtækja, og ýmiss konar ljón mundu verða þar á veginum. En mín skoðun var sú, að það væri alveg tómt mál um þetta að tala, bæði almennt í sambandi við athugun málsins og í einstökum tilfellum, ef frumkvæðið kæmi ekki frá iðnrekendum sjálfum. En það hefur verið að þessu stuðlað, og eins og kunnugt er, var tekin upp á fjárlög núna bæði fjárveiting til aðlögunar á sviði iðnaðarins og iðnþróunarráðs. Hvort tveggja hefur verið við það miðað að geta aðstoðað þau einstök fyrirtæki á iðnaðarsviðinu, sem vildu sameina sig eða bæta aðstöðu sína með slíkum hætti, með því að veita þeim aðstoð, tæknilega og efnahagslega fyrirgreiðslu eða athugun á þessum málum í aðalatriðum í þeirri veru, að mikið af því fé, sem nú er veitt á fjárl. og var áður tekið af öðrum lið, eftirstöðvum frá stóriðjunefnd, yrði varið til þess að greiða að hálfu móti eigin framlögum iðnrekenda undirbúningskostnað við slíkar hagræðingarráðstafanir, sem hér gat verið um að ræða.

Það er oft vitnað til Japana, að þeir hafi nær alveg tryggt iðnaði sínum heimamarkaðinn. Íslendingar hafa nú líka verið anzi drjúgir í því að tryggja Japönum sinn heimamarkað, og á ég þar við veiðarfærin, sem skiptar skoðanir hafa verið um. Af hálfu stjórnvalda hefur verið reynt að framfylgja þeirri stefnu að undanförnu að stuðla að því, að við byggjum að okkar heimamarkaði, og í samkeppni við erlendan markað með því að láta hvorki upphæð framboðanna ráða úrslitum né heldur lán, sem boðin væru með hinum erlendu tilboðum. Og það er auðvitað út frá þeirri grundvallarstefnu, að heimamarkaðurinn er efldur og styrktur, og um það erum við víst alveg sammála flm. þessarar till. og ég og reyndar aðrir hæstv. ráðh. innan ríkisstj., að okkur er þetta mjög mikilsvert. Ég get aðeins nefnt sem dæmi í þessu sambandi, að ríkisstj. stuðlaði að því fyrir sitt leyti, að yfirbyggingar bifreiða í sambandi við hægri akstsurinn, sem eru mjög miklar í bili, gætu farið fram hér heima, en yrðu ekki keyptar erlendis frá, þó að þar væri gert lánstilboð, sem var freistandi frá því sjónarmiði, að hér hefur verið erfitt að kría út lánsfé innanlands á s. l. ári. Hins vegar þykir mér vænt um að geta tekið það fram, að það var metið svo af aðilum, að bæði verð og gæði mundu vera samkeppnisfær af hálfu hinna íslenzku verktaka hér. Og sama sjónarmið var einnig ráðandi, þegar ákveðið var, eins og kunnugt er, að byggja bæði ríkisskipin fyrir norðan. Það munaði nokkru á verðtilboðum, ekki ýkja miklu, og að mati ríkisstj. var verðmunurinn talinn vera svo lítill, að það væri þjóðhagslega rétt að byggja þessi skip hér innanlands, enda þótt þessi smávægilegi verðmismunur væri. Ég held, að ég muni það rétt. Ég skal nú ekki alveg fullyrða það, að hér hafi í raun og veru verið um 8% verðmismun að ræða, en þó var fyrirvari um það, að erlendu tilboðin væru föst tilboð, okkar íslenzka tilboð hins vegar háð verðbreytingum, þannig að um það er lýkur getur verðmismunurinn náttúrlega orðið meiri. Hins vegar var líka auðvelt að fá lán með hinum erlendu tilboðum, en innlenda skipasmíðastöðin gat ekki boðið fram slíkt lánsfé, og það er þess vegna sem Seðlabankinn vinnur nú að því á vegum eða fyrir hönd ríkisstj. að stuðla að því að aðstoða bæði með

lánsfé til skipasmíðanna og lengri eða skemmri lán eftir atvikum í þau tæki og vélar, sem til þessara skipa verða keypt.

Ég skal svo ekki fjölyrða um það, sem áður hefur borið á góma. Ríkisstj. hefur af sinni hálfu viljað stuðla eftir mætti að því, að almennt mætti efla skipasmíðarnar hér innanlands og sérstaklega smíði fiskiskipanna, og kemur þar margt til álita. Í sambandi við dráttarbrautirnar, sem mundu nú fyrst og fremst stunda viðgerðaþjónustu, er um tollfrelsi að ræða, en aftur endurgreiðslu á tollum í sambandi við skipasmíðastöðvarnar, enda þótt mönnum hafi fundizt þetta nokkuð þungt í vöfum.

Fyrir iðnaðinn almennt vil ég líka minna á eitt atriði í l. um tolleftirlit, sem liggur fyrir þinginu núna. Þar er gert ráð fyrir því að veita lán, greiðslufrest skulum við kalla það, á tollum, þannig að iðnfyrirtæki og innflutningsfyrirtæki geti með vissum tryggingum tekið út varning og greitt hann eftir lengri eða skemmri tíma, og þar hefur jafnan verið rætt um það, að greiðslufresturinn væri lengri, þegar um iðnaðarframleiðslu væri að ræða, sem virðist vera sanngjarnt eðli málsins vegna. Við höfum að vísu heyrt það í seinni tíð, að stjórnarvöldin hafi ekki sinnt því að skapa verkefni fyrir innlendu skipasmíðastöðvarnar og látið byggja skipin erlendis. Þeim, sem til þekkja, er ljóst, að þetta er á miklum misskilningi byggt, því að það er ekki fyrr en á allra síðustu árum, sem innlendu skipasmíðastöðvarnar hafa verið þess umkomnar að byggja stálfiskiskip fyrir útveginn í landinu, en áður fyrr voru náttúrlega ýmis tréskip byggð hér, og ég neita því ekki, að stundum hafi hér fyrrum kannske verið farið óvarlega í það að kaupa tréskip erlendis, sem við Íslendingar sjálfir vorum þá færir um að smíða. Á árinu 1946, þegar flutt eru inn 46 fiskiskip, eru engar stálskipasmíðar hér í landinu. Árið 1961 eru flutt inn 11 fiskiskip, 1962 10 fiskiskip, 1963 31 fiskiskip, 34 fiskiskip 1964, 10 1965, 11 1966 og 23 komu til landsins 1967. Í þessu sambandi vil ég minna á, að það er í raun og veru ekki fyrr en 1963, sem smíði fiskiskipa er komin í gang hér. Samkv. yfirliti er framleiðslu stálskipa hagað hér þannig í landinu, að 1955 er smíðað eitt skip. Það er Magni hér í Reykjavík, 184 rúml. Eitt skip var smíðað hér 1957, 201 rúml. Það er Albert, varðskipið og björgunarskipið Albert. Síðan fara þeir á árunum eftir 1960 að búa sig undir að hefja skipasmíðar hér, og á því ári eru byggð fjögur stálskip hérlendis. Það voru minni skip, samtals 211 rúml. Eitt skip var smíðað 1964, 202 rúml., eitt skip 1965, 27 rúml., þrjú skip 1966, 723 rúml. og 6 skip á árinu 1967, 1700 rúml. Þetta eru nú ekki í heild nema 3248 rúml., en þó er það svo, að þessar skipasmíðastöðvar, sem hafa verið að byggja sig upp, hafa meiri afkastagetu en þarna kemur fram, og ég hygg, að þær mundu með eðlilegri eftirspurn og eðlilegri lánsfjáröflun geta afkastað svona 6—10 skipum á ári eins og nú er. Sumar þeirra hafa mikla stækkunarmöguleika, og ein þessara skipasmíðastöðva hefur ekki getað hafið starfsemi sína enn, og á ég þar við skipasmíðastöðina á Ísafirði.

Á árinu 1964 var gerð áætlun af hálfu stjórnarvalda um byggingu dráttarbrauta og skipasmíðastöðva og síðan hafa þær verið á framkvæmdaáætlun. Það er rétt, að þeim hefur oft reynzt erfitt um vik og þær talið fjáröflunina ekki ná nógu langt. Oft hefur það stafað af því, að þær hafa í raun og veru fengið það, sem um var beðið og áætlað, en áætlanirnar hafa raskazt og skipin orðið miklu dýrari í smíðum. Við skulum segja, að þetta hafi verið margvíslegir byrjunarörðugleikar við þær algeru frumsmíðar, sem hér hefur verið um að ræða. En þessar skipasmíðastöðvar lofa þó góðu, og það hafa miklir framtaksmenn að þeim staðið, og það er eitt, sem víst er, og með það hefur ekki verið farið dult af hálfu stjórnarvalda, að þau vilja leggja mikið kapp á og eru reyndar næstum daglega að stuðla að því nú, að þessar skipasmíðastöðvar fái verkefni, því að vegna erfiðleika útgerðarinnar hefur verið lítil eftirspurn á smíðum innanlands nú s. l. hálfa árið. En það nær ekki aðeins til eftirspurnar innanlands, heldur líka til kaupa á skipum erlendis frá. Ég hef þess vegna fengið upplýsingar um þau fiskiskip, sem voru í smíðum ytra eða erlendis og um var samið á fyrri hluta ársins 1967 að fenginni viðurkenningu Fiskveiðasjóðs. Þetta voru samtals 5 skip, sem er náttúrlega ekki há tala miðað við endurnýjunarþörf, sem sennilega hefði mátt áætla, að væri eðlileg 15—20 skip. Og auk þessara 5 skipa var árið 1967 fengin viðurkenning Fiskveiðasjóðs Íslands á tveim öðrum fiskveiðiskipum, sem komu til landsins á s. l. ári, en segja má, að allur undirbúningur og a. m. k. vilyrði hafi verið gefin um fyrir þann tíma.

Það eru auðvitað veigamiklar tollabreytingar fyrir iðnaðinn, þegar lækkaðir eru tollar á ýmsum efnisvörum til iðnaðar og vélum og tækjum, eins og hér er vikið að af hálfu þeirra, sem þessar till. flytja. Tollar af iðnaðarvörum eða vélum til iðnaðarins voru lækkaðir fyrir þremur eða fjórum árum úr 35% niður í 25% og í sumum tilfellum enn þá neðar, niður í 15% og 10%. Hér er auðvitað mjög æskilegt að hafa vakandi auga fyrir möguleikunum á því að geta lækkað þessa tolla enn þá meira eða fellt þá niður, eins og talað er um, eða gert þá a. m. k. „nominala", eins og er á ýmsum sviðum í sambandi við tolla til sjávarútvegs og landbúnaðar, en þar er við þá erfiðleika að stríða, hversu tollarnir hafa verið veigamikið atriði hjá okkur á undanförnum árum í tekjuöflun til ríkissjóðs. Það mál hefur svo verið rætt almennt og er eins og kunnugt er í athugun á milli stjórnmálaflokkanna, hvernig við getum lækkað okkar tolla yfir höfuð og almennt í sambandi við þátttöku okkar í samvinnu annarra þjóða á sviði tollamála og viðskiptamála. Allt knýr það á um það, að við finnum aðrar tekjuöflunarleiðir í

ríkara mæli en verið hefur, og er mönnum nú að verða ljóst, að það hefur ekki síður þýðingu fyrir iðnaðinn en sjávarútveginn.

Ég skal svo ekki, herra forseti, orðlengja neitt um þessa till. að sinni, en vil aðeins í lok máls míns endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að slík athugun, sem hér er farið fram á, er ekki óþörf, þó að lagt sé fram tollafrv. eða brtt. frá ríkisstj., sem takmarkaðar eru við tiltekin og önnur tilvik en hér er um að ræða.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég get að ýmsu leyti verið hæstv. ráðh. þakklátur fyrir þær undirtektir, sem þessi till. fékk hjá honum. Ég gat ekki annað skilið en hæstv. ráðh. teldi það nauðsynlegt og rétt, að slík athugun færi fram og hún væri ekkert háð því, þó að það kæmi fram á næstunni sérstakt tollalækkunarfrv. frá ríkisstj., sem væri fyrst og fremst í tengslum við gengisfellinguna. Ég reikna að sjálfsögðu með því, að í því frv. ríkisstj., þegar það kemur fram, verði verulegt tillit tekið til iðnaðarins og þar verði að finna ákvæði um það, að hann fái ýmsar verulegar tollalækkanir frá því sem nú er, en hins vegar reikna ég með því, að það sé ekki farið svo nákvæmlega út í ýmis atriði, ekki gerður sá skilsmunur, sem er stundum vandasamur, á því, hvað er hráefni til iðnaðarins og hvað á að teljast venjuleg verzlunarvara, og þess vegna verði sú athugun, sem þessi till. felur í sér, nauðsynleg eftir sem áður.

Ég vænti líka, að það hafi falizt í þessum orðum ráðh., að hann sé samþykkur þeirri meginstefnu, sem felst í till. og sem er sú, að iðnaðurinn búi við svipuð tollaákvæði og sjávarútvegurinn. Við þurfum að fara að venja okkur af þeim hugsunarhætti, að iðnaðurinn eigi að búa við einhver önnur og lakari kjör en aðrir aðalatvinnuvegir þjóðarinnar, sjávarútvegur og landbúnaður, því að svo mikilvægir sem þessir atvinnuvegir eru og sjálfsagt er að halda þeim áfram og efla þá, eftir því sem kostur er, verðum við samt að gera okkur það fullkomlega ljóst, að þegar allt kemur til alls, er iðnaðurinn að verða mikilvægasti atvinnuvegur þjóðarinnar, ef hér á í framtíðinni að tryggja næga atvinnu fyrir alla og þjóðinni batnandi lífskjör.

Ég var ekki sízt ánægður yfir þeiri viðurkenningu, sem kom fram í orðum hæstv. ráðh., að það væri komið á daginn, að þótt sjávarútvegurinn væri mikilvægur, væri hann ekki einhlítur til að standa undir rekstri þjóðarbúsins. Því miður skapaðist sá hugsunarháttur hér hjá mörgum aðilum og ekki sízt á hæstu stöðum meðan bezt gekk með aflabrögð og verðlag var hæst á síldarafurðum, að eiginlega þyrfti ekki um aðrar atvinnugreinar hér að hugsa en sjávarútveg og stóriðju. Við þyrftum ekki að leggja svo mikið upp úr því að efla hér landbúnað eða iðnað. Við gætum leyst þann vanda með því að flytja inn iðnaðarvörur og landbúnaðarvörur. Þetta var sú stefna, sem mjög var hér ríkjandi fyrir tveimur til þremur árum og sem mótaði þá stefnu, sem þá var fylgt í innflutningsmálum, sérstaklega hvað snerti iðnaðinn. Það hefur óneitanlega að undanförnu verið hleypt inn alveg hömlulaust hvers konar iðnvarningi með þeim afleiðingum í mörgum tilfellum, að iðnaðurinn hefur dregizt verulega saman. Þeir erfiðleikar, sem nú eru í sjávarútveginum, sýna það alveg svart á hvítu, hversu gagnlegur og nauðsynlegur sem sá atvinnuvegur er, að það er ekki einhlítt fyrir þjóðina að byggja á honum einum og ekki heldur þó að landbúnaðurinn komi þá til viðbótar, heldur er kennske mikilvægast af þessu öllu að efla þriðja atvinnuveginn, sem er iðnaðurinn, ef þjóðin á að búa við batnandi lífskjör hér í framtíðinni. Við þurfum ekki annað en líta til annarra þjóða í þessum efnum. Þær þjóðir, sem fyrst og fremst byggja afkomu sína á því að framleiða hráefni eins og sjávarvörur og landbúnaðarvörur, hafa nú í dag miklu lakari afkomu en hinar, sem eru lengra komnar í iðnaði, og þess vegna verðum við að læra af þessari reynslu og leggja höfuðkapp á það að verða iðnaðarþjóð, og í þeim efnum á ég ekki fyrst og fremst við það, að það verði einhver örfá stóriðjufyrirtæki eins og álbræðsla, sem bjargi okkur í þeim efnum, heldur þurfi að keppa að því að hafa iðnaðinn sem fjölbreyttastan og iðngreinarnar sem allra flestar, eftir því sem okkar vinnuafl og fjármagn leyfir.

Hæstv. ráðh. vildi halda því fram, að það hefði ekki verið svo mjög þrengt að iðnaðinum á undanförnum árum vegna lánsfjárskorts og vitnaði til þess, að fyrir baráttu mína og margra annarra góðra manna og líka stundum með stuðningi hæstv. ráðh. hefur Iðnlánasjóður verið nokkuð aukinn á undanförnum árum. En ég held, að það sé öllum ljóst, sem nokkuð kynna sér þessi mál, að þrátt fyrir þessa tiltölulega smáu aukningu Iðnlánasjóðs, hefur iðnaðurinn átt við vaxandi lánsfjárörðugleika að búa undanfarin ár, og það liggur í því, að þó að iðnlánasjóðslánin hafi heldur aukizt, hefur þrengzt stórkostlega á hinum almenna lánamarkaði. Þau höft, sem Seðlabankinn hefur tekið upp í þessum málum, binding sparifjárins, hafa leitt til þess, að viðskiptabankarnir og sparisjóðirnir hafa ekki getað veitt atvinnuvegunum sömu þjónustu og áður og það hefur ekki sízt bitnað á iðnaðinum. Þess vegna þarf ekkert að vera að deila um það, að þegar litið er á þetta mál í heild, hefur aðstaða iðnaðarins í lánamálum farið síversnandi á undanförnum árum. Þeirri staðreynd verður ekki á móti mælt, að sú stefna, sem ríkisstj. hefur látið Seðlabankann fylgja í þessum málum með frystingu sparifjárins, hefur orðið til þess að bæði iðnaður, sjávarútvegur og landbúnaður hafa búið við stórum meiri lánsfjárskort en þó var áður, og það þýðir ekkert heldur fyrir hæstv. ráðh. að vera að mæla á móti því, að aukinn innflutningur iðnaðarvara seinustu árin hafi þrengt að íslenzkum iðnaði. Það eru svo fjölda mörg dæmi til um þetta, að það er raunar alveg óþarft

að vera að svara þessari fullyrðingu ráðh. nokkuð, vegna þess að reynslan talar svo skýrum orðum um það, að þessi fullyrðing hans sé ekki rétt. Við getum líka gert okkur það mjög ljóst, að það þarf ekki nema tiltölulega lítið af innflutningi iðnaðarvara til þess að kippa grundvellinum undan rekstri íslenzkra iðnfyrirtækja. Okkar markaður er svo ákaflega lítill, að í flestum greinum má segja, að hann rúmi ekki nema 1—2 fyrirtæki. Ef svo eru fluttar inn iðnaðarvörur, jafnvel þó að þær taki ekki nema 10—15—20% af markaðinum, er þar með búið að kippa möguleikanum undan því, að íslenzkur iðnaður geti þrifizt. Hann verður helzt að sitja að markaðinum öllum, ef hann á að hafa nokkurn starfsgrundvöll. Þetta verðum við að gera okkur ljóst, að meðan við erum að byggja iðnaðinn upp og gera hann samkeppnisfæran, verðum við að láta hann njóta sem mest hins innlenda markaðar, jafnvel þó að það kosti það, sem ýmsum þykir ekki góður kostur, að það er verið að beina erlendum iðnaðarvörum frá landinu á meðan. Ég hygg nú, að hæstv. ráðh. skilji þetta líka, og hann hefur sýnt það í vissum tilfellum eins og í sambandi við Hampiðjuna, að hann hefur fullan skilning á þessu. Hins vegar sýnist mér á ýmsu því, sem hefur komið fram alveg seinustu dagana, að innan ríkisstj. sé hins vegar ekki ríkjandi nægur skilningur á þessu og þar sé sú stefna enn þá nokkuð miklu ráðandi, eins og hefur komið fram alveg nýlega af hálfu eins ráðh. og eitt stjórnarblaðið hafði eftir honum, að það verði að halda dauðahaldi í verzlunarfrelsið og það eigi að stefna alveg blákalt að því að útiloka hér allar atvinnugreinar, sem þurfi á einhverri tollvernd eða vernd innflutningshafta að halda. En það er einmitt þessi stefna, sem hefur allt of mikið ráðið gerðum ríkisstj. á undanförnum árum. Ef þessari stefnu væri fylgt út í yztu æsar, þýddi það náttúrlega það, að það ætti hvorki að reka landbúnað né iðnað á Íslandi, a. m. k. eins og sakir standa í dag, því að þessir atvinnuvegir hjá okkur eru enn á því stigi, að þeir eru ekki samkeppnisfærir við þann landbúnað, sem hefur bezta aðstöðu erlendis, eða þann iðnað, sem þar er bezt rekinn. En ég held nú, að ef þessari stefnu væri fylgt og allar þær atvinnugreinar látnar hverfa úr sögunni, sem þurfa eins og ástand er í dag á einhverri tollvernd eða einhverri innflutningshaftavernd að halda, yrði nú heldur lítið um atvinnu hjá mörgum í landinu og þá yrðu nú lífskjörin talsvert verri en þau eru í dag, því að þó að við höfum sjávarútveg, sem á að hafa hér sæmileg starfsskilyrði, ef rétt er á málum haldið og þó að við höfum hér álbræðslu, sem þarf ekki að borga neina tolla og lægri skatta og ódýrara rafmagn en íslenzk fyrirtæki, jafnvel þó að við hefðum þessar tvær atvinnugreinar, held ég, að yrði nú erfitt að halda uppi sæmilegum lífskjörum í landinu, þegar búið væri að leggja niður allan landbúnað og allan iðnað, eins og raunverulega felst í þessari stefnu eins ráðh. sem ég var nú að vitna til. En ég er ekki að beina þessum orðum að hæstv. iðnmrh. Mér finnst það, að hans skilningur í þessum efnum hafi frekar farið vaxandi með árunum hér á Alþ. heldur en hið gagnstæða, og þess vegna vænti ég þess, að að þau sjónarmið ýmis, sem hann hefur haldið fram núna og komu fram í seinustu ræðu hans, að það yrði að láta íslenzkan iðnað ganga fyrir, þó að hann væri kannske í sumum tilfellum dýrari en sá erlendi, eins og má nefna í sambandi við skipabyggingarnar á Akureyri, þá sé það eigi að síður rétt stefna.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð nú að sinni, en ég endurtek ánægju mína yfir þeim ummælum hæstv. ráðh., að hann telur, sem mér skildist alveg greinilega hjá honum, að hann telur þá athugun, sem þessi till. felur í sér, nauðsynlega, og jafnvel þó að einhverjar lagfæringar fáist í sambandi við þá tollalagabreytingu, sem er hér framundan á Alþ., sé eigi að síður nauðsynlegt að vinna að þeirri heildarendurskoðun, sem í till. felst, og í samræmi við þá stefnu, sem þar kemur fram.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég sagði nú í fyrri ræðu minni, að ég hefði engan áhuga fyrir því að hefja neinar deilur um þessi mál og skal heldur ekki gera það. Hitt er jafnnauðsynlegt, að við gerum okkur rétta grein fyrir hlutunum og höfum réttan skilning á því, hvað er að gerast í sambandi við iðnaðinn, hefur verið að gerast og er væntanlegt. Það er langt í frá, að fyrir mér hafi vakað bennan tíma, sem ég hef farið með iðnaðarmál, að það væri alveg þýðingarlaust að hugsa um iðnað að öðru leyti en örfá stóriðjufyrirtæki, eins og álbræðsluna. Í mjög miklum umr., sem fram fóru um það mál hér á þingi, kom greinilega fram, að ég hef alltaf haft trú á því, að að tvennu leyti a. m. k. mundi þessi álbræðsla geta orðið íslenzkum iðnaði almennt til verulegrar og stórkostlegrar styrktar. Ég hef átt viðræður um það við samtök iðnrekenda og fleiri, að þeir athuguðu málið, og einnig beðið hina erlendu aðila að leggja sitt af mörkum til þess að athuga, hvaða möguleikar þyrftu að vera hér fyrir hendi til þess að hægt væri að taka upp iðnað í aluminium, smáiðnað í aluminium og vinnslu úr því hráefni, þegar það væri til hér í landinu. En samkv. upplýsingum, sem margoft voru gefnar hér í þinginu og öllum er kunnugt um, sem til þekkja, er áliðnaðurinn einmitt langmestur í þeim löndum, þar sem álbræðslur eru. Þetta sést glöggt, þegar maður ber saman t. d. Dani og Norðmenn. Nú er það svo, að ég mundi telja eðlilegt, að slík athugun færi fram af hálfu þeirra, sem þessa atvinnugrein stunda, en mér dettur ekki í hug annað en að hér hafi skapazt miklir möguleikar. En í ofanálag við þetta er það orkan, sem iðnaðinum er hvað nauðsynlegust, en hún var fyrst og fremst tryggð með samningnum við álbræðsluna. Það hefur ævinlega verið svo í sögu

okkar, að þegar stórar framkvæmdir hafa átt sér stað í rafvirkjunum og framkvæmdum á því sviði, hefur það orðið aflgjafi, eins og skiljanlegt er, til iðnaðarframleiðslu, sem stundum hefur búið við þau erfiðu kjör hér á landi að hafa enga orku til sinnar framleiðslu eða allt of dýra orku. Án þess að ég vilji taka upp deilur um rafmagnsverðið til álbræðslunnar, verður ekki um hina staðreyndina deilt, að einmitt vegna þess raforkusamnings, sem við hana var gerður, geta aðrir aðilar, bæði einstaklingar og iðnfyrirtæki, fengið ódýrari orku en ella, og einnig eru hafnar þær miklu virkjanir í sambandi við hana, sem eflaust munu halda áfram, hvort sem við bætast fleiri álbræðslur í sambandi við þá virkjun eða ekki. Hér hefur komizt af stað sú mikilvæga þróun, sem á skömmum tíma á eftir að verða iðnaðinum gífurleg lyftistöng.

Hv. þm. taldi, að hann hefði lagt mikið af mörkum til að efla Iðnlánasjóð. Mér þykir vænt um, að hann hefur a. m. k. haft hug til þess, en ég verð að segja það eins og er, að í sambandi við þá löggjöf og fyrirgreiðslu og fjáröflun til þess sjóðs hef ég orðið ósköp lítið var við aðstoð eða hjálp þessa hv. þm. En það ber að taka viljann fyrir verkið og reyna að virkja þetta afl þá betur í framkvæmdinni. Iðnlánasjóður hefur þó ekki vaxið minna á s. l. árum en svo, að hann hefur haft til sinnar ráðstöfunar rúml. 130 millj. kr. á s. l. ári. Fyrir örfáum árum voru það bara nokkrar millj. kr., sem sjóðurinn hafði til ráðstöfunar, en á síðustu 4 árum eða svo hygg ég, að ráðstöfunarfé hafi vaxið úr einum 30—40 millj. kr. upp í það, sem núna er. Þetta er m. a. vegna þess, að sjóðurinn hefur meiri tekjur sjálfur. Það er iðnlánasjóðsgjaldið, sem sett var á með lögum 1963 og iðnaðurinn greiðir að vísu sjálfur, en það er sennilega um 20 millj. kr. á ársgrundvelli núna. Við þetta bætist enn fremur, að árlegt ríkissjóðsframlag hefur hækkað. Á árinu 1963 var það aukið upp í 2 millj., en síðan hefur það verið hækkað upp í 10 millj. frá ríkissjóði. Einnig hefur verið stofnuð hagræðingardeild við Iðnlánasjóð. Fjáröflun til hennar gekk því miður illa á s. l. ári, þegar við vorum komnir niður í þann öldudal, sem fyrst og fremst stafaði af erfiðleikum útvegsins. Hagræðingardeildin mun þess vegna ekki hafa haft til ráðstöfunar nema um 15 millj. á s. l. ári, en auk þess hlutaðist ríkisstj. til um aðra fjáröflun til sjóðsins eða lánsútvegun til sjóðsins. Þess er einnig að geta, að lánsheimildirnar höfðu verið hækkaðar í l. og auk þess voru framkvæmd l. um breytingar á lausaskuldum í föst lán, sem samtals námu á milli 130—140 millj. kr. á s. l. ári. Ég er ekki viss um, að meiri vöxtur hafi verið í öðrum stofnlánasjóðum atvinnuveganna á sambærilegu tímabili en í Iðnlánasjóði eða möguleikum hans til fjárráðstöfunar.

Það er einnig gott til þess að vita, að iðnaðurinn hefur ekki staðið verr að vígi um almenn rekstrarlán en aðrar atvinnugreinar. Hann hefur haldið sínu hlutfalli í rekstrarlánunum hjá öðrum bönkum en Iðnaðarbankanum. Allir þrír ríkisbankarnir, Útvegsbanki, Landsbanki og Búnaðarbanki, hafa lagt af mörkum mikið rekstrarfé til iðnaðarins, en auk þess hefur Iðnaðarbankinn sjálfur eflzt í ríkara mæli en flestir aðrir bankar á undanförnum árum, þar sem innlánaaukningar hafa jafnan verið mestar hjá iðnaðinum, og ber það að vísu ekki vott um neinar sérstakar þrengingar á þessu sviði. Mér er hins vegar ljóst, að hérna þarf að vinna ötullega að, og ég tel, að það sé mjög veigamikið nú, m. a. vegna erfiðleika hjá þessum atvinnugreinum og öðrum, að stuðla að því að auka eða gera sérstakar ráðstafanir til að auka rekstrarfjárflæðið.

Hér hefur verið til umr. að taka upp endurkaup á afurðavíxlum og framleiðsluvíxlum iðnaðarins. Það hefur verið sínum takmörkunum háð. Engu að síður hefur Seðlabankinn hafið slík endurkaup og sett um þau reglur, en ég veit hins vegar, að iðnaðinum sjálfum finnst þær enn vera of þröngar. Það munu þó hafa verið í ýmsum endurkaupalánum um 35 millj. kr. nú um s. l. áramót, og allt telur þetta þess vegna nokkuð saman.

Það er svo loksins eitt atriði, sem við hv. 4. þm. Reykv. erum ósammála um, þrátt fyrir það, að við séum nú í meginatriðum sammála. Hann vill í raun og veru setja innflutningshöft á erlendan iðnaðarvarning, því að hann taldi, að það væri stórhættulegt að taka upp heimild til þess að flytja inn erlendan iðnaðarvarning miðað við 10% af heimamarkaðinum. Það væri stórhættulegt og gæti alveg kippt fótunum undan þróun þessa iðnaðar. Þá er í raun og veru ekki um annað að ræða en að banna bara innflutning á iðnaðarvarningnum. Þarna er ég alveg á öndverðum meiði, og ég fullyrði, og athugun mun leiða það í ljós, og þessi n. mætti gjarnan reyna að kynna sér það, að innflutningur á iðnaðarvörum hefur stórstyrkt margar greinar iðnaðarins á undanförnum árum. Ég sagði í minni fyrri ræðu, að það hefði skapað ýmsa örðugleika, en það hefur líka rifið iðnreksturinn og iðnaðarframleiðsluna upp úr þeim öldudal, sem stafaði frá erfiðum tímum innflutningshafta og banna hér á þessu landi. Og ekkert sýndi betur en hin mikla iðnsýning 1966, að fjölmargar greinar iðnaðarins, sem verið höfðu þá og undanfarið í samkeppni við erlenda framleiðslu, höfðu tekið algerlega stakkaskiptum, og mér er vel kunnugt um marga, sem furðuðu sig á því, hvað íslenzki iðnaðurinn á ýmsum sviðum, sem hann áður þótti lítils eða einskis megnugur á, var kominn langt og framleiddi góða og samkeppnisfæra vöru, bæði að verði og gæðum. Þess vegna er ég algerlega á móti því að loka íslenzka iðnaðinn inni, og ég teldi, að það mundi verða honum stórhættulegt, og ekki sízt, — ég segi það alveg eins og er, — á tímum eins og á undanförnum árum, þegar Íslendingar hafa lagt svo mikið fyrir sig ferðalög til annarra landa og haft nokkuð rúmar hendur með gjaldeyri og annað til þess

að kaupa þar iðnvarning, sem ég held að væri nokkuð öruggt, að hefði borið af því, sem menn áttu kost á hér. Hefði þetta haft í för með sér margvíslega örðugleika og ekkert síður fyrir íslenzka iðnaðinn sjálfan. Á sumum sviðum, þar sem mönnum hefur fundizt vera harkalegur innflutningur, eins og t. d. á kexi og brauðvörum og því um líku, er það þó staðreynd, að þar hefur íslenzka framleiðslan aukizt þrátt fyrir allt og náttúrlega stórum batnað. Það er engum blöðum um þetta að fletta, og hefði mátt vera fyrr, að slíkar umbætur hefðu komið fram.

Um samdrátt í iðnaðinum skal ég svo ekki fara að ræða. Það hefur svo oft verið gert hérna, en skýrslur Hagstofunnar og skýrslur þær, sem komið hafa frá iðnrekendum sjálfum, segja það, að það hafi verið töluvert ör þróun og vöxtur á vissu tímabili undanfarinna ára, síðan lítill vöxtur, en um samdrátt hygg ég, að tæpast sé að ræða, nema e. t. v. þegar við sjáum niðurstöðurnar fyrir s. l. ár, sem er alveg einstakt í sinni röð hjá okkur Íslendingum. Og sjálfir hafa iðnrekendur talið, að hagvöxturinn í iðnaði sé lítill árið 1966, en lítill hagvöxtur er auðvitað ekki samdráttur, nema menn noti einhverja alveg sérstaka merkingu í orðunum. Og 7—8% hagvöxtur var talinn vera hér í iðnaðinum á árunum 1962—1963, og auk þess, eins og ég sagði, hafa komið hér upp nýjar atvinnugreinar, mættu vera miklu fleiri. Þar á ég fyrst og fremst við skipasmíðar, gosdrykkjagerðir og ýmislegt fleira og margar umbætur á sviði iðnaðarins. Meginatriði málsins er það, sem við erum alveg sammála um, hv. 1. flm. og ég, að hvað sem segja megi um innbyrðis afstöðu hinna þriggja atvinnugreina hér á landi, iðnaðar, landbúnaðar og sjávarútvegs, verði iðnaðurinn í vaxandi mæli framtíðaratvinnureksturinn. Það er enginn vafi á því að mínum dómi, en þá verða bæði þm. að vera reiðubúnir til þess í löggjöf og við afgreiðslu fjárl., sem að miklu leyti er dreifing á fjármunum í landinu, að vera reiðubúnir til þess að taka tillit til þessara staðreynda, en þar situr iðnaðurinn auðvitað við allt annað borð en landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn.

Ég er sammála Þórarni Þórarinssyni, hv. 4. þm. Reykv., um það, að það væri kannske út af fyrir sig praktískast að vera ekki að framleiða þessar landbúnaðarvörur. Við gætum fengið þær ódýrari, ef við flyttum þær inn, en ég býst við því líka, að við mundum vera sammála um hitt, að Ísland verður ekki lengur Ísland, ef við hættum og leggjum niður íslenzkan landbúnað, fremur en iðnað eða sjávarútveg.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Við erum orðnir svo sammála um margt ég og ráðh., að það er kannske rétt að fella þetta spjall niður, vegna þess að við erum þá frekar að tala um aukaatriði en aðalatriðið. Ég gladdist alveg sérstaklega yfir þeirri yfirlýsingu, sem kom fram hjá hæstv. ráðh. nú síðast, að það skorti mjög á það í löggjöf og stjórnarframkvæmdum, að iðnaðurinn byggi við sömu aðstöðu og landbúnaður og sjávarútvegur, vegna þess að þetta er einmitt það, sem ég hef margsinnis verið að halda hér fram á Alþ. á undanförnum árum, og þá við takmarkaðar undirtektir. En ég vil benda á eitt atriði sem dæmi um þetta, þar sem jafnrétti skortir milli þessara atvinnuvega og mér hefur þrátt fyrir góða viðleitni ekki tekizt að fá hæstv. iðnmrh. til að fallast á. Hann minntist hér áðan á iðnlánasjóðsgjaldið, sem iðnaðurinn greiðir til Iðnlánasjóðs. Þess er aflað með mjög svipuðum hætti og fjár er aflað í stofnlánadeild landbúnaðarins, þ. e. a. s. bændur greiða sérstakan launaskatt í stofnlánadeildina og fá frá ríkinu jafnhátt framlag. Sjávarútvegurinn greiðir líka ákveðið gjald til Fiskveiðasjóðs með sérstökum útflutningsskatti og fær á móti jafnhátt framlag frá ríkinu. Hins vegar er það þannig, að iðnlánasjóðsgjaldið, sem iðnaðurinn borgar, hefur tvö seinustu árin verið meira en 20 millj. kr., en framlag ríkisins er ekki nema helmingurinn af því eða 10 millj. kr. Þarna vantar t. d. á, að iðnaðurinn sitji við sama borð og aðrir atvinnuvegir. Því er að vísu haldið fram í þessu sambandi, að iðnaðurinn borgi ekki þetta gjald vegna þess, að hann geti lagt það á neytendurna. Þetta er með öllu rangt. Og t. d. núna, eftir að verðlagsákvæðin ná orðið til allra vara, er alveg útilokað að þetta sé hægt. Verðlagsnefndin sér um það. Það er líka alveg eins, að þegar um verulega samkeppni er að ræða á markaðnum, þá ræður ekki seljandinn verðinu á vörunni, heldur verður hann að haga sér eftir því, þess vegna er útilokað í því tilfelli, að það sé hægt að leggja þetta iðnlánasjóðsgjald á vöruna.

Ég ætla nú ekki að fara að munnhöggvast við ráðh. að þessu sinni neitt sérstaklega um álbræðsluna, en ég vildi aðeins segja það í sambandi við hana, að álsamningurinn er einmitt sönnun þess, hve illa er búið að íslenzkum iðnaði, því hinu erlenda fyrirtæki hefði ekki dottið í hug að koma hingað með sinn rekstur, ef það hefði ekki fengið margs konar undanþágur frá þeim kjörum eða skyldum, sem lagðar eru á ísl. iðnað. Álbræðslan fær t. d. undanþágu frá öllum tollum. Fjarri fer því, að iðnaðurinn fái það í dag, því að hann verður að borga 25% toll af flestum vélum, sem hann fær, og hann verður að borga upp undir 100% í sumum tilfellum af hráefni, sem hann fær til starfsemi sinnar. Ég er ekki að segja það, að álbræðslusamningurinn sé til fyrirmyndar, og ég tel hann það ekki á ýmsum sviðum eins og t. d. í sambandi við raforkuverðið. Ég sé engin rök mæla með því, að við seljum raforkuna 27% ódýrara en Norðmenn til slíkra fyrirtækja. En ég held hins vegar hvað tollamálin snertir, að þá geti álbræðslusamningurinn verið til fyrirmyndar um það, hvernig á að búa að íslenzkum iðnaði.

Ráðh. minntist á, að hann hefði ekki mikið orðið var við stuðning minn við Iðnlánasjóð. Ég held að ráðh. meini þetta nú ekki, þótt hann

segi þetta, því að hann fylgist áreiðanlega það vel með þingmálum, ekki sízt í sambandi við iðnaðarmál, sem heyra undir hans rn., að hann mun áreiðanlega minnast þess, að ég hef hér á Alþ. margsinnis flutt bæði till. við fjárl. og svo sérstaklega um aukið fjármagn til Iðnlánasjóðs. Og niðurstaðan hefur nú oftast orðið sú, að eftir að ég hef verið búinn að flytja slíka till. svona 2—3 sinnum, að þá hefur ríkisstj. komið á eftir og hækkað tekjur sjóðsins eitthvað. En hins vegar finnst mér, að það sé alveg óþarfi fyrir hæstv. ráðh. að vera upp með sér af þessum 10 millj. kr., sem Iðnlánasjóður fær frá ríkissjóði og sem er mörgum sinnum lægra en tilsvarandi framlög, sem landbúnaður og sjávarútvegur fá. Ég held, að þegar Iðnlánasjóður var stofnaður á kreppuárunum, 1934 eða 1935 held ég að það hafi verið, þá var ríkistillagið 25 þús., og það mun mönnum ekki þykja nein stór upphæð nú. En sennilega munar ekki miklu á því, að það sé eins stór hluti af ríkisútgjöldunum þá eins og 10 millj. kr. eru í dag. Ég held, að fjárl. hafi þá verið upp á 12 eða 13 millj. kr., en nú eru þau upp á 6 milljarða, svo að ég held, að tillagið til iðnaðarins, sem er reiknað á þennan hátt, hafi ákaflega lítið aukizt miðað við það, hvað ríkið hefur aukið kostnað sinn á ýmsum öðrum sviðum.

Þá vildi ráðh. halda því fram, að það væri rétt að halda uppi samkeppni við íslenzk fyrirtæki með innflutningi erlendra iðnaðarvara. Og meginröksemd hans fyrir þessu var sú, að þetta mundi hvetja íslenzka framleiðendur til þess að vanda vöruna. Og að því leyti taldi hann, að orðið hefði meiri þróun í þessum efnum hjá íslenzkum iðnaði en áður fyrr. Ég held, að þessi fullyrðing hans sé alveg röng. Ég er alveg sannfærður um það, að ef við rekjum þróun iðnaðarins frá því að hann hóf starfsemi sína og fram til dagsins í dag, komi það í ljós, að þar hefur alltaf verið um stöðuga þróun að ræða, þrátt fyrir erfiðar aðstæður hafi iðnrekendur alltaf verið að sækja fram, alltaf verið að bæta bæði framleiðni og vöruvöndun. Ég held, að það sé ekki hægt að halda því fram með sanni, að þar hafi nokkurn tíma verið um verulega stöðnun að ræða. Ég held, að þó að menn bendi á það í dag, að ýmislegt fari öðru vísi í íslenzkum iðnaði en ætti að vera, þá sé ekki hægt að kenna því um, að íslenzkir iðnrekendur eða atvinnurekendur hafi ekki haft vilja til þess að fylgjast með tímanum og vinna bæði að aukinni framleiðni og vöruvöndun. Ég dreg það í efa, að hægt sé að finna atvinnurekendur annars staðar, sem hafa sótt öllu meira fram en íslenzkir iðnrekendur hafa gert á undanförnum 30-40 árum, þegar tillit er tekið til þess, hve miklu erfiðari þeirra aðstæður hafa verið en yfirleitt hliðstæðra stétta annars staðar. En það sýnir, að það er alveg óhætt, við getum alveg hiklaust treyst íslenzku framtaki og íslenzkum atvinnurekendum, ef sæmilega er í hendurnar á þeim búið.

Ég vil segja, að það er alveg undraverður árangur, sem hefur náðst hér í mörgum iðngreinum og var búinn að nást löngu áður en þessi innflutningur núv. ríkisstj. kom til sögunnar. Ég held, að það stafi af vanþekkingu hæstv. ráðh. á íslenzkum iðnaði til lengdar, þegar hann heldur því fram, að það hafi eiginlega engin þróun að ráði átt sér stað fyrr en nú allra síðustu árin, að farið var að flytja inn erlendar iðnaðarvörur. Það er bæði vanþekking og vantrú á íslenzku framtaki, sem kemur fram í þessum orðum ráðh. eða fullyrðingu, en við verðum bara að horfast í augu við það, að ef við viljum viðhalda íslenzkum iðnaði og gefa honum starfsskilyrði, þá verðum við í sumum tilfellum að útiloka erlenda framleiðslu. Og það er ekkert sérstakt hjá okkur að gera þetta. Það eru margar stærri þjóðir, sem hafa betri aðstöðu til að reka vel iðnað en við, sem verða að gera þetta. Meira að segja Bandaríkin hafa stundum gripið til verndarráðstafana fyrir vissar iðngreinar þar í landi. Við þekkjum það í sambandi við okkar sjávarútveg, að við erum alltaf að mæta alls konar hömlum í sambandi við sölu á sjávarafurðum í öðrum löndum, vegna þess að viðkomandi þjóðir eru að vernda sína framleiðslu. Og meðan okkur hefur ekki tekizt að búa iðnaðinum að öllu leyti samkeppnishæf skilyrði, þá verðum við að veita honum vissa vernd, ekki aðeins í sambandi við tolla, heldur oft og tíðum í sambandi við innflutning. Nú, það er líka gert, og ber að viðurkenna það. Það er gert á ýmsum sviðum enn í dag, að það eru ekki fluttar inn erlendar iðnaðarvörur í vissum greinum, og ég álít, að það sé rétt. En svo verðum við líka í sambandi við þann innflutning, sem hefur átt sér stað á undanförnum árum, að gera okkur það ljóst, að hann hefur átt sér stað undir kringumstæðum, sem voru alveg sérstaklega óhagstæðar fyrir iðnaðinn. Það er búið að viðurkenna það, að seinustu árin hafi gengisskráningin verið röng, þess vegna hafi genginu verið breytt. Og það gat að sjálfsögðu ekki átt sér stað undir óhagstæðari skilyrðum fyrir iðnaðinn að hefja stórfellda innflutning á erlendum iðnaðarvörum en þegar gengisskráningin var honum í óhag. Og það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðh, að mótmæla því, að fjölmargar iðngreinar hafi dregizt verulega saman og jafnvel lagzt alveg niður vegna þessa innflutnings. Ég er alveg óhræddur við að játa þessa verndarstefnu, þegar um það er að ræða, hvort við eigum að byggja upp iðngreinar í landinu, sem kannske hafa veika aðstöðu til að byrja með. Ég kýs miklu frekar, að það sé farið inn á þá braut, en að við leyfum ótakmarkaðan innflutning á erlendum vörum með þeim afleiðingum, að þessi atvinnugrein geti ekki risið á legg.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 1. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 27. marz, utan dagskrár, mælti

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Alþ., bæði deildir og Sþ., kýs sérstakar starfsnefndir til að íhuga vissa málaflokka, og til þeirra er að jafnaði vísað þeim málum, sem flutt eru í d. eða Sþ. Svo er fyrir mælt í þingsköpum, ég hygg í 18. gr. þingskapa, að n. skili áliti, og meira að segja eru sett svo þröng ákvæði, að eigi má taka mál að nýju til umr. fyrr en a. m. k. einni nóttu eftir að nál. var útbýtt. Ég minnist á þetta hér vegna þess, að ég flutti ásamt nokkrum þm. öðrum till. á haustþinginu um lækkun tolla á efni og vélum til iðnaðarins. Sú till. var tekin til meðferðar hér í Sþ. fljótlega eftir að framhaldsþingið hófst og var afgr. til allshn. 1. febr. s. l. Það eru senn liðnir nær tveir mánuðir síðan þetta mál fór til hv. allshn., og hefur þó enn ekki komið neitt álit frá henni.

Hér er um hið mikilvægasta mál að ræða, sem ég tel ekki þörf á og ekki heldur viðeigandi að ræða nánar hér, en ég vil aðeins minna á það, að þegar þetta mál var hér til umr. í þinginu, þessi till., var henni vel tekið af hæstv. iðnmrh., sem sagðist fullkomlega viðurkenna nauðsyn þess, að slík athugun færi fram, og áréttaði það einnig, að það frv. um tollalækkun, sem þá var í undirbúningi, mundi ekki leysa þennan vanda, vegna þess að því væri fyrst og fremst ætlað annað verkefni, eða það að lækka dýrtíðina og draga þannig úr þeim byrðum, sem almenningur þyrfti að taka á sig vegna gengisfellingarinnar. Ég vil nú árétta það við hæstv. forseta og hv. formann allshn., að þeir hlutist til um það, að nál. verði lagt fram í þessu máli það tímanlega, að till. geti fengið þinglega afgreiðslu.

Nefndaráliti frá minni hl. allshn., á þskj. 492, var útbýtt 2. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

9. Hagnýting fiskimiðanna umhverfis landið.

Á 21. fundi í Sþ., 12. des., var útbýtt:
Till. til þál. um undirbúning heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið [74. mál] (A. 132).

Á 30. og 31. fundi í Sþ., 26. og 30. jan., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 132 höfum við 10 þm. leyft okkur að flytja till. til þál. um undirbúning heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið. Till. er efnislega á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa 9 manna n. til þess að undirbúa setningu heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið. Skulu fimm nm. kosnir hlutbundinni kosningu í Sþ., en Hafrannsóknastofnunin tilnefni tvo nm., Landssamband ísl. útvegsmanna einn nm. og heildarsamtök sjómanna einn nm. N. skal hraða störfum eftir föngum, og greiðist kostnaður við störf hennar úr ríkissjóði."

Með vaxandi fiskiflota Íslendinga og tilkomu stórvirkra veiðitækja hefur þörfin á skipulegri nýtingu fiskimiðanna umhverfis landið orðið æ brýnni. Skilningur landsmanna á þessu fer líka vaxandi, og bera ýmsar samþykktir frá útvegsmönnum og sjómönnum síðustu ára þessu glöggt vitni. Þrátt fyrir þessa staðreynd, þá hefur hv. Alþ. ekki enn þá séð ástæðu til þess að undirbúa reglur og staðfesta þær í löggjöf, er stuðlað gæti að heppilegri nýtingu miðanna, svo mikið sem Íslendingar eiga þó undir sliku. Við svo búið má ekki lengur standa að áliti okkar flm.

Sú tillaga, sem hér er flutt öðru sinni, gerir ráð fyrir skipun n. til þess að athuga þessi mál vandlega og gera síðan till. um löggjöf um skipulega nýtingu miðanna, er miði að því að tryggja svo sem bezt má verða hámarksarðsemi við veiðarnar, án þess þó að gengið sé of nærri fiskistofnunum. Er leitazt við að tryggja áhrif þeirra aðila að þessu undirbúningsstarfi, þ. e. a. s. sjómanna og útvegsmanna, sem mestra hagsmuna eiga hér að gæta. Auk þess er gert ráð fyrir, að fiskifræðingarnir okkar vinni að þessu máli, enda verður að ætla, að þeir hafi samkvæmt lærdómi sínum og þekkingu beztu aðstöðuna til þess.

Ég sé svo, herra forseti, ekki ástæðu til þess að hafa langa framsögu um þessa þáltill. Hún er hér flutt í annað skipti, og á síðasta þingi flutti ég fyrir henni nokkuð langa framsögu og get vísað til hennar, ef einhverjir hafa áhuga á að vita um það, sem þar var á drepið, en auk þess fylgir till. sjálfri nokkuð ítarleg grg. um efni hennar.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. þessari verði að þessari umr. lokinni vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 33. fundi í Sþ., 1. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 39 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá meiri og minni hl. allshn., á þskj. 512 og 540, var útbýtt 5. og 8. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

10. Lýsisherzluverksmiðja á Hjalteyri.

Á deildafundum 22. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um lýsisherzluverksmiðju á Hjalteyri við Eyjafjörð [93. mál] (A. 219).

Á 20. fundi í Sþ., 24. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31. fundi í Sþ., 30. jan., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Hjalti Haraldsson): Herra forseti. Þessi till., sem hér liggur fyrir á þskj. 219, er um það, að athugaðir verði möguleikar á því, að komið verði á fót lýsisherzlu á Hjalteyri við Eyjafjörð, og hvort möguleikar væru á því að komast að samningum á hagstæðum grundvelli við eigendur mannvirkja þar norður frá, þeirra mannvirkja, sem koma til með að hafa notagildi fyrir væntanlega verksmiðju. Ég mun ekki í þessari stuttu ræðu minni fara inn á rekstur slíks fyrirtækis eða það, hversu okkur er mikil nauðsyn að koma slíku fyrirtæki á fót. Hvað þetta snertir, bendi ég á skýrslu Jóns Gunnarssonar verkfræðings um þetta efni til stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins frá 10. júní 1966, en í þeirri skýrslu eru tekin af öll tvímæli um það, hversu þýðingarmikið fyrirtækið er og arðbært. Þessi skýrsla er vafalaust hv. þm. kunn, svo að ég mun ekki rekja efni hennar frekar. Ég mun hins vegar dvelja við þá hlið málsins, sem snýr að staðsetningu verksmiðjunnar, og benda á, hversu Hjalteyri við Eyjafjörð er vel fallin til þess að koma slíku fyrirtæki þar upp.

Bygging verksmiðju sem þessarar yrði vafalaust allkostnaðarsöm, og í þeim fjárhagsþrengingum, sem okkur virðast fyrirbúnar, yrði sú nauðsyn brýnust að komast sem allra ódýrast frá slíku. Nú vill svo til, að einmitt á Hjalteyri eru fyrir mannvirki, sem falla munu vel á þann grunn, sem fyrirtæki af þessu tagi byggist á. Þar er vel uppbyggð síldarverksmiðja, sem að því að mér er tjáð, hefur yfir meira plássi að ráða í lýsisgeymum en nokkur önnur verksmiðja hér á landi, eða 7 þús. tonna geymarými. Það eitt út af fyrir sig er fjárfesting upp á miklar fjárhæðir, en það kemur fleira til. Húsakostur er þarna geysimikill annar, sem kæmi að miklu gagni í sambandi við gerð herzluverksmiðju. Önnur mannvirki, svo sem kyndistöð, rafstöð og vatnsveita, eru þarna mjög góð, og mundi allt slíkt þjóna vel í þessu augnamiði. Síðast en ekki síst má svo nefna bólverkin, sem þarna eru, nýlega endurbyggðar bryggjur innan á eyrinni, en þar er aðdýpi mikið og hallinn á marbakkanum 45 gráður, þ. e. dýpið eykst um 1 m við hvern m, sem hann lengist fram. Þarna hafa athafnað sig 7 þús. tonna skip og jafnvel stærri í einstaka tilfellum. Í verstu veðrum, sem þarna koma, er örugg höfn við eyrina. Hjalteyri er í góðu vegasambandi við Akureyri. Og ef maður má nefna svokallaða Norðurlandsáætlun, þá skaðar ekki að geta þess, að eitt af fyrstu verkum, sem þarna koma til greina, er endurbygging vegarins frá Akureyri til Dalvíkur, og tengjast þá með enn betri samgöngum þéttbýliskjarnarnir út með Eyjafirði að vestan, Hjalteyri, Hauganes, Litli-Árskógssandur og Dalvík. Og mundi ekki einmitt þessi verksmiðja falla vel í þann ramma, sem hugsaður er í sambandi við uppbyggingu á Norðurlandi, því að tilkoma slíkrar verksmiðju mundi leiða af sér ýmiss konar iðnað, sem hleypa mundi fjöri í atvinnulífið. Vel mætti hugsa sér, að með aukinni flutningatækni á síld yrði tilkoma þessarar verksmiðju til þess, að meiri áherzla yrði lögð á að flytja síldina til bræðslu á hafnir norðanlands. Hleypti hún þannig lífi í þá staði fyrir norðan, sem barizt hafa í bökkum hin síðari ár, og þá ekki hvað síst Hjalteyri, þar sem allt atvinnulíf hefur lagzt í dróma, en eins og kemur fram í sambandi við atvinnuleysisskráningu, sem þar hefur nýverið verið gerð, eru flestar fyrirvinnur að heiman við að leita sér atvinnu annars staðar.

Ekki sakar að geta þess, að það mun hafa verið gerð ásætlun áður um byggingu lýsisherzluverksmiðju á Hjalteyri. Hún var framkvæmd á þeim árum, þegar síldarleysið var hvað mest fyrir Norðurlandi, og málið datt niður af þeim sökum.

Að þessu slepptu langar mig svo í örfáum orðum að víkja að skýrslu Jóns Gunnarssonar verkfræðings, er hann skilar stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, eins og ég áður sagði, 10. júní 1966, en það ætla ég að gera þrátt fyrir það, að sennilega er þessi skýrsla í höndum flestra þm., því að henni var útbýtt í hinu háa Alþ. skömmu eftir að henni var skilað. En áður en ég geri grein fyrir niðurstöðum Jóns, vil ég aðeins víkja að því, að árið 1964 seljum við Norðmönnum 27 þús. og 800 tonn af síldarlýsi. Það ár var síldarlýsisframleiðsla Íslendinga 80 þús. tonn. Þetta magn herða síðan Norðmenn og flytja út aftur, og eitt af því fáa, sem þeir halda leyndu í sínum verzlunarskýrslum er það, hvert þeir selja sína hertu fiskolíu. Hvað smjörlíkisframleiðsluna áhrærir, bendir Jón á, að vélar séu til í landinu til að framleiða mun meira magn af smjörlíki en við þurfum að nota. Til þess að hægt sé að fullnýta afkastagetu þessara verksmiðja, þurfi þær að geta flutt út, en til þess þurfi þær að fá ódýrara hráefni, en þetta ódýra hráefni sé einmitt hert síldarlýsi. Enn fremur mundi slík verksmiðja, sem hér um ræðir, geta flutt inn í tankskipum aðrar olíur, sem til framleiðslunnar þarf, svo sem jurtaolíur, og hreinsað

og hert þær og afgreitt til verksmiðjanna eftir þörfum, en allt þetta mundi ekki einasta lækka verð á smjörlíki til innanlandsnotkunar, heldur og einnig gera útflutning á smjörlíki framkvæmanlegan.

Þá kem ég að niðurstöðum Jóns, en þar stendur orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel tímabært, að byggð verði lýsisherzluverksmiðja á Íslandi. Afurðirnar eru seljanlegar, rekstur verksmiðjunnar hagkvæmur og mjög hagkvæmur eftir 5 starfsár, þegar vélar eru orðnar afskrifaðar. Það er þó ekki eingöngu vegna fjárhagslegrar afkomu verksmiðjunnar, að ég mæli með því, að hún verði byggð, heldur einnig vegna þess, að Íslendingar þurfa breiðari markaðsgrundvöll fyrir sína síldarlýsisframleiðslu en þeir hafa nú. Þeir eru orðnir nokkuð stór aðili á markaðnum, en aðeins einn kaupandi, Unilever, kaupir beint eða óbeint um 80% af framleiðslunni. Verðið, sem fæst fyrir síldarlýsið, er langt fyrir neðan heimsmarkaðsverð á feiti og olíum, sem notaðar eru ásamt síldarlýsi við framleiðslu á smjörlíki og „shortening". Sú staðreynd, að verð á fiskolíunni er langt fyrir neðan heimsmarkaðsverð t. d. á soyabaunaolíum, stafar af því, að á soyabaunaolíunni er heimsmarkaðsverð, en ekki á síldarlýsi."

Og síðar segir Jón:

„Þegar Unilever kaupir soyabaunaolíu, þá verður hann að greiða heimsmarkaðsverð fyrir hana, en verðinu á íslenzka síldarlýsinu ræður hann, þar sem hann kaupir um 80% af framleiðslunni og ekki er sem stendur um aðra kaupendur að ræða. Vilji framleiðendur ekki selja fyrir það verð, sem Unilever ákveður, þá þarf hann ekki nema að bíða með að kaupa þar til framleiðendur eru orðnir þreyttir og samþykkja hans verð. Þeir geta ekki annað. Þeir hafa ekki annan markað. Meðan þetta ástand helzt, er ekki hægt að búast við, að Íslendingar og aðrir framleiðendur síldarlýsis fái sannvirði fyrir það samanborið við aðrar olíur, sem eru á heimsmarkaðsverði. Unilever breytir ekki ótilneyddur þessu ástandi. Það er til hagsmuna fyrir hann að halda því við. Herzluverksmiðja, sem hér um ræðir, mundi vera vísir að því að skapa breiðan markaðsgrundvöll fyrir síldarlýsið, svo hægt væri að fá fyrir það sannvirði."

Og í öðru lagi segir Jón:

„Með lýsisherzluverksmiðju fá Íslendingar reynslu í hreinsun og herzlu síldarlýsis. Með fullkominni efnarannsóknarstofu í sambandi við lýsisherzluverksmiðju geta þeir unnið með nýjum og ætíð fullkomnari vinnsluaðferðum á lýsi til að gera úr því fullkomnari og verðmeiri vöru."

Og í þriðja lagi segir hann:

„Lýsisherzluverksmiðja gerir útflutning á smjörlíki og „shortening" framkvæmanlegan og gæti gefið góða raun, einnig skapast grundvöllur fyrir iðnað úr ýmsum úrgangsefnum."

Þessi skýrsla Jóns er svo greinileg og niðurstöður hennar svo afdráttarlausar, að ástæðulaust er að vefengja hana. Hún bendir okkur ótvírætt í þá átt, hversu okkur er nauðsynlegt að koma slíkri verksmiðju á fót, fyrst og fremst til þess að brjótast úr þeim viðjum, sem við erum í, hvað verzlun með síldarlýsi áhrærir. Mundi þetta þannig gjörbreyta viðhorfi allra þeirra, sem við síldveiðar og síldarverkun fást hér á landi.

Þessi till. mín hnígur að því, að það verði athugað, hvort hægt sé að komast að samkomulagi við eigendur mannvirkja á Hjalteyri um nýtingu þeirra í þessu skyni. Fengist það, yrði hún okkur auðveldari í uppbyggingu, hún kæmist fljótar í gagnið en ef ætti að fara að reisa hana frá grunni annars staðar, hún mundi hleypa nýju lífi í atvinnulíf norðanlands og steingrá báknin á eyrinni fengju nýjan svip í augum þess fólks, sem nú eigrar í kringum þau vonsvikið. Minningin um horfið líf og umsvif gefur því ekki brauð. Það er á okkar valdi, hv. samþingsmenn, að gæða þetta nýju lífi. Vera mín hér á hinu háa Alþ. endist sennilega ekki til þess að fylgja þessu máli eftir, en ég leyfi mér að vona, að hv. þm. úr Norðurl. e. veiti því brautargengi og það fái náð fyrir augum þingheims. Ég fer svo fram á það við hæstv. forseta, að málinu verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 43 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

11. Hlutverk Seðlabankans.

Á deildafundum 21. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um hlutverk Seðlabankans [95. mál] (A. 221).

Á 31. fundi í Sþ., 30. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32. og 34. fundi í Sþ., 31. jan. og 7. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 14. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þótt áhyggjuefnin séu mörg hér á landi um þessar mundir, hygg ég, að allir séu sammála

um, að eitt sé stærst og alvarlegast, en það er atvinnuleysið, sem nú er komið til sögunnar. Vegna sérstaks góðæris á undanförnum árum hefur verið hér á landi næg atvinna. Nú er hins vegar svo komið, að atvinnuleysi er orðið mjög verulegt og fer stöðugt vaxandi, þannig að ef ekki verður á þessu breyting til bóta hið fyrsta, virðist allt stefna til þeirrar áttar, að ástandið í þeim efnum verði engu betra en það var hér á kreppuárunum fyrir styrjöldina. Að sjálfsögðu eru margar ástæður, sem valda því, að þannig er komið, og skal ekki verða gerð tilraun til þess hér að reyna að rekja þær, aðeins vikið að einni þeirra, sem tvímælalaust er ein hin veigamesta. Og þar á ég við þann lánsfjárskort, sem atvinnufyrirtækin hafa átt við að búa á undanförnum árum og misserum. Hinn mikli lánsfjárskortur, sem atvinnufyrirtækin hafa þurft að glíma við og bæði hefur komið fram í sambandi við skort á stofnlánum og rekstrarlánum, er tvímælalaust einhöfuðástæðan til þess, hvernig nú er ástatt í atvinnumálum landsins. Þegar fyrirtækin skortir fé til rekstrar og líka til framkvæmda, leiðir það af sjálfu sér, að þau hljóta að draga rekstur sinn saman, og sum þeirra hafa jafnvel þurft að hætta starfrækslu sinni alveg. Lánsfjárskorturinn stafar að sjálfsögðu af fleiri en einni ástæðu, en ein höfuðástæða hans er tvímælalaust sú stefna, sem Seðlabankinn hefur látið framfylgja á undanförnum árum og er í algeru ósamræmi við þann tilgang, sem honum er ætlaður samkv. þeim lögum, sem um hann gilda. Þessi lög eru frá 24. marz 1961, og segir svo í 2. gr. þeirra, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk Seðlabanka Íslands er: 1) að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt."

M. ö. o.: lögin gera ráð fyrir, að það sé eitt af aðalverkefnum Seðlabankans og í raun og veru fyrsta verkefni hans að sjá til þess, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt til að tryggja það, að framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt.

Þetta skýlausa ákvæði um tilgang Seðlabankans hefur á undanförnum árum verið framkvæmt á þann hátt, að stöðugt hefur verið dregið úr þeirri þjónustu við atvinnuvegina, sem hann hefur veitt. Áður var það t. d. regla, að Seðlabankinn keypti af sjávarútveginum framleiðsluvíxla, sem nam 67% af upphæð þeirra. Nú er hins vegar svo komið, að hann kaupir ekki nema 55% af upphæð slíkra víxla, og sjá allir, að hér er um verulegan samdrátt að ræða, sem hlýtur að koma sér illa fyrir þessa atvinnugrein. Lán til landbúnaðarins eða kaup á framleiðsluvíxlum hans hafa verið dregin saman á sama hátt.

En þó er þetta ekki alvarlegasti samdrátturinn, sem hefur átt sér stað í þessari starfsemi Seðlabankans. Langalvarlegasti samdrátturinn er fólginn í því, að samkv. 11. gr. l. um bankann hefur verið tekinn upp sá háttur að fyrirskipa viðskiptabönkum og sparisjóðum að afhenda honum til bindingar verulegan hluta af því sparifé, sem kemur inn til þessara aðila. Nú mun vera svo komið, að um 1900 millj. kr. af sparifénu eru frystar í Seðlabankanum á þennan hátt. Þetta leiðir að sjálfsögðu til þess, að viðskiptabankarnir hafa ekki getað fullnægt þjónustu sinni við atvinnufyrirtækin á sama hátt og áður var og eins og til er ætlazt af þeim, því til viðbótar því, að sparifé hafi þannig verið tekið af þeim, er þeim ætlað að kaupa stærri hluta af framleiðsluvíxlum sjávarútvegs og landbúnaðar en áður átti sér stað. Afleiðingarnar af þessu háttalagi Seðlabankans eru líka augljósar. Þær birtast í því, að fjöldi fyrirtækja hefur lent í stórfelldum vanskilum, með vanskilum er ekki hægt að halda uppi rekstri til langs tíma, og þá er ekki um annað að ræða en að draga reksturinn saman eða leggja hann alveg niður. Og sú hefur líka orðið reyndin í stórum stíl. Og það er þetta, sem veldur því, reyndar ásamt mörgu öðru, en er þó veigamesta ástæðan til þess, að samdráttur hefur orðið í atvinnulífinu og atvinnuleysi hefur skapazt, og fer það nú, að því er virðist, sívaxandi. Það berast alltaf nýjar og nýjar fréttir frá atvinnufyrirtækjum, sem eru að segja upp starfsfólki og fækka því við sig meira og minna.

Ég hygg, að sú staðreynd, að atvinnuleysi fer nú vaxandi, hljóti að leiða athygli manna að því, að það verður að breyta stefnu Seðlabankans frá því, sem nú er, og færa hana til samræmis við seðlabankalögin sjálf. Hvað sem menn vilja segja um frystingu sparifjár á þeim tíma, þegar svokölluð ofþensla ríkir, held ég, að það sé viðurkennd regla í öðrum löndum, að hún eigi alls ekki við, þegar svo er komið, að atvinnulífið er að dragast saman og atvinna fer minnkandi. Ég held, að það sé viðurkennd regla í öllum löndum, sem fylgja heilbrigðri efnahagsstefnu, að þegar samdráttur er í atvinnulífi og atvinnuleysi kemur til sögunnar, sé m. a. unnið gegn því á þann hátt að veita meira lánsfé til atvinnuveganna, að lækka vexti, að örva atvinnustarfsemina og örva fjárfestinguna á þennan hátt.

Ég held, að allir alþm. ættu því að geta orðið sammála um þessa till., þegar þannig er ástatt, en hún er á þann veg, að Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að Seðlabanki Íslands kappkosti að fullnægja því hlutverki, sem honum er ætlað í l. frá 24. marz 1961, að vinna að því, að framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt. Ég tel þetta svo augljóst og sjálfsagt mál, að óþarft sé að hafa um það fleiri orð að þessu sinni, en leyfi mér að leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá meiri og minni hl. allshn., á þskj. 514 og 543, var útbýtt 5. og 8. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

12. Sams konar tímareikningur allt árið.

Á deildafundum 5. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um sams konar tímareikning allt árið [118. mál] (A. 252).

Á 34. fundi í Sþ., 7. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 38. fundi í Sþ., 14. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Sþ., 21. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér till. til þál. um sams konar tímareikning fyrir allt árið. Tilefni þeirrar till. er það, að s. l. 20 ár hefur verið í gildi reglugerð, sem dómsmrn. gaf út í febrúarmánuði 1947 um það, að hér skyldi gilda annar tímareikningur að sumrinu en að vetrinum, og jafnlengi hefur klukkan verið færð til, færð fram um einn tíma í aprílmánuði, og aftur við vetrarkomu hefur henni verið seinkað. Þetta fyrirkomulag kann að hafa átt sér nokkurn rétt á þeim tíma, er það var upp tekið, en eftir því sem tímar hafa liðið fram og tækniþróun orðið meiri, hefur þetta valdið stöðugt meiri vandkvæðum, enda eru nú margar þær þjóðir, sem um eitthvert skeið höfðu tvöfaldan tímareikning, búnar að leggja hann niður. Í till. minni felst því það, að ég legg til, að Alþ. skori á ríkisstj. að afnema reglugerðina, sem ákveður tvenns konar tímareikning, og taka upp sama tímareikning fyrir allt árið. Í till. er ekki fjallað um það, hvort reglugerðin yrði einfaldlega afnumin og þá látinn gilda sá tímareikningur, sem í gildandi l. er gert ráð fyrir, en hann er sá, að íslenzkur meðaltími skuli talinn sá sólartími, sem gildir á 15. lengdarbaug fyrir vestan Greenwich, þ. e. a. s. þá gildi sá tími, sem nú er í gildi á veturna. En einnig hefði ég allt eins getað hugsað mér, að reglugerðin yrði afnumin með annarri reglugerð, sem ákvæði að festa sumartímann.

Nú er þar skemmst frá að segja, að litlu eftir að till. mín kom fram á þingi, lagði ríkisstj. fyrir þingið frv. til l. um tímareikning á Íslandi, þar sem gert er ráð fyrir því að hætta að færa klukkuna ýmist aftur á bak eða áfram tvisvar á ári og taka upp sama tímareikning allt árið. Þess vegna, herra forseti, tel ég, að efni þessarar till. sé fullnægt, og tek ég hana hér með til baka.

Till. tekin aftur.

---

13. Stjórnmálasamband við Austur-Þýzkaland.

Á deildafundum 6. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um stjórnmálasamband við Austur-Þýzkaland [123. mál] (A. 258).

Á 34. fundi í Sþ., 7. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 38. fundi í Sþ., 14. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Sþ., 28. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hér er borin fram till. um framkvæmdaatriði í stjórn utanríkismála, og setti að vera ástæðulaust að hafa um hana mörg orð. Efni hennar er það, að Íslendingar taki upp formlegt stjórnmálasamband við Deutsche Demokratische Republik, sem í daglegu tali er nefnt Austur-Þýzkaland. Það er sjálfsögð regla í utanríkissamskiptum okkar, að við höfum formlegt stjórnmálasamband við ríki, sem við höfum viðskipti við. Austur-Þýzkaland hefur um langt skeið verið í hópi hinna beztu viðskiptalanda okkar, verzlunarsamskiptin hafa verið fjölþætt og hagkvæm Íslendingum, og við höfum raunar notið margvíslegrar fyrirgreiðslu Austur-Þýzkalands utan venjulegra verzlunarramma, fengið þar t. d. ágæt lán í sambandi við skipakaup. Samt er Austur-Þýzkaland eina meiri háttar viðskiptaland okkar, sem við höfum ekki formlegt stjórnmálasamband við. Ástæðan er öllum kunn; þau pólitísku vandamál, sem upp komu í Evrópu eftir síðustu heimsstyrjöld, skipting Þýzkalands í tvö ríki, kalda stríðið og sú afstaða vestur-þýzka ríkisins að neita að viðurkenna Austur-Þýzkaland og slíta stjórnmálasambandi við öll þau ríki, sem létu slíka viðurkenningu í té. Ég skal fús-

lega viðurkenna, að íslenzkum stjórnarvöldum var nokkur vorkunn, þótt þau neituðu að viðurkenna Austur-Þýzkaland formlega, meðan Hallstein-kenningin var í gildi. En nú hafa þeir ánægjulegu atburðir gerzt, að vestur-þýzk stjórnarvöld hafa breytt þessari afstöðu sinni, og þau eru nú sjálf tekin að sækjast sérstaklega eftir stjórnmálasambandi við ríki, sem áður höfðu viðurkennt Austur-Þýzkaland. Þannig hefur nú um skeið verið stjórnmálasamband á milli Austur-Þýzkalands og Rúmeníu, og nýlega tóku Vestur-Þjóðverjar aftur upp stjórnmálasamband við Júgóslavíu, en þeir höfðu áður slitið því stjórnmálasambandi, einmitt vegna þess, að Júgóslavar höfðu viðurkennt Austur-Þýzkaland. Einnig hafa vestur-þýzk stjórnarvöld að undanförnu sótzt eftir stjórnmálasambandi við fleiri ríki, þeirra á meðal Pólland og Tékkóslóvakíu. Þannig er brott fallin eina frambærilega ástæðan fyrir því, að við höfum haft aðra afstöðu til Austur-Þýzkalands en til allra annnarra viðskiptalanda okkar. Ástæða er til að benda á, að það væri röng og háskaleg afstaða, ef við biðum aðeins átekta og létum önnur ríki um allt frumkvæði í þessu máli. Austur-Þýzkaland er mikilvægur markaður, eins og öllum ætti að vera sérstaklega ljóst nú, þegar viðskiptaörðugleikar steðja að, og við eigum að beita utanríkisþjónustu okkar til þess að tryggja okkur sem bezt sambönd og sem vinsamlegust skipti við öll viðskiptalönd okkar.

Vitað er, að í mörgum Evrópuríkjum er nú rætt um viðurkenningu á Austur-Þýzkalandi, og á því sviði kunna fljótlega að gerast tíðindi, sem sumir hafa ekki áttað sig á enn þá. Hinn nýi forsrh. Dana, Baunsgaard, hélt t. d. ræðu á þingi nýlega, lýsti þar stuðningi við austurlandamæri Þýzkalands, Oder-Neisse mörkin, og kvað rétt að athuga viðurkenningu á Austur-Þýzkalandi í sambandi við hugsanlegan öryggissáttmála í Evrópu. Vel kann svo að fara, að ríki, sem keppa við okkur um markaði í Austur-Þýzkalandi, verði á undan okkur, ef við höldum að okkur höndum, m. a. í þeim tilgangi að tryggja sölu á afurðum sínum. Austur-Þýzkaland er nú eitt af mestu iðnaðarríkjum heims og á sífellt umfangsmeiri, alþjóðleg verzlunarviðskipti. Þá staðreynd ber okkur að meta af fullu raunsæi í samræmi við hagsmuni okkar sjálfra.

Það er alkunnugt, að Þýzkalandsmálið er það vandamál, sem enn veldur mestum viðsjám í Evrópu, og lausn á því vandamáli mundi stuðla mjög að öryggi í okkar heimshluta. Vissulega geta Íslendingar ekki lagt mikið af mörkum á því sviði, en samt skulum við ekki vanmeta okkur svo, að við teljum okkur einskis nýta. Ég tel engum vafa bundið, að hin nýja utanríkisstefna vestur-þýzkra stjórnarvalda, að ná sem eðlilegustum ríkjasamskiptum við Austur-Evrópulöndin, stuðlar að friðsamlegri þróun; einmitt eðlileg samvinna um hagnýt viðfangsefni eyðir smátt og smátt fordómum og leysir upp tilfinningahnúta. En rökrétt afleiðing þessarar stefnu er, að menn viðurkenni þá staðreynd, að þýzku ríkin eru tvö, hvort sem þeim líkar hún betur eða verr. Slík viðurkenning á óumflýjanlegri staðreynd er forsenda þess, að málefni Evrópu þróist á friðsamlegan hátt. Með því að viðurkenna Austur-Þýzkaland værum við að framkvæma almenna og eðlilega reglu í utanríkissamskiptum okkar, búa í haginn fyrir útflutningsframleiðslu okkar og við stuðluðum um leið að okkar leyti að því, að samskipti Evrópuríkja þróuðust á raunsæjan og friðsamlegan hátt. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. alþm. bregðist vel við þessari einföldu till.

Ég vil svo leggja til, að málinu verði að umr. lokinni vísað til hv. utanrmn.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

14. Verzlun með tilbúinn áburð.

Á deildafundum 7. febr. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um verzlun með tilbúinn áburð** [124. mál] (A. 261).

Á 34. fundi í Sþ., 7. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 38. fundi í Sþ., 14. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Hjalti Haraldsson): Herra forseti. Till. sú, er hér liggur fyrir á þskj. 261 um verzlun með tilbúinn áburð, er flutt til þess fyrst og fremst að reyna, ef mögulegt er, að fá létt af því ófremdarástandi, sem nú ríkir í þeim málum. Fyrri hlutinn er um það, að Alþ. kjósi 5 manna n. til að gera till. um breytta og bætta tilhögun um sölu og framleiðslu tilbúins áburðar. Sá hluti till. er alveg samhlj. nál., sem svokölluð áburðarnefnd skilaði 3. okt. s. l. Þessari áburðarnefnd var komið á fót af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Árni Jónsson tilraunastjóri og Friðrik Pálmason búfræðikandídat tóku sæti í n. fyrir Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Agnar Guðnason og Óli Valur Hansson ráðunautar hjá Búnaðarfélaginu voru fyrir hönd Búnaðarfélagsins og Kristján Karlsson erindreki fyrir hönd Stéttarsambands bænda. Í X. kafla álitsins segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna vaxandi þýðingar tilbúna áburðarins

fyrir landbúnaðinn, leggur n. mikla áherzlu á, að sérstökum aðila eða n. verði falið að vera stjórn Áburðarverksmiðjunnar til leiðbeiningar um nánari ákvarðanir varðandi hlutföll blandaðs áburðar og framboð áburðar hverju sinni."

Þessi liður till. gerir ráð fyrir því, að farið verði eftir till. þessarar n., er búnaðarsamtökin skipuðu til þess að athuga þessi mál, og fjölyrði ég því ekki frekar um þennan þátt hennar.

Um síðari þátt till. er það að segja, að flm. vilja, að l. um einkasölu á áburði verði afnumin. Þeir telja það óviðunandi, að ríkið afhendi hlutafélagi ríkiseinkasölu til þess eins að skjóta á bak við hana óvinsælli framleiðslu á áburði, sem annars mundi ekki seljast. Ég hika ekki við að fullyrða þetta, því að þeir munu vera teljandi orðnir þeir bændur, sem kaupa mundu kjarna, ef þeir ættu á öðru kost.

Það var vitað, þegar Áburðarverksmiðjan var byggð, að hún var ekki góð. Ein önnur verksmiðja sömu tegundar hafði áður verið byggð í veröldinni, og það var þegar reynsla af henni og hún lögð niður í sinni upprunalegu mynd að tveimur árum liðnum frá því, að hún var byggð. Verkfræðingar, sem lumuðu á þessari vitneskju, voru vanvirtir í sambandi við þessa verksmiðju, en íslenzka verzlunarvitið og Marshall sálugi sögðu, að við skyldum reisa svona verksmiðju, og það var líka gert.

Fljótt kom það í ljós, að framleiðslan var ekki eins og hún átti að vera, og jafnsnemma fór að bera á óánægju bænda með áburðinn og sífellt meiri og meiri ásókn frá þeirra hendi um að fá annan erlendan köfnunarefnisáburð hjá Áburðareinkasölu ríkisins. Það varð að koma í veg fyrir það, og þá var streitzt við það hér á hinu háa Alþ. ár eftir ár eða 3 ár í röð að koma gegnum þingið heimild til handa ríkisstj. til þess að framselja ríkiseinkasöluna á áburðinum í hendur Áburðarverksmiðjunni hf. En allt slíkt strandaði á andstöðu bænda. En þá rekur einhver augun í heimildina, sem felst í einkasölulögunum til handa ríkisstj. að framselja réttinn í hendur öðrum aðilum, og þar með var sá agnúi af höggvinn, og síðan hafa bændur orðið að kaupa upp köfnunarefnisframleiðslu Áburðarverksmiðjunnar hf., áður en óskir þeirra hafa verið uppfylltar um annan áburð, hversu óánægðir sem þeir annars hafa verið.

Þá er ástæða til þess að fjölyrða nokkuð um framkvæmd verzlunarinnar, eins og hún er frá hendi Áburðarverksmiðjunnar. Ég ætla að lesa hér upp bréf, sem bændum barst í apríl 1967. Það varpar ofurlitlu ljósi á þessa viðskiptahætti, þótt það segi ekki alla söguna. En jafnframt bið ég hv. alþm. að vera minnuga þess, að til eru l. nr. 63 frá 30. maí 1947 um tilbúinn áburð og innflutning á honum, sem kveða svo á, að enginn megi flytja inn áburð nema hann hafi fengið heimild til þess frá landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans. En hér kemur bréfið, með leyfi hæstv. forseta:

„Heiðraði viðskiptavinur.

Nokkrar raddir hafa verið uppi um það að undanförnu þess efnis, að viðskiptavinir vorir hefðu ekki nægilegt frjálsræði um val áburðartegunda, sem þeir kynnu að óska eftir. Sú venja er gömul, að áburðarsala ríkisins hafi óskað eftir, að áburðarpantanir bærust ekki síðar en í desembermánuði ár hvert. Til þess að tryggja, að sá erlendi áburður, sem íslenzkur landbúnaður þarfnast árlega, sé fáanlegur, er það viðskiptaleg nauðsyn að hafizt sé handa síðsumars eða snemma hausts um að leita tilboða og gera kaupsamninga um væntanlega nauðsynlegar tegundir og magn þess áburðar, sem nota skal á næsta ári. Til þess að mæta óskum um meira valfrelsi í áburðartegundum, höfum vér ákveðið að breyta hinni gömlu venju um að óska eftir pöntunum í des. og förum nú fram á, að pantanir fyrir áburð til notkunar á árinu 1968 hafi borizt eigi síðar en 31. júlí 1967. Með þessu móti er unnt að taka meira tillit til beinna óska yðar við samningsgerðir og tilboðaöflun í erlendan áburð en annars væri fært, ef pantanir berast eigi fyrr en eftir, að kaupsamningar hafa verið gerðir. Óþarft væri þá að vera að leita álits stofnana, svo sem Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Búnaðarfélags Íslands eða Stéttarsambands bænda, eins og gert hefur verið, um það, hvaða áburðartegundir sé heppilegast, að inn séu fluttar hverju sinni fyrir íslenzkan landbúnað.

Rétt er að taka það hér fram, að ekki skal gert ráð fyrir því, að unnt verði að fullnægja pöntunum í erlendan köfnunarefnisáburð í meira magni en því, sem nemur þörf til landsins umfram það, sem Áburðarverksmiðjan í Gufunesi framleiðir. Til skýringar á því, hvað hér er átt við, skal tekið dæmi. Ef heildarþörf landsins fyrir hreint köfnunarefni er 12 þús. smál. á ári og Áburðarverksmiðjan hefur til sölu af framleiðslu sinni 8 þús. smál. af hreinu köfnunarefni, mundi hver viðskiptavinur vor geta reiknað með að fá ⅔ hluta af köfnunarefnisáburðarpöntun sinni afgreidda með Kjarna, en ⅓ hluta með innfluttu köfnunarefni, annaðhvort í eingildri tegund eða tví- eða þrígildum áburði eftir eigin vali."

Og í lok bréfsins er skrifað undir þetta af áburðarsölu ríkisins og Áburðarverksmiðjunni hf.

Um það leyti, sem byrjað var að framleiða Kjarna, voru settar reglur um það, hvernig ganga mætti frá honum í skemmu. Ekki mátti hlaða honum hærra upp en 12 poka í stæðu, og það varð að vera manngengt milli stæðanna. Í framkvæmd er þetta þannig, að inn í skemmurnar er látið eins og hey í hlöðu, 26—30 pokar í hæðina og hvergi manngengt á milli. Afleiðingin er sú, að neðstu pokarnir eru runnir saman í einn klump, og að því leyti hefur Áburðarverksmiðjan staðið við það loforð að selja okkur grófkornaðan áburð. Það hefur gjarnan verið eitt korn í pokanum, sem

bændur hafa orðið að berja sundur með barefli, áður en þeir hafa haft möguleika til að bera hann á. Þegar svo bændur hafa verið að kvarta um það, að áburðurinn væri ekki góður, klingir stöðugt sami söngurinn í eyrum þeirra, og það hefur heyrzt hér einnig, að bændur kynnu bara ekkert með þetta að fara. Þannig er áburðareinkasalan í höndum Áburðarverksmiðjunnar hf., og væri kannske hægt að tína fleira til, ef út í það færi.

Það er ekki alveg út í hött, að áburðurinn sé ekki góður. Reynslan virðist vera að sanna það, svo að ekki verður um deilt. Árið 1900 eða um síðustu aldamót var heyfengur af hverjum ha 36.9 hestburðir, en er nú 33.5 hestburðir af ha. Síðan árið 1960 hefur hann farið jafnt og þétt minnkandi. Mönnum er gjarnt að leita orsaka í slæmu tíðarfari, og vitanlega á það sinn þátt í þessu, svo og það, að bændur hafa stóraukið beit á ræktað land. En á síðari árum hefur kalið í landinu valdið svo geigvænlegum usla, að ekki virðist einleikið. Heilir landshlutar hafa verið undirlagðir af þessu ár eftir ár, og hvað eftir annað hefur orðið að gera sérstakar ráðstafanir til þess að bjarga búfénaði frá felli og bændum frá því að flosna upp. Sífellt hefur sá grunur orðið áleitnari, að hér væri ekki allt með felldu, meginorsakanna væri að leita í öðru en árferði, og það verður varla annað sagt en þeir hafi fengið þetta staðfest á mjög greinargóðan hátt. En það er með tilraunum þeim, sem farið hafa fram á vegum tilraunaráðs jarðræktar, samanburðartilraunum, sem gerðar hafa verið með köfnunarefnisáburð, Kjarna, annars vegar og kalksaltpétur hins vegar, og hafa þá verið notuð 70 kg af fosfórsýru á ha og 100 kg af kali. Meðalnotkun af köfnunarefnisáburði á ha í landinu er 100 kg. Og með því köfnunarefnismagni gaf kalksaltpéturinn 9½ hestburði meira af ha en Kjarni frá Gufunesi. Við þessa niðurstöðu verður ekki kennt um slæmu árferði, klaufaskap eða kunnáttuleysi bænda. Hér hefur rignt jafnt yfir réttláta og rangláta og þekking vísindamanna og natni beitt við. Það virðist því fullkomin ástæða til þess að gefa þessu gaum, staldra við og hyggja að því, hverju þetta veldur um hag bænda, og enn fremur, hvort það sé réttlætanlegt, að ríkið herði svo verzlunarfjötrana að bændum, að þeir verði að kaupa vöru, sem þeim er í óhag.

Í landinu er alls 100 þús. ha ræktaðs lands. Sé uppskerutapið 9½ hestburðir á ha, þýðir það 950 þús. hestburði fyrir heildina. Sé það metið til fjár og þá gert ráð fyrir því, að hestburðurinn sé seldur á 300 kr., verður tapið 285 millj. kr. árlega. Við þetta má svo í rauninni bæta því, að stórauka hefur orðið innflutning á fóðurbæti vegna vöntunar á heyi, þannig að tjónið hefur orðið enn þá meira. Og hér er raunar ekki öll sagan sögð enn þá. Í þessum tilraunaniðurstöðum kemur það einnig í ljós, að steinefnainnihald fóðursins, sem vex upp af Kjarnanum, er helmingi minna en í því fóðri, sem upp vex af kalksaltpétri. Sjúkdómar í búfé hafa farið sívaxandi upp á síðkastið, og marga þeirra má rekja beint til vöntunar á steinefni í fóðri. Tjón bænda af þessum sökum er mikið, og ég veit ekki til þess, að neinn hafi reynt að meta það til fjár.

Þegar á þessar staðreyndir er litið og einnig þá, að efnahagur hvers bónda byggist fyrst og fremst á viðskiptum hans við landið og fénaðinn, sem hann er með undir höndum, verður manni fyrst ljóst, hve gífurleg hætta er hér á ferðum. Mér sýnist, að mörg þau vandkvæði í sambandi við landbúnað, sem blásin eru upp og mikluð fyrir sér, verði eins og hjóm við hliðina á því, sem hér um ræðir. Hærri lán úr stofnlánadeild, breyting lausaskulda í föst lán, eftirgjöf á tollum og vélum er allt gott á sína vísu, en hvað stoðar það bóndann, ef hann stendur á dauðri jörð með sjúkan búpening? Ég held, að hér sé um svo mikið alvörumál að ræða, að hjá því verði ekki komizt að taka það til yfirvegunar. Hvers virði er íslenzkum landbúnaði, þegar allt kemur til alls, framleiðsla Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi? Áburðarverksmiðjan kostaði á sínum tíma 130 millj. kr. Rentan af því fjármagni er ekki nema lítill hluti af því tjóni, sem bændur verða fyrir árlega vegna uppskerubrests. Manni dettur í hug, að e. t. v. gæti það orðið drýgsta framlagið í Bjargráðasjóð Íslands að loka henni eða a. m. k. að losa svo um fjötur þann, sem bindur íslenzka bændur svo við hana, að þeir neyðast til þess að kaupa þessa framleiðslu hennar sér í óhag.

Ég vil að lokum vara við því, að litið sé svo á, að hér sé um einkamál landbúnaðarins að ræða. Þetta er mál allrar þjóðarinnar. Ég vil svo að lokum fara fram á það við hæstv. forseta, að málinu verði vísað til allshn. og umr. frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

15. Aðstoð við síldveiðiskip á fjarlægum miðum.

Á 34. fundi í Sþ., 7. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um aðstoð við síldveiðiskip á fjarlægum miðum [125. mál] (A. 262).

Á 38. og 40. fundi í Sþ., 14. og 21. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 28. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 262 till. til þál. um aðstoð við síldveiðiskip á fjarlægum miðum. Till. þessa flyt ég ásamt Karli G. Sigurbergssyni, en hann var hér á þingi sem varamaður, en er nú vikinn af þingi, því að alllangt er síðan þessi till. var lögð fram.

Aðalefni þessarar þáltill. er það, að lagt er til að fela ríkisstj. að gera hið fyrsta nauðsynlegar ráðstafanir til stuðnings síldveiðiskipum, sem veiðar stunda á fjarlægum fiskimiðum á komandi sumri og hausti. Í þeim efnum verði, eins og segir í till., m. a. lögð áherzla á eftirfarandi:

að gera síldarsöltun á miðunum mögulega,
að auka flutninga á síld til vinnslu í landi,
að hafa tiltækar á fiskimiðunum allar helztu nauðsynjavörur til útgerðarrekstursins,
að hafa á fiskimiðunum nauðsynlega þjónustu fyrir skipshafnir, eins og t. d. læknisþjónustu,
að skipuleggja öryggisþjónustu á miðunum, m. a. þannig, að tryggt sé, að skipin geti haft eðlilegt talstöðvarsamband við land.

Í till. segir enn fremur: „Til þess að hafa á hendi undirbúning og sjá um framkvæmdir samkv. till. þessari skipi sjútvmrh. 5 manna n. og skulu í henni vera a. m. k. 2 fulltrúar útvegsmanna og sjómanna.

Heimilt er ríkisstj. að verja allt að 10 millj. kr. til framkvæmda samkv. þessari þál."

Síðan þessi till. var lögð fram, hefur hæstv. sjútvmrh. skipað n. manna til þess að fjalla um það mál, sem þessi till. er um, en sú nefndarskipun er á talsvert mikið öðrum grundvelli en þessi till. er, þar sem ráðh. hafði gert ráð fyrir, að n. kynnti sér þetta mál og gerði till. um það, hvað helzt væri hægt að gera varðandi þau vandamál, sem þarna hafa komið upp, en annað átti verkefni þessarar n. út af fyrir sig ekki að vera. Hún átti sem sagt fyrst og fremst að vera athugunarnefnd, n. til þess að gera till. um, hvað helzt væri hægt að ráðast í. En þessi till. miðar að því að slá því föstu, að tilteknar aðgerðir þurfi að gera, og einnig því, að rétt sé að skipa n. til þess að hafa á hendi framkvæmdir í málinu. Og þessi till. slær því einnig föstu, að nauðsynlegt muni vera að gera ráð fyrir nokkrum beinum fjárútlátum í sambandi við þessar framkvæmdir.

Það er skoðun mín, að það geti ekki leikið neinn vafi á því, að hér sé komið upp stórfellt vandamál í sambandi við þýðingarmikla grein í okkar framleiðslulífi. Það hefur sem sagt gerzt, einkum á s. l. ári, að síldveiðarnar, svo mikið sem við höfum byggt á þeim, hafa tekið mjög verulegum breytingum. Hin eiginlega sumarsíldveiði hefur færzt verulega til. Lítil veiði varð á gömlu veiðisvæðunum yfir sumartímann, þ. e. a. s. í mánuðunum júní, júlí, ágúst og sept., tiltölulega mjög lítil veiði, en á þessum tíma leitaði síldin mjög langt norður í höf, og síldarflotinn eða sá hluti síldarflotans, sem það gat, leitaði þar á eftir, til þess að hægt væri þó að halda uppi nokkrum veiðum. En síldveiðin á þeim miðum, sem áður höfðu verið einna drýgst fyrir síldveiðiflotann, varð ekki fyrr en komið var fram í október, nóvember og desembermánuð og þá djúpt út af Austurlandi. Það, sem gerðist á þennan sérstaka hátt á s. l. ári, hafði í rauninni einnig gerzt árið á undan, þótt það væri ekki jafnáberandi eða í jafnríkum mæli og það var á s. l. sumri, en þá var það svo, að yfir miðsumarið var um mjög litla síldveiði að ræða. Nokkuð hafði þá verið um síldveiði að ræða fyrst að vorinu til eða fyrri hluta sumars, en svo féll í rauninni öll veiði niður yfir miðsumarið og hófst ekki aftur fyrr en komið var fram um miðjan septembermánuð, eða sem sagt nokkru fyrr þó en varð á s. l. ári. Það hefur einnig komið fram, að það er mjög almenn skoðun síldveiðiskipstjóra og fiskifræðinga, að líkur bendi til þess, að síldargöngurnar muni haga sér nokkuð svipað á þessu ári og þær gerðu á s. l. ári, það megi sem sagt búast við því, að síldin haldi sig yfir sumarmánuðina alllangt frá landinu og helzt af öllu langt norður í höfum.

Við stöndum því frammi fyrir mjög miklu vandamáli í þessum efnum, og spurningin er aðeins sú, hvernig eigi að reyna að bregðast við þessum vanda, þannig að okkar veiðifloti geti eigi að síður skilað þarna fullum afköstum og náð eins miklum afla til lands og eins verðmiklum og mögulegt er. Í þeim efnum tel ég, að nokkur atriði séu alveg augljós, hvað gera þurfi. Við getum ekki vænzt neins verulegs árangurs af okkar sumarsíldveiðum, ef við stöndum að framkvæmdinni á svipuðum grundvelli eða á svipaðan hátt og við gerðum á s. l. ári. Þá reyndist þetta mjög erfitt fyrir flotann. En síðan hafa enn orðið breytingar til hins verra varðandi rekstur síldveiðiflotans, og ég er hræddur um, að þær breytingar verði til þess, að sáralítið verði um það, að síldarskipin reyni að halda uppi rekstri á sama grundvelli og þau gerðu á s. l. sumri að öllu óbreyttu. Síldin hélt sig mjög norðarlega lengi vel, og í alllangan tíma var það svo, að segja má, að veiðisvæðið væri 700—800 mílur og jafnvel yfir 800 mílur frá landinu. Það er því augljóst, að það er erfitt fyrir 200—250 eða þótt um 300 tonna skip væri að ræða að ætla að sækja á síldarmiðin, sem liggja svo langt frá landinu. En síðan í fyrrasumar hefur sú breyting m. a. orðið, að verð á olíu hefur breytzt mjög mikið frá því, sem þá var. Ég hygg, að verðbreytingin sé til þessa tíma rétt í kringum 45%, sem olían hefur hækkað, en þetta gerir það að verkum, að það er svo til óhugsandi að senda bátana á þessi mið, eins og þeir voru þó sendir á s. l. sumri.

En hvað er þá helzt til ráða? Við sáum það, að á s. l. sumri var talsvert af síld flutt til vinnslu í landinu með stórum flutningaskipum af þessum fjarlægu miðum. Einkum

var þar um að ræða flutning hjá tveimur stórum flutningaskipum, tankskipum, öðru, sem gert var út héðan frá Reykjavík, og hinu, sem gert er út af Síldarverksmiðjum ríkisins. Þessi skip munu hafa flutt til vinnslu í landinu, til bræðslu, um það bil 80 þús. tonn af síld, af þessum fjarlægu miðum aðallega. Og þá kemur auðvitað upp sú spurning, hvort ekki sé tiltækilegt að auka eitthvað við þennan flutningaflota, hvort ekki sé tiltækilegt að gera aðilum í landinu, sem hér hafa hagsmuni af, auk þess sem landsmenn allir hafa hér hag af, gera þeim aðilum kleift að leigja eða kaupa hentug flutningaskip í þessu skyni til þess að auka verulega við þetta flutningsmagn. Ég vil benda á, að álíka mikið síldarmagn og þessi tvö stóru skip fluttu á s. l. ári, eða í kringum 80 þús. tonn af síld, sem síðan er unnin í bræðslu, mun gefa í útflutningsverðmæti varla undir 160—180 millj. kr. Það er því til nokkurs að vinna, ef hægt væri að tvöfalda þetta flutningsmagn eða þrefalda það, og þar er ekki eingöngu um verulegan ávinning að ræða fyrir þá síldveiðisjómenn, sem hér eiga hlut að máli, eða þá síldarútgerðarmenn, sem veiðiskipin eiga, heldur er hér vitanlega um hagsmunamál þjóðarheildarinnar að ræða. Í þeim efnum vil ég aðeins minna á það, að þó að maður tæki rétt aðeins í þrengstu merkingu hagsmuni ríkissjóðs, er alveg víst, að af 160 millj. kr. verðmæti, sem verður til aukins útflutnings hjá landsmönnum, mun ríkissjóður fá a. m. k. þriðja part, eða í kring um 50—60 millj. kr. í auknar innflutningstekjur vegna meiri innflutnings, sem gæti orðið vegna meiri gjaldeyrisöflunar, svo að hér er auðvitað um mikið fjárhagslegt hagsmunamál fyrir ríkissjóð að ræða og að sjálfsögðu fyrir þjóðarheildina.

Ég tel þess vegna, að það eigi að grandskoða það, hvort ekki sé tiltækilegt að gera einhverjum aðilum í landinu kleift að komast yfir aukinn flutningaskipakost. Ég get ímyndað mér, að sumir þeir aðilar, sem eiga síldarverksmiðjur, vildu gjarnan ráðast í slíkar framkvæmdir, ef þeir fengju nokkurn stuðning ríkisvaldsins til þess. En það er auðvitað ekki auðvelt að kaupa hentug flutningaskip eða taka á leigu fyrir þennan iðnað okkar, nema til kæmi einhver stuðningur, t. d. í formi ríkisábyrgðar í sambandi við fjárhagsskuldbindingar. Ég gæti vel ímyndað mér, að þessir aðilar mundu hafa áhuga á því, ef möguleikar væru til stuðnings frá hálfu ríkisvaldsins í þessum efnum. Vissulega kemur einnig til athugunar, að sá stóri aðili, sem hér á hlut að máli, Síldarverksmiðjur ríkisins, geri nokkru meira en þær þegar hafa gert í þessum efnum til þess að auka við flutningagetu sína. Þetta er atriði, sem ég tel, að þurfi að skoða, og það sem fyrst.

Þá kemur hér einnig til athugunar, hvernig megi gera mögulegt að salta nokkuð af þessari ágætu vöru, sem þarna er um að ræða, á sjálfum fiskimiðunum. Og þá gæti að sjálfsögðu komið til greina, að síldarsöltunarstöðvar, sem fyrir eru í landinu og hér hafa beinna hagsmuna að gæta, gætu ráðizt í það að taka á leigu hentug skip af venjulegri gerð, sem sigldu á miðin með síldartunnur og salt og annað, sem með þarf, og að þau gætu í beinu samstarfi við fiskiskipin á miðunum gert það mögulegt, að nokkur síldarsöltun yrði um borð í fiskibátunum, sem síðan gætu þá losað sig við síldina, kannske sem hálfsaltaða vöru, en það er einna sennilegast, yfir í þessi flutningaskip og síðan yrði síldin flutt í þeim til landsstöðvanna og þar yrði fullgengið frá henni til útflutnings síðar. En það er nokkurn veginn víst, að það verður miklum erfiðleikum bundið að ætla sér að gera út okkar síldveiðiskip til síldarsöltunar á þessum fjarlægu miðum á þann hátt, að síldarskipin fari með tómar síldartunnur og salt með sér og öll vinna eigi sér stað um borð í síldarbátunum, en þeir eigi síðan að sigla með vöruna fullverkaða annaðhvort til erlendra eða innlendra hafna. Það tel ég fyrir mitt leyti mjög hæpið, en að sjálfsögðu er rétt að athuga þennan möguleika einnig.

Þá er einnig um það að ræða, að ráðizt verði fyrir forgöngu réttra aðila í það að flytja nokkuð af síld af miðunum til annarrar vinnslu í landi. Það getur bæði verið um að ræða að flytja síld til frystingar í landi, en þá yrði hún flutt ísvarin í flutningaskipum eða sumpart í veiðiskipum, eða þá að þessi síld yrði flutt í hentugum flutningaskipum ísvarin til söltunar í landi. En þessi mál þarf að sjálfsögðu að athuga vel og í samráði við þá aðila, sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta og hlytu að verða að taka sinn þátt í þeirri áhættu, sem hér er um að ræða, í sambandi við rekstur sinn í þessum efnum. En ég tel, að reynslan hafi þegar sýnt, að það muni verða hægt að komast nokkuð áfram eftir þessum leiðum, þó að hér sé vissulega um mikinn vanda að ræða að koma síldinni í svo góðu ástandi til lands, svona langa leið, þannig að hún geti orðið sú útflutningsvara, sem við höfum yfirleitt flutt út, t. d. undir nafninu Íslandsverkuð saltsíld, því að ég vil vekja athygli manna á því í sambandi við þetta mál, að þar er um að ræða sérstakt úrval af síld, sem fallið hefur undir þá vöru, sem héðan hefur verið flutt út frá landinu sem saltsíld, — vöru, sem svo að segja engar þjóðir hafa haft að bjóða aðrar en Íslendingar, því að þó að Norðmenn og aðrir hafi nokkuð stundað framleiðslu á saltsíld hér á Íslandsmiðum, hafa þeir ekki haft neina aðstöðu til þess og ekki getað boðið hliðstæða úrvalsvöru og ekki heldur getað fengið jafnhátt verð fyrir sína saltsíld á mörkuðum hér í kringum okkur og við Íslendingar höfum getað, vegna þess að við höfum valið úr hið bezta. Þar hefur verið um meira úrval að ræða en flestir ókunnugir gera sér grein fyrir, því að þegar við höfum verið að framleiða okkar saltsíld, hefur það verið einna algengast, að við höfum ekki aðeins gert kröfu um það, að síldin kæmi mjög ný til verkunarstöðvanna í landinu og

helzt ekki meira en svona 8—10—12 tíma gömul, heldur höfum við þá strax, þegar síldin hefur komið að landi, látið fram fara ýtarlega flokkun á síldinni, og það hefur þótt mjög gott, ef hægt hefur verið að ná um helmingi eða svo út úr þeim síldarfarmi, sem annars var talinn vera hæfur til söltunar. En það er ekki aðeins þessi flokkun, sem hefur átt sér stað, heldur hefur svo hitt gerzt á eftir, að einum eða tveimur mánuðum eftir að síldin hefur verið látin í tunnurnar hefur síðan verið steypt hverri einni og einustu síld úr hverri tunnu eða svo þúsundum tunna skiptir á hverju síldarplani og þá öll síldin endurflokkuð. Og þegar þetta allt hefur átt sér stað, höfum við verið búnir að framleiða þá síld, sem við höfum selt sem sérstaka Íslandssíld á hærra verði en aðrir hafa selt á mörkuðum hér í kringum okkur, og þetta hefur í rauninni verið alger úrvalsvara. Það mun sýna sig, að það verður býsna erfitt að ætla að framleiða þessa vöru með þeim hörðu kröfum, sem til hennar hafa verið gerðar, á þann hátt að flytja hana nokkurra sólarhringa siglingu til landsins af miðunum, þriggja til fjögurra sólarhringa siglingu af miðunum til lands, jafnvel þó að farið sé vel með síldina, að ætla að fá út úr síldinni þannig þá vöru, sem við höfum raunverulega verið að framleiða sem Íslandssíld. En þó tel ég, að reynslan hafi sýnt, að það muni vera hægt að komast nokkuð áfram eftir þessum leiðum, en það verður býsna kostnaðarsamt.

Ég tel, að það liggi fyrir á ótvíræðan hátt, að frammi fyrir þessum vanda stöndum við. Við þurfum því að hefjast handa nú þegar að fela einhverjum aðila að gera það, sem tiltækilegast þykir að gera til úrbóta í þessum efnum, til þess að við getum náð meiri framleiðslu til landsins og aukið við okkar útflutningsverðmæti fram yfir það, sem annars yrði. En það þarf að gera hér miklu meira. Við höfum rekið okkur á það í sambandi við þennan vanda, að fiskiskipin voru komin svo langt frá landi, að þau gátu ekki lengur haft venjulegt talstöðvasamband við land. Stöðvar þær, sem skipin höfðu, drógu ekki til lands. Og skipin gátu ekki, þegar þau voru komin svona langt frá landi, haft samband, nema þá með aðstoð skipa, sem voru einhvers staðar á miðri leið til lands, en það ætti líka að vera tiltölulega auðvelt að skipuleggja það, að á miðri leið á milli lands og þessara fjarlægu fiskimiða væru skip, sem gætu annast þá þjónustu við flotann, að hann gæti verið á eðlilegan hátt í símasambandi við land, svo nauðsynlegt sem það er í mörgum tilfellum. Þetta verður að gerast fyrir beina forgöngu ríkisvaldsins, og ég býst við, að það ætti að vera hægt að ráðsstafa þeim skipum, sem ríkið ræður yfir, til þess að annast slíka þjónustu við flotann. En það er vitanlega ekki frambærilegt á neinn hátt að standa þannig að málum, að svona langt frá landi og svona langt norður í höfum eigum við 2—3 þús. fiskimenn á okkar síldveiðiflota, sem hefur þá ekki möguleika til þess að hafa neitt eðlilegt samband við landið. Það verður að gera ráðstafanir til þess að komast yfir slík vandamál. Og um leið þarf að skipuleggja það, að á þessum fjarlægu miðum séu aðstoðarskip, eitt eða fleiri, við síldveiðiflotann, sem m. a. hefðu innanborðs hæfan lækni með nauðsynleg tæki og lyf í sambandi við þá slysahættu, sem menn vita að fylgir einmitt hinum vélknúnu tækjum, sem þarna er um að ræða, en það er orðið aðkallandi mál að koma því fram að veita þessum fiskiskipum læknisþjónustu, a. m. k. að vissu marki. Þá er einnig ljóst, að það þarf að skipuleggja það, að á þessum fjarlægu miðum verði til staðar ýmsar rekstrarvörur útgerðarinnar, sem aðkallandi er að hafa tiltækar. Það þarf að vera möguleiki á því að láta fiskiskipin fá nokkra olíu til rekstrar síns á miðunum og ýmiss konar varahluti, sem þarf til veiðanna í sambandi við veiðarfærin og í sambandi við útbúnað skipanna.

Þau vandamál, sem ég hef hér minnzt á, eru öll þannig, að það leikur enginn vafi á því, að það þarf að leysa þau. Það getur að vísu verið hægt að velja þar á milli nokkuð mismunandi leiða, og það er auðvitað sjálfsagt, að sú n., sem valin verður til þess að hafa hér framkvæmdir á hendi, hafi úrskurðarvald um það, hvaða leið verður valin í hverju einstöku tilfelli. En á því á ekki að leika neinn vafi úr því sem komið er, að það þarf að fela einhverjum ábyrgum aðila framkvæmdavald í þessum efnum. Og ég held, að það geti ekki verið um neinn annan aðila að ræða en ríkisvaldið sjálft, sem verður að taka að sér forystu varðandi framkvæmdir í þessum efnum. Hinir fjölmörgu fiskibátaeigendur, sem hér eiga hlut að máli, eru allt of margir og allt of dreifðir og of smáir til þess, að þess sé að vænta, að þeir geti leyst þessi vandamál. Hið sama er að segja um síldarverksmiðjueigendur, síldarsaltendur og aðra slíka. Þeir hafa ekki yfir nægu valdi að ráða í þessum efnum varðandi ýmis þýðingarmikil atriði, til þess að þeir geti leyst þessi mál að fullu, en það er ríkisvaldið eitt, sem ræður yfir því valdi, sem til þarf, til þess að hægt sé að vænta lausnar, sem gæti orðið að einhverju gagni. Það er t. d. alveg vitað mál, að það verður ekki ráðizt í það af neinum að taka á leigu alldýr skip, sem flytja síldartunnur á miðin eða standa þar að því, að hægt sé að salta síld á þessum fjarlægu miðum, nema menn viti nokkurn veginn alveg fyrir víst, hvaða stuðnings sé að vænta frá hálfu hins opinbera eða hvaða verð muni fást fyrir þá síld, sem þarna yrði verkuð, því að vitanlega yrði hér um talsverðan aukakostnað að ræða frá því, sem er í sambandi við það að verka síldina með venjulegum hætti í landsstöðvum. En ef einhver óvissa verður ríkjandi um þetta, jafnvel fram á sumar, er það gefið mál, að útkoman verður sú, að hinir fjölmörgu síldarsaltendur bíða og bíða eftir því, að síldin komi á mið svo nærri landinu, að hægt

verði að salta eitthvað, þó að seint verði, eins og gerðist á s. l. ári. Þá stóð þetta svo glöggt, að það reyndist mögulegt að salta langleiðina upp í samninga í nóv. og des. og seinni hluta okt., en það er engan veginn víst, að svo mundi fara, ef engar sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar nú fyrir þetta ár, að það reyndist unnt að salta upp í þá samninga, sem við getum gert um sölu á saltsíld svona seint á árinu. Við gætum því hæglega staðið frammi fyrir því, að um sáralitla síldarsöltun yrði að ræða, ef ekki yrði reynt að búa í haginn í þessum efnum og gera einhverjar ráðstafanir til þess, að síldin yrði söltuð á hinum fjarlægu miðum í t. d. júlí og ágústmánuði. Ég held líka, að það þýði ekkert annað en horfast í augu við það, að til þess að koma fram einhverri viðunandi lausn í þessum efnum verður að leggja fram eitthvert fé af opinberri hálfu. Og ég álít líka, að það sé þess virði, að það eigi að gera það. Og ég tel, að þó að t. d. ríkið þyrfti að leggja fram í þessu skyni 10 millj. kr. eða svo, sé ekki verið að leggja raunverulega bagga á ríkissjóð. Ég held, að hann fái þá upphæð borgaða og það margfaldlega í auknum gjaldeyristekjum og þar af leiðandi í auknum tekjum á eftir. En af því tel ég, að það sé kominn tími til þess að taka ákvörðun um það hér á Alþ., að í þessu skyni skuli varið einhverri tiltekinni upphæð eða allt að tiltekinni upphæð, og í þessari till. höfum við miðað við það, að heimilt yrði að veita í þessu skyni 10 millj. kr. úr ríkissjóði. Þessi mál verða ekki leyst þannig, að þetta kosti hið opinbera ekki neitt. Haldi menn það, fer svo, að það verður ekkert úr framkvæmdum.

Ég hef nú vikið að nokkrum helztu atriðunum í sambandi við þetta vandamál, en ég veit, að allir hv. alþm. hafa hugleitt þessi vandamál og þeir hafa heyrt þá, sem eru kunnugir þessum vandamálum, ræða um þau, því að það eru margir, sem bera kvíðboga út af því, sem hefur verið að gerast í þessum efnum. Ég sé því ekki ástæðu til þess að lengja mál mitt öllu meira að þessu sinni, en ég tel, að það sé nauðsynlegt að samþykkja till., sem fer í þá átt, sem þessi till., sem hér er til umr., fer, þrátt fyrir þá nefndarskipun, sem nú hefur átt sér stað af hálfu sjútvmrh., en sú nefndarskipun er aðeins um það að athuga þetta vandamál og um það að gera till. til stjórnarvalda um það, hvað helzt skuli gert. En ég tel, að það sé kominn tími til þess og það megi í rauninni ekki tapa þar neinum tíma, að það eigi að setja niður framkvæmdanefnd, sem hafi á hendi framkvæmdir í þessum efnum, því að um það er ekkert að villast, að við þurfum hér að taka til hendinni og gera ýmsar ráðstafanir. Sú n., sem hæstv. ráðh. hefur skipað, getur komið að fullu gagni. Hún kannar alla þætti málsins og gerir sínar till. um það, hvaða leiðir skuli helzt velja, en þegar hún er búin að gera sínar till., stöndum við líka frammi fyrir því, að það verður að fela einhverjum aðila beint framkvæmdavald og það verður einnig að gera samþykktir um, að það megi verja einhverjum fjármunum til þess að leysa þennan vanda.

Ég leyfi mér svo, hæstv. forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði þessari till. vísað til hv. fjvn.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. 4. þm. Austf., hefur hæstv. sjútvmrh. nýlega skipað n. til þess að rannsaka og gera till. um margháttaða þjónustu við síldveiðiskip og síldveiðisjómenn á fjarlægum miðum, og sjálfsagt tekur margt til ýmissa þeirra þátta, sem er vikið að í þessari till. En ég vildi aðeins víkja að einum þætti þessarar till., þar sem talað er um að hafa á fiskimiðunum nauðsynlega þjónustu fyrir skipshafnir, eins og t. d. læknisþjónustu.

Hv. þm. rekur minni til þess, að á s. l. ári var samþykkt breyting á læknaskipunarlögunum, þar sem heimilt var að ráða á kostnað ríkissjóðs lækni til þess að veita þjónustu við síldveiðiflotann. Það lánaðist ekki á s. l. sumri að ráða lækni til þessarar þjónustu, og lágu til þess ýmsar orsakir, sem ég skal ekki fara út í, en þó er það svo, að síldveiðin var stunduð annars staðar og með öðrum hætti en áður var, og átti það sinn þátt í því, að við vorum vanbúnir að geta veitt þessa þjónustu. Þegar kom fram á haust, voru gerðar ýtarlegar ráðstafanir til þess að fá lækni, og um tíma stóð læknir til boða, en af ýmsum ástæðum varð ekki úr því að sinni, að samið yrði eða komið yrði við læknisþjónustu.

Í sambandi við þessar tilraunir vildi ég geta þess, að þá kom ýmislegt í ljós um það, að töluverðum vandkvæðum er háð að koma slíkri læknisþjónustu fyrir, en mjög ýtarlegar viðræður fóru fram milli fulltrúa í dómsmrn. eða heilbrigðisstjórnarinnar, Læknafélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna. Á s. l. hausti ályktaði einnig ráðstefna Sjómannasambands Íslands um nauðsyn þess að útbúa varðskipin þannig, að þau gætu veitt betur en áður læknaþjónustu í sambandi við síldveiðina eða veiðar á fjarlægum miðum, og upp úr öllu þessu varð svo það að ráði, að ég í desembermánuði skipaði n. manna til þess að gera till. um, með hverjum hætti væri hægt að koma fyrir læknisþjónustu á hinum fjarlægu miðum. Í þessari n. voru 4 menn, en forstjóri Landhelgisgæzlunnar, Pétur Sigurðsson, var formaður n. Frá Sjómannasambandinu var Pétur Sigurðsson alþm., frá Læknafélagi Íslands Hannes Finnbogason læknir og Gunnar Hafsteinsson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Þessi n. hefur nú skilað mér álitsgerð fyrir um það bil viku, þar sem hún gerir ýmsar till. um það, hvernig hægt sé með mismunandi hætti að stuðla að því, að læknisþjónusta sé fyrir hendi, og það er nú unnið að því að framkvæma þessar till., en ég geri einnig ráð fyrir því, að rn. muni hafa samráð að þessu leyti við þá n., sem hæstv. sjútvmrh. hefur skipað, þegar fyrir liggja athuganir hennar og till., og má vera, að fram kunni að koma

atriði, sem geri auðveldara en ella væri að koma fyrir þessari læknisþjónustu.

Í stórum dráttum bendir n. á fleiri atriði, og þau eru, skulum við segja, í aðalatriðum 3—4. Þar er fyrst að nefna, að við gerum skrá yfir erlendar strandstöðvar, sem liggja næst síldveiðisvæðunum, eins og þau voru t. d. í sumar, og er þá sennilega helzt átt við Norður-Noreg, og þar væri tilgreind kallbylgja stöðvarinnar og svo upplýsingar um þá læknisþjónustu, sem þar er að fá, og skráin verði gerð tiltæk öllum síldveiðiskipum og komi síðar í íslenzka sjómannaalmanakinu. Ég hef falið Landhelgisgæzlunni að gera þessa skrá, og hún hefur tekið það að sér og mun þegar vera byrjuð að vinna að henni.

Í öðru lagi verði reynt að gera samkomulag við þær þjóðir, sem hafa aðstoðarskip á þessum slóðum til læknisþjónustu, um að íslenzk síldveiðiskip megi leita aðstoðar þeirra, ef á þarf að halda, og sú skrá, sem ég nefndi áðan, innihaldi einnig nauðsynlegar upplýsingar um þessa þjónustu. Dómsmrn. mun hafa samband við utanrrn. til þess að taka upp athugun á þessu máli og samninga við þjóðir, sem hér gæti verið um að ræða, og mundu það þá helzt vera Sovétríkin annars vegar og hins vegar Norðmenn. En hvað okkur sjálfa snertir hefur einkum verið bent á það, og lágu fyrir um það óskir frá þessari ráðstefnu hjá sjómannasamtökunum, sem ég nefndi, að útbúa íslenzku varðskipin betur. Þó að haft sé í huga, að ýmis skip hafa veitt síldveiðiflotanum vissa þjónustu og fylgt honum eftir, virðast engin þeirra henta fyrir læknisþjónustu og ekki heldur t. d. síldarleitarskipið okkar nýja, sem heldur sig ekki á þeim slóðum, sem síldarflotinn er, heldur er þá að leita síldar annars staðar. Böndin berast því helzt að því, að þau skip, sem helzt gætu verið tiltæk í þessu sambandi, væru varðskipin og þá fyrst og fremst stærstu varðskipin, og þá á ég við þrjú varðskip, annars vegar Óðin og Þór, sem nú eru fyrir, og svo það nýja varðskip, sem smíði verður lokið á nú í vor. Landhelgisgæzlan hefur þegar hafið undirbúning að því að koma fyrir betri aðstöðu til læknisþjónustu í þessum þremur skipum, í því, sem verið er að smíða, og þeim gömlu, sem fyrir eru. Það, sem fyrst og fremst þarf, fram yfir þann útbúnað, sem þar var áður, er, að koma þarf fyrir skurðstofu með skurðborði og tækjum, ef gera þyrfti fyrstu aðgerð í sérstakri neyð. En öll þessi skip eru þar að auki góð skip og gangmikil til þess að koma sjúklingum, sem eru í miklum háska, hið fyrsta til lands, eftir að fyrsta læknisaðgerð í vissum tilfellum hefur farið fram.

Þá víkur n. einnig að því, að það mundi auðvitað vera mikið til öryggis í þessu sambandi, ef fyrir hendi væri tiltæk stór tveggja hreyfla þyrla, eins og Landhelgisgæzlan hefur haft hug á að afla sér, en ég held, að ég hafi a. m. k. sagt frá því, í Ed. fyrr á þingtímanum, að í bili hafi ráðagerðum um kaup slíkrar þyrlu verið frestað. Þær reyndust allmiklu dýrari en við höfðum gert ráð fyrir. Þess í stað er nú verið að athuga möguleikana á því að fá leigða um tíma tvo flugbáta fyrir Landhelgisgæzluna, en þeir mundu sjálfsagt í sumum tilfellum geta komið hér einnig að góðu haldi. Á það er einnig að líta, að þyrlubílfar er á þessum stærri varðskipum, ef hin litla þyrla Landhelgisgæzlunnar gæti hjálpað, og þá á ég við það, að fjarlægðin verði ekki of mikil fyrir hana, og hefur það einnig nokkurt öryggi fólgið í sér. Þessi útbúnaður á varðskipunum, aukni útbúnaður til læknisþjónustu mundi, að ég hygg, ekki aðeins geta komið að notum fyrir síldveiðiflotann, heldur gæti það e. t. v. stuðlað að betri læknisþjónustu í neyðartilfellum á afskekktari stöðum í landi líka. Það þarf að vera hægt að taka sjúklinga um borð, þar sem læknir væri eða kæmi skjótlega, t. d. með þyrlu, og skurðstofa eða aðstaða til skurðaðgerða, sem ekki væri fyrir hendi í landi.

Ég vildi láta þessa getið í sambandi við umr. um þetta mál og einnig hins, sem ég hef minnzt á, að það er nú unnið áfram að því í dómsmrn. að gera ráðstafanir til þess, að við séum að þessu leyti betur búnir undir næstu síldarvertíð en áður var, bæði með þessum ráðum, sem ég hef nefnt, og öðrum, sem síðar kunna að koma í ljós við nánari athugun.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hafði því miður ekki aðstöðu til þess, þegar framsaga var flutt fyrir þessu máli, að heyra upphaf hennar, en í því, sem ég heyrði af framsöguræðunni, eru þau atriði, sem ég vildi gera örstuttar aths. við.

Í fyrsta lagi er það rétt frá skýrt, að rn. lét fyrir rúmum hálfum mánuði skipa sérstaka n. til þess að fjalla um þau vandamál, sem till. þessi fjallar um, og var það gert eftir mjög nákvæma og vandlega athugun málsins þar á undan í viðræðum við forustumenn hlutaðeigandi samtaka, þá sérstaklega Farmannasambandsins og Sjómannasambandsins, og niðurstaða þeirra viðræðna varð sú, að boða skyldi til fundar með um 20 fulltrúum, hvað og gert var, 20 fulltrúum frá öllum þeim aðilum, sem þarna eiga hlut að máli, og var sá fundur haldinn í sjútvmrn. Niðurstaða hans varð sú, að með öðrum hætti yrði ekki betur að málinu staðið heldur en þeim að skipa 5 manna n. með fulltrúum frá þeim aðilum, sem þar hafa nú tilnefnt sína fulltrúa, þ. e. a. s. í fyrsta lagi síldarsaltendur, í öðru lagi síldarbræðslurnar, mjölframleiðendur, í þriðja lagi síldarsjómenn og í fjórða lagi Landssamband ísl útvegsmanna, og að einn fulltrúi yrði frá rn. sjálfu. Þetta var einróma niðurstaða allra þeirra aðila, sem beinan hlut eiga að máli í sambandi við veiðar og vinnslu aflans á hinum fjarlægu miðum.

Ég vil einnig taka undir það með hv. 2. flm. þessarar till., að við stöðum á s. l. sumri frammi fyrir gjörsamlega breyttu viðhorfi til veiðanna, hvað fjarlægð snertir, frá því, sem

áður hafði verið. Hér hafði skapazt nýr og mjög óvæntur vandi. Það er spá þeirra, sem gerst þekkja til í þeim efnum, að sá vandi geti einnig legið fyrir á komandi sumri. Og það er einnig rétt, að þetta vandamál hefur ekki farið fram hjá neinum, og hv. alþm. hafa eðlilega brotið um það heilann, með hverjum hætti bezt yrði úr þessum vanda leyst. En sannleikurinn er hins vegar sá, að allar þær ágætu till., sem fram hafa komið um þessi efni, bæði frá einstaklingum á opinberum vettvangi og félagasamtökum, hníga ekki allar í sömu átt. Menn eru sammála um, að mæta þurfi vandanum með einhverjum hætti, en sumir telja nauðsyn á að leggja áherzlu á aðra hluti en hinn hópurinn gerir ráð fyrir, og margar skoðanir eru uppi í þessum efnum.

Eins og hæstv. heilbrmrh. hefur skýrt frá, hefur hans rn. haft einn þátt þessa vanda til meðferðar frá s.l. hausti, og er lausn hans nú komin á verulegan rekspöl, eins og hann hefur skýrt frá. En vandamálið er miklu margþættara og flóknara en svo, að á því verði snarlega ráðin fullnaðarlausn. Er hægt að sameina síldarsöltunina allri þeirri þjónustu, sem nauðsynleg er við þessa fljótandi borg, sem við eigum þarna 600—700 mílur norður í hafi? Er hægt að sameina aðra þjónustu, sem yrði þá fyrst og fremst viðgerðarmenn á hinum dýrmætu fiskleitartækjum og froskmenn til þess að losa úr skrúfum skipa, og síldarsöltunina og vinnslu aflans, auk þess að auka sjálfa bræðslusíldarflutningana? Síldarflutningaskipin björguðu því, sem bjargað varð, á s.l. sumri með vistaflutningana til skipanna og var þó öllum ljóst, að þar var ekki nema um hluta af einum þætti þessa vanda að ræða, og útilokað er að gera ráð fyrir því, að síldarflutningaskipin geti annað þessu ein, þó að við þau hafi verið notazt á s.l. sumri.

Þessi vandamál liggja öll fyrir, og eins og ég sagði, allir hlutaðeigandi aðilar, sem mættir voru á umræddum fundi í rn., voru einróma sammála um, að með öðrum hætti yrði ekki betur að þessu máli staðið heldur en að n. þessara umræddu aðila, sem nú hafa tilnefnt fulltrúa í n., ynni að lausn vandans, því að það er grundvallarnauðsyn við lausn þessa máls, að við sjáum þá mynd í heilu lagi, en ekki í öllum þeim pörtum, sem okkur hafa birzt að undanförnu í blöðum og samþykktum samtaka, að við sjáum hvernig bezt megi að lausn vandans standa, hver hugsanlegur kostnaður við hann sé og hverjir eigi að bera þennan kostnað. Það er þess vegna útilokað að slá fram í dag einhverri ákveðinni, tiltekinni tölu, hvort sem það væri frá ríkisins hálfu eða einstaklinganna, nema maður viti, hvaða upphæð sé um að ræða, hvað þetta sé fjárhagslega stórt dæmi, svo að þarna fáist viðunandi lausn á þessu mikilvæga vandamáli. Um vandann eru allir sammála, en það hafa ekki verið einróma till. til lausnar honum, hvað þá heldur, að ljóst sé, hve fjárhagsleg hlið lausnarinnar er stór, og þess vegna erfitt að áætla og deila óþekktri tölu í sundur af óþekktri kostnaðarhlið.

Ég sannfærðist um það enn frekar af ræðu hv. þm., að vandinn er æði margvíslegur umfram það, sem ég hef áður heyrt. Og ríkisstj. hefur enn þá ekki sem slík sagt, eins og hefði mátt skilja af hans orðum, að hún tæki engan þátt í lausn vandans. Það ræðst m.a. af því, hvað þessi vandi er stór, hver sé hugsanlegur ágóði af þessum veiðum fyrir þjóðarheildina og þá um leið þá, sem þarna eiga hlut að máli. Ég nefni bara aðeins eitt atriði í sambandi við söltunina. Það er uppi mikill áhugi á því hjá nokkrum helztu veiðiskipum flotans, að fá að sigla með sinn eigin söltunarafla beint á sölumarkaðinn. Ýmsir saltendur í landi hafa dregið í efa þessa aðferð til sölu og telja, að hún gæti skaðað allsherjarmarkað okkar fyrir hina góðkunnu Íslandssíld, sem hv. ræðumaður minntist á. Þar höfum við verið með úrvalshráefni og fyrst og fremst haldið uppi okkar háa verði vegna þess, hve varan hefur verið góð. Er hugsanlegt, að söluferðir fiskiskipanna okkar gætu að einhverju skaðað þennan markað? Um þetta eru, eins og ég segi, fullyrðingar í dag, en ég vil ekki setjast í dómarans sæti um það. Ég treysti þeim aðilum, sem málið hafa nú til meðferðar, að gera um það raunhæfar till. Áherzla var á það lögð af rn. hendi, að n. hraðaði svo störfum sem kostur væri, og ég þekki það til þeirra manna, sem n. skipa, úr öðrum slíkum starfsnefndum, að þeir draga ekki úr ferðinni, enda allt fulltrúar þeirra aðila, sem beinna hagsmuna hafa þarna að gæta.

Þetta vildi ég láta koma fram við umr. um þetta mál, sem hafa staðið, eins og ég sagði, um nokkurra mánaða skeið, en fengu þennan endi hjá fulltrúum allra þeirra aðila, sem þarna eiga hlut að máli, og gerðu einróma þá ályktun, að umræddri n. skyldi komið á fót og hún skipuð fulltrúum þeirra aðila, sem nú eiga þar fulltrúa.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það mál, sem hér er verið að ræða, er að flestra dómi ákaflega mikilvægt og vandmeðfarið. Hv. 4. þm. Austf., sem talaði fyrir þeirri þáltill., sem hér er verið að ræða, ræddi hana allýtarlega, og er ég um þau atriði, sem hann vék að, í flestum tilfellum algerlega sammála og skal því ekki eyða mörgum orðum í að endurtaka þau.

Það er auðséð, að það er mjög nauðsynlegt, að einhver ákveðinn aðili taki að sér forustuna í sambandi við þær undirbúningsaðgerðir, sem hér eru nauðsynlegar. Ég fagna því þeirri nefndarskipun, sem hæstv. sjútvmrh. vék hér að. Ég tel, að n. sé vel skipuð og megi búast við góðum till. frá henni, þegar þar að kemur. En það er eitt, sem mig langar til að víkja örfáum orðum að, í sambandi við störf n., og það er, að hún hraði störfum sínum eins og mögulegt er. Það er öllum ljóst, sem starfa að þessum atvinnuvegi, verkun og síldarvinnslu, að mjög miklu lengur má ekki dragast, að

ákveðnar till. séu settar fram og það tryggt, að hægt verði að framkvæma þær í tíma.

Ég vil sérstaklega víkja að einu atriði, sem undirstrikar þetta mjög vel. Og það er, að nú er orðið tímabært eða verður alla vega næstu vikurnar að hefja sölusamninga við erlenda kaupendur saltsíldar. Síldarsöltun hefur á undanförnum árum verið mjög verulegur þáttur í okkar þjóðarbúskap. Heildarverðmæti útfluttrar saltsíldar hefur numið um það bil 1/10 hluta af heildarútflutningi landsmanna undanfarandi ár og numið um 600 millj. kr. eða einhvers staðar þar um bil. Í þeim samningum, sem nú þarf að taka upp við erlenda kaupendur saltsíldar, munu þeir vafalaust spyrja mjög mikið að því, hvernig Íslendingar hyggist bregðast við þeim breyttu aðstæðum um göngu síldarinnar, sem voru til staðar á s. l. ári, og margir gera ráð fyrir, að síldin muni halda sig á svipuðum slóðum og s. l. ár og kannske jafnvel enn fjær landinu en þá var. Það hefur ábyggilega verulega mikil áhrif á afstöðu þessara kaupenda, hvort þeir telja fyrir fram sennilegt, að við verðum í þeirri aðstöðu að geta afgreitt það samningsmagn, sem þeir eru reiðubúnir að kaupa og telja sig þurfa að fá.

Nú er aðstaðan gerbreytt, ef síldin heldur sig á svipuðum slóðum og í fyrra, frá því, sem verið hefur allt fram undir s. l. ár. Áður höfðu Íslendingar svo að segja einokunaraðstöðu um að afgreiða þessa mjög mikilvægu framleiðsluvöru, þar sem síldin gekk svo til upp að landsteinunum og við höfðum aðstöðu til þess að verka hana í landi og vanda þá verkunina umfram það, sem aðrir höfðu aðstæður til að gera. Nú hins vegar, ef síldin heldur sig á svipuðum slóðum og í fyrra, er hún miklu nær t. d. Noregi en Íslandi, og þar af leiðandi hafa Norðmenn mjög vaxandi möguleika til þess að koma inn sem seljendur saltsíldarinnar og keppa um markaðina við okkur. Þess má enn fremur geta, að Rússar hafa mjög verulega aukið fiskveiðiflota sína á undanförnum árum, og hefur verið á síldarmiðunum bæði hér við land og úti á hafinu sístækkandi floti rússneskra veiðiskipa, og það er ekkert leyndarmál, þó að frá því sé skýrt, að við því má búast nú þegar á þessu ári, og hefur raunar gætt þess áður, að Rússar eru orðnir keppendur okkar um vissa markaði saltsíldar og þá fyrst og fremst um Finnlandsmarkaðinn. Ég held þess vegna, að það sé mjög nauðsynlegt, að sú n., sem hæstv. ráðh. hefur skipað fyrir um hálfum mánuði, hraði mjög verulega störfum og skili till. sem fyrst.

Hæstv. sjútvmrh. vék að því hér áðan, að menn yrðu að gera sér grein fyrir, hvað það kostaði, áður en nokkuð yrði ákveðið. Vissulega er nokkuð til í því. En ég bið hæstv. ráðh. að taka það líka með í dæmið, hvað það muni kosta þjóðina sem heild, ef síldarúthald, sem við höfum stundað, leggst að mestu leyti niður. Við höfum átt á miðunum dýr og fullkomin skip, hátt á annað hundrað á s. l. ári, og á þeim hafa starfað þúsundir íslenzkra sjómanna. Ef mjög verulegur hluti þessa flota kemst ekki á veiðar af ýmsum ástæðum, skortir hann verkefni, og liggur því næst við að álíta, að hann hljóti að reyna að fara á miðin hér við land til þorskveiða og annarra slíkra veiða, en eins og menn vita hafa fiskifræðingar talið, að sóknin hér við land í þorskstofninn og aðra skylda fiskstofna sé nú í algeru hámarki. Ég held því, að það þyrfti að taka ákvörðun um það nú mjög fljótlega af hálfu hæstv. ríkisstj., hvort hún sé reiðubúin að setja ákveðið fjármagn til þess að standa undir þeim undirbúningsráðstöfunum, sem nauðsynlegar eru vegna komandi síldarúthalds. Það er ekki hægt að loka augunum fyrir því, að það mun kosta ríkissjóðinn eitthvert fé, og það er eðlilegt, að fyrst ríkisvaldið hefur tekið að sér forustu í þessu máli, sem ég tel, að það hafi gert í reyndinni með skipun þeirrar n., sem hér hefur verið minnzt á, þá sé nauðsynlegt, að nú þegar verði ákveðið af hálfu hæstv. ríkisstj., að verja nokkru fé til þessara framkvæmda. Það er svo rétt, að fleiri aðilar eiga hér mikið undir en hæstv. ríkisstj., og það er eðlilegt að leita samráðs við þá, og það er einnig eðlilegt, að þeir aðilar séu reiðubúnir til þess að leggja fjárhagslega eitthvað af mörkum, svo að undirbúningsstörfin geti borið nauðsynlegan árangur. En því miður hygg ég, að fjárhagslegar aðstæður þessara aðila séu nú þannig, að lítil fjárráð séu þar fyrir hendi nú og þess vegna þurfi þeir peningar, sem til þessa eru nauðsynlegir, að koma annars staðar frá, a. m. k. til að byrja með.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta. En ég vil endurtaka, að það er mjög áríðandi, að undirbúningsstörfum öllum verði hraðað. Ef það dregst úr hömlu að fá till. frá þessari n., er hætt við því, að þær komi okkur að litlu gagni, a. m. k. í sambandi við sölu á saltsíld á yfirstandandi ári.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram í beinu framhaldi af því, sem ég hafði hér sagt áður, að ég tel, að skipun þeirrar n., sem sjútvmrh. hefur beitt sér fyrir, sé góðra gjalda verð og geti vissulega haft þýðingu. Ég er því ekki óánægður með skipun þeirrar n. út af fyrir sig. En það, sem ég hef bent á í þeim efnum, er það, að sú n. leysir ekki vandann. Henni er aðeins falið það verkefni að reyna að gera sér betur grein en nú er fyrir vandamálinu og gera till. En ég tel, að það þurfi einmitt að gera það, sem lagt er til í till. okkar á þskj. 262, að það þurfi að ákveða að fela ákveðnum aðila framkvæmdavald í þessum efnum og að það þurfi einnig að ákveða, að t. d. sjútvmrn. hafi heimild til einhverrar fjárgreiðslu í þessu skyni. Ég óttast það, að beðið verði enn um nokkurn tíma eftir till. þessarar n., sem hæstv. ráðh. hefur skipað, og síðan verði á eftir farið að koma fyrir Alþ. og leita þá eftir heimildum eða koma fram með frv. til lagasetningar og þá verði ýmsar mjög nauðsynlegar ráðstafanir í þessum efnum í rauninni þannig

settar, að það sé ekki hægt að koma þeim fram. Ég tel því, að það falli fullkomlega saman, það sem hæstv. ráðh. hefur gert í þessum efnum með skipun sinnar n., og það að samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir, sem felur fyrst og fremst þetta í sér, að það er lagt til, að hann skipi n. til þess að hafa á hendi framkvæmdir í málinu og hann hafi nokkur fjárráð til framkvæmda. Ég vil t. d. benda á það, að ef horfið yrði að því ráði, sem ég tel fremur líklegt, að ráðizt verði í það að kaupa fleiri hentug flutningaskip en við eigum nú, t. d. með því að gera einhverjum síldarverksmiðjum mögulegt að kaupa slík skip eða þá með því að ýta á það, að Síldarverksmiðjur ríkisins bæti við sig 1—2 skipum, þá þarf að hefjast handa í þesum efnum nú þegar. Menn kaupa ekki 4—5 eða upp í 10 þús. tonna flutningaskip, eftir því hvað menn vilja vera stórtækir í þessum efnum, menn kaupa þetta ekki eins og smjörstykki í búð. Það þarf nokkurn aðdraganda til. Og það þarf að breyta þessum skipum til þess að gera þau í rauninni fullkomlega hæf til þess að standa í flutningum sem þessum. Það tekur líka tíma, og þessi skip þurfa að verða tilbúin eftir 2—3 mánuði, ef vel á að vera. Það er því ekki mikill tími til stefnu í þessum efnum. Ég tel því, að það sé orðið aðkallandi að skipa hér framkvæmdanefnd.

Hæstv. ráðh. lagði á það nokkra áherzlu, að það hefðu þegar komið fram hjá þeim, sem við hefði verið rætt um þessi mál, mismunandi skoðanir. Þær halda áfram að verða, meira að segja eftir að framkvæmdanefnd hefur verið skipuð og meira að segja eftir að allt árið er liðið. Það verða uppi mismunandi skoðanir um það hjá mönnum, hvað sé hentugast. Það er enginn vafi á því, að við vitum um það, að það eru til fiskibátaeigendur nú, sem hafa hug á því að fara með einhverjar tunnur í skipum sínum norður í höf á komandi sumri, salta þar í tunnurnar, og þeir ætla sér að sigla beint af miðunum út til Svíþjóðar eða markaðslandanna og selja síldina þar beint. Þeir hafa hug á þessu. Ég fyrir mitt leyti álít, að þarna sé auðvitað hreyft einni leið. En það er enginn vafi á því, að þarna er leið, sem þarf í rauninni enga sérstaka aðstoð frá hálfu ríkisvaldsins til þess að framkvæma. En þarna er komið að vandamáli, sem Síldarútvegsnefnd hlýtur að fjalla um, og hún verður að segja til um það, hvort hún vill fallast á það, að síld verkuð með þessum hætti og með því eftirliti, sem hægt er að koma við í svona tilfellum, fær að ganga upp í sölusamninga Síldarútvegsnefndar á mörkuðum, sem hún hefur haft mjög stífar og strangar reglur um varðandi sölu af hálfu okkar landsmanna. Svona till. verða auðvitað uppi, og það verða uppi aðrar og mismunandi till. um það, hvað sé hentugast að gera og hvað sé tiltækilegast að gera. En ég er ekkert viss um það, að þó að við ákveðum framkvæmdanefnd, að hún hitti endilega á þær leiðir í hverju tilfelli, sem óumdeilanlega eru þær happadrýgstu. En hér er bara um svo augljósan vanda að ræða, sem við verðum að leysa að meira eða minna leyti og höfum ekki tíma til þess að tefja okkur við allt of lengi og velta fyrir okkur, að við þurfum að fara að snúast við vandanum á þann hátt, að við felum einhverjum ábyrgum aðila að hafa framkvæmdir á hendi um það, sem gera á. Það verður ekki heldur nokkur leið í þessum efnum að bíða eftir því, sem mér fannst, að hæstv. ráðh. gerði allmikið úr varðandi þetta vandamál. Það verður ekki heldur hægt að bíða eftir því, að það liggi fyrir fullnægjandi útreikningar um allan kostnað í sambandi við það, sem gert er í þessum efnum. Ég býst við því, að hér yrði fyrst og fremst um það að ræða af hálfu ríkisvaldsins, að það veitti tiltekinn stuðning á móti framlagi frá öðrum, sem hér hafa hagsmuna að gæta. Og það verður auðvitað að taka þar nokkra áhættu um það, hver þessi endanlegi kostnaður yrði. En ég hygg, að það verði nokkuð seint, ef nákvæmir útreikningar eiga að liggja fyrir um það, hvað hvað eina í þessum efnum muni kosta.

Ég vil sem sé leggja áherzlu á það, að það er enginn ágreiningur við mig um það, að sú n. hafi verið skipuð, sem hæstv. ráðh. hefur skipað. Ég tel, að það hafi út af fyrir sig verið gott, að hún var skipuð. Ég vona, að þeir menn, sem í þá n. hafa valizt, séu þegar búnir að gera sér eitthvað frekari grein fyrir vandanum. En ég þykist líka alveg viss um það, að sú n. getur ekkert gert annað en að leggja sínar upplýsingar um þetta vandamál, þegar þær eru tilbúnar, fyrir ráðh. En þá held ég, að það væri mjög gott, að ráðh. hefði í sínum höndum samþykki frá Alþ. um það, að Alþ. hafi beinlínis falið honum að setja á laggirnar framkvæmdanefnd til þess að reyna að ráða fram úr þessum vanda og Alþ. hafi falið honum eða heimilað honum að mega verja allt að 10 millj. kr. úr ríkissjóði í þessu skyni. Ég býst við því, að ríkið hefði þurft að fá viðbótarheimild við þetta, sem væri um það að mega ganga í ákveðnar ábyrgðir í sambandi við skipakaup eða skipaleigur. En slíkar heimildir vildi ég ekki setja inn í þál., taldi, að það yrði að leita eftir lagasamþykkt um slíkar ábyrgðir, þegar það lægi fyrir, hverjir það væru, sem vildu fá beina ríkisábyrgð í sambandi við kaup t. d. á skipum til þessara flutninga.

Ég vil segja það í tilefni af því, sem hæstv. dómsmrh. sagði hér um læknisþjónustuna, að ég fagna því, að það hefur farið fram nokkur athugun á þessu máli og það er unnið að því, að hægt verði að sinna þessum vanda að einhverju leyti. En ég vil aðeins segja það sem mína skoðun, að ég held fyrir mitt leyti, að það ætti ekki að vera neinn vandi fyrir okkur að búa þannig um einn lækni, t. d. í okkar gamla síldarrannsóknarskipi og varðskipi, Ægi, sem hæstv. ráðh. nefndi nú ekki einu sinni á nafn, af því að ég veit, að það er orðin meiningin að fara að láta það skip hvíla sig. Ég er ekki í neinum vafa um það, að læknir gæti haft miklu betri aðstöðu í því skipi án

mikillar breytingar þar um borð en starfsbræður hans norskir hafa á þeim skipum, sem fylgja norska flotanum í ýmsum tilfellum. Ég tala nú ekki um, að hægt væri með lítilli breytingu að útbúa aðstöðu fyrir lækni í varðskipinu Þór og varðskipinu Óðni. Það þarf ekki að gera nein stórvirki til þess, að það ætti að vera sæmandi fyrir lækni að vera þar um borð og vinna þar. En að sjálfsögðu þarf að setja nokkuð af tækjum þar um borð, það er rétt. En slíkt ætti að vera viðráðanlegt út af fyrir sig. En ég held, að ef einhverju af þessum skipum ríkisins væri ráðstafað um 2—3 mánaða tíma til þess að vera á hinum fjarlægu fiskimiðum með síldveiðiflotanum, ætti að vera hægt að koma þar fyrir þeirri læknisþjónustu, sem okkur ber í rauninni skylda til að reyna að hafa þarna á þessum fjarlægu slóðum, þar sem vinna iðulega 2—3 þús. sjómenn. En ég fagna því, að þessi mál eru til athugunar hjá hæstv. dómsmrh., og vænti þess, að þar verði eitthvað úr framkvæmdum, hvernig svo sem þessi mál að öðru leyti veltast á næsta sumri.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en vænti þess, að í sambandi við þau orð, sem hér hafa fallið hjá þeim tveimur hæstv. ráðh., sem hér hafa talað í þessu máli, verði þessari till. tekið vel og horfið að því ráði, sem er eitt meginatriði till., að samþykkja nauðsynlegar framkvæmdir í málinu.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það er nú ekki orðið ákaflega mikið, sem á milli ber í þessum umr., annað en það, að hv. 4. þm. Austf. vill, að Alþ. samþykki ákveðna fjárveitingu til ráðstöfunar fyrir mig í þessu skyni, og sízt ætti ég að hafa á móti því, til jafnfrjálsrar ráðstöfunar og hér er um að ræða. Það, sem ég vildi einungis vekja athygli á með orðum mínum hér áðan, var það, að hvort sem ég þarf að koma fyrir Alþ. eða fjmrh., vil ég geta með nokkrum rökum bent á, hvernig ég ætla eða hvernig mitt rn. eða ríkisstj. eða hvað menn vilja nefna það, ætlar að nota þetta fé. Ég er ekki að tala um, að það þurfi að vera upp á aura eða krónur, heldur svona nokkurn veginn, að það sjáist, hver fjárþörfin í heild sé. Ég teldi eðlilegt, að ég yrði spurður um þetta hér á þingi, ef ég kæmi með slíka beiðni hingað, og ég hygg, að það yrði eins með minn ágæta kollega, hæstv. fjmrh., að hann vildi nokkuð vita um, hvernig þessu fé yrði dreift. Það var hugmyndin að baki orðum mínum.

Varðandi það, sem hv. 2. þm. Reykn. lagði áherzlu á í sinni ræðu, vil ég endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, en hann lagði fyrst og fremst áherzlu á það, að n. hraðaði sínum störfum. Það er undirstrikað í skipunarbréfi til nm., að lögð sé áherzla á það af hálfu ríkisstj., að n. hraði svo störfum sem frekast er kostur á. Og ég tel það nokkra tryggingu fyrir því, að svo verði gert, þegar höfð er hliðsjón af því, hvaða aðilar skipuðu fulltrúa í nefndina.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Venjulegum fundartíma er lokið, svo ég mun stytta mál mitt mjög. Ég geri ráð fyrir því, að flm. sé mikið í mun að koma þessu máli til n. núna, og ég held, að í sjálfu sér séu allir sammála um það, eins og mér heyrist á öllum hv. ræðumönnum, sem hér hafa talað, að þeir séu sammála um það, að leita þurfi úrlausnar á þeim vandamálum, sem hafa komið upp í sambandi við síldveiðarnar á s. l. sumri. En allt bendir til, að það geti jafnvel einnig orðið fyrir hendi á komanda sumri.

Sú till., sem hér er til umr., er í sjálfu sér ekki annað en samsafn ályktana og samþykkta frá fjölmörgum aðilum, ráðstefnum og fundum sjómanna og útgerðarmanna og annarra hagsmunasamtaka, sem eiga hagsmuna að gæta í sambandi við þessar veiðar. Hún er mjög ýtarleg og tekur yfir marga þætti þessara vandamála. Í sjálfu sér þarf ekki að ræða þetta frekar, gætum við haldið, eftir þær umr., sem hér hafa farið fram. Það hefur komið fram, að í tveimur rn. hefur verið unnið og er unnið að lausn þessara vandamála, sem þarna er bent á, og í seinni ræðu hv. flm. kemur það helzt fram hjá honum, að honum líki ekki, að sú n., sem er að rannsaka málið á vegum sjútvmrn., hafi ekki það framkvæmdavald, sem hv. flm. vill, að hún fái. Mér finnst nú eiginlega, að þarna sé verið að deila um keisarans skegg. Ef einhverjar skynsamlegar till. koma frá þessari n., sem stendur að þessari rannsókn, verður auðvitað séð um það, að þær nái fram. Það eru allir jafnsammála um það, að það þurfi að leita að og finna lausn á ákveðnum vandamálum. Ég held hins vegar, eins og þessi till. gefur tilefni til, að við séum kannske ekki alveg á réttri leið, og ekki heldur samkv. þeim orðum, sem féllu hjá hv. flm. Ég held, að við þurfum ekki að leggja mikinn kostnað eða starf í það að leita að eða festa kaup á fleiri skipum til þess að flytja hráefni hingað til lands af fjarlægum miðum í verðlitla eða verðlausa grútarframleiðslu. Hins vegar ber okkur auðvitað að leggja höfuðáherzlu á að flytja til verkunarhafna hér á landi síld, sem getur ekki aðeins orðið uppbyggjandi fyrir okkar atvinnulíf, heldur eins og hingað til undirstaða að okkar útflutningi. Það er, eins og hv. 2. þm. Reykn. réttilega benti á, nauðsynlegt fyrir okkur, jafnvel þótt við yrðum að leggja þar í kostnað, sem sjálfur atvinnuvegurinn stæði ekki undir, til þess að við gætum þá haldið í okkar dýrmætu markaði, sem við höfum fyrir þessar vörur. En ég geri ráð fyrir því, að það séu fleiri en við, sem höfum tekið til máls um þetta hér inni, sem hafi nokkurt vit á þeim hlutum, þótt þeir eigi ekki sæti hér á hv. Alþ., enda hafa þegar verið gerðar allýtarlegar tilraunir á þessu sviði, þótt þeim sé hvergi nærri lokið, og auðvitað þurfum við að halda þeim áfram. Samt sem áður er ég algerlega fylgjandi því, að það verði þegar að hefjast handa í sumar um það, að slík hráefni verði flutt til verkunarhafna hér á landi.

Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann lengur. Eins og ég tók fram í byrjun ræðu minnar, tel ég nauðsynlegt, að þessi till. komist til n., sem þá leiti sér umsagnar þeirrar vinnunefndar, sem þegar er að vinna í þessu máli.

Út frá þeim orðum, sem hv. frsm. lét falla um það, sem dómsmrh. upplýsti hér áðan í sambandi við varðskipin, þegar hann benti á okkar gamla varðskip Ægi, vil ég segja, að það er auðvitað miklu fleira, sem kemur upp í þessu máli, en það eitt, hvað við teljum sæmandi fyrir einn lækni. Það kemur líka upp það vandamál að ráða fram úr óskum þeirra, og það er ekki nóg að segja: Gjörið þið svo vel, þarna er skip, farið þið um borð. — Þeir verða að fást, þeir góðu herrar, til þess að fara um borð í þessi skip, og þeir fara ekki fyrr en þau eru búin þeim útbúnaði, sem þeir telja nauðsynlegan til þess að veita fyrstu hjálp. Og þess vegna var horfið að því ráði að útbúa öll þrjú nýjustu varðskipin eða tvö þau nýjustu og það, sem er í byggingu, þannig, að þau gætu veitt þessa hjálp á fjarlægum miðum, auk þess sem þau gætu komið að notum hér í kringum landið, bæði á fjarlægum og afskekktum stöðum, og eins þegar árar líkt og nú hefur gert hjá okkur hér í vetur og s. l. vetur. Þá er þetta auðvitað til öryggis fyrir allan landslýð.

Við skulum ekki gleyma öðrum þætti þess að hafa varðskip á fjarlægum miðum, þar sem kannske á þriðja þúsund íslenzkir þegnar eru saman komnir á stóru svæði. Það er hér minnzt á í þessari till., að það sé nauðsynlegt, að það sé hægt að hafa eðlilegt talstöðvasamband við land. Engir aðilar á íslenzka flotanum eru betur hæfir til þess en einmitt íslenzku varðskipin, ekki aðeins við land hér heima úr mikilli fjarlægð, vegna hins góða tækjakosts, sem þar er um borð, heldur og við erlendar strandstöðvar. Þar fyrir utan eru þessi nýrri varðskip mjög ganghröð og geta komið og veitt aðra hjálp en beina slysa- og læknishjálp, eins og við höfum nýlega gott dæmi um hér við strendur okkar lands. Þar fyrir utan eru þessi skip útbúin þyrluþilfari, og það þarf ekki endilega að vera, að sú þyrla sé staðsett þar um borð eða komi héðan frá Íslandi. Vegalengdin frá ströndum Noregs út á þau mið, sem skipin stunduðu sínar veiðar á á s. l. sumri, er hverfandi lítil miðað við vegalengdina þaðan og hingað heim, og slík þjónusta gæti aðeins komið að notum frá strandstöðvum þar og reyndar frá hjálparskipum, sem eru á miðunum fyrir aðrar þjóðir, og sjómannasamtökin hafa m. a. sent sínar þakkir til fyrir frábæran stuðning, sérstaklega á s. l. sumri. Ég tel sjálfsagt, að þegin yrðu tilboð, sem sjómannasamtökin hafa fengið, t. d. frá Sovétríkjunum, frá samtökum sjómanna þar, en það boð hefur legið fyrir frá þeim, að slík aðstoð yrði áfram veitt, ef við mundum óska eftir því. Það hefur verið mjög eindregin ósk sjómannasamtakanna hér við dómsmrh. — og það kemur m. a. fram í till., sem hann lýsti hér áðan, frá þessari n., sem hann skipaði — að það verði jafnframt leitað aðstoðar þessara aðila til þess að geta mætt slysum og veikindum sjómanna okkar á fjarlægum miðum.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

16. Embættaveitingar.

Á deildafundum 13. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um embættaveitingar [132. mál] (A. 280).

Á 38. fundi í Sþ., 14. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 21. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég hygg, að það hafi verið á s. l. sumri, sem blaðið Alþýðumaðurinn á Akureyri birti skrá eða lista, sem áreiðanlega vakti athygli um allt land. Þessi listi var um veitingu sýslumanns- og bæjarfógetaembætta síðan núv. ríkisstj. kom til valda. Þessi listi sýndi það, að á þessum tíma hafa verið veitt milli 10 og 20 slíkra embætta eða a. m. k. talsvert á annan tug, og hann bar það með sér, að eingöngu hefðu komizt í þessi embætti menn, sem fylgdu sama flokki og ráðh., sem embættin veitti. Og það var af þeim ástæðum, sem listinn vakti eins mikla athygli og raun bar vitni um. Mér er sagt, að þegar þessi listi birtist í Alþýðumanninum, hafi hann vakið alveg sérstakan úlfaþyt, eða fjaðrabyt væri kannske réttara að segja, í þeim flokki, sem hafði átt dómsmrh., sem að þessum embættisveitingum stóðu, og það hafi fyrst verið tekið til bragðs að gera lista yfir veitingar á skólastjóraembættum, sem höfðu farið fram á sama tíma. Og sá listi mun hafa leitt það í ljós, að það kom mjög sjaldan fyrir, að sá maður, sem hlaut skólastjóraembættið, væri ekki úr sama flokki og ráðh., sem embættið hafði veitt. Því aðeins mun það hafa komið fyrir, að ekki fannst flokksmaður ráðh., sem sótti um embættið, að leita varð til annarra.

Dómsmrh. var nú það hugginn, að hann beitti ekki þeirri hefndaraðgerð að birta listann yfir skólastjórastöðurnar, heldur notaði hann sér það við næsta tækifæri, þegar hann veitti allvænt embætti í Reykjavík, að setja þar mann úr Alþfl. Hann þekkti sinn sam-

starfsflokk, og þar með féll þessi deila niður.

En hins vegar hefur það gerzt núna nýlega og nokkru eftir að þessi till. var flutt hér á Alþ., að það hefur komið fram í stjórnarblöðunum annað dæmi, sem ekki varpar síður ljósi á þetta mál. Félag ungra sjálfstæðismanna hér í borginni, Heimdallur, hélt nýlega fund, og eftir því sem Morgunblaðið segir s. l. laugardag, var rætt um það þar, hvaða afleiðingar stjórnarsamstarfið við krata hefði haft fyrir Sjálfstfl. Meðal þeirra, sem þar töluðu, var einn af varaþm. Sjálfstfl., Guðmundur H. Garðarsson, sem sat hér á Alþ. s. l. haust, og eftir því sem Morgunblaðið segir frá s. l. laugardag, fórust honum orð eitthvað á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Benti hann jafnframt á þá staðreynd, að Alþfl. væri nú að verða embættis- og ríkisstarfsmannaflokkur, sem ætti hverfandi lítil ítök meðal launþega og atvinnurekenda, og væri því lífsspursmál fyrir flokkinn að þenja út ríkisbáknið með það fyrir augum að koma fleirum sinna manna á ríkisjötuna. Flokkur, sem ekki ætti fylgi nema innan ríkisbáknsins, væri ekki líklegur til stórræða í atvinnumálum þjóðarinnar.“

Enn fremur segir svo í Morgunblaðinu, að því er manni virðist um heildarskoðun fundarmanna þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá kom fram sú skoðun, að óeðlilegt væri, hve ungkratar misnotuðu ýmsar opinberar stofnanir, svo sem húsnæðismálastjórn, framkvæmdanefnd byggingaáætlunar o. fl., í þágu flokks síns. Þótti þetta raunar leiða í ljós, hvert hugur þeirra stefndi.“

Ég hygg, að það sé óþarfi að láta þessum ummælum fylgja mikla skýringu. Þau skýra sig sjálf, og þau sýna mat hinna ungu sjálfstæðismanna á því, hvernig annar stjórnarflokkurinn hagar sínum vinnubrögðum í sambandi við embættisveitingar, eða með fáum orðum sagt, á þá leið, að hann leggur fyrst og fremst áherzlu á það að tryggja sína aðstöðu með því að koma sér sem bezt fyrir innan ríkisbáknsins, eins og þeir orða það í sambandi við stöðuveitingar.

Nú veit ég, hvert verður svar stjórnarsinna við því, sem ég nú hef sagt, og ég hef nú ekki gert annað en að vitna í málgögn þeirra. Þeir munu spyrja: Var þetta ekki eitthvað líkt því, sem var áður fyrr? Hefur það aldrei þekkzt fyrr en núna, að það hafi átt sér stað pólitískar embættisveitingar? Ég skal alveg fullkomlega játa, að það hafa átt sér stað pólitískar embættaveitingar áður en núv. ríkisstj. kom til valda. Þær hafa átt sér stað alla tíð síðan ríkisstj. kom inn í landið og hér voru pólitískir ráðh. En hitt hygg ég að sé óumdeilanlegt, að þær hafi aldrei verið meira áberandi og aldrei farið meira í vöxt en nú allra síðustu árin. Og það sýna gleggst þær tilvitnanir, sem ég hef vitnað í. En ég hygg, að þetta allt saman sýni, að það sé orðið fullkomlega tímabært að taka þessi mál til nýrrar athugunar og þá sérstaklega með það í huga, hvort ekki sé hægt að finna eitthvert annað kerfi, annað fyrirkomulag við embættaveitingar en það, sem nú er, þ. e. að það séu fyrst og fremst pólitískir ráðh., sem veita öll helztu embætti ríkisins. Það er vissulega óheilbrigt ástand, að þannig skuli vera komið, að það skírteini, sem mestu skiptir, ef menn ætla að komast í embætti, er ekki prófskírteinið eða reynslan, heldur flokksskírteinið. En óneitanlega er ástandið hjá okkur orðið þannig í dag og hefur smátt og smátt á undanförnum áratugum verið að færast í það horf. Ég held, að þegar menn gefa sér tíma til þess að athuga þetta, án alls ofstækis og án þess að vera of mikið bundnir af flokkum sínum, hljóti þeir að komast að þeirri niðurstöðu í þessum efnum, að það sé heilbrigðast fyrirkomulag, að embætti séu veitt eftir því, hverjir hæfileikar og þá ekki sízt hver reynsla þeirra manna sé, sem um embættið sækir. Við eigum þess vegna að taka saman höndum um það án tillits til þess, hvað hefur verið að gerast í landinu á undanförnum árum eða á undanförnum áratugum, að reyna að finna eitthvert annað heppilegra fyrirkomulag en það, sem nú er búið við í sambandi við embættaveitingar.

Það er með þetta í huga, sem sú till. er flutt, sem ég mæli nú fyrir. Efni hennar er í meginatriðum það, að Alþ. álykti að kjósa 5 manna nefnd hlutfallskosningu í Sþ. til að undirbúa heildarlöggjöf um embættaveitingar og starfsmannaráðningar ríkisins og ríkisstofnana, þar sem stefnt sé að því að tryggja sem óháðast og ópólitískast veitingarvald og starfsmannaval. N. skal kynna sér löggjöf og reglur um embættaveitingar í öðrum löndum og þá reynslu, sem þar hefur fengizt í þessum efnum. Þá skal n. einnig afla sér álits félaga embættismanna og annarra opinberra starfsmanna um það, hvernig þeir telji þessum málum vera bezt skipað, þannig að framangreindur tilgangur náist.

Ég held, að það sé óþarfi að skýra þessa till. með mörgum orðum, vegna þess að hún gerir það sjálf nokkuð glöggt. Það er í fyrsta lagi ætlazt til, að það sé verkefni þessarar n. að kynna sér, hvernig þessu er háttað í öðrum löndum og hvað við getum lært að þeirri reynslu, sem þar hefur fengizt, og svo í öðru lagi, að það sé haft samráð við samtök embættismanna um það, hvaða till. þeir hafi fram að færa í þessum efnum til tryggingar því, að það séu ekki pólitísk skírteini, sem ráði því fyrst og fremst, hvernig embætti eru veitt.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessa framsögu lengri að sinni. Ég held, að allir hljóti að sjá og viðurkenna, hvað amar að hér í þessum efnum, og í raun og veru játi menn nauðsyn þess, að reynt sé að hefja embættaveitingar upp úr þeirri niðurlægingu, sem þær eru komnar í, vegna þess hve pólitísk áhrif hafa ráðið þar miklu á undanförnum árum. Ég vil segja það, að ég hef orðið þess var, að yngra fólkið hefur alveg sérstakan áhuga fyrir því í þessum efnum, að horfið sé frá því

fyrirkomulagi, sem hefur verið ríkjandi í þessum málum á undanförnum áratugum og ég hef nú verið að minnast á.

Ég vil vænta þess, að sú þn. eða þeir þm., sem fjalla um þetta mál í n., líti meira á málið frá heildarsjónarmiði og framtíðarsjónarmiði, en ekki fyrst og fremst frá því sjónarmiði, hvaða flokkar fari nú með völd eða hvaða flokkar séu líklegir til að fara með þau framvegis. Þeir gæti að því, hvað sé heilbrigðast og réttlátast í þessum efnum og hvernig hægt sé að koma embættaveitingum þannig við, að þeir hafi a. m. k. sem oftast forgangsréttinn, sem eiga hann skilið vegna hæfileika sinna og reynslu.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég er hv. flm. þessarar till. sammála um, að brýna nauðsyn beri til þess, að hlutleysis sé gætt við embættaveitingar og að sem óháðast og ópólitískast mat fari fram á hæfileikum þeirra manna, sem um opinber embætti sæki, og hæfileikar og starfsreynsla skuli ráða úrslitum um það, hver hlýtur embætti, sem laust er til umsóknar. Hins vegar er það skoðun mín, og hún byggist á vandlegri íhugun og talsverðri reynslu í þessum efnum, að mjög erfitt mundi vera að setja algildar og bindandi reglur fyrir veitingarvaldið um það, hvernig velja skyldi úr hópi umsækjenda hverju sinni. Það, sem ég sérstaklega vildi benda á í þessu sambandi, er, að ég teldi það vera mikið spor aftur á bak, beinlínis ólýðræðislegt, sem örlar þó á í þessari till., að láta veitingarvaldið ekki vera í höndum þeirra þjóðkjörnu fulltrúa eða þeirra manna, sem Alþ., hin þjóðkjörna samkoma, kýs til þess að fara með æðsta vald í landinu. Jafnmikilvægt vald í lýðræðisþjóðfélagi og veitingarvald þarf og verður að vera í höndum manna, sem hægt er að sækja til ábyrgðar fyrir það, ef þeir gera rangt. Þetta er einn af hyrningarsteinum lýðræðisþjóðfélags, þetta er einn af hyrningarsteinum frjáls þjóðfélags. Ef þjóðfélag lætur veitingarvald mikilvægra, opinberra embætta vera í höndum embættismanna, sem ekki er hægt að sækja til saka fyrir það, ef þeir misbeita valdi sínu, er mjög hætt við því, að það veitingarvald spillist, það sýkist, og fyrir því er margföld reynsla hérlendis og erlendis á fyrri öldum aðallega og jafnvel á fyrri áratugum þessarar aldar. Það á að vera og þarf að vera kjarni, einn af hornsteinum lýðræðisins, að hægt sé að gagnrýna þá með árangri, sem misbeita veitingarvaldinu, og jafnvel sækja þá til saka með því að víkja þeim frá, ef þeir misbeita valdi sínu herfilega. En það mundi ekki vera hægt að gera, ef veitingarvaldið væri í höndum einhverra stofnana í þjóðfélaginu, sem í raun og veru væru ábyrgðarlausar.

Þetta atriði, sem ég nú nefndi, var kjarninn í þeirri deilu, sem hér stóð um áratugi milli stjórnarvalda annars vegar og Háskólans hins vegar um það, hvernig haga skyldi veitingu embætta við Háskólann. Sú deila er sem betur fer hjöðnuð. Á henni hefur ekki bryddað síðan nýju háskólalögin voru sett 1958, enda ekkert tilefni gefizt til þess, að slík deila hæfist aftur. En á það má minna, að það var skoðun Háskólans í áratugi, að Háskólinn sjálfur ætti að hafa sjálfdæmi um veitingu embætta innan sinna vébanda, og þetta sjálfdæmi Háskólans var í reynd virt um mjög langan aldur af veitingarvaldinu, þ. e. a. s. af menntmrh. Ég skal ekki rifja upp þá sögu í einstökum atriðum eða þær miklu deilur, sem hér urðu, en það varð að lokum skoðun veitingarvaldsins, og það veit ég, að var þá skoðun Framsfl. að afstaða Háskólans væri algerlega röng. Nefnd voru ýmis dæmi um, að Háskólinn hefði misbeitt þessu valdi sínu og það væri kannske ekki við öðru að búast en hann misbeitti því, því að hann væri ekki hægt að sækja til saka fyrir slíka misbeitingu. Ef deild misbeitti því valdi, sem hún taldi sig hafa, var ekki hægt að víkja þeim prófessorum frá, það var hægt að gagnrýna þá, en ekki hægt að víkja þeim frá. Ef ráðh. aftur á móti misbeitti sínu valdi, var alltaf mögulegt fyrir þjóðkjörna fulltrúa á Alþ. að víkja honum frá fyrir þá misbeitingu, og það er kjarni málsins.

Framsfl. hafði m. a. forustu um að kveða þessa hugmynd um sjálfdæmi Háskólans í kútinn. Og það tel ég, að hafi verið rétt. Af hálfu Háskólans hefur þessum hugmyndum ekki verið haldið á loft síðan þeirri reglu var slegið fastri, sem er nú í gildandi háskólalögum, að veitingarvaldið er aðeins bundið að því leyti, að það má ekki veita manni prófessorsembætti við Háskólann, ef sérstök dómnefnd hefur talið hann óhæfan til þess að gegna embættinu. Að því leyti og því leyti einu er veitingarvaldið bundið, og segja má, að það sé ekki óeðlilegt. Að öðru leyti hefur Háskólinn nú í dag algerlega viðurkennt óskoraðan rétt menntmrh. til þess að beita veitingarvaldinu eftir sinni beztu samvizku. Og aldrei hefur komið til nokkurrar deilu í þau 11 ár, sem ég hef gegnt þessu embætti, við Háskólann, og mun ég þó hafa veitt fleiri embætti við Háskólann en nokkur fyrirrennara minna.

Það var sérstaklega þetta atriði, sem ég vildi vekja athygli á, til þess sérstaklega kvaddi ég mér hljóðs, að þó að ég sé sammála þeirri grundvallarhugsun, sem að baki till. er, að hlutleysi eða óhlutdrægni sé sjálfsögð og nauðsynleg í sambandi við embættaveitingar, vildi ég vara við bjartsýni um það, að hægt sé að setja nokkrar almennar reglur, nema þá reglu, sem ég nefndi áðan varðandi háskólaembætti, eitthvað því um líkt, en ekki setja almenna reglu, sem tryggi fullkomið réttlæti í þessum efnum. Og sérstaklega vildi ég vara við að taka veitingarvaldið úr höndum pólitískra ráðh. Það getur hvergi annars staðar verið í lýðræðisþjóðfélagi, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Allt annað er líklegt, að

leiði til miklu meiri vandræða og missmíða, jafnvel til miklu meiri spillingar en hefur átt sér stað og þarf að eiga sér stað, þó að veitingarvaldið sé í höndum pólitískra ráðh.

Auk þess vil ég vekja sérstaka athygli á því, að hv. frsm. fór með mjög rangt mál, og á því vil ég vekja sérstaka athygli, þegar hann sagði, að deilur hafi farið í vöxt á undanförnum árum um veitingu opinberra embætta. Hér er sannleikanum algerlega snúið. Það eru miklu minni deilur nú á síðari árum um veitingu opinberra embætta en tíðkuðust áður fyrr. Það er hver sjálfum sér næstur, og það er bezt, að ég greini frá því, sem mér viðkemur í þessum efnum.

Mér er sagt það, að ég hafi veitt fleiri embætti en nokkur íslenzkur ráðh. fyrr eða síðar. Ég hef sjálfur ekki látið fram fara neina athugun á þessu, en mér þykir ekki ósennilegt, að þetta muni vera rétt. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að menntmrh. á hverjum tíma veitir fleiri stöður en nokkur annar ráðh. í íslenzkri ríkisstj. vegna fjölmennis skólastjóra- og kennarastéttarinnar, og það er því ekki nema alveg eðlilegt, fullkomlega eðlilegt að maður, sem gegnt hefur embætti menntmrh. í 11 ár, hafi eingöngu, þó að ekki væri annað en bara svið skólastjóra og kennara, veitt fleiri stöður en nokkur annar íslenzkur ráðh. fyrr og síðar. En á því vil ég vekja alveg sérstaka athygli, að í þessi 11 ár man ég ekki eftir, að orðið hafi opinber deila um nema eina veitingu á skólastjóra- og kennarastöðu. Það kann að vera, að mig misminni. En í fljótu bragði, — ég er óundirbúinn undir þessar umr. — man ég ekki eftir nema einni opinberri deilu um veitingu mína á skólastjóra- og kennaraembætti. Þar hafði ég veitt embættið þeim manni, sem hafði lengstan starfsaldur, hafði lengi verið skólastjóri utan Reykjavíkur, en deilt var á mig fyrir það að hafa ekki veitt embættið miklu, miklu yngri manni, sem hafði nokkru meiri menntun. M. ö. o.: hér var um það að ræða, hvort taka ætti tillit til starfsaldurs og reynslu, hér var um að ræða starfsaldur og reynslu úti á landi, hvort ætti að taka meira tillit til þess arna eða menntunar, sem miklu yngri maður hafði óneitanlega meiri. Hlutaðeigandi skólanefnd mælti með unga manninum með meiri menntunina, fræðslumálastjóri mælti með eldri manninum með lengri starfsaldurinn, og ég valdi hann og hafði meðmæli frá fræðslumálastjóra með því. Út úr þessu spunnust nokkur blaðaskrif á sínum tíma fram og til baka, og við því er ekkert að segja. En þetta er eina deilan, sem ég man eftir í 11 ár um ráðstafanir á embættum á sviði menntamála.

En það er ábyggilega flestum kunnugt og mörgum, sem hér eru inni, að áður fyrr liðu varla 2—3 ár og höfðu ekki gert um áratugi, svo að ekki risu upp stórkostlegar deilur um skólastjóraembætti, um kennaraembætti, um prófessoraembætti við Háskólann, svo að ég nefni þessi tilteknu dæmi. Þessar deilur hafa svo að segja algerlega hljóðnað. Ég hef fylgt þeirri reglu í öll þessi 11 ár, að veita aldrei skólastjóra- eða kennarastöðu gegn bæði till. fræðslumálastjóra og hlutaðeigandi skólanefndar eða meiri hl. hennar. En eins og kunnugt er, eru þær embættaveitingarreglur, sem þarna gilda, þær, að áður en menntmrh. veitir stöðu, fær hann till. frá fræðslumálastjóra annars vegar og frá skólanefnd eða fræðsluráði hins vegar. Á undanförnum áratugum hefur það hvað eftir annað komið fyrir, að ráðh. úr öllum hinum flokkunum hafi veitt stöðu gegn bæði till. fræðslumálastjóra og hlutaðeigandi skólanefndar eða fræðsluráðs. Ég skapaði mér í upphafi þá starfsreglu að gera það aldrei, heldur að gæta þess ávallt að hafa annaðhvort fræðslumálastjóra eða meiri hl. skólanefndar eða fræðsluráðs á bak við þá veitingu, sem ég framkvæmdi, ekki vegna þess, að réttur menntmrh. sé ekki ótvíræður til þess að veita stöðuna eftir beztu samvizku, og ég tel, að þeirri reglu ætti ekki heldur að breyta. Þessu vildi ég líka vekja alveg sérstaka athygli á, að í þessum efnum hefur, án þess að nokkrar sérstakar reglur hafi verið settar, nokkrar bindandi reglur hafi verið settar, tvímælalaust stefnt í rétta átt og til hins betra. Það hefur verið hægt með hóflegri og skynsamlegri framkvæmd, án þess að bindandi reglur væru fyrir hendi, sem ég tel að væri mjög erfitt að setja og gætu í mörgum tilfellum skapað meira ranglæti en regluleysi, ef því fylgir réttlæti. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þær deilur, sem fyrr á árum urðu um embættaveitingar, og þá ekki sízt t. d. á sviði skólanna, voru skólastarfinu mjög skaðlegar, skólastjóra- og kennarastéttinni til tjóns og til trafala í starfi, og þess vegna tel ég tvímælalaust hafa horft til mikilla bóta, að þessar deilur skuli nú í reynd svo að segja algerlega vera úr sögunni. Ég tel, að íslenzkum skólum og íslenzkri kennarastétt hafi fátt verið betur gert á undanförnum áratug en einmitt þetta, að firra skólana, firra skólastjórastéttina, firra kennarastéttina hinum stórskaðlegu og mjög hvimleiðu deilum, sem áður fyrr áttu sér alltof oft stað um veitingar embætta á þessu mikilvæga sviði þjóðlífsins.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 28. febr., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Sþ., 6. marz, var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það er nú þannig mál með vexti, að ég á eingöngu ótalað við hæstv. menntmrh., en mér skilst, að hann sé hér í húsinu. Mundi ekki vera mögulegt að fá hann á fundinn? **(Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að hæstv. menntmrh. er mættur). Já, ég skal líka halda áfram máli mínu. Að vísu er nú orðið alllangt liðið síðan þessi till. var hér seinast til umr., um það bil hálfur mánuður, og ég þess vegna búinn að týna niður sumu af því,

sem þá var sagt og ástæða hefði verið til að gera aths. við. En að nokkrum atriðum tel ég samt rétt að víkja, áður en málið fer til nefndar.

Það var ýmislegt athyglisvert, sem kom fram í ræðu menntmrh. Hann játaði, að vissulega hefði margt gerzt, sem væri þannig vaxið, að það væri æskilegt, ef væri hægt að setja reglur, sem tryggðu betur óháðar og ópólitískar embættaveitingar. En jafnframt þessu komst hann að þeirri niðurstöðu, að hann hefði veitt fleiri embætti en nokkur ráðh. annar og það mundi ekki vera nema í eitt skipti, sem hann hafi verið gagnrýndur fyrir embættisveitingu. Sér maður á því, hverjir það eru, sem mætti segja að væru vondu strákarnir í ríkisstj. Hæstv. ráðh. og hans flokksmenn veita þannig embætti, að það er ekkert að því að finna, hvernig það er gert, — þeir eru sem sagt góðu drengirnir í stjórninni — en samt játar ráðh., að það sé nauðsynlegt og heppilegt, að það fengjust settar reglur, sem tryggðu betur ópólitískar embættaveitingar, og þá veit maður nú sem sagt af því, hverjir það eru, sem gera sig fyrst og fremst seka í þeim efnum. Það eru ráðh. Sjálfstfl. Það er í þessu eins og svo mörgu öðru, sem þeir Alþfl.-menn flytja góðu málin. Sjálfstfl. kemur með vondu málin. Sjálfstæðisráðh. eru ranglátir og pólitískir í sínum embættaveitingum, en það eru Alþfl.-menn ekki. Það er hins vegar þannig vaxið, að það virðast ekki allir vera á þessu máli. Ég skal aðeins rifja upp litla sögu í því sambandi.

Það var á einum verzlunarstað, það skiptir ekki máli, hvort það var heldur kaupstaður eða kauptún, en má segja einum verzlunarstað hér úti á landi, að skólastjórastaða losnaði og vildu að sjálfsögðu ýmsir sækja um hana, því að menn vilja heldur vera skólastjórar en kennarar, og á þessum stað var m. a. kennari, sem var flokksbundinn í Sjálfstfl. En af einhverjum ástæðum gerðist það, að nokkru áður en að því kom, að embættið væri veitt, sagði hann sig úr Sjálfstfl., og nokkru síðar urðu menn varir við það, að hann var kominn í Alþfl. Niðurstaðan varð líka sú, að það var hann, sem fékk skólastjórastöðuna. Ég er út af fyrir sig ekkert að lasta það, þó að menn gangi úr Sjálfstfl. Ég álít það vera ákaflega eðlilegt. En hitt finnst mér ekki vera eðlilegt, að þegar menn ganga úr Sjálfstfl., fari þeir að ganga í Alþfl., því að mér finnst, að það sé nokkurn veginn sama tóbakið, hvor flokkurinn er, að því leyti, að nokkuð svipað sé með þessa flokka, a. m. k. að einu leyti sé svipað með svona flokka og fæturna á Bakkabræðrum, að það sé ekki hægt að þekkja þá í sundur, svo líkir eru þeir orðnir í starfsháttum sínum nú í seinni tíð. Ég nefni það aðeins sem lítið dæmi í þessum efnum, að a. m. k. forustumenn þessara flokka virðast hafa nákvæmlega sömu skoðunina eða sömu afstöðuna til þess verkfalls, sem nú stendur yfir. Meira að segja hæstv. menntmrh. hefur gengið fram fyrir skjöldu, fremst allra ráðh., til þess að mótmæla því, að nú væri tekin upp verðtrygging á launum, og jafnframt varið þá stefnu, sem nú er haldið uppi í peningamálum, miklu ákveðnar en nokkur ráðh. Sjálfstfl. hefur gert, svo að af þeim ástæðum, að það sé einhver munur á flokkunum, finnst mér ekki ástæða til þess, að menn séu að færa sig úr Sjálfstfl. yfir í Alþfl. Það valda því aðrar ástæður, eins og menn kunna kannske að skilja í sambandi við þetta mál.

Annars liggja fyrir vitnisburðir, sem hafa verið rifjaðir upp hér í þinginu og ekki hefur verið mótmælt. Ég las upp við fyrri umr. málsins frásögn Morgunblaðsins af fundi ungra sjálfstæðismanna, þar sem þessi mál voru rædd og þar sem þeir komust að þeirri niðurstöðu, að Alþfl. legði nú meginkapp á að koma sínum mönnum fyrir í ríkiskerfinu. Ég hef hvergi séð því mótmælt af hálfu Alþfl., og því var ekki heldur mótmælt af hæstv. menntmrh., þegar hann talaði hér síðast, enda eru dæmin allt of augljós til þess, að það sé hægt. Þess vegna held ég, að hæstv. ráðh. ætti ekki að spila sig eða ráðh. Alþfl. sem einhverja góða drengi í þessu máli, en ráðh. Sjálfstfl. sem vondu strákana, vegna þess að ég held, að þeir séu nokkurn veginn jafnsekir í þeim efnum að hyggja fyrst og fremst að sínum flokksmönnum, þegar um embættaveitingar er að ræða.

Hæstv. ráðh. sagði, að vissulega væri nauðsyn á því að setja reglur eða leita eftir reglum, sem tryggðu betur óháðar og ópólitískar embættaveitingar, en taldi hins vegar á þessu öll tormerki. Ég skal fyllilega játa það með honum, að það getur verið vandasamt að finna þær reglur í þessum efnum, sem tryggi algerlega hlutlausar og ópólitískar embættaveitingar. En þeim mun frekar er líka ástæða til þess, að menn kynni sér reynslu annarra þjóða í þessum efnum og leiti eftir þeim fordæmum, sem bezt hafa gefizt í þessu sambandi, eins og lagt er til í þeirri till., sem hér er til umr. Hæstv. ráðh. virtist vilja skilja þessa till. á þá leið, að tilgangur hennar væri sá að færa veitingavaldið sem mest í hendur embættismanna úr höndum ráðh. eða þjóðkjörinna fulltrúa. Það er alger misskilningur hjá ráðh., að slíkt komi fram í þessari till., því að það er hægt að hugsa sér ýmislegt annað fyrirkomulag í þessum efnum en það, að annaðhvort fari pólitískur ráðh. með aðalvaldið eða það séu sérstakir embættismenn, sem séu til þess kjörnir að veita embætti. Það má þvert á móti vel hugsa sér, að þetta verði gert enn lýðræðislegra, á þann hátt, að menn, sem segja má að standi í enn þá nánara sambandi við fólkið og séu beinni fulltrúar þess en ráðh., fái aðstöðu til þess að hafa áhrif á það, hvernig embætti eru veitt.

Hæstv. ráðh. minnti hér á eitt fyrirkomulag í þessum efnum, og það er veiting kennara- og skólastjóraembætta a. m. k. við hina lægri skóla. En þar eru sérstakar skólanefndir, sem fyrst láta í ljós álit sitt um umsækjendur. Í öðru lagi segir svo fræðslumálastjóri sitt álit,

og þó að það séu að sjálfsögðu gallar á þessu fyrirkomulagi, eins og t. d. það, að ráðh. er látinn tilnefna formann skólanefndar og getur þess vegna haft viss áhrif á það, hver niðurstaða nefndarinnar verður, og fræðslumálastjóri er líka starfsmaður, sem heyrir undir menntmrh., er það áreiðanlegt, að þetta fyrirkomulag hefur orðið til þess að gera þá misnotkun, sem hefur átt sér stað í þessum efnum, miklu minni en hún sennilega hefði ella orðið, ef þetta veitingarvald hefði eingöngu verið í höndum ráðh. Slíkt hið sama mætti hugsa sér í sambandi við veitingu annarra embætta. Það gæti t. d. komið til athugunar í sambandi við veitingu á embættum sýslumanna og bæjarfógeta, að t. d. væri leitað álits sýslunefnda og bæjarstjórna um umsækjendur, áður en embættin væru endanlega veitt. Ég hygg t. d., að það hefði haft sín áhrif í sambandi við tvær mjög umdeildar veitingar á sýslumannsstöðum, ef það hefði legið fyrir áður, hvert hefði verið viðhorf sýslunefnda og bæjarstjórna á viðkomandi stöðum. Þar á ég við veitingu sýslumannsembættisins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem átti sér stað fyrir nokkru, og einnig veitingu bæjarfógetaembættisins á Akureyri. Ég býst við, ef viðkomandi aðilar, sem ég nefndi, hefðu verið beðnir um álit í þessum efnum, þ. e. a. s. sýslunefndirnar og bæjarstjórnirnar, hefði komið alveg ákveðin skoðun fram um það, hver umsækjendanna ætti að ganga fyrir, og það síðan getað haft heppileg áhrif á afstöðu dómsmrh. Þannig mætti hugsa sér þetta á fleiri sviðum. Það má t. d. benda á það, að í Bandaríkjunum er það venja, að ýmsar meiri háttar embættaveitingar eru beinlínis bornar undir þingið, þannig að ráðh. tilnefnir menn í sendiherrastöður og vissar ráðherrastöður, en þessir menn fá ekki embætti nema viðkomandi þn., sem um embættaveitingarnar fjalla, samþykki, að þær séu réttmætar. Og það hefur m. a. í tíð núv. forseta komið fyrir, a. m. k. einu sinni eða jafnvel oftar, að maður, sem hann hefur útnefnt sem sendiherra, hefur ekki fengið embættið vegna þess að svo ákveðin andstaða hefur verið gegn honum í viðkomandi þn. Ég álít, að við þurfum að kynna okkur allar slíkar erlendar fyrirmyndir með það fyrir augum að finna það fyrirkomulag, sem sé líklegast til þess að tryggja sem óháðast og óhlutdrægast veitingarvald. Í hvers höndum þetta veitingarvald á svo að vera endanlega, er matsatriði, hvort það á að vera í höndum pólitísks ráðh. eða ekki, en hins vegar er hægt að takmarka það mjög mikið með þeim aðferðum, sem ég hef hér bent á og tryggja mundi, eins og ráðh. virtist telja nauðsynlegt, sem lýðræðislegastar embættaveitingar.

Ráðh. minntist nokkuð á það, að gagnrýni á embættaveitingar væri öllu minni núna en hún hefði áður verið og það væri þess vegna rangt, sem hann taldi sig hafa eftir mér, að meiri deilur væru um embættaveitingar nú en áður. Ég held, að ég hafi ekki minnzt neitt á það, heldur sagt, að pólitískar embættaveitingar hefðu alltaf átt sér stað og hefðu farið mjög í vöxt á undanförnum árum. Og ég sannaði það m. a. með þeim dæmum, sem ég rakti fyrr í ræðu minni, m. a. með því að minna á listann frægа í Alþýðumanninum og með því að rifja upp þær niðurstöður, sem urðu á fundi ungra sjálfstæðismanna hér í bænum, þegar þeir ræddu um þessi mál. Hitt er það, að þetta er komið svo mikið í venju, að embætti séu veitt pólitískt, að menn eru eiginlega orðnir ónæmir fyrir þessu og hættir að kippa sér nokkuð upp við það, þó að slíkt gerist. Og það gerist líka í sívaxandi mæli, að menn sæki lítið um embætti, öll meiri háttar embætti, vegna þess að þeir telja það nokkurn veginn víst fyrir fram, að það sé búið að ákveða, hver eigi að fá embættið, og þess vegna sé tilgangslaust að vera að sækja um það. Ef við gerum samanburð á þessu fyrr og nú, er það alveg táknrænt, hvað það eru nú miklu færri umsækjendur um mörg meiri háttar embætti en áður átti sér stað. Og ástæðan er sú, að menn, sem koma til greina margir hverjir, telja ástæðulaust að vera að sækja um embættin, vegna þess að það sé búið að ákveða það fyrir fram, hver eigi að hljóta þau.

Ég skal ekki tefja tímann öllu meira með því að víkja að því, sem fram kom í ræðu hæstv. menntmrh. Þó vildi ég segja það að lokum, að hann var að tala um það, að það væri búið að brjóta niður hið mikla vald, sem Háskólinn hefði haft í sambandi við embættaveitingar áður fyrr. Mér virðist, að það sé nú enn jafnsterkt og það hefur áður verið, og ég minni aðeins á í sambandi við það, sem er kunnugt af blaðaskrifum, bæði hefur það komið fram mjög greinilega í Morgunblaðinu og Vísi, að einn af okkar allra efnilegustu ungu vísindamönnum varð að yfirgefa land á seinasta ári vegna þess, að hann hafði verið fullkomlega sniðgenginn af læknadeild Háskólans í sambandi við embættaveitingu. Og ráðh. treysti sér ekki í því tilfelli að rísa gegn úrskurði læknadeildarinnar, þó að mér sé það persónulega kunnugt, að hann hafði mikinn áhuga á því, að umræddur vísindamaður þyrfti ekki að fara af landi burt. Ég nefni þetta ekki vegna þess, að ég vilji vekja deilur um þetta mál sérstaklega, það er úr sögunni í bili, en ég taldi mér ekki annað fært samt en að minna á það, vegna þess að ráðh. talaði svo borginmannlega um, að það væri alveg búið að brjóta niður vald Háskólans í þessum efnum, og lézt fagna því mjög, að það hefði verið gert. En menn geta bezt séð það á mjög rökstuddum greinum um þetta mál, sem birtust á sínum tíma bæði í Morgunblaðinu og Vísi, að hér var um mjög alvarleg mistök að ræða. Það kom líka fram hér í umr. fyrir örskömmu, að mér virðist, að Háskólinn fari sínu fram alveg eins og menntmrh. sé ekki til. Það upplýstist, að Háskólinn hafði sett takmarkanir um aðgang að tannlæknanámi, án þess að ráðh. hefði haft minnstu hugmynd um það eða læknadeildin. Mér finnst því, að ráðh. þurfi ekki að tala

neitt borginmannlega um, að það hafi eitthvert afrek verið unnið í þessum málum, eitthvert vald brotið niður, sem hafi verið mjög hættulegt, því að það virðist enn þá vera í fullu gildi.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að halda uppi frekari umr. um þetta mál að sinni, nema eitthvert sérstakt tilefni gefist til.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég hafði nú hugsað mér að leiða hjá mér umr. um þessa till., þáltill. um embættaveitingarnar, taldi þetta alltaf ómerkilega till., og verður hún þeim mun ómerkilegri í mínum augum sem ég heyri meira talað fyrir henni. En hitt er svo annað mál, að það hefur nokkuð spunnizt inn í umr., sem gefur mér tilefni til þess að leggja nokkur orð í belg. Og það er þó eitt gott við þessa till., að hún er ekki flutt út af neinni sérstakri embættisveitingu eða í sambandi við deilur um einstaka embættisveitingu, sem oft leiða til þess, að umræður og rökræður um málin eru blönduð margvíslegum sjónarmiðum öðrum en þeim, sem snerta efnishlið málsins, bæði persónulegum og ýmsum öðrum. Frá því sjónarmiði er í sjálfu sér ágætt að fá tækifæri til þess að ræða nokkuð um embættaveitingar, án þess að taugaóstyrkurinn hafi gripið um of um sig í þingliði eða öðrum, þegar deilt er oft harkalega um slíkar stjórnarathafnir.

Það er í sjálfu sér ekki nema gott til þess að vita, að þm. vilja vera réttlátir og hlutlausir í stjórnarathöfnum og vilja, að það komi til framkvæmda, að slíkar reglur séu settar hjá okkur, sem tryggi það sem bezt, eins og mér skilst að ætlunin sé með þessari þáltill. En ég er hins vegar sjálfur þeirrar skoðunar, að till. út af fyrir sig sé byggð á verulegum grundvallarmisskilningi á okkar stjórnskipunarlögum og okkar venjubundna þingræði. En ég skal ekki fara nánar út í þá sálma.

Það var talað um áðan af hv. 1. flm., að „ef menn væru sekir í embættaveitingum", og augljóst væri, hverjir væru þeir „seku". Það áttu að vera við ráðh. Sjálfstfl. og þá sennilega einna helzt ég, sem embættaveitingar í okkar hópi heyra öllu helzt undir. Talað var um „jafnseka" stjórnarflokka o. s. frv. Ég ætla af þessu tilefni að fara yfir þær embættaveitingar, sem ég hef staðið að í minni stjórnartíð, og alveg sérstaklega vegna þess, að það hefur verið sagt í umr. af hv. 1. flm., að menn þyrftu að hafa flokksskírteini upp á vasann til þess að fá embætti, sýslumannsembætti og dómaraembætti og önnur slík embætti, og reynslan af embættaveitingum sannaði það. Ég hef hér fyrir framan mig lista yfir embættaveitingar í dómarastöður og sýslumannsembætti og fógeta, samtals 19, á þeim rúmum fjórum árum, sem ég hef haft veitingarvaldið.

Ég skal fara fljótt yfir sögu. Hinn 30. apríl 1964 var Ásberg Sigurðsson skipaður sýslumaður í Barðastrandarsýslu. Ásberg Sigurðsson hefur setið hér á þingi, og vita allir, að hann er sjálfstæðismaður. Umsækjendur með Ásberg Sigurðssyni voru Bárður Jakobsson og Pétur Gautur Kristjánsson, báðir sjálfstæðismenn. Hvernig átti að veita manni úr öðrum flokki embættið? Eða er hægt að veita embætti mönnum, sem ekki sækja um það? Og átti ég ekki að veita neinum af þessum þremur sjálfstæðismönnum embættið, bara af því að þeir voru sjálfstæðismenn, en auglýsa að nýju og litast um eftir öðrum í embættið?

Hinn 23. maí 1964 var skipað í tvö dómaraembætti í Hæstarétti. Einar Arnalds var skipaður í annað og Logi Einarsson í hitt. Um þessi embætti sóttu nokkrir aðrir menn, bæði sjálfstæðismenn og framsóknarmenn. Ég hygg, að það hafi sótt tveir framsóknarmenn og fjórir sjálfstæðismenn, og einn af þessum 4 er Logi Einarsson. Hinn, Einar Arnalds, var talinn áður Alþýðuflokksmaður, en hvorugur þessara manna hafði nokkurn tíma haft pólitísk afskipti, og mér er ókunnugt um, að þeir hafi nokkurn tíma verið innritaðir í nokkur stjórnmálafélög, enda held ég, að þessi veiting dómaraembættanna hafi aldrei verið gagnrýnd af neinum.

Hinn 3. júlí 1964 skipaði ég Hákon Guðmundsson í yfirborgardómaraembættið í Reykjavík. Aðrir 8 menn sóttu, þar af 7 sjálfstæðismenn. Mér er ekki kunnugt um, að Hákon Guðmundsson hafi nokkurn tíma haft neitt skírteini upp á vasann um, að hann væri sjálfstæðismaður.

Hinn 3. júlí 1964 skipaði ég í yfirsakadómaraembættið í Reykjavík. Þórður Björnsson hlaut stöðuna.

Hinn 8. maí 1965 skipaði ég Friðjón Þórðarson í sýslumannsembættið í Snæfellsnessýslu. Aðrir umsækjendur voru Benedikt Blöndal, Jón Magnússon og Jón A. Ólafsson. Friðjón var áður sýslumaður í Dalasýslu, eins og kunnugt er. Hitt voru allt yngri menn, og ég veit, að tveir þeirra eru sjálfstæðismenn. Um þann þriðja veit ég ekki, hvort hann hefur verið eða er einhvers staðar í flokki.

Hinn 7. júlí 1965 skipaði ég Yngva Ólafsson í sýslumannsembættið í Dalasýslu. Um embættið sóttu einnig Bárður Jakobsson, Benedikt Blöndal, Guðlaugur Einarsson, Pétur Gautur Kristjánsson, allt sjálfstæðismenn. Yngvi Ólafsson hafði lengstan embættisaldur af þessum mönnum í þjónustu ríkisins. Ég átti ekki kost á að skipa mann úr neinum öðrum flokki.

Hinn 3. nóv. 1965 skipaði ég Unnstein Beck í borgarfógetaembætti í Reykjavík. Það sóttu sjálfstæðismenn um þetta embætti, en mér er ekki kunnugt um, að Unnsteinn Beck hafi nokkurn tíma verið sjálfstæðismaður eða haft neitt skírteini upp á það, að hann væri flokksbundinn sjálfstæðismaður, heldur þvert á móti. Mér hefur verið sagt, að hann væri í öðrum flokki.

Hinn 6. nóv. 1965 skipaði ég Einar Ingimundarson í bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði. Um það sóttu Björn Sveinbjörnsson og Jóhann Gunnar Ólafsson, og það mál er svo

kunnugt og var svo mikið um það deilt hér á sínum tíma, að ég skal ekkert fara frekar út í það að þessu sinni. Það yrði aðeins til þess að ýfa upp deilur. Það er ekki það, sem fyrir mér vakir, heldur það að gera hv. Sþ. grein fyrir þeim embættaveitingum, sem ég hef staðið að.

Hinn 22. des. 1965 skipaði ég Benedikt Sigurjónsson í dómaraembætti í Hæstarétti. Það hefur ekki farið dult, að hann væri framsóknarmaður. Um þetta embætti sóttu tveir sjálfstæðismenn og tveir framsóknarmenn.

Hinn 22. des. 1965 skipaði ég Elías I. Elíasson í bæjarfógetaembættið á Siglufirði. Hann var fulltrúi í dómsmrn. og hafði starfað þar lengi, og aðrir, sem sóttu, voru miklu yngri starfsmenn, a. m. k. á ríkisins vegum í stjórnarráðinu, en það voru tveir aðrir sjálfstæðismenn, sem sóttu. Annar hafði verið starfsmaður ríkisins á öðrum vettvangi, en var að vísu eldri maður, einn framsóknarmaður, sem var yngri, starfsmaður í fjmrn.

Hinn 25. ágúst skipaði ég Hafstein Hafsteinsson í lögreglustjóraembættið í Bolungarvík. Um það sótti einnig Þorsteinn Geirsson. Ég hygg, að hann sé sjálfstæðismaður líka. Þetta voru jafngamlir menn. En um lögreglustjóraembættið gildir það, að það á að skipa í það að fenginni till. hreppsnefndarinnar, og hún mælti með Hafsteini Hafsteinssyni.

Hinn 5. des. 1966 skipaði ég í sýslumannsembættið í Suður-Múlasýslu. Valtýr Guðmundsson hlaut embættið. Það var enginn annar umsækjandi.

Hinn 20. des. 1967 skipaði ég í borgardómaraembætti í Reykjavík. Magnús Thoroddsen hlaut embættið. Það var enginn annar umsækjandi.

Hinn 20. marz 1967 skipaði ég Halldór S. Rafnar í borgarfógetaembætti í Reykjavík. Um það sóttu þrír aðrir menn á svipuðu reki og Halldór, en Halldór hafði eindregin meðmæli yfirborgarfógeta.

Hinn 18. maí 1967 skipaði ég Friðjón Skarphéðinsson í yfirborgarfógetaembættið í Reykjavík. Um það sóttu tveir aðrir menn, Jónas Thoroddsen og Unnsteinn Beck. Friðjón Skarphéðinsson var langelztur sem lögfræðingur af þessum mönnum og hafði einnig gegnt þeim stöðum, að ég hygg, að það hafi ekki þótt álitamál, að hann hlyti þessa stöðu, en hann var nú því miður ekki með sjálfstæðisskírteini upp á vasann.

Hinn 16. júlí 1967 skipaði ég Jónas Thoroddsen bæjarfógeta á Akranesi. Um það sóttu 4 aðrir menn, ungir menn og sumir ópólitískir, en mér var kunnugt um, að sumir voru sjálfstæðismenn. Um hina veit ég ekki. Ég get nefnt þá Jónatan Þórmundsson, ungan, efnilegan lögfræðing, og Sverri Einarsson, einnig efnilegan lögfræðing. En Jónas Thoroddsen var langelztur þessara manna og hafði áður gegnt sjálfstæðu embætti, verið borgarfógeti í Reykjavík.

Hinn 21. júní 1967 skipaði ég Ófeig Eiríksson í bæjarfógetaembættið á Akureyri. Um það sótti einn annar, Sigurður M. Helgason, sem lengi hafði gegnt fulltrúastöðu í embættinu. Þarna getur verið álitamál, og ég ætla aðeins að staldra við það, hvernig eigi að skipa í embætti eins og þetta. Það sækir um það fulltrúi, sem er búinn að vera þar mjög lengi og hefur gegnt sínu fulltrúastarfi óaðfinnanlega, eftir því sem mér er bezt kunnugt um, og oft gegnt embættinu í fjarveru fógetans. Ég hef áður lýst því sjónarmiði mínu, að ég hef látið ráða og haft í huga í sambandi við embættaveitingar, bæði í sambandi við þetta mál og önnur, hvaða öðrum embættum menn hafi gegnt, og ég hef viljað leggja á það áherzlu, að eftir þeim sé munað, sem gegnt hafa lélegum embættum um langan tíma eða hinum minni, þegar betri embætti eru veitt. Það hafði ég í huga og gerði þinginu grein fyrir á sínum tíma í sambandi við veitingu Einars Ingimundarsonar fyrir bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði og sýslumannsembættinu í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Ófeigur Eiríksson hafði verið fulltrúi á Siglufirði á sínum tíma og gegnt því embætti í fjarveru fógetans. Síðan hafði hann verið bæjarfógeti í Neskaupstað. Það voru auðvitað bæði nokkuð lítil embætti og afskekkt og svo mjög, að þegar Neskaupstaðarembættið var auglýst, eftir að Ófeigi var veitt Akureyri, sótti enginn um það embætti. Það stendur nú fyrir dyrum að gera aðra tilraun. En ég fékk fráfarandi bæjarfógeta á Akranesi, sem hafði látið af embætti fyrir aldurs sakir, til þess að gegna þessu embætti fram til vorsins.

Hv. 1. flm. þáltill. vék t. d. að því, að það gæti verið rétt að hafa þá aðferð að láta sýslunefndir og bæjarstjórnir segja álit sitt, þegar á að veita stöður sýslumanna og bæjarfógeta og það hefði t. d. kannske getað haft áhrif á dómsmrh., þegar embættið var veitt í Hafnarfirði. Ég man ekki betur en faðir minn segði mér það, að þegar hann sótti um Akureyri á sínum tíma og sýslumannsembættið í Eyjafjarðarsýslu — hann var þá kornungur lögfræðingur og hafði verið fulltrúi þar hjá embættinu — en Steingrímur Jónsson, sem þá var sýslumaður á Húsavík sótti um embættið, reyndur embættismaður og stjórnmálamaður á merkum tíma hér, eins og kunnugt er, og miklu eldri, að þá komu áskoranir frá sýslunefndum og ágætum vinum hans í Eyjafirði og á Akureyri um að honum yrði veitt embættið, en Steingrími Jónssyni var veitt embættið og síðan föður mínum Húsavík eða Þingeyjarsýslan réttara sagt. Og ég hygg, að það mundi oft fara svo hjá sýslunefndunum, að þeir, sem hefðu starfað einhvern tíma með þeim, annaðhvort sem fulltrúar eða embættismenn, hlytu meðmælin, og þá mundu kannske miklu fremur persónuleg sjónarmið ráða en hjá þeim ráðh., sem á þó að vera pólitískt ábyrgur gerða sinna í sambandi við embættaveitingar. Þessu vildi ég nú leyfa mér að skjóta hér inn.

Hinn 9. ágúst 1967 veitti ég borgarfógetaembætti í Reykjavík Sigurði Helgasyni, en

um það embætti sóttu alls 4 menn, 3 aðrir fulltrúar. Þetta voru allt fulltrúar, og allir hinir fulltrúarnir voru sjálfstæðismenn og höfðu allir reynzt vel í sínum störfum, en Sigurður Helgason hlaut þetta embætti.

Það getur vel verið, að aðrir í minni stöðu hefðu veitt einhver af þessum embættum öðruvísi en ég. En menn sjá bara af þessu, hvað það er fráleitt að halda því fram, að það sé alveg óumdeilanlegt og hafi sérstaklega í seinni tíð verið augljóst, hversu embættaveitingarnar séu pólitískar. Það sjá menn af því, sem ég hef gert grein fyrir. Það er í fjölmörgum tilfellum, að enginn efi er á því, hver af eðlilegum, almennum ástæðum á að hljóta embættið. Í öðrum tilfellum er aðeins einn umsækjandi og í mörgum tilfellum einungis sjálfstæðismenn, sem sækja um embættið, og svo er ég ásakaður fyrir það að veita sjálfstæðismönnum og engum öðrum embætti. Menn verða að vita svolítið, hvað þeir eru að tala um, og þess vegna er það svo langt í frá, að listinn í Alþýðumanninum, sem hv. 1. flm. vitnaði til, hafi nokkuð sannað hans mál, að pólitískar embættaveitingar hafi farið í vöxt, vegna þess að þetta var aldrei nema hálfkveðin vísa. Það var engin grein gerð fyrir því, hvernig á hefði staðið í sambandi við embættaveitingarnar, eins og ég hef verið að reyna að gera grein fyrir hér um þær embættaveitingar, sem ég hef sjálfur staðið að.

Að öðrum þræði hef ég veitingar á læknisembættunum. Ég held, að það séu ein 18—20 læknisembætti, sem ég hef veitt. Ég hef ekki heyrt neinn tala um þær embættaveitingar, en ég minnist hins vegar frá fyrri tíð töluvert mikilla deilna, sem staðið hafa um læknaembættaveitingar og ekki sízt af pólitískum ástæðum.

Mér þykir vænt um að hafa fengið tækifæri til þess að geta gert hv. Sþ. grein fyrir þessu máli, eins og ég sagði áðan, í þeirri von, að menn geti talað fordómalaust og rólega um þessi mál, án nokkurra æsinga út af einstökum aðgerðum í sambandi við embættaveitingarnar.

Það er misskilningur hjá hv. 1. flm., að það sé táknrænt fyrir það, hve embættaveitingarnar séu orðnar pólitískar, hve fáir sækja um embættin úti á landi. En það er ekki táknrænt fyrir það, að þær séu pólitískar. Það er varla hægt að fá menn, því miður, héðan úr Reykjavík eða nágrenni til þess að sækja um ágætis embætti úti á landi, beztu embættin. Þetta er bara af því, að menn vilja ekki vera úti í dreifbýli, sem kallað er, eða úti í kaupstöðunum og kauptúnunum úti á landi, og sjálfum finnst mér þetta mjög geigvænlegt, og ég hef verið alveg undrandi á því, hversu ungir lögfræðingar og aðrir sækjast lítið eftir því að byrja sinn feril í embættum úti á landi. Og þetta á við mörg fleiri embætti eða störf, sem mér er allvel kunnugt um. Mér er kunnugt um, hvað hefur verið erfitt um vik t. d. við að fá jafnvel menn til þess að taka að sér stjórn útibúa bankanna, sem eru þó með beztu stöðum úti á landi, af því að menn fást ekki til þess að sækja þangað. Og þar er engum pólitískum ástæðum fyrir að fara.

Aðeins vegna þess, að það hefur verið margstaðhæft, að embættaveitingarnar hafi óumdeilanlega orðið miklu pólitískari í seinni tíð, vil ég minna á, að í dómsmálaráðherratíð framsóknarmanna, þegar þeir fóru með embættaveitingarnar frá 1935—1942, eru veitt 13 sýslumanns- og bæjarfógetaembætti. Ég skal ekki fara frekar út í þessar embættaveitingar að öðru en því, að 12 framsóknarmönnum eru veitt þessi embætti, og einn sjálfstæðismaður hlaut embætti í þessari tíð. Fyrstu embættin fimm eru auglýst, eins og þá var venja og talið, að rétt væri að gera og hefur alltaf verið gert um þau embætti, sem konungur veitti, en þau svara til þeirra embætta, sem forseti veitir nú og er beinlínis orðið bundið með lögum frá 1954, en var þá venja. Fyrstu fimm embættin eru auglýst. Síðan eru embættin ekki auglýst úr því. En fyrir utan það, sem ég sagði áðan, eru fjögur af þessum embættum veitt gagnstætt ákvæðum laga. Mennirnir uppfylla ekki skilyrði til þess að setjast í embætti, til þess að vera skipaðir í embætti, en það eru fjórir ungir framsóknarmenn á þessum tíma settir í embætti til þess að öðlast reynsluna, sem lögin gera ráð fyrir að þeir hafi, hjá sjálfum sér, til þess svo að hægt sé að skipa þá eftir þrjú ár.

Það var deilt mikið um Hafnarfjörð. Ég skal ekki rifja það upp, en dómsmrh., sem þá fór með völd, auglýsti öll þau 10 embætti, sem kom til greina að skipa í meðan hann var dómsmrh., nema eitt, Hafnarfjörð. Hann skipaði í embættið án auglýsingar. Hefði ég haft sama hátt á og ekki auglýst embættið, og við skulum segja, veitt yngsta manninum, Birni Sveinbjörnssyni, embættið og honum hefði enzt aldur til að halda því til sjötíu ára aldurs, þá hefðu engir átt kost á því að sækja um þetta embætti í meira en hálfa öld, í 55 ár.

Ég ætla mér alls ekki á nokkurn hátt að gera neina tilraun til þess að hvítþvo mig af þeim embættaveitingum, sem ég hef staðið í. En það hefur verið dregin upp ákaflega röng mynd og gefið í skyn allt annað um þær embættaveitingar en rétt er og satt, og ég er sannfærður um og hef það mikla trú á réttsýni hv. 1. flm. þessarar till. og sérstaklega vegna þess, hve hann vill leggja mikla áherzlu á, að menn séu réttlátir og hlutlausir, að hann, eftir að hafa fengið þessa greinargerð um þær embættaveitingar, sem ég hef staðið að, taki nokkru varlegar um þær og gefi nokkru minna í skyn um pólitískar og óréttlátar embættaveitingar en hann hefur gert fram að þessu.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 13. marz, var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

17. Endurskoðun á rekstri ríkissjóðs og ríkisstofnana.

Á deildafundum 13. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun á rekstri ríkissjóðs og ríkisstofnana, þar sem stefnt yrði að aukinni hagkvæmni og sparnaði [133. mál] (A. 281).

Á 38., 40., 41. og 43. fundi í Sþ., 14., 21. og 28. febr., 6. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Sþ., 13. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Við afgreiðslu fjárl. fyrir áramótin síðustu lýstum við í minni hl. fjvn. því yfir, að við mundum síðar á þessu þingi bera fram till. til þál. sem fæli í sér, að kosin yrði sérstök n. til þess ásamt hagsýslustjóra að endurskoða rekstur ríkissjóðs og ríkisstofnana með það fyrir augum, að stefnt yrði að hagkvæmni og sparnaði í rekstrinum. Ástæðan til þess, að við leggjum þessa till. hér fram og lýstum því yfir í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, er sú, að þrátt fyrir margyfirlýsta stefnu hæstv. ríkisstj., hefur staðreyndin orðið sú á síðari árum, að útþensla ríkiskerfisins hefur vaxið með hverju nýju fjárlagaári. Þetta hefur verið, þrátt fyrir þessar yfirlýsingar, og hefur þessi útþensla ekki verið nema að nokkru leyti ákvörðuð af Alþ., heldur af ríkisstj. sjálfri að verulegu leyti.

Enn fremur hefur það gerzt, að þó að Alþ. væri búið að ganga frá fjárl., hefur hæstv. ríkisstj. að einum eða tveimur mánuðum liðnum tekið fjárl. og breytt þeim að verulegu leyti. Þetta átti sér stað 1965 og aftur á fjárl. 1967, og þetta á að eiga sér stað á fjárl. 1968. Þau vinnubrögð, sem hafa verið viðhöfð í sambandi við þessa afgreiðslu á fjárl., hafa verið þau, að hér á hv. Alþ. hefur verið lagt fram frv., sem hefur gengið hér deilda á milli og farið í fjhn., en fjvn. hefur ekkert haft um það að segja, hvernig þessi breyting hefur átt sér stað eða hver áhrif hún hefði á fjárl., sem voru nýafgreidd, vegna þess að fjvn. hefur á engan hátt fjallað um málið. Það er okkar skoðun, sem að þessari till. á þskj. 281 stöndum, að með þessu sé verið að taka fjárveitingavaldið að nokkru leyti úr höndum Alþ. og gera fjvn. mjög áhrifalitla um afgreiðslu fjárl. Við höfum líka áður að því vikið, að fjárl. eru undirbúin í fjmrn. og minni hl. Alþ. hefur ekkert um þann undirbúning að segja. Það er aðeins sá tími að haustinu, sem hann hefur til að vinna að fjárlagafrv., sem áhrifa minni hl. Alþ. gætir að nokkru ráði.

Það hefur líka sýnt sig, að sá tími, sem er valinn til þess að vinna að fjárlagaafgreiðslunni, hefur verið mjög takmarkaður, og hefur það orðið fjárlagaafgreiðslunni að sumu leyti til tjóns. Við teljum því, að nauðsyn beri til að taka þessi mál öll til endurskoðunar, sjálft ríkiskerfið og vinnubrögðin við fjárlagaafgreiðsluna, bæði að undirbúningi fjárl. og eins ef ætti að breyta fjárl., eins og gert hefur verið nú þau ár, sem ég vitnaði til, þá ætti sú breyting að vera gerð í samráði við fjvn. og fjvn. fengi að vinna að henni. Það er með öllu óhugsandi, að Alþ. geti unað því, að nýafgreidd fjárl. séu meðhöndluð eins og gert hefur verið af af hæstv. ríkisstj. nú í þriðja sinn með þeirri breytingu, sem nú liggur fyrir hv. Alþ.

Ég mun ekki í sambandi við þessa till. fara almennt út í að ræða þessi mál eða útþenslu ríkiskerfisins, vil aðeins taka það fram, að ekki mun vera að því horfið, að stefna ríkisstj. miðist við að draga úr þessari útþenslu, því að fyrir þessu hv. Alþ. liggja frumvarpsbálkar um brunamálastofnun, siglingamálastofnun, um heilbrigðiseftirlit, sem allir munu ganga í þá átt að auka útþenslu ríkiskerfisins mjög verulega. En þar sem ég geri ráð fyrir því, að í sambandi við frv. það, sem hér liggur fyrir um ráðstöfun hæstv. ríkisstj. í sambandi við breytingu á fjárl., verði þessi mál almennt rædd, mun ég ekki fara út í almennar umr. núna.

Ég vil undirstrika það, að við viljum með þessari till. leita eftir því að fá samstöðu á Alþ. um að gera Alþ. áhrifameira um fjárlagaafgreiðsluna og það verði bezt gert með því, að fjvn. verði gerð virkari um afgreiðslu fjárl., og þar á ég við undirbúning fjárl. og þær breytingar, sem kynnu að verða gerðar á fjárl. eftir að þau hafa verið afgreidd, og að nauðsyn beri til að endurskoða rekstur ríkiskerfisins í heild og þess vegna beri að kjósa n. til þess, eins og hér er lagt til.

Ef um samstöðu um þetta mál væri að ræða frá hendi hæstv. ríkisstj., erum við flm. þessarar till. til viðtals um það að gera á henni breytingu, sem gengi í þá átt, sem ég hef hér rætt.

Ég legg svo til, herra forseti, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til síðari umr. og fjvn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er vissulega góðra gjalda vert, ef menn vilja leggja sitt lið til þess að draga úr kostnaði við ríkisreksturinn og benda á raunhæf úrræði í þá átt. Og vissulega ber að þakka

alla jákvæða viðleitni, sem að því marki stefnir. Hins vegar get ég ekki að því gert, að mér finnst till. þessi, eins og hún er fram sett og eins og allur rökstuðningur hennar er, ekki benda til þess, að það vaki fyrir hv. flm. að leggja sérstaklega jákvætt til þessara mála. Og það harma ég. Rökstuðningur till. er allur með þeim hætti, að það verður, held ég, ekki annað sagt en með því að fallast á hana væri í rauninni fallizt á yfirlýsingu um það, að sérstaklega illa hefði verið haldið á fjármálum ríkisins nú síðustu árin. Hefðu hv. flm. haft áhuga á því að fá jákvæða afstöðu til till., hygg ég, að þeir a. m. k. við nánari athugun mundu sjá, að þessi rökstuðningur fyrir henni er ekki ákaflega skynsamlegur. Mér sýnist, að till., eins og hún er, sé nánast yfirlýsing um vantraust á þá menn, sem í dag og undanfarin ár hafa farið með embætti fjmrh., og það þurfi í rauninni að setja þá undir sérstakt eftirlit.

Ég hefði ekkert á móti því, að fjvn. Alþ. hefði meiri afskipti af fjárl., og ég benti á það við afgreiðslu fjárl. fyrir áramót, að mér fyndist það vel geta komið til athugunar að finna eitthvert form fyrir því, að fjvn. gæti betur fylgzt með undirbúningi fjárl. En fullyrðing um það, að nú sé alveg sérstök nauðsyn á því að setja niður hvorki meira né minna en 7 manna n. til þess að rannsaka allan rekstur ríkissjóðs og ríkisstofnana vegna þess að það hafi ekki verið vel haldið á þessum málum, það get ég ekki fallizt á, og kannske láir mér það enginn. Auðvitað má endalaust um þetta deila. Það hefur ætíð verið vinsælt efni á Alþ. að tala um það, að óhæfileg eyðsla væri í ríkisbúskapnum, og vissulega er ekki að efa, að það mætti koma þar við einhverjum auknum sparnaði, enda hefur verið markvisst unnið í þá átt, ekki aðeins af núv. fjmrh., heldur fyrirrennurum hans með ýmsum hætti, þó að ég hins vegar leyfi mér að halda því fram, að það hafi aldrei verið gert með kerfisbundnari hætti en einmitt nú, þannig að þessar fullyrðingar séu algerlega út í hött, að það sé einhver sérstök nauðsyn nú til þess að grípa inn í þessi mál með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir.

Fjárl. hafa vitanlega hækkað í tíð núv. ríkisstj. Þau hafa hækkað í tíð allra ríkisstj. frá ári til árs. Ég man aldrei til þess, að fjárl. hafi lækkað, hver sem með embætti fjmrh. hefur farið, og hlutfallslega hefur hækkun þeirra ekkert verið meiri nú en oft áður. Og það gefur auga leið miðað við það, sem hefur verið að gerast í okkar þjóðfélagi, með stækkun þess, með margvíslega aukinni þjónustu, sem Alþ. hefur sett löggjöf um á hverjum tíma, þá hefur tilkostnaður við ríkisbúskapinn í heild stórlega vaxið. Og af þeim sökum hafa auðvitað fjárl. hækkað ár frá ári. Þetta breytir auðvitað ekki því, að það er nauðsynlegt að koma við allri þeirri hagkvæmni, sem hægt er að beita. Og ég hygg, að allir fjmrh. hafi reynt það eftir beztu getu.

Það eru nú um það bil tveir áratugir síðan ég fór að hafa afskipti af fjármálum ríkisins, fyrst sem starfsmaður í fjmrn. og hafandi þá nána samvinnu um árabil við þáv. fjmrh., fyrrv. formann Framsfl., og síðan ýmist sem formaður eða eigandi setu í fjvn. og loks núna á þriðja ár sem fjmrh., þannig að ég hef nokkra yfirsýn yfir það, að ég hygg, hvernig að þessum málum hefur verið unnið á þessum tíma. Ég held, að það fyrsta, sem skipulega hefur verið gert í sambandi við hagsýslumál og kerfisbundnar aðgerðir til sparnaðar við ríkisrekstur inn, hafi verið frv., sem undirbúið var í ráðherratíð Jóhanns Þ. Jósefssonar, um ráðsmann ríkisins, þar sem gert var ráð fyrir að setja á stofn sérstakt embætti, mann, sem hefði mjög víðtækt vald til þess að gera ráðstafanir til sparnaðar í ríkisrekstrinum. Þetta frv. náði ekki fram að ganga, m. a. vegna þess, að þáv. samstarfsflokkar töldu, að með þessu móti væri allt of mikið vald lagt í hendur fjmrh. og því ekki hægt á það að fallast. Síðan gerist það nokkru síðar, að fenginn er starfsmaður frá Ameríku, sérfræðingur, til þess að kanna rekstur ríkisins, og hann skilaði um það allýtarlegri álitsgerð. Í fjmrh.-tíð Eysteins Jónssonar voru gerðar ýmsar ráðstafanir í þá átt að koma við sparnaði, sem eins og ætíð hefur komið á daginn reynist torveldara en menn álíta. Einu sinni var hugsunin sú, að það ætti að skila öllum ríkisbifreiðum. Niðurstaðan varð sú, að það var skilað einni bifreið. Í annað skipti átti að fækka töluvert mikið starfsmönnum hjá ríkinu. Ef ég man rétt, varð niðurstaðan sú, að það var sagt upp einum dyraverði. Ég er ekki að segja þetta til þess að gera lítið úr þeim vilja, sem lá að baki hjá þeim mæta manni, sem þá var fjmrh., heldur aðeins til þess að benda á, hvað þægilegt er við þessi verkefni að fást. Tvær eða þrjár sparnaðarnefndir hafa verið starfandi og gert langar álitsgerðir, m. a. skilaði sparnaðarnefnd, sem starfaði í tíð vinstri stjórnarinnar, langri álitsgerð. Og sú álitsgerð var svo fengin annarri sparnaðarnefnd seinna á starfstíma þeirrar stjórnar. Ég veit ekki til, að nokkuð af því, sem sú n. benti á, hafi verið tekið þar til meðferðar á þann hátt, að það hafi verið reynt að framkvæma það. Ég efa ekki, að það hafi verið vilji fyrir því, en það hefur reynzt vera miklu erfiðara en allt þetta áróðurstal manna oft og tíðum bendir til, að þetta mál sé. Þetta er allt miklu flóknara og vandasamara.

Ýmiss konar önnur viðleitni hefur verið í þessa átt. Í tíð vinstri stjórnarinnar var sett í lög, að þriggja manna n., svokölluð bremsunefnd, skyldi fá til meðferðar allar nýjar mannaráðningar hjá ríkinu. Ég álít, að þetta hafi verið mjög jákvæð ráðstöfun, og þessi n. er starfandi enn í dag. Það er svo mikið álitamál að vísu, hvað hefur tekizt að sporna gegn fjölgun ríkisstarfsmanna með þessum hætti. Það hefur komið á daginn, þegar sett var á laggirnar fyrir stuttu launamálanefnd í fjmrn. og farið var að kanna þessi mál og kryfja til mergjar, þá virtist reynslan vera sú, að það

væri mjög vafasamt, hvað hefði tekizt að sporna gegn mannaráðningum, því að niðurstaðan mundi í mörgum tilfellum hafa verið sú, að stofnanirnar hefðu bara lausráðið mennina, þegar þeim var neitað um að fastráða þá, þannig að það hafi verið mjög takmarkað, hvaða árangur af þessu varð. Engu að síður var á bak við þetta góður vilji, og ber síður en svo að lasta það.

Í tíð fyrirrennara míns var ríkisendurskoðanda sérstaklega falið að sinna hagsýslustörfum og hafa yfirstjórn þeirra með höndum og sérstakir trúnaðarmenn settir jafnframt með honum, m. a. formaður fjvn., til þess að gera till. um, hvað auðið væri að gera í sparnaðarátt. Síðan hefur það gerzt, sem er það síðasta í þessum efnum, að komið hefur verið á fót sérstakri fjárlaga- og hagsýsludeild í fjmrn. undir yfirstjórn hagsýslustjóra, sem er hugsun nokkuð svipuð því, sem á sínum tíma kom fram í frv. um stofnun embættis ríkisráðsmanns. Og ég hygg, að það sé samdóma álit allra, ekki aðeins ríkisstj., heldur einnig annarra, sem þessum málum hafa kynnzt, og m. a. fjvn.-manna, einnig úr minni hl., að þetta hafi verið mjög jákvæð ráðstöfun, sem gæti leitt til góðs í þessum efnum, því að það hefur komið í ljós, bæði í athugunum þeirra einstöku nefnda, sem að þessu hafa unnið, og einnig þeirra hagsýslutrúnaðarmanna, sem starfandi voru áður en hagsýslustofnunin tók til starfa, að það væri í rauninni ákaflega erfitt að vinna að þessu, nema samfellt væri að því unnið af einhverjum ákveðnum aðila. Og þó að það þyki kannske ekki viðeigandi af mér að vera að stæra mig af því, sem gerzt hafi á síðustu árum í þessu efni, vil ég þó leyfa mér að halda því fram, eins og ég sagði áðan, að það hafi aldrei áður verið unnið með kerfisbundnari hætti að þessum málum og fleiri ráðstafanir gerðar til þess að reyna að taka rekstur ríkisstofnana föstum tökum. Það er svo enn þá auðvitað margt, sem er hægt að gera í þessa átt og að verður unnið, og mér er fullkomlega ljóst, að það er þörf á því að taka ýmis mál í þessum efnum fastari tökum.

Það mun hins vegar koma á daginn, og mönnum verður það vafalaust ljóst, þegar farið verður að ræða hér frv. um ráðstafanir til lækkunar á útgjöldum ríkissjóðs, að það er ekkert auðvelt mál að draga úr útgjöldum ríkisins, nema þá hreinlega að breyta löggjöf, sem Alþ. hefur sett. Það er auðvitað hægt að lækka verulega ríkisútgjöld, ef menn vilja draga úr þeirri þjónustu, sem ríkið veitir borgurunum. En ég efast um það, að menn séu reiðubúnir til þess. Það kemur auðvitað á daginn á sínum tíma, hvað menn hugsa í því, en mér skilst í rauninni, að þessi till. feli það ekki í sér, heldur eigi hún nánast að vera um það eitt að endurskoða rekstur ríkissjóðs og stofnana hans, ríkisstofnana, með það í huga, að koma eigi við aukinni hagkvæmni og sparnaði. Þetta tel ég sem sagt að sé í fullum gangi nú og gersamlega ástæðulaust, a. m. k. með því hugarfari, sem þessi till. virðist vera flutt, að fara að setja upp sérstaka 7 manna þingkjörna n., til þess að vinna að þeim málum við hlið þeirra manna, sem bezt þekkja til í þessum efnum. Það mun ekki skila neinni jákvæðri niðurstöðu. Ég hins vegar tel, eins og ég hef áður sagt, að það geti vel komið til mála, að fjvn. eða undirnefnd hennar starfi lengur en Alþ. starfar og fái sérstaka aðstöðu til þess að fylgjast með því, sem gert er í þessum efnum, að koma á framfæri ábendingum sínum varðandi einstök atriði. Hitt held ég, að öllum hv. þm. hljóti að vera ljóst, að það er auðvitað ekki hægt fyrir minni hl. fjvn. að undirbúa fjárl., og ég efast satt að segja um það, að hv. þm., sem að þessari till. standa, hafi hugsað það mál til hlítar. Fjárl. eru eitt helzta vandamál og viðfangsefni hverrar ríkisstj. og eru spegilmynd af þeirri stefnu, sem ráðandi er í efnahagsmálum, að meira eða minna leyti, og hlýtur það auðvitað þess vegna að vera á ábyrgð ríkisstj., hvernig hún semur þessi fjárl. Ég er í stórum vafa um það, að stjórnarandstæðingar, hverjir sem þeir eru á hverjum tíma, mundu kæra sig ákaflega mikið um að vera settir í þá aðstöðu að eiga að bera ábyrgð á því, hvernig fjárl. eru samin, sem eins og ég segi, hljóta alltaf að markast af því, hvaða skoðanir ríkisstj. hefur á fjármálunum almennt í landinu og hvaða stefnu hún vill í þeim fylgja. Þess vegna held ég, að það sé mjög erfitt að koma því við í einstökum atriðum, að fjárlagaundirbúningur sé unninn af einhverri þingkjörinni n. Það hlýtur fyrst og fremst að vera fjmrh., sem undirbýr fjárl., og hann gerir það á sína eigin ábyrgð og kemst ekki undan því. Hitt er allt annað mál, þó að fjvn. fengi aðstöðu til að fylgjast með einstökum þáttum hagsýslustarfa og gæti komið sínum sjónarmiðum að. Ég held, að það hafi hins vegar verið mjög jákvæð ráðstöfun í sambandi við fjárlagaundirbúning, sem gerð var fyrir nokkrum árum, að láta formann fjvn. fylgjast með undirbúningnum. Hann er á hverjum tíma að sjálfsögðu forustumaður stjórnarliðsins í fjvn. og hefur þá aðstöðu til þess að fylgjast með málunum frá fyrstu tíð og hefur þannig betri aðstöðu til þess að útskýra þau, þegar fjvn. fær þau til meðferðar á Alþ.

Það má nú kannske á það benda hér í þessari till., að það er vafasamt, að það sé mikið samræmi í till. sjálfri og rökstuðningi hennar, þar sem talað er um í till., að þessi 7 manna n. eigi fyrst og fremst að starfa að auknum sparnaði og hagkvæmni í ríkisrekstri, en síðan er það fært fram sem rök fyrir till., að ríkisstj. hafi eftir samþykkt fjárl. á undanförnum árum breytt fjárl. Hún breytti fjárl. í þessum tilfellum öllum til lækkunar, þannig að varla verður hún ásökuð fyrir það, að það sýni aukna eyðslutilhneigingu, þannig að hvað sem segja má um þá ráðstöfun út af fyrir sig, er hún auðvitað engin rök fyrir þessari till., eins og hún er orðuð.

Vitanlega má ótalmargt segja um það mál, sem þessi till. efnislega snertir, og skal ég ekki lengra fara út í þá sálma, nema sérstakt tilefni gefist til. Eins og ég áðan sagði, hef ég síður en svo á móti því, að hv. þm. og hv. stjórnarandstæðingar vilji ljá sitt lið til þess að fást við þetta mikla vandamál, sem eru ríkisútgjöldin hverju sinni, og hjálpa til þess að kryfja það til mergjar, ef það er gert í einlægni í þá átt að leggja jákvætt til mála, en ég held naumast, að hv. flm. geti lagt mér það til lasts, þó að ég lýsi andstöðu minni við þessa till., eins og hún er formuð og eins og rökin fyrir henni eru. Mér sýnist sannast sagna, að þessi rökstuðningur með till. bendi naumast til þess, að hv. flm. hafi mikinn áhuga á, að till. væri samþ. Ef svo væri, hefðu þeir orðað hana á einhvern annan veg og byggt rök sín upp með öðrum hætti.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég gat þess hér áðan, að ég ætlaði mér ekki að fara út í almennar umræður um fjárlagaafgreiðslu eða stefnu hæstv. ríkisstj. um meðferð fjármála eða efnahagsmála. Hæstv. fjmrh. gaf að vísu nokkurt tilefni til slíks, en ég mun nú samt ekki fara langt út í það.

Hæstv. ráðh. sagði, að það gæti enginn láð sér það, þó að hann vildi ekki ganga inn á það, að illa hefði verið á fjármálum haldið hin síðustu árin, a. m. k. undir hans stjórn, og ég ætlast ekki til þess af honum, að hann geri það. En ég held, að það sé jafnsanngjarnt að fara ekki heldur fram á það við mig né aðra stjórnarandstæðinga, að við viðurkennum það, að vel hafi verið á þessum málum haldið hin síðustu ár, því að það væri fjarri öllu lagi og mjög ósanngjarnt. Og ég held, að það geti enginn láð okkur það, þó að við höldum því fram, að útþensla í ríkiskerfinu hafi verið mikil, því að staðreyndirnar sanna sitt mál þar um, eins og mjög lítils háttar er drepið á í grg. fyrir till. okkar hér á þskj. 281. Hægt væri að fara út í langa upptalningu á því, en ég mun ekki gera það að sinni. Ég vil líka segja það um sparnaðartalið, að þrátt fyrir það þótt ég og fleiri stjórnarandstæðingar hafi deilt á hæstv. ríkisstj. og nokkuð mikið fyrir það að hafa á engan hátt sýnt viðleitni í því að draga úr rekstri ríkisins eða gera hann hagkvæmari, þá mun ég þó aldrei eða við aðrir í stjórnarandstöðunni þau ár, sem núv. valdhafar hafa setið á valdastólum, hafa lagt fram eins mikið eða krafizt eins margra fyrirheita og framkvæmda í sparnaði og þessir ráðamenn hafa sjálfir gert á sínum fyrstu árum. Þar skortir okkur mjög á að hafa fundið upp svo mörg sparnaðarfyrirheit og þeir hétu á fyrstu tveimur árum sínum hér í valdastólunum. Hitt vita allir, að þeir hafa gleymt, er til framkvæmdanna átti að koma, og á það höfum við deilt og það með réttu.

Ég þarf ekki að eyða orðum að því, að útþensla í ríkiskerfinu hefur verið geysilega mikil, og það er ekki óeðlilegt, þó að Alþ. vilji, einnig minni hl., fá að kynnast því, hvort hér hafi verið skynsamlega og rétt á málunum haldið, þegar m. a. það er haft í huga, að í sambandi við vinnudeilur í haust var fulltrúum frá verkalýðsfélögunum boðið að setjast upp í hagsýslustofnun og kynna sér undirbúning og gerð fjárl. Það er því ekki undarlegt, þó að alþm. vilji ekki fá verri aðstöðu til þess að kynna sér undirbúning og gerð fjárl. en þessum mönnum var boðið upp á. Ég álít því, og það er ljóst, og ætla ég ekki að fara að deila við hæstv. fjmrh. um það, að það hlýtur auðvitað að vera svo, að hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma ber ábyrgð á fjárl. og meiri hl. Alþ. markar þá fjármálastefnu, sem mörkuð er með fjárl. hverju sinni, en það segir ekki það, að minni hl. ætti ekki að fá að kynnast málunum betur en nú er.

Ég held því fram, að með tveggja mánaða vinnu á hausti, eins og gert er nú, hafi minni hl. í fjvn. ekki þá vinnuaðstöðu, sem hann þarf að hafa til þess að geta tekið að sínu leyti þátt í undirbúningi og afgreiðslu fjárl., og þessu þarf að breyta. Ég held því líka fram, að útþenslan í ríkiskerfinu hafi verið það mikil á síðustu árum, að það sé fullkomin ástæða til, að Alþ. láti athuga það, hvort hér hafi verið nógu skynsamlega og vel á málum haldið. Og ég held því í þriðja lagi fram, að það sé óeðlilegt og ekki viðunandi vinnubrögð, vinnubrögð, sem Alþ. geti ekki unað við, að mikið af fjárl. sé tekið og þeim breytt að tveimur mánuðum liðnum frá samþykkt þeirra og það sé gert uppi í fjmrn. og fjvn. Alþ. eigi engan kost á því sem slík að vinna að því máli eða kynna sér þetta. Þess vegna álít ég, að það þurfi að breyta hér vinnubrögðum frá því, sem nú er, og vegna þess er þessi till. okkar fjórmenninganna flutt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. Hv. þm. sagði, að það hefði engin ríkisstj. farið á stúfana með jafnmörg fyrirheit um sparnað og þessi ríkisstj. Ég hef nú ekki talið það saman á undanförnum árum, hvað hafa verið mörg fyrirheit gefin um sparnað, en ég mundi ráðleggja hv. þm., áður en hann fullyrðir mikið um þetta, að lesa ræður fjmrh., sem sat á árunum 1950—1958, og athuga, hvort hann fyndi ekki einhver slík fyrirheit. Ég held, að öll þessi fyrirheit raunar, hvort sem þau voru gefin af honum, mér eða öðrum fyrirrennurum mínum, hafi verið í þeim anda, að menn hafi lýst vilja sínum til þess að kanna viss úrræði til sparnaðar og það hafi svo gengið með ýmsum hætti, hvernig það hefur tekizt.

Punktarnir, ég man nú ekki, hvað þeir voru margir, sem hv. þm. las upp hér í vetur í nál. fjvn., sem ég stóð að á sínum tíma, áður en ég varð fjmrh., og hefur verið fært mér mjög til lasts, að ég hafi ekki framkvæmt, þeir voru settir fram á sínum tíma sem ábending frá fjvn. til fjmrh. og til athugunar, og ég get fullyrt það, að hvert einasta þessara atriða hefur verið tekið til rækilegrar athugunar. Sumt af þeim hefur þegar verið framkvæmt

og það í rauninni meiri hluti þeirra en jafnvel hefði mátt gera ráð fyrir miðað við það, sem áður hefur gerzt í þeim efnum.

Um önnur atriði er það að segja, að það hefur ekki þótt tiltækilegt að framkvæma þau af ýmsum ástæðum, sem ég skal ekki fara út í hér, því að eins og hv. þm. sagði, vil ég ekki heldur fara almennt að ræða hér um stefnuna í ríkisfjármálum, nema það, sem þessi till. gefur beinlínis tilefni til. Vissulega er alltaf óendanlega margt ógert í þessum efnum, og svo sem ég sagði í minni ræðu áðan, skal ég seinastur manna verða til þess að halda því fram, að það sé ekki margt, sem þyrfti að gera og nauðsynlegt væri að gera í þessum efnum. Hitt hygg ég, að við hv. frsm. og aðalflm. þessarar till. vitum báðir álíka vel, að það er margt, sem formlega séð væri hægt að gera og áreiðanlega mundi horfa til sparnaðar, en af ýmsum ástæðum ekki fæst samkomulag um að gera. Þar kemur til greina, svo að við tökum dæmi, sameining stofnana, sem hefur verið bent á oft og tíðum, að hægt væri að koma við. Ég man eftir því á sínum tíma, fyrir mörgum árum, að ég flutti frv. um að sameina tóbaks- og áfengiseinkasölurnar, en það þótti þá alls ekki gerlegt að gera það. Þar komu til greina forstjóravandamál, og það gerðist svo ekki fyrr en í tíð núv. stjórnarflokka, að þetta var gert. Ég er út af fyrir sig engan að saka um það, þó að þetta hafi tekið á annan áratug, frá því að það var byrjað að tala um það, en svona er með fleiri embætti. Það sitja forstjórar yfir þessum stofnunum, og það vill vera dálítið erfitt að koma sér niður á það, hver þeirra eða hvor á að víkja. Þetta nefni ég aðeins sem dæmi um erfiðleika við að framkvæma ýmsar svona aðgerðir, sem þýðir ekkert annað en gera sér raunhæfa grein fyrir.

Varðandi það, að verkalýðsforingjum hafi verið veitt aðstaða til að fylgjast með undirbúningi fjárl. og þess vegna sé það óhæfa að veita ekki fulltrúum minni hl. á Alþ. aðstöðu til þess, þá er hér um misskilning að ræða. Fulltrúar verkalýðssamtakanna fengu enga aðstöðu til að fylgjast með undirbúningi fjárl. Þeim var boðið það, þegar þessi vandamál risu í haust, að þeir fengju að kynna sér rækilega, eftir því sem þeir óskuðu, þær röksemdir, sem lægju að baki einstökum fjárlagaliðum, og fengju að kynna sér fjárlagaplögg, ef þeir hefðu áhuga á, með það í huga að koma með ábendingar um það, hvað þeir teldu að mætti spara í ríkisrekstrinum. Þetta er auðvitað aðstaða, sem fjvn. fullkomlega hefur, vegna þess að hún fær öll gögn í hendur, eftir að fjárlagafrv. hefur verið lagt fram, þannig að hér er um enga sérstæða aðstöðu að ræða, sem mönnum utan þings hafi verið veitt umfram þm. að þessu leyti. Þetta vildi ég aðeins að kæmi fram, svo að það ylli ekki misskilningi, því að ég tel vitanlega, að það væri með öllu óeðlilegt, að einhver samtök úti í bæ, hversu góðra gjalda verð sem þau væru, fengju að fylgjast með undirbúningi þessarar viðamiklu löggjafar og mikilvægu umfram það, sem hv. þm. hefðu aðstöðu til.

Það er svo aðeins eitt að lokum, sem ég vildi benda á, að það hefur aldrei verið aðstaða fyrir minni hl. til að fylgjast með undirbúningi fjárl., ekki í tíð nokkurrar ríkisstj., þannig að hugleiðingar um það, sem kom fram í þessari till., eru alveg nýjar af nálinni. Það getur vel verið, að það geti komið til athugunar að veita minni hl. bætta aðstöðu í þessu sambandi, eins og ég áðan sagði. En ég mótmæli því, að það eigi að rökstyðjast með því, að það sé einhver alveg sérstæð óreiða á ríkisfjármálum nú, sem geri það óumflýjanlegt, að þetta aðhald Alþ. sé tekið upp. Og ég er nú sannast sagna ósköp hræddur um það, að ef þessi óreiðuandi er ríkjandi í fjmrn., muni engin þn. geta fengið miklu áorkað í þá átt, þannig að hugleiðingar hv. flm. um einhverjar betrumbætur á stjórn ríkisfjármála með 7 manna þn., orki ekki miklu í þá átt, sem þeir virðast stefna.

Ég vil svo aðeins að lokum endurtaka það, að ég er fullkomlega til viðræðu um öll úrræði til þess að auðvelda fjvn. Alþ. sín störf. Það skal ekki á mér standa. Ég hef fullan skilning á þýðingu hennar og ætti kannske flestum þm. fremur, af því að ég hef átt þar svo lengi sæti, að skilja þau vandamál og viðfangsefni, sem hún hefur við að glíma. Ef ætlazt er til þess, að hún geti verulega sinnt hlutverki sínu í þá átt að koma með raunhæfar till. um sparnað í ríkisrekstrinum og kynna sér þau vandamál, þarf hún auðvitað að hafa betri aðstöðu en hún hefur í dag. Ég hef ekkert á móti því, að á efnislegum og málefnalegum grundvelli sé það athugað, hvort hægt sé að veita fjvn. eða undirnefnd hennar einhverja bætta aðstöðu til þess að fylgjast með því, sem er að gerast á vegum hagsýslustofnunarinnar, fá upplýsingar um það, sem þar er verið að vinna að, og koma að sínum ábendingum. En ég ítreka það, og eins og ég áðan sagði, vona, að menn skilji þá afstöðu, að miðað við þær röksemdir, ef röksemdir á að kalla, sem liggja að baki þessari till., get ég með engu móti á hana fallizt og hlyti að telja samþykkt slíkrar till. vantraust á mig.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til fjvn. með 39 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

18. Akreinar á þjóðvegum.

Á 38. fundi í Sþ., 14. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um að skipta í akreinar blindhæðum á þjóðvegum [135. mál] (A. 286).

Á 40. fundi í Sþ., 21. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 43. fundi í Sþ., 6. marz, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 44. fundi í Sþ., 13. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 286 hef ég ásamt hv. 3. þm. Norðurl. e., Ingvari Gíslasyni og hv. 1. þm. Austf., Eysteini Jónssyni, flutt till. til þál. um að skipta í akreinar blindhæðum á þjóðvegum. Eins og fram kemur í grg. þessarar þáltill., er hún flutt í sambandi við þá breytingu, sem hér á að gera á umferð, að nú skuli framvegis vera hægri umferð á landi hér í staðinn fyrir vinstri umferð, sem hér hefur áður verið.

Við flm. teljum það mikið gáleysi, ef ekki á, áður en til þeirra framkvæmda kemur, að gera verulegar breytingar á þjóðvegum landsins, því að þar teljum við, að langsamlega mesta hættan muni vera. Það er enginn vafi á því, að sú hætta, sem mest mun verða samfara þessari breytingu, verður á blindhæðum og blindbeygjum úti um landið, þar sem bifreiðir mætast, án þess að ökumennirnir séu undir það búnir, og hin ósjálfráðu viðbrögð þeirra, af þeim muni hættan stafa. Það er mikil nauðsyn að gera þessa breytingu, sem hér er lagt til í till., þó að ekki hefði verið að því ráði horfið að hverfa til hægri umferðar frá vinstri umferð. En við þá breytingu teljum við, að það sé óafsakanlegt annað en að láta þessa framkvæmd eiga sér stað og það verði að keppa að því, að koma eins miklu og hægt er af þessu verki í framkvæmd fyrir breytinguna og vinna svo sleitulaust að því næsta sumar. Okkur er það ljóst, að vegasjóður hefur ekki fjármagn til þess að sinna þessu verkefni, og þess vegna leggjum við til, að lán verði tekið til þessara framkvæmda í sambandi við framkvæmdaáætlun þá, sem við gerum ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. leggi hér fram síðar á þessu þingi. Við teljum það mjög áríðandi og með öllu óafsakanlegt að gera ekki þessar úrbætur á þjóðvegum landsins, einmitt í sambandi við þessa breytingu á umferðinni.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hygg, að flestir alþm. muni vera sammála um það, að það hefði verið heppilegra að flytja þessa till. fyrir ári síðan eða um það leyti, sem lög um hægrihandarakstur voru sett. En það segir hér í grg. með till.:

„Með ákvörðun Alþ. um að fresta í engu framkvæmd hægri umferðar verður ekki hjá því komizt að gera róttækar ráðstafanir til lagfæringar á vegakerfi landsins svo fljótt sem unnt er."

Ég er því sammála, að það sé nauðsynlegt að koma í veg fyrir slys og lagfæra blindbeygjur, ég er alveg sammála flm. um það. En að flytja þessa till. í tilefni af því, að framkvæmd l. um hægri umferð var ekki frestað nú fyrir nokkrum dögum, það er ekki rökstuðningur, sem er eðlilegur. Það hefði verið eðlilegt að flytja þessa till. fyrir ári, ef till.-flutningur eins og þessi gæti annars komið að nokkru gagni. Það þarf ekki að flytja till. hér á hv. Alþ. um áskorun til þess að koma í veg fyrir slys. Það eru allir sammála um, að gera þurfi. En þegar l. um hægrihandarakstur voru sett, var aldrei gert ráð fyrir því að lagfæra allar blindbeygjur á vegum landsins, og a. m. k. sumir af þeim, sem eru flm. að þessari till., voru samþykkir því að breyta um til hægri aksturs, án þess að hafa fyrr en nú flutt till. um það að lagfæra allar blindbeygjur.

Vegamálastjóri hefur gefið mér grg. um þessi mál, blindbeygjur og þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið vegna breytingar á umferðarlögunum, og segir hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Við undirbúning l. um breytingu úr vinstri í hægri akstur kom aldrei til tals, að unnt yrði að breyta öllum blindbeygjum og blindhæðum í sambandi við umferðarbreytinguna, þar sem slíkir staðir skipta þúsundum á þjóðvegum landsins og kostnaður við akreinaskiptingu á þeim öllum yrði gífurlegur. Á s. l. sumri var, eins og kunnugt er, lokið við að flytja öll umferðarmerki af vinstri yfir á hægri vegarbrún, að undanskildum merkjum á fjölfjörnustu vegunum allra næst Reykjavík. Verða þau merki færð í beinu sambandi við H-daginn. Einnig verður á H-daginn breytt akreinamerkjum á öllum blindhæðum og blindbeygjum á þjóðvegum, þar sem umferð hefur verið skipt í tvær akreinar. Þessir staðir eru alls 150 á öllum þjóðvegum landsins. Þá er einnig gert ráð fyrir, að fyrir H-dag verði 40—50 blindhæðum og blindbeygjum skipt til viðbótar, en sú skipting komi ekki til framkvæmda fyrr en á sjálfan H-daginn. Reynslan hefur sýnt, að ef blindhæð á mjóum vegi er skipt þannig, að tvær akreinar skapist aðeins á sjálfri hæðinni, eykst slysahættan í stað þess að minnka, vegna þess að þegar búið er að skipta hæðinni, draga menn ekki úr ökuhraðanum yfir sjálfa hæðina, og skapast þá árekstrarhætta rétt handan við hæðina, ef vegurinn þar er ekki með tveimur akreinum á nokkrum kafla. Bifreið, sem ekur með 70 km hraða, fer um 20 m á sekúndu hverri. Tveir bílar, sem mætast handan við blindhæð á þeim hraða, nálgast hvor annan með 40 m hraða á sekúndu. Er því talið nauðsynlegt, að beggja

vegna skiptra blindhæða þurfi vegur að vera 7 m breiður á a. m. k. 100 m kafla hvorum megin. Þarf því mjög víða að breikka vegina um 2 til 3 m á 200 m kafla við hverja blindhæð. Getur kostnaður við slíkt numið 30—100 þús. kr. eða enn hærri upphæðum eftir ástæðum á hverjum stað. Blindhæðir og blindbeygjur eru langflestar á hinum ruddu vegum, sem endurbyggjast eiga á næstu árum. Á þessum vegum yrði kostnaður við skiptingu á blindbeygjum og blindhæðum það mikill, að hann mundi í mörgum tilvikum nálgast kostnað við algera endurbyggingu vegarins. Því hagar þó svo til, að ekki er æskilegt að endurbyggja gamlan veg í nákvæmlega sömu veglínu og hann var. Er því hætt við, að mjög kostnaðarsamar framkvæmdir við skiptingu blindhæða á hinum gömlu ruðningsvegum yrðu til þess, að endanlegri endurbyggingu þeirra yrði slegið á frest um langt árabil. Yrði það teljast mjög óæskileg þróun, þar sem þessir vegir eru yfirleitt mjög ógreiðfærir og erfiðir eða ófærir yfirferðar að vetrarlagi. Öðru máli gegnir að sjálfsögðu um blindhæðir og blindbeygjur á þeim vegum, sem teljast uppbyggðir og fullgerðir. Þar yrði skipting á blindhæðum og blindbeygjum varanleg endurbót á vegunum.

Engar tölulegar upplýsingar liggja fyrir um það, hvað mikið er af blindbeygjum og blindhæðum á þjóðvegum hér á landi, en líklega nema þessir staðir þó þúsundum. Ekki liggur heldur neitt fyrir um það, hve mikið af blindbeygjum og blindhæðum eru á fullgerðum, upphleyptum vegum og hve mikið á ruðningsvegum, og er því ógerlegt að gera sér nokkra raunhæfa grein fyrir kostnaði við slíkar framkvæmdir.

Ekki verður talið framkvæmanlegt að skipta öllum blindbeygjum og blindhæðum hér á landi fyrir H-daginn. Hins vegar er þess að vænta, að framkvæmdanefnd hægri umferðar muni með öflugri umferðarfræðslu geta dregið mjög úr slysum á þessum stöðum með því að brýna það fyrir mönnum að aka gætilega og gera alltaf ráð fyrir því, að bifreið geti komið á móti á blindhæð eða við blindbeygju, og verði menn því að haga akstri í samræmi við það á hverjum stað."

Þetta er grg. vegamálastjóra, sem upplýsir: 1) hvað gert hefur verið á blindbeygjum og blindhæðum, 2) hversu mikið verkefni það er, ef ætti að gera tvöfalda akrein alls staðar þar sem þannig hagar til, 3) að meiri hlutinn og sennilega mikill meiri hluti af blindbeygjum og blindhæðum eru á óruddum vegum, þannig að ef þær yrðu lagfærðar á þessum vegum, væri um tvíverknað að ræða, þar sem gera má ráð fyrir, að í stað gömlu, ruddu veganna verði ekki lagðir nýir vegir nákvæmlega á sama stað og þeir nú eru. En sjálfsagt er að gera allt, sem unnt er, til þess að koma í veg fyrir slys og flýta því, eftir því sem unnt er, að koma tvöföldum akreinum á blindhæðir og blindbeygjur. Þetta ber vitanlega að gera. En að gera það fyrir H-dag eða að ljúka því á næsta sumri er vitanlega algerlega óframkvæmanlegt, en mér skilst þó, að hv. flm. ætlist til, að það verði gert. Ég held, að það verði að gera sér grein fyrir því, að þetta er ekki mögulegt og hefur aldrei verið álitið mögulegt, enda ekki um það rætt, þegar lög um hægri umferð voru samþ. hér á síðasta þingi. Og eins og ég sagði áðan, eru a. m. k. sumir af flm. þessarar till., sem samþykktu þá lagabreytingu.

Ég held, herra forseti, að það sé ekki ástæða til þess að taka fleira fram í sambandi við þessa till. Ég vil aðeins lýsa vilja mínum og vegamálastjórnarinnar í því að bæta svo úr í þessu efni sem unnt er, til þess að komið verði í veg fyrir slys. En áreiðanlega er það rétt, sem vegamálastjóri segir, að það dugir bezt, að menn sýni aðgæzlu og það verði fullkomin fræðsla um þetta, áður en breytingin tekur gildi. Og menn verða fyrir slysum á blindbeygjum og á blindhæðum í dag, þegar víkja á til vinstri, ef það er ekki munað, þegar þannig stendur á, að það getur alltaf komið bifreið á móti. Og vonandi verður það svo, að þegar skiptir um til hægri, þá minnist menn þess, að menn verða að vera á hægri kanti, þegar ekki sést, hvað fram undan er.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. kvartaði undan því áðan, að till. sú, sem ég talaði fyrir þá, væri vantraust á sig sem ráðh. og hann gæti ekki stutt hana. Hæstv. samgmrh. kvartar nú yfir því, að ég skuli ekki, þegar lögin um hægri umferð voru samþ., hafa vantreyst sér svo mikið, að ég flytti þá undireins till. um að framkvæma þetta verk, sem þessi till. fjallar um.

Nú er það ekki minn háttur að treysta hæstv. samgmrh. nema hæfilega mikið. Geri ég það þó eins og verðugt er. En ég hef alltaf gert ráð fyrir því, að þegar búið væri að afgreiða hér lög um hægri umferð, mundi verða horfið að því ráði að skipta í akreinar af hálfu þeirra, sem sjá um framkvæmd vegamála. Ég hafði alltaf talið það sjálfsagt, úr því að þetta var afgreitt sem lög, og ég hafði gert ráð fyrir því, eins og ég gerði hér í vetur grein fyrir, að ef þetta næði fram að ganga, þá yrði að búa vegakerfi landsmanna undir þessa breytingu. Og ég endurtek það, sem ég sagði hér áðan, að það er ekki gert í því að reyna að fyrirbyggja slys eða undirbúa þessa breytingu eins og þarf að gera og á að gera, nema verulega verði unnið í þessu máli.

Það eru engin ný sannindi að segja það, að bezta vörnin gegn slysum sé aðgæzla. Það vitum við alltaf, að það er. En svo er um ótalmargt, sem lög eru sett um, að það mætti koma í veg fyrir það, ef fullkomin aðgæzla væri viðhöfð, og ekki þyrfti af hendi stjórnvalda að sjá um framkvæmd á. Þess vegna eru það ekki nein rök í þessu máli og það er líka jafnöruggt, að slysahættan á blindbeygjum og blindhæðum eykst við þessa breytingu. Það leiðir af sjálfu sér, að mönnum, sem eru vanir að aka á vinstri kanti, mun hætta til að grípa til þess, ef þeir þurfa að mæta öðr-

um ökumanni og ósjálfráð hreyfing á sér stað. Í því liggur hættan.

Ég fagna því, sem kom fram síðast í ræðu hæstv. ráðh., að allt yrði gert til þess að hraða þessu máli. En í framhaldi af því vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Mun hann beita sér fyrir því, að í framkvæmdaáætlun verði útvegað lánsfé til þess að reyna að koma þessu í framkvæmd? Mér er það fullkomlega ljóst, að með tekjum vegasjóðs verður mjög takmarkað gert í þessa átt. Ef hæstv. ráðh. meinar eitthvað með því, að allt verði gert til þess að reyna að hraða þessu eins og mögulegt er, þýðir það, að það verður að útvega fjármagn til þess að láni. Ég spyr því hæstv. ráðh., hvort stefnt sé að því af hendi hans.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég veit ekki, hvort ég hef talað skýrt áðan, en það er ekki að heyra, að hv. 3. þm. Vesturl., Halldór E. Sigurðsson, hafi skilið það, sem ég sagði, því að hann var að tala um það, að hann hefði ekki fyrir fram viljað vantreysta mér, þegar lög um hægri handar akstur voru sett, og þess vegna hafi hann ekki fyrr en nú flutt þessa till. En það er hvort tveggja, sem hefur skeð, að hann hefur ekki skilið það, sem ég sagði áðan, eða ekki viljað skilja það, og hann hefur ekki heldur viljað sjá, þegar hann ferðast um vegi landsins, því að þegar hann ferðast um vegi landsins, má hann sjá, að á mörgum blindbeygjum og blindhæðum hafa verið gerðar tvær akreinar, mjög mörgum, þannig að síðan lög um hægri handar akstur voru sett, hefur verið unnið ötullega að þessari breytingu. En vegna þess að blindbeygjur og blindhæðir eru óteljandi á vegum landsins, er meira eftir en það, sem búið er að vinna að.

Hv. þm. verður nú, held ég, að fyrirgefa mér, þó að ég haldi því fram, að hann hafi bæði heyrt og skilið það, sem ég sagði áðan, og hann hefur líka séð það, sem gert hefur verið á vegunum, en hann hafi við þessar umr. viljað láta líta svo út sem vegagerðin hafi haldið að sér höndum. En sá málflutningur dugir ekki og dugir ekki þessu máli til framdráttar.

Ég sagði áðan, að vegagerðin hefði hug á því að bæta úr þessu, eftir því sem unnt væri, um leið og ég fullyrti, að þetta væri óframkvæmanlegt á stuttum tíma og beinlínis engin hagsýni í því að gera tvær akreinar á blindbeygjum og blindhæðum á þeim vegum, sem eru óuppbyggðir, eins og kom fram í skýrslu og grg. vegamálastjóra.

Það, hvort aflað verður fjár sérstaklega til þessara framkvæmda í ár, kemur vitanlega fram síðar. En ég vænti þess, að ef till. kæmi fram um fjáröflun, verði hv. 3. þm. Vesturl. hjálplegur við það, ef til hans yrði leitað, og a. m. k., að hann snerist ekki öfugur, ef kæmi nú till. um sérstaka fjáröflun, kannske öðru vísi en að láni. En vitanlega mætti vinna að þessum framkvæmdum hvort sem væri fyrir lánsfé eða fé, sem aflað væri með öðrum hætti.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að það er mikill misskilningur, að mér gangi illa að skilja hæstv. ráðh. Það hefur tekizt til þessa, og ef ég heyri nægjanlega til hans, sem mér gengur oft illa, því að hann talar orðið svo lágt, hæstv. ráðh., þá tekst mér að skilja. Og það, sem ég skildi, var það, að ef ég hefði flutt till. strax eftir að l. voru afgreidd, hefði það verið vantraust á ráðh., af því að ég treysti honum ekki til þess að koma þessu verki áfram. Hins vegar hef ég séð, að lítið hefur verið aðhafzt í þessu máli, og þess vegna er till. fram borin.

Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að það mundi sennilega ekki á mér standa, ef hann leitaði eftir nýjum fjáröflunarleiðum, þá vil ég geta þess, að ég hef staðið með hæstv. ráðh. í því, að afhenda honum 100 millj. í auknum sköttum á einu og sama þinginu til að standa að aukinni og bættri vegagerð, en árangurinn hefur orðið sorglega lítill.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 46 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá minni hl. fjvn., á þskj. 620, var útbýtt 17. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

19. Lausn verkfalla.

Á deildafundum 12. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um lausn verkfalla [156. mál] (A. 357).

Á 44. fundi í Sþ., 13. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 75. fundi í Nd., 14. marz, utan dagskrár, mælti

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti: Ég vildi ræða hér nokkuð þingskapareglur utan dagskrár og fá að beina orðum mínum sérstaklega til hæstv. forseta Sþ.

Eins og kunnugt er, fluttum við hér s. l. mánudag, 4 alþm., till. til þál. um lausn verkfallanna. Við stóðum að þessari till., 2 þm. Alþb. fyrir þess hönd og 2 þm. Framsfl. fyrir hönd þess flokks. Sama dag og við lögðum fram þessa till. og henni var útbýtt hér á Alþ. snerum við okkur til hæstv. forseta Sþ. og óskuðum eftir því, að útvarpsumr. færi fram um þessa till. og hún gæti farið fram sem allra fyrst vegna eðli málsins. Hæstv. forseti brá

fljótt við og í fullu samræmi við þingsköp, og strax sama dag hafði hann samband við hina flokkana hér á þingi um þessa beiðni þessara tveggja flokka, og þennan sama dag ræddu þeir þessa beiðni, og hæstv. forseti tilkynnti okkur svo þá um kvöldið, að þeir gætu ekki fallizt á beiðni okkar um það að hafa útvarpsumr. strax kvöldið eftir, á þriðjudagskvöld, eins og við höfðum óskað sérstaklega eftir, en þeir gætu fallizt á það, að umr. yrði á fimmtudagskvöld.

Daginn eftir, á þriðjudag, var svo forsvarsmönnum allra flokka steﬁnt saman með forseta Sþ. og skrifstofustjóra Alþ., eins og venja er til, til þess að ganga frá umr., ýmsum formsatriðum þeirra, og þegar á þann fund kom, setti ég fram þá ósk, að umr. gæti farið fram einum degi fyrr eða á miðvikudag, en þá brá svo einkennilega við, að hæstv. forsrh. sagði þá allhvatskeytlega, að þessi umr. skyldi ekki fara fram fyrr en eftir viku. Og þegar hann var að því spurður, hvort það stæði þá ekki lengur það samþykki, sem þeir höfðu gefið, stjórnarflokkarnir, fyrir því, að þessi umr. færi fram á fimmtudag, fékkst ekkert ákveðið svar um það, en hins vegar heimtaði hann skýrslu af skrifstofustjóra um það, hvernig yfirleitt hefði verið staðið að útvarpsumr. að undanförnu. Sú skýrsla var tekin saman, og forsvarsmenn flokkanna fengu þessa skýrslu, og aftur var málið rætt í gærdag, og enn var ítrekuð okkar krafa um útvarpsumr., eins og við teljum, að við eigum samkv. þingsköpum alveg ótvíræðan rétt til, en engin málalok hafa enn fengizt.

Nú er alveg augljóst samkv. þingsköpum, að til þess er ætlazt, að þegar slík beiðni sem þessi kemur fram, sé hafður allur hraði á um það, að útvarpað sé umr. Í 55. gr. þingskapa segir um þessi efni m. a. þetta:

„Nú óskar þingflokkur, að umr. verði útvarpað, og snýr þá formaður flokksins tilmælum sínum til forseta. Skal forseti þegar tilkynna það formönnum annarra þingflokka, en þeir leita samþykkis flokks síns svo fljótt sem auðið er“, — ég vek athygli á þessu orðalagi: „svo fljótt sem auðið er. Útvarpa skal umr., þegar samþykki allra flokka kemur til.“

Og enn segir í 57. gr. þingskapa um þessi atriði:

„Dag og stund útvarpsumr. skal tilkynna í útvarpi og á þingfundi svo fljótt sem unnt er.“

Það fer ekkert á milli mála, að þetta orðalag er ekki haft í þingsköpum, nema til þess sé ætlazt, að þegar svona stendur á, þá sé allur hinn mesti hraði hafður á um það að ganga í gegnum formsatriði varðandi svona umr., til þess að umr. geti raunverulega farið fram. Nú er auk þess svo ástatt í þessu efni, að hér er flutt till. um stórfelld vandamál, sem segja má, að öll þjóðin standi nú frammi fyrir, þar sem meginhlutinn af atvinnulífi landsmanna hefur stöðvazt, og hér er flutt till. um það, hvernig lagt sé til, að Alþ. taki á þessu máli til þess að reyna að fá lausn á þessu stórvandamáli og síðan farið fram á það samkv. þingsköpum, að umr. um þetta mál verði útvarpað. En þá bregður svo við, að það er reynt að koma í veg fyrir það, að þingflokkar fái notið síns réttar, reynt að tefja það á allan hugsanlegan hátt, að umr. fari fram, en við slíkt verður vitanlega ekki unað.

Það er ekkert um það að villast, bæði þekkja hv. þm. það af reynslu, og eins kemur það líka glöggt fram í þeirri skýrslu, sem skrifstofustjóri þingsins tók saman um útvarpsumr., að sá háttur hefur verið á um útvarpsumr., þegar þeirra hefur verið krafizt, að þær hafa jafnan farið fram mjög fljótlega. Það er auðvitað svo, að í sumum tilfellum er ekki óskað eftir útvarpsumr. fyrr en alllöngu eftir að máli hefur verið útbýtt. Það kann að koma upp við meðferð málsins síðar, að óskað sé eftir útvarpsumr., en frá því að ósk kemur fram er auðvitað alveg greinilegt, að það er í fyrsta lagi skylda að taka málið til afgreiðslu og að vinna að því svo fljótt sem auðið er að ákveða umr. Það sýnir sig líka við athugun, að yfirleitt hefur verið um það að ræða, að dráttur hefur verið í 2, 3, 4 og upp í 5 daga, og þá alla jafna í fullu samkomulagi milli flokka. Æði oft hefur verið um heilgi að ræða, þegar 3, 4 eða 5 dagar hafa liðið frá því að krafa kom fram, helgin hefur þá fallið inn í tímann og lengt hann. En að staðið sé gegn því að útvarpað sé umr. og mál tekið á dagskrá, eins og í þessu tilfelli, þess þekki ég engin dæmi. Og ég get ekki gengið inn á það, að þó að hæstv. ríkisstj. vilji víkja sér undan því að ræða það alvarlega mál, sem hér er um að ræða, og þoli sízt af öllu, að það sé rætt í áheyrn alþjóðar, sé réttur tekinn af þm. eða þingflokkum samkv. þingsköpum, og af því endurnýja ég hér enn einu sinni kröfu okkar um það, að hæstv. forseti úrskurði um það, hvenær þessi umr. fari fram, og að hún verði látin fara fram ekki seinna en annað kvöld, föstudagskvöld. Það er augljóst mál, að með því að draga þessa umr. er í rauninni verið að víkja sér undan því, að hægt sé að taka á því vandamáli, sem fyrir liggur, á þann hátt, sem lagt er til af þeim, sem að þessari till. standa.

Ég vænti þess, að það dragist nú ekki lengur, að ákvörðun verði tekin í þessu máli. Allur fyrirsláttur um það, að umr. um málið af hálfu Alþ. geti spillt fyrir lausn þess, er vitanlega út í bláinn. Það er þvert á móti að okkar dómi, sem að þessari till. stöndum, skylda Alþ. að láta sig skipta þetta stóra og mikla vandamál, sem hér er um að ræða, en víkja sér ekki undan því eða sitja auðum höndum, eins og þingið hefur gert að verulegu leyti að undanförnu. Ég tel því, að það sé sjálfsagt að taka afstöðu til þess, hvort þannig eigi að snúast við vandanum, sem lagt er til í okkar till., og á þann hátt, sem þingsköp mæla fyrir um, og vænti þess, að hæstv. forseti verði við þessari beiðni, sem ég ítreka enn einu sinni.

Birgir Finnsson: Herra forseti: Það er rétt,

sem fram kom hjá hv. 4. þm. Austf., að ekki hefur náðst samkomulag milli þingflokkanna um það, hvenær útvarpsumr. skuli fara fram um þá þáltill., sem þeir hafa flutt sameiginlega, þm. Alþb. og Framsfl. Það er einnig rétt, að samkv. þingsköpum ber forseta Sþ., þegar svo ber við, að þingflokkarnir koma sér ekki saman um, hvenær slík útvarpsumr. skuli fara fram, að ákveða það, — og ég legg áherzlu á, að það er forseta Sþ. að ákveða það, en ekki að úrskurða það.

Eins og fram kom í ræðu hv. 4. þm. Austf. áðan, var það fyrst í gær, sem það lá endanlega fyrir, að ekki næðist fullt samkomulag um þetta milli þingflokkanna, og ég, sem forseti sameinaðs Alþ., hef þannig haft sólarhring til umhugsunar um málið. En í sambandi við umr. milli þingflokkanna, sem hv. þm. rakti hér áðan, kom það m. a. fram, að það er mat þeirra aðila, sem hlut eiga að máli í deilunni, sem yfir stendur, svo og sáttasemjara ríkisins, að eins og málin standa núna, sé ekki heppilegt, að stjórnmálaflokkarnir hefji um málið harðvítugar deilur á opinberum vettvangi eins og í útvarpinu. Þetta hef ég sjálfur kannað með viðtölum við fyrirsvarsmenn beggja deiluaðila, og hæstv. forsrh. upplýsti þetta sama á fundi með fulltrúum þingflokkanna í gær. Hann hafði einnig rætt málið við sáttasemjara. Ég mun því, eins og þetta mál stendur, reyna að meta það út frá málavöxtum, hvenær heppilegt sé, að þessi umr. fari fram.

Eins og hv. 4. þm. Austf. gat um, hefur skrifstofa Alþ. tekið saman yfirlit allt frá árinu 1953 um það, hve langur aðdragandi hafi verið að útvarpsumr., þegar þær hafa farið fram samkv. beiðni einhvers flokks. Það yfirlit sýnir, að ef miðað er við útbýtingu mála í þinginu, þá hafa liðið að meðaltali allt að 19 dagar, þar til umr. hefur farið fram. En þá er þess skylt að geta, að í tveimur eða þremur tilfellum hafa liðið 2—3 mánuðir frá því, að máli var útbýtt, og þangað til útvarpsumr. fór fram. Ef þessum tilfellum er sleppt, er meðaltalið, sem liðið hefur frá útbýtingu máls, og þar til útvarpsumr. hefur farið fram, 10½ dagur. Þannig hygg ég, að miðað við aðstæðurnar, sem nú er um að ræða í sambandi við vinnudeiluna, og málavexti alla, hafi verið hafður alveg fullur hraði á því, sem athuga þurfti, og það fyrst, hvort samkomulag næðist milli þingflokkanna um útvarpsumr. Og ég vil undirstrika það, að um það er enginn ágreiningur. Það er enginn ágreiningur milli þingflokkanna um það, að fram fari útvarpsumr. um þáltill. Ágreiningurinn er aðeins um það, hvaða dag útvarpsumr. skuli fara fram. Ég mun því strax, þegar ég tel málavexti vera þannig, að það sé æskilegt, að útvarpsumr. fari fram, taka ákvörðun um það og ekki draga þá ákvörðun lengur en þörf er á.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég tel það mjög alvarlegan atburð, að það sýnist nú eiga að nota forsetavaldið á Alþ. til þess að koma í veg fyrir það, að þáltill. sú, sem flutt hefur verið hér fyrir hönd tveggja flokka, verði tekin til umr. og þinglegrar meðferðar á eðlilegan hátt og m. a. til útvarpsumr. Ég hygg, að þetta sé nokkuð einstakur atburður í sögu Alþ., þegar þess er gætt, að hér er um málefni að ræða, sem er aðkallandi, sem er svo aðkallandi, að það getur skipt tugum millj. fyrir þjóðina, hvort það er leyst deginum fyrr eða síðar. Hér er ekki um venjulegt mál að ræða, sem er hægt að fara með eftir sinni hentisemi og taka til við í tómi, þegar gefst frá öðrum málum, heldur er hér um allt annars konar málefni að ræða. Hér er um málefni að ræða, sem vitaskuld ætti að vera sjálfsagður hlutur að taka á dagskrá strax og það kemur fram, svo að það geti fengið þinglega meðferð, annaðhvort orðið felld eða samþykkt.

Nú er það ljóst af því, sem hér hefur komið fram, að sá, sem fyrst og fremst stendur á móti því, að útvarpsumr. hafi fengizt um þetta mál á eðlilegum tíma, er hæstv. ríkisstj. Það er hún, sem hefur mótspyrnu gegn því við hæstv. forseta, að þetta mál fái eðlilega meðferð. Ég vil leyfa mér að skora á hæstv. forseta að láta ríkisstj. ekki ráða þessu, heldur taka málið til meðferðar í síðasta lagi annað kvöld til útvarpsumr., eins og óskað hefur verið eftir, og þá fari atkvgr. fram um það, hvort Alþ. vill leysa málið á þeim grundvelli, sem lagður er í þáltill., eða ekki.

Það er óhugsandi annað en umr. um þetta mál í heyranda hljóði verði til góðs, það er alveg óhugsandi annað. Það getur ekki verið ávinningur af því að grúfa sig niður og þykjast ekki sjá þann vanda, sem fyrir liggur, og koma í veg fyrir eða neita að ræða hann í áheyrn alþjóðar. Það er þung ábyrgð, sem þeir taka á sig, sem koma í veg fyrir, að uppástunga um að leysa deiluna fái eðlilega þingmeðferð og geti orðið tekin til meðferðar strax, og eins og ég sagði, annaðhvort felld eða samþ. Alveg vafalaust má telja það tjón, sem þjóðin hefur beðið af verkföllunum, í hundruðum millj., og það fer ekkert á milli mála, að daglegt tjón miðað við þann árstíma, sem nú er, skiptir milljónatugum.

Nú kynni einhver að segja, að það væri verið að leysa þetta verkfall annars staðar, reyna það, og málið væri því Alþ. óviðkomandi. En því fer svo fjarri, að það sé Alþ. óviðkomandi, þegar slíkir voveiflegir atburðir gerast, að vitaskuld ber Alþ. að gera það, sem það getur, til þess að leysa deiluna. Það er skylda þess. Það er skylda þess að horfa ekki á það aðgerðalaust, að þessu fari fram, ef menn eygja einhverja skynsamlega leið til þess að leysa málið. Og ég held því hiklaust fram, að sú leið, sem stungið er upp á í þáltill. stjórnarandstöðuflokkanna, sé bæði skynsamleg og sanngjörn, eins og á stendur. Detti einhverjum í hug að halda því fram, að þetta sé eingöngu málefni atvinnurekenda og launþegasamtakanna, þá er hollt að minnast þeirrar staðreyndar, að þessi deila er til komin vegna þess, að hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir því, að

þingmeirihluti hennar nam úr lögum ákvæðið um að greiða vísitöluuppbætur á kaup. Deilan á því upptök sín öll, gersamlega öll, í löggjöf, sem sett hefur verið á Alþ. fyrir frumkvæði ríkisstj.

Það er því ljóst, hvernig sem á málið er litið, hvort sem litið er á þá þjóðarógæfu, sem skollið hefur yfir með þessu verkfalli um hábjargræðistímann, eða litið er á efni málsins í þrengri merkingu og hvernig það er til komið, — þá er það augljóst, að þetta mál er í allra fyllsta máta málefni, sem kemur Alþ. við.

Þessi deila er sem sé fyrst og fremst deila hæstv. ríkisstj. og þar með í raun og veru deila Alþ., því að Alþ. ber ábyrgð á ríkisstj.

Það er ekkert annað en ósæmilegur orðaleikur að segja, að þetta málefni sé, eins og það er í eðli sínu og eins og það er til komið, málefni launþegasamtakanna og atvinnurekendanna einna og málefni, sem ekki komi ríkisstj. landsins eða Alþ. nokkurn skapaðan hlut við.

Varðandi það, sem hæstv. forseti ræddi hér áðan, að hann hefði borið þetta undir aðra eða haft af því fregnir, hvað aðilar málsins annars staðar á öðrum vettvangi álitu um tilhögun starfa á Alþ. og umr. um þessi efni hér, þá verð ég að segja, að það hlýtur fyrst og fremst að vera *Alþ. sjálfs að ákveða*, hvernig það hagar afskiptum sínum af slíkum þjóðarvanda, sem hér liggur fyrir, og það er skylda hæstv. forseta Sþ. að sjá um að láta ekki nein önnur öfl hafa áhrif á ákvarðanir sínar í því efni. Það er hans skylda fyrst og fremst sem forseta þingsins að sjá um, að málefni þau, sem fyrir koma, fái þinglega og eðlilega meðferð. Það er ekki hans verk að hafa vit fyrir mönnum á Alþ. Það er hans verk að sjá um, að mál fái hér eðlilega og þinglega meðferð. Og þetta geta engir utan þings haft neitt ákvörðunarvald um, enda bera þeir enga ábyrgð á störfum Alþingis.

Menn hafa borið sér það í munn, og það kom nokkuð fram hjá hæstv. forseta, og vafalaust hefur það verið haft mjög að yfirvarpi í sambandi við þá pressu, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt á, til þess að koma í veg fyrir, að þetta málefni verði rætt í áheyrn alþjóðar, að það gæti spillt fyrir lausn deilunnar, að Alþ. ræddi þetta mál, þannig að þjóðin hlýddi á í útvarpi. Það gæti spillt fyrir lausn deilunnar.

Vitanlega hlýtur slík skoðun að vera á algerum misskilningi byggð, ef ekki á einhverju allt öðru og miklu verra eðlis. Hvernig getur það spillt fyrir því að leysa deilu af þessu tagi, að málavextir séu raktir fyrir þjóðinni í umr. og síðan fari fram atkvgr. um það, hvort menn vilja aðhyllast þá lausn, sem fram hefur verið lögð? Ef hún er samþ., er málið þar með leyst. Ef sú uppástunga er felld, hvílir skyldan á þeim, sem fella hana, að greiða fyrir því, að önnur lausn fáist. Það er því með öllu óhugsandi, að þetta geti spillt fyrir málinu, slíkt er með öllu óhugsandi.

Er þá líklegt, að umr. sjálfar spilli fyrir málinu? Ég vil í því sambandi aðeins minnast á örfá atriði. Ég skal ekki halda hér langa ræðu utan dagskrár. En mundi það geta t. d. spillt fyrir lausn þessarar deilu, að það kæmi greinilega fram, um hvað sé deilt og hverjar séu rætur deilunnar? Mundi það geta spillt fyrir lausn deilunnar, að þjóðin gæti gert sér grein fyrir því, að rætur hennar liggja í því, að verðlagsuppbót, sem lögfest var á laun, var numin úr gildi? Mundi það geta spillt fyrir lausn deilunnar, að þjóðin gerði sér þetta fullkomlega ljóst? Mundi það geta spillt fyrir lausn þessarar deilu, að þjóðin fengi að vita, hver sé málstaður verkalýðshreyfingarinnar í þessari deilu, hvað það sé, sem hún leggur áherzlu á að fá fram, og hvernig hún haldi á málinu á þessu stigi? Slíkt mundi vitanlega hafa upplýstst í umr., sem fram hefðu farið um málið. Og í því sambandi er rétt að upplýsa það, sem lauslega hefur komið fram áður, að verkalýðurinn er ekki nú að berjast fyrir því að fá fullar verðlagsuppbætur á öll laun, há og lág, holt og bolt, heldur hafa aðilar verkalýðshreyfingarinnar í þessari deilu fyrir ærið löngu, og mér er næst að halda mjög snemma í deilunni, gefið þær upplýsingar, að þeir gætu fellt sig við, að full verðlagsuppbót næði ekki lengra en til 11 þús. kr. launa á mánuði, en eftir það yrði uppbótin skert. *Mundi það hafa getað spillt fyrir lausn* deilunnar, að það hefði jafnframt verið upplýst í slíkum umr., að verkalýðshreyfingin hefur boðið fram, að þessi uppbót yrði innleidd í áföngum, þannig að nú strax yrði aðeins tekinn inn í kaupið helmingur af þeirri hækkun vísitölunnar, sem komin er fram, og síðan í vor eitthvað meira og svo áfram í áföngum og ekki fyrr en allra síðast á árinu yrði greidd full vísitöluuppbót á lægstu launin? Mundi það geta spillt fyrir lausn þessarar deilu, að þetta kæmi skýrt og greinilega fram, eins og það hlyti að koma, ef umr. um þetta mál færu fram í útvarpi frá Alþ.? Þjóðin þyrfti þá ekki að treysta á þær sundurleitu fréttaglefsur um deiluna, sem koma í sjónvarpi og útvarpi og sannast að segja eru sumar þannig, að menn eru alveg jafnnær um, hvað það raunverulega er, sem fyrir liggur, eins og kunnugt er. Mundi slíkt geta spillt fyrir lausn deilunnar? Alls ekki. Mundi það spilla fyrir því, að deilan leystist, að það kæmi greinilega fram í slíkum umr., sem er staðreynd, að ríkisstj. gæti leyst þessa deilu með því að rétta út höndina, — ef hún vildi? Mundi það geta *spillt fyrir lausn deilunnar*, að þetta væri upplýst í almennum umr. og rökrætt frammi fyrir þjóðinni? Ég álít, að slíkar umr. hljóti að verða til þess að auka stórkostlega líkurnar fyrir því, að deilan leystist fljótt, m. a. vegna þess að slíkar umr. mundu sýna svart á hvítu, hversu launþegasamtökin fara hér hógværlega í sakirnar, og enn fremur mundu slíkar umr. gera það alveg ljóst, hver eru upptök deilunnar og, að hæstv. ríkisstj. hefur það í sinni hendi og þingmeirihlutinn að leysa þessa deilu, eins og ég orðaði

það áðan: með því að rétta út höndina, og firra þjóðina því gífurlega tjóni, sem hún bíður nú daglega við þetta verkfall, og koma í veg fyrir, að við það bættist.

Hitt er náttúrlega annað mál, við vitum það og það hefur komið fram, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki áhuga á þessum umr., og það er vegna þess að mínu viti, að hún telur, að slíkar umr. mundu þyngja pressuna á ríkisstj., mundu þyngja kröfurnar til ríkisstj. um að leysa deiluna, því að hún getur leyst hana. Það er kannske mannlegt, að ríkisstj. freistist til þess að líta þannig á, en það er ekki skynsamlegt af ríkisstj. að ganga að þessu máli með slíku hugarfari, og það er ekki að mínu viti verjandi eða eðlilegt að reyna að þvinga hæstv. forseta, eins og ríkisstj. er að gera, til þess að nota forsetavald sitt til að koma í veg fyrir, að þessi deila verði tekin fyrir hér á hv. Alþ. á þinglegan hátt og í heyranda hljóði.

Ég skal ekki reyna meira á þolinmæði hæstv. forseta í sambandi við þessar umr. utan dagskrár, en ég vil enda þessi orð með því að leggja hina allra mestu áherzlu á þá áskorun, sem hv. 4. þm. Austf. flutti og er að vísu sameiginleg ósk þeirra, sem að þessari þáltill. standa, áskorun til hæstv. forseta um, að hann taki till. á dagskrá og efni til útvarpsumr. um hana í síðasta lagi annað kvöld.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Af ummælum hv. þm. Austf., sem hér hafa talað, er ljóst, að jafnvel hinum skýrustu mönnum getur stundum mjög skotizt í sínum málflutningi og gagnrýni. Hv. þm. tala báðir um það, að þeir vilji hafa venjulega þinglega meðferð á þessu máli. Nú skulum við athuga, hver hin venjulega þinglega meðferð á slíkum till. er. Þeim er útbýtt í þinginu, síðan er venja og boðið samkv. þingsköpum, að á fundi í sameinuðu þingi er tekin ákvörðun um það, hvernig málin skuli rædd. Það er margra ára venja nú orðið, að fundur til þess er á miðvikudegi í hverri viku, og síðan er málið tekið á venjulegan þinglegan hátt næsta miðvikudag til efnislegrar umr. Þetta er sá venjulegi máti, sem farið er eftir um þáltill. Nú segja hv. þm., að vegna þess, hversu þessu máli sé varið, hefði átt að hafa einhvern annan hátt á því en þann venjulega þinglega hátt. En þá er ekki hægt að komast hjá því að líta á efni sjálfrar till. Með leyfi hæstv. forseta, hljóðar hún svo:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að beita sér þegar í stað fyrir lausn verkfallanna með lagasetningu um verðtryggingu launa í samræmi við það, sem verkalýðshreyfingin hefur sett fram.“

Um þetta fjallar þáltill. Það er sem sagt áskorun á ríkisstj. að semja frv. og bera fram á Alþ. frv., sem samkv. stjórnarskrá og þingsköpum ber að leggja fram fyrir aðra hvora d. Nú er það mál fyrir sig, að af hálfu ríkisstj. hefur því margoft verið lýst yfir, bæði hér í hinu háa Alþ. fyrir jól og nú eftir að þingið kom saman aftur, eins utan Alþ. í alþjóðaráheyrn, bæði í útvarpi og sjónvarpi, að ríkisstj. telji ekki ráðlegt að bera fram slíkt frv., a. m. k. eins og málefni standa nú. Það er því alveg ljóst, að ríkisstj. er þessari till. andvíg, við skulum segja með réttu eða röngu.

Hv. þm. geta haft þá sannfæringu, að það sé eðlilegt að ráða fram úr þessu máli með löggjöf, eins og þeir leggja til í till. að skora á ríkisstj. að beita löggjöf. En það er vitað mál, að ríkisstj. er þarna annarrar skoðunar. Af hverju er þá verið að fara krókaleiðina, sem hefur í för með sér tafsamari meðferð, aukastig í meðferð málsins, að leggja það fyrst fram í Sþ., eins og hér er ráðgert, í stað þess, að hv. þm. beri sjálfir fram frv. um það, sem hér er lagt til? Það er sá eini eðlilegi þinglegi háttur til þess að fá úr því skorið á Alþ., hvort frv. í því formi, sem hv. þm. sjálfir telja ráðlegt, hefur fylgi eða ekki. Þeir hefðu getað lagt slíkt frv. fram á mánudaginn var. Þá hefði með þinglegum hætti 1. umr. þess vel getað farið fram í annarri hvorri d. þegar s. l. þriðjudag, án þess að nokkur afbrigði hefðu verið höfð frá venjulegri, þinglegri meðferð. Í stað þess ætlast þeir til, að aðili, sem er andvígur þessari meðferð, setjist niður og semji frv. leiðbeiningarlaust frá hv. þm. um efni þess í einstökum atriðum, því að nú kom það glögglega fram hjá hv. 1. þm. Austf., að það liggur engan veginn ljóst fyrir, hverjar kröfur hv. stjórnarandstæðingar gera um efni slíks frv. Hann segir, að verkalýðshreyfingin hafi mjög fallið frá upphaflegum kröfum um verðtryggingu launa, sem áður voru fram fluttar. En úr því að hv. þm. segjast hafa um þetta hugmyndir, af hverju setja þeir þær ekki fram í frv.-formi og fá þannig skorið úr því á hinn skjótasta, eðlilega, þinglega hátt, hvort Alþ. vill fallast á þeirra hugmyndir um þetta eða ekki, þegar þær eru settar fram á efnislegan hátt, formlegan hátt og þannig, að ljóst sé, hvað fyrir hv. þm. vakir?

Það er því alveg ljóst, að hv. þm. hafa í þessu efni þegar frá upphafi ákveðið að viðhafa ekki þann eðlilega, venjulega, þinglega máta til ákvörðunar löggjafarmálefnum. Það er hins vegar algerlega rangt, að ríkisstj. hafi út af fyrir sig haft á móti því, að þessi till. fengi skjóta afgreiðslu í þinginu. Það liggur þvert á móti ljóst fyrir, að s. l. mánudag, eins og málin horfðu þá, voru flokkar út af fyrir sig fyllilega til viðræðu um það að hafa útvarpsumr. um málið — og um útvarpsumr. er enginn ágreiningur í sjálfu sér, — þegar á fimmtudagskvöld. Það er að vísu miklu meiri hraði en venjulega á sér stað, þegar útvarpsumr. eiga að fara fram, en það sýnir, að það stóð út af fyrir sig ekki á ríkisstj. í þessum efnum. Það, sem gerist, er hins vegar það, að um miðjan dag á þriðjudag kemur vitneskja um það, að sáttasemjari hefur nýjar, ákveðnar hugmyndir um það, hvernig deiluna eigi að leysa. Eftir að þær till. voru orðnar mönnum kunnar, létu forustumenn beggja aðila, bæði verkalýðsnefndarinnar, 18 manna nefndarinnar svokölluðu, og vinnuveitenda, uppi, að þeir

teldu mjög óheppilegt, að almennar útvarpsumr. ættu sér stað um málið frá Alþ. meðan verið væri að kanna til hlítar, hvort hægt væri að ná samkomulagi á þessum grundvelli. Er ég hafði heyrt skoðun þessara aðila beggja, spurði ég sáttasemjara um hans skoðun. Hann sagðist ekki vilja blanda sér í störf Alþ., en hann sagði, að það lægi ljóst fyrir, að ef menn hefðu hug á að vinna að skjótri lausn málsins, væri útvarpsumr. á þessu stigi óheppileg.

Það eru þessi atvik, sem hreinlega valda því, að stjórnarflokkarnir hafa talið óheppilegt, að útvarpsumr. um þetta mál færu fram á þessu stigi, að það yrði vikið frá venjulegri, þinglegri reglu til þess að trufla umleitanir, sem gefa a. m. k. nokkra von um lausn málsins. Nú á það eftir að sýna sig, hvort lausnin finnst eftir þessari leið eða ekki. En það er mikill ábyrgðarhluti fyrir þann, sem vill knýja fram umr. á þessu stigi þvert ofan í yfirlýsingar, svo að ekki sé sagt tilmæli forustumanna beggja aðila um, að opinberar deilur, harðvítugar deilur, sem óneitanlega hlytu að verða, væru látnar eiga sig, látnar bíða meðan menn væru að reyna að finna lausn á þessu mjög erfiða máli. Það er eins og haft er eftir einum glöggum og gegnum stjórnmálamanni, að hann eigi að hafa sagt, að þær viðræður, sem hafa átt sér stað í útvarpi og sjónvarpi að undanförnu milli forustumanna aðila, væru svipaðar því eins og menn ætluðu að fara að semja um lausn deilunnar gegnum hátalara á sjálfu Lækjartorgi. Það var glöggur og greindur maður, margreyndur, sem gaf þessa lýsingu á þessari samningsaðferð. Hafi sú lýsing á þeim fréttaflutningi, sem fram hefur farið nú þegar, verið réttmæt, á hún enn þá frekar við þá aðferð, sem hér er verið að stinga upp á. Hér er verið að reyna að knýja hæstv. forseta með ögrunum til að hafa umr. á þeim tíma, þegar aðilar þeir, sem eru að semja um málið, biðjast undan slíkum umr.

Málið er að öðru leyti í höndum forseta. Það er síður en svo, að ríkisstj. hafi reynt að beita hann nokkurri þvingun. Hann hefur þetta á sínu valdi, og umr. fara að sjálfsögðu fram, þegar hann telur það ráðlegt, en það er ástæðulaust að víta hann fyrir það, þó að hann fylgi venjulegum, þinglegum hætti, eins og málavöxtum er varið.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það má nú öllum ljóst vera, sem hlýtt hafa á þessar umr., að það, sem einkum er nú borið fyrir af hálfu ríkisstj. í sambandi við það, að ekki er hægt að fá fram umr. um þetta mál á þann hátt, sem þingsköp gera ráð fyrir, er það, að aðilar þeir, eins og sagt er, sem standa nú í samningum, hafi óskað eftir því, að þessar umr. færu ekki fram og þeir teldu það óheppilegt, að almennar útvarpsumr. um málið færu fram. Þetta er rangt. Ég hef talað við formann stærsta verkalýðsfélagsins í landinu og forseta stærsta verkamannasambandsins í landinu og aðra þá, sem mest hafa um þessi samningamál að gera, og þeir hafa algerlega þverneitað þessu sem tilhæfulausu, og þeir hafa sagt, að þeim væri það fyllilega ljóst, að einmitt framkoma þessarar till. á Alþ. og það, sem hefði gerzt í sambandi við hana, hefði einmitt ýtt nokkuð á eftir því, að eitthvað hreyfðist í þessum málum, m. a. frá hæstv. ríkisstj., svo að það er algerlega rangt, enda er þessi till. flutt í fullu samráði við þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, að það séu þessir aðilar, sem séu að óska eftir því, að þessar umr. fari ekki fram. (Gripið fram í.) Já, í samráði við þá.

Það er skoðun, að ég hygg, langflestra forustumanna í íslenzkri verkalýðshreyfingu, að þær deilur, sem nú hafa komið upp, stafi fyrst og fremst af því, að ríkisstj. skarst í þessi mál á þann hátt, sem allir vita að hún gerði. Hún breytti lagaákvæðum þannig, að hún raskaði þeim kjarasamningum, sem áður höfðu verið gerðir. Kippt var í burtu einu mikilvægu ákvæði samninganna með lögum. En það leiddi síðan til þeirra átaka, sem við stöndum frammi fyrir nú. Þetta kom skýrt fram í umsögn Alþýðusambandsins og Alþýðusambandsþings varðandi þetta ákvæði, sem samþ. var hér um breytingar á l. um vísitölu.

Auðvitað er það líka hrein fjarstæða að halda því fram, að Alþ. megi ekki ræða slíkt stórmál sem það er, sem hér er um að ræða, og það þurfi að spilla þessu máli, þó að umr. fari fram af hálfu Alþ. um þetta stóra vandamál. Sannleikurinn er sá, að það eru fleiri en verkfallsmenn, sem finna það. Það kom m. a. fram í einu blaði Sjálfstfl., því eina blaði, sem hér er gefið út nú í verkfallinu, að það væri furðulegt, að Alþ. skyldi sitja auðum höndum meðan slíkt ástand væri ríkjandi í landinu sem hér er ríkjandi nú, það væri alveg furðulegt. Og það er ekki ríkisstj. til sóma að standa frammi fyrir því að koma í veg fyrir það, að Alþ. taki á þessu máli á þann hátt, sem eðlilegt er.

Hæstv. forsrh. ræddi mikið um það hér, að óþinglega væri staðið að flutningi málsins af hálfu okkar, sem að þessari þáltill. stöndum, og hann ráðleggur það í sífellu, að við ættum að flytja frv. til laga um vísitölugreiðslur á laun. Við höfðum valið þá leiðina að fá fram viljayfirlýsingu Alþ. um það, að ríkisstj. beitti sér fyrir lagasetningu í þessa átt, en vildum ekki binda það beinlínis, hvernig fyrirkomulagið ætti að vera í sambandi við þessa lagasetningu, því að það væri miklu heppilegra að reyna að leita nokkuð eftir samkomulagi við þá aðila, sem hér eiga hlut að máli. Við höfum þá reynslu, að þegar við leggjum hér fram frv., þá fást þau ekki afgreidd. Í mesta lagi fara þau til n., og þaðan koma þau aldrei aftur. Það er auðvitað það, sem hæstv. forsrh. hefði viljað í þessu efni. Við vitum, að frv. frá okkar hálfu um það, hvernig reglur skyldu verða hér eftir um greiðslu á vísitölu, hefði ekki verið samþykkt. En það var ekki ólíklegt, eins og málin standa, að meiri hl. Alþ. fengist til að lýsa því yfir, að hann teldi rétt, að það yrðu í gildi lög um greiðslu verðlags-

uppþótar á laun, og óskaði eftir því við ríkisstj., að hún beitti sér fyrir lagasetningu um þetta efni. Til þess stóðu vonir, og á þennan hátt var auðvitað fullkomlega þinglega að farið, eins og við fórum að, að leggja þetta fram í þál.-formi.

Það er svo auðvitað augljós fyrirsláttur hjá hæstv. forsrh., að það hefði breytt einhverju í þessu máli, þó að við hefðum flutt frv. í staðinn fyrir þál. Ætli hann hefði ekki getað lagzt á málið, eins og hann hefur gert, reynt að koma í veg fyrir, að eðlilegar umr. færu fram um málið og að það kæmi hér á dagskrá, ef hann hefði viljað leggja sig fram, þó þetta hefði verið flutt í frv.-formi. Það hygg ég, að enginn efist um. Nei, sannleikur málsins er sá, að ríkisstj. vill ekki standa frammi fyrir þjóðinni og ræða þetta mál. Hún vill það ekki. Hún vill skjóta sér undan því. Og hún vill ógjarnan, að það sé dregið fram, sem er hið rétta í þessu máli. Hið rétta er það, að ekki hefðu verið nein verkföll hér í dag og við hefðum ekki tapað þeim hundruðum millj. kr., sem við erum að tapa nú á þessari vinnustöðvun, ef ríkisstj. hefði ekki knúið fram gegn yfirlýsingum verkalýðssamtakanna í landinu og mótmælum þeirra þá lagasetningu að fella niður ákvæðinn hluta af hinum raunverulegu kaupgjaldssamningum, sem giltu í landinu, þ. e. ákvæðin um vísitölugreiðslur á laun. Hefði ríkisstj. þá farið eftir aðvörunum okkar í minni hl. hér á Alþ., og hefði hún þá hlýtt á verkalýðssamtökin í landinu og metið þau einhvers, þá hefði aldrei komið til þessara deilna. Það vita allir og viðurkenna nú orðið, — og ég ætla, að hæstv. ríkisstj. viðurkenni það í dag, þó hún þrauki enn gegn því, að tekið sé á málinu á eðlilegan hátt, — að það verða að vera í gildi einhver lagafyrirmæli um vísitölugreiðslu á laun. Það er engin von til þess, að það verði vinnufriður í landinu, ef slík lagaákvæði eru ekki til.

Ég vil svo alveg sérstaklega mótmæla því, að það sé réttmætt að víkja hér frá beinum og skýrum ákvæðum þingskapa í sambandi við að ákveða útvarpsumr. um þessa till., vegna þess að fram hafi komið tilmæli af hálfu þeirra aðila, sem í þessari deilu standa, þannig að þeir telji, að það sé óheppilegt, að þessar umr. fari fram. Slíkt er úr lausu lofti gripið. Engin slík tilmæli hafa komið fram, ekki frá aðilunum sjálfum. Vitanlega geta verið einstakir menn, sem telja, að það sé bezt að vinna að þessu öllu í pukri, en það er ekki beiðni frá þeim samtökum, sem hér eiga hlut að máli. Það er ekki beiðni frá þeim samtökum og ekki frá aðalforustumönnum þeirra, sem mestu ráða um það, hvort þessar vinnudeilur standa lengur eða skemur eða hvort samið verður eða ekki. Þeir hafa ekki sett fram nein slík tilmæli.

Ég endurtek svo enn einu sinni tilmæli mín til forseta, því að það er hann, sem ræður í þessum efnum um framkvæmd alla á þessu máli. Ég endurtek tilmæli mín til hans um það, að hann ákveði það nú, eins og þingsköp gera ráð fyrir, að umr. fari fram um þessa till. og ekki seinna en annað kvöld. Það er vitanlega alveg tómt mál að tala um það, að það sé vilji til þess, að útvarpsumr. fari fram um þessa till., og halda því svo jafnframt fram, að menn séu að koma í veg fyrir það, að umr. fari fram, af því að það muni spilla fyrir samningum í deilunni. Forseti á að ráða þessu máli, en ekki ríkisstj., og því geri ég þá kröfu til hæstv. forseta, að hann ákveði nú í samræmi við þingsköp, að þessar umr. fari fram.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það var fróðlegt að heyra hugmyndir hæstv. forsrh. um það, hvað væri eðlileg þingmeðferð á máli eins og þessu. Það væri, að þáltill. væri tekin til meðferðar á venjulegan hátt, þ. e. eftir nokkra daga, um það, hvernig ræða skuli, og síðan liði vika, þangað til hún kæmi á dagskrá.

Hér er um að ræða till. um að leysa verkfall, sem staðið hefur lengi og valdið óbætanlegu og nálega ómælanlegu þjóðartjóni. Till. er um ákveðna lausn á verkfallinu, og það getur skipt þjóðina milljónatugum, hvort verkfallið er leyst einum degi fyrr eða síðar.

Við þessar ástæður telur hæstv. forsrh. það eðlileg vinnubrögð, að till., sem fjallar um að leysa þetta mál, bíði á aðra viku eftir því að vera rædd. Ef við berum þetta saman við þær kröfur um meðferð þingmála, sem hæstv. ríkisstj. gerir og það oft um málefni, sem ekkert liggur á, fáum við svona hér um bil mynd af heilindunum í þessu hjá forsrh. Hæstv. ríkisstj. krefst þess hvað eftir annað, að málefni séu afgreidd, tekin fyrir tafarlaust, stundum nálega nokkrum mínútum eftir að þeim er útbýtt, og oft er farið fram á, að lagafrv. séu gerð að lögum á einum eða tveimur dögum, en ævinlega tekin fyrir strax, og ef stjórninni þykir mikið við liggja afgreidd við hverja umr. á fætur annarri. Oftast verður stjórnarandstaðan við því að greiða fyrir málum á þessa lund. Þetta er oft gert um mál, sem ekki varða þjóðina sérstaklega miklu, hvort afgreidd eru deginum fyrr eða síðar. En hæstv. forsrh. hefur það að fyrirslætti núna, að um till. varðandi lausn verkfallsins megi hafa alla hentisemi, eins og um venjulega þáltill. sé að ræða. Vitanlega er okkur það algjörlega ljóst, öllum, sem þekkjum nokkuð til þingstarfa, að það er með öllu óeðlileg og alveg sérstök meðferð á þáltill. af þessu tagi að taka hana ekki fyrir með mjög litlum fyrirvara.

Hv. 4. þm. Austf. hefur svarað tali hæstv. forsrh. um það, að allt öðru máli hefði verið að gegna um frv. Við vitum svona hér um bil, hvernig hefði verið farið með það. Það hefði orðið nákvæmlega sama sagan. Þeir hefðu látið útvarpsumr. fara fram um það, þegar þeim sýndist, ef þeir hefðu getað fengið forseta til þess að taka sitt sjónarmið til greina, síðan, eins og hv. 4. þm. Austf. sagði, sett það í n. og ekki afgreitt það þaðan frekar en þeim sýndist.

Hæstv. ráðh. sagði, að í þessari þáltill. fælist tæplega lausn á verkfallinu. Það er auðvitað á algjörum sandi byggt að halda slíku fram, því ef þáltill. væri samþ., yrði sú ríkisstj., sem nú situr, annaðhvort að beita sér fyrir lagasetningu á þeim grundvelli, sem hún leggur, eða fara frá. En ef þáltill. er felld, þá liggur ljóst fyrir, að þessi lausn á verkfallinu er ekki fáanleg og þá unnið að því að reyna að leysa það eftir öðrum leiðum. En þá bæru þeir líka ábyrgð á því, sem á eftir færi, sem felldu þá leið, sem í þáltill. er mörkuð.

Þetta er hin eina málsmeðferð, sem hægt er að sætta sig við mótmælalaust, sem sé að þáltill. sé tekin fyrir tafarlaust og útvarpsumr. fari fram og það komi í ljós, hvort þingvilji er fyrir þessari lausn eða ekki.

Það mundi ekki taka hæstv. ríkisstj. nema örstutta stund að gera sér fulla grein fyrir því, hvað í frv. ætti að vera, ef þáltill. yrði samþ. Það gæti hún gert á einfaldan hátt með því að kynna sér viðhorf launþegasamtakanna og hvað þau hafa sett fram í deilunni, og það er að mestu leyti kunnugt, eins og ég gat um áðan í minni fyrri ræðu.

Það er nú komið fram, að það, sem hér hefur verið sagt um óskir aðilanna eða hugmyndir þeirra um það, að útvarpsumr. mundu spilla fyrir málinu, er úr lausu lofti gripið, a. m. k. hvað annan aðilann snertir, enda má nærri geta, hvort aðilar launþeganna eru mótfallnir því, að barizt sé á Alþ. fyrir þeirri lausn, sem í þáltill. felst, þar sem einmitt er tekið undir þeirra málamiðlunarmálstað og útvarpsumr. mundu því vitanlega verða af hálfu þeirra, sem þessa þáltill. flytja, eindreginn stuðningur við þeirra málstað.

Nokkurn veginn hygg ég þeim ljóst vera, sem vanir eru að fást við þessi mál, að slíkar umr. mundu mjög flýta fyrir lausn deilunnar, af þeirri einföldu ástæðu, að hæstv. ríkisstj., sem hefur þetta mál í sinni hendi, mundi fá á sig aukinn þunga almenningsálitsins í þá stefnu, að skerast strax í leikinn til þess að leysa þetta mál.

Ég fullyrði, að það er enginn þjóðarvilji fyrir því að halda uppi þessari dýru deilu til þess að knýja fram lækkun á því kaupi, sem nú er um deilt. Ég er alveg sannfærður um, að hæstv. ríkisstj. mundi hafa stuðning mikils meiri hl. þjóðarinnar, ef hún vildi taka undir þann málstað, sem í þáltill. felst, og gera þær ráðstafanir, sem þyrfti í framhaldi af því, til þess að það kaupgjald, sem þar er ráðgert og fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar sætta sig við, geti orðið greitt áfallalaust af ísl. atvinnuvegum.

Hæstv. ríkisstj. mundi áreiðanlega fá mjög víðtækan stuðning við þá stefnu, sem í þáltill. felst, en því miður vill hún ekki aðhyllast hana, heldur berja höfðinu við steininn. Ég er smeykur um eða réttara sagt ég er alveg viss um, að það er af því að ríkisstj. treystir ekki á þennan málstað sinn, að hún leggur svo mikla vinnu í að koma í veg fyrir útvarpsumr. um þá lausn, sem stjórnarandstæðingar hafa stungið upp á.

Ég vil ekki níðast á þolinmæði hæstv. forseta, en enn einu sinni taka undir þau tilmæli, sem fram hafa komið um, að útvarpsumr. verði látin fara fram í síðasta lagi annað kvöld. Hæstv. forsrh. sagði, að það væri mikil ábyrgð þeirra manna, sem vildu knýja fram umr. um þetta mál í heyranda hljóði. En ég vil segja, að það er þung ábyrgð þeirra, sem koma í veg fyrir, að þetta mál sé rætt hreinskilnislega í útvarp, svo að allir heyri, hvernig þessi mál standa og hvaða till. hafi komið fram á Alþ. um að leysa vandann, og rök þeirra, sem ekki vilja leysa málið með því móti, sem í þáltill. stendur, en halda deilunni áfram.

Það er alveg óhugsandi, að slíkar umr. gætu gert annað en greiða fyrir lausn, jafnvel þótt þáltill. yrði felld. Umr. mundu knýja hæstv. ríkisstj. til þess að leysa þetta mál, og láta þannig undan síga í málinu.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal reyna að fylgja þeim fyrirmælum, sem hæstv. forseti hefur gefið hér um ræðutíma, enda þótt þingsköp mæli svo fyrir, að þm. hafi jafnan rétt til þess að gera stutta athugasemd um þingsköp. Ég ætla mér ekki að fara að endurtaka þau rök, sem hér hafa komið fram fyrir þeirri kröfu, að umrædd þáltill. verði tekin til umr. Þau eru svo sjálfsögð og augljós, að mér finnst óþarft að vera að endurtaka þau. En þeirri skoðun, sem hér hefur komið fram af hálfu hæstv. forsrh., vil ég eindregið mótmæla, að frjálsar umr. séu líklegar til þess að spilla fyrir lausn mála.

Það glíma tvö stjórnarkerfi í heiminum í dag, einræðiskerfi og lýðræðiskerfi. Lýðræðiskerfið byggist á því, að frjálsar umr. séu til þess að tryggja lausn mála og fá hinar beztu niðurstöður. Einræði byggir hins vegar á því, að frjálsar umr. séu óheppilegar, það sé óheppilegt að hafa marga flokka, fleiri en einn og annað þess háttar, því að það spilli fyrir lausn málanna. Mér finnst hæstv. forsrh. vera að nálgast ákaflega mikið þennan hugsunarhátt, þegar hann er farinn að prédika hér í ræðustólnum á Alþ., að frjálsar umr. séu líklegar til þess að spilla fyrir lausn mála. Ef við erum lýðræðismenn, þá verðum við að byggja á þeirri trú og þeim skoðunum, að frjálsar umr. greiði fyrir lausn mála, en ekki hið gagnstæða. Og ef ríkisstj. treystir á málstað sinn, þá á hún jafnan að óska eftir frjálsum umr., en þagga þær ekki niður. Það gerir líka áreiðanlega hver sú ríkisstj., sem treystir því, að hún hafi rétt fyrir sér. En ástæðan til þess, að ríkisstj. berst nú gegn frjálsum umr. með forsrh., byggist á því, að hann treystir ekki á málstað sinn, hann þorir ekki að ræða hann í alþjóðar áheyrn.

Það atriði, sem ég vildi annars sérstaklega benda á í þessu sambandi, er það, að forsrh. hélt því fram, að það mundi ekki vera þingmeirihluti fyrir þessari till. Ég tel, að það sé

fullkomlega ókannað, hvort svo sé. Á hlaupársdaginn kom út tölublað af blaðinu Skutli, sem er gefið út á Ísafirði. Ábyrgðarmaður þess er Birgir Finnsson, hæstv. forseti sameinaðs Alþ., og einn þeirra manna, sem hefur atkvæðisrétt hér á Alþ. Í þessu blaði, sem hann er ábyrgðarmaður að, birtist forustugrein, þar sem rætt er um vísitöluna og verkföllin, og þar segir m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Vart verður annað með sanni sagt, en að verkalýðshreyfingin sé högvær í kröfum sínum. Ekki er minnzt á grunnkaupshækkun, aðeins farið fram á að fá leiðrétt kaupgjald, sem svarar aukinni dýrtíð. Í þessu sambandi skyldu menn hafa hugfast, að sú leiðrétting, sem farið er fram á, hefði fengizt orðalaust og án nokkurra átaka, ef lögbinding um vísitöluhækkun hefði ekki verið numin úr gildi.“

Þetta stendur í forustugrein í því blaði, sem hæstv. forseti Sþ., Birgir Finnsson, er ritstjóri að, og stendur það nafnlaust, og verður ekki annað séð en þetta sé á hans ábyrgð. Mundi sá maður, sem skrifað hefur þetta í sitt blað, vera á móti þeirri till., sem hér liggur fyrir? Og ég spyr hins sama um marga hv. Alþýðuflokksmenn, sem hafa talað á sömu leið. Ég held þess vegna, að það sé engan veginn rétt, sem forsrh. fullyrðir, að það sé víst, að þessi till., sem hér er um rætt, ef hún kæmi til atkvæða, hefði ekki þingmeirihluta að baki sér. Og það er vegna þess, sem við flm. till. leggjum alveg sérstaka áherzlu á, að hún fái afgreiðslu á Alþ. sem allra fyrst og komi ekki síðar til umr. en á morgun.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Það er þegar ljóst af reynslunni, að sú kenning hæstv. forsrh., að umr. stjórnmálamanna um þetta stórfellda vandamál, sem nú er við að etja í íslenzku þjóðfélagi, séu til skaða fyrir lausn deilunnar, á að hans mati ekki við sjálfan hann, því að þegar sú þáltill. var lögð hér fram á þingi, sem við erum að ræða hér, þá gerðust þau tíðindi um kvöldið, að hæstv. forsrh. tryggði sér rúm bæði í útvarpi og sjónvarpi með ýmsar staðhæfingar, sem bæði voru rangar að minni hyggju og sumar a. m. k. orkuðu tvímælis. Hann kom fram með þær á báðum stöðunum, auðsjáanlega í tilefni af þessari till. Hæstv. forsrh. virtist vilja tryggja sér einkarétt til þess að tala frammi fyrir þjóðinni um þetta vandamál, en neita öðrum um sama rétt. Og þetta er náttúrlega meginástæðan til þess, að þannig er tekið á þessu máli, að hæstv. ríkisstj. vill ekki þurfa að ræða við aðra um þetta mál, hún vill tryggja sér einkarétt til þess.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri óeðlileg aðferð að flytja hér þáltill. og ætlast til þess, að hæstv. ríkisstj. byggi til frv. um þetta mál, því að hún hefði lýst því yfir aftur og aftur, að hún væri andvíg þessari tillögun. En hér er aðeins verið að fylgja gömlu fordæmi. Þegar viðreisnarstjórnin var stofnuð, lagði hún einnig niður vísitölugreiðslur á kaup. Og hún gerði meira. Hún bannaði með lögum, að um slíkt yrði samið milli verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda. Samt gerðust þau tíðindi síðar í samningum við verkalýðsfélögin, að þessi sama ríkisstj. bjó til frv. og lagði fyrir Alþ. og fékk það samþykkt, einmitt um þetta atriði, vegna þess að hún hafði lært af reynslunni vegna andstöðu og baráttu almennings, að það væri ekki stætt á þeirri stefnu, sem hún hafði reynt að framkvæma í landinu. Og þá sömu ályktun ber hæstv. ríkisstj. að draga af þeim átökum, sem nú eru, langsamlega víðtækustu og breiðustu verkföllum, sem nokkurn tíma hafa verið háð hér á landi, þar sem menn standa hlið við hlið algjörlega án tillits til flokkaágreinings. Af svona staðreyndum eiga ríkisstj. að læra.

Ég vil mjög taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér áðan, að þessi till. okkar var flutt til þess að sannreyna það, hvort afstaða meiri hl. Alþ. væri ekki breytt. Hann vitnaði hér í Skutul, sem gefinn er út á ábyrgð hæstv. forseta Sþ., en það má vitna í margt fleira. Nokkru áður en verkföll hófust samþykkti verkalýðsmálanefnd Alþfl. einróma stuðning við kröfu verkalýðssamtakanna um fullar vísitölubætur á kaup og skoraði á ráðh. Alþfl. að beita sér fyrir því, að sú stefna næði fram að ganga. Alþýðublaðið birti tvívegis forustugreinar þessu máli til stuðnings. Og þann 1. marz s. l. kom út eintak af Alþýðumanninum á Akureyri, sem er í mjög nánum tengslum við einn af þm. Alþfl. hér á þingi, hv. 9. landsk. þm., og þar var greint frá því á forsíðu, hver væri afstaða verkalýðsmálanefndar Alþfl., og tekið undir það með þeim orðum, að ef ráðh. Alþfl. tækist ekki að leysa þetta mál innan ríkisstj., þá bæri þeim að segja af sér, vegna þess að Alþfl. yrði að líta á sig sem flokk alþýðunnar. Allt þetta gefur til kynna, að afstaða þm. Alþfl. hljóti að vera breytt, og mig grunar, að andstaða hæstv. forsrh., sem vill ekki, að þetta mál fái hér skjóta afgreiðslu, stafi ekki endilega fyrst og fremst af umr. sjálfum, heldur af þeirri atkvgr., sem átti að fara fram á eftir. Ég býst við, að hæstv. forsrh. hafi óttazt, að það væri ekki öldungis víst, að þessi till, yrði felld og að það sé það, sem veldur, frekar en sjálfar umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég vil einungis lýsa því yfir, að það var ekki af mínum hvötum, að ég var beðinn um viðtal við sjónvarp og útvarp s. l. mánudag. Það var leitað mjög fast á mig af þessum stofnunum báðum, og mér var óhægt um að tala við þær, en lét undan þrábeiðni sérstaklega sjónvarpsins að gera það þó. Hitt er annað mál, að aðilar hafa átt þess fyllilega kost að koma sínum skoðunum að í þessum fréttastofnunum, og þess vegna var út af fyrir sig ekki óeðlilegt, að það væri einnig leitað til fulltrúa ríkisstj. um hennar skoðun, en sízt hef ég á móti því, að hv. stjórnarandstæðingar eigi

þar sambærilegan rétt og aðrir, og hef ég aldrei beitt mér á móti því.

Varðandi það, að það sé frá mér komið að standa á móti útvarpi þessara umræðna, þá itreka ég það, sem ég hef sagt og er óhaggað og óhagganlegt, að af hálfu forustumanna, annars vegar vinnuveitenda og hins vegar 18 manna n., hefur sú ósk og sú skoðun verið látin uppi bæði við forseta Sþ. og ríkisstj., að þessar útvarpsumr. væru ekki látnar fara fram, eins og sakir standa, meðan verið væri að kanna þá sáttamöguleika, sem menn þóttust eygja með till. sáttasemjara s. l. þriðjudag. Þetta er staðreynd málsins, og á þessu er byggð sú afstaða, sem stjórnarflokkarnir hafa tekið, og eins og hæstv. forseti sagði, þá hefur hann miðað sína ákvörðun í málinu við þær skoðanir, sem þarna hafa komið fram. Hvort þessir aðilar, sem í samningunum standa, og sáttasemjari hafi hins vegar meiri og betri hugmynd um það, hvað leiða kunni til skjótrar lausnar deilunnar, eða þeir pólitísku, hörðu baráttumenn, sem hafa haldið uppi umr. hér í dag, um það getur hver gert upp sinn hug og þá hvað fyrir hverjum vakir.

Hv. 1. þm. Austf. sagði hvað eftir annað, að hann væri með getsakir í garð sinna andstæðinga. Ég skal ekki vera með neinar getsakir í garð minna andstæðinga. Verkin tala um þeirra hugarfar.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Ég skal reyna að forðast að lengja þessar umræður, en það er tvennt í málflutningi hv. þm. Austf., sem ég hlýt að mótmæla. Það er annars vegar það, að ríkisstj. hafi beitt mig einhverjum þvingunum í sambandi við ákvörðun um, hvenær útvarpsumræður skuli fara fram. Því fer víðs fjarri. Eins og hv. 4. þm. Austf. rakti og fram kom í minni ræðu áðan, þá var það fyrst í gær, sem það lá endanlega fyrir, að ekki næðist samkomulag milli þingflokkanna um þetta atriði, og tel ég, að ekki hafi neinn óeðlilegur dráttur á því orðið að taka þessa ákvörðun. Í öðru lagi hlýt ég að mótmæla því, þegar vefengt er, að rætt hafi verið við forustumenn samningsaðila í sambandi við þetta mál. Sá maður, sem ég hef talað við og ég veit, að hæstv. forsrh. hefur líka talað við, er sjálfur forseti Alþýðusambands Íslands, og frá hinum aðilanum, frá vinnuveitendum, höfum við báðir rætt við Björgvin Sigurðsson. Auk þessa hefur hæstv. forsrh. rætt málið við sáttasemjara, eins og margoft hefur komið fram í þessum umræðum.

Ég hygg, að það hafi verið 1. þm. Austf., sem varpaði fram þeirri spurningu, hvort menn teldu, að það gæti á nokkurn hátt verkað truflandi á samninga, að þetta mál yrði tekið hér til umræðu. Mér finnst reyndar, eins og málavextir eru, að hann hafi svarað þessu sjálfur, því að þegar hann var að lýsa því, hvað hann geti hugsað sér, að þau lög, sem sett yrðu, fjölluðu um, þá var það alls ekki það sama, sem felst í umræddri þáltill. Þáltill. felur það í sér, að það eigi að lögbinda allar kröfur annars aðilans. Eins og þáltill., sem liggur hér fyrir á þskj. 357, er orðuð, ber hún þetta með sér.

Hv. 1. þm. Austf. lýsti því hér áðan, að það væri ýmislegt annað en það, sem í þáltill. felst, sem hann gæti hugsað sér, að yrði lögfest. Eins og málin standa, þ. e. að hreyfing er á samningum deiluaðila og það liggur fyrir, að sáttasemjari er kominn nálægt því, eftir því sem heyrzt hefur, að bera fram sáttatill., þá hygg ég, að ekki sé heppilegt, að hér á Alþ. fari fram umr. um till., sem felur það í sér, að gengið verði að fyllstu kröfum annars deiluaðilans.

Eins og ég lít á vinnudeilur, samninga vinnuveitenda við launþegasamtökin og þá löggjöf, sem við búum við, tel ég, að oft geti komið til greina, ef vinnudeila hefur staðið lengi og ekki hefur náðst fullt samkomulag, en bilið milli deiluaðila orðið mjótt, að Alþ. skerist í leikinn með því móti að lögbinda sáttatill., sem búið er að reyna við. Mér er þess vegna spurn: Hvort mundu hv. flm. þessarar margumræddu till. vilja greiða fyrir því, ef svo kynni að fara í þessari deilu, að bilið væri orðið það mjótt, að ekki munaði miklu, en sáttatill. næði samt sem áður ekki fram að ganga, að sú sáttatill. yrði lögbundin með hraði hér á Alþ.?

Hv. 4. þm. Reykv., sem kvaddi sér hljóðs hérna áðan, las upp setningu úr Skutli, úr grein, sem skrifuð er áður en verkfallið hófst, þar sem réttilega er fram tekið, að út af fyrir sig séu kröfur hinna lægst launuðu í verkalýðshreyfingunni ekki miklar. Hv. þm. gerði um leið það, sem honum er oft lagið, að hann las ekki nema lítinn hluta úr þessari grein og sleit þar með samhengi hennar. Þetta hendir oft þennan hv. þm., þegar hann vitnar í einhver blöð andstæðinga sinna hér á Alþ. Ég vil þess vegna, með leyfi hæstv. forseta, lesa niðurlag þessarar Skutulsgreinar, en það eru í henni ýmiss konar hugleiðingar um kjarabaráttuna og þá deilu, sem var í uppsiglingu, þegar greinin var rituð. Greinin endar með þessum orðum:

„Einhvern veginn hefur atvikaröðin verið sú á undanförnum árum, að þegar verkamenn, sem oftast hafa mátt ríða á vaðið, hafa, á stundum eftir harðvítuga baráttu, fengið sín kjör bætt, þá hafa betur launaðar stéttir komið í kjölfarið og talið sjálfsagt, að þær fengju sömu prósentuhækkun, — oft reyndar meira á hærri grunn, svo að bilið hefur sífellt breikkað. Þá er og athyglisvert, að hin síðarnefnda barátta hefur oft kostað minni átök. Þessi meinsemd, að hinir lægst launuðu megi aldrei fá sín kjör bætt, án þess að allar aðrar stéttir þjóðfélagsins þurfi að koma á eftir, er búin að vera þjóðfélaginu dýr og verkamönnunum sjálfum til mestrar óþurftar. Úrelt skipulag samtaka þeirra á hér vissulega sinn þátt. Og ríkisstjórnir hafa ekki þorað að höggva á hnútinn, sem svo síðar hefur orðið þeim að falli. Hvernig væri nú, þegar þjóðin á við jafnmikla efnahagsörðugleika að etja og hún á í

dag, að reyna á þjóðhollustuna með því, að hinar betur settu stéttir þjóðfélagsins létu það viðgangast, að hinir verst settu fengju leiðréttingu, án þess að hið sama gilti yfir alla línuna? Ef þetta gæti gerzt, væri áreiðanlega um lítinn vanda að ræða. Verkföll eru engum til góðs, en geta verið ill nauðsyn. Þann helga rétt má ekki misnota á sama hátt og ekki má misnota sér óttann við afleiðingar þeirra gagnvart beitendunum sjálfum. Vonandi leysast vandamálin hið fyrsta og án átaka."

Þannig lauk þessari Skutulsgrein, sem hv. 4. þm. Reykv. las. Ég vil leyfa mér að beina því til hans, að hann hugleiði nú þetta niðurlag greinarinnar.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins, hæstv. forseti, til þess að bera af mér eina sök. Hv. þm. Vestf., Birgir Finnsson, sagði, að ég hefði sagt rangt frá efni þáltill., því að hún væri um það að fela ríkisstj. að beita sér fyrir löggjöf, sem fæli í sér upphaflegu kröfur verkalýðsfélaganna í deilunni. En ég hefði sagt, að efni þáltill. væri annað. Ég sagði rétt frá efni þáltill., því að efni hennar er að fela hæstv. ríkisstj. að beita sér fyrir löggjöf, sem byggi á því, sem verkalýðsfélögin hafa sett fram, og þegar þáltill. kom fram og var undirbúin, höfðu fulltrúar verkalýðsfélaganna sett fram þá afstöðu, sem ég lýsti. Þá höfðu þeir ekki upphaflegu kröfurnar á oddinum, heldur þá afstöðu, sem ég lýsti, og það höfðum við kynnt okkur mjög vel, eins og kom fram í sjónvarpsviðtali, sem haft var við formann Framsfl., sem er annar flm. till., sem sé þetta, að það væri skert vísitala, sem barizt væri fyrir, og hún gæti orðið innleidd í áföngum á þann hátt, sem ég greindi frá. Þess vegna er ekki í þáltill. gert ráð fyrir því að lögfesta fyrstu kröfur annars aðilans.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla mér aðeins að nota mér rétt þingskapa til að bera af mér sakir. Því var haldið hér fram af 5. þm. Vestf., að ég hefði vitnað rangt eða villandi í forustugreinina í Skutli, og því til sönnunar las hann upp niðurlag þessarar forustugreinar, en ég held, að það, sem einmitt kom fram í þessu niðurlagi, styrki það, sem ég var að halda fram. Ég sagðist draga þá ályktun af þessari grein í Skutli, að hv. þm., sem er ábyrgðarmaður þessa blaðs, gæti ekki verið andvígur efnislega þeirri till., sem hér hefur mest verið rætt um. En sú till. fjallar einmitt um það, að það sé fallizt á þá till. verkalýðsfélaganna að lögfestsa verðlagsuppbót á lága kaupið, en það komi engin uppbót á kaup, sem er umfram 11.000 kr. á mánuði. Það vita allir, að það er þetta, sem till. fjallar raunverulega um. Og það, sem kemur fram í niðurlagi þessarar greinar í Skutli, er einmitt það, að það eigi að fara þessa leið. Þetta sýnir einmitt þess vegna miklu betur en sú tilvitnun, sem ég las upp hér áðan, að hv. þm. hlýtur að vera efnislega samþykkur þessari till., sem hér liggur fyrir, því að ég sé, að hv. þm. er að lesa till., en hún er um það, að lögfest sé verðtrygging launa í samræmi við það, sem verkalýðsfélögin hafa sett fram. Og það er átt við það, sem verkalýðsfélögin hafa sett fram nú í samningum sínum við atvinnurekendur, en ekki hinar upphaflegu kröfur, sem bornar voru fram. Þetta hefur verið margskýrt af flm. till., m. a. af Ólafi Jóhannessyni í sjónvarpinu í gær og við önnur tækifæri. Sem sagt, till. er fullkomlega í samræmi við niðurlagsorðin í Skutli, sem hv. þm. var að lesa hér upp áðan og taldi að fælu í sér hina réttu lausn á málinu. Þetta er aukin sönnun fyrir því, að þessi hv. þm. hlýtur að vera þessari till. samþykkur efnislega, og ég hygg, að hið sama hljóti að gilda um marga aðra hv. þm. Alþfl. Það hefur komið fram bæði í verkalýðsnefnd þeirra og víðar, að þeir telja eðlilegt og sanngjarnt, að fallizt sé á þessar lágmarkskröfur verkalýðsfélaganna.

Ég ítreka því aftur, að þessi till. á að koma sem fyrst til umr. á Alþ. og úrskurðar, vegna þess að það er öll ástæða til að álíta, að það sé meiri hl. þm. að baki hennar, ef hún kæmi hér til meðferðar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var aðeins örstutt í tilefni af því, sem hv. 5. þm. Vestf., forseti Sþ., sagði hér. Mér fannst koma fram hjá honum í því, sem hann sagði, svo háskalegur misskilningur, að það beri að mótmæla slíkri skoðun. Hann sagði, að hann teldi óheppilegt, að umræða t. d. um þá þáltill., sem hér er um að ræða, fari fram á meðan sáttatill. frá sáttasemjara geti komið fram. Auðvitað hlýtur það að liggja fyrir í svona deilum, að til slíkrar till. getur komið frá sáttasemjara hvenær sem er, allan tímann. Á þá gersamlega að loka fyrir allar umr. á Alþ. á meðan þjóðin stendur jafnvel í margra mánaða verkfalli, af því að það geta komið till. frá sáttasemjara? Vitanlega getur þetta ekki staðizt á neinn hátt. Það, sem forseti á að gera í þessu tilfelli, það er það, að hann á að fara eftir þingsköpum og tryggja þingflokkum og þingmönnum þann rétt, sem þingsköp ætlast til, mál yrði flutt, beðið um útvarpsumr. Samkv. þingsköpum á að flýta því eins og kostur er, að þetta geti átt sér stað, og þm. verða svo vitanlega að bera ábyrgð á því, hvernig þeir standa að flutningi mála og rekstri mála á Alþ. En það er ekki á verksviði hæstv. forseta að hafa vit fyrir þm., eins og hann virðist vilja gera, og að hann eigi þannig að víkja til hliðar málum um svo og svo langan tíma og afstýra því, að þau komi til umr., vegna þess að einhver, eins og t. d. sáttasemjari, kunni að bera fram sáttatill. í málinu. Þetta er vitanlega alveg fráleitt.

Ég skal svo ekki ræða þetta mál neitt frekar hér, en ég ítreka það enn einu sinni, að ég tel það mjög alvarlegt mál, ef forseti verður ekki við þeirri kröfu, sem fram er komin um það, að ákveða útvarpsumr. um þessa till. í fullu samræmi við þingsköp, en þingsköp ætlast til þess, að þetta gangi allt mjög fljótt

fyrir sig, eins og ég hef hér lesið upp úr þingsköpunum.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég held við þurfum ekki annað en þessar umr. utan dagskrár til þess að sýna, hversu því fer fjarri, að forsetavaldi á Alþ. sé beitt til þess að koma í veg fyrir umr. á þingi um þetta mál. Hér hafa menn talað utan við reglur þingskapa og langt umfram það, sem venja er til í slíkum umr., en forseti hefur ekki amazt við því né aðrir, einmitt vegna mikilvægis málsins. Það liggur hins vegar ljóst fyrir, eins og ég sagði í upphafi, að ef hv. þm. hefðu viljað flytja frumtill. sína á venjulegan, þinglegan hátt í frumvarpsformi, og setja fram, hvað fyrir þeim raunverulega vakti, þá voru möguleikar þeirra til þess að fá venjulegar, þinglegar umr. slíkir, að horfur eru á, að frv. hefði verið tekið til 1. umr. s. l. þriðjudag. Það, sem svo gerist, er það, að þeir aðilar, sem eru að leita eftir samkomulagi í málinu og eru að semja, hafa talið almennar útvarpsumr. á þessu stigi málsins óheppilegar, og það er eftir þeirra tilmælum, sem við höfum talið eðlilegt, að það væri ekki verið að víkja frá venjulegum reglum þingskapa, heldur hafður sá háttur á, sem einmitt þingsköp og margra ára þingvenja ætlast til, þegar mál er flutt í því formi, sem hér er gert. Þetta er óhagganlegt.

En ég stóð ekki upp til að ítreka þetta. Það var búið að segja þetta áður, og því hefur ekki verið hnekkt í umr., heldur til þess að vekja athygli á öðru, sem er í raun og veru mjög merkilegt og nú hefur komið fram með yfirlýsingum hv. stjórnarandstæðinga. Þeir hafa sagt, að upphaf þeirra erfiðleika, sem nú sé við að etja, þessa verkfalls, sé, að numið var úr lögum fyrirskipunin um fulla verðtryggingu launa og í stað þess sagt, að þetta ætti að vera frjálst samningsatriði, eins og launin eru í heild. Hins vegar halda þeir því fram, og ég geri ráð fyrir, að þeir viti, hvað þeir segja um það, að í þessum frjálsu samningum sé verkalýðshreyfingin búin að hverfa frá ýmsum meginatriðum löggjafarinnar, sem var afnumin í haust, þannig að þá er fengin staðfesting í þeim samningum, sem nú hafa átt sér stað, að löggjöfin hafi verið úrelt og það hafi verið af fullkomnu tilefni, að hún var numin úr l., úr því að aðilar hafa nú í frjálsu samkomulagi og eftir því sem hv. þm. segja fyrir s. l. mánudag tekið upp allt aðra stefnu og gert allt aðrar till. en lögfestar voru þangað til l. var breytt í haust. Þetta sýnir, að það hefur verið skynsamlegt, og það var eðlilegt að láta aðila fjalla um þetta mál með frjálsum samningum. Það hefur þegar leitt til mjög mikilvægs árangurs frá því, sem var, og gagnstætt t. d. yfirlýsingum hv. Framsfl. á hans aðalfundi nú fyrir skemmstu og fjölmörgum yfirlýsingum af hálfu hv. stjórnarandstæðinga hér á þingi. Þetta er mjög athyglisvert og sýnir, að stefna stjórnarinnar í málinu hefur verið rétt og að það er vænlegast og líklegast að láta aðila sjálfa semja um þetta mál, enda hefur ríkisstj. á allan veg, sem hún hefur megnað, reynt að greiða fyrir þeim samningum, en það verður ekki umflúið, að þessir hv. þm. eru nú að reyna að trufla þá samninga og reyna með öllum þeim mætti, sem þeir hafa, að koma í veg fyrir, að þeir leiði til farsæls árangurs.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ef við eigum að fara að ræða sjálf efnisatriði þessa máls, eins og hæstv. forsrh. gerði hér áðan, væri ástæða til að mælast til þess, að hæstv. forseti gæfi lengri ræðutíma en þann örstutta, sem hann skammtar okkur þm. Ef það ætti að fara að ræða þau atriði, sem hæstv. forsrh. vék að hér áðan, ýmiss konar stefnuatriði í sambandi við þetta vísitölukerfi, þarf langan tíma til þess að gera grein fyrir afstöðu sinni, þannig að einhver mynd verði á. Ég hef skilið þessar umr. þannig, að við værum aðeins að ræða þingsköp, þessa furðulegu afstöðu stjórnarflokkanna að vilja koma í veg fyrir almennar umræður stjórnmálaflokkanna frammi fyrir þjóðinni.

Hæstv. forsrh. sagði, að það sýndi mildi hæstv. forseta, að hann skyldi leyfa umr. eins og þessar hér í dag, og auðvitað var viss broddur í þessu hjá hæstv. forsrh. Hann var að áfellast hæstv. forseta fyrir, að hann skyldi ekki vera búinn að takmarka þessar umr. fyrir löngu. En það er ekki um það að ræða, hvort við ræðum málin hér í þessari stofnun, heldur var um það að ræða, að við ræddum málin frammi fyrir þjóðinni allri. Menn verða að minnast þess, hvernig ástatt er núna. Um það bil tveir þriðju allrar verkalýðshreyfingarinnar eru í verkfalli. Þetta er vandamál, sem fólk ræðir og hugsar um um land allt, og þetta fólk á heimtingu á því að fá að vita afstöðu flokkanna til þessa máls. Því ef nokkuð er í kjarna stjórnmálanna um þessar mundir, eru það þessi vandamál.

Ég vil algerlega mótmæla þeirri afstöðu hæstv. forsrh., að þetta séu mál, sem eigi að leysast í einhverju pukri. Það eru yfir 20 þús. manna, sem hafa tekið á sig þungar byrðar að undanförnu til þess að knýja fram réttlætismál, og þetta fólk á fulla heimtingu á því að fá að fylgjast með öllum þáttum málsins og fá að taka ákvarðanir sínar sjálft á lýðræðislegan hátt. Ég vil minna hæstv. forsrh. á það, að það er ekki á valdi neinnar samninganefndar að taka ákvarðanir um það, sem samið verður um að lokum. Þessi mál verða lögð fyrir verkalýðsfélögin um land allt, og þau verða þar rædd á almennum fundum, og þar verða ákvarðanirnar teknar. Þetta mál verður aldrei leyst í neinu pukri. Þetta er mál þjóðarinnar allrar, og þjóðin á heimtingu á að fá að vita gjörsamlega, hver er afstaða manna til þess.

Það hefur verið ákeflega eftirtakanlegt, að ráðh. Alþfl. hafa ekki tekið þátt í þessum umr. hér í dag. Og það er engin tilviljun. Þeir vita ósköp vel, að sú afstaða, sem var túlkuð í Al-

þýðumanninum á Akureyri og ég vitnaði hér til áðan, að þeim bæri að segja af sér, ef þeir létu slíkt ástand viðgangast eins og nú er komið upp, er skoðun mikils hluta Alþýðuflokksfjósenda í landinu. En sem sagt: Þessi pukurafstaða er algerlega fráleit. Það fólk, sem stendur í verkföllunum um land allt, á heimtingu á að fá að fylgjast með málavöxtum á öllum stigum málsins.

Á 46. fundi í Sþ., 20. marz, mælti

forseti (BF):

Till. til þál. á þskj. 357 hefur verið tekin aftur af flm. Verður því ekki úr útvarpsumr. þeirri, sem ákveðin hafði verið um þá till.

Till. tekin aftur.

20. Sumarheimili kaupstaðabarna.

Á deildafundum 14. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um sumarheimili kaupstaðabarna [163. mál] (A. 375).

Á 46. fundi í Sþ., 20. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef nú áður úr þessum ræðustóli, oftar en einu sinni, gert grein fyrir þeirri nauðsyn, sem ég og aðrir þeir, sem að þessari þáltill. standa, teljum á því að auka möguleika kaupstaðabarna til sumardvalar í sveit, og þess vegna get ég nú farið fljótt yfir sögu hvað það snertir. Þó vil ég leyfa mér að rifja það upp í örstuttu máli, að það var lengi háttur kaupstaðarbúa að koma börnum sínum í sumardvöl á sveitaheimili. Það var talið eftirsóknarvert, hollt og þroskavænlegt fyrir börnin. Nú hefur orðið hér mikil breyting á, hvað snertir möguleika til slíkrar sumardvalar. Það er hin mikla fólksfækkun í sveitunum, sem veldur þessari breytingu. Það er ekki lengur til neinn vinnukraftur á heimilunum til þess að taka við þessum sumargestum, en þörfin fyrir þessa sumardvöl hefur að sjálfsögðu ekki minnkað, heldur stórvaxið með breyttri búsetu Íslendinga á síðari árum, þar sem við erum nú komnir í stórum stíl í borgir, þar sem áður voru aðeins lítil þorp og fólkið flest í sveitunum. Það eru ýmis félagssamtök, sem hafa komið auga á þessa þörf, sem þarna hefur skapazt, og talsvert starf hefur verið unnið í því skyni að bæta þarna úr.

Ég vil enn á ný og af þessu tilefni undirstrika það og sízt vanmeta það starf, sem ýmsir áhugamenn hafa innt af höndum til þess að skapa þessi skilyrði, sem hér um ræðir. En þetta er bara alls ekki nóg. Vandamálið er stórt, þrátt fyrir þetta, og vaxandi. Af þessari vöntun leiðir svo það, að foreldrar hafa í vaxandi mæli verið að reyna að koma börnum í vinnu, eða þá, að þau hafa ekkert haft að gera, og er það kannske þó það allra versta. Það er því að mínum dómi tvöföld hætta á ferðum: annars vegar sú, að kaupstaðabörnin missi af þeim skóla, sem sveitin og sveitalífið hefur verið og ætti að vera, og hins vegar sú, að þau ráðist til óheppilegra starfa við sjávarsíðuna, eða þá í þriðja lagi, sem líklega er verst, að þau ráfi iðjulaus og hafi ekkert að gera og leiðist þá stundum til þeirrar iðju, sem er ekki heppileg fyrir fólk á þessum aldri. Það er auðvitað mikið verkefni að koma upp slíkum dvalarstöðvum, og má vera, að mönnum vaxi það í augum. En versta tjónið er þó, ef ekki fæst það úr hverjum æskumanni, sem hann býr bezt yfir. Ég vil nú treysta því, að skilningur Alþ. og sveitarstjórna sé þrátt fyrir allt svo mikill, að fyrr eða síðar, og þá heldur fyrr en síðar, verði ráðizt í að bæta úr þeim vanda, sem hér er vakin athygli á.

Þegar till. var hér til meðferðar í fyrra, var hún send ýmsum aðilum til umsagnar, eins og löngum er háttur n. Meðal þeirra umsagna, sem bárust, var bréf frá fræðslustjóranum í Reykjavík, en vandamál æskufólks mun líklega hvergi og áreiðanlega hvergi vera meira en hér, og þá einnig þau vandamál æskufólksins og aðstandenda þess, sem þessi till. fjallar sérstaklega um. Með leyfi hæstv. forseta langar mig til að lesa tvær stuttar mgr. úr þessari umsögn fræðslustjórans í Reykjavík, en hann hefur vegna margháttaðra afskipta sinna af æskulýðsmálum höfuðborgarinnar, bæði sem embættismaður og ekki síður sem æðsti maður skátahreyfingarinnar, mikla reynslu, og má hiklaust telja hann einn þann mann, sem beztan kunnugleika hefur á þeim málum, sem hér um ræðir. Í þessu bréfi segir:

„Reykjavíkurborg hefur í vaxandi mæli styrkt þá aðila í Reykjavík, sem hafa haldið uppi sumardvalarstarfsemi fyrir börn úr borginni. Þessi starfsemi hefur yfirleitt verið á vegum félagasamtaka, sem hafa reynt að sinna sem flestum umsóknum, en takmarkað dvalartímann oft frá einni viku og allt að tíu vikum. Mest er eftirspurnin fyrir yngri börn, allt frá þriggja ára aldri, en hún minnkar, er ofar dregur í aldursflokka."

Og síðar segir, með leyfi forseta:

„Á s. l. ári var reynt að kanna, hve mörgum umsóknum var ekki hægt að sinna af hálfu þeirra aðila, er Reykjavíkurborg styrkir. Erfiðlega gekk að afla þessara upplýsinga, og liggja til þess margar orsakir. Þess vegna er vart hægt að gera sér glögga grein fyrir, hve mikil þörfin er á auknum sumardvölum fyrir börn hér í borg. Ég tel þó engum efa bundið, að þessi þörf er fyrir hendi hér í Reykjavík, og þá einnig í öðrum þéttbýlishverfum landsins og því eðlilegt, að þessi mál séu sett í athugun, hvernig svo sem það verður gert."

Eins og hér kemur fram, telur fræðslustjórinn þörfina vera fyrir hendi og mælir með at-

hugun á málinu. Þetta var raunar líka skoðun allra hv. nm. í allshn. á s. l. þingi. Ágreiningurinn var ekki um það, að vandamálið væri ekki fyrir hendi, og heldur ekki um það, að athugun ætti að fara fram. Ágreiningurinn var um það, hvaða háttur væri hafður á þessari athugun. Við, sem mynduðum minni hl. n., töldum réttast að fara þá leið, sem í þáltill. er bent á, þ. e. a. s., að það verði athugað að stofna heimili, eins og þar er nánar kveðið á um. En meiri hl. allshn. bar, eins og stundum áður, mest traust til hæstv. ríkisstj. og vildi fela málið í forsjá hennar og vísa málinu til ríkisstj. Það má raunar segja, að það sé afgreiðsla út af fyrir sig og leggi, a. m. k. ef rétt er á haldið, nokkra skyldu á hæstv. ríkisstj. til þess að sinna þeim málum, sem þannig er vísað til hennar af Alþ. Það hefði kannske mátt sætta sig við þá afgreiðslu, a. m. k. frekar en ekki neitt, og þess vegna mundi ég ekki hafa hreyft þessu máli nú í þriðja sinn, ef þessi uppástunga meiri hl. hefði verið framkvæmd. Ef till. hefði í raun og veru verið vísað til hæstv. ríkisstj., þá tel ég víst, að eitthvað hefði verið athugað um þessi mál. En einhverra hluta vegna hlaut till. aldrei fullnaðarafgreiðslu. Meiri hl. n. skilaði aldrei áliti, og síðari umr. fór þar af leiðandi aldrei fram.

Mér finnst það vera lágmarkskrafa, að till., sem bornar eru fram á Alþingi Íslendinga, a. m. k. þegar þær fjalla um ekki ónauðsynlegri mál en uppeldi æskulýðsins, fái þinglega meðferð og einhverja afgreiðslu, og það er þess vegna, að ég vil leyfa mér að gera þessa kröfu til Alþ., sem ég ræðst í það að flytja þessa till. eina ferðina enn. Það er enn þá nægilega mikill tími eftir af þinghaldinu til þess, að tóm gefist til að athuga till., ekki sízt, þegar um ræðir, eins og í þessu tilfelli, till., sem flestum hv. alþm. er að fornu fari nokkuð kunn, og umsagnir liggja fyrir frá ýmsum aðilum, sem þessi mál hafa látið sig varða, flestar jákvæðar, þó ekki allar. Ég vil ekki leyna því, að kirkjuþing sendi allshn. umsögn um þessa till., þar sem lagt er til, að málefni kaupstaðabarna og sumardvöl þeim til handa yrðu áfram í höndum áhugamanna, en jafnframt bætt við, að vitanlega þyrfti að styrkja þetta áhugamannastarf enn að miklum mun. Nú mundi það auðvitað fást athugað í þessu sambandi, ef þessi till. yrði samþykkt, hvort sú tilhögun gæfi betri raun, þannig að ástæðulaust virðist að leggja till. fyrir róða af þeirri ástæðu einni, að aðrar leiðir gætu komið til greina. Það mundi þá koma í ljós við skoðun málsins.

Ég hygg, að öllum hv. þm. séu enn í fersku minni þeir erfiðleikar, sem ungmenni, og þá sérstaklega hér í þéttbýlinu, áttu við að glíma á s. l. sumri í því efni að fá eitthvað að gera. Þá var hér virkilega vandamál að þessu leyti. Sumarvinnan er auðvitað nauðsynleg mörgum úr skólaæsku landsins af fjárhagsástæðum. Sízt skal ég gera lítið úr því. Þau eru ekki fá ungmennin bæði fyrr og síðar, sem hafa brotizt menntabrautina fyrst og fremst fyrir það sjálfsaflafé, sem sumarvinnan hefur skapað þeim. Það gilti, þegar ég var í skóla, á mínum skólaárum, og það gildir vafalaust enn í dag, þó að aðstæður séu að vísu mikið breyttar. En sumaratvinnan er ekki einasta nauðsynleg vegna peninganna, þó að þeir séu góðir og nauðsynlegir, aðrar ástæður vega einnig þungt þar. Iðjuleysið er böl, sem marga hættu skapar, ekki sízt fyrir fólk á þessu aldursskeiði. Þessu þurfa yfirvöld landsins að gefa gaum og vera tilbúin að mæta. Það er að vísu rétt og sjálfsagt að viðurkenna það, að á undanförnum veltiárum, nokkuð mörgum, hefur verið nóg atvinna fyrir allar vinnufærar hendur og þá skólafólkið líka, en á s. l. sumri skipti mjög um til hins lakara, og þá var það raunhæft vandamál, a. m. k. hér í Reykjavík, sem borgarstjórnin komst ekki hjá að sinna, að útvega skólafólki atvinnu, því að tugir þess, ef ekki hundruð, gengu þá án þess að hafa neitt að gera.

Ég sé það á síðustu samningaviðræðum, sem áttu sér stað milli verkalýðs og atvinnurekenda, að a. m. k. verkalýðsfélögin hafa ekki gleymt þessu ástandi, sem ríkti hér í fyrrasumar, og það er vissulega gott til þess að vita, að 6. liður í yfirlýsingu hæstv. ríkisstj., sem gefin var út í sambandi við lausn verkfallsins, fjallar einmitt um þetta mál og er einhvern veginn þannig, að athuguð verði atvinnumál unglinga, sem eru við nám, og stuðlað að sumaratvinnu fyrir þá. Ég tel, að þetta sé mjög góð og tímabær yfirlýsing, og vonast til þess, að ekki verði látið sitja þar við orðin tóm, því að fyrir vinnuna er full þörf.

En ég bendi þara á það, að iðjuleysi og verkefnaleysi er einnig óhollt þeim, sem eru yngri en sú skólaæska, sem hér mun aðallega vera átt við. Ég hygg, að það muni vera nemendur framhaldsskólanna, sem fyrst og fremst er átt við í yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. En þetta gildir engu síður, a. m. k. verkefnaþörfin, þó að maður tali ekki kannske um fjárhagshlið þessa máls, í sambandi við þá, sem yngri eru. Einnig þeir þurfa að hafa sín verkefni við að fást, og þess vegna er það, sem ég a. m. k. og við flm. allir leggjum mikla áherzlu á það, sem segir í 2. mgr. þessarar till., að að því skuli stefnt, að á slíkum sumarheimilum hafi börnin viðfangsefni, sem geti orðið þeim að sem mestum andlegum og líkamlegum þroska. Svo er talið hér upp, þ. á m. ræktunarstörf, gæzla húsdýra og umgengni við þau. Vitanlega er þessi upptalning allsendis ótæmandi og fjöldamargt annað, sem kemur til greina. Mér dettur t. d. í hug, að hugsanlegt væri nú í þessum heyforðaskorti, sem virðist hafa stungið upp kollinum nú undanfarin sumur, a. m. k. í sumum landshlutum, hvort ekki væri hægt að nota þann vinnukraft, sem þarna gæfi sig fram, til heyöflunar. Það kæmi fyllilega til greina og áreiðanlega í góðar þarfir. En allt það eru náttúrlega bollaleggingar, sem ástæðulaust er að halda áfram hér og mundi verða athugað, ef þessi till. næði fram að ganga.

Ég sé, að næst á dagskrá þessa fundar er önnur þáltill., till. frá hv. þm. Austf., Jónasi Péturssyni, um skylduþjónustu ungmenna. Mönnum kann kannske að finnast, að till. séu farnar að nálgast hvor aðra, en svo er þó ekki. Þessi skylduþjónustuhugmynd hefur oft skotið upp kollinum, og það getur vel verið, að ýmislegt verra væri hægt að gera ungu fólki heldur en það að ætlast til nokkurrar vinnu af því, sérstaklega ef það væri fellt inn í námsbrautina. Ég ætla ekki að ræða þá till. neitt sérstaklega, en er þó hræddur um, að slík lagaboð mundu mæta talsverðri mótspyrnu. En hér er ekki um neitt lagaboð, neina skyldu að ræða í því máli, sem ég flyt hér. Hér er aðeins verið að skapa aðstöðu fyrir þá, sem hana vilja þiggja, og aðstöðu, sem ég tel, að nauðsynlegt sé að skapa.

Ég skal ekki tefja tímann meira en orðið er. Ég vænti þess, að þegar þessari umr. lýkur, verði till. vísað til hv. allshn. og síðari umr., og leyfi mér að ætlast til þess, að hv. allshn. skili áliti og láti till. fá þinglega afgreiðslu að þessu sinni, svo að ekki þurfi að koma til þess enn þá einu sinni, að hún verði óútkljáð á Alþingi.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. allshn., á þskj. 673, var útbýtt 19. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

21. Skylduþjónusta ungmenna.

Á deildafundum 18. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um skylduþjónustu ungmenna [165. mál] (A. 384).

Á 46. fundi í Sþ., 20. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Sþ., 27. marz, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Till. sú á þskj. 384, sem ég hef leyft mér að flytja, er um skylduþjónustu ungmenna. Þessi hugmynd hefur verið áleitin við mig síðustu árin, og þar kom, að ég þoldi ekki lengur mátið, og þess vegna liggur till. hér fyrir. Til þessa liggja að meginefni tvær ástæður. Annars vegar eru hin uppeldislegu eða þjóðfélagslegu rök. Hins vegar hin þjóðhagslegu. Það er sú nauðsyn, sú þörf, sem þjóðfélagið hefur á starfsorku til þeirra framkvæmda, sem knýja á til að byggja hér upp betra land og til að styðja búsetuna um allt land. Leitast þarf við á svo mörgum sviðum samfélagsins að veita lágmarksaðstöðu fyrir fólkið, hvar sem er, til margvíslegra samskipta. Þjónustuskylda ungmenna mætti verða drjúg til hjálpar í þeim efnum. Og einmitt slík störf eru vel fallin til aukins andlegs þroska. Í sambandi við þetta mál er mér sérstaklega í minni setning eða kafli úr hátíðarræðu Ólafs Thors, þáv. forsrh., sem hann flutti af svölum alþingishússins á 10 ára afmæli lýðveldisins og útvarpað var til þjóðarinnar. Þykir mér vel við eiga að minna á þau orð hér einmitt í framsöguræðu fyrir þessu máli. En Ólafur komst svo að orði:

„Æskan í landinu verður að gera sér ljóst, að á sérhverjum Íslendingi hvílir sú þunga skylda að afkasta meiru en einstaklingar annarra menningarþjóða. Ella fáum vér ekki haldið hér uppi frjálsu menningarríki, þar sem ein lög ganga yfir alla, þar sem réttur þegnanna er einn og skyldan ein og hin sama. Þessari skyldu verður æskulýðurinn að rísa undir. Að launum fær hver og einn að heita Íslendingur, teljast til sérstæðrar gáfu- og menningarþjóðar, sem á sér fegra föðurland en nokkur annar."

Ég held því ekki fram, að Ólafur hafi hér sérstaklega átt við vinnuskyldu. En að baki þessum ummælum liggur djúpur skilningur á eðli þjóðlífs okkar, að það kostar okkur nokkuð, já, mikið, að vera frjáls þjóð í frjálsu landi. Og einmitt það ætti að efla skilning á því, að við Íslendingar eigum ekki auðvelt með að vera lausir við þá skyldu flestra annarra þjóða, sem lögð er á borgarana, herskylduna, án þess að við tökum á herðar okkar skyldu í öðru formi, einmitt í líkingu við það, sem hér er lagt til með þáltill. þeirri, er fyrir liggur. Fóstra vor kallar á starfsfúsar hendur. Um það er ekki að villast. Hitt er ekki minna um vert, að æskufólk okkar hljóti menntun og þroska huga og handa, og það er í mínum huga enn mikilvægara. Að þeim árangri er fyrst og fremst stefnt með skylduþjónustunni, því að menntun og þroski huga og handa styður bezt að þeim þjóðfélagsumbótum, sem fyrir okkur vaka. Þannig myndast tengsl milli þegns og þjóðfélags, og þannig mættu verða að allsherjarveruleika hrifningarorð skáldsins:

„Svo traust við Ísland mig tengja bönd,
ei trúrri binda son við móður."

Hermann á Þingeyrum barðist fyrir þegnskylduvinnu um aldamótin. Sú hugsjón átti þá erfitt uppdráttar, og var talið, að eiturhvöss ferskeytla hefði þá drepið hana. Víst er, að ekki hefur borið mikið á þessari hugmynd framundir síðustu árin. Rétt er þó að nefna, að Björgvin Vigfússon sýslumaður á Efra-Hvoli var mikill áhugamaður og talsmaður þegnskylduvinnunnar.

En við, sem munum tímana um fyrra stríð eða lítið eitt lengra aftur, eigum ekki svo erfitt með að skilja, að hugmyndin félli ekki í þjóðlífið þá. Við vorum að vísu að komast yfir það að svelta. En kjörin voru þó um

margt kröpp og þeir vafalaust fleiri, sem tæpast máttu missa daga frá starfi, svo að ekki væri afkomunni teflt í hættu. Nú er öldin önnur. Nýtt þjóðfélag með nýjum möguleikum. Lærdómsþjóð, sem nú þarf þó að gæta þess að hafa viðfangsefni við hæfi æskufólksins.

Það bar á því á s. l. ári, að erfitt væri að fá störf við hæfi ýmissa ungmenna, er skólum lauk. Skortur verkefna og viðfangsefna er mesta hættan á leið þroskans. Ég ætla ekki hér að fjölyrða svo mjög um þau viðfangsefni, sem væru hæfileg við framkvæmd vinnuskyldunnar. Mér eru ofarlega í huga skógrækt og landgræðsla. Störf við byggingar samfélagsins, sjúkrahús, skóla, félagsheimili, íþróttamannvirki. Við samgöngumál, við brýr, vegi, hafnir og flugvelli. Við þjónustustörf í sjúkrahúsum, skólum, vistheimilum, og jafnvel Póst og síma, hjálp við rannsóknarstörf, störf sem jöfnum höndum eru í þágu sveitarfélaga og ríkis. Ég held, að störfin skorti ekki. En mikilvægt er með alla stjórn og forstöðu í framkvæmd þessa máls, að þar sé gætt ýtrustu hagsýni og sparnaðar í meðferð þeirra fjármuna, er til framkvæmdarinnar þarf, og þó fyrst og fremst, að forstaða öll sé með réttu hugarfari. Ég verð að segja það hér, að það kröfuhugarfar, sem nú virðist mjög ráðandi, sem réttlætir að taka svo til orða, að loft sé lævi blandið, skapar ekki hið rétta umhverfi við framkvæmd þjónustuskyldunnar. Kjörorð þessarar hugsjónar er hófsemi og að gera fyrst kröfu til sjálfs sín. En ef þeir, sem verða leiðbeinendur, ráðsmenn og verkstjórar eiga ekki þetta hugarfar, er tæpast að vænta, að þeir innræti það hjá æskufólkinu.

Í stuttu máli er grundvöllur þessarar hugsjónar og sá andi, sem þar verður að svífa yfir vötnum: Burt með Kains-hugsunarháttinn, sem spyr: Á ég að gæta bróður míns? Þvert á móti þarf spurningin að vera: Hvað get ég gert fyrir föðurlandið?

Það kann að vera álitamál með aldursmörk, sem í till. eru, 14—18 ára, og lengd vinnuskyldunnar. Sú n., sem Alþ. kýs, athugar það mál allt nánar. Ég tel, að það komi vel til greina, að skylduþjónustan komi að einhverju leyti í stað skyldunáms hjá nemendum, ef einhverjir þeirra skyldu sérstaklega óska eftir því. Ég segi þetta af því að margvísleg störf eru sumum ungmennum tvímælalaust ekki síður menntabrunnur en bóknámið.

Ég tel till. þessa tímabæra. Um hana hafa verið ákveðnar tvær umr. Till. er um nefndarkosningu á Alþ. til könnunar málinu. Ég geri því ekki till. um, að henni verði vísað til n. Við tvær umr., t. d. með viku millibili, ættu hv. alþm. að geta gert það upp við sig, hvort málið er þess virði að kjósa þá n., sem hér er lagt til. Og ég vildi vona, að Alþ. tæki þá afstöðu.

Þetta mál er í mínum huga liður í margvíslegum þjóðfélagsumbótum. Ég ritaði tvær greinar í Morgunblaðið í haust og vetur, þar sem ég vék að skylduþjónustunni ásamt mörgu öðru í stjórnsýslu okkar, þar sem rótækra breytinga væri þörf. Ég rakti þar 11 punkta í skattamálum, tryggingamálum, launakerfi, skyldusparnaði, verðtryggingu. Ég er ekki byltingarmaður í venjulegum skilningi þess orðs. En þegar verzlunarárferði og tíðarfar og jafnvel fiskifang tekur á sig byltingarsvip, getur blóðið hitnað, jafnvel í stilltustu mönnum. Við þurfum gerbreytingu í skattamálum okkar, í fjármálum okkar á mörgum sviðum og við þurfum að taka upp þjónustuskylduna. Þessi till. fjallar um þann þátt einan, og ég vil því ekki hér hasla völl á víðara sviði nú. En eins og áður segir eða eins og ég áðan sagði, geri ég ekki till. um að vísa þessu máli til n., en að því verði nú að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða till. efnislega, heldur bera fram fsp. til hv. flm., ósköp einfalda: Ætlast hann til, að ungmenni vinni kauplaust við þessa skylduþjónustu, eða hugsar hann sér, að ungmennin eigi að fá kaup? Það er ekkert á þetta minnzt í till., en í sjálfu sér getur skylduþjónustan verið bæði kauplaus og með kaupi. Ég held, að það skipti ekki litlu máli að fá einhverja vitneskju um það strax, hvernig hv. flm. hugsar sér það. Annars þykir mér ekki beint viðeigandi, þegar frsm. máls leggur það til, að mál fari ekki til n. Ég vil gera það að till. minni, að málinu verði vísað til allshn., ef ekki kemur önnur till. fram.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Ég var að sjálfsögðu við því búinn, þó að ég gerði ekki till. um það, að málinu yrði vísað til n., að þá kynni sú ósk að koma fram eða till. hér á hv. Alþ., og vitanlega sker Alþ. úr um það. Hins vegar vakti það fyrir mér, eins og ég sagði, að þar sem eru tvær umr. um þetta mál og það er aðeins um nefndarskipun, þá taldi ég það mjög koma til greina að láta tvær umr. nægja.

Að öðru leyti er ekki óeðlilegt kannske, að þessi spurning kæmi fram hjá hv. 1. þm. Vestf. um, hvað ég hugsaði mér um kjörin í framkvæmd vinnuskyldunnar. Ég skal alveg segja það, hvernig þetta mál er í mínum huga. Ég hef ekki hugsað mér, að unglingarnir ynnu fyrir kaupi, heldur hefðu þeir það, sem kallað er frítt uppihald.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 30:2 atkv og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

22. Endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Á deildafundum 21. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun stjórnarskrárinnar [168. mál] (A. 402).

Á 47. fundi í Sþ., 27. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 402 leyft mér að hafa forgöngu um, að hið háa Alþ. fái til meðferðar á ný till. til þál., sem Karl Kristjánsson fyrrv. alþm. flutti á síðasta þingi um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Um leið og ég mæli nú fyrir till. í þetta sinn, vil ég leyfa mér að beina því til hv. þm. og þá ekki sízt þeirra, sem ekki hafa áður setið á Alþ., að þeir kynni sér nánar í handritum þingsins þá mjög svo athyglisverðu og snjöllu framsöguræðu, sem flm. till. í fyrra flutti um hana. En till. kom ekki aftur til umr. og varð ekki afgreidd.

Flm. till. á síðasta þingi lét þess getið í framsöguræðu sinni, að till. væri ekki flutt sem flokksmál, og það er hún heldur ekki í þetta sinn.

Ég leyfi mér að vekja athygli hv. þm. á því, að nú er aldarfjórðungur liðinn og einu ári betur næstum síðan Alþ. ályktaði hinn 22. maí 1942 að kjósa 5 manna mþn. til að gera breytingar á stjórnskipunarlögum ríkisins. En hinn 8. sept. sama ár, þ. e. a. s. 1942, ályktaði þingið frekar um þetta mál og þá m. a. að bæta mönnum í n., þannig að í henni ættu sæti tveir fulltrúar frá hverjum þeirra flokka, er fulltrúa áttu á Alþ. þá, og voru þeir menn kosnir, þannig að n. varð undir árslokin 1942 skipuð 8 mönnum. Það var þessi 8 manna n., sem undirbjó þá stjórnarskrárbreytingu til bráðabirgða, sem tók gildi um leið og lýðveldið var stofnað. En eftir lýðveldisstofnunina var enn á ný borin fram till. til þál. um framkvæmd á gagngerðri endurskoðun stjórnskipunarlaganna. Sú till. mun hafa verið samþ. hinn 3. marz 1945. Till. hljóðaði þannig:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að skipa 12 manna n., 3 eftir tilnefningu hvers þingflokks, er verði mþn. í stjórnarskrármálinu til ráðgjafar og aðstoðar. Jafnframt er stjórnarskrárnefnd heimilað með samþ. ríkisstj. að ráða sérfróðan mann til öflunar gagna og undirbúnings málsins. Kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði."

M. ö. o., eftir að till. frá 3. marz 1945 hafði verið samþ., var starfandi að tilhlutan Alþ. 8 manna aðalnefnd og 12 manna aðstoðarnefnd, eða samtals 20 manna n. að því að endurskoða stjórnarskrána og semja stjórnarskrá handa lýðveldinu, og þessari 20 manna n. var fenginn sérfróður maður til aðstoðar. Það leynir sér ekki, enda vitanlegt, að þessari n., þessari 20 manna n. og reyndar n., sem áður hafði starfað, 5 manna n. og 8 manna n. einnig, var ætluð ýtarleg endurskoðun á stjórnarskránni, að gera till. um lýðveldisstjórnarskrá.

Svo liðu tímar, og árið 1947 hafði 20 manna n. enn ekki lokið störfum. Þá var það, að borin var fram og samþ. ný till. á Alþ., þar sem stungið var upp á því, að ríkisstj. skyldi skipa 7 manna n. til að endurskoða stjórnarskrána, og jafnframt var, að ég ætla, hin eldri 20 manna n. leyst frá störfum. Þessi 7 manna n. skilaði aldrei áliti, og það mun almennt talið, að hún sé fyrir löngu hætt störfum.

Þetta er sagan um endurskoðun stjórnarskrárinnar og um það, sem unnið hefur verið að hinni nýju lýðveldisstjórnarskrá. Í framsöguræðu sinni í fyrra fór þáv. flm. till. nokkrum orðum um þetta efni, um þessa sögu og velti því fyrir sér, hvernig á því stæði, að þessar n. frá 1942, 1945 og 1947 hefðu aldrei lokið störfum. Um þetta sagði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað var þessu valdandi? Hvað gerði allar þessar n. vanmáttugar til að ganga frá heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar? Það var flokkapólitíkin", sagði þm. „Andinn var að vísu reiðubúinn, en holdið hjá flokkunum var veikt. Andinn viðurkenndi, að stjórnarskrá ætti að miða við aldir. Holdið, þ. e. a. s. flokkapólitíkin, vildi, að miðað væri við sína hagsmuni í næsta leik."

Það var sýnilega skoðun Karls Kristjánssonar, þegar hann flutti málið í fyrra, og ég er ekki fjarri því að gera það einnig að minni skoðun, að flokkssjónarmiðið hafi valdið nokkru um, að það hefur ekki tekizt enn að semja lýðveldisstjórnarskrána. En það mun einmitt vera út frá þessari skoðun, frá þessu sjónarmiði, sem flm. till. í fyrra ákvað að leggja það til, að n., sem nú fengi þetta verkefni, yrði skipuð með nokkuð sérstökum hætti. Og vil ég nú leyfa mér að koma að efni till.

Í till. er gert ráð fyrir því, að stofnað sé til endurskoðunar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands á þann hátt, að ríkisstj. verði falið að skipa til þess 9 menn samkv. tilnefningu nokkurra aðila, þannig að þingfl. á Alþ. tilnefni 4 nm., sinn manninn hver, þ. e. a. s. ekki meiri hl. n., lagadeild Háskóla Íslands 2 menn, Hæstiréttur 3 menn og 1 þeirra formann n. Alls eru þetta 9 menn. Þetta er um nefndarskipunina og meginverkefnið, sem n. er falið, er samkv. till. að endurskoða stjórnarskrána. En í þessari till. eru sérstaklega tilgreind 8 atriði í stjórnarskránni, sem n. er samkv. till. falið sérstaklega að taka til athugunar, og þó að hv. þm., sem áttu hér sæti í fyrra minnist trúlega þessara atriða og þeirrar grg., sem fylgdi þeim, þá vil ég nú gera grein fyrir þeim og e. t. v. bæta við nokkrum ummælum, sem ekki fylgdu þessu máli í fyrra.

Hið fyrsta efnisatriði, sem í till. er gert ráð fyrir, að n. taki til sérstakrar athugunar, er forsetaembættið, þ. e. a. s. embætti forseta Íslands, hvort fyrirkomulag æðstu stjórnar Íslands sé svo heppileg sem það gæti verið og hvaða skipan hennar mundi vera bezt við

hæfi þjóðarinnar. Ég vil strax taka það fram, að þessi atriði yfirleitt, sem hér eru tilgreind í till., þessi efnisatriði, það eru mál, sem kunnugt er um, að hafa verið ofarlega á baugi með þjóðinni. Þarna er yfirleitt ekki neitt, sem mönnum þarf að koma á óvart. Það hafa verið rædd á ýmsum vettvangi öll þessi atriði opinberlega, og svo er einnig um þetta, sem varðar æðstu stjórn landsins. Það eru uppi ýmsar till. um þetta embætti og voru raunar, þegar embættið var stofnað um leið og lýðveldið. Sumir hafa talið, að forsetinn ætti að hafa allmikil völd, jafnvel svipað vald og forsætisráðherra, eins og gerist sums staðar erlendis. Sumir hafa jafnvel álitið, að lýðveldið þyrfti ekki á neinum forseta eða öðrum þjóðhöfðingja að halda. En sú skoðun varð ofan á við lýðveldisstofnunina, að forsetinn skyldi hafa þá aðstöðu, sem hann hefur nú, svipaða aðstöðu og menn töldu konunginn hafa á sínum tíma.

Hið næsta efnisatriði, sem n. er falið samkv. till., er að fjalla um skiptingu Alþ. í deildir, hvort hún sé ekki úrelt orðin og ein málstofa hentari. Þegar deildaskipting var upp tekin á löggjafarþingum 19. aldar, var það yfirleitt svo, að d. voru ekki kosnar á sama hátt, sums staðar í annarri d. bönduð kosning og þannig var það hér. Í Ed. sátu í öndverðu 6 konungkjörnir þm. og svo aðrir, sem kjörnir voru af þinginu. Þegar hin konungkjörnu þingsæti voru afnumin, komu svo landskjörnir þm. í Ed., en eftir að landskjörið var fellt úr gildi, hefur Ed. verið kosin í Sþ, eins og hver önnur n. Ýmsum virðist, að grundvöllurinn fyrir deildaskiptingunni sé í rauninni í burtu fallinn, nema því aðeins að menn vilji taka upp tvenns konar kjör til Alþ., eina tegund kjörs til Nd. og aðra tegund kjörs til Ed. Það hefur að vísu verið fært fram sem rök fyrir deildaskiptingunni, að á þennan hátt hlytu mál meiri og betri athugun heldur en ef þingið ynni í einni málstofu, og má vera, að nokkuð sé til í þessu. En þá hefur jafnframt verið bent á það, að slíkt öryggi mætti tryggja og ekki minna með sérstakri meðferð á hverju þingmáli umfram það, sem nú tíðkast, t. d. með því, að til staðar væri sérstök þn., sem færi yfir öll mál, eða sérfróðir menn.

Næsta efnisatriði til sérstakrar athugunar samkv. till. er aðgreining löggjafarvalds, framkvæmdavalds og dómsvalds, en löggjafarvald, framkvæmdavald og dómsvald eru hinir 3 meginþættir ríkisvaldsins samkv. kenningu fræðimanna. Það er varpað fram þeirri spurningu hér, hvort ekki sé þörf skýrari ákvæða um þessa greiningu. Ég minnist þess, að í kringum 1950, þegar fyrstu fjórðungssamböndin voru stofnuð og hið svonefnda Stjórnarskrárfélag, sem hvort tveggja hélt uppi umr. um þessi mál, þá var mikið um þetta efni rætt og menn héldu því fram, að þessum þremur þáttum ríkisvaldsins væri meira blandað saman í framkvæmd en æskilegt væri. Ég ætla ekki að hætta mér langt út í fræðilefni í þessu sambandi, en ég minnist þess, að í framsöguræðu í fyrra var m. a. á það bent, að eftir hverjar kosningar tæki Alþ. sér fyrir hendur að kveða upp dóm eða úrskurð, að vísu löglegan samkv. stjórnarskránni, en úrskurð, sem í raun og veru ætti að heyra undir dómstóla, þ. e. a. s. úrskurð um gildi kjörbréfanna.

Það tíðkast sums staðar, að þeir, sem fara með framkvæmdavaldið, vinni ekki að sjálfu löggjafarstarfinu á þingi. Eiga þess jafnvel ekki kost að sitja á þingfundum, nema sérstaklega standi á, og eru ekki þingfulltrúar. Sumir halda því fram, að þetta sé ekki aðeins heppilegt fyrir embættisframkvæmdir, heldur geri það einnig þjóðþingið sjálfstæðara gagnvart framkvæmdavaldinu. Ég hef fyrir mitt leyti tilhneigingu til að álíta, að þetta sé hvort tveggja rétt í sjálfu sér, hvort sem reynslan leiðir í ljós eða hin nánari athugun, að það henti hér í okkar fámenna ríki. Ég held, að það verði varla um það deilt, þegar málið er íhugað niður í kjölinn, að það séu því fylgjandi töluverðir ókostir, að einstakir þm. fari með mikilsvert framkvæmdavald, án þess að ég útskýri það nánar, hvers konar framkvæmdavald ég á við. Einnig held ég, að það hafi mikið til síns máls, að Alþ. mundi vinna á annan hátt og verða sjálfstæðara í starfi, ef ekki væru öllum þessum störfum stýrt af forustumönnum meiri hl. á þingi, sem sæti á í ríkisstj. Ég segi það án tillits til þess, hverjir fara með völd á hverjum tíma.

Hið næsta efnisatriði, sem n. er sérstaklega falið, er athugun um þjóðaratkvæði, hvort tiltækilegt sé að setja ákvæði um, hvenær rétt sé og skylt að láta fara fram þjóðaratkvgr. og hvað hún gildi. Alþ. hefur einstaka sinnum ákveðið með ályktun að láta fara fram þjóðaratkvgr. um tiltekin mál, og stundum hafa till. um slíkt komið fram á Alþ. án þess að ná samþykki. Ég hef það fyrir satt, að í stjórnskipunarlögum sumra þjóða séu beinlínis bindandi ákvæði um þjóðaratkvæði og gildi þeirra. Okkar þjóðaratkvgr. hér á Íslandi hafa yfirleitt verið þess eðlis, að þær hafa fremur verið ráðgefandi en bindandi, þó að segja megi, að að jafnaði hafi verið eftir þeim farið. Ég minnist þess, að uppi hafa verið fyrir skömmu sérstakar till. um það hér á þingi, að undirbúa löggjöf um þjóðaratkvæði, en ef slík löggjöf yrði sett, yrði að sjálfsögðu eðlilegt, að hún væri í sjálfum stjórnskipunarlögum landsins.

Næsta efnisatriðið, hið sjötta í röðinni, er kjördæmaskipunin, hvort ekki sé rétt að breyta kjördæmaskipuninni á þá leið, að landinu öllu verði skipt í einmenningskjördæmi, þar sem aðalmenn og varamenn verði kosnir saman óhlutbundnum kosningum, en uppbótarmenn engir. Það fyrirkomulag við alþingiskosningar var í gildi frá öndverðu eftir endurreisn Alþ., að þm. voru kosnir í kjördæmum, og fóru þá saman sýslur og kjördæmi og síðar kaupstaðir. Kjörnir voru ýmist einn eða tveir

fulltrúar í hverju kjördæmi og kosning óhlutbundin eftir sama fyrirkomulagi og þá var í gildi í Danmörku, og sama fyrirkomulagið er enn í gildi í engilsaxneskum ríkjum. Þetta breyttist svo, þegar nokkuð var liðið á þessa öld, og urðu þm. í einu kjördæmi fleiri en tveir og þá tekin upp hlutfallskosning, auk þess, sem raunar gerðist áður, að innleidd var hlutfallskosning hinna landskjörnu þm., sex að tölu.

Árið 1934 var svo þessum ákvæðum um kosningar til Alþ. mjög breytt, og var þá í gildi þrenns konar kosning þm.: Kosning í kjördæmum, einn eða tveir þm., kosning í fjölmennasta kjördæminu, Reykjavík, nokkrir þm. kjörnir hlutfallskosningu, og svo að lokum nýmælið, þm. þingflokkanna eða uppbótarmennirnir, sem kallaðir hafa verið, eða landskjörnir þm. á lagamáli.

Árið 1942 var enn gerð breyting á kosningum til Alþ. Þá voru teknar upp hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum.

Svo leið og beið. N. þær, sem ég nefndi áðan, voru settar á laggir til þess að semja lýðveldisstjórnarskrá, án árangurs. En 1959 var gerð hin síðasta breyting á kosningum til Alþ., þegar landinu var skipt í 8 stór kjördæmi með hlutfallskosningu, en ákvæði um þm. flokkanna jafnframt látin haldast. Ég held, að það sé ekki ofmælt, að þetta fyrirkomulag frá 1959 mælist nokkuð misjafnlega fyrir og að þeir séu nokkuð margir í landinu, fleiri en áður voru, þótt þeir væru raunar margir, sem sjái missmíð á þessu fyrirkomulagi. Því er það, að nú í seinni tíð hefur þeirri skoðun, að mér virðist, vaxið fylgi, að rétt sé að breyta fyrirkomulaginu enn á ný og taka upp óblandað kosningafyrirkomulag. Með því á ég við, að allir þm. verði kjörnir á sama hátt og að þeir verði kjörnir í einmenningskjördæmum, landinu verði skipt í einmenningskjördæmi og kosningarnar fari fram í þeim og hlutfallskosningar og uppbótarsæti flokkanna verði þá um leið úr sögunni. Ég hef m. a. veitt því athygli, að þessi skoðun virðist eiga nokkuð áberandi fylgi að fagna hjá hinum yngri kjósendum um þetta leyti, og ég álít, að það eigi að athuga þennan möguleika mjög gaumgæfilega.

Það er talið nauðsynlegt til framkvæmdar lýðræðinu, að í þjóðþingi séu flokkar og að stjórnmálabaráttan eða stjórnmálastarfsemin sé háð í flokkum, einnig utan þings. Sumar þjóðir eða stjórnendur telja nóg, að flokkurinn sé einn, en hér og í nágrannalöndunum hafa menn ekki verið sama sinnis. Ef lýðræðið og þingræðið eiga meiri þroska fyrir höndum, verða langlíf í veröldinni, þá finnst mér, að við gætum vel hugsað okkur, að sá tími gæti komið, að hægt væri að komast af án þessara flokka, því að ýmsa ókosti hefur flokkafyrirkomulagið eða flokksræðið, eins og margir nefna það nú á tímum. Vera má, að ég eigi eftir að komast á aðra skoðun, en mér finnst, að það væri á margan hátt miklu heillavænlegra fyrir þjóðina, að stjórnarskrá- in og löggjöfin yfirleitt hætti aftur að þekkja orðið flokkur, en orðið flokkur var ekki til í stjórnarskránni, svo ég muni, fyrir 1930, og að kjósendurnir greiddu atkvæði um menn, en ekki flokka fyrst og fremst, sem auðvitað þarf ekki að koma í veg fyrir það, að menn skipi sér í flokka eða að flokkur styðji tiltekna frambjóðendur. En eigi að síður er hér um tvennt að ræða, nokkuð ólíkt.

Þó að ég segi það, að vel sé hægt að hugsa sér, að lýðræðið næði þeim þroska, að einhvern tíma væri hægt að komast af án flokka, þá er ég ekki að halda því fram, að svo sé nú, og þegar ég segi, að ég teldi það ekki illa farið, þó að íslenzk löggjöf hætti að þekkja orðið stjórnmálaflokkur, hætti að hafa það í sínum fórum, þá er ég ekki þar með að segja, að það þýði, að flokkastarfsemi eða flokkar leggist niður. En mér hefur alltaf fundizt, að með stjórnarskrárbreytingunni frá 1930 hafi flokkahugtakinu verið gert óþarflega hátt undir höfði, og ég er eiginlega orðinn ákveðnari í þeirri skoðun, eftir því sem árin líða.

Fleira skal ég ekki segja um þetta atriði, en hér er sem sagt ætlazt til, að n. fjalli um það, hvort ekki sé rétt að breyta kjördæmaskipuninni á þá leið, að landinu öllu verði skipt í einmenningskjördæmi, þar sem aðalmenn og varamenn verði kosnir saman óhlutbundnum kosningum og uppbótarþm. engir.

En sjöunda atriðið fjallar einmitt um þingflokkana, sem ég var að minnast á áðan, hvort ekki sé þörf lagasetningar um skyldur og réttindi þingflokka, þar sem þeir eiga rétt til uppbótarþingsæta samkv. stjórnarskránni. Nú má náttúrlega segja sem svo, að ef það yrði afleiðingin af endurskoðun þess efnisatriðis, sem nefnt er í 6. tölulið, að uppbótarþingsætin yrðu felld niður, þá þarf auðvitað ekki að nefna uppbótarþingmennina sem rök fyrir því að setja þurfi sérstök stjórnarskrárákvæði um flokka, þingflokka. En vitanlega er hægt að hugsa sér, að eitthvert af þessum atriðum yrði afgreitt jákvætt, en annað ekki, og er þá eigi að síður þörf á því, að hvort tveggja sé athugað samhliða í þessari n. En það er í sjálfu sér algerlega fráleitt, sem nú stendur í stjórnarskránni og kosningalögunum, að einhverju, sem heitir þingflokkar, séu ætluð hvorki meira né minna en 11 þingsæti á Alþ., og að samt séu engin ákvæði um það í l., hvers konar fyrirbrigði flokkar séu. Þeim er aðeins fenginn þessi réttur, en ekki lagðar á þá skyldur. Ég held, að það séu varla dæmi til þess, þó að oft hafi verið sett lög á Alþ. um félög og samtök, að þetta hafi ekki fylgzt að, skyldur og réttindi. Ég held, að það sé almennt viðurkennt, að réttindum veittum með lögum, eigi að fylgja skyldur ákveðnar með lögum. Það er vitanlega sitt af hverju, sem kæmi til greina að setja í löggjöf um þingflokka eða flokka, t. d. það í fyrsta lagi, með hverjum hætti stofna skuli flokk og hvað til þess þurfi, að einhver samtök geti kallazt flokkur félagslega séð. Mér er sagt, að í sum-

um löndum séu lagaákvæði um fjármál flokka. Og ef þingflokkar eiga að hafa svo og svo mikið að segja um framboð t. d., er náttúrlega ekki óeðlilegt, að eitthvað standi um það í lögum, hvernig þeir skuli þá bera sig að því að framkvæma þetta, þannig að löglegt sé.

Þá kem ég loks að síðasta atriðinu í till., síðasta ábendingaratriðinu, og það er ný skipting landsins í samtakaheildir, hvort ekki sé æskilegt að taka inn í stjórnarskrána ákvæði um skiptingu landsins í fylki eða aðrar nýjar samtakaheildir, sem hafi sjálfstjórn í sérmálum, enda leiti n. um þetta álits sýslunefnda, bæjarstjórna, borgarstjórnar Reykjavíkur, fjórðungssambanda og Sambands ísl. sveitarfélaga. Þetta, sem hér er rætt um, skipting landsins í fylki með sjálfstjórn í sérmálum, er mál, sem oftar en einu sinni hefur verið rætt sérstaklega hér á Alþ. Það hafa legið fyrir Alþ. till. um þetta efni. Slík till. liggur ekki fyrir þessu þingi, og er ástæðan sú, að hér í þessari þáltill. um endurskoðun stjórnarskrárinnar er m. a. um sama efni fjallað.

Hugmyndin um skiptingu landsins í fylki með sjálfstjórn í sérmálum er upprunnin að ég ætla fyrir 15—20 árum eða svo á fjórðungsþingunum eða í fjórðungssamböndunum norðanlands og austan. Og ég held, að fyrir þessu sé mjög mikill áhugi í þessum landshlutum og víðar. Ég held, að svona fyrirkomulag, að skipta landinu í nokkuð sjálfstæðar heildir, sem þó lytu lögsögu ríkisvaldsins, væri mjög þýðingarmikil aðgerð í þá átt að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar, og ég veit ekki, hvort við getum gert nokkuð áhrifameira í þá átt. Ég hefði gjarnan viljað ræða meira um þetta atriði, en vegna þess, að hér er um fleira fjallað og af því að þetta hefur verið svo mikið rætt á þingi fyrr, ætla ég ekki að gera það nú.

Eins og ég tók fram í öndverðu, er þessi till. á þskj. 402 nú endurflutt á Alþ. Hún er um það fyrst og fremst, að komið verði á fót enn einni n. til þess að reyna að koma því í framkvæmd, að lýðveldisstjórnarskráin, sem heitið var fyrir aldarfjórðungi, verði sett. Og hún er um það, að n. verði til á þann sérstaka hátt, dálítið frábrugðinn sumu því, sem áður hefur gerzt í þessum málum, að Alþ. sjálft hafi þar ekki meiri hl., ekki þingflokkarnir, heldur stofnanir, sem við treystum vel á þessu sviði og ekki öðrum betur til þess að gefa ráð. Síðan eru í till., eins og ég nú hef rakið, talin upp nokkur þau atriði og útskýrð nokkuð, sem gert er ráð fyrir og í raun og veru lagt fyrir n., ef till. verður samþ., að athuga sérstaklega. Þessi atriði eru 8 talsins. Ég hef nú gert grein fyrir þeim öllum. Mér kemur ekki til hugar að halda því fram, að þessi upptalning sé tæmandi, það sé ekki fleira, sem kæmi til mála, að n. taki til athugunar og væri jafnvel mjög mikilsvert, að hún tæki til athugunar, jafnvel eins mikils vert og sumt af því, sem hér er nefnt. Það eru hér vitanlega engin höft lögð, en hér eru þau atriði fyrst og fremst nefnd, sem þeim, sem að þessari till. standa, hafa verið hugstæðust í sambandi við endurskoðunina.

Ég leyfi mér að minna á það í þessu sambandi, að í hv. Nd. hefur á þessu þingi verið flutt frv. til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, á þskj. 264. Það frv. hefur þegar verið til umr. í þeirri hv. d. og er nú til meðferðar í n. Þarna er beinlínis gert ráð fyrir lagabreytingum, beinlínis gert ráð fyrir, að Alþ. samþ. breytingar á stjórnarskránni. Ég er nú fyrir mitt leyti þeirrar skoðunar, að það henti ekki á þessu stigi að vinna þannig að málinu, heldur verði málið að hljóta þá endurskoðun að lokum, sem það átti að fá, að við alþm. verðum að koma því til leiðar og bíða með það að ætlast til, að Alþ. samþykki sérstök þmfrv. um stjórnarskrárbreytingar.

Í þessu frv. eru sum þau atriði, sem í till. á þskj. 402 er gert ráð fyrir, að væntanleg stjórnarskrárnefnd athugi sérstaklega, eins og t. d. þjóðaratkvæðið og það, sem hér er kallað *ríkisvald og alþjóðlegar stofnanir*. En *eitt* atriði, sem nefnt er sérstaklega í till. minni, er þar undir fyrirsögninni „Samskipti við önnur ríki", nauðsyn ákvæða, er marki rétt ríkisstj. og Alþ. til samninga við aðrar þjóðir. En einnig eru í þessu frv. önnur atriði, sem ekki eru nefnd sérstaklega í till. á þskj. 402, en ég teldi sjálfsagt, að sú n., sem kosin yrði á Alþ., tæki einnig til athugunar og reyndi að komast að niðurstöðu um.

Ég skal svo ljúka máli mínu um þessa till. Ég vil leyfa mér að leggja til, að henni verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

Umr. frestað.

Á 48. fundi í Sþ., 5. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Með till. þeirri, sem hér er flutt, er hreyft við meginatriðum okkar stjórnskipulags, og ýmis þau atriði, sem þar eru sérstaklega tekin til umr., eru þess eðlis, að þau eru fullkominnar íhugunar verð, auk þess sem hv. flm. hélt hér að ýmsu leyti athyglisverða ræðu, og vildi ég því gera málið nú að nokkru umræðuefni.

Trú manna á þýðingu ýtarlegra stjórnskipunarlaga eða tíðra breytinga á þeim er ákaflega misjöfn. Ég minnist þess, að þegar ég var ungur kennari við Háskólann og var staddur niðri í kennarastofunni, sem þá var hér í þessu húsi, heyrði ég tvo gamla kennara tala um þessi efni. Annar þeirra var Guðmundur heitinn Hannesson prófessor, margfróður maður, hafði m. a. haft afskipti af stjórnmálum, setið á þingi, las mikið og bar ætíð fram nýjar hugmyndir, þ. á m. margar og margbreytilegar um breytingar á stjórnhættum. Honum fannst stundum lítið undir till. sínar tekið, og heyrði ég, eins og ég sagði, á tal hans við prófessor Ólaf Lárusson um

þetta efni. Hann spurði Ólaf af hverju hann léti ekki uppi skoðanir á einhverjum nýjum till., sem Guðmundur þá hafði verið með. Ólafur hafði aldrei nein opinber afskipti af stjórnmálum, a. m. k. ekki á efri árum, en var einn mesti lögfræðingur okkar tíma og bezti réttarsögufræðingur, sem þá var á Íslandi. Ólafur sagði, að hann hefði takmarkaða trú á þvílíkum breytingum, sem væru byggðar á kenningum, bollaleggingum, vegna þess að það væri atburðarásin sjálf, þróun réttarins og þjóðfélagsins, sem krefðist vissra breytinga og þegar sú þörf væri fyrir hendi, væru breytingarnar gerðar, hvað sem ýmsum misjafnlega skynsamlegum bollaleggingum frá fyrri tíð liði.

Mér fannst þessar orðræður þá þegar vera harla athyglisverðar, því að það er mjög til íhugunar, að einmitt í þeim löndum, þar sem stjórnarfar er einna óstöðugast og mest ringulreið hefur iðulega komið upp í stjórnarháttum, þar hafa verið settar bæði flestar og ýtarlegastar stjórnarskrár og er þar skemmst og fremst að minnast Frakklands. Það eru ekki nema hinir beztu fræðimenn, sem kunna skil á öllum þeim stjórnarskrám, sem Frakkar hafa sett sér eftir byltinguna miklu 1789. En flestar hafa þær stjórnarskrár dugað tiltölulega skamman tíma og þó einna bezt og lengst þau stjórnskipunarlög, sem einungis voru sett til bráðabirgða eftir styrjöldina 1870—1871 og menn ætluðu þá einungis að una við skamma hríð, en entust þjóðinni á hennar bezta framfaratíma frá 1870 fram til 1940.

Við sjáum einnig, að ef menn ætla að koma fram breytingum með stjórnarskrá, stjórnlagabreytingu, sem ekki eiga rætur í því þjóðfélagi, þar sem þessari nýju skipan á að koma á, þá vill oft fara á allt annan veg heldur en til var stofnað. Má þar t. d. bera saman annars vegar þróunina í Þýzkalandi eftir 1918 og hins vegar í Japan nú eftir ósigur þeirra 1945. Báðar þjóðirnar höfðu beðið mikinn ósigur og 1918 var talið, að það væri mikill vinningur fyrir lýðræðið í heiminum, að keisaradæmið í Þýzkalandi væri afnumið. Það var að vísu að nokkru leyti gert fyrir aðgerðir Þjóðverja sjálfra, en ekki síður vegna þess, að bandamenn settu það sem skilyrði, að keisarinn væri sviptur völdum og nýju stjórnarfyrirkomulagi komið á. Ég held, að flestir, sem eru kunnugir þýzkri sögu, líti nú eftir á þannig á, að ef keisaradæmi hefði haldizt, þótt einungis væri að nafni til eins og hefur haldizt í Japan eftir 1945, þá hefðu verið miklu minni líkur til þess, að Hitler hefði getað hrifsað til sín völdin, og sú óheillaþróun hefði orðið, sem raun ber vitni um og ekki einungis varð til mikillar ógæfu fyrir Þýzkaland, heldur fyrir allan heiminn, eins og ekki þarf mörgum orðum um að fara. Það var einmitt af þessari reynslu, sem Bandaríkjamenn höfðu lært og féllust þess vegna á, að keisaradæmið í Japan fengi að haldast, þó að keisarinn væri að mestu sviptur þeim völdum, sem hann áður hafði. Það hefur orðið til þess, að þróun í Japan hefur þrátt fyrir hinn mikla ósigur, og þrátt fyrir kjarnorkusprengjurnar, sem særðu þjóðina holundarsári, orðið miklu heillavænlegri heldur en margir bjuggust við. Við sjáum líka um það skýr dæmi, að jafnvel hinar mestu breytingar að formi til leiða til sáralítillar breytingar í raun og veru.

Hv. 6. þm. Reykv., sem er allra manna kunnugastur því, sem gerzt hefur í Sovétríkjunum, vakti athygli á því í vetur eftir sænskri heimild, að það hefði verið sáralítill munur á lífnaðarháttum Stalíns einræðisherra í Sovétríkjunum og zarsins, sem ríkti þar áður. Það hefði nánast verið sams konar uppeldi, sem dóttir Stalíns fékk, og börn keisarans áður fyrr. Báðir voru sem sagt algerir einvaldar í sáralitlum tengslum við fólkið umhverfis sig. Þetta er mjög athyglisverð staðreynd. Stundum, þegar við fordæmum kommúnismann fyrir hans einræðistilhneigingar og það ofbeldi, sem honum hefur fylgt, þá gleymum við því, að hann hefur einmitt náð völdum í þeim ríkjum, þar sem ekkert lýðræði þekktist áður, eins og í Rússlandi og nú í Kína. Almenningur unir ekki öðrum stjórnarháttum, hann þekkir ekki annað. Þrátt fyrir breytingu á stjórnlögum og þrátt fyrir að allt annað vekti fyrir mönnum í upphafi, þá varð þetta að fara aftur í sama farið og þjóðirnar voru vanar við, því að án þess að breytingar eigi rætur að rekja í sjálfu þjóðlífinu verða þær oft til þess að hafa þveröfug áhrif við það, sem menn höfðu gert ráð fyrir.

Við sjáum hins vegar, að einmitt í þeim ríkjum, þar sem stjórnarfar er fastast og öruggast og á annað borð eru sett stjórnlög, þar hafa stjórnlögin að meginefni til staðið langa hríð. Þar er skemmst frá því að segja, að í Bandaríkjunum er enn í gildi að meginefni til og formi stjórnarskrá sett 1787. Í Svíþjóð eru enn stjórnarlög að meginstofni til frá árunum 1808—1809. Í Noregi er enn í helgi höfð stjórnarskráin frá 1814. Í Danmörku hafa að vísu verið settar nýjar stjórnarskrár hvað eftir annað, en að stofni til er stjórnarskráin hin sama og sett var 1848. Þar sem staðfastleiki hefur verið einna mestur og hv. tillögumaður einmitt vitnaði í um örugga og góða stjórnarhætti, þar hefur aldrei nein skrifuð stjórnarskrá verið sett, í sjálfu Bretlandi. Þar eru engin skrifuð stjórnlög til, sem hafi meiri helgi heldur en hver önnur lög.

Þessi dæmi, sem ég hef nú rakið, sýna annars vegar, að setning stjórnarskrár færir enga örugga tryggingu fyrir farsælli framþróun, hvorki fyrir því, að breytingar verði í þá átt, sem fyrir mönnum vakir, né að öryggi haldist, og hins vegar að jafnvel gamlar stjórnarskrár, eins og í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum, hafa ekki staðið á móti eðlilegri þróun og í raun og veru gerbreytingu þeirra þjóðfélaga, sem hafa búið við þessi gömlu stjórnarskrárákvæði. En vitanlega er það svo, að þó að bókstafurinn sé enn sá sami í mörgum atriðum og flestum atriðum í þessum stjórnarskrám, er margt skilið öðru

vísi en áður, öðru vísi framkvæmt. Framkvæmdin hefur fylgzt með tímanum, en stjórnlögin sjálf hafa haldizt til öryggis og til frekari tryggingar fyrir réttarskipun í landinu og samhengi um stjórnarhætti. Það er hollt, að menn minnist þessara lærdóma, sem eru öllum þeim kunnir, sem eitthvað hafa fengizt við þessi efni, einmitt þegar verið er að tala um, að það standi mjög upp á okkur Íslendinga um setningu stjórnarskrár.

Nú er það svo, að okkar þjóðfélag hefur þróazt eftir, að því er segja má, norrænni fyrirmynd. Við vorum frá 1262 og fram á okkar daga fyrst hluti af Noregi, síðan af hinu dansk-norska ríki og loksins af hinu danska ríki. Konungdæmið í þessum löndum var, formlega ætíð, einn aðalþáttur þeirra stjórnskipunarlaga, en veldi konunga var auðvitað mjög ólíkt á ólíkum tímum, og á síðustu árum okkar samneytis við Danmörku var konungur hættur að hafa raunverulega völd, en var meira sem form til þess að tryggja samhengi og til þess að grípa inn í á sérstökum neyðarstundum, heldur en hann sinnti daglegum stjórnarstörfum, ef svo mætti segja.

Það er engin skömm fyrir okkur, heldur er það eðli málsins samkvæmt, og sýnir, að við kunnum að meta það, sem vel hefur gefizt og okkur hefur ekki brugðizt, að sú stjórnarskrá, sem við enn búum við, er að formi til að meginstefnu í sömu átt og raunar stofni eins og stjórnarskráin, sem við fengum 1874 og var sniðin eftir samtíma stjórnarskrám bæði í Danmörku, Noregi og Vestur-Evrópu, eftir því sem menn töldu þá helzt til fyrirmyndar í hverju einstöku atriði.

Það er óneitanlega dálítið kynlegt, þegar hv. flm. þessarar till. segir t. d. í síðasta þætti sinnar vel skrifuðu grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Margt er t. d. óhæft í orðalagi ýmissa greina stjórnarskrárinnar. Dæmi: 56. gr. hljóðar þannig:

„Nú þykir þingdeild ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og getur hún þá vísað því til ráðh.“

Hér segir, aðra ályktun, eins og skírskotað væri til einhverrar ályktunar, en þá viðmiðunarályktun er hvergi að finna. Þetta er ruglandi í meðferð máls og hugsunar og fer alls staðar illa, en ekki sízt í löggjöf. Dæmið er einfalt sýnishorn af gölluðu málfari á stjórnarskránni og nefnt sem sönnun þess, að í þeim efnum er líka þörf á endurskoðun. Ekki getur talizt sæma þjóð, sem telur sig með réttu eiga göfuga tungu og glæsilega, að hafa stjórnskipunarlög sín í máltötrum. Auðvitað er þó mest um vert, að stjórnskipunarlögin verði efnislegt hellubjarg, sem íslenzka lýðveldið geti grundvallað á heilbrigða þjóðfélagsstarfsemi og trausta um ókomin ár.“

Það er fróðlegt að athuga, hvernig þessir svokölluðu „máltötrar“ eru til komnir. Þetta ákvæði er samþykkt samhljóða í hv. Nd. Alþ. 1919 til breytingar á eldra orðalagi, þar sem ekki var vitnað í aðra ályktun. Og skýring frsm. á þessu orðalagi er svohljóðandi:

„38. brtt. er líka orðabreyting, en skýrar orðuð en í stjórnarfrv., þar sem það er þannig orðað eins og það sé ekki ályktun að vísa máli til stjórnarinnar.“

Þetta er auðvitað meginatriði málsins, að það er ein tegund ályktunar að vísa máli til stjórnarinnar, og þess vegna breytti Alþ. orðalagi, sem hafði áður haldizt frá 1874. Þeir máltötramenn, sem þetta báru fram og voru allir sammála um, voru ýmist fremstu lögfræðingar Íslands bæði þá og síðar og mestu og beztu smekkmenn á íslenzkt mál, sem lifað hafa um okkar daga. Það voru Jóhannes Jóhannesson, Einar Arnórsson, Karl Einarsson, Benedikt Sveinsson, Magnús Torfason, Sigurjón Friðjónsson, Stefán Stefánsson frá Fagraskógi, Þorleifur Jónsson frá Hólum, Magnús Kristjánsson, Pétur Jónsson, Bjarni Jónsson frá Vogi og Sigurður Stefánsson frá Vigur. Ég hygg, að okkur farist ekki að tala um máltötra hjá þessum mönnum eða þeir hafi ekki kunnað að laga einfalda setningu eftir lögmáli íslenzkrar tungu. En fordómarnir gegn okkar gömlu stjórnarskrá eru svo miklir í hugum sumra manna, að þeir gera sér alls ekki grein fyrir, hvorki upphafi ýmissa orðatiltækja þar né efni þeirra, og að þau eru í einu og öllu rökrétt, eins og þetta litla dæmi sýnir.

Hitt er svo annað mál, eins og vikið er að ræki lega í þessari till., að Íslendingar ætluðu sér um 1944, bæði áður og næst á eftir, að endurskoða stjórnarskrána og semja nýja, heillega lýðveldisstjórnarskrá, og það tókst ekki eins og menn höfðu þó ætlað sér og lagt töluverða vinnu í. Hv. þm. fer um það mörgum orðum, hvernig á þessu standi. Ég var í þessum n. og formaður þeirrar síðustu, og ég þekki ofurvel bæði hvernig stóð á þessu tali um þörf á allsherjarendurskoðun stjórnarskrárinnar og á hverju sú endurskoðun strandaði.

Það voru tvær orsakir, sem sérstaklega gerðu það að verkum, að menn þá æ ofan í æ töluðu um, að það þyrfti að endurskoða alla stjórnarskrána. Annars vegar voru það ekki mjög margir, en mjög áhrifamiklir menn, sem vildu draga stofnun eða endurreisn lýðveldis á Íslandi og sögðu: Það á alls ekki að snúa sér að endurreisn lýðveldisins eins. Það á að gefa sér nægan tíma til þess að endurskoða alla stjórnarskrána. Ég efast ekki um, að þeir hafi að sínu leyti alveg meint þetta. Þetta hefur vakað fyrir þeim. En það vakti líka fyrir þeim að draga málið á langinn, að koma í veg fyrir, að skilnaður yrði við Dani á meðan á heimsstyrjöldinni stóð. Þetta er önnur orsökin.

Hin orsökin er svo sú, að á þessum árum var einnig ætíð harðlega deilt um kjördæmaskipunina, og við vitum það og þekkjum það héðan úr þingsölunum, t. d. frá 1959, eins og vitnað er í í grg. hjá hv. flm., að þeir, sem hafa verið á móti endurskoðun kjördæmaskipunarinnar, hafa alltaf sagt: Það á

ekki að endurskoða kjördæmaskipunina eina út af fyrir sig, heldur endurskoða alla stjórnarskrána, og það er flasfengi að taka kjördæmaskipunina eina út úr. Ég efast ekki um, að þessir menn hafi meint þetta og þetta hafi í raun og veru vakað fyrir þeim. En það, sem annars vegar ýtti undir talið um þörf á allsherjarendurskoðun stjórnarskrárinnar, var þetta, að þeirri kenningu var haldið uppi af þeim, sem voru á móti eða vildu frestun endurreisnar lýðveldisins, og hins vegar æ ofan í æ af þeim, sem vildu koma í veg fyrir nýja leiðréttingu kjördæmaskipunarinnar. Nú er það auðvitað rétt, að það eru mörg fleiri atriði í stjórnarskránni en kjördæmaskipunin ein, sem hafa þýðingu. En það er athyglisvert, þegar hv. þm. segir, af hverju ekki hafi tekizt að endurskoða stjórnarskrána í heild, á 3. síðu í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Rétt er að leitast við að skilja, hvað það muni helzt hafa verið, sem gerði óvirkar nefndir þær, sem skipaðar voru ein á fætur annarri til að halda áfram og ljúka endurskoðun stjórnarskrárinnar. Líkast er sem á þær hafi fallið herfjötur, sem þær með engu móti hafi getað af sér höggvið.

Flm. þessarar till. telur á því engan vafa, að flokkapólitíkin, sem skiptir löggjafarsamkomunni í eintóma minnihlutaflokka, eigi hér aðalsök. Sú nærsýna hugsjón fulltrúa slíkra flokka að gera ekkert, sem flokki þeirra gæti til ógagns orðið í næstu lotu eða öðrum til ávinnings, hefur orðið nefndunum sem herfjötur."

Síðan segir hann á síðu 5:

„Kjördæmaskipunin og þingmannakjörsreglurnar, sem 31. gr. stjórnarskrárinnar segir fyrir um, er aðalgrundvöllur stjórnmálalífsins í landinu."

Þetta tek ég fyllilega undir. Og flm. heldur áfram:

„Hvort ýtir þessi grundvallarskipan undir samstöðu eða sundurþykkju? Og hvort er heppilegra, að slík skipan geri? Allir geta séð, að hlutfallskosningar í stórum kjördæmum ýta sterklega undir flokkadrátt, og uppbótarsætin, sem þingflokkar hljóta til jöfnunar í ofanálag með útreikningi fyrir allt landið, herða á flokkadrættinum og gera hann að verulegu leyti að blindingsleik. Afleiðingin er líka: Fjórir minnihlutaflokkar á Alþ. Engin skilyrði til að mynda ríkisstj., nema samsteypustjórn með þeim hrossakaupum, er slíkum stjórnarmyndunum fylgja. Varla nokkur hrein lína fyrir kjósandann að átta sig á."

Nú vill þannig til, að ég hef ætíð verið því fylgjandi, ef ég einn ætti að ráða kjördæmaskipun, að kosið væri í einmenningskjördæmum. En engu að síður hlýt ég mjög að mótmæla þeim öfgum, sem hér koma fram. Í fyrsta lagi, að það sé núv. kjördæmaskipun að kenna, að hér séu eingöngu minnihlutaflokkar. Sannleikurinn er sá, að allt frá því, að Sigurður Eggerz lét af völdum á árinu 1915, hefur aldrei verið hægt að mynda starfhæfa hreina meirihlutastjórn á Íslandi. Síðan hafa flokkar ætíð orðið að hafa samvinnu sín á milli til þess að skapa nægan meiri hl. Þetta er óhagganleg staðreynd, og þetta gerðist löngu áður en hlutfallskosningar voru almennt teknar upp. Og ég vil segja, að svo hefur þetta verið í raun og veru allt frá því, að við fengum stjórnina inn í landið. Frá því að þingræðið hófst, hefur okkur mistekizt að hafa nokkurn meirihlutaflokk, jafnvel þann tíma, sem hluti þm. var konungkjörinn og tilnefndur af ríkisstj. sjálfri.

Ef við lítum á fyrsta tímabilið, þá sjáum við, að Heimastjórnarflokkurinn, sem tekur við völdum og ber ábyrgð á Hannesi Hafstein sem ráðh., hann hefur ekki samheldni til þess sjálfur að velja sér ráðherra, enda voru þetta menn hlaupnir saman úr mismunandi flokkum frá fyrri tíð, með mismunandi skoðun á mönnum og málefnum. Það voru danskir stjórnmálamenn, sem réðu því, að Hannes var valinn ráðh. Og Hannesi, þessum mikla stjórnmálamanni, tókst ekki að halda sínum flokki betur saman en svo, að sumir hans allra eindregnustu stuðningsmenn, eins og Hannes Þorsteinsson, gengu frá honum um næstu kosningar. Raunin varð svo sú, að þegar Hannes verður aftur ráðherra 1912, þá klofnar hans flokkur strax á þinginu 1913, þannig að Hannesi verður ómögulegt að stjórna. Sjálfstfl. gamli klofnaði, eftir að hafa unnið frægan kosningasigur 1908, á þinginu 1911, á öðru þingi sínna valda. Þegar hann fékk ráðh. aftur 1914, þá klofnaði hann strax á árinu 1915.

Þetta tal um, að við hér búum við minnihlutaflokka og flokkaóreiðu, vegna þess að við höfum hlutfallskosningar, það á sér enga stoð í okkar sögu. Okkar saga er allt öðru vísi. Hún kennir okkur allt annað.

Við skulum líka líta á það, að það er að vísu rétt, og ég tel það til fyrirmyndar, að Bretar og Bandaríkjamenn og yfirleitt þeir, sem sótt hafa lærdóma sína beint til Breta, eins og þeirra samveldismenn, þeir hafa einmenningskjördæmi. En er meiri festa í þessum löndum en á Norðurlöndum, þar sem eru hlutfallskosningar? Nei, það hefur hvergi á okkar dögum verið meiri festa í lýðræðisþjóðfélögum en einmitt í Norðurlöndunum þremur, Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Jafnaðarmenn hafa ráðið í þessum löndum, sums staðar 20—30 ár óslitið, að stríðsárunum einum undanteknum, þegar þeir tóku menn inn í stjórn með sér, vegna þess að þeir töldu sig styrkari þá í baráttunni.

Það eru alls ekki hlutfallskosningarnar, sem þarna skera úr. Þær geta sums staðar og hafa sums staðar valdið eða átt þátt í að auka flokkaóreiðu og ósamlyndi. Það er rétt. En þar sem sæmilegt samlyndi er á milli fólks og verulegur pólitískur þroski, eins og á Norðurlöndum, þá segir sagan allt annað. Við skulum einnig líta á okkar sögu. Alveg án tillits til þess, hvort menn eru sammála núv. ríkisstj. og núv. stjórnarflokkum eða ekki, þá er það einmitt fyrst eftir að algerar hlutfallskosningar

eru festar í lög á Íslandi, eftir 1959, sem hér hefst veruleg festa í stjórnarfari. Frá kosningunum 1959, eftir að hlutfallskosningar eru til fulls lögboðnar, þá hefst mesta festutímabil, sem menn hafa séð í íslenzkum stjórnmálum, lengsta samfellt stjórnartímabil, svo að þeir, sem eru að leita eftir festu, samhengi, hljóta að sjá, að það er eitthvað meira en lítið bogið við þessa athugasemd og þessa grg. hjá hv. þm.

Auðvitað verður aldrei fram hjá því komizt, að ein höfuðorsökin til þess, að ekki tókst að koma á neinu samkomulagi um endurskoðun stjórnarskrárinnar, var fullkomið ósamkomulag um kjördæmaskipunina. Meðan ekki var neitt samkomulag um það atriði, þá var í raun og veru þýðingarlaust að halda áfram með hitt. Í síðustu n., þar sem ég var formaður, þá var það þannig, að hvorki hv. Alþfl.-menn né hv. sósialistar, Sameiningarflokkur alþýðu, fengust til þess að gera neinar aðrar till., en sögðust bara vilja hafa hlutfallskosningar. Einstakar aðrar till. fengust þeir ekki til að gera. Hv. framsóknarmenn fengust engar till. til að gera um neitt annað heldur. En loksins herti hinn ágæti vinur vor, Karl Kristjánsson, upp hugann og lagði fram till. um, að það ætti að hafa stjórnlagaþing, án þess að leysa þann vanda, hvernig til stjórnlagaþingsins ætti að kjósa, en ef menn gátu á annað borð komið sér saman um kosningu til stjórnlagaþings, þá var galdurinn leystur.

Það var einmitt ósamkomulag um kjördæmaskipunina, um það, hver ætti að hafa úrslitavaldið í landinu, sem þarna bar á milli. Ég hef alltaf talið, að það væri út af fyrir sig aukaatriði, og tel enn, að það sé aukaatriði, hvort höfð séu einmenningskjördæmi eða hlutfallskosningar, það, sem langsamlega mestu máli skiptir, sé, að það sé sæmilegt jafnrétti á milli manna, hvar sem þeir búi í landinu, — það skipti langsamlega mestu máli. Og það var aldrei hægt, jafnvel ekki fyrir mig, sem kaus heldur einmenningskjördæmin, að ná samkomulagi við Framsfl., sem setti einmenningskjördæmin á oddinn, vegna þess að ég gat aldrei fundið annað út en að þeir ætluðu sér að láta Reykjavík vera einmenningskjördæmi og kjósa einn þm., eða því sem næst. Það var aldrei hægt að skilja, að annað vekti fyrir mönnunum, og allt þeirra tal um einmenningskjördæmi miðaði að þessari hugsun. Og menn, sem ekki komust lengra í því að gera sér grein fyrir eðli stjórnskipunarinnar, þess vanda, sem við var að etja, það var ekki von, að þeir hefðu mikið til mála að leggja, enda sögðu þeir vönduðustu og beztu sig úr n. og sögðust ekki leggja sig í veru þar, vegna þess að þeir fengu ekki að bera fram neinar till. fyrir sínum mönnum.

Endirinn var svo sá, að við sjálfstæðismenn sömdum till., eða meginstofn að till. sem umræðugrundvöll, en við fengum ekki nokkurn mann til þess að tala um þær við okkur. Við gáfumst þá upp og gerðum opinberlega grein fyrir, hvernig málið stóð. Þar með var þessi tilraun úr sögunni. Auðvitað ber enginn á því frekar ábyrgð heldur en þeir, sem ég hef nú greint og hv. flm. lýsir réttilega. Flm. þessarar tillögu telur það engan vafa, að flokkapólitíkin, sem skiptir löggjafarsamkomunni í eintóma minnihlutaflokka, eigi hér aðalsök. Sú nærsýna hugsun fulltrúa slíkra flokka, sem geri ekkert, sem flokki þeirra geti til ógagns orðið eða öðrum til ávinnings, hefur orðið nefndarmönnum sem herfjötur. Það var þröngsýnin í kjördæmamálinu, þetta að vilja ekki með nokkru móti sleppa þeirri sérstöðu, sem Framsfl. hafði tekizt að skapa sér á undanförnum áratugum, sem gerði það að verkum, að það var ómögulegt að leysa með honum þetta mikla vandamál. Það varð að leysa það með öðrum. Ég lagði til á þessum tíma, um það voru ekki allir sjálfstæðismenn sammála, að menn reyndu að koma sér saman um eitthvert ákveðið hlutfall um það, að landsbyggðin hefði meiri rétt, þannig að það fylgdi einhverju ákveðnu hlutfalli, svo að jafnskjótt og það raskaðist, þá væri heimilt að breyta kjördæmaskipuninni, án þess að til stjórnarskrárbreytingar kæmi. Ég vildi jafnvel láta það vera opið, hvort þetta væri gert í því formi, að landinu væri þá innan þessara marka skipt í einmenningskjördæmi eða í hlutfallskosningakjördæmi. Það fékkst aldrei á þetta hlustað eða undir það tekið. Ég verð að segja, að það er eitthvað ánægjulegasta, sem ég hef séð, ef hv. flm. talar nú fyrir sinn flokk, þegar hann segir á síðu 5: „Lýðræðið krefst jafnréttis fyrir þegnana til stjórnarfarsáhrifa.“ Þetta er meginatriðið, að menn játi, að þarna á jafnrétti að gilda. Og ég segi, að nú orðið, eftir þá reynslu, sem ég hef fengið á þeim árum, sem liðin eru frá 1953, þegar við vorum að reyna að koma saman till. um þetta, tel ég það miklu meira um vert að hafa jafnrétti og hafa fullt jafnrétti heldur en hvernig kjósa á, hvort það er gert í hlutfallskosningum eða einmenningskjördæmum, sem eins og reynslan sýnir er algjört aukaatriði varðandi stöðugleika stjórnarfars á Íslandi eins og á öðrum Norðurlöndum. Hitt sker úr, hvort menn eiga að missa rétt við það að búa í þessum landshluta miðað við það að búa annars staðar. Margir okkar hafa sannast að segja lagt sig undir réttmæta gagnrýni með því að vilja halda lengur en við er að búast, að allur fjöldinn uni vissum forréttindum fólksins úti á landi. Það hefði verið betur, að sumir fleiri hefðu sýnt á því sams konar skilning og sams konar hóf og við höfum gert, bæði í þessum till. okkar og eins þegar kjördæmaskipunin var ákveðin 1959. Það getur enginn borið á móti því, að einnig samkv. þeirri kjördæmaskipan er stórlega ívilnað landsfólkinu eða fólkinu úti í strjálbýlinu. Og það skyldi þó aldrei vera, að það sé nú farið að tala um allsherjarendurskoðun stjórnarskrárinnar, vegna þess að sá tími fari að koma, að enn þurfi að jafna með nýrri breytingu á kjördæmaskipuninni að mati jafnglöggskyggns manns og hv. flm.?

Miðað við þetta meginatriði, þá verð ég að segja, að önnur atriði stjórnarskrárinnar hafa tiltölulega litla þýðingu og það skiptir í raun og veru ekki öllu máli, hvort við höldum t. d. þjóðhöfðingja í sama horfi og gert hefur verið frá 1944, þjóðhöfðingja, sem er að starfi og stöðu sniðinn eftir því konungdæmi, sem við höfðum þá búið við um langan aldur og þar með átti mjög rætur sínar að rekja í íslenzku þjóðlífi. Ég verð að halda því fram, að kenningar eins og voru mjög uppi um tíma, en sem betur fer heyrast nú orðið trauðlega nefndar, að við ættum að taka upp sams konar forsetadæmi og í Bandaríkjunum, eigi ekki við á Íslandi. Það kemur fram hjá hv. flm., sem ég er honum alveg sammála um, að Íslendingar hafa aldrei viljað una neinum einum manni of valdamiklum. Þar að auki bætist það við, að í stjórnarkerfi Bandaríkjanna er sá klofningur, sem er að vísu skiljanlegur, að þeir verða að hafa það vegna sinnar miklu mannmergðar, vegna þess hvernig þjóðfélagið er sett saman úr óteljandi ólíkum þáttum, miklu margfléknara heldur en við þekkjum hér á landi, en hefur stundum stórlega orðið til þess að veikja þeirra stjórnarfar. Ágreiningur á milli forseta og þings, eins og var á milli Wilsons og þingsins eftir 1919, við skulum taka jafnaugljóst dæmi og Versala-friðarsamningana, ágreiningur, sem varð til þess, að Bandaríkin gengu aldrei í Þjóðabandalagið og hefur e. t. v. átt verulegan þátt í því ásamt öðru, að seinni heimsstyrjöldin brauzt út, vegna þess að þetta varð til þess, að Bandaríkin drógu sig inn í sína skel, tóku upp einangrunarstefnu, sem þeim hefði ekki liðizt, ef þeir hefðu verið þátttakendur í Þjóðabandalaginu. Það er athyglisvert einmitt þessa dagana, að einn gleggsti stjórnmálaritstjóri og rithöfundur í Bandaríkjunum er með getgátur um, af hverju Johnson Bandaríkjaforseti hafi nú dregið sig í hlé. Hann segir: Johnson var út af fyrir sig ekki í svo mikilli hættu að ná ekki kjöri á flokksþingi demókrata, og hann hafði líka alla möguleika til þess að verða kosinn forseti. En eins og dæmið liggur, þá var útilokað, að hann fengi nógu sterkan þingmeirihluta til þess, að það væri hægt fyrir hann að stjórna, og hann sá fram á þá sjálfheldu, sem hann vildi ekki setja sjálfan sig í.

Þessi klofningur á milli Bandaríkjaforseta og Bandaríkjaþings, sem hvað eftir annað hefur komið upp, hefur gert óendanlega mikla bölvun í þessu landi, sem annars má telja um margt til fyrirmyndar um stjórnarhætti. Hitt hefur verið miklu nær mínum huga, enda benti ég, held ég, einna fyrstur manna á það í ritgerð, sem ég skrifaði árið 1940 eða 1941 í Andvara, að við ættum að taka okkur til fyrirmyndar eða það gæti komið til álita að taka okkur til fyrirmyndar Svissland og láta forsrh. jafnframt vera forseta landsins. En þó að sú hugsun hafi hvað eftir annað hvarflað að mér síðan, þá verð ég að játa, að það eru svo gjörólíkar aðstæður, að við getum ekki tekið Sviss okkur til fyrirmyndar nema að sáralitlu leyti. Formlega er það svo, að í Sviss eru 22 kantónur, sem kallaðar eru, og samkv. sambandsstjórnarskránni hafa þessar kantónur hver um sig fullveldi, þannig að sambandsstjórnin í Bern er einungis eins konar framkvæmdastjórn, sem verður um margt að líta á kantónurnar, sem hafa mjög ólíka stjórnskipun innbyrðis, sem sinn jafnoka. Til viðbótar kemur svo það, að í Sviss, þá má segja, að sé föst samsteypustjórn, einmitt það, sem vinur vor flm. telur mesta ógæfu á Íslandi, að menn hafi orðið að sætta sig við. En þar byggist allt kerfið á því, að þar er föst samsteypustjórn, þannig að allir flokkar, sem vissan styrk hafa, hafa, þótt það sé ekki berum orðum tekið fram í stjórnarskránni, rétt til þess að hafa sæti í ríkisstj., sem skipuð er 7 mönnum, auk þess sem þar er tekið tillit til þess, að þeir verða að vera frá mismunandi málhéruðum o. s. frv. Þessar einstöku kantónur eru ákaflega ólíkar að stærð, að auðlegð, að máli, þannig að þetta þjóðfélag er okkur í raun og veru að mörgu leyti ákaflega torskilið og fjarlægt. En það er rétt, að þeir láta við það sitja með æðstu stjórnina, að forsrh. er jafnframt forseti, hann situr bara eitt ár í senn, síðan gengur þetta á milli og skiptist nokkurn veginn þannig, að flestir, sem í stjórn komast á annað borð, geta gert ráð fyrir því að verða forseti áður en yfir lýkur.

Fljótt á litið gætum við nú kannske sagt, að þetta mundi skapa sparnað fyrir okkur. En erum við vissir um, að þetta geri svo mikinn sparnað, ef á málið er betur litið? Mundi nokkrum manni t. d. hér héðan af detta í hug annað en að æðsti maður landsins hverju sinni væri látinn taka setur, við skulum segja eitt ár í senn, úti á Bessastöðum með þeim kostnaði, sem því fylgir að búa þar? Ég geri ráð fyrir, að menn teldu annað litt viðhlítandi, m. a. vegna þess, að risnuskilyrði hafa menn nú ekki í heimahúsum, og þótt ráðherrabústaðurinn sé góður, þá verðum við að játa, að það er þó veglegra og meira við nútímahæfi að hafa Bessastaði til slíkra þarfa. Ég held þess vegna, að út af fyrir sig geri menn allt of mikið úr þeim kostnaðarmun, sem af þessu mundi stafa.

Ég verð hér að skjóta því inn í, þótt það komi ekki beint þessu máli við, að hugmyndir þær, sem sumir menn hafa um kostnaðinn, sem stafi af forsetaembættinu eins og nú er, eru algjörlega fjarstæðar. Við skulum taka dæmi. Sumir kenna forsetanum, að það verði halli á þessum búskap. En búskapurinn heyrir bara ekki á nokkurn hátt undir forsetann. Hann hefur beðið sig undan allri ábyrgð á þeim búrekstri. Ég hygg, að búrekstur þar hafi í fyrstu verið settur upp í samráði við Svein heitinn Björnsson, sem fékk þó skjótt nóg af honum. Síðan hefur þetta verið rekið algjörlega sjálfstætt. Það er rétt að segja frá því, að fyrir 2—3 árum fékk ég með samþykki ríkisstj. þrjá ágæta menn til að ganga í n. til þess að koma betri skipan á þennan búskap.

Þetta voru framúrskarandi hæfir menn, hver í sinni grein. Það var farið eftir þeirra till., sem miðuðust ekki á nokkurn hátt við pólitík eða greiðasemi við neinn mann. Tjónið á búskapnum hefur aldrei verið meira en eftir að þeirra till. náðu fram að ganga. Og nú nýlega hefur verið ákveðið að leggja búið á Bessastöðum alveg niður, flytja burt allar þær skepnur, sem ríkið á þar, og hverfa frá þessari tilraun, sem forsetaembættinu hefur verið óviðkomandi og aðrir bera ábyrgð á bæði nú og áður en forseti Íslands.

Annað dæmi um, hvað vitleysan getur gengið langt, þá er mér sagt að það standi í einu blaði, að ferð forseta með föruneyti vestur um haf til Kanada á heimssýninguna þar og að heimsækja Íslendinga í Winnipeg eða Gimli á Íslendingadag og síðan til Bandaríkjanna hafi kostað eitthvað um 21—22 millj. kr. Ég hef kannað þetta og kynnt mér til hlítar, hvort öll gögn kæmu fram, og eftir þeim gögnum, sem ég hef fengið, þá kostaði þetta innan við 550 þús. kr. Menn geta sagt, að það sé mikið fé. Það er rétt, það er mikið fé, 550 þús. kr. eða 530 þús. kr., en það er a. m. k. töluvert minna en 21 millj., eins og menn bera í munn sér. Sannast sagna er með ólíkindum, hvernig menn finna upp aðrar eins fjarstæður og þessa. Fram hjá hinu verður aldrei komizt, og ég veit, að Íslendingar ætlast ekki til þess, að fram hjá því verði komizt, að bæði æðsti maður landsins og ráðherrar verða öðru hvoru að fara úr landi, bæði á ýmiss konar fundi og þegar þeim er boðið. Ég vil segja, að þeir gera oft ákaflega mikið gagn í sínum ferðum. Það er ekki vegna þess, að þetta séu slíkir snillingar. En vegna þess, að menn fá færi á að tala við valdamikla menn, að skýra fyrir þeim íslenzk sjónarmið, sem þeim eru flestum gjörsamlega ókunnug áður, þá hefur með þessum ferðum mörgu verið komið fram í kyrrþey, margur ávinningur fengizt fyrir okkar þjóð, sem ella hefði ekki náðst. Og hvort sem við höldum sérstökum forseta eða ekki, þá verður slíkum ferðum haldið áfram. Það á ekki við um ráðh. eina eða æðsta mann Íslendinga. Þeim verður ekki haldið í landi, meðan öll þjóðin er á stöðugu ferðalagi, eins og segja má, að verið hafi undanfarin ár, — kannske úr hófi fram hjá okkur öllum, — en vonandi koma þeir tímar aftur, að menn geti veitt sér eitthvað svipað og gert hefur verið síðasta áratuginn.

Menn mikla mjög fyrir sér kostnaðinn af þessu embætti. En gerir forseti Íslands þá ekkert gagn? Er hann gagnslaust djásn til prýði, eða hefur hann þýðingarmiklu hlutverki að gegna í okkar stjórnskipan? Menn geta sagt, að ráðh. geti tekið á sig risnu og ferðalög til útlanda og annað þess háttar, sem forseti gegnir að nokkru nú. Það er vissulega rétt. En sumir segja nú, að við gerum nóg bæði af veizluhöldum og ferðalögum, þótt við bættum þessu ekki við. En látum það eiga sig. Aðalatriðið er hitt, að bæði núv. forseti og fyrrv. forseti hafa á vissum tímum haft úrslitaáhrif, algjör úrslitaáhrif, á þróun íslenzkra stjórnmála. Menn getur mjög greint á um, hvort þessi áhrif séu heppileg eða ekki. Ég hef gagnrýnt það, sem Sveinn Björnsson gerði áður en hann varð forseti, þegar hann skipaði sem ríkisstjóri með sams konar valdi og forseti fékk síðar utanþingsstjórnina. Ég taldi, að það væri ekki heppilegt, og þegar forsetinn blandar sér í stjórnmál, verður hann að þola gagnrýni eins og aðrir, fram hjá því verður ekki komizt. En það er ekki einungis, að Sveinn Björnsson hefði úrslitaáhrif með skipun utanþingsstjórnarinnar. Allir kunnugir vita líka, að hann hafði úrslitaáhrif 1950 um skipun samsteypustjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. þá. Ég þori að fullyrða af töluverðum kunnugleik, að þó að Sveinn Björnsson hafi ekki beint séð fyrir þá lausn, sem fékkst, hefði sú lausn ekki fundizt, ef hans afskipti hefðu ekki komið til. Það er alveg öruggt.

Ákvörðun Ásgeirs Ásgeirssonar um skipun minnihlutastjórnar Alþfl. 1958 hafði vitanlega mjög mikil áhrif á gang íslenzkra stjórnmála. Menn geta sagt: Þetta hafði óheppileg áhrif eða heppileg áhrif. Um það greinir menn á. En það er ekki hægt að neita því, að Alþ. var komið í sjálfheldu. Þess vegna var eðlilegt, að ríkisstjóri hefði afskipti af málinu, þó að deila mætti um, hvernig hans afskipti ættu að vera. Alþ. var komið í sjálfheldu 1950, og það mátti eins þá einnig deila um, hver afskipti forseta ættu að vera, en hann hafði afskipti, sem gerðu það að verkum, að tveir stærstu flokkarnir tóku þá saman höndum. Á sama veg hafði Ásgeir Ásgeirsson afskipti, þegar Alþ. var komið í sjálfheldu eftir afsögn vinstri stjórnarinnar 1958. Og mér er sannast að segja spurn: Hafa menn gert sér grein fyrir, hvernig á að leysa slíkan vanda, þegar Alþ. lendir í slíkri sjálfheldu eins og þessi þrjú dæmi sýna? Ef við ætlum að halda þingræði, getum við þá leyst þennan vanda án þess að hafa hlutlausan forseta, sem ekki blandar sér í daglegar stjórnmáladeilur, heldur nýtur alþjóðartrausts sem góður landsfaðir, ef svo má segja?

Ég játa, að þetta er umdeilanlegt. Ef menn geta bent á aðra hagkvæmari lausn, þá er sjálfsagt að athuga hana, en ég hef ekki enn þá heyrt eða séð, að slíkt hafi verið fram flutt. Vissulega hljóta menn að vera opnir fyrir þeirri hugsun, hvort hægt sé að hafa nægilega hlutlausan þjóðhöfðingja í nábýlinu í okkar landi. Það er alveg rétt. Þetta er mikið vandamál. En enn höfum við ekki komið auga á aðra hagkvæmari lausn en fundin var 1944, og slík lausn fæst ekki nema því aðeins, að menn þeir, sem hafa reynslu og þekkingu á vandamálum, sem við er að etja, leggi ráð sín saman. Til þess þarf enga allsherjarendurskoðun stjórnarskrárinnar, heldur bara að menn tali frjálslega um vandamálin, sem við er að etja, bæði hér innan salarveggja Alþingis og í blöðum og annars staðar á alþjóðarvettvangi.

Ég hef töluvert velt fyrir mér, hvort það væri rétt að skipta Alþ. í deildir. Ég skrifaði um það sem ungur maður mjög stóra bók, sem ég geri ráð fyrir, að fáir hafi lesið, en ég komst þar ekki að neinni ákveðinni niðurstöðu um þetta mikla vandamál, og ég verð að segja, eftir að ég er búinn að sitja á Alþ. í eitthvað 26 ár, þá er mér engan veginn örugglega ljóst, hvað sé heppilegast í þessu. Ég hygg þó, að það sé greinilegt, að við þurfum ekki á deildaskiptingunni að halda vegna þess, að það sé ekki hægt að tryggja sómasamlega meðferð mála á Alþ. án þeirrar deildaskiptingar, sem við höfum. En því verður ekki neitað, að deildaskiptingin í núv. formi veitir minni hl. töluverðan rétt um leið og hún skapar töluverða hættu á, að sú sjálfhelda verði á Alþ., að meiri hl. fái ekki ráðið, hann geti ekki myndað þá stjórn, sem hann hefur bæði meiri hl. á þingi og hjá þjóð til að mynda. Þess vegna hneigist ég að því, þrátt fyrir það að ég vil ekki gera lítið úr rétti minni hl. og viðurkenni, að það á ekki að ganga á hans hlut, að við eigum að hverfa frá deildaskiptingunni, enda er það ráðgert í samningum stjórnarflokkanna frá s. l. hausti, að á kjörtímabilinu verði leitað samráðs og samkomulags við stjórnmálaflokkana í heild um, hvort þessari breytingu sé hægt að koma á.

Þriðja atriðið, sem sérstaklega er minnzt á í þessari till., er um aðgreiningu löggjafarvalds, framkvæmdavalds og dómsvalds. Þetta er gert sæmilega hjá okkur og þó ekki eins og skyldi. Þar hefur í raun og veru langsamlega minnsta þýðingu þetta, að Alþ. skuli sjálft úrskurða um gildi kosninga sinna meðlima. Sú ákvörðun byggist ekki á neinum ruglingi á valdi löggjafarvalds og dómstóla, heldur á þeirri gömlu kenningu, að Alþ. átti að vera fullvalda, það átti að vera æðsti yfirráðandi í sinni grein og ekki selt undir eftirlit af hálfu neins annars, hvorki ríkisstj. né dómstóla, og dómstólarnir eru þó eftir okkar skipan valdir af ríkisstj., og fulltrúar þjóðarinnar eiga samkv. þessari kenningu þess vegna ekki að vera seldir undir neitt eftirlit af hálfu annarra handhafa ríkisvaldsins.

Nú á dögum, eftir að hér er orðið rótfast lýðræði, hefur þetta sáralitla þýðingu. Það er meira kenning en þýðing. Hitt hefur auðvitað raunverulega þýðingu, hvort menn vilja í alvöru taka dómsvaldið af framkvæmdavaldshandhöfunum, þ. e. a. s. af sýslumönnum og lögreglustjórum, og láta dómsvaldið einnig í héraði vera í höndum manna, sem eingöngu fara með dómsstörf. Þetta er það, sem á bjátar hjá okkur um næga skiptingu á milli handhafa dómsvalds og framkvæmdavalds. En þessu er samfara sá galli, að ef þetta verður gert, verður dómsvaldið flutt utan úr héruðunum og annaðhvort allt til Reykjavíkur eða í stærstu kaupstaðina úti á landi. Þar með missa héruðin þá hefð, þá upphefð, getum við sagt, sem er fyrir sýslumennina í því, að þeir eru líka dómarar, þá mundi verið að sameina valdið, færa það frá landsbyggðinni til borgarbúa. Það er þessi annmarki, sem hefur gert það að verkum, að við, sem vitum um þennan kenningarlega galla, ef svo má segja, þennan fræðilega ágalla, við höfum aldrei viljað gera það að till. okkar að taka dómsvaldið af sýslumönnum, líka vegna þess, að þó að það sé fræðilega rangt að hafa þetta hjá mönnum, sem að öðru leyti að langsamlega mestu leyti heyra undir ráðh. og ríkisstj., þá getum við ekki sagt með sanni, að þetta hafi komið að sök á Íslandi. Ég kannast ekki við nein dæmi þess, að sýslumenn hafi í dómsstörfum nú á dögum lotið fyrirmælum ríkisstj. eða annarra æðri embættismanna. Þeir hafa verið menn til þess að leysa sitt verk af hendi. Okkar fámenna þjóð krefst þess, að við verðum um sumt að gera minni kröfur til alfullkomins stjórnvalds heldur en aðrar stærri þjóðir. Fram hjá þessu verður ekki komizt.

Að hér þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til breytinga á stjórnarháttum vegna samskipta við önnur ríki, fæ ég ekki séð. Okkur hefur í heild lánast þau vel, og ég tel t. d. ekki, að það væri mikill vinningur þó að fara ætti að bera hin viðkvæmustu utanríkismál undir þjóðaratkvæði, svo sem er vikið að. Það er yfirleitt reynsla, þar sem þjóðaratkvæði hafa verið, að þau verka mjög í íhaldsátt. Það er bæði í Sviss og eins á Norðurlöndum, þar sem þau hafa verið prófuð. Þess er skemmst að minnast varðandi jarðeignaskatt, eða hvað það nú hét, í Danmörku fyrir nokkrum árum, að hann var felldur vegna þessarar tilhneigingar, sem verður vart og sýnist vera einkenni þjóðaratkvæða, þeirrar íhaldssemi, sem þar kemur fram. Í Sviss er konum haldið burtu frá kosningarrétti með þjóðaratkvæði í kantónunum flestum. Ég held, að slíkir stjórnarhættir henti okkur ekki sérstaklega vel. Það getur vel borið við, að mál sé svo mikilsvert, að það sé rétt að bera það undir þjóðaratkvgr. Þá höfum við heimild til þess, ef svo vill í skerast, en að setja um það ákveðnar reglur fyrir fram, það fæ ég ekki séð, að verði til mikils góðs.

Um kjördæmaskipunina hef ég rætt áður og skal ekki endurtaka það, sem ég sagði. Ég ítreka einungis, að það verður að vera meginkrafa varðandi kjördæmaskipunina, að sem mest jafnrétti sé á milli borgaranna. Fullkomið jafnrétti þar getur verið ófáanlegt, eins og hvarvetna annars staðar, en meginkrafan verður að vera sem mest jafnrétti. Við annað sætta Íslendingar sig aldrei. Menn verða að átta sig á því, allir, að þegar menn eru búnir að sjá, að þeir verða ekki minni Íslendingar eða óþjóðhollari við að búa hér við Faxaflóa heldur en annars staðar, þá láta menn ekki í þessum byggðum bjóða sér það að vera ekki hálfdrættingar á við aðra um frumstæðustu mannréttindi, þau sem ráða mestu um það, hvernig landinu sé stjórnað.

Þingflokkar hafa þróazt í flestum löndum án þess að mikið væri um þá sagt í stjórnar-

skrám. Eitthvað mun nú hafa verið að þeim vikið í gömlu Weimar-stjórnarskránni þýzku, sem entist lítið og varð ekki haldgóð, og fleiri dæmi eru slík. En engar þjóðir, þar sem stjórnfrelsi hefur orðið rótfast, hafa sett fyrirmæli um þingflokka í sína stjórnarskrá mér vitanlega og sé ég ekki, að við mundum bæta okkur mikið á því.

Þá kemur að síðasta atriðinu, sem að er vikið í þessari till. En það er það, sem hv. flm. hefur hreyft hér áður á þingi, í fyrra í samvinnu við okkar góða vin Karl Kristjánsson, um að taka hér upp fylki, eins og þeir kalla það, sem er þekkt úr Íslandssögunni undir nafninu amt, því að ömt voru hér um skeið. En það var eitt fyrsta verk, þegar Íslendingar fengu innlenda stjórn 1904, að afnema þessi ömt. Þau voru danskt fyrirbæri, sem hafði verið innleitt hér á mestu niðurlægingaröldum, á 17. og 18. öld, og Íslendingar töldu sig alveg geta verið án, eftir að þeir fengu innlenda stjórn. Nú er það svo, að ömtum er haldið á hinum Norðurlöndunum. Það kallast amt í Danmörku, í Noregi er það kallað fylki, en ég man nú ekki, hvað það er kallað í hinum. Þeir kalla yfirmennina landshövding, a. m. k. í Svíþjóð. Ég man ekki, hvað það er kallað í Finnlandi. En það er fróðlegt, hvað margir búa í þessum fylkjum í þessum löndum hverju um sig. Auðvitað eru þau mismunandi mannmörg, en samkv. heimild, sem ég geri ráð fyrir, að miði við ástandið kringum 1960, þá var meðalfólksfjöldi fylkja í Finnlandi þannig, að þar voru 370 þús. manns að meðaltali í fylki, í Svíþjóð 280 þús., í Noregi 200 þús. og í Danmörku 176 þús. Við skulum taka Noreg til samanburðar. Í einu fylki í Noregi eru þá að meðaltali ámóta margir og á öllu Íslandi. Nú hygg ég að vísu, að fámennasta fylkið í Noregi hafi í kringum 1960 haft í kringum 70 þús. íbúa. Á sama tíma voru allir Íslendingar utan Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis ámóta margir og í þessu eina fylki. Með því að fara að stofna slík fylki er því verið að taka upp fyrirmyndir, sem má vel vera að eigi við í miklu stærri löndum, en þær eiga ekki við í okkar landi eins og reynslan sýnir, því að það var eitt hið fyrsta, sem menn sögðu, eftir að þeir réðu alveg sínum eigin málum, þeir sögðu: Burt með ömtin. Síðan hafa orðið þær stórkostlegu samgöngubreytingar, að jafnvel í ungdæmi okkar hv. flm., þá held ég, að hann hafi einu sinni verið 14 daga landveg frá Þórshöfn hingað til Reykjavíkur á okkar skólaárum, og þótti ekkert einsdæmi. Nú er þetta farið á klukkutíma eða einum og hálfum tíma. Og getur nokkrum dottið í hug, að það yrði til þess að gera meðferð mála einfaldari að fara að setja nýjan millilið með öllum kostnaði og fyrirhöfn í okkar litla þjóðfélagi, sem nú þegar er svo að segja sligað af sinni yfirbyggingu, yfirbyggingu, sem við verðum að játa að kostar mjög mikið fé? Við viljum hafa þessa yfirbyggingu, því að við erum og viljum vera sjálfstæð þjóð, en við eigum ekki þar fyrir að gera okkur leik að því að hafa þetta kostnaðarmeira og umsvifameira en það þarf að vera og efni standa til.

Áður en hv. þm. lýkur umr. um fylkin, á hann eftir að svara einni spurningu, sem ég beindi til þeirra félaga í fyrra: Hverjir eru þeir, sem eiga að standa undir kostnaði við fylkin? Eru það íbúarnir sjálfir, sem eiga að jafna niður á sig sjálfa gjöldum, eða eiga þeir íbúar, sem búa í fylki, að hafa rétt til þess að jafna niður gjöldum á þá, sem búa í öðrum fylkjum? Þetta er mergurinn málsins. Út af fyrir sig gætum við hér ekki haft á móti því, að það yrðu stofnuð fylki, ef menn vildu taka upp stærri samtakaheildir milli hreppsfélaga og sýslufélaga úti á landi og bera af því kostnaðinn sjálfir. En ef þeir ætla að fá til umráða fé frá öðrum, þá er þar með verið að taka upp skattlagningu, sem ekkert sjálfstætt fólk, hvorki á Íslandi né annars staðar, sættir sig við. Menn vilja fá að ráða sjálfir því fé, sem á þá er lagt, og láta sína umboðsmenn ráða því, en ekki láta umboðsmenn einhverra annarra ráða því að geta skattlagt menn, án þess að það sé undir skattgreiðandann borið. Þetta eru auðvitað meginatriðin í öllu þessu fylkjatali og sýna, hversu þetta er annaðhvort lítið hugsað hjá hinum gjörhugula flm. eða þarna er á bak við sú hugsun, sem hann hefur ekki kjark til að segja hreinlega frá, að fyrir honum vaki.

Ég játa, að það verður auðvitað að gera ýmsar breytingar á okkar stjórnarskrá, eftir því sem tímar líða. Ég hygg, að það sé langbezt að gera þær smám saman, eftir því sem atvik standa til og þróun tímanna segir til um, alveg eins og gert hefur verið í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum, alveg eins og Danir gerðu, — var það ekki 1954 eða 1955, sem þeir tóku upp eina þingdeild og gerðu konur jafnréttháar körlum um erfðarétt til krúnunnar? — alveg eins og Svíar gera nú, að þeir eru að setja eina þingdeild hjá sér, en láta stjórnlög að mestu leyti vera óbreytt frá því, sem þau voru, þegar þau voru sett fyrir 160 árum. Eins er það, að við eigum smám saman að breyta, eftir því sem þörf og atvik standa til. En við skulum átta okkur á því, að það er fyrst og fremst stjórnmálaákvörðun, sem er verið að taka, þegar þá breytingu á að gera. Það er ákvörðun um það, eftir hvaða reglum eigi að starfa að stjórnmálum í landinu og hvaða rétt borgararnir eiga að hafa. Þetta er ekki fræðilegt atriði nema að sáralitlu leyti, og það er óneitanlega dálítið hlálegt, að hv. flm., sem segir, að það megi ekki blanda saman framkvæmdavaldi, dómsvaldi og löggjafarvaldi, ætlar svo að setja hæstaréttardómara og prófessora í lagadeildinni til þess að gera till. um viðkvæmustu stjórnmáladeiluefnin í landinu, þau sem, eins og hann alveg réttilega segir um kjördæmaskipunina, allt valdið í landinu er í raun og veru háð að lokum. Þess vegna skulum við ekki vera að gera þetta flóknara fyrir okkur en efni standa til. Það eru al-

mennar umræður, skýringar fyrir alþjóð, sem á þarf að halda í þessum efnum. Ef alþjóð kemst að þeirri niðurstöðu, að breytinga sé þörf, þá verður breytingin knúin fram, þá verður hún knúin fram í þessum sal og hvergi annars staðar, og síðan verður þing rofið og þjóðin látin skera úr.

Umr. frestað, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

23. Skýrsla ráðherra um utanríkismál.

Á deildafundum 26. marz var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um skýrslu ráðherra um utanríkismál** [173. mál] (A. 425).

Á 47. fundi í Sþ., 27. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 48. fundi í Sþ., 5. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

24. Brúargerð yfir Álftafjörð á Snæfellsnesi.

Á deildafundum 28. marz var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um athugun á brúargerð yfir Álftafjörð á Snæfellsnesi** [175. mál] (A. 452).

Á 48. fundi í Sþ., 5. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

25. Endurskoðun lagaákvæða um meðlagsgreiðslur.

Á deildafundum 4. apríl var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um endurskoðun lagaákvæða um meðlagsgreiðslur** [183. mál] (A. 507).

Á 48. fundi í Sþ., 5. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

26. Styrjöldin í Víetnam (till. IG o. fl.).

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var útbýtt frá Nd.: **Till. til þál. um styrjöldina í Víetnam** [115. mál] (A. 247).

Á 56. fundi í Nd., 1. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 57. og 59. fundi í Nd., 5. og 8. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Nd., 13. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Með þáltill. þeirri, sem hér er til umr., er gengið *til móts* við það *sjónarmið, sem á vaxandi* fylgi að fagna meðal stjórnmálamanna og ríkisstjórna í fjölmörgum löndum heims, að deiluefni styrjaldaraðila í Víetnam verði einungis leyst með friðsamlegum hætti eða við samningaborð. Þessi skoðun er ríkjandi meðal margra fremstu stjórnmálaforingja vestrænna lýðræðisþjóða, enda hafa margar ríkisstjórnir í hinum vestræna heimi kveðið upp úr með það, að Víetnam-deilan verði aldrei leyst með styrjaldaraðgerðum, heldur með samningum einum saman. Meðal þeirra ríkja, sem opinberlega hafa stutt þennan málstað eða þessa skoðun, eru nágrannalönd okkar, Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Finnland, og einnig, svo að nefnd séu vestræn lýðræðislönd, Holland, Frakkland og Kanada. Með samþ. þeirrar þáltill., sem hér er fram borin, yrði ekki um villzt, hver hugur íslenzku þjóðarinnar er í þessu máli. Með samþ. till. er ekki verið að skuldbinda þjóðina á óþarfan hátt eða ríða henni óleysanlega hnúta, heldur einungis verið að taka undir góðan málstað og skynsamlega skoðun, sem réttsýnir og frjálslyndir stjórnmálamenn meðal fremstu lýðræðis- og menningarþjóða hins vestræna heims hafa *mótað* og flutt á alþjóðavettvangi.

Auk þess sem með till. er lögð áherzla á tilgangsleysi styrjaldarinnar til þess að knýja fram lausn í Víetnam-deilunni, er bent á þá hættu, sem heimsfriðnum getur stafað af áframhaldandi vopnaviðskiptum í landinu, þeirri hættu, að styrjöldin breiðist út og verði til þess að kveikja alheimsófriðarbál. Einnig kemur skýrt fram í till., að áframhaldandi styrjaldarrekstur, sem staðið hefur með litlum hléum í 28 ár, auki sífellt á langvarandi hörmungar víetnömsku þjóðarinnar, og þessi langa styrjöld er einmitt ein aðalástæðan til þess, hversu mjög menn láta sig varða stríð og frið í þessu fjarlæga landi. Beinar mannúðarástæður hljóta að mega sín mikils í skoðanamyndun um þetta mál.

Eins og fram kemur í grg. fyrir till., er hún í aðalatriðum sniðin eftir ályktun hollenzka þingsins frá því í ágúst í sumar og er auk

þess mjög í samræmi við skoðanir U Thants framkvstj. Sameinuðu þjóðanna. Markmiðið er a. m. k. eitt og hið sama, að fá deiluaðila til að setjast að samningaborði án fyrir fram yfirlýstra úrslitaskilyrða. Í því sambandi telja flestir það vera grundvallaratriði, að Bandaríkjamenn stöðvi loftárásir á Norður-Vietnam og viðurkenni Viet Cong eða þjóðfrelsishreyfinguna í Suður-Vietnam sem sjálfstæðan samningsaðila. Og að sjálfsögðu verður þjóðfrelsishreyfingin og stjórn Norður-Vietnams að sýna samningsvilja sinn í verki, bæði með því að draga úr hernaðaraðgerðum og með því að setjast að samningaborði án ögrandi skilyrða löngu fyrir fram. Það má vera, að ýmsum þyki það bera keim af nokkurri bjartsýni, að hægt sé að knýja deiluaðila að samningaborði, án þess að þeir opinberi skilyrði sín fyrir samningum fyrir fram. Mér getur ekki dulizt fremur en öðrum, að hér er vandi á höndum. Þrátt fyrir langt og harðvítugt stríð og þrátt fyrir þá staðreynd, að styrjöldin getur engan vanda leyst, þá er engin vissa fyrir því, að komið sé að endalokum styrjaldarinnar. Hvorugur aðili virðist með vissu kominn að því marki að sigra í styrjöldinni eða knýja andstæðing sinn til uppgjafar. Styrjöldin getur þess vegna haldið lengi áfram enn. Meðalganga þriðja aðila, sem beita vill sér fyrir friði, getur því ekki byggzt á því að sannfæra annan hvorn styrjaldaraðilann um það, að hann sé að tapa stríðinu, og sé því sæmst að setjast að samningaborði. Slíkt tal er næsta ósannfærandi og líklega einskis nýtt. Það, sem gera á, er að leiða styrjaldaraðilum fyrir sjónir, að tilgangslaust og ómannúðlegt sé að berjast til úrslita og þeir eigi þann kost sæmstan að lúta heiðarlegri meðalgöngu um styrjaldarlok, m. ö. o. þeir eigi að lúta samningum og sáttagerð, sem þriðji aðili er fær um að móta. Þess vegna er nauðsynlegt, að sáttamenn í þessari deilu verði valdir þannig, að þeir njóti trausts beggja deiluaðila.

Engum getur dulizt, að hér er um vandasamt og viðkvæmt mál að ræða. En fyrir fram verður ekki sagt, að þetta sé óvinnandi verk, og það er a. m. k. ómaksins vert að stuðla að slíkri málsmeðferð. Þó að ég telji ekki síður mikils um vert að fá Norður-Vietnamstjórn, Sovétmenn, Kínverja og þjóðfrelsishreyfinguna í Suður-Vietnam til þess að fallast á skilyrðislaust vopnahlé og samningaviðræður, dyl ég ekki þá skoðun mína, að vestrænar þjóðir, eins og við, eiga fyrst og fremst að beina áhrifum sínum í þá átt að fá Bandaríkjastjórn til þess að sætta sig við úrskurð nýrrar friðarráðstefnu um Vietnam.

Herra forseti. Ég hef farið mjög almennum orðum um efni og tilgang þessarar till. Að svo komnu máli sé ég ekki ástæðu til þess að hafa um hana fleiri orð, enda treysti ég því, að Alþ. og hæstv. ríkisstj. taki hana til velviljaðrar athugunar. Vel má vera, að orðalagi till. megi breyta í einhverju eða bæta við hana efnisatriðum, og er það til athugunar fyrir þá n., sem fær hana til meðferðar. Ég hygg, að þetta mál eigi að ganga til allshn., og mun því leggja til, að svo verði gert, eftir að umr. um hana lýkur nú.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Till., að ég hygg alveg shlj. þessari, hefur verið borin fram í hv. Ed., og hún var þar til umr. í dag, og gerði ég þar nokkra grein fyrir afstöðu minni til þessa máls og skal því ekki vera mjög langorður.

Þetta mál, styrjöldin í Vietnam, hefur tekið upp hugi fjölda manna, bæði í okkar landi og víða annars staðar, og eru allir sammála um, að allt verði gert, sem hægt er, til þess að reyna að binda enda á þessa styrjöld. Það eru miklar hörmungar, sem gengið hafa yfir þessa vesalings þjóð, bæði fyrr og síðar, því að styrjöldin hefur staðið nú í hvorki meira né minna en rúma tvo áratugi. Ef nokkur leið er að binda hér enda á, ættu allir góðir menn að vera sammála um að reyna það, svo fljótt sem unnt er.

Margar till. hafa verið gerðar. Margar þjóðir hafa reynt að bera sáttarorð á milli. Það hafa gert bæði Bretar, Kanadamenn, Frakkar, Ítalir og ýmsir fleiri. Einstaklingar ýmsir hafa líka reynt þetta sama. Aðalritari Sameinuðu þjóðanna, U Thant, hefur borið fram till. til lausnar þessari deilu, ekki aðeins eina, heldur tvær a. m. k., og gert allt, sem í hans valdi hefur staðið, til þess að bera klæði á vopnin. Ekkert hefur dugað. Það hefur verið gerð tilraun til þess að fá Sovétríkin til að skerast í málið og reyna að beita áhrifum sínum til þess að binda enda á styrjöldina. Þau hafa aftur svarað því, að þetta hljóti að vera mál þeirra, sem við eigast, og ekki viljað hafast að.

Hér var borin fram í fyrra till. til þál., sem var, ef ég man rétt, í öllum aðalatriðum shlj. fyrri till. U Thants. Hún kom nokkuð seint fram, og um hana var ekki gerð ályktun, og skal ég ekki fara frekar út í það, enda kom þá skömmu síðar fram af hálfu U Thants önnur till., sem var í veigamiklum atriðum nokkuð öðruvísi. Hér er borin fram till., sem, eins og segir í grg. till., er í meginatriðum sniðin eftir ályktun hollenzka þingsins frá 25. ágúst 1967. Það er alveg rétt, að þessi till. er í meginatriðum sniðin eftir samþykkt hollenzka þingsins, en þó vantar í hana niðurlagið á hollenzku till., sem gekk í þá átt að skora á alla aðila, sem þetta mál snertir, að ganga til samninga á grundvelli Genfar-samningsins frá 1954. Það er sjálfsagt mál, sem kemur til síðar, ef svo vænlega skyldi fara, að til samningaumleitana væri gengið.

Ég tel rétt að skýra frá því líka, að mér hefur borizt blaðaúrklippa eða frásögn af nýrri viðleitni Hollendinga til þess að vinna að þessum málum. Ég hef ekki fengið þær upplýsingar eftir diplómatískum leiðum, heldur hef ég séð það í hinu merka blaði Herald Tribune, frá 9. febr. s. l. Þar segir frá því, að utanrrh. Hollands hafi lýst því yfir í þinginu, að hann vildi búa sig undir það að leita til annarra

landa, og nefndi sérstaklega til Belgíu, Lúxembúrg, skandinavísku löndin og raunar fleiri um, að þau öll mynduðu samstöðu í þessu máli og reyndu þannig að knýja fram einhvern árangur í málinu. Ég teldi það mjög vel viðeigandi, ef til okkar Íslendinga yrði leitað í þessu efni, að við tækjum þátt í þessu og gerðumst aðili að þessum hópi smáþjóða um það að leitast við að fá enda bundinn á styrjöldina.

Ég tel, að þessi hollenzka till., sem hér hefur verið borin fram, fari í rétta átt. Þar er borin fram till. um það að skora á báða deiluaðila og raunar má segja alla deiluaðila um það, að þeir gangi til sameiginlegra sáttafunda og leitist við að binda enda á málið. Ég veit að vísu, að það getur vel verið einhver smámeiningarmunur um orðalag, og teldi þess vegna sjálfsagt, eins og frummælandi lagði hér til, að það yrði gert hlé á umr. hér á einhverju vissu stigi og málinu vísað til n., sem þá væntanlega yrði allshn. þessarar d., til þess að fjalla um málið. Þessari till. var í Ed. vísað til allshn., og mætti þá vel vera, að allshn. beggja deilda hefðu eitthvert samráð um afgreiðslu þess.

Þegar till. var samþ. í hollenzka þinginu, var hún ekki samþ. shlj., heldur var hún samþ. þar með 77:54 atkv., þannig að það var ekki einhuga samstaða um hana. En það, sem ég vildi leggja áherzlu á, er, ef hægt væri að ganga þannig frá orðalagi ályktunarinnar, að menn gætu orðið um hana nokkuð sammála. Sömuleiðis vildi ég, að það kæmi kannske fram, — ég er ekki að gera það að neinu aðalatriði, en ég get vel hugsað mér, að það kæmi fram, að ef til okkar yrði leitað af hálfu Luns utanrrh. Hollands eða einhvers í hans stað um samstöðu með þeim löndum, sem hann fær samstöðu við um að ganga í málið með eins miklum krafti og mögulegt er, þá mundum við verða þar þátttakendur. — Fleira hef ég svo ekki að segja á þessu stigi málsins.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Um það verður ekki deilt, að styrjöldin í Víetnam er mikill harmleikur, sem hefur í för með sér ógæfu fyrir þjóð þessa fjarlæga lands. Sú staðreynd verður ekki sniðgengin, þrátt fyrir það að menn greini á um, hver beri meginábyrgðina á þeim þjáningum, sem fólk þessa ógæfusama lands hefur orðið að þola. Um það skal ég ekki fjölyrða. Á það verður þó að benda, að á Genfar-ráðstefnunni 1954 var vopnahlé gert í Víetnam. Á þessari ráðstefnu var samið um það, að Víetnam skyldi skipt í tvennt um 17. breiddargráðuna, í Norður- og Suður-Víetnam. Norður-Víetnam varð áhrifasvæði kommúnistastjórnar undir forustu Ho Chi Minhs, en Suður-Víetnam varð áhrifasvæði andstæðinga kommúnista. Báðir aðilar skuldbundu sig til að flytja herlið sitt á brott frá yfirráðasvæðum hins. Íbúum Víetnams var gefið tækifæri til þess að velja á milli búsetu í Suður- og Norður-Víetnam. Varð afleiðing þessa valfrelsis sú, að á árunum 1954—1955 fluttu a. m. k. 850 þús. manns frá Norður-Víetnam til Suður-Víetnams. Aðeins 100 þús. manns, aðallega hermenn, sem barizt höfðu undir stjórn kommúnista, fluttu frá suðurhluta landsins til norðurhlutans. Gefa þessar tölur nokkra hugmynd um afstöðu fólksins í Víetnam til stjórnarinnar í Hanoi á þessum tíma.

Í samþykktum Genfar-ráðstefnunnar var gert ráð fyrir, að 17. breiddargráðan yrði bráðabirgðalandamæri milli fyrrgreindra landshluta. Viðurkennt var sjálfstæði Víetnams í heild og réttur fólksins þar til þess að njóta frelsis og lýðræðislegra stjórnarhátta á grundvelli frjálsra og leynilegra kosninga í landinu öllu. En hvert varð svo framhald af samþykktum Genfar-ráðstefnunnar 1954?

Kommúnistastjórnin í Norður-Víetnam flutti nokkurn hluta af herliði sínu frá Suður-Víetnam, eins og samið hafði verið um. En hún skildi engu að síður verulegan hluta liðsafla síns eftir í Suður-Víetnam. Þetta lið varð síðan kjarninn í hreyfingu Viet Cong í landinu. Þéttriðið net af flugumönnum kommúnista var ofið í Suður-Víetnam. Þetta lið hóf þegar virka andstöðu við stjórnina í Saigon. Augljóst er, að kommúnistar undir forustu Ho Chi Minhs höfðu gert ráð fyrir því að geta náð skjótum undirtökum í Suður-Víetnam. Þess vegna féllust þeir á vopnahléið 1954. En þegar þeir sáu, að tök þeirra voru ekki eins sterk og þeir höfðu haldið, þóttust þeir illa sviknir. Viet Cong tók nú að færa sig upp á skaftið. Átökin hörðnuðu stöðugt og urðu að blóðugum hermdarverkum. Ekkert samkomulag náðist um frjálsar kosningar í öllu landinu, eins og Genfar-ráðstefnan hafði gert ráð fyrir. Með vaxandi þunga í sókn kommúnista óskaði stjórn Suður-Víetnams aukins stuðnings Bandaríkjanna og fékk hann. Fyrr en varði var styrjöldin í Víetnam orðin að stórstyrjöld, sem leiddi ómælanlegar hörmungar yfir þjóð Víetnams í suðri og norðri. Sovétríkin tóku nú einnig að veita kommúnistastjórninni í Hanoi öflugan stuðning með vopnasendingum í stórum stíl.

Ég skal ekki rekja sögu átakanna í Víetnam frekar. En af tilefni þeirrar till., sem hér liggur fyrir, vil ég segja það, að vitanlega er æskilegt, að lýðræðissinnaðar og friðelskandi þjóðir um heim allan beiti áhrifum sínum til þess að koma á friði í Víetnam. Hins vegar hlýtur aðilld kommúnista að flutningi þessarar till. að vekja nokkra tortryggni. Má raunar segja, að það sæti nokkurri furðu, að þm. Framsfl. skuli hefja einhliða samstarf við kommúnista um tillögugerð um afstöðu Íslands til utanríkis- og öryggismála. Það hefur verið gæfa íslenzku þjóðarinnar síðustu áratugi, að allir lýðræðisflokkar hennar hafa staðið saman um mörkun íslenzkrar utanríkisstefnu. Ber mikla nauðsyn til þess, að slíkt samstarf lýðræðisflokkanna um utanríkismál haldi áfram, hverjir sem sitja í stjórn landsins á hverjum tíma.

Um sjálft efni þessarar till. vil ég segja þetta: Það hlýtur að vera ósk Íslendinga, eins og annarra friðelskandi þjóða, að vopnahlé

komist á í Vietnam og deila hinna stríðandi aðila leysist með friðsamlegum hætti. En hinn kaldi og blóðugi veruleiki er sá, að þar geisar nú stórstyrjöld, sem vel getur breiðzt út.

En væri það hyggilegt eða líklegt til þess að hafa heillavænleg áhrif yfirleitt, að þessi litla þjóð færi að blanda sér í stórátök í fjarlægum heimshlutum með opinberum yfirlýsingum? Í þessu sambandi má gjarnan rifja það upp, að Íslendingar vildu ekki segja Þjóðverjum og Japönum stríð á hendur, þegar síðari heimsstyrjöldinni var að ljúka, þótt slík stríðsyfirlýsing af okkar hálfu væri gerð að skilyrði fyrir stofnaðild að samtökum Sameinuðu þjóðanna. Lýðræðisflokkarnir hér á Alþ. snerust gegn því, að Ísland færi að lýsa yfir stríði á hendur öðrum þjóðum, þótt til málamynda væri. En ég man ekki betur en hv. þáv. þm. Sameiningarflokks alþýðu, Sósíal. léðu máls á því. Ég leyfi mér einnig að vekja athygli á því, að engar till. voru fluttar hér á Alþ., þegar Norður-Kórea og Sovét-Kína réðust á Suður-Kóreu á sínum tíma.

Niðurstaða mín er því sú, að tillöguflutningur sem þessi sé heldur yfirborðslegur. Það er að vísu sagt, að hollenzka þingið og raunar þjóðþing fleiri þjóða hafi gert svipaðar ályktanir á s. l. ári. En Holland er gamalt Asíuveldi, þótt nýlenduveldi þess sé nú hrunið. Auk þess fer því víðs fjarri, að það þurfi að vera eðlilegt og sjálfsagt, að við Íslendingar höldum okkur til jafns við Hollendinga hvað snertir áhrif í alþjóðastjórnmálum.

Ég treysti fulltrúum Íslands á vettvangi alþjóðastofnana til þess að meta það í samráði við hæstv. ríkisstj., hvernig við Íslendingar getum stutt friðsamlega lausn mála í Vietnam. Að öðru leyti tel ég sjálfsagt, að þessi till. fái þinglega meðferð og athugað verði, hvort hægt sé að gera hana aðgengilegri en hún nú er. En að sjálfsögðu kjósa Íslendingar ekkert frekar en að hinum ógæfusamlegu átökum og harmleik ljúki í Vietnam.

Þetta vildi ég, að kæmi fram við fyrri hluta umr. um þessa till.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að hefja hér deilur við hv. 2. þm. Vestf. um stríðið í Vietnam eða upptök þess, orsakir þess ástands, sem nú ríkir þar. En ég vil aðeins benda á eitt atriði, sem sýnir, hversu vel grundaðar eru fullyrðingar hans. Hann tekur sem dæmi, að þegar skipting landsins er ákveðin, bráðabirgðaskipting, — því að í Genfar-samkomulaginu var það eitt helzta ákvæðið, að hún yrði aðeins til bráðabirgða, þessi skipting, það áttu að fara fram kosningar að tveimur árum liðnum, Bandaríkjamenn neituðu að vísu að fallast á þetta samkomulag, — en hv. 2. þm. Vestf. orðaði það svo áðan, að miklir fólksflutningar hefðu átt sér stað, ég man ekki, hvaða tölur hann nefndi, en það var ólíkt hærri tala, sem hafði farið suður yfir þessa landamerkjalínu heldur en norður yfir, og þetta átti að vera til marks um þann hug, sem víetnamska þjóðin bar til stjórnarinnar í Hanoi. Í bók, sem norskur blaðamaður skrifar um stríðið í Vietnam, Victor Vinde, ég hygg, að hann sé sósíaldemókrati, þar nefnir hann þetta atriði og skýrir frá því, að þetta fólk, sem flutti suður, er yfirleitt kaþólskt og flutti fyrir áhrif prestastéttarinnar í landinu, og röksemdin, sem að því var haldið m. a., var sú, að guð væri einnig að flytja suður yfir þessi landamæri. En viðhorf víetnömsku þjóðarinnar til stjórnarinnar í Hanoi, þar sem forsetinn var og er Ho Chi Minh, það kemur fram í fullyrðingu Eisenhowers í ævisögu hans, þar sem hann segir, að ef hefði verið efnt til þessara kosninga, svo sem til stóð, hefðu 80% af Víetnömum kosið Ho Chi Minh sem forseta. Og núna í næstsíðasta hefti tímaritsins Newsweek skrifaði Walter Lippmann um þessi mál. Walter Lippmann er sem kunnugt er einn virtasti sérfræðingur bandarískur í alþjóðamálum. Lesendur Tímans þekkja þann ágæta mann. Tíminn hefur einkarétt til þess að birta skrif hans hér á landi og vinnur þar með mikið og þarft verk við að kenna Íslendingum að hugsa af viti um alþjóðamál og ekki sízt stríðið í Vietnam. Það færi betur, held ég, að hv. 2. þm. Vestf. læsi a. m. k. þessi skrif Tímans betur. En Walter Lippmann segir í þessari grein, ítrekar þetta, að þessar kosningar, sem til stóðu, vildu hvorki Washington né Saigon fallast á, vegna þess að það hefði tryggt Ho Chi Minh og hans mönnum völdin í landinu. Þetta er sem sé aðeins fyrir hálfum mánuði, sem Walter Lippmann segir þetta.

Ég ætla sem sé ekki frekar að agnúast við þennan háttv. þm. út af þessum málum, en hins vegar hafði ég búið mig undir að flytja hér alllanga ræðu í sambandi við þessa till., sem hér liggur fyrir. Ég sé hins vegar ekki ástæðu til þess að flytja hana núna eftir ummæli hæstv. utanrrh. hér áðan. Ég stend hér upp aðeins til þess að segja fáein orð. Ég vil ekki láta hjá líða að tjá hæstv. utanrrh. þakkir mínar, innilegar þakkir, fyrir ummæli hans hér áðan. Ég var farinn að óttast það, að von mín um samstöðu, sem um munaði, hér hjá þingflokkunum um þetta mál væri að bregðast. Ég þykist hins vegar sjá núna, að hún sé að rætast. Ég efast ekki um það, að þeirri n., sem fær þessa till. til athugunar, muni takast að finna það form á henni og það orðalag, sem allir þingflokkarnir ættu að geta sætt sig við, og ég efast ekki heldur um það, að hún muni hraða svo störfum, að þess verði ekki langt að bíða, að öllum heiminum verði það ljóst, að við Íslendingar ætlum að leggja fram það, sem í okkar valdi stendur, til þess að stöðva harmleikinn í Vietnam. Það er því miður ekki oft, sem þeir hlutir gerast hér á þingi, að maður hafi ástæðu til þess að standa upp og láta í ljós fögnuð sinn yfir meðferð mála. Þær stundir eru því miður ekki margar. En þeim mun dýrmætari eru þær, þegar þær gerast, og ég vil sem sagt ítreka þakkir mínar fyrir það að hafa fengið að lifa eina slíka stund hér í dag.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil taka undir með síðasta ræðumanni um þakkir til hæstv. utanrrh. fyrir það, hvernig hann hefur tekið á þessu máli, því að það gerir hann viturlega.

Aftur á móti þótti mér illt að heyra, að sumu leyti, til hv. 2. þm. Vestf., vegna þess að hann fór hér að rifja upp atriði, sem við flm. höfum forðazt að gera. Við höfum ekki verið með neitt hnútukast í einn eða neinn í sambandi við þetta mál, heldur reynt að fá samstöðu þingsins um það að taka undir skynsamlega skoðun, sem nú er mjög vaxandi fylgi fyrir víða í heiminum. Hv. þm. fór að rifja upp a. m. k. eitt atriði í sambandi við sögu Vietnams á síðari árum, og það hefði svo sem verið ástæða til þess að gera það líka miklu nánar, og ég var búinn að búa mig undir það að gera það mjög rækilega hér í ræðu, ef á þyrfti að halda. En mér sýnist nú, að þess sé ekki þörf. En í tilefni af því, sem hv. þm. sagði, langar mig til þess að vikja hér að einni tilvitnun, aðeins stuttri tilvitnun, því að ég ætla ekki að níðast á hæstv. forseta um tímann núna. Ég veit, að það skiptir máli að geta haldið áfram því máli, sem hér er einnig á dagskrá. En mig langar til þess að vísa hér til einhverrar berorðustu gagnrýni, sem ég hef heyrt um stefnu Bandaríkjanna í Vietnam, en hún kemur fram í ræðu prófessors George McKahins í Cornellháskólanum í Bandaríkjunum, en þar segir prófessorinn svo m. a. í lauslegri þýðingu:

„Stefna Bandaríkjanna hefur verið röng frá fyrstu tíð. Okkur hefur tekizt að treysta þá skoðun í sessi, að vietnamskir föðurlandsvinir eigi einskis annars úrkosta en fylkja sér undir fána Ho Chi Minhs."

Enn fremur segir prófessorinn, og það er vert, að við tökum eftir þeim orðum, vegna þess að þar er komið örstutt inn á Genfarsamkomulagið:

„Svo kom Genfar-samkomulagið og kvað skýrt á um það, að Vietnam væri eitt land. Í einhliða yfirlýsingu sinni í Genf töluðu Bandaríkin aðeins um Vietnam í eintölu, en nefndu hvorki Suður- né Norður-Vietnam. Eigi að síður tóku Bandaríkjamenn til við að mynda sérstakt ríki í suðurhluta landsins, og enn gerðum við þá skyssu," segir hinn bandarískí prófessor, „að ímynda okkur, að við gætum sett á laggirnar lífvænlega ríkisstj., án þess að hún hefði nægilega traustan þjóðernislegan grundvöll á að standa."

Ég hygg, að þessi tilvitnuðu orð þessa bandaríska prófessors snerti kjarna þessa máls, án þess að ég ætli að fara að rifja þetta mál frekar upp, en það hefði ég getað, ef mér hefði fundizt, að ástæða væri til, en ég vil ekki fara að munnhöggvast hér við hv. 2. þm. Vestf. um þetta atriði. Ég vil aðeins ítreka þakkir mínar til hæstv. utanrrh. fyrir þær góðu undirtektir, sem till. fær hjá honum, og ég vil endurtaka það, sem ég sagði í framræðu minni, að vitanlega erum við flm. þess albúnir að breyta orðalagi till., ef það má verða frekar til þess, að hún hafi framgang.

Ég sé nú ekki heldur ástæðu til þess að ræða, þó að það væri kannske viss ástæða til, að hv. 2. þm. Vestf. furðaði sig á því, að við framsóknarmenn skyldum flytja hér till. ásamt Alþb.-mönnum einum saman. En ég vil aðeins benda honum á það, ef hann veit ekki um það, og öðrum hv. þm., að við gerðum þó nokkuð til þess að fá samstöðu manna úr fleiri flokkum um þennan tillöguflutning, en það heppnaðist ekki.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega mál þetta að þessu sinni, ég á sæti í þeirri n., sem fær mál þetta væntanlega til meðferðar. En út af síðustu orðum hv. 3. þm. Norðurl. e. um það, að hann og aðrir flm. þessarar till. hafi gert ítrekaðar tilraunir til þess að fá þm., að mér skilst stjórnarflokkanna, til þess að taka þátt í þessum tillöguflutningi, þá sé ég ástæðu til að skýra nokkru nánar frá, í hverju var fólgin sú ítrekaða leit, a. m. k. þessa hv. þm., sem var að ljúka máli sínu, í sambandi við þennan tillöguflutning. Hann mun hafa leitað hér í hv. Nd. til tveggja þm. úr röðum stjórnarflokkanna, eins úr röðum sjálfstæðismanna, það var ég, og svo hins vegar eins af þm. Alþfl., og það okkur um að vera meðflm. að þessari till. með tveimur framsóknarmönnum og tveimur Alþb.-mönnum. Út af fyrir sig gerði það lítið til, þótt svo væri skipað um flm. till., ef mönnum hefði sýnzt svo, að till. ætti það skilið og hvernig að henni var unnið, að menn reyndu að safnast saman frá öllum flokkum til þess að ná henni fram. En mér fannst ekki þannig að þessu staðið hjá flm. Þeir afhentu t. d. mér till. í miðri viku. Það var á þeim tíma, sem stjórnarflokkarnir voru á fundum dag og nótt út af örðugleikum sjávarútvegsins og höfðu litinn tíma til að taka mál sem þetta fyrir til umr. Þingflokksfundir hjá okkur, þar sem við áttum að geta rætt þetta, voru síðan ekki haldnir fram yfir helgina, eftir að við fengum þetta afhent, og þegar ég ræddi við þennan hv. þm. um það, að ég hefði ekki enn getað rætt þetta í mínum þingflokki, sagði hann: Gott og vel, ég þarf endilega að leggja málið fyrir Alþingi núna. — Og þar með var það tekið úr mínum höndum og enginn tími til þess að reyna að skapa þá nauðsynlegu samstöðu um þetta nauðsynlega mál, sem hv. þm. hefur talað um.

Væntanlega koma fram skoðanir bæði mín og annarra þm., sem ekki eiga beina aðild að flutningi till., þegar hún kemur til meðferðar allshn. d., og þess vegna, eins og ég tók fram í byrjun þessara fáu orða minna, mun ég ekki ræða þetta efnislega að sinni.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 24 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 94. fundi í Nd., 9. apríl, utan dagskrár, mælti

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að kveðja mér hljóðs hér utan dagskrár til þess að minnast á viss atriði í sambandi við þinghaldið og gang þingmála. Einkum vil ég gera að umræðuefni störf n. og afgreiðslu þeirra á málum, sem til þeirra hefur verið vísað.

Þingið hefur nú setið síðan 10. okt. og aðeins tekið stutt jólafrí, a. m. k. styttra en oft áður. Hins vegar er gangur þingmála þannig, að n. liggja á málum vikum eða mánuðum saman, þangað til í eindaga er komið, þangað til komið er að þinglokum, sem ríkisstj. ákveður, hver vera skuli, og ekki virðast miðuð við afgreiðslu og fullnaðarathugun fyrirliggjandi mála, heldur einhverjar privatástæður hæstv. ríkisstj. Nú skilst mér, að búið sé að ákveða þinglok. Ríkisstj. hefur ákveðið þinglokin laugardaginn í páskavikunni, að því er fregnazt hefur. Það þýðir, að eftir eru 7 virkir þingdagar. Þingið á eftir að starfa 7 daga. Nú er vitað, að þingið á eftir að ljúka ýmsum föstum og óhjákvæmilegum skylduverkum, svo sem eldhúsdagsumræðum o. fl., sem tíma tekur, og vafalaust er eitt og annað eftir af málum, sem ríkisstj. leggur áherzlu á að knýja fram. En hvað um ýmis önnur mál? Hvað um frv. og þáltill. einstakra þingmanna? Það er hætt við, að ýmis slík mál lendi í undandrætti hjá hv. Alþingi að þessu sinni, m. a. vegna þess, að n. gefa sér ekki tíma til að vinna að þessum málum. En til hvers er þá verið að senda mál til n., ef þær sinna ekki málum, sem til þeirra er beint. Það er skylda þn., að sinna af alúð hverju því máli, sem til þeirra er vísað. Nefndum er það engin ofætlun að gefa út nál. um mál, sem þær fá til meðferðar, ekki sízt þegar um mál er að ræða, sem lengi hafa legið fyrir n. Það er áreiðanlega mikið af slíkum málum óafgreitt hjá n. í þessari hv. d., málum, sem lengi hafa verið til athugunar í n., en ekki fá neina afgreiðslu eða seinkar mjög óhæfilega.

Nú, þegar komið er fast að þinglokum, vil ég sérstaklega minnast á eitt mál, sem lagt hefur verið fyrir þessa hv. d. Mér er málið sérstaklega skylt fyrir það, að ég er 1. flm. þess, og tel eðlilegt og sjálfsagt, að málið fái afgreiðslu, að málið komi a. m. k. frá nefnd. Þetta er till. til ál. um styrjöldina í Vietnam. Till. þessari var vísað til hv. allshn. fyrir nærri tveimur mánuðum og hefur nú legið þar allan þennan tíma, og nál. hefur ekki verið gefið út. Þetta verður að teljast óhæfilegur dráttur og lítil fyrirmyndarvinnubrögð af n. að láta slíkt mál liggja svo lengi óafgreitt. Nú vil ég leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá hv. deildarforseta, ef hann getur svarað því, eða hjá formanni allshn. sjálfum, hvað líði störfum n. varðandi þetta mál, hvort ekki sé að vænta álits n. um þetta efni? Af mörgum og gildum ástæðum hef ég sannfæringu fyrir því, að þingmeirihl. sé í raun og veru fyrir hendi um aðalefni og markmið þessarar þáltill. Ég tel næstum því víst, að meiri hl. Alþingis og þá ekki sízt þessarar hv. d. sé þeirrar skoðunar, að við Íslendingar eigum að slást í hóp annarra Norðurlanda og evrópskra lýðræðisríkja, sem óhikað hafa kveðið upp úr um afstöðu sína til styrjaldarinnar í Vietnam. Ég tel næstum víst, að slíkur meiri hl. sé fyrir hendi. Ég ræð það ekki sízt af orðum hæstv. utanrrh. við umr. um till., þegar hún var til frumumræðu í þessari hv. d. Ég held því, að Alþfl. muni ákveðið fylgjandi því, að Alþingi Íslendinga þrumi ekki eins og þurs, þegar slíkt mál ber á góma, heldur taki jákvæða afstöðu til þess. Eins hef ég ástæðu til að ætla, að innan Sjálfstfl. eigi slík till., eða till., sem fjallar um þetta efni a. m. k., fylgi að fagna. Það ræð ég m. a. af samtali við hæstv. forsrh. um þessa till. og meðferð hennar fyrir nokkru. Hann hafði að vísu sitt hvað út á orðalag till. að setja fyrir sitt leyti, en hann var fús til þess að stuðla að því, að till. um þetta efni næði fram að ganga, till., sem allir gætu orðið sammála um. Ég hef því fyllstu ástæðu til að ætla það nú, að meiri hl. Alþingis telji það enga fjarstæðu, að Alþingi ræði þetta mál og geri ályktun um það.

Það er vel, að sú búralega einangrunarhyggja, sem stundum skýtur upp kollinum í umr. hér á landi um alþjóðamál, er á undanhaldi hér á hv. Alþingi. Mér finnst, að einangrunarhyggja og áberandi afskiptaleysi um alþjóðleg málefni séu jafnósæmileg Alþingi Íslendinga og hvatvísleg eftiröpun erlends hugsunarháttar og skoðana. Ég held, að frjálslegar og málefnalegar umræður um alþjóðamál mundu auka stórlega á gildi Alþingis sem þjóðfélags- og lýðræðisstofnunar og verða ríkisstj. mikill siðferðilegur styrkur í sambandi við mótun utanríkisstefnu þjóðarinnar og afstöðu hennar til einstakra vandamála á alþjóðavettvangi, þar sem Íslendingar eru aðilar, svo sem hjá Sameinuðu þjóðunum.

Vietnam-málið er eitt þeirra mála, sem borið hefur hæst á alþjóðavettvangi undanfarin ár. Það hefur ekki sízt borið hátt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, en þar eru Íslendingar þátttakendur með sömu réttindi og skyldur og aðrar smáþjóðir. Við höfum þar venjulega fjölmenna sendinefnd hluta af árinu og fastan ambassador allt árið. Að þessu leyti hegðum við okkur því eins og aðrar stærri þjóðir. Og hví skyldum við þá ekki sem aðrar þjóðir leggja eitthvað af mörkum skoðanalega og með tillögugerð um helztu mál, sem rædd eru á vettvangi Sameinuðu þjóðanna?

Ég álít, að Íslendingar hefðu fyrr átt að skipa sér í hóp þeirra þjóða, sem fordæmdu styrjöldina í Vietnam og hvettu til friðar þar og samninga um framtíðarskipan mála í landinu. Þessi styrjöld er nefnilega ekki einangrað fyrirbæri, ekki smástyrjöld, sem engin áhrif hefur utan vígstöðvanna. Þessi styrjöld er og hefur verið ógnun við heimsfriðinn, og því kemur hún okkur Íslendingum við, alveg án tillits til smæðar þjóðarinnar eða stærðar og alveg án tillits til þess, hvort áhrif okkar eru mikil eða lítil. Ég vil því mælast til þess, að hv. allshn.

hraði afgreiðslu Vietnam-till. Það má vel vera, að einhverjum finnist, að aðstæður hafi breytzt svo hina síðustu daga, að till. eigi ekki rétt á sér, hún sé óþörf, hún geri ekkert gagn o. s. frv. Ef til vill hugsa einhverjir svona, og ef til vill hugsa einhverjir hv. allshn.-menn svona, en það gefur þeim engan rétt til þess að aðhafast ekkert um afgreiðslu till. nú, þegar komið er að þinglokum. N. eiga að afgreiða mál, sem þeim eru fengin til athugunar. Ef breyttar aðstæður hafa áhrif á nm., eiga þeir að gera grein fyrir þessum breyttu aðstæðum í nál. Ég neita því ekki, að vissar breyttar aðstæður eru fyrir hendi í Vietnam-málinu, frá því að till. var fyrst lögð hér fram, og vitaniega fagna ég þeim breyttu aðstæðum. En það þarf alls ekki að þýða það, að till. hafi misst gildi eða Alþingi geti því fremur haldið áfram að sofa á þessu máli. Í fyrsta lagi er þess að geta, að enn hefur ekki verið setzt að samningaborði um frið í Vietnam. Stríðið geisar enn og vafamál, hversu mikið aðstæðurnar hafa breytzt og hversu mikið hefur dregið úr styrjöldinni. Í öðru lagi hefur loftárásum á Norður-Vietnam ekki verið hætt að fullu, en það hefur lengst af verið talið frumskilyrði virkra samningagerða. Loftárásirnar voru t. d. mjög harðar í gær og ef til vill harðari en nokkru sinni áður.

En hvað sem þessu líður, stendur enn upp á Íslendinga að slást í hóp sambærilegra lýðræðisþjóða um að lýsa yfir áhyggjum sínum yfir Vietnam-styrjöldinni og óttanum á því, að styrjöldin geti breiðzt út og magnazt í allsherjar ófriðarbál. Við getum með engu móti lýst afstöðu okkar skýrar en með því, að sjálft Alþingi sameinist um ályktun um þetta mál. Ef mönnum sýnist ástæða til að taka tillit til breyttra aðstæðna, er ekkert við því að segja, en ég tel það ótækt í máli sem þessu, að n. skili ekki áliti. Það eiga n. að gera í öllum málum, ekki sízt í hinum stærri málum, sem þessi till. um styrjöldina í Vietnam vissulega er.

Forseti (SB): Ég vil nú beina því til hv. þm. að fara ekki að hefja almennar umræður um eitt tiltekið mál utan dagskrár. Það eru mörg mál á dagskránni, sem þurfa að ljúkast í dag, en að sjálfsögðu verður mönnum gefinn kostur á að gera stuttar athugasemdir í tilefni af því, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Út af þeirri fsp., sem hv. 3. þm. Norðurl. e. gerði hér, og því, sem hann sagði varðandi störf n., vildi ég leyfa mér að segja nokkur orð.

Hann gerði sérstaklega að umræðuefni afgreiðslu á till., er hann er 1. flm. að hér í hv. d., um styrjöldina í Vietnam. Það mætti ætla, að allshn. væri sennilega versta n. í deildinni í sambandi við afgreiðslu mála almennt, en ég vil segja honum það og öðrum þdm., að það eru tiltölulega mjög fá mál óafgreidd frá allshn., og meðal þeirra mála, sem eru óafgreidd, er fullt samkomulag innan n. um, eins og t. d. þingsköp Alþingis, að afgreiða þau ekki á þessu þingi, enda verður að segja eins og er, að það er mjög eðlilegt, að slíkt mál verði hér til umræðu og afgreiðslu á tveimur þingum, og ég hef engan þm. heyrt minnast á afgreiðslu á því máli.

Önnur tvö mál, sem óafgreidd eru, hefur ekki staðið á mér sem formanni n. að afgreiða, og hef ég ætlað að afgreiða annað málið nú tvo fundi í röð, en nm. hafa illa mætt á fundum og þá ekki síður nm. hv. stjórnarandstöðu, og ég hef ekki viljað afgreiða þetta mál, af því að það er flutt af öðrum stjórnarandstöðuflokknum, að fjarstöddum fulltrúa þess flokks í nefndinni.

Út af þessu sérstaka máli, þessari þáltill. um styrjöldina í Vietnam, vil ég segja það, að litlu eftir að þessari till. var vísað til allshn. og samhljóða till. í Ed. var vísað til allshn. Ed., ákváðum við það í allshn. beggja d. að boða til sameiginlegs fundar nefndanna og ræða um sameiginlega afgreiðslu á þessari till. Á þann fund vantaði nokkra nm. og sérstaklega vantaði nm. úr hópi flokks fyrirspyrjanda, því að það var aðeins einn framsóknarmaður af fjórum í allshn. beggja d., sem hafði tækifæri til þess að mæta á þeim fundi, sem þetta mál var rætt. Sá eini framsóknarmaður, sem mættur var, var varaþm., sem óskaði eindregið eftir því, að málið yrði ekki afgr., af því að hann væri hér einn og tiltölulega ókunnugur afgreiðslu þingmála. Fleira kom einnig til greina. N. var ekki sammála. Fulltrúar Alþb., sem mættu báðir á þessum fundi, vildu samþ. till. óbreytta þá þegar á þessum fundi. Annar þm. Alþfl. í allshn., fulltrúi allshn. Ed., vildi gera breyt. á till. En við hinir, allir fulltrúar Sjálfstfl. og fulltrúi Alþfl. í Nd., vildum vísa þessari till. til utanrmn. til umsagnar. Það varð ofan á, og það var settur þar frestur. Ég ætla auðvitað ekki að svara neitt fyrir utanrmn., en þó veit ég, að einmitt um það bil eða daginn eftir að þessi sameiginlegi fundur allshn. d. var haldinn, fór formaður utanrmn. af landinu, og ég ræddi við menn úr utanrmn., og svo vita þm. það almennt og fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna, að það hefur verið reynt að ná samkomulagi um afgreiðslu á þessu máli. Það hafa farið fram umr., að því er ég bezt veit, á milli flm. eða a. m. k. einstakra flm. annars vegar, forsrh. og utanrrh. hins vegar og einnig verið rætt af stjórnmálaflokkunum hér á Alþingi. Umsögn utanrmn. hefur ekki borizt allshn. d. fyrr en nú fyrir sennilega tæpum þremur stundarfjórðungum. Þá fékk ég bréf í hendur frá utanrmn., sem ég vil leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilvísun til bréfs allshn. Nd., dags. 8. marz s. l., viðvíkjandi þáltill. um styrjöldina í Vietnam, skal fram tekið, að utanrmn. hefur á fundi sínum hinn 5. apríl 1968 rætt þetta mál. Niðurstaðan af þeim umr. er sú, að meiri

hl. n. álítur rétt að bíða um sinn vegna breytts viðhorfs með að afgreiða málið og sjá, hvað gerast kann í málinu á næstunni. Minni hl. hins vegar var því fylgjandi, að till. yrði afgreidd á þeim grundvelli, sem samkomulag mun hafa náðst um milli flm. annars vegar og forsrh. og utanrrh. hins vegar og stjórnmálaflokkunum á Alþingi verið um kunnugt.

F. h. utanríkismálanefndar,

Sigurður Bjarnason, formaður.
Gylfi Þ. Gíslason, fundaskrifari."

Á þessu sést, að allshn. hefur ekki haft tækifæri til þess að taka þetta mál til afgreiðslu, vegna þess að það hefur verið reynt að ná samkomulagi um afgreiðslu málsins þennan tíma, og við í allshn. höfum viljað bíða eftir því og viljað bíða eftir umsögn utanrmn. Það hefur auðvitað ekki gefizt tími til að kalla allshn. saman, því að umsögnin barst í mínar hendur um það bil 15 mín. fyrir kl. 2 í dag.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þá kröfu, sem hér hefur komið fram frá hv. 3. þm. Norðurl. e. um það, að það mál fái eðlilega afgreiðslu, sem hér hefur verið rætt um, þáltill. um stríðið í Víetnam. Það er augljóst, að þetta mál er búið að liggja hér svo lengi fyrir þinginu, að það er ósæmilegt, að það skuli ekki fá afgreiðslu, og ég tel, að þó að allshn. hafi hér nokkra afsökun í því, að hún hefur verið að bíða eftir öðrum, geti hún eigi að síður afgreitt málið á þann hátt, sem ég tel að henni beri skylda til. Það er svo atriði út af fyrir sig, að vinnubrögð hv. n. hafa verið æði einkennileg, því að yfirleitt er það nú ekki siður, að sú n. þingsins, sem mál fær til meðferðar, taki upp á því að senda málið til annarrar n., því að þá hefði auðvitað Alþingi sjálft getað gert slíkt, en það hefur vitanlega dregið málið á langinn.

En eins og fram hefur komið í þeim umr., sem hér hafa átt sér stað, hefur verið gert talsvert að því að reyna að ná víðtæku samkomulagi innan þingsins um afgreiðslu þessa máls, og fullt samkomulag hafði tekizt á milli flokkanna um afgreiðslu málsins. Ég hygg, að það séu kringum 10 dagar eða svo, síðan við mættum þar sameiginlega á fundi, hæstv. forsrh. fyrir hönd síns flokks og hæstv. utanrrh. fyrir sinn flokk, ég fyrir hönd Alþb. og tveir af flm. till. af hálfu Framsfl., hv. 3. þm. Norðurl. e., sem hér tók til máls í dag um þetta mál, og hv. 4. þm. Sunnl., Björn Fr. Björnsson. Og eftir nokkrar umr. á þessum sameiginlega fundi um afgreiðslu málsins varð fullt samkomulag um að afgreiða málið á þeim grundvelli, að samþ. yrði svo að segja samhljóða till. hér á Alþ. þeirri, sem samþ. var í hollenzka þinginu um sama efni, en flm. þessarar þáltill. höfðu einmitt lagt þessa samþykkt hollenzka þingsins til grundvallar sínum tillöguflutningi hér.

En þó að hér hafi tekizt samkomulag um að afgreiða málið, að vísu með lítils háttar fráviki í orðalagi frá því, sem flm. till. höfðu gert ráð fyrir í sinni till., en í raun og veru engum efnisbreytingum, tekst samt ekki að fá eðlilega afgreiðslu málsins hér í þinginu. Og nú hefur það komið fram, að hæstv. forsrh. telur, að hann geti ekki lengur staðið við það samkomulag, sem hann hafði gert um afgreiðslu málsins, vegna þess að breytingar hafi orðið á um allt efni þessa máls vegna erlendra atburða. Það er skoðun mín, að það hafi auðvitað ekkert það gerzt, sem kalli á það að breyta, hvorki þeirri till., sem hér var flutt um þetta mál, né því samkomulagi, sem þarna var gert á milli flokkanna, og ég tel, að hér sé um hreinan undanslátt að ræða. Það er verið að reyna að skjóta sér undan því að standa við það samkomulag, sem menn gerðu um afgreiðslu á mikilvægu máli.

Það er vitanlega jafnmikil hætta enn og hefur verið um langan tíma, að þessi hættulega styrjöld gæti breiðzt út og hún gæti snúizt upp í stóraukna hættu, því að þótt þrýstingur, sem skapazt hefur í mörgum þjóðþingum og mörgum löndum heims of svipuðu tagi og hér var lagt til að verða þátttakendur í, hafi eflaust haft þær verkanir á báða styrjaldaraðila eða alla, að nú sýndust nokkrir möguleikar verða til þess, að hér hæfust viðræður um friðarsamninga, þá vita allir, að styrjöldin geisar þar enn, og menn vita líka, að það er allsendis óvíst um það, hvernig til tekst þarna á allan hátt, og þeir, sem eru á þeirri skoðun, sem fram kom í þeirri þáltill., sem hér var lögð fyrir, eiga vitanlega að halda sitt strik áfram, ef þeir eru þess sinnis, að þeir vilji reyna að hafa áhrif á það, að þarna verði deilurnar leystar með samkomulagi.

Ég tel, að það sé rétt, sem 1. flm. till., hv. 3. þm. Norðurl. e., sagði hér, að það verði að teljast allar líkur vera til þess, að það sé mikill meiri hl. alþm. samþykkur meginefni þeirra till., sem hér voru lagðar fram. Það er ekki annað vitað en þm. úr stjórnarandstöðuflokkunum standi allir að þessum till., og mjög góðar undirtektir hafa komið fram á Alþ. af hálfu Alþfl., svo að það má telja nokkurn veginn víst, að það sé meiri hl. á Alþ. fyrir því að senda frá sér svipaða yfirlýsingu og fólst í þessum þáltill. Og það nær vitanlega engri átt, að Sjálfstfl. komist upp með það, eða einhverjir menn innan hans, að koma í veg fyrir, að slík samþykkt verði gerð hér, eins og meiri hl. alþm. vill láta gera um þetta mál, jafnvel þó að það sé einhver tregða á ferðinni um það að úttala sig í þessu máli. Ég hefði að vísu helzt kosið, að Sjálfstfl. hefði fengizt til þess að standa hér að sameiginlegu samkomulagi um afgreiðslu á þessu máli í öllum meginatriðum, og þannig hafði ég skilið það alveg ótvírætt á þeim samkomulagsfundi, sem ég hef hér vitnað til, að gæti orðið. En sem sagt, nú liggur það fyrir, að forsrh. hefur sagt mér, að hann telji aðstæður svo breyttar í þessu máli, að hann geti ekki staðið að afgreiðslu málsins á þeim grundvelli, sem hann hafði áður fallizt á. Þá

er vitanlega ekki um annað að gera en það, að þá á allshn. að afgreiða málið á þinglegan hátt og málið á að berast hér upp á Alþ. og það á að fást úr því skorið, hvort meiri hl. Alþ. er fyrir hendi til þess að senda frá sér svipaða yfirlýsingu og felst í þessum þáltill. Ég tek því undir þá kröfu, sem hér hefur komið fram frá 1. flm. þessarar till., og óska þess eindregið af hv. allshn., að hún afgreiði málið sem allra fyrst og hæstv. forseti taki svo málið til afgreiðslu með eðlilegum hætti og hér fari fram atkvgr. um þá till., sem legið hefur fyrir þinginu í næstum 2 mánuði.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að þræta efnislega um það mál, sem hér liggur fyrir. Ég kemst þó ekki hjá því að láta uppi, að því miður er það miklu alvarlegra mál en svo, að einföld samþykkt okkar hér, hvort heldur í Nd. eða Sþ., muni þar ráða efnisúrslitum. En það er mál fyrir sig. Það breytir ekki því, að eðlilegt er, að rétt íslenzk stjórnvöld taki um það ákvörðun, hvernig okkar umboðsmenn eigi að snúast í þessum vanda á alþjóðavettvangi. Og hv. síðasti ræðumaður er því vel kunnugur, sem raunar sá þm. gat réttilega um, sem hér gerði fyrstur aths. utan dagskrár, að ég tók undir það á fundi, sem þessir hv. þm. áttu með mér, ásamt öðrum, að eftir atvikum gæti ég fallizt á till. einmitt byggða á þessum orsökum um málið. Það er svo enn annað, að sú till. er í meginatriðum ólík þeirri till., sem hér var gerð till. um fyrr á þinginu, og mun það upplýsast, ef efni málsins verður rætt, sem ég er síður en svo á móti. Ég get ekki annað en fagnað því, að sjálfir tillögumennirnir skyldu vera því samþykkir að breyta sinni till. í meginefnum. Það er mál fyrir sig. Hv. þm. lætur að vísu svo sem ég hafi ráðið ákvörðun allshn. eða ákvörðun utanrmn. Ég var ekki á fundi í utanrmn. og ekki á allshn.-fundum, þegar um þetta mál hefur verið fjallað. Hitt veit hv. þm., að ég kom til hans nú þegar fyrir viku og sagði við hann, að vegna hins breytta viðhorfs, sem komið hefði í ljós eftir yfirlýsingu Bandaríkjaforseta, væri það ljóst, að till. þyrfti að breyta, og ég skoraði á hv. þm. að koma með þær breytingar, sem augljóslega þyrfti að gera, til þess að við gætum haldið áfram viðleitni um að afgreiða málið sameiginlega. Hv. þm. hefur ekki sýnt nokkra viðleitni í þá átt, og hann kemur hér upp og segir, að atvik hafi ekki breytzt, alveg gagnstætt því, sem hv. 1. flm. till. sagði í sinni aths. Hann lagði á það áherzlu, að atvik hefðu mjög breytzt, og um það getur enginn deilt, og till. á ekki lengur að efni eða orðalagi við *það ástand, sem nú hefur skapazt.* Það er þess vegna eðlilegt, að hv. tillögumenn séu um það spurðir og til þess hvattir, eins og ég gerði við þennan hv. þm. fyrir viku: Komið þið með þær breytingar, sem þið teljið nú eðlilegar, þá skulum við halda áfram efnislegri athugun málsins. Það stendur fyrst og fremst upp á þennan hv. þm. Það er svo í samræmi við hans önnur heilindi, sem allir þm. þekkja, að hann skuli koma hingað og gera árás á mig fyrir, að ég hafi stöðvað málið.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég verð að segja, að mér er ekki alveg ljóst, hvað hæstv. forsrh. á við, þegar hann talar um, að breytt viðhorf í Víetnam valdi því, að sú till., sem hér er til umr., orðalag hennar, verði að gjörbreytast. Mér sýnist einmitt, að eins og horfir í Víetnam núna, sé þörfin jafnvel enn meiri en áður fyrir slíka samþykkt. Þessi þróun, sem átt hefur sér stað, þessi viðleitni til friðar í Víetnam, sem báðir stríðsaðilar eða allir hafa nú sýnt og hlýtur að vera öllum fagnaðarefni, hún orsakast að sjálfsögðu af því fyrst og fremst, hversu voldug er orðin og mikil sú fylking, sem krefst þess, fylking ríkisstjórna og þjóðþinga, einstakra stjórnmálamanna og annarra áhrifamanna um heim allan, sem er fylgjandi þeim málstað, sem við flm. þessarar till., sem hér hefur verið vakið máls á, viljum, að Alþingi Íslendinga efli, enda teljum við, að till. þessi sé í fullu samræmi við vilja alls þorra íslenzku þjóðarinnar. En þrátt fyrir friðarhorfur í Víetnam er ekki þar með sagt, að lausn málsins hafi verið tryggð, að friður sé á næsta leiti í Víetnam og þess vegna óþarfi að knýja á í þessum efnum. Þvert á móti virðist mér, að einmitt núna séu mál þessi komin á það stig, að nauðsynlegra sé en nokkru sinni fyrr að knýja á um lausn þeirra, og sú von um frið í Víetnam, sem hefur verið að glæðast að undanförnu, má ekki bregðast, því að ef svo fer, verður ástand þessara mála tvímælalaust enn þá verra en það hefur þó verið hingað til. Tækifæri hefur boðizt til friðsamlegrar lausnar á deilumálunum þar austur frá, og ef það verður ekki notað til hins ýtrasta, kann svo að fara, að annað slíkt tækifæri gefist aldrei framar. Hið skelfilega stríð í Víetnam mundi magnast og átökin aukast, breiðast út, og endirinn kynni að verða sá, sem margir hafa lengi óttazt, sem sé heimsstyrjöld, það allsherjarbál, sem ef til vill mundi ekki skilja eftir einn einasta ósviðinn blett á allri jarðarkringlunni.

Ég hef hér áður í vetur rætt um ábyrgð okkar Íslendinga í þessum efnum. Við höfðum að sjálfsögðu fyrir löngu átt að vera opinberlega orðnir þátttakendur í þeirri miklu fylkingu, sem berst fyrir friði í Víetnam. Og nú, þegar barátta þessara fylkinga hefur loks borið þann árangur, að allnokkuð hefur þokazt í friðarátt, sýnist mér, að það sé herfilegasta flónska og í þessu sérstaka tilfelli þó öllu heldur hið vítaverðasta ábyrgðarleysi að halda því fram, eins og maður gæti ímyndað sér og maður hefur heyrt ýmsa alþm. halda fram, að ekki skipti lengur máli, hvort við Íslendingar tökum þátt í þessari miklu fylkingu, sem berst fyrir friði í Víetnam, eða höldum áfram að halda okkur utan við hana, eins og við höfum hingað til gert, okkur til harla lítils sóma.

Það er að vísu rétt, að hlutur okkar Íslendinga í þessu máli getur aldrei orðið mikill, en hann skiptir máli, og hann skiptir einmitt meira máli nú en nokkru sinni fyrr. Ábyrgð okkar í þessum efnum er meiri núna en nokkru sinni fyrr, og sómi okkar liggur við nú meira en nokkru sinni fyrr, að við gerum það, sem í okkar valdi stendur, til þess að friður komist á í Víetnam. Og nú er tækifæri til þess, einmitt núna sérstakt tækifæri til þess, kannske aldrei framar, eins og ég segi. Ef hún bregzt, þessi von um, að friður náist í Víetnam, og ef hún bregzt, segi ég, og afleiðingarnar verða eins og ég nefndi áðan, verður réttilega á eftir hægt að fella yfir okkur þann dóm, að við höfum með sinnuleysi okkar og ábyrgðarleysi borið siðferðilega sök á því.

Ég vil ítreka það, að sómi Íslendinga liggur nú við, að við látum ekki okkar hlut eftir liggja, þegar tækifæri býðst til þess að koma á friði í Víetnam og brýnust er þörfin á öflugri samstöðu í þessum efnum. Vilji Íslendinga í þessum efnum og hlutur okkar Íslendinga að voldugu átaki til þess að koma á friði í Víetnam yrði staðfestur með samþykkt beggja þingdeilda á þeirri þáltill., sem hér hefur verið vakið máls á, og ég trúi því ekki, fæst ekki til að trúa því, að Alþ. verði slitið svo, að slík samþykkt fáist ekki.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var næsta einkennileg afsökun hjá hæstv. forsrh. fyrir hans framkomu í þessu máli, sem hér kom fram. Afsökunin var aðallega fólgin í því, að fyrir viku hefði hann skorað á mig að semja breytingu við þá till., sem ég tel enga þörf á að breyta á neinn hátt, og þar sem ég hafi ekki gert þetta, þá standi upp á mig. Sér er nú hver málflutningurinn. Hæstv. forsrh. vill gera mikið úr því, að hann telji, að nú hafi skapazt þær aðstæður, að það þurfi að breyta till. Þá ætti hann vitanlega að koma með sínar till. um breytingu. Mín skoðun er sú, að það hafi ekkert það gerzt í þessu alvarlega máli, sem réttlæti það, að við ættum að hverfa frá megininnihaldi þeirrar till., sem hér var lögð fyrir, og í þessum efnum vildi ég aðeins með örfáum orðum minna á það, um hvað till. var. Hún var í fyrsta lagi um það, að d. telur, að vopnahlésviðræðum og síðar friðarsamningum verði nú helzt fram komið með því: Í fyrsta lagi, að ríkisstj. Bandaríkjanna stöðvi þegar loftárásir á Norður-Víetnam. Ætli það sé ekki þörf á því að undirstrika þetta? Í öðru lagi að þjóðfrelsishreyfingin í Suður-Víetnam verði viðurkenndur sjálfstæður aðili við samningsgerð. Ætli það sé ekki þörf á því, alveg nú eins og áður, að viðurkenna þetta? Og í þriðja lagi, þriðja meginatriðið, að stjórn Norður-Víetnams og þjóðfrelsishreyfingin í Suður-Víetnam sýni ótvíræðan vilja af sinni hálfu, þegar loftárásum linnir, að ganga til samninga og draga svo úr hernaðaraðgerðum, að leiða megi til vopnahlés. Auðvitað er jafnmikil ástæða nú og áður til þess að undirstrika þennan vilja. Og fyrri hluti till., sem lýsir yfir ótta um það, að þessi styrjöld, ef áfram haldi, sé hættuleg heimsfriðnum, sú yfirlýsing er nákvæmlega jafnréttmæt nú og áður.

Það hefur því ekkert gerzt að mínum dómi, sem kallar á það að breyta þessari till., sem hér var lögð fyrir, og heldur ekkert gerzt, sem réttlætir það, að ekki sé sjálfsagt að samþykkja till. á þeim grundvelli, sem hæstv. forsrh. hafði lýst yfir, að hann vildi afgreiða málið á. Það er svo mál út af fyrir sig, þegar hæstv. forsrh. er hér að dylgja um heilindi manna, á sama tíma og hann verður að viðurkenna það frammi fyrir þingheimi, að hann hafi fyrir nokkrum dögum gert samkomulag um að afgreiða ákveðið mál með ákveðnum hætti, en verður svo að hlaupa frá því, þá getur hann borið þeim það á brýn, að þeir sýni óheilindi, sem vilja standa við samkomulagið, en hinir þá auðvitað heilindi, sem hlaupa frá því. En *það hefur hver sitt lag á sinni* málfærslu og hæstv. forsrh. líka.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mig langar eiginlega helzt til að gera aths. við þá afstöðu hæstv. forseta, að við séum hér að taka upp tíma Alþ. að óþörfu. Ég skal að vísu ekki draga í efa, að þau mál, sem hér eru á dagskrá í dag, séu ákaflega mikilvæg, breyting á mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps, sala Jórvíkur í Hjaltastaðahreppi og sala jarðarinnar Þykkvabæjar í Landbroti, en engu að síður held ég, að þetta séu ekki svo yfirgnæfandi stórmál, að við getum ekki gefið okkur tíma til að tala örlitla stund um till., sem lögð var fram fyrir 2 mánuðum og ekki hefur fengizt afgreidd.

Ég vil sérstaklega fara fram á það, að hæstv. forsrh. gefi skýringu á þeim ummælum sínum hér áðan, að hollenzka till. sé í meginatriðum — hann lagði á það þunga áherzlu — í meginatriðum ólík þeirri till., sem hér var lögð fram um styrjöldina í Víetnam. Ég held, að okkur miði ekkert áfram í þessu máli, nema hæstv. forsrh. fáist til þess að skýra út, hvað hann á við. Það stoðar ekki að vera með svona dylgjur. Enn fremur vildi ég gjarnan fá skýringu á því, hvað hæstv. forsrh. á við, þegar hann segir að till. okkar eigi ekki lengur við að efni og orðalagi. Ef það er rétt hjá hæstv. ráðh., að það séu eðlileg vinnubrögð, að Alþ. móti stefnu í slíku máli sem þessu, ber honum einnig skylda til að lýsa afstöðu sinni fyrir okkur, og við höfum vissulega tíma til þess að fjalla um þetta mál. Það stoðar ekki að bera fyrir sig hér formleg vinnubrögð í n., eins og gert hefur verið. Hér er um allt annað að ræða. Vandinn er sá, að stjórnarflokkarnir eru ákaflega lítið fyrir það gefnir á þessu ári að fást til þess að ræða um utanríkismál. Það hefur aftur og aftur verið gerð tilraun til þess að hefja slíkar umr. hér, og eini maðurinn úr stjórnarliðinu, sem hefur tekið þátt í þeim, er hæstv. utanrrh. Það hefur margsinnis verið skorað

á hæstv. forsrh. eða einhvern annan málsvara Sjálfstfl. að gera grein fyrir afstöðu þess flokks til þeirra utanríkismála, sem mikilvægust eru. Enginn hefur fengizt til þess. Það hefur verið farið fram á það hér á þingi, að hæstv. utanrrh. gæfi Alþ. skýrslu um afstöðu ríkisstj. til hernámsmálanna og til Atlantshafsbandalagsins í tilefni af breyttum aðstæðum. Sú skýrsla er ekki komin enn. Og ég þykist vita, að áður en sú skýrsla kemur, eigum við eftir að heyra þá túlkun hæstv. forseta, að vegna þess að hér þurfi að fjalla um sölu á einhverri eyðijörð, höfum við ekki tíma til þess að sinna utanríkismálum.

Á 101. fundi í Nd., 19. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 247, n. 655 og 656, 683).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

27. Nefnd til að rannsaka ýmis atriði herstöðvamálsins.

Á 38. fundi í Sþ., 14. febr., var útbýtt frá Nd.:

Till. til þál. um skipun nefndar samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka ýmis atriði herstöðvamálsins [134. mál] (A. 282).

Á 62. fundi í Nd., 15. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 65., 70. og 75. fundi í Nd., 22. febr., 5. og 14. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 18. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Jónas Árnason: Herra forseti. 1. flm. þessarar till., Ragnar Arnalds, sem átti sæti hér á Alþ. sem varamaður, þegar hann lagði till. fram, hefur nú vikið af þingi aftur, og það kemur því í minn hlut sem 2. flm. að tala fyrir till.

Till. er á þá leið, að Nd. Alþ. skipi 5 manna n. í samræmi við 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka nokkur atriði varðandi dvöl Bandaríkjahers á Íslandi. Þessi stjórnarskrárgrein, sú 39., er svo hljóðandi með leyfi hæstv. forseta:

„Hvor þd. getur skipað n. innandeildarþm. til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þd. getur veitt n. þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum."

Í till. er gert ráð fyrir, að n. öðlist þennan rétt til að heimta slíkar skýrslur. N. þessi mundi sem sé fá aðstöðu til mjög ýtarlegrar rannsóknar á þeim málum, sem henni yrðu falin samkv. till., og mundi enda ekki af veita, því að hér er um stórmál að ræða, hvert öðru víðtækara, en margt hins vegar á huldu um þau og sumt býsna skuggalegt, svo að ekki sé meira sagt.

1. flm. hefur látið fylgja till. sundurliðaða grg., þar sem sérstaklega er fjallað um hvert atriði þeirrar rannsóknar, sem að er stefnt með till. Þessi atriði eru 5. Að því er varðar 2., 3. og 4. atriði ætti ekki að vera þörf á löngum rökstuðningi umfram það, sem fram kemur í grg., enda hafa flest þau mál, sem þar er að vikið, margsinnis verið til umr., bæði hér á hv. Alþ. og annars staðar á opinberum vettvangi á undanförnum árum.

Fyrsta atriðið, það sem snertir hættuna af flugi bandarískra flugvéla með kjarnorkusprengjur um íslenzka lofthelgi, var til umr. hér á Alþ. ekki alls fyrir löngu í sambandi við atburð, sem þá hafði orðið í Thule á Grænlandi, þar sem bandarísk flugvél hafði farizt með þeim afleiðingum, að fjórar vetnissprengjur liggja þar nú týndar einhvers staðar í ísnum eða á sjávarbotni. Hættan á geislun af þessum völdum hefur valdið því, að Grænlendingum þeim, sem búa á þessum slóðum, hefur með öllu verið bannað að stunda þann veiðiskap, sem lífsafkoma þeirra hefur þó öll byggzt á, og þessi atburður olli mikilli ólgu í Danmörku, enda var hann sönnun þess, að Bandaríkjamenn höfðu virt að vettugi samkomulag, sem þeir höfðu gert við dönsk stjórnvöld varðandi slíkt flug, að slíkar flugvélar héldu sig fjarri þessum slóðum.

Og það var einnig mjög eðlilegt, að menn drægju það í efa hér uppi á Íslandi í ljósi þessara staðreynda, að hægt væri að treysta yfirlýsingum bandarískra ráðamanna um það, að slíkar flugvélar flygju ekki um íslenzka lofthelgi eða lentu á íslenzku landi. Við umr. hér á Alþ. lýsti hæstv. utanrrh. að vísu yfir því, að honum væri ekki kunnugt um, að slíkt hefði nokkurn tíma gerzt, en hann hafði enga aðstöðu til þess að taka af öll tvímæli um þetta, enda hefur aldrei verið um að ræða neitt eftirlit af Íslands hálfu varðandi þetta flug. Bandarískar flugvélar knúnar kjarnorkuvopnum gátu hvað eftir annað verið búnar að leggja hér um leið sína. Hættan, sem stafar af slíku flugi, gat árum saman verið búin að vofa yfir okkur án vitundar íslenzkra stjórnarvalda. Og staðreyndirnar hefðu þá fyrst við okkur blasað, ef slys hefði orðið svipað því, sem varð í Thule á Grænlandi, t. d. þannig, að kjarnorkusprengjur hefðu fallið hér á Selvogsbanka eða í Faxaflóanum, næsta nágrenni Keflavíkurflugvallar, þar sem eru auðugustu fiskimið okkar. Afleiðingar af hugsanlegri sprengingu af þessum völdum, þær treysti ég mér ekki til að útlista. En geislunin ein af ósprungnum sprengjum hefði getað orðið til þess, að á þessu svæði mundi ekkert hafa veiðzt annað en eitraður fiskur um ófyrirsjáanlega framtíð.

Nú hefur það að vísu verið fullyrt af blaða-

mönnum, og aðspurðir hafa talsmenn í Pentagon a. m. k. ekki borið það til baka, opinber staðfesting hefur að vísu engin á þessu fengizt enn, en sennilega mun það rétt vera, sem blaðamenn segja, að McNamara hafi látið það verða eitt sitt síðasta verk, þegar hann lét af embætti hermálaráðherra nú á dögunum, að fyrirskipa, að slíku flugi með kjarnorkusprengjur yrði hætt. En hitt er líka staðreynd, að herforingjar þeir, sem mestu ráða í Pentagon, munu illa una þessari ákvörðun McNamara. Þeir hafa lengi verið á öndverðum meiði við hann í þessum efnum og viljað halda áfram þessu flugi, þó að McNamara teldi það orðið næsta þýðingarlítið. Og í þessu sambandi mættu menn einnig hafa það hugfast, að þegar kjarnorkusprengja féll á Spán, var þessu flugi með kjarnorkusprengjur hætt um nokkurn tíma á eftir, en fljótlega var það tekið upp aftur. Og maður sá, Clark Clifford, sem nú hefur tekið við embætti hermálaráðh. í Bandaríkjunum, er að allra dómi miklu meiri hernaðarsinni en jafnvel fyrirrennari hans, sem svo sannarlega gat sér þó ekki neitt sérstakt orð fyrir friðsemd eða hógværð í embættisrekstri sínum, og hver getur fullyrt, að þessi nýi hermálaráðh. framfylgi öllum ákvörðunum fyrirrennara síns? Sannleikurinn er sá, að í þessum efnum getum við Íslendingar engum treyst nema sjálfum okkur, svo að það er eftir sem áður full ástæða til þess að tryggja það, eins og gert er ráð fyrir í 1. lið þessarar till., að flugvélar með kjarnorkusprengjur fljúgi ekki um íslenzka lofthelgi eða lendi á íslenzku landi, tryggja þetta með öruggu eftirliti íslenzkra aðila. Og í ljósi þeirra staðreynda, sem við blasa eftir atburðinn í Thule á Grænlandi, hlýtur það jafnframt að vera sjálfsagt réttlætismál okkar og metnaðarmál að kanna það, hvort Bandaríkjamenn hafi brotið á okkur samninga eins og á Dönum, að því er varðar flug með kjarnorkusprengjur, og ef slíkt sannast, láta þá svara til saka fyrir það.

Um 2., 3. og 4. atriði till. tel ég, eins og fyrr segir, ekki ástæðu til að fjölyrða, enda hefur á undanförnum árum oft og rækilega verið um þau mál fjallað, sem þar er að vikið, bæði hér á hinu háa Alþ., í blöðum og annars staðar á opinberum vettvangi. Þeirri 5 manna n., sem till. gerir ráð fyrir, er samkv. 2. lið till. ætlað að rannsaka, með leyfi hæstv. forseta: „hvernig á því standi, að ekki hafi verið staðið við fyrri loforð um takmörkun hermannasjónvarpsins við herstöðina eina. hvers vegna sú tilhögun var ekki ákveðin þegar í upphafi og hver voru tildrög þess, að Guðmundur Í. Guðmundsson fyrrum utanrrh. sagði Alþ. ósatt, þegar sjónvarpsstöðin var stækkuð og málið var rætt á Alþ. 28. marz 1962.“

Í grg. er vitnað til þessara umr., sem hér urðu á Alþ. 28. marz 1962, — þær urðu út af till., sem fram kom um takmörkun á sendikrafti sjónvarpsstöðvarinnar þar suður frá, eða réttara sagt um það að afturkalla þá heimild til stækkunar stöðvarinnar, sem utanrrh. hafði þá þegar veitt. Og við þessar umr. komst þáv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú minnsta stöð, sem talið er að hægt sé að fá í staðinn fyrir þessa stöð, er sú stöð, sem þegar hefur verið leyfð. Það er algjörlega rangt, sem flm. þessarar till. eru að reyna að halda hér fram, að hin nýja stöð muni ná svo og svo miklu lengra út en núverandi stöð hefur gert.“

Þetta voru orð Guðmundar Í. Guðmundssonar, og nú blasir það við allra augum, að hér var um hinar herfilegustu blekkingar að ræða. Og með þessum blekkingum var virðingu Alþ. misboðið á hinn herfilegasta hátt. Og það hlýtur a. m. k. að vera lágmarkskrafa Alþ. í þessu sambandi, að rannsakað sé, í hvaða tilgangi eða hvernig á því stóð, að þessar blekkingar voru viðhafðar hér. „Hvers vegna“, eins og 1. flm. segir í grg., með leyfi hæstv. forseta, „var hermannasjónvarpið ekki takmarkað við herstöðina eina þegar frá upphafi, t. d. með því að dreifa sjónvarpsefninu um símakerfi?“ sem þá hefði þegar verið hægt að nota eins og fram hefur komið við umr. síðan hér á Alþ. „Í hvaða tilgangi lögðu Bandaríkjamenn í mikinn kostnað, m. a. stækkun stöðvarinnar og uppsetningu sérstakra loftneta, sem virtust hafa það aðalmarkmið, að sem flestir Íslendingar sæju útsendingar hermannasjónvarpsins?“ Og loks: „Hvers vegna hefur gengið svo treglega að takmarka útsendingar stöðvarinnar, þrátt fyrir þau loforð, sem gefin voru fyrir 17 mánuðum?“

Í þriðja lið till. er gert ráð fyrir því, að rannsóknarnefndin kanni, hvaða áhrif dvöl Bandaríkjahers í landinu hefur einkum haft á íslenzkt þjóðlíf, t. d. „verði vandlega rannsökuð hin mikla fjármálaspilling, sem lengi hefur þrifizt í skjóli hersetunnar, og reynt að kanna, hvaða áhrif hersetan hefur haft á uppeldi, hugsunarhátt og tungutak íslenzkrar æsku í nágrenni herstöðvanna.“

Um þetta atriði, hina miklu fjármálaspillingu og ómenningu, sem fylgt hefur herstöðvunum, mætti tala hér langt mál, en ég læt það hjá líða að sinni. En það er sannarlega kominn tími til, að fram fari ýtarleg rannsókn á þessum málum, og þá ekki síður því, sem gert er ráð fyrir í fjórða lið till., „hvort herstöðvarnar geta talizt veita þjóðinni nokkra vörn á ófriðartímum og hvort þær eru ekki líklegri til að kalla háskann yfir þjóðina, ef til styrjaldar dregur.“

Þær röksemdir, sem fram voru bornar til réttlætingar hersetunni á sínum tíma, svo haldlausar sem þær voru þá, eru að sjálfsögðu orðnar vitahaldlausar núna, með gjörbreyttri hernaðartækni og hernaðarviðhorfum, og rannsókn á þessum síðast nefndu tveimur atriðum, sem og raunar öllum atriðum þessarar till., ætti að vera þeim mun sjálfsagðari núna sem fyrir stendur endurskoðun á herverndarsamningnum svonefnda, sbr. yfirlýs-

ingu hæstv. forsrh. við upphaf þings í haust. Já, vel á minnzt: Það væri kannske ekki úr vegi að beina til hæstv. ríkisstj. fyrirspurn í þessu sambandi. Hvað er að frétta af endurskoðun herverndarsamningsins svonefnda? Er hún þegar hafin, og ef svo er, hvernig er henni þá hagað og hvenær má vænta niðurstöðu af henni? Það líður nú óðum á þingtímann, og ég býst við, að hv. alþm. muni æskja þess að hafa einhverjar spurnir af þessu, a. m. k. áður en þessu þingi verður slitið.

Víkjum þá að fimmta og síðasta atriði till., þar sem gert er ráð fyrir því, að rannsakað verði, „hvaða upplýsinga unnt er að afla um þær áætlanir, sem vitað er, að NATO hefur gert um hugsanlega íhlutun bandalagsins um innanríkismál þátttökulandanna, þegar þær aðstæður skapast, að þess sé talin þörf, og hvort þessar áætlanir snerta Ísland.“

1. flm. kemst svo að orði í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Lengi hefur verið vitað, að Bandaríkjastjórn reynir að hlutast til um innanríkismál annarra þjóða, með viðtækum fjárstuðningi við samtök, sem hún telur sér hliðholl. Má í því sambandi minna á mútufé, sem viðurkennt er, að bandaríska leyniþjónustan, CIA, hefur annast dreifingu á. Slík peningamiðlun er þó aðeins óbein íhlutun um innanríkismál annarra þjóða. Í seinni tíð hafa komið fram upplýsingar frá mörgum NATO-ríkjum um áætlanir, sem yfirherstjórn NATO mun hafa gert um hugsanlega beina íhlutun Bandaríkjahers í innanlandsmál hinna ýmsu bandalagsríkja, þegar svo stendur á, að annað dugir ekki til að tryggja völd NATO-sinnaðra stjórnarvalda í viðkomandi landi.“

Í grg. víkur 1. flm. síðan að þeirri áætlun, sem NATO hafði reiðubúna fyrir Grikkland. Á henni byggðu grísku herforingjarnir byltingu sína og komu á algjöru einræði í landinu. Þróun þeirra mála var að vísu ekki nákvæmlega sú, sem til var ætlazt af Bandaríkjanna hálfu, en tilgangurinn var einn og hinn sami, að koma í veg fyrir stórsigur vinstri manna, sem fyrirsjáanlegur var í næstu þingkosningum, og hugsanlega úrsögn Grikklands úr NATO.

Í grg. er minnzt á leyniþjónustuna, CIA, og sannarlega ekki að ástæðulausu; það má telja víst, að hún hefur ásamt herforingjum, grískum og bandarískum, skipulagt á bak við tjöldin þá atburði, sem urðu í Grikklandi, þegar hin fasistíska herforingjastjórn tók völdin. En þessi leyniþjónusta hefur víðar komið við sögu. Ég hef leyft mér að taka með mér þessa bók, sem nefnist „The Invisible Government“ — „Stjórnin ósýnilega“, eða „Hin ósýnilega ríkisstjórn“. Hún er eftir tvo bandaríska blaðamenn, David Wise og Thomas Ross. Menn þessir eru þekktir í heimalandi sínu og víðar, hafa starfað við bandarísk stórblöð og getið sér gott orð fyrir störf sín, hlotið margs kyns viðurkenningu. Þeir eru rómaðir fyrir hæfileika, heiðarleika og óþreytandi vilja til að leita sannleikans í hverju máli. Í bók þessari, sem vakið hefur mikla athygli, er rakinn ferill bandarísku leyniþjónustunnar, CIA, síðan henni var komið á fót í forsetatíð Trumans 1947, ferill hennar og undirróðursstarfsemi víða um lönd, eins og t. d. í Suður-Ameríku, þar sem CIA hefur stutt fasistískar herforingjaklíkur til að hrifsa völd og brjóta á bak aftur lýðræðisöfl í hverju landinu á fætur öðru; í Arabaríkjum og víðar, þar sem þessi leyniþjónusta hefur tryggt olíuhagsmuni bandarískra auðhringa með því að skipuleggja vopnaðar uppreisnir gegn löglega kjörnum ríkisstj. og koma til valda að nýju gerspilltum yfirstéttum; já, og í Asíu, eins og t. d. Indónesíu, þar sem leyniþjónustan hrinti af stað innanlandsátökum og síðan borgarastyrjöld, sem endaði með slíku manndrápsæði, að heilu fljótin runnu til sjávar blóði lituð. Og þá er þarna í bókinni að sjálfsögðu einnig rakinn ferill CIA í Víetnam, hvernig leyniþjónusta þessi hefur magnað stig af stigi átökin, unz nú er þannig komið, að ýmsir mætir menn heimskunnir, eins og t. d. franski rithöfundurinn Jean Paul Sartre og brezki heimspekingurinn Russel lávarður, saka Bandaríkjamenn um að stefna þarna að þjóðarmorði.

Bækur eins og þessi hér, samdar af hinum ágætustu Bandaríkjamönnum, sem margir hverjir hafa stofnað í hættu persónulegu öryggi sínu í viðleitni sinni til að koma vitinu fyrir þjóð sína og stjórnarvöld hennar, þær eru margar til slíkar bækur, og ég þori að fullyrða það, að margt mundi vera með öðrum brag, að því er varðar opinbera afstöðu Íslendinga til utanríkisstefnu Bandaríkjanna, margt mundi vera þar með öðrum brag, ef hv. alþm., þeir, sem eiga að ráða þessari afstöðu, hefðu gert sér meira far um en raun virðist á vera að kynna sér slíkar bækur og meta málin í ljósi þeirra sannana, sem þær leggja fram.

En slíkar sannanir er reyndar víðar að finna en í bókum. Hið frjálslynda brezka tímarit New Statesman berst hingað að staðaldri í húsið. Það liggur hér frammi í lestrarsal. Og þar má í nýjasta heftinu lesa grein, sem fjallar um rannsókn, sem gerð hefur verið að frumkvæði William Fulbrights, formanns utanrmn. öldungadeildarinnar bandarísku, á þeim atburðum, sem urðu í Tonkinflóa í ágústbyrjun 1964, þegar bandaríska herstjórnin hélt því fram, að njósnaskipið Maddox, sem hét nú raunar tundurspillir á máli herstjórnarinnar, hefði þar orðið fyrir árás af hálfu strandgæzlubáta frá Norður-Víetnam, tilefnislausri árás á alþjóðlegri siglingaleið. Johnson forseti notaði þetta sem átyllu til að hefja loftárásir á Norður-Víetnam og stórauka bandarískt herlið í Víetnam, og þar með var hafin sú ógnarlega þróun mála þar austur frá, sem öllum er kunn. Fulbright beitti sér fyrir því á sínum tíma, að bandaríska þingið veitti forsetanum heimild til þessara aðgerða. En nú hefur hann sannfærzt um það eftir rækilega rannsókn, að Bandaríkjamenn einir báru ábyrgð á

þessum atburðum, að þeir fólu ekki í sér neina siðferðilega eða lagalega forsendu til þeirra aðgerða, sem Johnson fyrirskipaði. Og á því leikur enginn vafi, að bandaríska leyniþjónustan, CIA, var þarna að verki á bak við tjöldin í samvinnu við herstjórnina í Pentagon og herforingja í Saigon. Og að sjálfsögðu sýnir William Fulbright þann manndóm og þá einurð að viðurkenna, að hann hafi verið blekktur, og hann biður þjóð sína opinberlega afsökunar á þeim þætti, sem hann átti í þessu hörmulega máli.

En hvers vegna er ég að segja frá öllu þessu hér, myrkraverkum bandarísku leyniþjónustunnar? Það er vegna þess, að á hinu víðáttumikla starfssvæði hennar liggur einnig þetta afskekkta eyland okkar hérna norður við heimsskautsbaug, Ísland. Og ég minni á William Fulbright og afstöðu hans í þessu sambandi, vegna þess að mér sýnist, að af fordæmi hans mættu þeir, sem stjórna þessu landi, margt gott læra.

Mér kemur í hug atvik, sem átti sér stað hérna vestur í Hagaskóla einn ágústmorgun núna á s. l. sumri á ráðstefnu norrænna æskulýðsfulltrúa. Fulltrúar íslenzku stjórnmálaflokkanna voru þarna mættir til þess að svara fsp. varðandi utanríkismál. Hæstv. forsrh. var fulltrúi síns flokks. Hann var spurður álits á stríðinu í Vietnam, hvort hann teldi ekki tíma til kominn, að íslenzk stjórnarvöld styddu þá viðleitni samtaka ýmissa ríkisstj. og heimskunnra einstaklinga að stöðva þetta stríð. Hæstv. forsrh. brosti sínu góðlátlega brosi og sagðist draga í efa, að við Íslendingar, þessar 200 þús. sálir, værum þess umkomnir að bjarga málunum þar eystra, leysa þann vanda, sem við væri þar að etja. Og á undirtektum viðstaddra mátti heyra, að þeim fannst mörgum, að við Íslendingar ættum býsna skemmtilegan forsrh. Gott, ef ég heyrði ekki hvíslað einhvers staðar fyrir aftan mig: „Sá, hvor manden er dog slagfærdig". Hæstv. forsrh. bætti því við til skýringar á persónulegri afstöðu sinni, að hann hefði ekki haft tækifæri til þess að kynna sér málin nógu rækilega þar eystra, til þess að mynda sér ákveðnar skoðanir um þetta stríð.

Þetta þótti mér skrýtið að heyra. Mér þótti það skrýtið, vegna þess að sá, sem þetta sagði, hafði árið 1949 talið sig vita svo mikið um heimsástandið, — ekki bara ástandið í einu tilteknu landi, heldur ástandið í heiminum yfirleitt, — að hann staðhæfði, að við Íslendingar ættum bókstaflega engra kosta völ nema leggja fyrir róða hlutleysi okkar og ganga í hernaðarbandalag. Nú talaði hann allt í einu eins og allt það, sem árum saman hefur verið rætt og ritað um stríðið í Vietnam, hefði farið fram hjá honum. Hvernig gat staðið á þessu? Þó að hæstv. ráðh. væri nú að vísu orðinn 18 árum eldri heldur en þá, þegar hann lét sig ekki muna um það að túlka ástand heimsmálanna allra og draga ályktanir af því, þá dró ég í efa, að það væri nægileg skýring á þessu. Og núna, eftir að ég er aftur setztur inn á þing og hef fengið það rækilega staðfest æ ofan í æ, að andleg tilbrif hæstv. ráðh. eru síður en svo orðin minni en þau voru forðum tíð, og er þá býsna mikið sagt, þá hef ég auðvitað sannfærzt um, að þessi skýring er alveg fráleit.

Hitt sýnist mér aftur á móti ekki ósennilegt, að hér sé um að ræða eitt þeirra tilfella, þegar menn vita orðið svo mikið, að þeir treysta sér ekki til þess, vegna sérstakra kringumstæðna og persónulegrar aðstöðu sinnar að viðurkenna, að þeir viti neitt.

Styrjöldin í Vietnam og framferði Bandaríkjamanna þar hefur að sjálfsögðu orðið þungt áfall fyrir þá, sem ætíð hafa dásamað Bandaríkin sem öflugasta og einlægasta framvörð og málsvara frelsis og lýðræðis og mannréttinda í heiminum. Sú staðreynd blasir nú við allra augum, að kröfum vietnömsku þjóðarinnar um frelsi og mannréttindi og lýðræði hefur verið svarað með tilraun til þess að drekkja þessu öllu í blóði hennar sjálfrar. Og sá, sem ber höfuðábyrgðina á þessu, er hinn lofsæli framvörður frelsis og lýðræðis og mannréttinda, þ. e. a. s. Bandaríkin.

Ég ætla ekki að þessu sinni að fjölyrða um þær hörmungar, sem íbúar Vietnams hafa orðið að þola af völdum styrjaldarinnar. Á þær hörmungar hefur svo oft og víða verið minnt, að því verður varla trúað, að nokkur hv. alþm. sé svo skyni skroppinn, að hann þurfi þar frekar vitnanna við. Hitt er líklegra, að einhverjir hv. alþm. hafi ekki gert sér grein fyrir því, hversu alvarlegar afleiðingar þetta stríð hefur haft fyrir Bandaríkin sjálf heima fyrir og hlýtur að hafa æ því meir, sem það stendur lengur.

Núna nýlega í bandaríska tímaritinu Newsweek mátti lesa grein eftir Walter Lippmann; Walter Lippmann er sem kunnugt er einn virtasti sérfræðingur Bandaríkjanna um utanríkismál. Hann skrifar þarna um bandaríska utanríkisstefnu og ástandið heima fyrir og kemst m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ofan á þau fjárhagsvandræði, sem við (þ. e. a. s. Bandaríkjamenn) eigum við að stríða á alþjóðavettvangi, hafa nú bætzt slæmar horfur í fjármálum okkar heima fyrir. Vegna þess að ógjörningur er að segja fyrir um gang stríðsins (þ. e. a. s. stríðsins í Vietnam), eru fjárlög okkar full af leyndardómum. Það eitt er víst, að með þeim er að fullu og öllu bundinn endi á stríðið gegn fátæktinni og afturkölluð fyrirheitin um hið mikla þjóðfélag", — eða „The Great Society", eins og þeir kalla það þar vestra.

Þetta voru orð Walters Lippmanns; og á þeim dögum, sem liðnir eru síðan þau birtust, hafa menn fengið æ rækilegar staðfest, hversu alvarlega horfir nú varðandi efnahag Bandaríkjanna, allt efnahagskerfið þar. Stríðið gegn fátæktinni, sem Johnson boðaði með pomp og prakt, hefur snúizt upp í æ hrottalegra stríð gegn hinum fátæku í Vietnam. Afleiðingarnar af þessu eru öllum kunnar. Óeirðir magnast,

— þar er ekki aðeins um kynþáttavandamál að ræða, heldur líka misrétti, sem bitnar á hvítum, — átök milli hinna ríku og hinna fátæku, óeirðirnar magnast, og hatrið logar æ heitar, og byssurnar eru látnar tala á götum bandarískra stórborga. Margir telja, að óeirðirnar undanfarin sumur muni virðast eins og hreinn barnaleikur móts við þær óeirðir, sem gera megi ráð fyrir á sumri komanda.

Núna um daginn, þegar Pueblo-deilan, deilan um njósnaskipið Pueblo, kom upp, fyrirskipaði Johnson, að 15 þús. manns úr varaliði Bandaríkjanna skyldu vigbúast, og áttu þeir að sanna Norður-Kóreumönnum það, að þeir fengju að komast að því fullkeyptu, ef þeir færu að ybbast svo við mesta herveldi heims, að það teldi sér ofboðið. Nú nýlega skrifar Paul Johnson, einn af ritstjórum tímaritsins New Statesman, sem ég minntist á hér áðan og liggur hér frammi á lestrarsal, um þetta og ástandið þar vestra, og hann segir, að svo geti farið, að allt varalið Bandaríkjanna og þ. á m. að sjálfsögðu talin þau 15 þús., sem Johnson ætlaði að nota til þess að lækka rostann í Norður-Kóreumönnum, allt varalið Bandaríkjanna muni á sumri komanda ekki duga til þess að hamla gegn óeirðum í bandarískum borgum, og yrði þá Bandaríkjastjórn að kalla heim deildir úr þeim herjum, sem hún hefur sent út um hvippinn og hvappinn í nafni síns vestræna lýðræðis og frelsis.

Í fáum orðum sagt, bandaríska þjóðin virðist vera að missa stjórn á sér. Og þegar slíkt ástand hefur skapazt, kann þess að vera skammt að bíða, að stjórnarvöldin taki sér það alræðisvald, sem kynni að stofna öllum mannréttindum í hættu. Og blikurnar eru nú þegar margar á lofti. Arthur Schlesinger, sem var einn nánasti samstarfsmaður Kennedys heitins, hefur sagt, að nú sé að renna upp nýtt skeið McCarthyisma í Bandaríkjunum, hálfu verra en hið fyrra. Og sama segir Arnold Toynbee, brezki sagnfræðingurinn, í viðtali, sem tímaritið Life átti við hann ekki alls fyrir löngu.

Ég fór utan núna í haust og komst þar í kynni við nokkra bandaríska blökkumenn og ræddi við þá ástand og horfur þar vestra. Og þeir voru vægast sagt ekki bjartsýnir. Og í kynþáttamálunum óttuðust þeir það einna mest, sem ég hafði reyndar heyrt og lesið eftir öðru fólki af kynþætti þeirra, að framferði þeirra leiðtoga blökkumanna, sem hæst hrópa á hefnd, hrópa á blóð hinna hvítu, yrði notað sem tilefni til þess að svipta blökkumenn þeirri vernd, sem þeir hafa þó hingað til notið af hálfu lögreglu og herliðs alríkisstjórnarinnar í Washington, og þar með fengju hvítir kynþáttahatarar lausan tauminn að svala sínum lágu hvötum við að ofsækja blökkumenn, myrða þá og brenna heimili þeirra, og þar með hefði skapazt þarna, a. m. k. í vissum ríkjum, sama ástand og í Þýzkalandi Hitlers forðum, þegar hann sigaði stormsveitum sínum á Gyðinga. Og það er hætt við, að ekki yrði látið staðar numið við blökkumenn þar vestra frekar en við Gyðinga í Þýzkalandi Hitlers, röðin mundi fljótlega koma að öllu fólki með róttækar skoðanir og öllu frjálslyndu fólki. Á næsta leiti kynni þá að vera fasistísk ógnarstjórn um landið allt.

En hvað kemur þetta okkur við og þeirri till., sem hér liggur fyrir?

Við Íslendingar höfum nú um langt árabil næstum í einu og öllu lotið leiðsögn Bandaríkjanna á alþjóðavettvangi, og bandarísk áhrif og ítök eru hér meiri en víða annars staðar, a. m. k. í Vestur-Evrópu, og háskinn af þeim að sama skapi alvarlegri sem við erum fámennari öðrum þjóðum, miklu fámennari. Okkur er því meiri nauðsyn en flestum öðrum að vera vel á verði gagnvart háskalegri þróun mála þar vestra. Ég leyfi mér að segja, að eins og allt er hér í pottinn búið með bandarísk ítök og áhrif, kunni mannréttindum á Íslandi að vera ógnað um leið og þeim er ógnað í Bandaríkjunum.

Og af þessum sökum tel ég, að fimmta og síðasta atriði þessarar till. sé einna þýðingarmest þeirra allra, þar sem ráð er fyrir því gert, að rannsóknarnefndin grafist fyrir um þær hættur, sem yfir okkur kunna að vofa vegna leynilegrar starfsemi, starfsemi leyniþjónustunnar CIA og herforingjaklíkunnar í Pentagon, þeirra herforingja, sem nú ráða æ meiru um utanríkisstefnu Bandaríkjanna og móta hana æ meira í anda ofríkis og ribbaldaháttar. Og þeir hafa sýnt, að þeir svífast einskis til að hrinda henni í framkvæmd, ef þeir telja nauðsyn til bera. Við Íslendingar höfum að vísu enn ekki fengið neitt teljandi að kynnast ribbaldahætti þeirra, en það væri hin herfilegasta glópska að treysta því í blindni, að við fáum um alla framtíð að njóta sömu notalegheitanna og blíða brosins af hálfu þessarar herforingjaklíku, eins og hingað til.

Ég vitnaði áðan í orð hæstv. forsrh. á ráðstefnu norrænna æskulýðsfulltrúa hérna vestur í Hagaskóla í ágústmánuði s. l. Ég gerði þetta vegna þess, að sú afstaða, sem hæstv. ráðh. tók þarna, er að mínum dómi táknræn um afstöðu íslenzkra stjórnmálamanna, því miður allt of margra íslenzkra stjórnmálamanna, varðandi þróun alþjóðamála, sérstaklega með tilliti til bandarískrar utanríkisstefnu, tregðu þeirra við að horfast í augu við staðreyndir og viðurkenna það, sem þeir hljóta að vita eða ættu a. m. k. að vita. Ég gerði þetta einnig vegna þess, að þarna talaði sá maður, sem að mínum dómi hefur löngum átt manna mestan þátt í því að móta íslenzka utanríkisstefnu núna um nær tveggja áratuga skeið, með allri virðingu fyrir þeim mönnum öðrum, sem hafa á sama tíma skipað embætti utanrrh. Það skiptir því miklu máli, að einmitt þessi maður, hæstv. forsrh., viðurkenni það, sem hann veit. Og til þess að sannfæra menn um, að hann viti ekki nóg, þyrfti hann jafnframt að sannfæra menn um, að honum hái andlegur sljóleiki eða vitsmunaskortur, — og trúi því hver sem vill.

Að lokum vil ég svo leyfa mér að víkja

litillega að till., sem við höfum flutt 4 þm. í hvorri d., þm. Alþb. og Framsóknar, um viðleitni af Íslands hálfu til þess að stöðva hildarleikinn í Vietnam, þó að till. þessi sé að vísu ekki á dagskrá. Hæstv. utanrrh. hefur lýst yfir stuðningi sínum við þessar till., og sú yfirlýsing hans var að mínum dómi einn af sárafáum gleðilegum atburðum, sem hafa orðið hér á Alþ. í vetur, enda þykist ég mega treysta því, að með henni sé tryggður stuðningur Alþfl. við till. og þar með öruggur meiri hl. til samþykkis henni. Af hálfu Sjálfstfl. hafa viðbrögð hins vegar ekki verið eins jákvæð hingað til. Og nú virðist ýmislegt benda til þess, að afgreiðsla till. þessarar úr viðkomandi nefndum kunni nú að dragast nokkuð. Til slíks þyrfti þó áreiðanlega ekki að koma, ef hæstv. forsrh. brygðist við málinu á jafndrengilegan hátt og hæstv. utanrrh. hefur gert. Jákvæður stuðningur hans mundi án efa tryggja þá öflugu samstöðu um till., sem hæstv. utanrrh. hefur réttilega bent á, að mjög sé þýðingarmikil og nauðsynleg.

Ég vil því leyfa mér að beina þeirri ósk til hæstv. forsrh. persónulega, að hann veiti umræddri till. okkar framsóknarmanna og Alþb.-manna þann stuðning, sem til þarf, að þær hljóti það samþykki og þá samstöðu, sem væri Alþ. okkar Íslendinga til sóma. Ég bið hann að gera þetta, ekki aðeins af umhyggju fyrir því fólki, sem byggir landið í Vietnam, heldur einnig því fólki, sem byggir Bandaríki Norður-Ameríku. Hæstv. forsrh. telur sig vera sérstakan vin bandarísku þjóðarinnar. Það tel ég mig líka vera, síðan ég dvaldist alllengi í landi hennar á mínum yngri árum við hið bezta atlæti. Mér sýnist því, að enda þótt hæstv. forsrh. og ég, einn óbreyttur þm. Alþb., eigum ekki í mörgum málum samstöðu, hljótum við þó að eiga fullkomna samstöðu og samleið í þessu, að vilja gera það, sem í okkar valdi stendur, til þess að stöðva það stríð, sem stofnar í bráðan voða friði og öryggi og hamingju bandarísku þjóðarinnar.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þessi till., sem hér liggur fyrir, er um skipun nefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka ýmis atriði herstöðvamálsins. Þessi till. er í 5 liðum, og ég skal leyfa mér að fara nokkrum orðum um hvern þeirra. Ég mun ekki fara út í að ræða myrkraverk amerísku leyniþjónustunnar, sem hv. flm. ræddi hér mikið um, og ekki heldur um Vietnam eða utanríkisstefnu Bandaríkjanna. Það er annað mál eða önnur mál réttara sagt, sem ég tel, að ekki eigi að blandast inn í þetta, sem hér liggur fyrir.

Hv. þm. sagðist vera mikill vinur Bandaríkjanna, en eftir því sem ég gat skilið ræðu hans, gat ég ekki annað fundið en hún lýsti botnlausu hatri á Bandaríkjunum og öllu, sem þeirra er. Og meginatriðið í hans ræðu var ekki einasta að ræða um þá till., sem hér liggur fyrir, heldur að reyna að tína saman úr öllum áttum það, sem hann gat fundið, að miður færi í stjórn Bandaríkjanna. Þar var ekkert annað að finna en dylgjur, meira og minna rökstuddar, en þó aðallega minna, um utanríkisstefnu Bandaríkjanna, enda tók hann líka fram í sinni ræðu, að það væri hvergi hægt að treysta loforðum Bandaríkjamanna. Það var ekki mikið vináttubragð að þessu, og ég held þess vegna, að hv. þm. hefði gjarnan átt að láta það vera að telja sig svona góðan vin Bandaríkjanna.

Ég skal svo rekja í nokkrum orðum þessi 5 atriði, sem eru uppistaðan í þessari till. Nefndarskipun samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar er ákaflega sjaldgæf í okkar landi, og ég efast um, að hún hafi nokkurn tíma verið sett á laggirnar. Hún er heimiluð í stjórnarskránni, það er alveg rétt, en það hefur ekki það ég man komið til, að henni væri falið að rannsaka mál eins og þetta. En það, sem í þessari tillögu felst, er þetta:

Í fyrsta lagi, hvernig Íslendingar geti tryggt, að bandarískar flugvélar búnar kjarnorkuvopnum fljúgi ekki um íslenzka lofthelgi og lendi ekki á íslenzku landi, með hliðsjón af þeim atburðum, sem gerzt hafa í Thule á Grænlandi, þvert ofan í fyrri yfirlýsingar Bandaríkjanna. Þetta slys, sem varð í Thule fyrir 8 vikum, hefur verið rætt hér á Alþ., og í framhaldi af þeim umræðum fékk ég aðmírálinn, admiral Stone, á Keflavíkurflugvelli og sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi til að koma til mín og ræða þetta og þar með, hvort ekki væri öruggt, að það yrði ekki flogið með slíkar sprengjur yfir íslenzka lofthelgi, og ég tel mig hafa fengið frá þessum aðilum báðum örugga vitneskju um það, að ekki verði flogið yfir Ísland með kjarnorkusprengjur innanborðs. Nú hefur það komið fyrir síðan, að fyrrv. varnarmálaráðh. Bandaríkjanna, McNamara, tók þá ákvörðun, áður en hann yfirgaf sitt embætti, að hætta flugi með kjarnorkusprengjur. Hv. þm. vildi nú draga í efa, að þetta væri mikið að marka, því að þessir menn héldu aldrei það, sem þeir lofuðu. En ég vildi bara segja: Hvernig á n., sem fær þetta mál til rannsóknar, ef það yrði gert, hvernig ætti hún að ganga úr skugga um þetta? Það er yfirlýst af fyrrv. varnarmálaráðh. Bandaríkjanna, að það verði ekki flogið með þessar sprengjur, ekki einasta yfir Ísland, heldur einnig alls staðar. Ef það er ekki treyst loforðum, sem gefin eru af opinberri hálfu í Bandaríkjunum, hvernig á þá íslenzk n. að finna það út, hvort þetta er gert eða ekki? Á hún að fara upp í hverja flugvél og kynna sér það þar? Eða verður hún ekki að reiða sig á yfirlýsingar Bandaríkjanna, þar til annað sannast? Ég sé ekki, hvernig n., þótt hún sé skipuð samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, getur fundið út, hvort flugvélar Bandaríkjanna hafi þessar sprengjur innanborðs eða ekki, og geti þess vegna ekki gert annað í málinu en leita eftir upplýsingum frá þessari Bandaríkjastjórn, sem hún tortryggir að vísu, um það, hvað gerist í þessu máli.

Ég held þess vegna, að þetta atriði verði

ekki kannað til neinnar hlítar, ef menn treysta ekki þeirri yfirlýsingu, sem Bandaríkjamenn hafa nú gefið.

Þá kem ég að öðru atriðinu, sem er um sjónvarpið frá Keflavík, sem mjög hefur verið til umr. líka á hv. Alþ. Og út af því vitnaði ég fyrir nokkru í upplýsingar, sem aðmírállinn í Keflavík gaf okkur um rannsókn á þessu máli. Þessi rannsókn leiddi það í ljós þá, að af 49 rannsökuðum tilfellum voru aðeins 5, minnir mig, sem höfðu möguleika til að ná Keflavíkursjónvarpinu, og þó ekki vel. Hinir 44 höfðu enga möguleika til þess að sjá sjónvarpið. Þá sagði aðmírállinn líka að borizt hefði tæki frá Bandaríkjunum, sem torveldaði þetta enn, en það hafði þá ekki verið sett upp vegna slæmra veðurskilyrða, en hefur nú verið sett upp. Og enn hefur verið rannsakað, til hve margra staða þetta útvarp næst með sæmilegu móti. Og ég hef fengið um það skýrslu frá aðmírálnum, sem hefur falið íslenzkum sérfræðingum, verkfræðingum og útvarpsvirkjum, að fara fyrst og fremst til þessara staða, sem þeir voru áður á, og mæla hvernig móttökuskilyrðin væru. Þá kom það í ljós, að í einu af tilvikunum, sem áður sáu nokkurn veginn Keflavíkursjónvarpið, sást það alls ekki nú, og hin þrjú, sem þá voru eftir, miklu verr en áður. Og það liggur fyrir umsögn frá íslenzkum sérfræðingum, sem kannað hafa málið, að 95% af Stór-Reykjavík væru útilokuð frá því að taka á móti sjónvarpi frá Keflavíkurflugvelli.

Hann vildi draga það í efa, hv. frsm., að Bandaríkjamenn hefðu staðið við loforð sitt um það að takmarka útsendingarnar, en mér finnst sannast sagna, að með þessum árangri, sem þegar hefur náðst, sé útsendingin til Reykjavíkursvæðisins mjög takmörkuð, þar sem þeir segja, sérfræðingarnir, sem unnu að þessari rannsókn, að það séu hæst 4—5%, sem hafa nokkra möguleika til þess að sjá þetta sjónvarp, og í flestum tilfellum sjáist það illa.

Ég tel þess vegna, að það sé engin brigð í þessu fólgin og að það sé engin þörf á að rannsaka það öllu nánar.

Út af dylgjum hv. þm., eins og líka kemur fram í till. og aths. við hana, þá skal ég ekkert annað um það segja en það, að ég er viss um, að Guðmundur Í. Guðmundsson, fyrirrennari minn í embættinu, hefur ekki vísvitandi sagt rangt frá. Ég tel ekki þess vegna neina þörf á því að skipa neina n. til að rannsaka þetta atriði.

Þriðja atriðið, sem gert er ráð fyrir samkv. þáltill. að verði rannsakað, er hvaða áhrif dvöl Bandaríkjahers á Íslandi hafi einkum haft á íslenzkt þjóðlíf, t. d. verði vandlega rannsökuð hin mikla fjármálaspilling, sem lengi hafi þrifizt í skjóli hersetunnar, og reynt að kanna, hvaða áhrif hersetan hafi haft á uppeldi, hugsunarhátt og tungutak íslenzkrar æsku í nágrenni herstöðvarinnar.

Ég hygg nú, að þó að n. væri kosin, þá mundi verkefnið vera mjög erfitt fyrir hana, því að hvernig á að gera upp á milli þeirra áhrifa, sem það veldur, að sjónvarpið hafi sézt, og hver séu áhrifin af hinum erlendu kvikmyndum t. d., sem flæða yfir landið og hafa gert í langan tíma? Ég sé ekki mikinn mun á því, hvort kvikmynd frá Keflavíkursjónvarpinu sé sýnd íslenzkri æsku eða öðrum Íslendingum, eða á því, að sama mynd eða svipuð sé sýnd í íslenzku kvikmyndahúsi. Ég held þess vegna, að erfitt verði eða mundi verða erfitt fyrir n., hvort sem hún hefði heimildir 39. gr. stjórnarskrárinnar á bak við sig eða ekki, að úrskurða, hvaðan áhrifin kæmu, sem ég neita ekki að hafi orðið á æskufólk nútímans hér á Íslandi.

Fjórða till., sem nefnd er, er það, hvort herstöðvar geti talizt veita þjóðinni nokkra vörn á ófriðartímum og hvort þær séu ekki líklegri til þess að kalla háskann yfir þjóðina, ef til styrjaldar dregur. Um þetta vildi ég aðeins segja það, að ég fyrir mitt leyti er ekki í vafa um það, það er mitt persónulega mat, að það lið, sem nú er staðsett á Keflavíkurflugvelli, veiti okkur mikið öryggi og kæmi í veg fyrir að landið yrði hertekið, ef til styrjaldar kæmi. Við sjáum, hvernig þetta gekk í styrjöldinni 1939—45. Vegna staðsetningar erlends liðs á Keflavíkurvelli tókst að komast hjá því, að aðrir menn, sem talið er, að hefðu haft hug á því að ná fótfestu hér á landi, gætu gert það, og ég er ekki í vafa um, að það er þessu erlenda liði að þakka, að þetta tókst ekki þá, og ég er alveg sama sinnis um framtíðina.

Hins vegar má líka á það benda, að eins og hv. frsm. minntist á, þá var það yfirlýst af hálfu forsrh. við þingsetninguna eða skömmu eftir þingsetninguna í haust, að þetta mál yrði tekið upp til athugunar. Það hefur verið rætt í utanrmn. og verið rætt um það þar, hvort við ættum að sérmennta einhvern mann eða menn íslenzka til þess að meta hernaðarlegt gildi varnarliðsins eða hvort við ættum að fá erlenda sérfræðinga frá hlutlausu ríki til þess að gera þetta. Nú náttúrlega hefur utanrmn. ekki sérstaklega um þetta að segja, þó að það kæmi þar til umræðu á sínum tíma. En ég vitna þá til þess, sem forsrh. sagði í sinni ræðu um þetta, þegar þingið var sett eða skömmu eftir að þingið var sett. Og það er áreiðanlegt, að það mál verður tekið upp og kannað tæknilega og herfræðilega, hvort við höfum ávinning af því að hafa varnarliðið hér í landinu og hvort við megum treysta því, að það geti hjálpað til að verja landið, ef til kæmi.

Í fimmta lagi er það verkefni n. að kanna, hvaða upplýsinga unnt er að afla um þær áætlanir, sem vitað sé, að NATO hafi gert um hugsanlega íhlutun bandalagsins í innanríkismál þátttökulandanna, þegar þær aðstæður skapast, að þess sé talin þörf, og hvort þessar áætlanir snerta Ísland. Ég vil nú segja það, að þetta er í fyrsta skipti, sem ég heyri það nefnt, að það séu uppi ráðagerðir hjá NATO um það að blanda sér í innanríkismál landa

og þá alveg sérstaklega Íslands. Við höfum fulltrúa hjá NATO, og ég hef þess vegna leitað eftir því við hann að fá hans umsögn um málið. Fulltrúi okkar hjá NATO-ráðinu í Brüssel mætir, eða einhver frá okkur, á hverjum einasta fundi, sem NATO-ráðið heldur. Þar er enginn fundur haldinn svo, að ekki séu allir mættir. Ef um einhverja ákvörðun hefði verið að ræða, sem tekin hefði verið, hlyti okkar fulltrúi þess vegna að hafa orðið var við hana. Þessi fulltrúi okkar, Níels P. Sigurðsson, hefur skrifað mér svo um málið:

„Í þáltill., sem lögð hefur verið fram á Alþ. af 5 þm. Alþb., er m. a. óskað eftir, að rannsakað verði, hvaða upplýsinga er unnt að afla um þær ásetlanir, sem vitað er, að NATO hefur gert um hugsanlega íhlutun bandalagsins í innanríkismál þátttökulandanna, þegar þær aðstæður skapast, að þess er talin þörf, og hvort þessar ásetlanir snerta Ísland.

Í þessu sambandi skal tekið fram, að engar ásetlanir hafa verið gerðar af NATO um hugsanlega íhlutun bandalagsins í innanríkismál aðildarríkjanna. Það er yfirlýst stefna NATO, að bandalagið skipti sér ekki af innanríkismálum aðildarríkjanna, og er því rannsókn á því atriði algerlega óþörf."

Enginn maður hefur af okkar hálfu betri aðstöðu til þess að kanna það og meta, hvort um svona ásetlun hafi verið að ræða, en einmitt hann, því að þar er enginn fundur haldinn og engin ályktun gerð án þess, að allir fulltrúar aðildarríkjanna séu þar mættir.

Að síðustu segir hann, fulltrúi okkar hjá NATO:

„Aðrir liðir þessarar þáltill. virðast heldur ekki gefa tilefni til rannsóknar."

Þetta er hans mat. Ég held þess vegna, að þessi tillögugerð hér sé til einskis annars ætluð en að sýna það, sem hv. 4. landsk. þm. sagði, að lýsa því, hvað hann hefur innilega mikla ást á Bandaríkjunum, að búa til sögur um það, að þau standi fyrir því, að NATO geri ásetlun, — því að náttúrlega er það allt saman Bandaríkjunum að kenna, — geri ásetlun um áhrif á innanríkismál Íslendinga, sem enginn, sem þekkir til, veit til að hafi verið gerð.

Ég skal svo ekki fara miklu lengra út í að ræða þetta mál. Mér finnst, að það beri ekki vott um mikinn vinskap hv. þm. við Bandaríkin, enda hefur allt hans tal og allt hans framferði að undanförnu verið á þann veg, að það bendir til nokkurs annars. Ég legg því til, herra forseti, að þessi þáltill. verði felld.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. dró það í efa áðan, að n. eins og sú, sem hér er gerð till. um, hafi verið sett á laggirnar áður hér á Alþ. Þetta er einhver gleymska hjá hæstv. ráðh. Ég minnist þess t. d., að fyrir ekki ýkjamörgum árum var ákveðið að stofna sérstaka rannsóknarnefnd til þess að rannsaka okurstarfsemi á Íslandi, meðan sú iðja varðaði enn þá við lög. Þessi n. var kjörin, og þessi n. starfaði, og þessi n. náði býsna miklum árangri. Ég tel, að það sé ljóður á ráði Alþ., hversu lítið við hagnýtum okkur þetta ákvæði. Ég vil t. d. benda hæstv. utanrrh. á það, að í Bandaríkjunum, sem hann hefur sérstakar mætur á, eru mjög mikil brögð að því, að þing setji n. til þess að rannsaka öll möguleg mál. Þetta er einn ríkasti þátturinn í starfsemi bandaríska þingsins, og ég held, að við ættum að gera miklu meira að því heldur en við höfum gert að hagnýta okkur þessi ákvæði, en þau hafa sem sagt verið hagnýtt, eins og ég tók fram.

Annars er það mjög til marks um afstöðu hæstv. ráðh. til Bandaríkjanna, að hann telur gagnrýni á bandarískri utanríkisstefnu, á bandarísku leyniþjónustunni, á styrjöld Bandaríkjanna í Víetnam, til marks um fjandskap í garð Bandaríkjanna. Þetta er alger misskilningur. Bandaríkin sjálf eru sundurtætt í afstöðunni til þessara mála. Hvergi er harðari andstaða og hvergi harðari gagnrýni á stefnu Bandaríkjastjórnar í Víetnam og ýmsum þáttum í bandarísku stjórnarfari en innan Bandaríkjanna sjálfra, og þeir menn, sem halda uppi slíkri gagnrýni, gera það ekki af neinum fjandskap til þjóðar sinnar, heldur þvert á móti. Þeir vilja hefja hana upp úr þeirri niðurlægingu, sem valdamenn hafa sökkt henni í að undanförnu.

Hæstv. ráðh. tók atriði þessarar till. fyrir lið fyrir lið og taldi allt ástæðulaust í þessu sambandi. M. a. taldi hann sig vera búinn að ganga úr skugga um það, að engin hætta væri á því, að hér yrðu kjarnorkuslys, og hin einfalda aðferð var sú, að hæstv. ráðh. hafði kallað til sín bandaríska sendiherrann og bandaríska hernámsstjórann og spurt þá að því, hvort það væri ekki rétt, að Bandaríkin flygju ekki yfir Ísland eða í íslenzkri lofthelgi með kjarnorkuvopn, og þeir sögðu honum, að þetta væri rétt, og þetta er algerlega fullnægjandi að mati hæstv. ráðh. Hann bætti því raunar við, að McNamara hefði sagt, að almennt flug með kjarnorkuvopn væri fellt niður. Þetta er engan veginn rétt. Það er ekki búið að lýsa því yfir, að þetta flug verði fellt niður til neinnar frambúðar, heldur aðeins skamma stund. Ég er ekki einn um þetta mat, og þetta er ekki mat manna, sem hæstv. ráðh. telur einhverja andstæðinga Bandaríkjastjórnar. Ég las t. d. fyrir nokkrum dögum forystugrein um þetta í Berlingske Tidende, þar sem þeir minna á, að einnig hafi verið fellt niður slíkt flug með kjarnorkuvopn, eftir að atburðirnir gerðust á Spáni, en síðan tekið upp á nýjan leik. Og Berlingske Tidende létu í ljós áhyggjur af því, að þetta flug kynni að verða tekið upp aftur.

Það er mikill misskilningur hjá hæstv. ráðh., að við Íslendingar getum ekkert gert til þess að tryggja okkur öryggi á þessu sviði annað en spyrja bandaríska ráðamenn. Við höfum hér á Íslandi ríkisstj. til þess að stjórna málum. Og ef við viljum tryggja það, að ekki sé flogið með kjarnorkuvopn yfir Ísland og kjarnorkuvopn séu ekki leyfð á Íslandi, ber okkur

sjálfum að gera ráðstafanir til þess að ganga úr skugga um þessi atriði. Auðvitað getum við gert það eins og hver önnur þjóð. Við getum komið upp okkar eftirlitskerfi, og það ber okkur að gera. Við gerum okkur að hreinum aumingjum, ef við teljum okkur ekki vera nokkurs megnuga annars en hlusta á yfirlýsingar einhverra bandarískra ráðamanna.

Það er vafalaust rétt hjá hæstv. ráðh., að það fer nú að nálgast svona smátt og smátt, að hernámsliðið á Keflavíkurflugvelli standi við það loforð, sem átti raunar að koma til framkvæmda að fullu á s. l. hausti, að dátasjónvarpið yrði bundið við herstöðina eina. Það var tiltekinn ákveðinn dagur, sem þetta átti að gerast, en það gerðist ekki, og það er aðeins vegna þess, að þetta framtaksleysi hefur verið gagnrýnt, að hernámsliðið hefur verið að gera vaxandi ráðstafanir til að takmarka þessar útsendingar. Hitt tel ég samt miklu alvarlegra í þessu máli til athugunar fyrir Alþ., og það er sú ósanna vitneskja, sem fyrirrennari hæstv. ráðh. lét Alþ. í té. Ég geri ráð fyrir, að hv. alþm. viti það allir, að a. m. k. á þjóðþingum erlendis er litið á þingið sem ákaflega virðulega stofnun, og það er ekki þolað, að ráðh. gefi þjóðþingum ranga vitneskju. Hæstv. ráðh. telur, að Guðmundur Í. Guðmundsson hafi ekki gert þetta vitandi vits. Ég er ekki sömu skoðunar. Það þurfti ekki mikla athugun til fyrir menn, sem fóru að kanna þetta mál, til þess að afla sér á svipstundu vitneskju um, að þær litlu stöðvar, sem hæstv. ráðh. kannaðist ekki við, voru notaðar á herstöðvum hér allt umhverfis okkur.

Það er eflaust rétt hjá hæstv. ráðh., að það getur verið ýmsum vandkvæðum bundið að rannsaka áhrifin af hernáminu, m. a. fjármálaspillingu og áhrif á menningu Íslendinga og á það æskufólk, sem elst upp í nágrenni herstöðvanna og sumt er farið að líta á enskuna sem móðurmál sitt. En þó að þetta sé erfitt, er þetta verkefni, sem okkur ber að vinna. Við verðum ævinlega að minnast þess, að vegna fámennis okkar er okkur mikill vandi á höndum, og við verðum af fullri ábyrgðartilfinningu að takast á við þann vanda, þó að hann sé erfiður. Og mér finnst einmitt, að þeir menn, sem kölluðu hernámslið inn í landið, ættu að vera öðrum frekar vakandi fyrir þessu vandamáli.

Heldur voru það fátækleg rök hjá hæstv. ráðh., þegar hann sagðist vera þess fullviss, að hernámsliðið hér tryggði okkur aukið öryggi og mundi vernda okkur frá háska í styrjöld, vegna þess að telja mætti, að hernámslið hefði í síðustu styrjöld bjargað okkur frá slíkum háska. Það hafa gerzt býsna miklir atburðir síðan þá. Síðan hafa orðið algerlega byltingarkennd umskipti í hertækni og hermálum, og að ætla að fara að meta ástand nú út frá ástandinu, sem var í síðustu styrjöld, er auðvitað hreinn barnaskapur, og ekki sízt þegar hæstv. ráðh. bætir því við, að hann telji, að svona muni þetta verða um alla framtíð eða um langa framtíð. Það er skylda okkar að vega og meta hlutina í samræmi við þá þróun, sem orðin er, og ég mun víkja að þessu svolítið betur síðar í ræðu minni.

Hæstv. ráðh. sagðist ekkert hafa heyrt um það, að gerðar hafi verið ásetlanir um íhlutun Atlantshafsbandalagsins um málefni aðildarríkja, ef á þyrfti að halda. Mér þykir leitt að heyra, að hæstv. ráðh. fylgist ekki betur með en þetta. Þessi mál hafa verið mikið rædd í ýmsum öðrum aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins. M. a. er ekki ýkjalangt síðan þau voru mikið til umr. í Noregi. Þetta hlýtur hæstv. ráðh. að vita, ef hann fylgist með, og ég verð að segja, að um þessi atriði tel ég ekki fulltrúa Íslands hjá NATO vera neitt öruggt vitni. Ég mundi jafnvel vilja taka flest önnur vitni fram yfir hann, þó að ég þekki hann og viti, að hann er ágætismaður. En staða hans hjá þeirri stofnun gerir það að verkum, að hann er allra manna sízt til þess fallinn að gagnrýna þætti í starfsemi stofnunarinnar.

En í sambandi við þessar umr., sem sprottið hafa af till. okkar, hefði verið ákaflega þarflegt, ef fulltrúar stjórnmálaflokkanna hefðu rætt þessi hernámsmál á dálítið breiðari grundvelli en gert er ráð fyrir í till. Við skulum minnast þess, að enn er í gildi sú yfirlýsing þriggja stjórnmálaflokka, staðfest af bandarískum stjórnvöldum, að hér skuli ekki vera erlendur her né erlendar herstöðvar á friðartímum, þau fyrirheit þessara flokka, að hernámið væri ill nauðsyn, sem skyldi aflétt, þegar er aðstæður leyfðu. Síðan bandarískur her kom hingað öðru sinni, eru liðin 17 ár, og allar þær forsendur, sem notaðar voru til þess að réttlæta hernámið, eru gerbreyttar. Samt hafa þeir flokkar, sem stóðu að því að kalla herinn hingað, sárasjaldan séð tilefni til þess að ræða um hernámið og gera grein fyrir því, hvers vegna það sé talið nauðsynlegt enn, þrátt fyrir þessar gerbreyttu aðstæður í veröldinni. Þeir tala raunar ekki um hernámið, nema þeir séu tilneyddir, líkt og það sé orðinn hluti af þeim veruleika, sem ekki verður breytt af mannavöldum.

Þegar herinn var kvaddur til Íslands 1951, var sú ráðstöfun fyrst og fremst rökstudd með Kóreu-styrjöldinni. Heldur var sá rökstuðningur þó langsóttur, ekki aðeins vegna þess, hversu fjarlægur sá vígvöllur var okkur, heldur og vegna hins, að einmitt um sömu mundir og Bandaríkjaher kom hingað, var Kóreustyrjöldin að fjara út. Víglínurnar voru að læsast fastar um þau vopnahlésmörk, sem síðan hafa orðið varanleg. En hvað sem menn vilja segja um þetta tilefni 1951, geta sagnfræðileg rök af því tagi ekki réttlætt hersetuna 1968.

Annar rökstuðningur fyrir hernáminu 1951 var hættan á stórstyrjöld milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, og sú fjarskalega einfalda áróðursmynd í hvítum lit og svörtum, sem dregin var upp í því sambandi. Því var haldið fram, að Bandaríkin og stuðningsríki þeirra væru vammlausir málsvarar frelsis og

lýðræðis og sjálfstæðis smáþjóðanna, en Sovétríkin væru ímynd alls hins illa, kúgunar, einræðis og ósjálfstæðis. Þessi bernskuviðhorf eru nú rokin út í veður og vind fyrir löngu. Hvað sem öllum stjórnmálaágreiningi líður, gera raunsæismenn sér ljóst, að heimsvandamálin eru miklu flóknari en þetta. Og raunar eru þeir menn orðnir afar fáir, sem telja bandarísk stjórnarvöld rísa undir þeirri trúarlegu dýrkun, sem reynt var að umvefja þau hér á landi 1951. Ákvörðun, sem m. a. var reist á svona hæpnum siðferðilegum forsendum, verða menn óhjákvæmilega að endurmeta með hliðsjón af reynslunni. Nú er einnig svo komið, að menn hafa ekki fyrst og fremst áhyggjur af því, að Bandaríkin og Sovétríkin hefji stórstyrjöld sín á milli. Ýmis ríki í báðum herbúðum hafa síðustu árin miklu frekar haft áhyggjur af hinu, að risaveldin nái allsherjarsamningum sín á milli, skipti heiminum í áhrifasvæði og takmarki þannig sjálfsákvörðunarrétt annarra ríkja. Menn geta haft mismunandi skoðanir á þeim viðhorfum öllum. En um hitt verður naumast deilt, að aðstæðurnar eru allar aðrar en þær voru 1951, og hernámsflokkunum þremur ber skylda til að gera grein fyrir því, hvernig þráseta hins erlenda liðs verður rökstudd með aðstæðunum nú, en ekki með neinum sagnfræðilegum rökum.

Önnur ríki hafa breytt stefnu sinni á undanförnum árum vegna breyttra aðstæðna, og mætti rekja um það mörg dæmi. Það dæmi, sem mesta athygli hefur vakið, er breytt stefna Frakka. Þeir voru í upphafi aðalstoð Atlantshafsbandalagsins á meginlandi Evrópu. En nú hafa þeir slitið allri hernaðarsamvinnu við bandalagið, sagt Bandaríkjamönnum að hypja sig úr öllum þeim herstöðvum, sem þeir höfðu á franskri grund, rekið aðalstöðvar Atlantshafsbandalagsins úr landi og tekið hersveitir sínar í Þýzkalandi, 70 þús. manns, undan yfirstjórn bandalagsins. Þessar einhliða aðgerðir Frakka hafa gersamlega raskað öllum hernaðaráætlunum Atlantshafsbandalagsins; þær hafa hreinlega hrunið í rúst, og við blasir nýtt ástand, sem öll Evrópuríki verða að vega og meta í samræmi við hin breyttu viðhorf. Forsendan fyrir aðgerðum Frakka er að sjálfsögðu það mat, að sú styrjaldarhætta, sem menn töluðu um í Evrópu, þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað, sé ekki lengur í samræmi við veruleikann, enda hefur hin hernaðarlega upplausn bandalagsins síðar en svo stuðlað að minna öryggi í Evrópu. Frakkar telja hins vegar, að það verkefni, sem nú er nærtækara, sé, að Evrópuþjóðir losi sig í vaxandi mæli undan húsbóndavaldi Bandaríkjanna. Þar sé einnig um að ræða óhjákvæmilega öryggisráðstöfun, vegna þess að utanríkisstefna Bandaríkjanna sé í sífellu að tengja önnur ríki Atlantshafsbandalagsins við styrjaldarátök, sem Evrópuþjóðir hafa enga samúð með.

Þegar Frakkar sundruðu í verki öllum fyrri hernaðaráætlunum Atlantshafsbandalagsins, hefðu fyrri kenningar um árásarhættu átt að leiða til þess, að önnur bandalagsríki teldu óhjákvæmilegt að taka á sig nýjar hernaðarbyrðar í Evrópu. En sú hefur engan veginn orðið raunin. Öllu heldur hefur þróunin orðið sú að undanförnu, að dregið hefur úr hervæðingu á ýmsum sviðum í Evrópu. Bretar hafa lækkað hernaðarútgjöld sín og ætla í ár að kalla heim um 6 þús. manna af herliði sínu í Þýzkalandi. Einnig hafa Bandaríkin sjálf takmarkað hernaðarviðbúnað sinn í Evrópu, lagt niður herstöðvar, sem voru taldar úreltar, og munu í ár kalla heim frá Þýzkalandi um 35 þús. manna og nokkurn hluta af flugflota sínum. Sameiginleg fækkun á herafla Bretlands og Bandaríkjanna í Þýzkalandi verður í ár um 10%. En í Bandaríkjunum er nú mikið rætt um, að fækka þurfi miklum mun meira í bandaríska herliðinu í Evrópu. Eisenhower, fyrrv. forseti, sem eitt sinn var yfirhershöfðingi Atlantshafsbandalagsins í Evrópu, lagði til 1966, að hersveitum Bandaríkjanna í Evrópu yrði fækkað úr 6 herdeildum niður í tvær, og sérfræðingar telja, að á næstu árum verði stefnt að því marki. Ein af forsendunum fyrir þessari ráðabreytni er sú stórfellda aukning, sem orðið hefur síðustu árin á flutningagetu flugflotans. Herfræðingar hafa sannað, að hægt er með sáralitlum fyrirvara að flytja hersveitir og hergögn frá Bandaríkjunum til Evrópu, og er nú hluti af þeim her, sem staðsettur er í Bandaríkjunum, talinn heyra til Evrópuhernum. Þessi fækkun í liði Breta og Bandaríkjamanna í Evrópu hefur ekki orðið til þess, að Vestur-Þjóðverjar fjölguðu í sínu liði, heldur hið gagnstæða. Þegar Vestur-Þjóðverjar voru teknir í Atlantshafsbandalagið 1955, var fastmælum bundið, að her þeirra mætti vera 500 þús. manns. En 1966 var ákveðið að lækka þetta hámark niður í 460 þús. manns. Ýmis smáríki hafa þegar fylgt þessu fordæmi stóru ríkjanna, nú síðast Danmörk. Íslenzkum valdamönnum ber skylda til að fylgjast með þessum aðstæðum öllum, vega þær og meta og spyrja sig í sífellu þeirrar samvizkuspurningar, hvort dvöl erlends hers á Íslandi sé enn þá ill nauðsyn, og gera grein fyrir niðurstöðunum frammi fyrir almenningi.

Ein af ástæðunum fyrir þeirri breytingu, sem orðið hefur síðustu árin á hernaðarviðbúnaði í Evrópu, er sú stórfellda stökkbreyting á hernaðartækni, sem orðið hefur eftir stríð, og ber þar að sjálfsögðu hæst þróun kjarnorkuvopna og eldflauga, sem geta flutt kjarnavopn heimsálfa á milli. Bandaríkjamenn hafa nú glatað þeirri aðstöðu, sem þeir höfðu í upphafi Atlantshafsbandalagsins, að telja sig óhulta í heimalandi sínu, og hefur sú staðreynd haft mjög víðtæk áhrif á utanríkisstefnu þeirra í samskiptum við Sovétríkin. Þessi breytta hernaðartækni hefur orðið til þess, að margs konar hernaðarkenningar hafa orðið úreltar með öllu, þ. á m. kenningarnar um gildi útvarðstöðva og herstöðva sem næst hugsanlegum andstæðingi, og í samræmi við það hafa Bandaríkin lagt niður úreltar her-

stöðvar víða um lönd. Breytingarnar á hernaðartækni hafa einnig haft víðtæk áhrif á herstöðvarnar hér, án þess þó að þau mál hafi nokkru sinni verið rædd málefnalega af hálfu hernámsflokkanna, og íslenzk stjórnarvöld virðast yfirleitt hafa verið óvirkir áhorfendur að breytingunum. Þegar Bandaríkin knúðu Íslendinga til að gera Keflavíkursamninginn, var ástæðan m. a. sú, að flugþol flugvéla var þá svo takmarkað, að óhjákvæmilegt var talið að hafa millilendingarstað á miðju Atlantshafi til þess að ferja flugvélar frá Ameríku til Evrópu. Þær aðstæður eru fyrir löngu gerbreyttar, og Keflavíkurflugvöllur ekki notaður lengur til þeirra þarfa.

Þegar herliðið kom hingað 1951, var bæði um að ræða landher, flugher og flota. Landherinn hafði með sér skriðdreka og aðrar vígvélar, og það lið gat ekki haft annan tilgang en að takast á við her, sem gengi hér á land, — eða a. m. k. að halda þeirri skoðun að Íslendingum, að slík landganga væri hugsanleg. Þessi landher er horfinn héðan fyrir löngu með vígvélar sínar, og þar með hafa Bandaríkin staðfest í verki það mat sitt, að Íslendingar þurfi ekki að búast við neinni erlendri innrás. Landherinn var að sjálfsögðu hið eiginlega „varnarlið", og þegar hann fór héðan, hefði mátt vænta þess, að hernámsflokkarnir tækju öll hernámsmálin upp til endurskoðunar. En svo varð þó ekki. Það var raunar táknrænt, að Íslendingar fréttu fyrst um það í almennum fréttastofufregnum frá Bandaríkjunum, að landherinn væri að fara. En þegar þáv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, var spurður um málið hér á þingi, reyndist hann ekkert um það vita. Bandaríska herstjórnin virtist taka ákvarðanir sínar, án þess að láta svo lítið að bera þær undir íslenzk stjórnarvöld.

Nokkru síðar hvarf flugherinn héðan einnig, en flotinn varð eftir. Hann hefur hér stjórnarmiðstöð til þess að fylgjast með ferðum kafbáta á Norður-Atlantshafi. Sú stjórnarmiðstöð var áður á Nýfundnalandi, og virtist hún einvörðungu hafa verið flutt hingað vegna þess, að Bandaríkin höfðu ekki orðið neina raunverulega þörf fyrir herstöðvarnar hér og urðu að búa til handa þeim verkefni. Þá er Ísland einnig smávegis hlekkur í ratsjárkerfi Bandaríkjanna, en einnig það kerfi er nú að verða gersamlega úrelt vegna nýrrar tækni. Njósnarhnettir þeir, sem nú svífa sífellt umhverfis jörðina, eru að taka við af þessum ratsjárkerfum á landi.

Þannig er full ástæða til að ætla, að þau herfræðilegu rök, sem notuð voru í öndverðu til þess að réttlæta hernám Íslands, séu nú orðin úrelt með öllu. Og þetta er að sjálfsögðu mjög veigamikið atriði. Forustumenn hernámsflokkanna hafa margsinnis lýst yfir því, að hernámið ætti ekki fyrst og fremst að tryggja einangraðar varnir Íslands, heldur væri Ísland hlekkur í keðju; við yrðum að leggja fram okkar hlut í þágu hinna sameiginlegu varna. En ef íslenzki hlekkurinn skiptir ekki lengur neinu máli, ef hinar svokölluðu sameiginlegu varnir eru nákvæmlega jafnöflugar þótt engar herstöðvar séu hér, hvað þá? Eigum við engu að síður að sætta okkur við erlent hernámslið um ófyrirsjáanlega framtíð?

Við skulum gera okkur það fullkomlega ljóst, að Bandaríkjaher fer ekki héðan nema við eigum frumkvæði að brottför hans. Það mun ekki gerast, að hernámsstjórinn komi í heimsókn í stjórnarráðið og segi þar, að vegna breyttra aðstæðna þurfi Bandaríkin ekki á herstöðvunum hér að halda, þakki fyrir sig og fari. Í nærri aldarfjórðung hefur Íslendingum verið kunn sú staðreynd, að bandarísk stjórnarvöld vilja til frambúðar líta á Ísland sem hluta af yfirráðasvæði sínu. Haustið 1945, í lok styrjaldarinnar, meðan Bandaríkin og Sovétríkin voru enn nánir samherjar og ekkert kalt stríð var hafið, fóru bandarísk stjórnarvöld fram á að fá að halda herstöðvum hér í heila öld. Sú málaleitun verður ekki rökstudd með neinu því, sem síðar hefur gerzt. Hún sýnir ofur einfaldlega, að Bandaríkin líta á Ísland sem hluta af sigurlaunum sínum í síðustu styrjöld. Full ástæða er til að halda, að Bandaríkin haldi enn fast við þessa stefnu sína, að hinir fjölbreytilegu samningar, sem gerðir hafa verið við okkur, hafi fyrst og fremst þann tilgang að framkvæma þessa yfirráðastefnu í áföngum. Á það bendir einnig sú staðreynd, að Bandaríkin hafa reynt að seilast til áhrifa á hin ólíklegustu svið þjóðlífsins hér, reynt að gera hernámið að hluta hins rúmhelga dags, svo að menn hættu að veita því athygli. Þeim hefur orðið mjög mikið ágengt á því sviði, en þeir fóru raunar yfir markið með starfsemi dátasjónvarpsins og vöktu til umhugsunar fjölmarga, sem áður uggðu ekki að sér. En eru forustumenn hernámsflokkanna þriggja ekkert farnir að huga að þessum staðreyndum? Er þeim ekki ljóst, að sú svokallaða öryggisstefna, sem var boðuð 1951, er í verki augljóslega að breytast í óvefengjanlega yfirráðastefnu, þá hina sömu og opinberuð var 1945? Eða vilja þeir e. t. v. sætta sig við þá þróun til frambúðar? Svona munu mál óhjákvæmilega þróast, ef íslenzk stjórnvöld hafa þá afstöðu, að frá okkur megi ekkert frumkvæði koma, að við séum ekki dómbærir á hernámsmálin, heldur verðum að sætta okkur við þrásetu hins erlenda liðs, meðan Bandaríkjunum þóknast að hafa það hér.

Mér er kunnugt um það, að þessar staðreyndir eru að verða ýmsum mönnum innan hernámsflokkanna sívaxandi umhugsunarefni. Og vafalaust er það til marks um þrýsting af þessu tagi, að í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. í þingbyrjun var vikið lauslega að sérfræðilegri athugun að frumkvæði Íslands á þessum vandamálum, en í svari við fsp. frá mér gaf hæstv. forsrh. síðast þá skýringu á þessu, að ætlunin væri að sérmennta einhvern eða einhverja Íslendinga til þess að vera hæstv. ríkisstj. til halds og trausts, og hæstv. utanrrh. komst eins að orði hér áðan. Ekki skal ég

vanmeta gildi sérfræðinga á þessu sviði frekar en öðrum. En hér er um svo örlagaríkt stórmál að ræða, að stjórnarvöldin geta ekki velt ábyrgðinni af sér yfir á neina sérfræðinga. Það er skylda stjórnarvaldanna sjálfra að fylgjast með allri þróun þessara mála og mynda sér skoðanir á þeim, enda er það fráleit firra, að íslenzka stjórnmálamenn skorti hæfileika til að fylgjast með alþjóðamálum og hermálum og meta þau á sjálfstæðan hátt. En leiðarvísir að slíku mati verður ævinlega að vera sú yfirlýsta afstaða Íslendinga, þ. á m. hernámsflokkanna þriggja, að hér megi ekki vera erlendur her eða erlendar herstöðvar á friðartímum.

Mér finnst vera ástæða til þess í tilefni af þeim umr., sem hér eru hafnar, að skora á forustumenn Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. að gera grein fyrir afstöðu sinni til hernámsvandamálsins alls. Ekki með neinum sagnfræðilegum rökum frá tímabili kalda stríðsins, heldur með því að taka tillit til þeirra aðstæðna, sem nú eru. Ég vil skora sérstaklega á hæstv. utanrrh. að ræða hernámsmálin frá þessum forsendum, og ég vil beina því mjög eindregið til forsvarsmanna Sjálfstfl. og Framsfl., að þeir geri þjóðinni grein fyrir því, hvernig þeir meta þessi vandamál nú.

Umr. frestað.

Á 78. fundi í Nd., 19. marz, var fram haldið einni umr. um till.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. svaraði í gær því helzta, sem hæstv. utanrrh. fann til foráttu þeirri till., sem hér liggur fyrir, og ég sé ekki ástæðu til að bæta þar miklu við.

Ég mun aðallega gera aths. við þau orð, sem hæstv. utanrrh. lét falla til mín persónulega. Ég geri þessar aths. vegna þeirra hv. þm., sem hlustuðu á ræðu hæstv. ráðh., en ekki vegna þess, að ég geri mér sérstakar vonir um það, að aths. mínar ráði miklu um viðhorf hans eða verði til að breyta því. Mér er orðið það ljóst eftir ræðu hæstv. ráðh. hér í gær, að viðhorf okkar í þessum efnum, og þó sérstaklega á siðferðissviði þeirra, eru svo gjörólík, að það má segja, að við tölum í þessu efni tvö ólík tungumál. Ég get ómögulega skilið viðhorf hans, og honum virðist fyrirmunað að skilja viðhorf mitt.

Í ræðu minni hér í gær varði ég allmiklum tíma í að lýsa þeim alvarlegu afleiðingum, sem utanríkisstefna Bandaríkjanna, og þá sérstaklega stríðið í Víetnam hefur haft fyrir bandarísku þjóðina, fyrir ástandið í Bandaríkjunum heima fyrir, þar sem nú hriktir í öllu efnahagskerfinu og átök magnast milli kynþátta, svartra og hvítra, og milli stétta, fátækra og ríkra, þannig að nú er því spáð, að það sumar, sem fram undan er, verði eitt hið skelfilegasta í allri sögu Bandaríkjanna. Það er jafnvel talað um hættu á algerri borgarastyrjöld í þessu sambandi. Ég gagnrýndi þessa stefnu mjög harðlega, og gerði það ekki hvað sízt af umhyggju fyrir bandarísku þjóðinni, enda sýnist mér, að hún eigi betra hlutskipti skilið. Og mér er hlýtt til hennar af kynnum, sem ég hafði af henni, þegar ég dvaldist allengi í landi hennar hér fyrr á árum, og ég tel mig vera vin bandarísku þjóðarinnar. Þetta hélt ég, að öllum mætti vera ljóst af ræðu minni, samúð mín með bandarísku þjóðinni.

En nei, ónei. Hæstv. utanrrh. skildi orð mín samkv. þveröfugum formerkjum við það, sem ég taldi mig hafa sett. Gagnrýni mín á framferði bandarískra stjórnarvalda lýsti, að hans dómi, botnlausu hatri í garð bandarísku þjóðarinnar, botnlausu hatri. Ég skrifaði þetta orðrétt upp eftir hæstv. ráðh. Ef þetta mat hæstv. ráðh. er rétt, þarf að sjálfsögðu engar vangaveltur um það, hvernig bezt verði látin í ljós vinátta í garð bandarísku þjóðarinnar. Það hljóta menn að gera með því að vegsama og styðja með ráðum og dáð framferði bandarískra stjórnarvalda, hvað sem á gengur, og er þá orðið næsta skammt yfir í þann siðferðisboðskap, að fullkomin vinátta í garð bandarísku þjóðarinnar verði þá aðeins í ljós látin, að menn sýni bandarískum stjórnarvöldum fullkominn undirlægjuhátt.

En ef gagnrýni á framferði bandarískra stjórnarvalda á að sýna botnlaust hatur í garð bandarísku þjóðarinnar, má spyrja, hvort ekki séu einhverjir fleiri sekir í þessum efnum heldur en ég. Í fréttum sjónvarpsins í gær gaf að sjá og heyra Robert Kennedy, sem nú hefur gefið kost á sér sem forsetaefni í keppni við Lyndon B. Johnson. Robert Kennedy kvaðst gera þetta vegna þess, að með framferði sínu, og þá ekki hvað sízt í Víetnam og utanríkismálum yfirleitt, hafi bandarísk stjórnarvöld fyrirgert trausti sinnar eigin þjóðar og stofnað í hættu velferð og virðingu hennar og mannorði í augum heimsins. Mundi ekki þessi gagnrýni að dómi hæstv. utanrrh. bera vott um það, að þessi maður, bróðir hins látna og dáða forseta, John F. Kennedy, þessi maður ali í brjósti nokkuð svo vafasamar tilfinningar í garð bandarísku þjóðarinnar, svo að maður láti nú alveg vera að tala um botnlaust hatur í þessu sambandi? Þær skoðanir, sem ég lét í ljós hér í ræðu minni í gær, um það, að stríðið í Víetnam og bandarísk utanríkisstefna yfirleitt væri meginorsök þess hörmulega ástands, sem nú blasir við bandarísku þjóðinni, eru í fullu samræmi við skoðanir Roberts Kennedys, og í fullu samræmi við skoðanir hans eru einnig þær till., sem við höfum flutt hér í báðum þd., Alþb.-menn og framsóknarmenn sameiginlega, já, og við hinar beztu undirtektir hæstv. utanrrh., og verður honum seint fullþakkað fyrir þær undirtektir.

„Við verðum að horfast í augu við það, að stríðið í Víetnam er ekki háð í þágu bandarísku þjóðarinnar", sagði Robert Kennedy í ræðu, sem hann flutti í Chicago nú ekki alls fyrir löngu og bandarísk blöð lýstu þessari ræðu sem sprengjuregni á Hvíta húsið. Það væri fróðlegt að vita, hvað hæstv. utanrrh.

kallar slíka gagnrýni í garð bandarískra stjórnvalda.

Robert Kennedy sagði, að með hinni miklu sókn þjóðfrelsishreyfingarinnar í Suður-Vietnam nú í síðasta mánuði hefði endanlega verið í sundur svipt þeim blekkingavef, sem bandarísk stjórnvöld hafa reynt að spinna í sambandi við stríðið. Stjórnvöldunum bæri að stöðva loftárásirnar á Norður-Vietnam, setjast að samningaborði og viðurkenna þjóðfrelsishreyfinguna sem samningsaðila. Og nú eftir að Robert Kennedy hefur kunngert framboð sitt sem forsetaefni Demókrataflokksins, hefur hann lýst því yfir, að hann mundi sem forseti láta það verða sitt fyrsta verk að framkvæma þessi atriði. Og þetta er að hans dómi svo mikilvægt, að hann hefur jafnvel látið liggja að því, að hann muni draga framboð sitt til baka, ef Johnson breytir stefnu sinni í samræmi við þetta, enda standi málin svo tæpt, að ef það dragist mikið lengur að semja frið í Vietnem, geti stríðið leitt til allsherjar harmleiks fyrir bandarísku þjóðina.

Robert Kennedy gerir sér sem sé ljóst, að það reiðarslag, sem Bandaríkjamenn hafa orðið fyrir í Vietnam nú að undanförnu, muni segja harkalega til sín í sálarlífi bandarísku þjóðarinnar og auka enn á líkurnar fyrir alvarlegum átökum og válegum atburðum þar vestra nú á sumri komanda. Og ég trúi því ekki, að hæstv. utanrrh. telji, að í þessari gagnrýni Roberts Kennedys felist einhver sérstök óvild í garð bandarísku þjóðarinnar, að maður nú ekki tali um hatur.

En bandarísk stjórnarvöld hafa ekki aðeins verið að glata trausti sinnar eigin þjóðar vegna stríðsins í Vietnam. Þau hafa einnig verið að glata trausti bandamanna sinna. Bandaríkjastjórn hefur lagt sig fram um að fá bandamenn sína til að lýsa yfir skýlausum stuðningi við hana í stríðinu í Vietnam með beinum hernaðarstuðningi. En þessari málaleitan hefur hvarvetna verið synjað, og bandalagsríki Bandaríkjanna í Evrópu, Atlantshafsbandalagsríkin, hafa fylgt eftir synjun sinni um hernaðaraðstoð með æ harðari gagnrýni á framferði Bandaríkjamanna í Vietnam og bandarískri utanríkisstefnu yfirleitt. Og eitt þessara ríkja, eitt hið voldugasta og stærsta, hefur algerlega fordæmt framferði Bandaríkjamanna í Vietnam, þ. e. a. s. Frakkar undir forustu De Gaulle.

Og nú að undanförnu hafa þeir atburðir verið að gerast, sem kynnu að valda því, að brezka stjórnin sæi sér ekki annað fært en að fordæma með öllu framferði Bandaríkjamanna í Vietnam. Núna í s. l. mánuði lögðu 100 þm. Verkamannaflokksins fram till. um slíka fordæmingu. Sú till. var svar við till., sem leiðtogi Íhaldsflokksins, Heath, hafði borið fram um opinberan stuðning Breta við stefnu Bandaríkjamanna í Vietnam. Í tilefni af þessari till. sagði eitt útbreiddasta blað Bretlands, Daily Mirror, með leyfi hæstv. forseta:

„Mr. Heath hvetur mr. Wilson til þess að styðja bandaríska stefnu, sem óhjákvæmilega hlýtur að mistakast. Álit Wilsons í Bretlandi er ekki beinlínis með mesta móti um þessar mundir. Það mun hrapa niður úr öllu valdi, ef hann lýsir yfir stuðningi Breta við áframhald harmleiksins í Vietnam."

Wilson hefur að vísu enn sem komið er neitað að hafna með öllu stefnu Bandaríkjamanna í Vietnam, en hann hefur þó ítrekað fyrri viljayfirlýsingar brezku stjórnarinnar um það, að loftárásir á Norður-Vietnam verði stöðvaðar. Hann gerði það nú síðast í sambandi við þær viðræður, sem hann átti við Johnson þar vestra í síðasta mánuði. Um þær viðræður hefur að vísu lítið verið sagt opinberlega, en það má ýmislegt marka um þær af ummælum Wilsons eftir á. Og það eru ein af þeim ummælum, sem að mínum dómi eru sérstaklega athyglisverð: Það væri brjálæði, segir Wilson, að beita kjarnorkuvopnum í Vietnam, enda miklar líkur á, að slíku mundi fylgja það *alheimsbál, sem tortímt gæti öllu* mannkyninu.

Það þarf ekki mikið hugmyndaflug til þess að segja sér, hvað felst að baki þessum ummælum, hvaða ályktanir Wilson hefur dregið af viðræðum sínum við Johnson. Ef Johnson hefði gefið Wilson óyggjandi tryggingu fyrir því, að Bandaríkin mundu ekki beita kjarnorkuvopnum í Vietnam, hefði Wilson hagað orðum sínum öðruvísi. Hann hefði notað þetta tækifæri til þess að bera lof á Johnson fyrir varfærni og skilning í þessum efnum. Hann hefði tekið af öll tvímæli um það, að það mætti treysta Johnson og bandarískum stjórnarvöldum til þess að stofna ekki mannkyninu öllu í þann háska, sem stafa mundi af því, að kjarnorkuvopnum yrði beitt í Vietnam. Ummæli Wilsons um þetta atriði sýna það ótvírætt, að eftir viðræður hans við Johnson hefur hann komizt að sömu niðurstöðu og William Fulbright, að þrátt fyrir fullyrðingar vissra talsmanna bandarískra stjórnvalda um það, að Bandaríkjastjórn muni ekki leyfa beitingu kjarnorkuvopna í Vietnam, kunni hún að vera komin á fremsta hlunn með að gera það.

Wilson virðist með öðrum orðum hafa gert sér það ljóst, að framferði Bandaríkjamanna í Vietnam geti óðar en varir komizt á það stig, að óhjákvæmilegt verði fyrir hann og ríkisstj. hans að fordæma það með öllu; áðurnefnd ummæli hans eru viðvörun til Bandaríkjastjórnar um það, að hún megi vænta slíkrar fordæmingar. Og um það verður ekki efazt, að með þessu er hann að láta að vilja alls þorra brezku þjóðarinnar, sem er farin að þreytast á þjónustusemi hans við Bandaríkjastjórn, þó að forustumenn íhaldsins brezka hafi að vísu leitazt við að veita Wilson að sama skapi meiri stuðning til áframhaldandi hálfvelgju í afstöðu sinni til Bandaríkjastjórnar sem hann hefur orðið að sæta meiri gagnrýni fyrir hana í röðum síns eigin flokks. Hvað um það. Þær raddir verða nú æ háværari í Bretlandi, bæði innan Íhaldsflokksins og Verkamannaflokksins, sem krefjast þess, að

ríkisstj. taki upp sjálfstæðari stefnu gagnvart Bandaríkjamönnum. Og sams konar kröfur verða einnig æ háværari í öðrum ríkjum Vestur-Evrópu, og þær hafa magnazt til muna við atburði síðustu vikna.

Frændur okkar á Norðurlöndum hafa t. d. aldrei verið eins hvassyrtir um þessi efni og nú að undanförnu. Aftonbladet í Stokkhólmi, sem er málgagn sænskra sósíaldemókrata, segir, að eina leiðin fyrir Bandaríkin til að losna úr því öngþveiti, sem stríðið í Vietnam hafi leitt þau út í, sé að taka sönsum, yfirgefa Vietnam og leyfa íbúum þess að ráða málum sínum sjálfir. Blaðið bætir við: „Ef heppnin er með, mega Bandaríkjamenn e. t. v. búast við því að fá að halda sínu eigin sendiráði."

Þessar skoðanir bergmála nú um alla Vestur-Evrópu. Og þær eru í samræmi við það endurmat gagnvart Bandaríkjastjórn og stefnu hennar, sem að undanförnu hefur farið fram í ríkjum Vestur-Evrópu. Ráðamenn þessara ríkja, sem eru helztu bandamenn Bandaríkjanna, eru æ fleiri að gera sér það ljóst, hversu hæpið er, beinlínis frá siðferðilegu sjónarmiði, að lúta leiðsögn bandarískra stjórnarvalda. Jafnframt þessu er svo af hálfu hinna ýmsu ríkisstj. unnið að auknum viðskiptum og menningartengslum milli Austur- og Vestur-Evrópu, þar sem áður ríkti hatur og tortryggni og kalt stríð. Þess gæti sem sé orðið skammt að bíða, að Evrópa öll tæki undir með de Gaulle og frábæði sér afskipti bandarískra stjórnarvalda af einkamálum sínum og benti þeim kurteislega á að reyna heldur að leysa sín eigin vandamál. Að sjálfsögðu liggja ýmsar ástæður til þessa, en þyngst á metunum er að sjálfsögðu stríðið í Vietnam og það siðferðilega afhroð, sem bandarísk stjórnarvöld hafa goldið vegna þess í augum bandamanna sinna.

Ég hef gerzt nokkuð langorður um þetta atriði vegna þess, að ég vil að mönnum verði það ljóst, að mín rödd er ekki nema ein lítil rödd í þeirri stóru fylkingu, sem nú heldur uppi harðri gagnrýni á bandarísk stjórnarvöld og stefnu þeirra á alþjóðavettvangi, og slík gagnrýni ber að sjálfsögðu ekki vott um neitt hatur eða óvild í garð bandarísku þjóðarinnar. Þvert á móti. Ég fullyrði, að í þessari fylkingu, í þeirri fylkingu, sem nú heldur uppi harðastri gagnrýni á framferði bandarískra stjórnarvalda, sé að finna marga beztu vini bandarísku þjóðarinnar. Siðferðilegur stuðningur við ofbeldisstefnu bandarískra stjórnarvalda í Vietnam og annars staðar á alþjóðavettvangi er að sjálfsögðu enginn greiði við bandarísku þjóðina, nema síður sé.

Magnús H. Gíslason: Herra forseti. Ég hef oft orðið þess áþreifanlega var, hvað okkur Íslendingum, mörgum hverjum a. m. k., er oft og einatt tamt að ræða utanríkismál almennt og samskipti okkar við erlendar þjóðir af litlu raunsæi og takmarkaðri stillingu. Er það þó næsta furðulegt fyrirbrigði, því að fátt er lítilli þjóð í stórri og viðsjálli veröld nauðsynlegra en að halda vel vöku sinni á þeim vettvangi, gæta fullrar íhygli en hófs í dómum, án þess að gleyma því nokkru sinni, að við, þessi 200 þús. manna þjóð, eigum jafnan rétt til frelsis og sjálfstjórnar og milljónaþjóðirnar og erum að sínu leyti engu þýðingarminni þátttakendur í þjóðasafni heimsbyggðarinnar en hinar stærri.

Alveg sérstaklega finnst mér þó gæta þessarar furðulegu vanstillingar, þegar rætt er um dvöl hins erlenda herliðs hér á landi og þau mál, sem tengd eru henni. Raunar verður varla sagt, að hersetan sé einvörðungu utanríkismál. Herinn er að vísu upphaflega hingað kominn vegna samningsgerðar okkar við aðra þjóð eða aðrar þjóðir, en dvöl hans hér verkar á og grípur með margvíslegum hætti inn í okkar eigið þjóðlíf, og mér skilst, að það sé okkar sjálfra að ákveða, hvort og hvenær hann skuli hverfa til eigin föðurhúsa. Það er engu líkara en að margir okkar hafi til allra þessara mála fyrir fram mótaða afstöðu, það sé skilyrðislaust ágætt, allt, sem kemur úr þessum stað, en óyggjandi óhæft, allt, sem ber að úr hinni áttinni. Slík afstaða getur naumast nokkurn tíma leitt til heillavænlegrar niðurstöðu, í það minnsta mundi það vera tilviljuninni einni háð og er sízt sæmandi fulltrúum á þjóðþingi.

Till. sú á þskj. 282, sem hér liggur fyrir til umr. og flutt er af 4 hv. þm. Alþb., fjallar um að skipuð verði n. til þess að athuga áhrif hersetunnar á íslenzkt þjóðlíf. Er till. í 5 liðum, sem afmarka í stórum dráttum þau verkefni, sem rannsókn umræddrar n. ætti einkum að beinast að. Ég ætla ekki að fara að rekja þessa þætti lið fyrir lið, enda hvort tveggja að frsm. fyrir till., hv. 4. landsk. þm., Jónas Árnason, gerði það mjög skilmerkilega hér í gær, og auk þess hafa allir hv. þm. till. að sjálfsögðu á borðinu fyrir framan sig.

En mig langar til að minnast örfáum orðum á nokkur atriði, sem till. fjallar um, og þá um leið þau andsvör, sem fram komu í ræðu hæstv. utanrrh., sem mér fannst raunar mótuð af meiri viðkvæmni og reyndar gífuryrðum en hæfilegt er að hljómi úr ráðherrastóli, enda þótt hv. frsm. till. flytti mál sitt af nokkrum skaphita hér í gær, eins og skáldum er títt.

Öllum er það í fersku minni, að fyrir nokkru glopraði bandarísk flugvél niður kjarnorkusprengjum á Grænlandssís. Að vonum setti ugg að mönnum, hér á norðurhveli jarðar a. m. k. Menn spurðu sem svo: Hvenær dettur næsta sprengja niður og hvar hafnar hún og hverjar verða afleiðingar þess? Dönsku stjórninni virðist hafa verið ókunnugt um ferð þessarar flugvélar yfir dönsku yfirráðasvæði og það af síður haft hugmynd um, hverja háskagripi hún hafði innanborðs. Má það heita furðulegt skeytingar- og virðingarleysi gagnvart hinni dönsku þjóð að leita ekki leyfis hennar til slíks ferðalags. Var e. t. v. búizt við synjun slíkrar bónar og þá valinn sá kostur að leita einskis leyfis? Hefur þessi leikur e. t. v. verið leikinn oftar og víðar á undanförnum árum í von um, að ekkert óhapp henti og glæfraspilið kæmist

því aldrei upp? Höfum við Íslendingar kannske fengið svona heimsóknir án þess að hafa haft hugmynd um? Hæstv. utanrrh. sagðist hafa fengið bandaríska sendiherrann og yfirmann varnarliðsins til þess að gefa hátíðlegt loforð um, að flugvélar með kjarnorkufarm legðu ekki leið sína yfir Ísland og íslenzkt yfirráðasvæði. Ég efast ekkert um, að hann segi það satt. En getum við treyst því loforði? Ja, við getum, þegar allt kemur til alls, kannske lítið annað gert. Hv. 6. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, talaði um, að við ættum að koma upp eins konar eftirlitskerfi. Ég veit nú ekki gjörla, hvernig það er hugsað í framkvæmd, en einboðið sýnist mér að henda þeirri hugmynd ekki frá sér samt sem áður að óathuguðu máli.

Ég skal ekki eyða mörgum orðum að dátasjónvarpinu. Það er ekki ánægjulegt að rifja upp þá hneisu, sem við erum búnir að hafa af því. Þáttur fyrrv. utanrrh., Guðmundar Í. Guðmundssonar, í því máli má ekki gleymast, því miður. Hann á að lifa sem viðvörun. Stjórnmálamenn mega aldrei gleyma því, að þeim er einnig, eins og öðrum, þörf varúðar á sínum vegum. Sé það rétt hjá hæstv. utanrrh., að fyrrv. ráðh., Guðmundur Í. Guðmundsson, hafi ekki sagt Alþ. vísvitandi ósatt í umr. um þetta leiða mál, þá hefur hann þó a. m. k. látið undir höfuð leggjast að afla sér nærtækra upplýsinga, og það er ekki heldur góð frammistaða.

Hæstv. ráðh. taldi erfitt að meta, hversu mikinn þátt hersetan ætti í neikvæðri mótun íslenzks æskulýðs og hve mikið erlent kvikmyndarusl. Vera má, að þar verði illa á milli greint. Fáa hef ég þó heyrt halda því fram, að íslenzkt æskufólk, og þarf raunar ekki æskufólk til, sæki nokkra hollustuhætti né þrif til hins útlenda herliðs, enda kæmi það líka illa heim við reynslu annarra þjóða af þvílíkum dvalargestum. Mun hitt sönnu nær, að þau áhrif séu svo margháttuð og víðtæk, að þau verði aldrei könnuð til neinnar hlítar af nokkurri nefnd.

Hæstv. ráðh. taldi sér ókunnugt um íhlutun Bandaríkjastjórnar og Nato um utanríkismál þátttökuríkja þess. Auðvitað veit hæstv. ráðh. bezt, hvað honum er kunnugt um og hvað ekki. Ég hélt hins vegar í fáfræði minni, að gervallri heimsbyggð væri kunnugt um afskipti stórvelda af innanlandsmálum annarra ríkja og margvíslega viðleitni þeirra til þess að hafa áhrif á þróun þeirra og stefnu. Rússar hafa að sínu leyti stuðlað að því, að stjórnir vinveittar þeim sætu að völdum í Austur-Evrópu. Bandaríkin hafa fyrir sitt leyti farið eins að t. d. í Suður-Ameríku og Grikklandi, og hver er sá, sem ekki veit, hvað er að gerast í Afríku og Asíu? Það væri geipileg glópska að láta sér detta í hug, að við værum ekki einnig undir smásjánni í þessum efnum. Heimsveldin reyna alls staðar að hafa sín áhrif og tryggja sína aðstöðu. Bandaríkjamenn eru þar engin undantekning. Hefur CIA ekki verið að teygja anga sína hingað? Er hæstv. ráðh. ókunnugt um það? Auðvitað er sagt, að þetta sé allt gert til þess að tryggja og efla lýðræðið, en þurfum við bara nokkra lýðræðislexíu að sækja vestur um haf? Ætli jafnvel Bandaríkin geti ekki ýmislegt lært af okkur í þessum efnum, ekki síður en við af þeim? Og ekki held ég, að við högnumst neitt á því að skipta á okkar ófullkomna lýðræði og lýðræði Suður-Ameríkuríkja og Grikkja, þótt aðfengið sé.

Við Íslendingar erum lengi búnir að hafa her í þessu landi, mikils til of lengi. Ég efast ekkert um það, að þeir, sem sömdu um hersetuna á sínum tíma, hafi trúað því, að hún væri okkur nauðsynleg vörn, en öðrum þá að vísu einnig. Ég hef verið hersetunni andvígur frá upphafi og aldrei farið leynt með það. Hins vegar er tilgangslaust að fara hér nú að draga fram rök með eða móti því, að á þetta ráð skyldi brugðið á sínum tíma.

En þó að hæstv. utanrrh. og ýmsir aðrir góðir Íslendingar hafi trúað á varnargetu herliðsins við upphaf hingaðkomu þess, finnst mér furðulegt, ef hann álítur taflstöðuna óbreytta síðan, en það fannst mér koma fram í ræðu hans hér í gær, ef ég hef skilið hann rétt. Ég trúi því ekki, að hæstv. ráðh. hafi dagað svo uppi, að hann meini þetta. Brjótist út stórveldastyrjöld nú, sem allir óspilltir menn vona, að aldrei komi til, þá held ég, að fáum detti í hug, að þessir dátadrengir suður í Keflavík geti varið okkur stundinni lengur. Þeir verja ekki einu sinni sjálfa sig. Hins vegar bjóða þeir hættunni heim. Herstöð gerir það ævinlega og alls staðar. Ein kjarnaflaug og herstöð Bandaríkjanna í Keflavík er eyðilögð. Segjum að það sé þeirra mál. En hún gerir meira. Hún mundi sjá fyrir nokkrum þúsundum Íslendinga um leið. Það vildi ég halda, að væri aftur á móti okkar mál. Sjálfsagt yrði það ekki óskemmtileg tilhugsun fyrir okkur hinum megin, afkomendur hinna fornu víkinga, að við hefðum þó aldeilis lagt lóð okkar á vogarskálina til þess að bjarga heiminum. En hvaða heimur yrði það og hvers konar heimur?

Nei, herstöð tryggir ekki frið. Herstöð tryggir tortímingu, ef út af ber. Von mannkynsins um frið byggist ekki á herstöðvum. Hún byggist á því, að þjóðir heimsins hafi þroska, mannvit og manndóm til þess að leggja herstöðvar niður.

Það er sjálfsagt, að þessi till., úr því að hún er á annað borð komin fram, fari til n. Hún fjallar um svo alvarlegt mál, viðtækt og yfirgripsmikið, að það er einboðið að ræða hana betur og gaumgæfa. Ég er heldur ekki frá því, að hún geti tekið ýmsum breytingum til bóta, eins og reyndar flestir aðrir hlutir. Og nauðsynlegt er að ná um hana sem víðtækustu samstarfi, því að ella er ósýnt um, hvert gagn nefndarskipun sem þessi mundi gera. Og ég held, að menn komist jafnan að betra samkomulagi, þegar þeir taka að ræða málin í rólegheitum í nefndum, en í meira og minna heitum umr. á þingfundum. Það er óhyggilegt, mér liggur við að segja óþinglegt, að meina till. athugun í n. Það eru slæm vinnubrögð. Hitt er þó verra, að það lýsir í raun og veru

einsýni og ofstæki, sem ég vona, að hv. alþm. séu vaxnir upp úr.

Ég býst nú við, að við séum svona með sjálfum okkur sammála um það allflestir, að afleiðingar hersetunnar og áhrif á íslenzkt þjóðlíf séu mikil, margvísleg og miður holl. Sjálfsagt verða þau seint rannsökuð til fullrar hlítar, og þau halda áfram að verka og verða viðvarandi, á meðan við nemum ekki meinið sjálft í burtu. Þess vegna eigum við bara að ganga hreint til verks og óska herliðinu góðrar ferðar heim til sín. Það er á okkar valdi að gera það. Þá munu áhrif hersetunnar smátt og smátt gufa upp úr þjóðlífinu. Þá verður loftið hreinna og léttara að draga andann.

Fyrir mér er það ekkert aðalatriði, hvort herinn fer allur á einum og sama degi eða í áföngum smátt og smátt, en mestu skiptir það, að farið sé með einlægni og opnum huga að undirbúa endanlega brottför hans. Það er eina raunhæfa lausn málsins, og um hana vona ég, að við getum sem flestir sameinazt.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að ræða þessa þáltill. í einstökum atriðum, þó að öll séu þau atriði á vissan hátt mjög stórvægileg og þýðingarmikil. Það er lagt til að kjósa rannsóknarnefnd til að rannsaka ýmis atriði utanríkismála og reyndar innanríkismála líka samkv. þessari till. Það er óneitanlega rétt, að það væri full þörf á því að rannsaka sum af þeim atriðum, sem nefnd eru í þessari till. En eins og nú háttar hér á hv. Alþ., held ég, að sú n. yrði þannig skipuð, að harla lítils árangurs væri að vænta af rannsókninni sjálfri. Ég tel líka, að það hefði verið æskilegri málsmeðferð, að þetta mál hefði verið flutt í öðru formi, þ. e. a. s. það hefði verið flutt í því formi, að það væri eingöngu fjallað um hina erlendu hersetu hér í landinu og þau áhrif, sem hersetan hefur haft á íslenzkt þjóðlíf. Það væri sannarlega nóg viðfangsefni í eitt mál, og það dreifir aðeins þessu máli að taka svona margt saman í eina till. að mínum dómi. Ef það hefði verið gert, hefði væntanlega fengizt úr því skorið hér á hv. Alþ. með atkvgr., hvaða þingflokkar og hvaða þm. ætla sér að styðja að því, að áframhaldandi herseta verði hér í landinu. Og mér finnst, að þjóðin eigi heimtingu á að fá að vita það, hver afstaða flokka og þm. er til málsins nú, þegar ekki er nema ár eftir af því tímabili, sem Íslendingar hafa skuldbundið sig til þess að vera í hernaðarbandalagi. Það er það minnsta tillit, sem hægt er að taka til þjóðarinnar, að þetta sé látið koma í ljós, þegar slíkt mál er hér á ferðinni á Alþ. Það er bráðnauðsynlegt, að þjóðin fái að vita það, hvernig menn rökstyðja það, að áfram skuli vera her á Íslandi, að allar þær röksemdir komi fram fyrir þjóðina, og þá að sjálfsögðu hinar líka, sem færðar eru gegn því. Þetta kemur ekki í ljós með þessari till.

Tjónið, sem þjóðin hefur haft nú þegar af hinum erlenda her hér í landi og öllu því, sem honum fylgir, fyrir íslenzka tungu, menningu, siðgæði, þjóðerniskennd og sjálfstæðismeðvitund, þetta tjón er orðið svo mikið, að það verður aldrei metið, og háskinn heldur áfram að vaxa, eftir því sem áhrifavald hersetunnar varir lengur. Eftir því sem þau verða fleiri árin, eftir því magnast það, og eftir því sem stærri og stærri hluti þjóðarinnar elst upp við deyfilyf þessarar erlendu hersetu. Það væri hugsanlegt að breyta þessari þáltill. svo í n., að hún tæki beint á þessu vandamáli og blandaði þar engu öðru inn í. Og æskilegast af öllu væri það, að svo væri með málið farið eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér rétt áðan. Þá gætu orðið rökræður um það mál eitt, og annað truflaði ekki skilning manna á því, hver afstaða manna og flokka er og hver rök menn hafa fram að færa fyrir áframhaldandi hersetu eða gegn henni.

Ég ætla ekki að víkja að einstökum atriðum í þessari till. En ég get þó ekki látið hjá líða að nefna eitt, þ. e. 4. lið þessarar till., sem hæstv. utanrrh. drap á í ræðu sinni hér í gær, þar sem hann sagði eitthvað á þá leið, að hann væri sannfærður um, að það hefði mikið varnargildi fyrir Íslendinga að hafa herinn í Keflavík. Ég skildi hann svo, að honum fyndist þetta varnargildi ákaflega mikið enn í dag. Ekki er ég að spyrja að því, hvað hann hefur álitið fyrir 26—27 árum.

Mér dettur nú í hug að spyrja: Ætli hann mundi nú verða þessarar sannfæringar eftir að búið væri að skjóta kjarnorkusprengju á Keflavíkurflugvöll? Hann þyrfti kannske ekki beint að hugsa um það á eftir eða við fleiri. En það er furðulegt að heyra slíkan málflutning og það af utanrrh. Það veit öll þjóðin, að þetta varnarlið á Keflavíkurflugvelli er engin vörn fyrir íslenzku þjóðina, en bráður háski. Við vonum allir, að það komi aldrei til heimsstyrjaldar aftur. Þá þurfum við heldur ekkert á þessu liði að halda þarna. Það þarf ekki að verja okkur á friðartímum. En ef kæmi til heimsstyrjaldar, getur hæstv. ráðh. eða nokkur annar ábyrgzt það, að ekki verði skotið kjarnorkusprengju á Keflavíkurflugvöll? Ég ætla ekki að rökræða þetta meira að þessu sinni, vegna þess að ég tel, að málið eigi að koma í heild fyrir þingið til umr. og í öðru formi en hér er.

Eitt atriði annað skal ég aðeins nefna, sem hæstv. utanrrh. talaði um í tilefni af ræðu frsm. Hann sagðist halda, að það væri erfitt að rannsaka það, hvaða áhrif hermannasjónvarpið hefði haft á æskulýð Íslands og auðvitað unga og gamla. Það getur vel verið, að það sé erfitt að rannsaka það, og hann benti á, að hér hefði verið kvikmyndarusl bandarískt lengi til sýnis, sem þetta fólk hefði áður horft á, og hvað væru þá áhrifin frá sjónvarpinu, hvað væri frá kvikmyndunum. Þetta er rétt að mínum dómi. Það er erfitt að rannsaka þetta, enda mæli ég ekki með þessari rannsókn. Ég álít hana þýðingarlitla. En er hann í einhverjum vafa um það, að íslenzkt æskufólk hafi orðið fyrir áhrifum af hermannasjónvarpinu og það hafi komið fram þau áhrif

umfram það, sem varðar kvikmyndir, sem við höfum haft í áratugi? Ég held, að það sé fáum blöðum um það að fletta. A. m. k. heyrði ég ekki 5—6 ára gömul börn fyrir 10—20 árum vera að tala enskuþrugl svona hversdagslega eins og nú gerist. Ég þekki mörg börn, sem eru farin að kunna allmikið af enskum orðum. Þau segja núna „good bye", þau segja „safe" og margt af þessu tagi. Nei, þau eru búin að læra alveg furðanlega mikið af hermannasjónvarpinu. Þau lærðu þetta ekki af kvikmyndum hér áður, enda fóru þau sjaldan þangað. En þetta hermannasjónvarp kom inn á hvert heimili svo að segja, til barnanna sjálfra. Ég held, að hæstv. ráðh. ætti ekki að vera að reyna að verja hermannasjónvarpið. En hann á aftur á móti þakkir skilið fyrir það, að hann á sinn hlut í því, að við erum svo að segja lausir við það, og það vil ég þakka honum fyrir. Þar vann hann gott verk, sem fyrirrennari hans gerði ekki.

Já, ég nefndi það, að hugsanlegt væri, að þessari þáltill. fengist nú breytt í væntanlegri n. og komið í það horf, að hersetan væri einangruð og um hana fjallað og hitt látið lönd og leið í bili. En nú hefur hæstv. utanrrh. lagt til, að till. verði felld, og ég skildi hann svo, að hann ætlaðist til, að hún væri felld án þess að hún færi til n. Það getur verið, að það sé misskilningur minn. Hvernig getur staðið á því, að hann óskar eftir því, ef þetta er rétt skilið hjá mér? Hefur hann ekki einhver ráð á að fá till. felldа, þegar hún kemur frá n.? Ég sé ekki nema eitt við þá hugmynd, og það er það að fá atkvgr. um till., meðan hún er í þessu formi, áður en til kæmi að henni yrði breytt í annað form. Hún væri látin snúast t. d. um hersetuna á Íslandi eina. Þess vegna er upplagt að fá nú atkvgr. Þá slyppu menn við að greiða atkv. um það, hvort áfram skyldi vera erlendur her á Íslandi.

Ég ætla ekki að orðlengja um þessa till. meira, nema þá tilefni gefist. En ég vil vænta þess, að málið fái þinglega afgreiðslu, till. fari til n., og að sú n. breyti henni í annað og heppilegra form og þá fyrst og fremst það, sem ég hef nú gert að umtalsefni, að till. fjalli um hinn erlenda her á Íslandi, en hin atriði till. verði látin bíða betri tíma.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég tel, að þessi till. sé ekki aðgengileg, en ég álít rétt, að hún fái þinglega meðferð á þann hátt, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn., eins og ég skildi, að 1. flm. hefði lagt til, en hafi ég misskilið það, vil ég gera það að till. minni, að sá háttur verði á hafður.

Till. fjallar um ýmsa þætti varnarmálanna, mætti segja, en þau mál eru þannig vaxin, að þau þarfnast ýtarlegrar endurskoðunar miðað við ný viðhorf og okkar eigin reynslu.

Framsfl. hefur gert ýtarlegar ályktanir um þessi efni og í hvaða stefnu sú endurskoðun varnarmálanna eigi að ganga að hans dómi, og er það öllum kunnugt, og mun ég ekki rekja það hér nú.

Ég mundi telja skynsamlegt að freista þess, að þessi till. yrði skoðuð í n. og leitað samtaka um að breyta henni í það horf, að það gæti leitt til samstarfs um endurskoðun varnarmálanna, því að þó að það skipti miklu, hvað gerzt hefur, skiptir þó enn meira máli, hvað gert verður.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vildi þá fyrst með nokkrum orðum, áður en ég fer að ræða um undirtektir hv. flm. undir ræðu mína í gær, segja, að þó að ég segði, að ég teldi rétt að fella þessa till., hef ég ekkert á móti því, að hún fari í n. En hins vegar lagði ég til, að till. á því stigi, er hún kæmi fram aftur, gæti verið felld og yrði felld. Það var ekki mín meining að ætla það, að hún yrði þegar felld við þessa umr., áður en hún fengi þinglega afgreiðslu.

Að öðru leyti skal ég segja það, að þessum umr. hefur verið drepið mjög á dreif, bæði í gær og eins í dag. Það er lítið sem ekkert, a. m. k. í dag, rætt um sjálfa till., sem hér liggur fyrir, heldur hafa umr. beinzt að Víetnam-styrjöldinni, yfirgangi Bandaríkjanna eða frammámanna Bandaríkjanna kannske frekar, og ýmislegt þess háttar.

Ég get alveg tekið undir með hv. 1. þm. Vestf. um það, að það væri rétt og æskilegt að taka upp málið, varnarmálin og herstöðvarnar hér til umr., þegar tími væri ætlaður til þess sérstaklega. Hér liggur ekki annað fyrir en það, að hér verði kosin n. af þinginu samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar og með þeim réttindum, sem því fylgja, til þess að kanna fimm ákveðin verkefni. Ég minntist á þessi fimm atriði í gær og sýndi fram á, að mér fannst, að það væri óþarfi að setja þessa n. á laggirnar svo hátíðlega eins og samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, vegna þess að þessi atriði væru ekki þannig vaxin, að þau þyrftu neinna rannsókna með.

Í fyrsta lagi, fyrsti hluti till. fjallar um, að bandarískar flugvélar búnar kjarnorkuvopnum fljúgi ekki um íslenzka landhelgi eða lofthelgi og lendi ekki á íslenzku landi. Ég vitnaði til þeirrar yfirlýsingar, sem varnarmálaráðh. Bandaríkjanna fyrrverandi, McNamara, gaf skömmu áður en hann lét af embætti, og að öðru leyti til umsagnar, sem þeir höfðu gefið, yfirmaður varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og ambassador Bandaríkjanna hér, að þetta kæmi ekki til mála, — ég fékk það staðfest í þeirra svörum og þeirra tali, — við þyrftum ekki að óttast, að þetta kæmi fyrir.

Það hefur verið talað um, að þetta hafi nú gerzt á Grænlandi á Thulevellinum, en þar hygg ég, eftir því sem ég veit bezt, að hafi verið um neyðarlendingu að ræða, þar sem maðurinn hafi ætlað að bjarga lífi sínu með því að lenda. En sem sagt, þetta atriði rannsóknarinnar tel ég, að ekki þurfi að ræða vegna þeirra yfirlýsinga, sem gefnar hafa ver-

ið, og tel ekki ástæðu til að rengja það, þó að hv. flm. till. hafi hér talað um, að Bandaríkjamenn hafi ekki haldið sín loforð um flug yfir Grænlandi. Nú veit ég í fyrsta lagi ekki, hvað um hefur samizt á milli danskra yfirvalda eða grænlenzkra og bandarískra um þetta atriði, en ég ætla þó, að þessi lending, sem var á Thulevellinum, hafi verið neyðarlending, sem maðurinn gerði til þess að bjarga lífi sínu, sem þó ekki tókst.

Annað atriðið, um sjónvarpið frá Keflavíkurflugvelli. Ég lýsti því í gær líka, að það hefur verið framkvæmd breyting á útsendingunni, sem ætti að gera það mögulegt, að aðeins 5% á Reykjavíkursvæðinu gætu notið þessa sjónvarps og þó illa.

Þriðja atriðið er um að rannsaka, hvaða áhrif dvöl Bandaríkjahers í landinu hefur á íslenzkt þjóðlíf. Það held ég, að verði ákaflega vandasöm rannsókn, og þyrfti margar nefndir og langa rannsókn til þess, að það yrði að fullu upplýst, hvaðan áhrifin koma, sem talið er, að verki nú á ungdóminn á Íslandi, hvort það er frá kvikmyndum, sem sýndar hafa verið, hvort það er frá hermannasjónvarpinu eða hvort það er beinlínis frá íslenzka sjónvarpinu. Ég hef orðið þess var, að myndir í íslenzka sjónvarpinu eru alls ekki ólíkar því, sem Keflavíkursjónvarpið hafði flutt áður.

Þá hefur nokkuð verið minnzt á það og af næstsíðasta ræðumanni alveg sérstaklega, að herstöðvarnar gætu ekki veitt þjóðinni nokkra vörn á ófriðartímum. Ég vildi nú fara um það nokkrum orðum frekar. Það hefur nú farið svo, síðan síðustu styrjöld lauk og varnarsamtökum NATO-sambandsins var komið á laggirnar, að friður, fullkominn friður, hefur haldizt í Evrópu og enginn hefur seilzt til yfirráða á landsvæðum annarra. Hverjum er þetta að þakka? Ég tel það alveg vafalaust, að þetta ástand sé fyrst og fremst að þakka tilveru NATO. Það er valdið, sem menn fara eftir í þessu efni, eins og mörgum öðrum. Ef við trúum því, að það séu fyrir hendi varnarskilyrði nægileg, ráðast þeir ekki inn í það land. Við getum minnzt á hlutleysi nokkurra landa í s. l. stríði, heimsstríði. Hvernig fór fyrir Hollandi og Belgíu, Danmörku og Noregi, vegna þess að þeirra varnarmáttur var lítill? Hvernig fór fyrir Svíþjóð, hvernig fór fyrir Sviss, af því að þeirra varnarmáttur var mikill? Það, sem árásarseggir á borð við nazistana í heimsstyrjöldinni óttast og óttast eitt, er það, að þeir geti ekki sigrazt á þeim mönnum, sem þeir vilja eiga í höggi við eða leggja út í baráttu við.

Valdajafnvægið í Evrópu, sem komizt hefur á með tilvist NATO, er áreiðanlega sterkasta aðgerðin til varðveizlu friðarins í Evrópu. NATO-samtökin sækjast ekki eftir yfirráðum hjá einum eða neinum. Þau eru einungis til þess sett, að varnarmáttur þessara þjóða, sem hafa gengið í þessi samtök, verði það sterkur, að það sjái enginn sér fært eða vilji ráðast á þau.

Annars held ég, að það liggi nú alveg ljóst fyrir, að það er ekki ástæða til þess að setja niður þá n., sem hér er lagt til, að gert verði, til þess að rannsaka þau atriði, sem hér eru nefnd. Umr. hafa allar eða mest af þeim verið um allt aðra hluti, styrjöldina í Víetnam, hættulega stefnu Bandaríkjastjórnar og ýmislegt þess háttar. Ég er tilbúinn, eins og ég sagði áðan, til þess að ræða þau atriði, þegar það á við, en vil ekki blanda þeim inn í það, sem hér er flutt, þ. e. a. s. um þessa till. um rannsóknarnefndina samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Hv. 4. landsk. þm. taldi, að ég hefði tekið of djúpt í árinni með því að segja, að hann væri óvinveittur Bandaríkjunum eða Bandaríkjastjórn. Ég endurtek það nú, að ég tel, að hans málflutningur, bæði hér og annars staðar, sýni ekki mikla vináttu við þessa þjóð, a. m. k. ekki við ráðamenn þessarar þjóðar. Hann sagði, að annaðhvort væri um að ræða fullkominn undirlægjuhátt hjá mér og þeim, sem svipaðar skoðanir hafa, eða þá gagnrýni, sem hann vildi nú kalla heilbrigða gagnrýni, sem hann vildi láta koma fram og hefur verið að flytja bæði hér og annars staðar. Ég held, að það sýni ekki mikla vináttu við Bandaríkjaþjóðina að flytja sín mál á þann veg, sem hann hefur gert.

1. þm. Norðurl. e. sagði, að menn skiptust í tvennt, tvo andstæða hópa, annar teldi allt gott, sem Bandaríkin gerðu, og hinn teldi allt illt, sem þau hefðust að. Ég tel, að það sé mikið rétt í þessu. Það er stór hópur þjóðarinnar, sem hefur skipzt í þessa tvo andstæðu hópa, annars vegar að þykja allt gott sem kemur úr einni átt, og hinn, sem þykir allt illt, sem kemur þaðan. Þetta er hættulegast að mínu viti. Ég tel, að menn eigi að leggja dóm á aðgerðir Bandaríkjamanna eins og annarra eftir þeim verkum, sem eftir þá liggja, og ekki að hafa fyrir fram tekna afstöðu gegn þjóðinni í öllu, sem hún gerir.

Ég tel sem sagt ekki ástæðu til að fara ýtarlegar út í umr. um Víetnam-styrjöldina, um heildar-utanríkisstefnu Bandaríkjanna, heldur tel ég rétt, að við höldum okkur hér við þá 5 punkta, sem lagt er til, að rannsakaðir verði og ég hef rætt um og gefið mínar skýringar á, en ekki verði teknar upp almennar umr. um Bandaríkin og þeirra stefnu í utanríkismálum.

Ég skal ekki draga úr því, að umr. um Víetnam-málið og um stefnumál Bandaríkjanna verði teknar upp hér sérstaklega, þegar það er til umræðu, en ég álít, að það sé ekki rétt að blanda því inn í þessa umr. hér. Ég skal svo endurtaka það, að ég hef ekki á móti því, að till. verði vísað til n., en ég er jafnákveðinn í því fyrir mitt leyti að greiða atkvæði gegn henni, þegar hún kemur, a. m. k. í þessu formi, sem hún er hér.

Umr. frestað.

Á 79. fundi í Nd., 21. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Má ekki vænta þess, að hæstv. utanrrh. komi hér og verði viðstaddur umr.? Ég ætlaði að svara nokkrum atriðum í ræðu, sem hann flutti, þegar málið var hér seinast á dagskrá. (**Forseti:** Ég lét hæstv. utanrrh. vita um, að umr. mundi hefjast hér kl. 5, svo að ég á von á honum nú á hverri stundu. Ég skal hins vegar láta ítreka það við hann, að umr. sé hafin og þess hafi verið óskað, að hann væri hér nærstaddur.)

Já, herra forseti. Í umr. að undanförnu hafa komið fram tvenns konar andmæli gegn því, að kjörin verði rannsóknarnefnd til þess að kanna tiltekna þætti hernámsins. Hæstv. utanrrh. hefur lagzt gegn till. með þeim rökum, að ekkert sé athugavert við þau atriði, sem talin eru upp í till., og því sé rannsókn ástæðulaus. Hv. 1. þm. Vestf., Sigurvin Einarsson, hefur hins vegar andmælt hugmyndinni um rannsóknarnefnd á þeim forsendum, að lítils árangurs sé af rannsókninni að vænta vegna þess, hvernig Alþ. er skipað, eða m. ö. o., vegna þess að hernámssinnar hafi verið í meiri hl. hér á þingi, sé þn. ekki treystandi til þess að framkvæma haldgóða rannsókn.

Báðar eru þessar mótbárur byggðar á misskilningi á eðli rannsóknar. Rannsókn á auðvitað ekki að vera fólgin í því, að menn gefi sér niðurstöður fyrir fram og leiti síðan að þeim röksemdum einum, sem samrýmast hinni gefnu niðurstöðu. Það þætti lélegur rannsóknardómari, sem byrjaði á því að kveða upp dóminn, en tæki síðan að rannsaka málavexti og hagnýtti það eitt úr rannsókninni, sem honum hentaði. Að rannsókn verða menn að ganga opnum huga í þeim tilgangi að komast að öruggri niðurstöðu um flókin vandamál eða reyna að skera úr um ágreining. Um það ættu naumast að vera skiptar skoðanir, að hernámsmálin eru mjög örlagarík fyrir Íslendinga, og allir vita, að mikill ágreiningur er um þau efni, sem talin eru upp í till. Einmitt af þeim ástæðum er farið fram á rannsókn.

Það er gjörsamlega órökrétt hjá hæstv. utanrrh., þegar hann leggst gegn rannsókn á þeim forsendum, að hún muni örugglega sanna, að hann hafi á réttu að standa í hernámsmálunum. Ef hæstv. utanrrh. er í raun inni þeirrar skoðunar, ætti hann að vera manna áfjáðastur í að láta framkvæma slíka rannsókn án tafar. Andstaða hans stafar annað tveggja af órökréttri hugsun eða skorti á heilindum. Það er einnig algerlega röng afstaða hjá hv. 1. þm. Vestf., þegar hann telur rannsókn því aðeins koma að gagni, að eintómir hernámsandstæðingar framkvæmi hana. Í því er fólgið það viðhorf að kveða upp dóminn á undan rannsókninni. Það er Alþ. Íslendinga, sem eitt hefur vald til þess að taka ákvarðanir um hernámsmálin og alla þætti þeirra, og því er það verkefni Alþ. eins og það er skipað hverju sinni að afla sér sem gleggstrar vitneskju um öll þau vandamál, og alþm. ber eins og öðrum að virða þá reglu að hafa það heldur, sem sannara reynist. Ef niðurstaða rannsóknar rekst á fyrri skoðanir manna, ber að breyta þeim skoðunum.

Ég skil að vísu efasemdir hv. 1. þm. Vestf. um það, að íslenzkir stjórnmálamenn bregðist þannig við. Það hefur lengi verið siður stjórnmálamanna hérlendis að ríghalda í fornar skoðanir, enda þótt þróunin sjálf hafi gengið af þeim dauðum. Hér er það t. d. mjög vinsæl ræðuaðferð að berja andstæðinga í höfuðið með 10—20 ára gömlum tilvitnunum og telja það ámælisvert, að menn haldi ekki áfram að tönnlast á slíkum staðhæfingum fram á grafarbakkann. En þvílíkar ásakanir eru oft ómaklegar með öllu. Raunsæir stjórnmálamenn hljóta að meta vandamál hvers tíma á sjálfstæðan hátt. Grundvallarskoðanir þeirra eiga ekki að vera neinar formúlur, heldur leiðsögn til athafna. Úrræði, sem einu sinni var talið rétt, getur orðið alrangt 10—20 árum síðar. Og þetta á einmitt alveg sérstaklega við um hernámsmálin. Á því sviði hafa orðið ákaflega gagngerar breytingar á undanförnum 17 árum. Jafnvel þótt menn séu enn þeirrar skoðunar, að þeir hafi tekið réttar ákvarðanir, þegar þeir kölluðu hernámið yfir okkur 1951, geta þeir talið, að hernámið eigi engan rétt á sér 1968. Einmitt þess vegna er farið fram á rannsókn, svo að málavextirnir sjálfir skeri úr í stað steinrunninna skoðana, sem ekki eru í neinum tengslum við nútímann. Ég álít það fráleitt með öllu að telja afstöðu hernámsflokkanna þriggja óumbreytanlega; því aðeins ræðumst við við hér á þingi, að við gerum okkur vonir um að geta haft áhrif hver á annan. Og því mundi ég telja það feng, ef Alþ. skipaði n. til þess að rannsaka hernámsmálin, eins þótt andstæðingar mínir hefðu meiri hl. í n. Um þetta efni getum við mikið lært af öðrum þjóðum. T. d. ef Bandaríkjamönnum, svo ég víki að fyrirmynd, sem ætti að vera ýmsum þm. að skapi. Bandarískar þingnefndir gera mjög mikið að því að ástunda rannsóknarstörf, jafnt fastanefndir þingsins sem sérstakar rannsóknarnefndir. Nú nýlega hefur utanrmn. öldungadeildarinnar t. d. rannsakað ýmsa þætti Víetnam-styrjaldarinnar og yfirheyrt utanrrh. landsins klukkutímunum saman fyrir opnum tjöldum. Þessi síðasta rannsókn var m. a. merkileg að því leyti, að þar kom í ljós, að allur þorri nm. hafði skipt um skoðun á styrjöldinni í Víetnam. N. hafði með rannsóknum sínum fengið vitneskju um staðreyndir, sem urðu til þess, að menn hurfu frá skoðunum, sem reyndust byggðar á sandi. Þannig eiga að vera viðbrögð manna, sem eru vandir að virðingu sinni. Ég tel því fulla ástæðu til að halda fast við till. um rannsóknarnefnd. Hitt fyndist mér sjálfsagt að taka upp viðræður um það, hvort breyta ætti orðalagi till. eða tiltaka verksvið rannsóknarnefndarinnar á annan hátt en þar er gert, eins og 1. þm. Vestf. mæltist til. Gætu einhverjar slíkar breytingar stuðlað að samstöðu um till., er einsætt að fallast á þá málsmeðferð.

Í ræðu sinni s. l. þriðjudag vék hæstv. utanrr-

rh. enn að efnisþáttum till. og endurtók aðeins fyrri sjónarmið sín án þess að bæta nokkru nýju við, og ég sé ekki ástæðu til að fara í neitt endurtekningakapphlaup við hæstv. ráðh. Þó langar mig enn að víkja nokkrum orðum að því, sem hæstv. ráðh. sagði um ráðstafanir til að koma í veg fyrir kjarnorkuslys. Hæstv. ráðh. taldi það enn sem fyrr fullnægjandi að hafa fengið munnlegar yfirlýsingar bandaríska sendiherrans og hernámsstjórans á Keflavíkurflugvelli þess efnis, að það væri stefna Bandaríkjastjórnar um þessar mundir að hafa ekki kjarnorkuvopn á Íslandi og láta flugvélar með slík vopn ekki fljúga í íslenzkri lofthelgi. Endurtekningar hæstv. ráðh. á þessum atriðum sýna, að honum hefur ekki enn tekizt að gera sér grein fyrir því, í hverju vandinn er fólginn. Hér er einmitt um það að ræða, hvert öryggi er fólgið í yfirlýsingum af þessu tagi. Ástæðan til þess, að hér eru hafnar umr. um þetta mál, er sú, að hliðstæðar yfirlýsingar höfðu reynzt gagnslausar að því er tók til Grænlands. Bandaríkin höfðu heitið Dönum því hátíðlega, að kjarnorkuvopn væru ekki höfð á Grænlandi og ekki flogið með slík vopn um grænlenzka lofthelgi. Samt rigndi fjórum helsprengjum yfir Grænland, og er enn verið að leita að geislavirkum brotum. Þegar hæstv. ráðh. er spurður, hvaða aðgerðir hann geti hugsað sér til þess að koma í veg fyrir, að slíkir atburðir gerist hér á landi, stoðar ekki fyrir hann að vitna í nýjar yfirlýsingar, því að það hefur einmitt sannazt í verki, að yfirlýsingarnar standast ekki. Það þarf meira til, og ég spyr hæstv. ráðh. enn, hvaða öryggisráðstafanir telur hann vænlegar fyrir Íslendinga á þessu sviði?

Hæstv. ráðh. gat þess í ræðu sinni, að kjarnorkuslysið við Thuleflugvöll hefði stafað af tilraun til neyðarlendingar. Flugmaðurinn hefði verið að reyna að bjarga lífi sínu, og var svo að heyra sem þetta ætti að vera réttlæting á atburðinum. Ber þetta svo að skilja, að hæstv. ráðh. mundi telja það heimilt, að bandarískar flugvélar með kjarnorkuvopn nauðlentu hér á landi, í Reykjavík, Keflavík, Akureyri eða annars staðar, ef flugmennirnir lentu í vanda? Auðvitað er neyðarlending hættulegust allra lendinga, ef kjarnorkuvopn eru innanborðs. Ef menn hafa ekki stjórn á farartæki sínu, er langmest hætta á því, að slys hljótist af. Að sjálfsögðu hefði það verið eitt af því, sem hæstv. ráðh. hefði þurft að brýna fyrir bandarískum valdamönnum, að slíkar flugvélar mættu ekki undir neinum kringumstæðum nauðlenda á Íslandi. Ef menn fljúga með slík vopn, mega þeir ekki taka lífsvon sína fram yfir öryggi annarra.

En fyrst við erum farnir að tala um kjarnorkumál, er rétt að víkja örlítið nánar að þeim, því að hæstv. ráðh. hefur ekki enn gert neina skýra grein fyrir stefnu íslenzkra valdamanna á þessu sviði. Ég geri ráð fyrir, að yfirlýsingar hans um kjarnorkumál og kjarnorkuvopn á Íslandi séu hugsuð sem ítrekun á þeirri samþykkt Atlantshafsbandalagsins frá 1957, að ekki skuli höfð kjarnorkuvopn í nokkru ríki bandalagsins, án þess að stjórnarvöld þess ríkis hafi samþ. það. Hinar loðnu yfirlýsingar hæstv. ráðh. eru einvörðungu innan þess ramma. Mér þykir hins vegar ástæða til þess að spyrja, hvort hæstv. ríkisstj. hafi ekki sjálf neina frambúðarstefnu í þessu máli. Er ríkisstj. Íslands reiðubúin til þess að lýsa yfir því, að Ísland sé og verði kjarnorkuvopnalaust svæði? Að hér séu ekki kjarnorkuvopn og þau verði ekki heimiluð hér heldur framvegis? Slík stefna væri í samræmi við yfirlýsingar, sem þegar hafa verið gefnar af ýmsum löndum heims. Hún væri tvímælalaust í samræmi við vilja meginþorra þjóðarinnar og frambúðaröryggi landsmanna, og hún mundi samrýmast einkar vel þeirri stefnu kjarnorkurisanna að standa gegn dreifingu kjarnorkuvopna í heiminum um þessar mundir. Ég vil fara þess á leit við hæstv. utanrrh., að hann gefi skýr svör um þetta atriði.

Í ræðu minni, sem ég flutti hér áður um þetta mál, kvaðst ég vilja nota tækifærið til þess að ræða hernámsmálin almennt, og ég skoraði á málsvara annarra flokka að gera slíkt hið sama. Ég benti á, að þess væri enginn kostur að réttlæta hernámið með sögulegum röksemdum frá 1951, vegna þess hve stórfelldar breytingar hefðu orðið á alþjóðamálum og hernaðartækni á þeim tíma. Ég reyndi að setja mig í spor þeirra manna, sem kölluðu hernámsliðið inn í landið, og sýndi fram á, að þau rök, sem þá voru notuð, duga engan veginn nú. Þeir menn, sem vilja sætta sig við hernámið 1968, verða að færa að því ný rök, og þeim ber skylda til þess að gera þjóðinni skýra grein fyrir stefnu sinni. Íslendingar mega ekki hvika frá þeirri grundvallarafstöðu, að þeir vilji búa einir og óháðir í landi sínu. Frávik frá þeirri stefnu verða að vera tímabundin, og þeir menn, sem mæla með slíkum frávikum, verða að færa fyrir því rök, sem þeir telja fullgild. Engin slík rök hafa heyrzt frá fulltrúum hernámsflokkanna um langt skeið. Aðeins endurtekning á staðhæfingum, sem urðu til við allt aðrar aðstæður.

Þrír þm. Framsfl. hafa gert grein fyrir afstöðu sinni í þessum umr. Hv. þm. Magnús Gíslason og Sigurvin Einarsson fluttu hér mjög skýrar og afdráttarlausar ræður. Og ég tel sérstaka ástæðu til að fagna málflutningi þeirra, vegna þess að ég veit, að hann er í samræmi við skoðanir yfirgnæfandi meiri hl. framsóknarmanna um land allt. Hins vegar stóðu þessir þm. ekki að ákvörðuninni um hernámið 1951. Þeir voru andvígir þeirri ákvörðun þá og hafa verið það æ síðan. Það voru önnur öfl í flokknum, sem mótuðu hina opinberu stefnu og tóku á sig ábyrgð á þeim ákvörðunum, sem teknar voru 1951. Einmitt þess vegna taldi ég hina stuttu ræðu, sem hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, formaður þingflokks Framsfl., flutti hér, mjög athyglisverða. Eysteinn Jónsson lýsti yfir því, að hernámsmálin þörfnuðust ýtarlegrar endurskoðunar miðað við ný viðhorf og okkar eigin

reynslu, og hann bætti því við, að nýtt mat þyrfti að leiða til endurskoðunar varnarmála. Í orðum þessa þm. fannst mér einmitt birtast það opna viðhorf, sem ég var að lýsa eftir. Og mér finnst ástæða til að vænta þess, að þessi hv. þm. og aðrir þeir framsóknarmenn, sem stóðu að ákvörðuninni 1951, geri fljótlega nánari og skýrari grein fyrir breyttri afstöðu sinni.

Af hálfu Sjálfstfl. hefur enginn tekið þátt í þessum umr. enn sem komið er. Þó hefur verið skorað sérstaklega á hæstv. forsrh. að skýra frá skoðunum sínum, vegna þess að hann hefur öðrum mönnum frekar mótað stefnu flokksins í utanríkismálum. En auðvitað ættu fleiri þm. Sjálfstfl. að vera sjálfgefnir þátttakendur í slíkum umr. Ég vil minna á það, að hæstv. forseti þessarar d., Matthías Á. Mathiesen, hefur að undanförnu verið formaður Þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins og hefur eflaust aflað sér margvíslegrar og fróðlegrar vitneskju í því starfi. Því aðeins höfum við not af því að eiga fulltrúa í alþjóðlegum stofnunum af þessu tagi, að þeir leyfi Alþ. Íslendinga að njóta góðs af. Þar á ekki að vera um neitt einkafyrirtæki að ræða. Svo stórfelldar breytingar hafa orðið á högum Atlantshafsbandalagsins að undanförnu, að Alþ. Íslendinga verður að vega þær og meta á sjálfstæðan hátt. Ég vil því ítreka þá áskorun mína til málsvara Sjálfstfl., að þeir geri grein fyrir afstöðu sinni til hernámsmálanna í samræmi við aðstæðurnar um þessar mundir. Hins vegar má vel vera, að fulltrúar stjórnarflokkanna vilji síður taka þátt í almennum umr. um þessi mál í sambandi við till. um rannsóknarnefnd. Ef svo er, er sjálfsagt að leita samkomulags um aðra tilhögun. Hæstv. utanrrh. sagði t. d. í síðustu ræðu sinni hér, að hann vildi við þessa umr. einvörðungu binda sig við þau efnisatriði, sem rakin eru í till. um rannsóknarnefndina. Og hann bætti því við nokkurn veginn orðrétt, að hann teldi æskilegt að taka hernámsmálin til umr., þegar tími til þess væri ákveðinn sérstaklega. Ég gæti mjög vel fallizt á slíka tilhögun. Þá væri eðlilegast, að sá háttur væri á hafður, að hæstv. ráðh. flytti Alþ. skýrslu um þessi mál og um viðhorf og stefnu ríkisstj. í sambandi við þau, og síðan færu fram almennar umr. Mundi ég þá telja eðlilegt, að hluti af þeim umr. yrði fluttur á einhvern hátt í hljóðvarpi og sjónvarpi, eins og tíðkast í ríkjum, þar sem það er talið sjálfsagt verkefni fjölmiðlunartækja að kynna almenningi hin brýnustu vandamál hverju sinni. Ég tek sem sé undir þessa till. hæstv. utanrrh. og vænti þess, að hann geri nánari grein fyrir henni hér á eftir, hvenær hann gæti hugsað sér, að slík umr. færi fram, og hvernig henni yrði háttað.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Í þeim umr., sem hér hafa farið fram um þessa þáltill., hefur það komið fram, að sumir þm. eru ekki ánægðir með það form, sem á till. er, og m. a. kom það fram hjá hv. 1. þm. Vestf., að hann teldi, að eðlilegra hefði verið, að till. hefði í rauninni fjallað um það beinlínis, hver væri afstaðan til herstöðvamálsins eða setu hins erlenda hers í landinu, þannig að úr því gæti fengizt skorið hér á Alþ., hver afstaða Alþ. væri til þess stóra máls. Mér finnst, að nokkurs misskilnings gæti í sambandi við þessar aðfinnslur. Sú till., sem hér liggur fyrir, ber það alveg ljóslega með sér, að hún fjallar einmitt um herstöðvamálið. Í lok till., í síðustu mgr., segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í samræmi við 39. gr. stjórnarskrárinnar hefur n. heimild til að heimta munnlegar og bréflegar skýrslur af embættismönnum og einstökum mönnum. Niðurstaða rannsóknarinnar skal lögð fyrir d. eigi síðar en 1. febr. 1969, svo að Alþ. eigi þess kost að taka sjálfstæða afstöðu til herstöðvamálanna árið 1969."

Nú er það kunnugt, að við Alþb.-menn höfum flutt hér á undanförnum árum hvað eftir annað till. um það, að sagt verði upp herstöðvasamningnum og um brottför hersins úr landinu. Þessar till. okkar hafa ekki fengizt afgreiddar hér á Alþ. Við höfum staðið frammi fyrir þeirri staðreynd, að það hefur ekki verið unnt að fá meirihlutasamþykki á Alþ. fyrir afdráttarlausri yfirlýsingu í sambandi við það. Nú freistum við þess að fá fram athugun á þessu stóra vandamáli, að fá fram athugun á því, hvaða gildi herstöðvarnar hafi fyrir landið, fá fram athugun á því, hvaða áhrif hin erlenda herseta hefur haft þann tíma, sem hún hefur varað hér við, og þegar slík athugun lægi síðan fyrir, rækileg athugun, sem fram færi á þessum málum, sem mikið hefur verið deilt um, fengi Alþ. aðstöðu til þess að taka afstöðu í þessum umdeildu málum.

Það fer ekkert á milli mála, að um það hefur verið mikill ágreiningur á milli flokka í landinu á undanförnum árum, hver væri afstaðan til hinna erlendu herstöðva í landinu. Og ég hygg, að enn sé þessi ágreiningur allmikill, þó að vissulega ættu að vera vonir til þess, að menn vildu íhuga á nýjan leik afstöðu sína til þessara mála með tilliti til breyttra aðstæðna. Að vísu má út af fyrir sig alltaf segja það, að margslungin og flókin mál sé erfitt að rannsaka til hlítar. Það er sagt, að það muni vera erfitt að rannsaka það, hvaða áhrif hin erlenda herseta hefur haft hér á ýmsa þætti okkar þjóðlífs. Eflaust er það nokkuð erfitt mál. En margvíslegar rannsóknir eru hafðar í frammi um málefni, sem ekki er auðvelt að fá fulla skýringu á. En þeir, sem hafa gert sér grein fyrir því, að það að hafa erlendar herstöðvar í landinu um langan tíma, hafa erlenda hermenn í landinu í mörg ár, það hafi margvíslegar hættur í för með sér. Þeir geta auðvitað ekki efazt um það, að sæmilega góð rannsókn, sem fram færi á þessu máli, jafnvel þó að hún gæti verið

nokkuð vandasöm og flókin, muni leiða í ljós ýmislegt það, sem gæti haft nokkur áhrif á afstöðu þm. til áframhaldandi hersetu í landinu.

Það er auðvitað engin tilviljun, að allar þjóðir leitast við að komast hjá slíku ástandi eins og að hafa erlenda heri um langan tíma í sínu landi. Reynslan hefur sýnt mönnum það, að af slíkum herstöðvum leiðir margvísleg vandkvæði og margvíslegar hættur. Í þessari till., sem hér liggur fyrir, er m. a. á það minnzt, að fram verði látin fara sérstök athugun á því, með hvaða hætti Íslendingar gætu reynt að koma í veg fyrir það, að atburðir líkir þeim, sem skeðu við Grænland, þegar herflugvél missti niður kjarnorkusprengjur þar á ísinn, gætu komið fyrir hér á landi. Auðvitað vitum við það, að við þær aðstæður, sem við búum, getur verið erfitt fyrir okkur að finna ráð til þess að koma fullkomlega í veg fyrir það, að slíkir atburðir geti gerzt hér. En ég held, að það leiki enginn vafi á því, að auðvitað getum við Íslendingar tekið upp nokkurt eftirlit sjálfir með því, sem er að gerast í þessum efnum í okkar landi. Það liggur sem sagt fyrir, að hingað fljúga til nokkurrar viðkomu hér í landinu margar herflugvélar í margs konar tilgangi á vegum hins erlenda hers. Við gætum sett upp nokkra athugun á því, hvernig þær eru útbúnar og hvað þær flytja með sér hverju sinni. Það var einmitt þetta, sem Danir gerðu, þegar þeir fréttu af atburðunum í Thule. Þá ákváðu þeir að láta sér ekki aðeins nægja sögusögn Bandaríkjamanna um málið, heldur sendu þeir sína eigin menn á staðinn til þess að hefja þar athuganir á málinu og gera umsagnir um það, hvað þarna hefði raunverulega gerzt og hvernig málið allt væri vaxið. Við höfum nú á stuttum tíma heyrt af því, að svona hættulegir atburðir hafi gerzt við Spánarstrendur og við Grænland. Hér er erlend herstöð. Hér er mikið flogið um þetta svæði á vegum hins erlenda hers. Hví skyldum við ekki, eftir að hafa heyrt frá atburðum sem þessum, hví skyldum við ekki reyna að kanna það, hvaða eftirlit við gætum haft með því, að ekki væri brotið á okkur loforð varðandi slíkt flug sem þetta? Auðvitað er hér svo mikið í húfi, að við eigum nokkuð á okkur að leggja til þess að reyna að hafa hér nokkurt eftirlit á. Þetta finnst okkur flm. till. sjálfsagt verkefni í sambandi við þetta mál, að það sé kannað, með hvaða hætti Íslendingar gætu haft þarna nokkru meira eftirlit á til þess að reyna að forða okkur frá hættum af því tagi, sem þarna er um að ræða.

Í þessari till. er einnig að því vikið, að það verði athugað, hver séu raunveruleg áhrif 17 ára samfelldrar hersetu í landinu á t. d. uppvaxandi kynslóð, á siðgæði í fjármálum og siðgæði almennt í landinu. Ég efast ekkert um það fyrir mitt leyti, að það er hægt að efna til rannsóknar af þessu tagi og hún gæti leitt ýmislegt það í ljós, sem meira að segja þeim, sem helzt hafa haldið uppi vörnum fyrir hersetuna, mundi ekki lítast fullkomlega á. Og þó að athugun af þessu tagi sé erfið, eigum við ekki að víkjast undan þeim vanda að láta slíka athugun fara fram. Einmitt á grunvelli slíkrar athugunar, sem Alþ. léti fara fram, ætti að vera miklum mun auðveldara að taka síðan afstöðu til þessa máls. En einmitt á næsta ári eru nokkur þáttaskipti varðandi þessi herstöðvamál eða í sambandi við þátttöku landsins í Atlantshafsbandalaginu.

Ég verð að segja, að af þeim umr., sem hér hafa farið fram, sýnist mér, að afstaða hæstv. utanrrh. sé mjög einkennileg. Hann vill víkja sér undan því að takast á við það vandamál, sem hér er um að ræða. Hann sér enga leið fyrir Íslendinga að hafa neitt eftirlit á í sambandi við hættulegt flug til og frá landinu. Hann sér enga leið til þess að hægt sé að rannsaka á neinn hátt áhrifin af hersetunni. Mér sýnist, að hann gefist hér algerlega fyrir fram upp í sambandi við þetta vandamál og vill þá sannfæra sig um það, að það, sem nú sé í þessum efnum, sé allt gott.

Þá er einnig í þessari till. lagt til, að fram fari allrækileg athugun á því, hvert sé í rauninni, eins og nú er komið, gildi herstöðvanna fyrir varnir landsins. Það neitar því eflaust enginn maður, að frá því að hinn erlendi her fyrst kom í þessar herstöðvar og fram að þessum tíma hafa orðið í þessum efnum gífurlegar breytingar á gildi slíkra herstöðva, og af því er auðvitað full ástæða til þess nú að láta fara fram af Íslendingum sjálfum allnákvæma athugun á því og safna þar með upplýsingum, hvaða gildi þessi herstöð hafi fyrir varnir landsins. Við, sem höfum verið á móti hinni erlendu herstöð frá upphafi, teljum enn sem fyrr, að gildi herstöðvarinnar sé í rauninni ekkert, hafi í rauninni aldrei verið neitt, en þó mætti það öllum vera enn ljósara nú en fyrir 17 árum, að gildi hennar í sambandi við varnir landsins hljóti að vera mjög lítið. En þetta er vitanlega hægt að kynna sér, og það er sanngjarnt, að lögð sé fram fyrir Alþ. ýtarleg rannsókn og skýrsla um það með upplýsingum frá ýmsum aðilum, hvaða gildi herstöðin hafi.

Það finnst mér ekki sæmilegt hjá hæstv. utanrrh. í sambandi við umr. um þetta atriði till. að slá því einfaldlega föstu án nokkurrar röksemdafærslu, að herstöðin hafi enn mikið gildi. Slíkt er vitanlega ákaflega lítils virði að slá slíku fram og eins og hér hefur verið sagt í þessum umr., ef hann tryði því virkilega, að svo væri, ætti hann út af fyrir sig ekki að vera því mótfallinn, að sérstök n. yrði skipuð til þess að draga fram allt það, sem styddi þá þessa trú hans um það, að herstöðin hefði í raun og veru það gildi, sem hann vill vera láta, fyrir varnir landsins. Hitt ætti svo öllum að vera ljóst, að þessi herstöð með hinum erlenda her felur alltaf í sér verulega hættu, ef til ófriðar drægi á milli þess

aðila, sem herstöðina hefur í sínum höndum og einhverra annarra. Þá hefur herstöðin vissulega alltaf í för með sér aukna hættu hér fyrir landsmenn. Og því verður heldur ekki neitað, að það er veruleg hætta á því vegna dvalar hins erlenda hers hér, að hin almenna utanríkismálastefna Bandaríkjanna hafi sínar afleiðingar hér einnig fyrir okkur, að við kunnum að sogast inn í málefni Bandaríkjanna á beinan eða óbeinan hátt, og miðað við þá stefnu, sem þar er haldið uppi í utanríkismálum, sýnist það satt að segja ekkert keppikefli fyrir smáríki eins og okkar að eiga það á hættu að sogast inn í áhrifin af þeirri utanríkismálastefnu. Það hlýtur líka að vera kominn tími til þess, að landsmönnum sé gerð nokkur frekari grein fyrir því, hvenær þess megi vænta af ráðamönnum landsins, að talinn sé tími kominn til þess, að erlendur her verði ekki í landinu, því að ég á erfitt með að trúa því, að það sé opinber fyrirætlun þeirra, sem nú fara með stjórn í landinu, að við skulum búa hér við erlendan her um alla framtíð.

Þá er að því komið, að gerð sé grein fyrir því, hvaða skilyrði þurfi yfirleitt að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tala um friðartíma fyrir okkur Íslendinga, þannig að við getum verið lausir við erlendan her. Satt að segja er í þessum efnum framkoma þeirra, sem málum ráða í þessum efnum hjá okkur, þannig, að helzt er að sjá, að þeir séu farnir að sætta sig við það, að hér eigi að vera erlendur her í landinu til frambúðar, hvernig svo sem ástatt er í heimsmálum.

Í þeim umr., sem hér hafa farið fram um þessa till., hefur verið á það bent réttilega, að ýmsar þær breytingar hafa orðið eimitt nú á síðari árum í samskiptum stórveldа og í samskiptum þeirra landa, sem mest áhrif hafa hér á stöðu okkar Íslendinga, sem eru í þá átt, að mjög hefur dregið úr spennunni, að friðsamlegra verður að teljast á þessum hjara heims en áður var, og því hlýtur sú spurning að koma upp, hvort nú verði ekki einnig af hálfu þeirra, sem stóðu fyrir því að kalla hér erlendan her inn í landið, hvort nú verði ekki að telja, að komið sé upp það ástand, að ástæða sé til að endurskoða hersetumálin hér. Fram á þetta er farið með þeirri till., sem hér liggur fyrir, að efnt verði til rækilegrar athugunar á þessum málum, Alþ. geri skýrslu um mikilvægustu niðurstöðurnar, svo að auðveldara verði, eins og segir í till., fyrir Alþ. að taka sjálfstæða afstöðu til herstöðvamálanna á árinu 1969.

Hér hafa komið fram till. um að breyta þessari till. í það form, að hér verði lagt til, að herstöðvasamningnum verði sagt upp og að hinn erlendi her verði látinn víkja úr landinu. Það þarf auðvitað ekki að taka það fram, að það stendur ekki á okkur Alþb.-mönnum að samþykkja slíka till. eða flytja slíka till. Það höfum við gert hér þing eftir þing í mörg ár, og vissulega væri það gott, ef hægt væri að fá hér atkvgr. á Alþ. um slíka till. En þar sem það hefur ekki enn fengizt, höfum við nú lagt það til, að efnt yrði til rannsóknar um þessi mál með það í huga, að fyrir gæti legið allýtarleg skýrsla um málið sem heild og mikilvægustu þætti þess á næsta ári, þegar tekin verður afstaða til þess, hvort við ætlum að halda áfram veru okkar í hernaðarbandalaginu NATO, sem að formi til hefur þá herbækistöð, sem hér er um að ræða í okkar landi.

Mér finnst nú, að afstaða hæstv. utanrrh. fyrir þessari till. sé, eins og ég hef sagt, furðulega neikvæð og óeðlileg í sjálfu sér, og mér sýnist, að hann hafi ekki fært nein rök fyrir þeirri afstöðu sinni að vilja fella till. og þá enn þá síður fyrir því að vera því sammála, að till. fari til n., og það væri vitanlega hægt að hugsa sér allmiklar breytingar á henni, en leggja eigi að síður til, að hún verði felld, jafnvel þó að hann viti ekki um það, hvernig hún kemur til með að líta út, þegar hún kemur frá n. Mér finnst þessi afstaða hans bera vott um það, að hann vilji ekki helzt af öllu ræða um þetta mál eða takast á við þetta stóra vandamál, sem hér er um að ræða, ekki einu sinni láta fara fram sanngjarna og hlutlausa athugun á málinu sem heild, leiða fram helztu staðreyndir málsins, til þess að þm. geti með eðlilegum hætti tekið afstöðu til þess á næsta ári, hvort við eigum að halda áfram þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og hvort við eigum að standa að því áfram að hafa erlendan her í okkar landi, þrátt fyrir það ástand, sem nú er hér í utanríkismálum í löndunum í kringum okkur. En þrátt fyrir þessa afstöðu, sem hér hefur komið fram hjá hæstv. utanrrh., sem mér finnst vera mjög neikvæð, vænti ég þess, að þessi till. fái hér þinglega meðferð. Samþ. verði, að hún gangi til n., þar verði hún athuguð og að megintilgangur þessarar till. verði viðurkenndur réttur og málið samþ., þó að hér gæti vissulega orðið um einhverjar breytingar á till. að ræða, eins og hefur komið fram frá þeim, sem hafa talað fyrir till. Við því er ekkert að segja, en megintilgangurinn tel ég að þurfi að samþykkja, þ. e., að sú athugun fari fram, sem lagt er til með till. að gera.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfáar aths. út af ræðu þeirra hv. 6. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Austf. Mér fannst svona hálft um hálft, að hv. 6. þm. Reykv. væri að stilla mér upp við hliðina á hæstv. utanrrh. um afstöðu til þessa máls. Það getur verið, að hann hafi ekki meint það, en ég held, að ég sætti mig illa við, að það verði skilið svo a. m. k. Afstaða mín til þessa máls er allt önnur. Ég lýsti yfir vantrú minni á því, að sú rannsókn, sem hér er lagt til, að fari fram, bæri árangur. Og hv. 6. þm. Reykv. túlkaði það svo, að ég byggi það á því, að það yrðu stjórnarsinnar í meiri hl. í þeirri n.

Ég væri þá líklega trúaðri á árangurinn, ef það væru hernámsandstæðingar, sem skipuðu hana.

Nei, ég er ekkert trúaðri á árangurinn frekar fyrir það. Ég álít hvort tveggja fjarri lagi, þ. e. a. s., ég álít það ekki skynsamlegt, að kosin sé pólitísk n. af þeim pólitísku aðilum, sem harðast deila um þetta mál. Það er það, sem ég hef fyrst og fremst á móti n., og ég hef enga trú á því, að þetta beri neinn árangur. Ef hægt væri að finna einhvern hlutlausan aðila til að skipa slíka rannsóknarnefnd, er það annað mál. Ég veit að vísu ekki, hver það ætti að vera. Það væri hægt að hugsa sér Hæstarétt t. d., sem skipaði slíka rannsóknarnefnd, og þó veit ég ekkert, hvort það er fullnægjandi. En að pólitísk n., kosin af þessum stríðandi aðilum, ætti að rannsaka slíkt mál sem þetta, því hef ég ekki trú á. Ég get náttúrlega ekki annað sagt, en hvað ég trúi á og hvað ég trúi ekki á.

Hv. þm. hefur mikla trú á þessari aðferð og hann um það. En það, sem ég lagði megináherzluna á í minni ræðu í gær, var það, að ég hefði kosið, að þetta mál væri flutt í öðru formi, þ. e. a. s. að ekki væri sjálfu hersetumálinu blandað inn í önnur atriði, sem hér eru í þessari till. Þannig væri verið að dreifa athyglinni frá því, sem okkur ríður mest á að ræða og koma í betri höfn en enn er orðið. Báðir þessir hv. ræðumenn, sem hér voru að tala áðan, vildu samt telja þetta aðalkjarna málsins, að rannsókn færi fram á þessum 5 atriðum, sem nefnd eru í þessari till. En sum af þeim a. m. k. snerta ekki beint hersetuna í landinu. Fyrsta atriðið er um, að rannsakað verði, hvernig Íslendingar geti tryggt það, að bandarískar flugvélar búnar kjarnorkuvopnum fljúgi ekki inn í íslenzka lofthelgi. Ég vil nú segja það, að það þyrfti náttúrlega að tryggja þetta, hvort sem hér væri her eða ekki her, svo að þetta er ekki sjálft herstöðvamálið. Ég vil líka benda á, þó að ég lái mönnum ekki að nefna þarna bandarískar flugvélar, að þá þurfum við náttúrlega að tryggja það, hvort sem þessar flugvélar væru bandarískar eða frá einhverri annarri þjóð, því að ekki geta kjarnorkuhlaðnar flugvélar verið skaðlausar frá einhverri annarri þjóð.

Þá er í 2. lið þessarar till. lagt til, að rannsakað verði, hvers vegna ekki var staðið við loforð um takmörkun hermannasjónvarpsins. Úr því sem nú er komið, hef ég ekki sérstakan áhuga á því, að þetta verði rannsakað. Þegar við erum nú lausir við það svona nokkurn veginn, finnst mér annað meira aðkallandi en að fara að rannsaka þetta.

Þá eru ummæli Guðmundar Í. Guðmundssonar hér á Alþ., að það sé rannsakað, hvernig standi á því, að hann hafi ekki farið þar með rétt mál. Það skal ég ekkert segja um, en ekki er það bundið endilega því, hvort við höfum erlendan her í landinu eða ekki, að þetta verði rannsakað.

Í þessari till. eru ýmis atriði, sem dreifa málinu, rugla það, spilla fyrir því, að úr því verði að snúa sér að kjarnanum. Það er þetta, sem ég hef út á till. að setja. Ég veit, að 3. og 4. liður þessarar till. snerta nokkurn veginn beint sjálfa hersetuna í landinu.

Ég lagði aðaláherzluna á það, að þetta mál þyrfti að vera flutt í því formi hér á hv. Alþ., að úr því yrði að snúa sér að aðalmálinu, því, hvort þjóðin á að hafa áframhaldandi hersetu í landinu eða ekki. Og ég endurtek það. Þetta tel ég aðalatriðið. Rannsóknin, sem ætlazt er til, að fari fram, sker alls ekki úr um þetta. Hún gæti kannske leitt í ljós, að við hefðum haft mikið tjón af hersetunni og mundi sjálfsagt gera það. En þar með er ekki sagt, að út úr því kæmu beinar till. um það, hvort hér skyldi vera her eða ekki her.

4. atriðið í till. er um það, hvort nokkur vörn sé í herstöðinni á ófriðartímum, hvort hún mundi ekki fremur kalla háska yfir þjóðina. Ég er alveg sammála flm. um þetta, að hún leiði háska yfir þjóðina og það sé engin vörn í henni. En ég vil helzt dæma um það sjálfur fyrir mig og vil helzt ekki þurfa að vera að hlíta neinum leiðbeiningum, allra sízt erlendra sérfræðinga í hernaðarmálum, um það, hvort við eigum að hafa hérna her. Þó að okkar möguleikar séu takmarkaðir til að dæma um þetta, eigum við að dæma um þetta sjálfir og meira að segja hver og einn einasti maður fyrir sig.

Ég legg aðaláherzluna á það, að sjálfan kjarna þessa máls, um hersetuna í landinu, eigi að flytja umbúðalaust og án þess að blanda öðrum málum þar inn í, og ég geri kröfu til þess, að slíkar umr. fari fram ekki aðeins hér á Alþ. heldur frammi fyrir sjálfri þjóðinni, svo að hún geti heyrt öll rök með því, að her sé hér áfram, og móti því, að herinn sé áfram. Þess vegna er ég óánægður með till. í þessu formi, sem hún er. Hins vegar sagði ég í ræðu minni í gær, að það væri full ástæða til þess að rannsaka sumt af þessu, sem í till. felst. Það væri bara annað meira aðkallandi, og á það legg ég áherzlu. Hv. þm. hafa nú báðir, að ég held, fallizt á þessa skoðun mína og eru jafnvel reiðubúnir til þess að breyta till. Og nú vil ég spyrja þá: Eru þeir ekki reiðubúnir til þess að breyta till. í þetta horf? Ég hef skilið hæstv. utanrrh. svo, að hann hafi ekkert á móti því, að þetta mál, herstöðvamálið, sé tekið til umr. og þá eitt út af fyrir sig hér á hv. Alþ. Ég vænti þess, að þessir hv. flm. segi til, hvort þeir vilja nú breyta þessari till. í það horf, sleppa þessari rannsókn, sleppa þeim atriðum úr till., sem ekki snerta beint hersetu í landinu, og taka málið upp á þennan hátt. Á það legg ég höfuðáherzluna. Ég hef reyndar skilið ræður þeirra núna í dag þannig, að þeir séu ekki fjarri þessu, þó að þeir töluðu ekki nógu skýrt að mínum dómi.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hef látið í ljós við fyrri umr. þessa máls, að

ég teldi óheppilegt að blanda saman þessum till., sem hér liggja fyrir á þskj. 282, og almennum umr. um stefnu Bandaríkjanna í Víetnam og um ýmislegt annað, sem hér hefur borið á góma, og ég lét í ljós einnig við það tækifæri, að ég vildi halda mig við það fyrst og fremst að ræða þessar till. eins og þær liggja fyrir. Nú heyri ég, að hv. 1. þm. Vestf. er að nokkru leyti á sömu skoðun, en hann vill ræða það sérstaklega, hvort hér eigi að vera herstöðvar eða ekki, og það er allt annað mál heldur en það, sem liggur fyrir hér í þessari till.

Ég skal þó aðeins fara nokkrum orðum um það, sem hér hefur komið fram nú. Það er ekki mikið, en ég skal ekki fara að endurtaka, hv. 6. þm. Reykv. til angurs, afstöðu mína til till. Ég hef gert það einu sinni og að hans mati tvisvar, svo að ég geri ráð fyrir, að hann vilji ekki hafa neitt með þær að gera í þriðja sinn. Ég skal þá sleppa þeim líka, en minnast aðeins á nokkur atriði, sem hafa komið fram hér í umr.

Það er þá fyrst, að hjá hv. 4. þm. Austf. kom það fram, að ég væri á móti því, að till. færi í n. Ég hef hvert á móti sagt, að ég væri þess fýsandi, að hún færi í n. Ég orðaði það ekki nákvæmlega eins og hv. 6. þm. Reykv. sagði áðan, en ég sagði orðrétt, eins og hér segir í handriti þingskrifaranna: „Ég skal ekki draga úr því, að þessi umr. um þau mál, *Víetnam-málið og stefnumál Bandaríkjanna*, verði tekin hér sérstaklega, þegar það er til umr., en ég álít, að það sé ekki rétt að blanda því inn í þessa umr. hér.“ En ég skal svo líka endurtaka það, að ég hef ekki verið á móti því, að till. verði vísað til n., eins og ég hafði þá áður tekið fram, svo að það er engin ástæða til þess að óttast það, að þetta mál fái ekki þinglega meðferð. En það er ýmislegt, sem athuga þarf eigi að síður.

Það hefur nú mikið verið rætt, hvert gildi þessara herstöðva sé. Og ég leyfði mér að halda því fram, að þessi stöð í Keflavík eða við Keflavíkurflugvöll hafi gildi. En til þess að skera alveg úr um það lýsti forsrh. því yfir hér í haust, þegar þingið var sett, að ríkisstj. mundi beita sér fyrir því að fá kunnáttumenn til að skera úr því.

Í utanrmn. nú á síðasta fundi kom einmitt þetta atriði til umr., og ég taldi þar, að það mætti gera þessa athugun með tvennu móti: Annaðhvort mætti hugsa sér að fá erlendan sérfræðing frá hlutlausu landi til þess að gefa þessa umsögn eða við réðumst í það, að einhver Íslendingur fengi þá herfræðilegu menntun, sem til þess þarf, að þessi athugun færi fram, og hann gæti vegna sinnar kunnáttu og þekkingar þá sagt álit sitt um það, hvaða gildi þessi stöð hefur. Í n. hölluðust menn að því, fyrst og fremst af því að það væri fljótvirkara, að fá hingað sérfræðing frá hlutlausu landi til þess að gera þessa athugun. Hitt mundi taka nokkuð langan tíma, að fá mann sérmenntaðan í þessu skyni, og ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. taki það gilt, þegar forsrh. hefur lýst þessu yfir, að það muni verða gert. En í n. hölluðust menn að þessu, að það væri fljótvirkara og betra, að við fengjum hingað menn frá hlutlausu landi til þess að gefa þessa skýrslu eða gefa þetta álit, en hitt væri of seinvirkt.

Þá hefur nokkuð verið rætt um það, hvort herinn ætti að vera hér til frambúðar og hvaða mörk ætti að setja við dvöl hans hér. Það er ekki óeðlilegt, þó að þessi skoðun komi fram, *ég skal viðurkenna það*. En *ég tók* það fram í minni fyrri ræðu um þetta, að þó að herinn væri ekki hér og landið væri hlutlaust og vopnlaust, væri ekki í þessari afstöðu fólgin nein sú trygging, sem gæti gert okkur kleift að vera nokkurn veginn öruggir með okkar hlutleysi. Hlutleysi hefur ekki reynzt nægjanlegt í ýmsum löndum til þess að komast hjá innrás. Það vitum við bæði frá Noregi, Danmörku, Hollandi, Belgíu og fleiri löndum, sem ekki vildu blanda sér í síðustu heimsstyrjöld, að hlutleysisyfirlýsing þeirra dugði ekki og jafnvel ekki sá herafli, sem þeir höfðu með höndum, heldur voru þeir herteknir og ekki virt þeirra hlutleysisyfirlýsing.

Það var líka sagt hér, að aðrar þjóðir vildu komast hjá hersetu frá öðrum þjóðum. Það viljum við raunar líka. Það er ekki um það að ræða. En á meðan ástandið í heiminum er eins og það er í dag, þar sem búast má við kannske á hverri stundu, að til stórátaka komi, álít ég okkar öryggi miklu betur borgið með því að hafa einhvern herafla í landinu en engan. Við horfðum upp á það á s. l. sumri, að stórátök fóru fram fyrir botni Miðjarðarhafs, sem hæglega hefðu getað breiðzt út. Enn í dag er barizt heiftarlega í Víetnam, eins og kunnugt er, og menn eru ekki óhræddir um, að þessi átök geti breiðzt út, ef þeim verður haldið áfram miklu lengur. Þess vegna tel ég, að á meðan nokkur trygging er að okkar mati fyrir því, að okkur sé betur borgið með þessum herstöðvum en ekki, eigum við að halda þeim. Hins vegar er ég alveg sammála því, að ef mat manna á hættunni er þannig, að hún sé ekki yfirvofandi, eigum við að losa okkur við herstöðvarnar.

Þá kom líka fram hjá hv. 4. þm. Austf. spurningin um það, hvort við eigum að vera áfram í NATO. Eins og kunnugt er, er heimilt að losa sig úr samtökunum þegar 20 ár eru liðin frá því að í stofnun þessa félagsskapar var ráðizt, en það var 1949. Það var nokkuð rætt um það í fyrra, þegar Frakkar losuðu sinn herafla undan sameiginlegri stjórn NATO, að þá mundu fleiri þjóðir sennilega gera slíkt hið sama eða e. t. v. ganga úr þessum félagsskap. Ég held, að ég megi fullyrða það, að engin af þeim 14 þjóðum, sem þarna voru þá eftir með venjulega bátttöku, muni gera slíkt, þ. e. a. s. að undanskildum Frökkunum, sem þó eru meðlimir og vilja áfram vera meðlimir eftir þeirra eigin yfirlýsingu, þó að þeir vilji ekki setja sinn eigin her undir þessa sam-

eiginlegu stjórn. En ég má segja það, að allir þessir 14, sem eftir eru með fullri þátttöku, lýstu því mjög greinilega yfir, að þeir mundu a. m. k. fyrst um sinn ekki segja sig úr samtökunum. Það er enginn vafi á því, að tilvist NATO hefur orðið til þess, að friður hefur haldizt í Evrópu og ekki hefur komið þar til stærri átaka. Bara það, að þessi samtök eru til, gerir það að verkum, að það er meira öryggi í álfunni en áður.

Hv. 6. þm. Reykv. vildi ekki gera mikið úr þeirri yfirlýsingu, sem ég fékk hjá yfirmanni varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og sendiherra Bandaríkjanna hér. Hann vildi slá því föstu, að mér skilst, að það hafi verið svikið, sem Dönum hafi verið lofað, þ. e. a. s. að fara ekki með þessar sprengjur yfir Grænland. En eins og ég tók fram áður, var þarna kannske um að ræða sérstök áhrif, sem flugmaðurinn var undir, af því að hann þurfti að nauðlenda. Átti hann frekar að fara í sjóinn og fyrirfara sér með það sama, eða átti hann að freista lendingar? Ég tel það ósköp mannlegt, að maðurinn hafi gert það síðara. En það þurfa engan veginn að vera fólgin í því nein svik af hálfu Bandaríkjastjórnar, vegna þess að þetta er skyndiákvörðun mannsins að reyna að koma sér úr lífsháska.

Ég skal ekki fara út í það að ræða miklu meira till. sjálfar, sem hér liggja fyrir. Ég hef lýst minni afstöðu til þeirra. Ég tel till. og þá rannsókn, sem þar er farið fram á á fimm tilteknum atriðum, óþarfa, vegna þess að það liggi fyrir upplýsingar um sum þeirra og um sumt sé ekki unnt að afla þessara upplýsinga. Ég veit ekki t. d., hvernig við ætlum að fara að hafa eftirlit með því, að engar amerískar sprengjuflugvélar fljúgi hér með kjarnorkuvopn, hvernig við ættum að fara að því, ef við tortryggjum Bandaríkjamennina. Ef við trúum því, að þeir haldi sín loforð, er yfirlýsing frá þeim náttúrlega fullgild, og ég efast ekkert um það, að hún sé það. En hvernig hægt er að tryggja það, það sé ég ekki, á meðan herinn er hér staddur og hefur hér sína bækistöð.

Svo er hér slegið föstum hlut, sem ekki virðist hafa neitt sannleiksgildi, og það er fimmta atriðið í till., þar sem segir: „Hvaða upplýsinga er unnt að afla um þær áætlanir, sem vitað er, að NATO hefur gert um hugsanlega íhlutun bandalagsins í innanríkismál þátttökuríkjanna?" Fulltrúi Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu hefur skýrt frá því, að þetta mál hafi alls ekki komið til umr. í bandalaginu, og þar er enginn fundur haldinn, nema einhver sé með frá okkar landi, þannig að þeir hlytu að hafa vitað, ef einhverjar svona till. væru á ferðinni. En mér finnst, að í þessu máli og málflutningi þeirra, sem fyrir till. hafa talað, gæti þess, að þeir vilji annars vegar tortryggja þær yfirlýsingar, sem Bandaríkjastjórn hefur gefið í þessu sambandi, og í öðru lagi að búa til sakir, sem eru ekki byggðar á neinum raunveruleika.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. En ég get vel fallizt á, eins og ég hef raunar lýst áður, að till. fari til n., og kannske verður hún þar umorðuð, eins og hv. 1. þm. Vestf. var að leggja til, og þá er að taka afstöðu til þess, þegar þar að kemur.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mér er ljóst, að ég er búinn að ljúka eðlilegum ræðutíma mínum hér og mun því aðeins bæta við örfáum orðum út af ræðu hæstv. utanrrh.

Mér finnst ákaflega furðulegt að heyra það hér æ ofan í æ, að við séum ekki dómbærir, íslenzk stjórnarvöld séu ekki dómbær á vandamál hernámsins. Hæstv. ráðh. hefur undir sér býsna stórt rn. Því er meira að segja skipt í tvo hluta; í því er sérstök varnarmáladeild, sem á einvörðungu að fjalla um hernámsmálin, og í tengslum við hana starfar sérstök varnarmálanefnd, og eflaust kann ég ekki að telja allar þær stofnanir, sem komið hefur verið á laggirnar í tengslum við hernámið. Þessum stofnunum er ætlað að fylgjast með þessum málum af Íslands hálfu, afla sér vitneskju og taka þátt í að gera stjórnarvöldunum kleift að mynda sér skoðanir um málið. Síðan kemur yfirmaður þessarar stofnunar hér æ ofan í æ og segist ekki vera dómbær um hlutina; það þurfi að sérmennta einhverja menn til þess að leggja til vitið fyrir ríkisstj. Hvers konar afstaða er þetta eiginlega? Við erum hér með sjálfstætt ríki og þeir menn, sem við felum að gegna hér ábyrgðarstörfum, eiga að gegna skylduverkum sínum. Og þeim má ekki haldast það uppi að koma hér aftur og aftur fram fyrir alþm. og segjast ekki vera dómbærir á þau mál, sem þeir eiga að sinna.

Annars var erindi mitt hingað fyrst og fremst það að minna hæstv. ráðh. á það, að ég beindi til hans tveimur spurningum, sem hann svaraði ekki. Ég bað hann í tilefni af umr. um kjarnorkumál að greina frá því, hvort hæstv. ríkisstj. hefði einhverja frambúðarstefnu um þau mál, hvort hún væri reiðubúin til þess að lýsa því yfir sem stefnu íslenzkra stjórnarvalda, að Ísland ætti að vera kjarnorkuvopnalaust svæði til frambúðar, að kjarnorkuvopn yrðu ekki heimiluð hér á Íslandi. Ég bað hæstv. ráðh. að svara þessari spurningu, og hann gerði það ekki. Í annan stað minnti ég hæstv. ráðh. á það, að í ræðu sinni hér áður kvaðst hann vera reiðubúinn til þess að taka þessi mál til sérstakrar umr., þegar tími væri ákveðinn til þess. Ég spurði hæstv. ráðh. um það, hvort hann væri reiðubúinn að standa við þessa yfirlýsingu sína, hvenær hann mundi vilja hafa þá umr. og hvernig hann vildi haga henni. Ég vil beina því eindregið til hæstv. ráðh., að hann svari þessari spurningu.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég minntist á það núna í minni ræðu, og ég gerði það líka í gær, að ég hefði ekki á móti því, að hér færi fram umr. eins og þessi, sem

hv. 6. þm. Reykv. er nú að biðja um, að fari fram. Ég sagði þá, og ég skal standa við það, að ég skal mæta við þá umr., þegar þetta mál verður tekið fyrir. Mér skilst hins vegar, að það sé rétt, að þeir, sem vilja þessa umr. eða beita sér fyrir henni, komi þá með till. um það og við höldum þá umr. á venjulegan, þinglegan hátt. Ég tel þetta vera alveg fullkomið svar við því, sem hann er alltaf að spyrja um.

Hitt er, hvort við höfum enga stefnu í kjarnorkumálum. Vissulega höfum við stefnu. Við höfum marglýst því yfir, að við værum á móti því, að hér væru geymd kjarnorkuvopn, og við værum líka á móti því, að hér væri flogið yfir íslenzka lofthelgi með kjarnorkuvopn, og við höfum fengið fyrir þessu þá tryggingu, sem ég tel, að sé nægileg. (**MK**: Ber að skilja þetta sem frambúðarstefnu?) Það er stefna okkar í dag, en sú stefna getur breytzt. Það er ómögulegt að móta nú stefnu, sem á að gilda fyrir alla eilífð. Það er mjög fávíslegt að hugsa sér að mynda sér eða móta sér stefnu lengra heldur en maður sér fram fyrir sig.

Þá þótti hv. þm. það undarlegt, að varnarmálanefnd og utanrrn. væru ekki dómbær um þá hluti, sem þeim væri falið að annast. Ja, ég verð nú að segja það, að í öllum rn. og við mörg verk eru yfirmenn þeirra mála ekki sérfræðingar í ýmsum atriðum, sem framkvæmdir þeirra snertir. Ég segi fyrir mig, og ég hygg, að það sama væri um hv. 6. þm. Reykv. að segja líka, að ef við ættum að fara að leggja mat á hernaðarlegar aðgerðir, dygði ekki þekking okkar til þess, heldur yrðum við að fá þar til menn, sem við treystum, og sem hefðu vit á því, hvað þeir væru að segja. Þó að hv. þm. færi að hafa hér einhverjar skoðanir um hertæknileg mál, þá mundi ég ekki taka mikið mark á þeim, ef hann ætlaði að mynda sér þær skoðanir sjálfur. Hitt er nauðsynlegt, þegar um slík mál er að ræða, að það séu fengnir til menn, sem hafa vit á því, sem þeir eru að gefa umsögn um. Þó að það sé hér varnarmálanefnd, er ekki hægt að ætlast til, að í henni séu neinir sérfræðingar, vegna þess að við eigum enga sérfræðinga í þessum málum, og þess vegna var líka sú hugsun, sem kom upp í ríkisstj., að það gæti vel komið til álita, að við reyndum að mennta einhverja menn til þess að verða færir um að gefa málefnalegar umsagnir um þessi mál.

Það var ekki meira, sem hv. þm. spurði um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 81. fundi í Nd., 25. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 26:2 atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá meiri hl. allshn., á þskj. 653, var útbýtt 18. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

28. Lánskjör atvinnuveganna.

Á 90. fundi í Nd., 4. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um lánskjör atvinnuveganna [184. mál] (A. 510).

Á 90. fundi í Nd., 5. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 95. fundi í Nd., 9. apríl., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

29. Heykögglavinnslu- og fóðurbirgðastöðvar.

Á 61. fundi í Ed., 22. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um heykögglavinnslu- og fóðurbirgðastöðvar [147. mál] (A. 312).

Á 62. fundi í Ed., 26. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 63. fundi í Ed., 27. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús H. Gíslason): Herra forseti. Þáltill. sú á þskj. 312, sem hér er til umræðu og flutt er af mér og hv. 2. þm. Austf., Páli Þorsteinssyni, er um það, að ríkisstj. feli Landnámi ríkisins í samráði við viðkomandi búnaðarsambönd að koma á fót, ef athugun sýnir, að það sé hagkvæmt, þremur til fjórum fóðurbirgðamiðstöðvum á Norður- og Austurlandi. Teljum við flm. till. fyllilega tímabært orðið, að hafizt sé handa um undirbúning slíkra framkvæmda með hliðsjón af þeim miklu áföllum, sem bændur í þessum landshlutum hafa orðið fyrir af völdum fóðurskorts að undanförnu.

Fátt eða jafnvel ekkert hefur háð íslenzkum landbúnaði eins frá fyrstu tíð og fóðurskorturinn. Bændur landsins hafa frá öndverðu og allt til síðustu ára bókstaflega talað átt alla sína efnahagslegu afkomu undir sól

og regni. Ef grasbrestur varð verulegur eða nýting heyja slæm sökum brigðullar og harðhnjóskulegrar veðráttu eða af völdum annarra náttúruafla, var vá fyrir dyrum þjóðarinnar allrar, svo mjög sem hún hefur allt fram á yfirstandandi öld verið háð viðgangi landbúskapar um afkomu sína. Af fóðurskortinum leiddi tíðum skepnufelli og í kjölfar hans vergang og síðan hungurdauða landsmanna hópum saman.

Hér hefur sem betur fer mikil og góð breyting á orðið. Margháttaðar tæknilegar framfarir og visindi hafa komið hér til hjálpar sem og á öllum öðrum sviðum framleiðslunnar og þjóðlifsins yfirleitt. Grasvöxtur, sem oft var rýr vegna vorkulda einna saman, á meðan húsdýraáburður var einvörðungu notaður, er nú með aukinni notkun tilbúins áburðar og vaxandi þekkingu bænda á réttri notkun hans tiltölulega tryggur orðinn víða um land, komi kalskemmdir ekki til. Votheysgerð og súgþurrkun stuðla í vaxandi mæli að því að gera bændur smátt og smátt óháðari veðráttunni með verkun heyjanna. Notkun innlends og erlends kjarnfóðurs gerir kleift að komast af með minni heyfeng handa búfénu en áður var unnt, þótt um kjarnfóðurgjöfina í þeim mæli sem hún er nú sums staðar orðin sé deilt og megi deila, og vissulega er þar auðgert að ofgera.

En þrátt fyrir allt þetta, hefur þó dýrkeypt reynsla síðari ára sýnt, að enn erum við ærinn spöl frá því marki, að allir bændur séu ávallt öruggir um nægjanlegt, heimafengið heyfóður, hvað sem í skerst. Það hafa hinar gífurlegu og geigvænlegu kalskemmdir í sumum landshlutum undanfarin ár fært okkur heim sanninn um. Þótt við notum nægan áburð og þótt við notum hann skynsamlega, kemur fyrir lítið að bera á dauða jörð, og það er einmitt kalið, sem undanfarin ár hefur gerzt svo harðleikið við tún fjölmargra bænda á Norður- og Austurlandi, að heyfengur þeirra hefur reynzt alls ónógur til að fleyta fram bústofninum. Fjölmargir bændur, kannske ekki hvað sízt á kalsvæðunum, hafa minni bústofn en svo, að hann veiti þeim raunverulega viðunandi lífsafkomu, hvað þá að hann megi við minnkun. Bændur og samtök þeirra hafa brugðizt þann veg við þessum vanda að aðstoða þá, sem harðast hafa orðið úti, um kaup á kjarnfóðri og útvegun heys í þeim landshlutum, sem aflögufærir hafa verið. Sú aðstoð hefur að sjálfsögðu verið bæði erfið og kostnaðarsöm, en í það hefur ekki verið horft, en ljóst er, að leita þarf annarra úrræða til þess að mæta þessari hættu. Fóðurbætisgjöf úr hófi fram er kostnaðarsöm, hvað þá ef til hennar þarf að koma ár eftir ár, og verður að teljast neyðarúrræði. Útvegun heys, kaup á því og flutningur um óravegu, oft við hinar erfiðustu aðstæður er einnig neyðarúrræði, sem þar að auki getur brugðizt.

Bændur, samtök þeirra og þeir visindamenn, sem í þágu þeirra starfa, velta nú mjög fyrir sér, hvernig bregðast skuli við kalhættunni og afleiðingum hennar. Mér er ekki kunnugt um, að komizt hafi verið í þeim efnum að einhlítri niðurstöðu enn sem komið er. Sú hugmynd hefur hins vegar skotið upp kollinum, að fóðurbirgðamiðstöðvar í líkingu við þær, sem till. okkar hv. 2. þm. Austf. ráðgerir, geti komið að gagni. Mundu þær þá væntanlega, ef reynsla bendir til, að hér væri rétt stefnt, rísa upp á nokkrum stöðum norðan- og austanlands og ef til vill víðar. Mér er kunnugt um, að málið er komið á þann rekspöl t. d. í Skagafirði, að það hefur verið rætt þar á búnaðarsambandsfundi og í stjórn búnaðarsambandsins, og ég veit ekki betur en Pálmi Einarsson landnámsstjóri hafi verið þar með í ráðum. Munu þessir aðilar hafa ákveðið landsvæði í huga í þessu augnamiði, þar sem er norðvesturhluti Vallhólmsins. Þarna er um að ræða óhemjuflæmi samfellds, auðræktanlegs lands, sem nú er ekki notað til neinnar hlítar og þar að auki svo vel í sveit sett, að naumast getur betra verið. Ég hygg, að það sé rétt, að undirbúningi málsins norður þar sé ekki lengra komið en hér er frá skýrt og í bili muni hafa steytt á því skeri, að ekki reyndist unnt að ná eignarhaldi á öllu því landi, sem í huga var haft, en vonir standa til, að úr því muni rætast. Á líka lund þykir mér trúlegt að verði farið að annars staðar, ef hugmyndin um slíkar fóðurmiðstöðvar, sem hér er gert ráð fyrir, fær byr. Kosta þarf kapps um að ná eignarhaldi á stórum og sem samfelldustum ræktanlegum landsvæðum, sem liggja vel við samgöngum, og æskilegast væri að sjálfsögðu, ef jarðhiti væri þar í nánd. Vera má, að slík landsvæði liggi ekki alls staðar á lausu, en það kemur að sjálfsögðu í ljós við nánari athugun málsins.

Í till. okkar hv. 2. þm. Austf. er talað um 3—4 fóðurbirgðamiðstöðvar í tveimur landsfjórðungum. Að sjálfsögðu er ógerlegt að slá neinu föstu um þá tölu, nema að undangenginni vandlegri athugun. Hér er einnig aðeins talað um stöðvar norðan- og austanlands. Þar með er þó engu slegið föstu um, að þeirra sé ekki víðar þörf, t. d. vestanlands, en þyngstum búsifjum held ég, að kalið hafi nú um sinn valdið á Norður- og Austurlandi, og því eru þeir landshlutar einkum nefndir hér í þessari till.

Þó talað sé um heykögglavinnslu í sambandi við fóðurbirgðamiðstöðvarnar, er ekki þar með sagt, að horfið yrði að þeirri meðhöndlun fóðursins þegar í upphafi. Byrjunaraðgerðir yrðu að sjálfsögðu í því fólgnar, að tryggja stöðvunum nægjanlegt land og rækta það. Í framhaldi af því gæti svo komið, til að byrja með að minnsta kosti, að leigja þeim bændum, sem fyrirsjáanlegur fóðurskortur yrði hjá vegna grasleysis, landspildur þessar til heyskapar. Víða er það svo, þar sem ég þekki bezt til, að gott grasár getur verið í góðsveitum, þótt síðar og lakar spretti á annesjum, til dala og á þeim býlum, sem hærra liggja frá sjó en almennt gerist. Bændur á þessum

jörðum geta oft ekki hafið slátt fyrr en hálfum mánuði til þrem vikum seinna en aðrir og þaðan af meira. Ættu þeir kost á túnspildum hjá fóðurbirgðamiðstöðvunum, gætu þeir heyjað þar á meðan beðið væri eftir sprettu heima fyrir, lengt þannig heyskapartímann og tryggt sér frekar nægjanlegt fóður til vetrarins. Sjálfsagt vilja einhverjir segja, að slíkum harðbalabýlum eigi ekki að halda í byggð. Þar ber þó eins og endranær að líta til fleiri en einnar áttar. Oft eru þetta góðar beitarjarðir til fjalls og fjöru. Þar getur verið kjarnlendi meira en annars staðar gerist, og þannig er oft hægt að komast þar létt af með sauðfé og hafa það þó vænt. Þar geta verið margháttuð hlunnindi, sem naumast verða nýtt nema á jörðunum sé búið. Þannig getur eitt og annað að því stutt, að jörðinni beri að halda í byggð, þótt til beggja vona geti brugðizt með sprettu á túnum, þegar kaldan blæs.

Flutningur á heyjum frá fóðurmiðstöðvunum og heim til notendanna ætti ekki að vera ýkja kostnaðarsamur né erfiðleikum bundinn, því að að sjálfsögðu færi hann fram að sumrinu. Ég hygg, að þótt ekki sé í upphafi lengra horft en til slíkrar félagsræktunar og heyöflunar hjá fóðurbirgðastöðvunum, gæti hún áður en langt um líður tryggt fóðurþörfina í verulegum mæli, í flestum árum a. m. k. Væri þá mikill sigur unninn.

Hérlendis hefur nokkuð verið fengizt við heymjöls- og grasköggluagerð. Klemenz á Sámsstöðum reið þar á vaðið með grasmjölsgerð árið 1948 og framleiddi af því um 30 smálestir á ári næstu 12 ár. Sumarið 1960 hófst Samband ísl. samvinnufélaga handa um framleiðslu grasmjöls í verksmiðju sinni á Stórólfsvelli, og um líkt leyti byrjuðu framkvæmdir ríkisins við fóðurframleiðslu í Gunnarsholti. Var þar í fyrstu um kornrækt að ræða, en sumarið 1964 hófst þar mjöl- og grasköggluagerð. Þá hefur og verið komið á fót grasmjölsverksmiðju í Brautarholti á Kjalarnesi. Að því er ég hygg, var þessi fóðurframleiðsla eingöngu bundin við grasmjöl fram til ársins 1964. Ox hún á þessu árabili úr 230 smálestum árið 1961 í 962 smálestir árið 1964. Mest var framleiðslan 1966, 1100 smálestir. Heyköggluagerðin hefur verið reynd í þrjú ár. S. l. ár gaf hún 515 smálestir á móti 815 smálestum af grasmjöli. Erfitt er að draga ályktun um eðlilegan kostnað við þessa fóðuröflun af þeirri reynslu, sem fengin er. Framleiðslan hefur verið mjög mismikil frá ári til árs og oft og tíðum lítil miðað við afkastagetu þurrkaranna. Rekstur stöðvanna gefur því mjög ónákvæma mynd af þeim árangri, sem unnt ætti að vera að ná, væri afkastagetan fullnýtt.

Landbúnaðarvísindamenn á Norðurlöndum velta nú mjög fyrir sér hinum mismunandi fóðurverkunaraðferðum. Hefur athygli þeirra nú einkum staðnæmzt við hina svonefndu hraðþurrkun fóðursins og síðar kögglun. Komið hefur í ljós, að efnatap hraðþurrkaðs fóðurs er ekki nema 5—10% á móti 10—25% í votheyi og 15—25% í súgþurrkuðu heyi. Kostirnir við hraðþurrkun eru m. a. þeir, að sú heyverkun er algerlega óháð veðurfarinu og efnatapið sáralítið, sem aftur sparar kraftfóðurgjöf, einkum próteinfóðurs. Aftur á móti er hraðþurrkunin nokkuð kostnaðarsöm. Þeir annmarkar hafa komið í ljós á grasmjöli og heykögglum þeim, sem til þessa hafa aðallega verið framleiddir, að ekki er unnt að fóðra á þeim einvörðungu. Nú er hins vegar hafin á Norðurlöndum framleiðsla köggla, sem eru af stærri gerð og þar sem strá og blöð haldast nokkuð heilleg. Talið er, að með þeim kögglum sé óþarft að gefa annars konar heyfóður. Enn er það talið kögglunum til gildis, að mjög mikill vinnusparnaður og verkaléttir er að því að fóðra á þeim miðað við gjöfina á öðru fóðri. Vinnusparnaðurinn og verkaléttirinn við heygjöfina og aukin nýting efna í fóðrinu er talin vega fyllilega á móti því, sem það er dýrara í framleiðslu en annað fóður, eftir því sem rannsóknir, sem fram hafa farið á þessu, benda til.

Hér skal engin tilraun gerð til þess að áætla neinn kostnað við framkvæmd þessa máls. Til þess skortir mig flest gögn, enda má segja, að öll áætlanagerð sé nokkuð í lausu lofti hjá þjóð, þar sem slíkur glundroði og öryggisleysi ríkir í efnahagsmálum og hér og svo snarráðir menn halda um stjórnvöl, að segja má, að enginn viti, er hann sofnar að kvöldi, nema búið sé að fella gengi peninganna, þegar hann vaknar að morgni. Ljóst er þó, að til þess að reisa 3—4 fóðurbirgðamiðstöðvar, eins og talað er um í till., muni þurfa allmikið fé, og það enda þótt ekki yrði þegar í upphafi horfið að heyköggluagerð.

Ég hygg, að þegar litið er til þess annars vegar, hversu dýrt og erfitt hefur verið að bæta úr fóðurskortinum, og hins vegar þess öryggis, sem slíkar fóðurmiðstöðvar eiga að geta veitt, verði stofnkostnaðurinn ekki svo ýkjaþungur á metum. Hér yrði efalaust í upphafi aðeins um að ræða stofnun einnar slíkrar stöðvar í tilraunaskyni, eins og segir í till. En trú mín er sú, að sú tilraun muni leiða af sér áframhald á sömu braut.

Okkur tillögumönnum sýnist eðlilegt, að ríkisstj. feli Landnámi ríkisins að hafa á hendi forgöngu um þetta mál, enda hefur það með höndum framkvæmd skyldra verkefna, og leita til þess samvinnu við búnaðarsamböndin í þeim landshlutum, þar sem stöðvarnar eru reistar. Þarf ekki að efa, að þau yrðu fús til þess samstarfs.

Horfur eru á, að stofnun nýbýla verði í minna mæli nú um sinn en verið hefur undanfarin ár, enda sjálfsagt umdeilanlegt, hversu réttmætt sé að fjölga býlum í landinu, eins og sakir standa. Af þessum sökum má ætla, að Landnámið hafi þegar á þessu ári nokkurt fé afgangs frá venjulegum framkvæmdum, og er ósýnt, að því verði betur varið á annan hátt en til byrjunaraðgerða í þessu máli. Ég vænti þess, að hv. alþm. taki þessari till. vinsamlega. Þegar allt kemur til alls, er þjóðin

öll á einum báti. Þegar að kreppir hjá einni stétt, er það ekki einkamál hennar. Þjóðin öll geldur þess með einum eða öðrum hætti. Þess vegna er það ekki aðeins lífshagsmunamál bændastéttarinnar, að hún verði aðstoðuð við að verja búfénað sinn fóðurskorti, heldur er það hagsmunamál alþjóðar. Og í trausti þess, að sá skilningur ríki hér innan veggja hv. Alþ., læt ég máli mínu lokið.

Herra forseti. Ég leyfi mér svo að mælast til þess, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til hv. landbn.

ATKVGR.

Till. vísað til landbn. með 17 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

Fyrirspurnir.

1. Breytingar á vísitölunni.

Á deildafundum 17. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til fjmrh. um breytingar á nýju vísitölunni [10. mál, 1] (A. 10).

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Sþ., 25. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Við 1. umr. um efnahagsráðstafanir hæstv. ríkisstj. skýrði ég frá því, að ég hefði beðið hagstofustjóra að skýra mér frá því, hvernig nýja vísitalan hefði breytzt, en hagstofustjóri hefði neitað mér um þá vitneskju. Síðar í umr. tók hæstv. fjmrh. á sig ábyrgðina af þessari neitun, enda þóttist ég vita það, að hagstofustjóri hefði ekki tekið upp hjá sjálfum sér að neita alþm. um vitneskju um hagfræðilegar staðreyndir. Hæstv. fjmrh. gerði þá grein fyrir neituninni, að ekki hefði verið tímabært að skýra frá breytingum á nýju vísitölunni, þar sem það mál hefði verið í deiglunni. En nýja vísitalan hefur öldungis ekki verið í neinni deiglu nú að undanförnu. Hún er þannig til komin, að með júní-samkomulaginu 1964 var ákveðið að láta búa til nýjan vísitölugrundvöll, sem gæfi skýrari og réttari mynd af neyzlunni en sá, sem nú er í gildi. Síðan var unnið að því að afla gagna til þess að semja þennan vísitölugrundvöll á árinu 1965, og því verki var lokið í ársbyrjun 1966, og þá var þessi nýja vísitala reiknuð út í fyrsta skipti samkv. þessum grundvelli, og það hefur síðan verið gert ársfjórðungslega. Jafnframt var reiknað aftur í tímann, breytingar á verðlagi samkv. þessari nýju vísitölu voru reiknaðar frá því í júní 1964. Ýmsar staðreyndir um þessa útreikninga voru birtar í skýrslu til hagráðs frá Efnahagsstofnuninni, en hún kom út fjölrituð í ágúst í fyrra. Þar var sagt frá, hvernig ýmsir liðir vísitölunnar hefðu breytzt, en heildarútreikningar á vísitölunni sjálfri voru ekki birtir þar. En sem sagt, þessi vísitala hefur ekki verið í neinni deiglu að undanförnu, og það hefði ekki átt að vera neitt launungarmál, hvað útreikningar á henni hafa sýnt. Og ég verð að telja það ákaflega ámælisvert að reyna að fela slíkar staðreyndir fyrir alþm.

Hagskýrslugerð á Íslandi er ekki það fjölskrúðug eða fullkomin, að ástæða sé til að fela það, sem unnið er á því sviði, og aðstaða þm. til þess að kynna sér af eigin raun ýmis vandamál, sem við er að etja, er sannarlega ekki góð heldur. Það væri frekar ástæða fyrir hæstv. ríkisstj. að greiða götu alþm. í slíkum störfum, en reyna að torvelda þeim þau.

Ég bað hæstv. fjmrh. að skýra frá breytingum á vísitölunni þegar við 1. umr. um efnahagsráðstafanirnar. Hæstv. ráðh. tók máli mínu ljúflega, en nefndi þó aðeins eina tölu. Hann sagði, að nýja vísitalan hefði hækkað um 7.1% frá 1. febr. 1966 til 1. maí í ár. En það, sem ég fer fram á, er að sjálfsögðu fullkomin greinargerð um allar breytingar á nýju vísitölunni á því tímabili, sem útreikningar ná yfir, og þar á ég ekki aðeins við heildarvísitöluna, heldur einnig hvernig einstakir liðir hennar hafa breytzt. Ég geri mér að sjálfsögðu ljóst, að það er gagnslítið að lesa slíkar tölur upp úr ræðustóli, og vil beina því til hæstv. ráðh., að hann láti prenta skýrslu um þetta atriði og útbýta henni hér meðal þm. Ég mundi þá telja alveg sjálfsagt, að þar fylgdi með sjálfur grundvöllur vísitölunnar. Eins og ég hef áður vikið að, er það algerlega fráleitt að ætlast til þess, að Alþ. Íslendinga lögfesti nýjan vísitölugrundvöll, án þess að alþm. hafi fengið að sjá hann.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég tel nú ekki ástæðu til að fara að ræða hér sérstaklega það, sem hv. þm. sagði um, hvernig stæði á því, að Hagstofan hefði ekki dreift fyrr út upplýsingum varðandi nýju vísitöluna. Ég sagði það, þegar efnahagsmálin voru hér á dagskrá, ég svaraði þá fsp. frá hv. þm., að

ástæðan væri sú, að rn. hefði ekki talið rétt, meðan málið væri á algeru athugunarstigi, að vera að dreifa út einstökum upplýsingum, nema hægt væri að taka málið til heildarmeðferðar. Slíkt gat verið villandi og leitt til mjög óheppilegra umr. um málið. Þar sem hins vegar nú hefur verið ákveðið að leggja til, að þessi vísitala verði lögfest, er að sjálfsögðu ekkert, sem hindrar það, að allar upplýsingar um málið séu gefnar, þá er hægt að ræða það frá öllum hliðum og hefur að sjálfsögðu alltaf staðið til, þegar það skref yrði stigið, að allar upplýsingar yrðu um málið gefnar.

Fsp. hv. þm. er þess efnis, hvernig vísitala sú, er miðast við neyzlurannsókn frá 1965, hafi breytzt síðan tekið var að reikna hana út. Þessi fsp. er nokkuð óljós, og kann svar mitt að bera þess nokkur merki, vegna þess að þegar átt er við breytingar á vísitölunni, er almennt talað um heildarvísitöluna, hvað hún hafi breytzt, og ég hef því miðað svör mín við það.

Samkv. þeim upplýsingum, sem liggja fyrir í aths. með frv. ríkisstj. um efnahagsaðgerðir, voru útgjöld hinna hundrað fjölskyldna, sem þátt tóku í neyzlurannsókninni, færð fram til verðlags 1. febr. 1966. Síðan hefur þessi nýi vísitölugrunnur verið reiknaður þriðja hvern mánuð miðað við verðlag 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv. Ef heildarútgjöld hins nýja grundvallar 1. febr. 1966 eru sett 100, eru samsvarandi vísitölur síðan þá sem hér segir:

1. maí 1966, 103 stig. 1. ágúst 1966, 105.2 stig. 1. nóv. 1966, 106.1 stig. 1. febr. 1967, 106.3 stig. 1. maí 1967, 106.7 stig og 1. ágúst 1967, 107.1 stig. Næsti útreikningur hins nýja grunns verður miðaður við 1. nóv. n. k.

Þess má geta um leið, að núgildandi framfærsluvísitala hækkaði á tímabilinu frá 1. febr. 1966 til 1. ágúst 1967 úr 133.1 stigi í 195.1 stig eða 6.6%, en sú hækkun var til komin, áður en verðstöðvunaraðgerðirnar hófust. Að öðru leyti vil ég vísa hér til grg., sem ég hef látið útbýta til allra hv. þm. Henni fylgir yfirlit, er sýnir meðalársútgjöld hinna 100 fjölskyldna, annars vegar miðað við 1. febr. 1966 og hins vegar 1. ágúst 1967 með skiptingu í neyzluflokka. Þar er og hlutfallsleg skipting neyzluútgjalda samkv. hinum nýja vísitölugrunni borin saman við skiptingu útgjalda samkv. gildandi framfærsluvísitölu.

Nú skal ég ekki um það fullyrða, hvort þessar upplýsingar fullnægja að öllu leyti því, sem hv. þm. var að ræða um. Ég býst að vísu ekki við, að þær fullnægi að því leyti til, að það sé birt, hvaða breyting hafi orðið á hverju því tímabili, sem ég gat um, á hverjum einasta lið vísitölunnar. Það er auðvitað hægt að komast eftir því líka, ef menn vilja, en eins og hv. þm. sagði, er þetta svo flókið mál og tölulegt, að það er ómögulegt að vera að lesa það upp hér, svo að ég valdi heldur þann kost að láta útbýta þessu skjali, og telji menn það ekki fullnægjandi, er hægurinn hjá, að frekari upplýsinga verði aflað í sambandi við frv. um efnahagsaðgerðir, þar sem vísitölumálið er einmitt tekið til meðferðar.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Eins og hann sagði, er hér um að ræða ákaflega flókið mál, en einnig ákaflega mikilvægt, og ég hef ekki aðstöðu til þess að leggja neitt út af þeim svörum, sem hér hafa komið frá hæstv. ráðh. að þessu sinni. En ég vil vænta þess, að ef það kemur í ljós, að maður hafi hug á að fá frekari vitneskju, liggi hún eftirleiðis á lausu.

2. Rekstur Tryggingastofnunar ríkisins.

Á deildafundum 17. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um kostnað við rekstur Tryggingastofnunar ríkisins [10. mál, 2] (A. 10).

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Sþ., 25. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég mun leitast við að svara þeim skriflegu fsp., sem fram hafa verið bornar, eftir því sem upplýsingar liggja fyrir um. Eins og hv. alþm. sjá, eru fsp. þessar í nokkrum liðum, þó að ótölusettir séu, en ég vona, að efnisröðunin á svörunum komi heim og saman við uppröðunina á fsp.

Í des. 1966 voru fastráðnir starfsmenn við aðalskrifstofu í Reykjavík og bótagreiðslur hjá Tryggingastofnun ríkisins 52, lausráðnir 23, en á árinu höfðu auk þess 67 menn tekið greiðslur, sem færðar hafa verið á launakostnað, fyrir stjórnarstörf, nefndarstörf, endurskoðun, tímabundin sumarstörf og ræstingu og höfðu hætt störfum á árinu. Launagreiðslur til þessara aðila námu allt árið 14.917.648,75 kr. Annar kostnaður við stofnunina nam 15.525.809,02 kr. En þar í er falin greiðsla til úthlutunarnefnda atvinnuleysisbóta, umboðsmanna og ríkissjóðs vegna starfa á skrifstofu umboðsmanna 8.647.142,71 kr., og er því kostnaður skrifstofunnar í Reykjavík 6.878.666,31 kr.

Samkv. lögum eru sýslumenn og bæjarfógetar umboðsmenn stofnunarinnar, og hefur það verið túlkað svo, að þar sem sérstakir lögreglustjórar starfa, svo sem í Hólshreppi

og á Keflavíkurflugvelli, séu þeir einnig umboðsmenn stofnunarinnar. Þessir umboðsmenn eru 25 talsins, en starfsmenn þeirra, sem vinna að tryggingarmálum, eru starfsmenn ríkisins og ekki skráðir á starfsskrá hjá Tryggingastofnuninni sérstaklega, enda ríkissjóði greiddar samtals 6 millj. kr. á árinu 1966 vegna starfa þeirra manna og annars kostnaðar þar að lútandi. Aðalstörf umboðsmanna eru umboðsstörf fyrir lífeyristryggingar, móttaka bótaumsókna, úrskurður bóta annarra en heimildarbóta, útborgun bóta og reikningsskil. Allir þessir umboðsmenn eru innheimtumenn ríkissjóðs, og sem slíkir innheimta þeir iðgjöld til stofnunarinnar hver í sínu umdæmi og framlög sveitarfélaganna. Sýslumenn eru formenn stjórna héraðssamlaga, en það eru störf fyrir hlutaðeigandi sjúkrasamlög, sem þó hlíta umsjón og yfirstjórn Tryggingastofnunarinnar. Tryggingastofnunin leitar að jafnaði til þeirra um aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru úr umdæminu. Umboðsmenn eiga að endurskoða bótaúrskurði í héraði til atvinnuleysingja og greiða til úthlutunarnefnda. Fyrir þessi störf öll greiðir Tryggingastofnunin, eins og áður segir, ríkissjóði 6 millj. kr. á árinu 1966, en umboðslaun og innheimtulaun og annar kostnaður utan Reykjavíkur greiddur á árinu 1966 nam 2.647.142,71 kr., eða samtals kostnaður utan Reykjavíkur 8.647.142,71 kr. Það skal fram tekið, að umboðsmenn hafa nokkur afskipti af slysatryggingu og að jafnaði eru slysabætur greiddar til embættanna, sem skila þeim til bótaþega. Eins og þegar er fram tekið, eru umboðsstörfin fyrst og fremst og aðallega unnin vegna lífeyristrygginga, en lífeyristryggingarnar bera lögum samkv. kostnað vegna umsjónar og yfirstjórnar sjúkratrygginga. Önnur starfsemi á vegum Tryggingastofnunarinnar er slysatryggingar, erfðafjársjóður, byggingarsjóður aldraðs fólks, afgreiðsla og reikningshald atvinnuleysistryggingasjóðs, lífeyrissjóðs togarasjómanna, lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóðs barnakennara, lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna og lífeyrissjóðs ljósmæðra. Þeir sjóðir, ef um verulega starfsemi er að ræða, eru látnir taka þátt í kostnaði stofnunarinnar, og nam þátttaka þeirra á árinu 1966 9.097.709,25 kr. Samkv. því er rekstrarkostnaður lífeyristrygginga á árinu 1966 talinn alls 21.345.748,52 kr., sem eins og áður segir skiptist milli aðalskrifstofu í Reykjavík og umboða utan Reykjavíkur. Kostnaður við aðalskrifstofu var 12.938.529,78 kr., en við umboðsskrifstofur 8.407.118,74 kr.

Þar með vænti ég, að fsp. hv. fyrirspyrjanda sé svarað.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Ég þakka fyrir svörin.

3. Verndun hrygningarsvæða.

Á deildafundum 24. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til sjútvmrh. um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins [25. mál, 1] (A. 25).

Á 7. fundi í Sþ., 25. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 42 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 25 eftirfarandi fsp. til hæstv. sjútvmrh.:

„Hvað líður framkvæmd þál., sem samþ. var á Alþ. 11. apríl 1962, um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins?“

Alllangt er síðan mál það, sem fsp. fjallar um, var rætt hér á Alþ. og því ástæða til að rifja það upp í mjög stórum dráttum. Þáltill. sú, sem ég flutti hér á sínum tíma, hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að fela Fiskifélagi Íslands og fiskideild atvinnudeildar Háskóla Íslands að gera till. um tímabundna friðun ákveðinna hrygningarsvæða við strendur landsins.“

Till. fylgdi stutt grg., sem ég einnig vil leyfa mér að lesa upp, þar sem hún skýrir tilgang sjálfrar till. En grg. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Allir munu viðurkenna, að með útfærslu grunnlínanna og útfærslu fiskveiðitakmarkanna í 12 mílur, hafi bátaflota landsmanna verið skapað stærra athafnasvæði en áður var og öruggara, þar sem erlendum fiskiskipum er nú bægt frá öllum veiðum á þessu svæði. Verður þetta að teljast góð og raunhæf þróun fyrir alla, sem þennan atvinnuveg stunda, og tryggir vonandi undirstöðu þessarar atvinnugreinar. Það ber þó að hafa í huga í þessu sambandi, að á undanförnum árum hefur bátafloti landsmanna aukizt mjög. Hefur hann aukizt bæði að tölu og stærð, auk þess sem afkastageta hans hefur margfaldazt á við það, sem áður var, vegna aukinnar tækni við veiðarnar og tilkomu nýrra og aflasælli veiðarfæra en áður þekktust. Með hliðsjón af þessu tel ég, að gæta verði þess, að hinum fengsælu fiskimiðum við strendur landsins verði ekki eytt með ofveiði og rányrkju.

Við Suður- og Suðvesturland, á svæðinu frá Vestmannaeyjum að Reykjanesi, munu vera hin stærstu hrygningarsvæði, sem vitað er um við strendur landsins. Allstór hluti af bátaflota landsmanna stundar veiðar að vetri til á þessu svæði og einmitt á þeim tíma, er hrygning aðalfiskstofns okkar, þorskstofnsins, fer fram. Þegar er farið að gæta nokkurs uggs um það hjá þeim sjómönnum, sem veið-

ar stunda á þessu svæði, að minnkandi afli bátaflotans á vetrarvertíð á þessum slóðum kunni að eiga rót sína að rekja til ofveiði á þeim hrygningarsvæðum, sem þar eru. Vil ég í þessu sambandi skírskota til ályktunar, sem skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi í Vestmannaeyjum samþykkti á fundi sínum árið 1957 og send var sjútvmrn., þar sem bent var á nauðsyn þess að friða vissan tíma árs ákveðin hrygningarsvæði á tilgreindum stöðum. Tel ég því tímabært, að fiskifræðingum okkar í samráði við þá aðila, sem aflað hafa sér í áratugi haldgóðrar reynslu í þessu sambandi, verði falin athugun á, hvort ekki sé nauðsynlegra aðgerða þörf í þessu sambandi, og ef svo reynist, að gera till. til eðlilegra úrbóta."

Þetta var sú stutta grg., sem till. fylgdi. Till. þessari var á sínum tíma vísað til allshn., sem afgreiddi málið með nál., dags. 3. apríl 1962, og lagði n. til, að tillgr. yrði samþ. þannig orðuð:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að gera hið fyrsta nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæmdar verði rannsóknir á hrygningarsvæðum nytjafiska við landið."

N. hafði leitað umsagnar Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar Háskólans um málið, og voru þær prentaðar í nál. sem fskj. Niðurstaða í umsögn Fiskifélagsins hljóðaði þannig, með leyfi forseta:

„Fiskiþingið ályktar, að rannsaka þurfi betur en orðið er nauðsyn þess að friða hrygningarstöðvar þorsksins umhverfis landið og felur því fiskimálastjóra að halda þessu máli vakandi við fiskifræðinga og hlutast til um, að löggjöf verði sett um málið, ef ráðlegt þykir."

Niðurstaða í umsögn fiskideildar atvinnudeildar Háskólans hljóðaði þannig, með leyfi forseta. Ég skal aðeins taka eitt mjög stutt atriði út úr því, sem ég tel, að þurfi að koma fram, en að öðru leyti ekki misnota tímann. En þessi grein, sem ég vildi taka út úr umsögn fiskideildar atvinnudeildar Háskólans, er aðeins tvær línur og hljóðar þannig:

„Það virðist því vera allvel séð fyrir viðgangi stofnsins í venjulegu ári og tæplega ástæða til þess að minnka sóknina af þeim sökum."

Verður að telja, að niðurstaða allshn. og umsögn Fiskiþings séu jákvæðar, en umsögn fiskideildar atvinnudeildar Háskólans síður, þar sem hún telur, að allvel sé séð fyrir viðgangi þorskstofnsins í venjulegu ári og tæplega ástæða til að minnka sóknina af þeim sökum, eins og þar segir.

Það, sem fyrir mér vakir með fsp., er að fá fram, hvort álit fiskifræðinga okkar sé enn í dag óbreytt hvað þetta atriði snertir eða hvort nokkrar aðrar skýringar séu fyrir hendi á þeirri staðreynd, sem við blasir, að afli hefur farið minnkandi á hvern bát á Suður- og Suðvesturlandi á undanförnum vetrarvertíðum, þrátt fyrir stóraukna tækni við veiðarnar.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í sambandi við fsp. þessa, sem er endurtekin nú, að ég hygg vegna þess, að ekki vannst tími til þess að ræða hana á síðasta þingi, hef ég óskað eftir því við Hafrannsóknastofnunina, að hún léti í té svör við þessu, sem yrðu þá uppistaða í mínum svörum hér, og fer hér á eftir álit Hafrannsóknastofnunarinnar um fsp.:

„Á Alþ. 1962 var samþ. þáltill. um ofangreint málefni. Ekki er þó hér um neina nýjung að ræða, því að segja má, að rannsóknir á hrygningu íslenzkra nytjafiska hafi fyrst verið framkvæmdar í byrjun þessarar aldar af hinum fræga, danska fiskifræðingi, dr. Johannes Smith, og fékkst þá þegar gott yfirlit um hrygningu þorskfiskanna hér við land. Á árunum 1948—1950 voru aftur gerðar mjög yfirgripsmiklar athuganir á þessu, en vegna fjarveru og síðar andláts dr. Hermanns Einarssonar, sem stóð fyrir rannsóknunum, hefur lítið verið birt opinberlega um árangurinn enn þá, þótt búið sé að vinna úr mestum hluta gagnanna.

Svo sem kunnugt er, hafa þorskfiskarnir og flestar aðrar tegundir nytjafisks hér við land sviflæg egg. Hrygningin fer fram yfir botninum, og eggin fer þá strax að reka með straumnum. Síldin hefur aftur á móti botnlæg egg og límir þau við botninn, þar sem hentug skilyrði eru fyrir hendi.

Árið 1950 var framkvæmd leit að gotstöðvum vorgotssíldarinnar, og árið 1964 og 1965 var aftur gerð leit að gotstöðvum sumargotssíldar með allgóðum árangri. Tilgangur þessara rannsókna var fyrst og fremst að athuga útbreiðslu hrygningarsvæðanna og að því er snertir tegundir með sviflægum eggjum einnig að freista þess að meta sveiflur og styrkleika einstakra árganga.

Varðandi síðara atriðið sýnir reynslan, að kerfisbundnar athuganir á þessu sviði eru ákaflega tímafrekar og kosta meiri mannafla en stofnunin hefur til þessa ráðið yfir. Íslenzku síldarstofnarnir tveir hrygna í heita sjónum aðallega á svæðinu frá Vestra-Horni að Reykjanesi. Eru þekkt nokkur svæði í námunda við Vestmannaeyjar. Vitað er, að ýsan leitar mjög í síldaregg, en ekki er enn vitað, hvort það muni geta haft áhrif á viðkomu stofnsins hverju sinni, né heldur hvort dragnótaveiðar á þessum svæðum mundu geta gert einhvern usla. Er æskilegt, að frekari athuganir verði gerðar um þessi atriði.

Að því er snertir þorskstofninn, benda athuganir okkar til þess, að sterkur hrygningarstofn hafi oft skapað sterkan árgang. Þetta er þó ekki einhlítt, og koma til greina ýmsar ytri orsakir, sem enginn mannlegur máttur ræður við, svo sem fæðuskortur, óhagstæðir straumar og veðurfar, sem getur strádrepið eggin og seiðin fyrstu vikurnar í lífi þeirra. Áhrif veiðanna á hinn kynþroska hluta íslenzka þorskstofnsins eru nú vel þekkt, og má segja, að á hverju ári hverfi úr stofninum um 70%, og er hlutur veiðanna 56%, en

14% fara forgörðum á annan hátt. Mestur hluti af ársveiðinni á kynþroska þorski fer fram í sambandi við hrygningu hans á tímabilinu janúar—maí. Af þeim tölum, sem hér hafa verið nefndar, má því draga þá ályktun, að rúmlega helmingur þess fjölda fiska, sem kemur til hrygninga, veiðist, en hitt sleppi. Þrátt fyrir hina miklu sókn virðist þó enn þá sæmilega séð fyrir viðhaldi stofnsins.

Hafrannsóknastofnunin telur lokun ákveðinna hrygningarsvæða til verndar þorskstofninum mjög vafasama. Það er vitað, að fiskur breytir göngum sínum innan heildarhrygningarsvæðisins frá einu ári til annars. Ekki vitum við heldur nákvæmlega, hvað veldur þessu, né getum heldur sagt fyrir um það. Þegar hins vegar ástand stofnsins er orðið slíkt, að nauðsynlegt er að draga úr sókninni, telur stofnunin, að raunveruleg skömmtun á aflamagni á vetrarvertíð sé það eina, sem til greina kemur. Ákveðinn verði hámarksafli fyrir allt hrygningarsvæðið og veiðum hætt, þegar því marki er náð. Þar sem um 70% ársafla okkar fæst á vetrarvertíð, telur stofnunin, að mjög veigamikil rök verði að vera fyrir hendi til þess að réttlæta svo afdrifaríkar aðgerðir.

Á fundi Norður-Atlantshafsnefndarinnar, North-East Atlantic Fisheries Commission, sem haldinn var í París í maí s. l., lögðu Íslendingar fram till. um lokun ákveðinna svæða út af Norðausturlandi fyrir öllum togveiðum. Svæði það, sem hér er um að ræða, afmarkast af 16° v. l. og 65° 30' n. br., þ. e. frá Melrakkasléttu og austur og suður að Glettinganesi, og skulu togveiðar bannaðar á því svæði á tímabilinu júlí—des. um 10 ára skeið. Samtímis skal Alþjóðahafrannsóknaráðinu falið að hafa yfirumsjón með rannsóknum til þess að ganga úr skugga um áhrif friðunarinnar á íslenzku fiskstofnana. Till. þessi hlaut furðu góðar viðtökur þeirra þjóða, sem hér eiga hlut að máli, og var ákveðið að skipa nefnd til þess að kanna hana nánar. Í þessari n. skulu eiga sæti sérfræðingar og embættismenn frá Íslandi, Noregi, Þýzkalandi, Bretlandi og Sovétríkjunum, og verður fyrsti fundur hennar í Reykjavík í byrjun næsta árs. Er vonað, að n. ljúki störfum fyrir næsta aðalfund Norðaustur-Atlantshafsnefndarinnar, sem haldinn verður í Reykjavík í maí n. k.

Það er skoðun sérfræðinga, jafnt íslenzkra sem erlendra, að þorskstofninn við Ísland þoli ekki aukið álag frá því, sem nú er, og að minni sókn muni jafnvel geta aukið heildarveiðina. Það er einnig skoðun íslenzkra sérfræðinga, að við eigum að byrja með því að takmarka sóknina í ungfiskinn, en vitað er, að erlendir togarar stunda miklar smáfiskveiðar á því svæði, sem við hyggjumst loka."

Ég vænti þess, að þetta svar Hafrannsóknastofnunarinnar dugi sem svar við fsp. hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvmrh. fyrir mjög greinargott svar við fsp. minni, en tími til umr. er hér ekki, þar sem hann er mjög takmarkaður, en í álitinu, sem hann las hér og fiskifræðingar höfðu látið honum í té, kemur fram það sama, sem kom fram í umsögn þeirra á sínum tíma, að enn væri sæmilega séð fyrir viðgangi þorskstofnsins og að lokun hrygningarsvæða væri mjög vafasöm aðgerð.

Eins og ég sagði, er ekki tími til umr. um þetta, en mjög margt er hægt um þetta að segja, sem stangast á við þá reynslu, sem þeir menn, sem lengst hafa stundað fiskveiðar á vetrarvertíð, telja sig hafa fengið.

4. Dreifing sjónvarps.

Á deildafundum 24. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um dreifingu sjónvarps [25. mál, 2] (A. 25).

Á 7. fundi í Sþ., 25. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 48 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e. að bera fram fsp. til hæstv. ríkisstj. um dreifingu sjónvarps, en þessi fsp. er í tveimur liðum: í fyrsta lagi, hvað líði dreifingu sjónvarps til Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðis, og í öðru lagi, hvenær ráðgert sé, að sjónvarpið hafi náð til allra landshluta.

Eins og menn vita, hóf íslenzka sjónvarpið starfsemi sína um mánaðamótin sept.—okt. 1966 og náði í fyrstu til Reykjavíkur og næsta nágrennis, en hefur síðan verið dreift um mikinn hluta Suðurlands allt austur í Skaftafellssýslu og vestur til Breiðafjarðarbyggða, að því er mér skilst. Má segja, að dreifingin hafi að vissu leyti verið hröð og ekkert nema gott um það að segja, enda hefur tæpast skort fjármagn til framkvæmdanna, þar sem tekjur af aðflutningsgjöldum á sjónvarpstækjum hafa orðið miklar og jafnvel meiri heldur en við var búizt. Þrátt fyrir það að um margt hafi dreifing sjónvarpsins gengið greiðlega, eru viss atriði, sem ég a. m. k. er ekki fyllilega ásáttur með í þessu sambandi.

Upphaflega var gert ráð fyrir því, að sjónvarpinu yrði dreift um landið á 5—7 árum, þ. e. á árabilinu 1966—1970 eða 1966—1972. Í báðum þessum upphaflegu áætlunum útvarpsráðs var gert ráð fyrir því, að aðaldreifistöðin á Norðurlandi, Vaðlaheiðarstöðin, yrði byggð 1967 eða 1968, þannig að Akureyringar og nærsveitarmenn fengju notið sjónvarps 1967 og þá í

allra síðasta lagi 1968. Þessar upphaflegu áætlanir, 5 eða 7 ára áætlanir, hafa reynzt allt of „konservatívar" og á eftir tímanum og geymast því aðeins sem minnisvarði um mikla varfærni útvarpsráðs, og skal ég ekkert um þetta segja að öðru leyti. Reynslan hefur sýnt, að unnt er að koma sjónvarpinu í alla landshluta á mun skemmri tíma en 5—7 árum, og við það verður nú að standa. En það, sem mér finnst undarlegt, er það, að þrátt fyrir nýja og skemmri áætlun um sjónvarpsdreifinguna er ekki sýnt, að sjónvarpið verði komið til Norðurlands, t. d. Akureyrar, fljótar en gert var ráð fyrir meðan útvarpsráð hélt sig við miklu varfærnari áætlun. Það bólar ekki á því, mér vitanlega, að sjónvarpið nái norður til Akureyrarsvæðisins á þessu ári og það má raunar hending heita, ef það verður komið á næsta ári, þó að það sé hins vegar ekki alveg örvænt. En ég vænti, að hæstv. ráðh. veiti svör við því.

Nú má auðvitað ekki skilja mig svo, að ég telji, að Akureyringar eigi endilega að fá sjónvarp á undan öllum öðrum. Það er ekki það, sem ég á við. Ég held, að það hefði verið skynsamlegt hins vegar, skynsamleg ráðstöfun, að hraða uppbyggingu sjónvarpsstöðvar fyrir þetta landssvæði, bæði vegna þess, að sú stöð er hornsteinn allrar dreifingar um miðbik og austurhluta Norðurlands og Austurlands raunar líka, og einnig vegna þess, að þessi stöð nær til mesta þéttbýlissvæðis utan Faxaflóasvæðisins eða svæðis, sem telur kannske 14—15 þús. manns. Nú kann ég ekki að áætla, hversu sjónvarpsnotendur yrðu margir á þessu svæði, en mér þykir líklegt, að þeir muni skipta þúsundum, varla undir 2 þús., mjög fljótlega.

Þó að við fyrirspyrjendur höfum fyrst og fremst leyft okkur að spyrjast fyrir um dreifingu sjónvarpsins til Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins, m. a. af þeim ástæðum, sem ég hef stuttlega minnzt á, viljum við ekki síður fá því svarað, ef unnt er, hvenær áætlað sé að ljúka dreifingu sjónvarps til allra landshluta, og það er einmitt um það, sem annar hluti fsp. okkar fjallar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Spurt er um, hvað líði dreifingu sjónvarps til Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðis. Um það er þetta að segja:

Að undanförnu hefur verið og er enn unnið að mælingum á Akureyrar- og Eyjafjarðarsvæðinu til undirbúnings sjónvarpi á þessu svæði. Ekki er vitað með vissu, hvenær undirbúningsvinnu verður lokið, en stefnt er að því, að það verði sem allra fyrst.

Svo sem kunnugt er, á sendistöð á Skálafelli að annast sendingu sjónvarpsmyndarinnar norður til Eyjafjarðar. Búið er að bjóða út tækin fyrir þá stöð, og eru tilboð nú að berast. Verður gengið frá pöntunum á tækjunum fyrir áramót. Til þess að hraða sem mest sjónvarpssambandi við Akureyrar- og Eyjafjarðarsvæðið, er gert ráð fyrir því að koma upp bráðabirgðastöð á Vaðlaheiði haustið 1968, af því að ekki er hægt að ganga frá pöntun hinnar endanlegu stöðvar á Vaðlaheiði fyrr en lokið er öllum mælingum frá Vaðlaheiði austur á Fjarðarheiði og víðar. Gert er ráð fyrir að byggja varanlega stöð á Vaðlaheiði fyrir árslok 1969. Nú þegar er búið að framkvæma hluta af nauðsynlegum mælingum, og verður þeim haldið áfram næsta sumar, svo fljótt sem unnt verður. Nauðsynleg tæki verða tilbúin til þessarar starfrækslu fyrir norðan, þegar hún getur hafizt að mælingum loknum, og er miklu skemmri afgreiðslufrestur á bráðabirgðastöðinni en aðalstöðinni.

Þá er spurt um það, hvenær sé ráðgert, að sjónvarp nái til allra landshluta. Um það er þetta að segja:

Gert er ráð fyrir, að sjónvarp nái til allra landshluta á árinu 1969, og hafa verkfræðingar Landssímans gert skýrslu um það efni. Skýrslugerðinni var lokið 13. sept. 1967. Þetta jafngildir að sjálfsögðu ekki því, að bókstaflega allir landsmenn muni þá eiga kost á sjónvarpsþjónustu, enda er miklum tæknilegum erfiðleikum bundið að tryggja sendingu góðrar sjónvarpsmyndar til afskekktra staða og auk þess mjög dýrt. En framkvæmdum við aðalsendistöðvar í öllum landshlutum og helztu aukastöðvar mun verða lokið 1969.

Framkvæmdir við dreifingu sjónvarpsins eru að sjálfsögðu bæði tæknimál og fjárhagsatriði. Ríkisútvarpið mun hafa nægilegt fé til framkvæmdanna miðað við þá áætlun, sem gerð hefur verið og unnið verður eftir. Framkvæmdirnar verða að fara eftir því, sem mælingar og tæknirannsóknir segja til um, en þeim eru skorður settar af árstíðum og veðri, en mikið hefur verið unnið að þeim og þeim flýtt eftir föngum, og verður því haldið áfram. Yfirleitt hafa framkvæmdir við dreifingu sjónvarpsins gengið vel fram að þessu, og mun láta nærri, að um 140 þús. landsmanna hafi nú færi á að hagnýta sér sjónvarp, þ. e. a. s. um mikinn hluta Suðurlands og víða um Suðvesturland. Hinn 28. okt. s. l. var opnuð sjónvarpssendingarstöð á Kambanesi, og þar með nær sjónvarp til Búðardals og nágrennis. Tæki nýju sjónvarpsstöðvarinnar í Vestmannaeyjum, sem komin voru, hafa nú verið sett upp, og er verið að prófa þau. Verður sú stöð tekin í notkun alveg á næstunni, og á hún að bæta mjög þá þjónustu, sem þegar er fyrir hendi. Eiga þá að vera til frambúðar ágæt sjónvarpsskilyrði um Árnessýslu sunnanverða, Ölfus, Flóa og Skeið og um Rangárvallasýslu alla að segja má og austur í vesturhluta Austur-Skaftafellssýslu. Í undirbúningi er að koma sjónvarpinu í Biskupstungur og Hrunamannahrepp, og síðar í haust verður það væntanlega komið austur á Síðu og e. t. v. austur í Höfn í Hornafirði, en þó er ekki unnt að fullyrða það nú. Í undirbúningi er einnig stöð fyrir uppsveitir Borgarfjarðar, Hvalfjörð og Kjós. Þess vegna má nú segja, að sjónvarpskerfið nái nú austan úr Vestur-Skafta-

fellssýslu vestur í Búðardal með nokkrum eyðum, sem unnið er að að fylla, og verður síðar í haust komið austur á Síðu og e. t. v. austur í Hornafjörð.

Vona ég, að þetta verði talin fullnægjandi svör við fsp., sem fyrir liggja.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð til þess að undirstrika, hvað hefur valdið því, hvernig ráðizt hefur verið í dreifingu sjónvarpsins. Það er búið að setja upp fjölda af endurvarpsstöðvum, sem allar eru á Suður-, Suðvestur- og Vesturlandi. Ég vil biðja menn að taka eftir því, að allar þessar stöðvar eru innan þess hrings, sem sendistöðin í Reykjavík nær til. Þetta eru allt endurvarpsstöðvar, sem geta tekið við dagskránni beint frá Reykjavík, og á því svæði er tiltölulega auðvelt að bæta við stöðvum. Þetta eru kallaðar endurvarpsstöðvar sjónvarps, en eru ákaflega litlar stöðvar, sem kosta eins og einn bíll eða e. t. v. upp undir ½ milljón, þegar búið er að byggja kofa og setja upp mastur. Verkfræðingar símans geta þetta tiltölulega fljótlega.

En strax og komið er út fyrir það svæði, sem Reykjavíkursendistöðin nær til, stöndum við andspænis öðrum og miklu stærri vandamálum. Þar er Akureyrarvandamálið eitt það flóknasta í landinu, og þess vegna hefur þurft að gera miklar tilraunir áður en hægt verður að senda sjónvarpið norður. Að senda sjónvarpsgeisla frá Skálafelli og í Eyjafjörð er talið mjög erfitt. Útlendir verkfræðingar hafa margir látið í ljós vantrú á, að það sé hægt. En íslenzkir verkfræðingar, sem hafa mikla reynslu af þráðlausum síma á þessu svæði, eru sannfærðir um, að það sé hægt, og það eru mælingarnar í sambandi við þetta, sem hafa tekið þennan tíma og valda því, að Akureyrarsvæðið er ekki búið að fá sitt sjónvarp enn.

Hv. þm. sagði af kurteisi og lítillæti, að Akureyringar ættu ekki að fá sjónvarpið á undan öðrum. Ég sem einn af starfsmönnum eða trúnaðarmönnum sjónvarpsins, hef þveröfuga skoðun. Þeir eiga að fá sjónvarp eins fljótt og hægt er, vegna þess að það er beinlínis hagsmunamál sjónvarpsins sjálfs að koma dagskránni til svo fjölmenns svæðis, vegna þess að þar er miklar tekjur að hafa. Ég vil því fullyrða, að það hefur ekki verið á valdi Ríkisútvarpsins að hraða sendingu til Akureyrar meira en gert hefur verið. Það yrðu allir fyrir miklum vonbrigðum, ef Akureyringar fengju ekki sitt sjónvarp seinni hluta sumars næsta ár.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svör hans. Þau voru skýr og glögg, og ég vænti þess, að það verði ekki meiri tafir á dreifingu sjónvarpsins heldur en fram kom í orðum hans.

Varðandi það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér og þóttist hafa eftir mér, þá held ég, að ég hafi ekki hagað orðum mínum nákvæmlega eins og hann tók upp eftir mér, en það er rétt, að ég var kannske ekki svo stórtækur fyrir hönd Akureyringa, að ég teldi, að þeir ættu endilega að fá sjónvarp á undan öllum öðrum. En ég tek undir það með honum, og þess vegna var fsp. einmitt borin fram, að ég álít, að það hefði átt að hraða uppbyggingu sjónvarpskerfisins þannig, að Akureyringar og Eyfirðingar og þeir, sem á því svæði búa, nytu sjónvarpsins sem allra fyrst, m. a. vegna þess, að það er fjárhagsatriði fyrir sjónvarpið, að svo verði. Ég tel mjög líklegt, að í Akureyrarbæ, þar sem eru yfir 2000 heimili, verði a. m. k. 1000 sjónvarpsnotendur. Mér kæmi það ekki á óvart, og ég hygg, að í öðrum byggðum þar í grenndinni yrði hlutfallið engu lakara, og það er alveg áreiðanlegt, að menn bíða í ofvæni eftir því, að sjónvarpið komi á þetta svæði, vegna þess að menn lifa í þeirri trú, að það hefði verið mögulegt að hraða því meira en gert hefur verið.

Það kemur nú í ljós í ræðu hæstv. menntmrh., að það er ekki enn búið að ganga endanlega frá tækjakaupunum vegna Skálafellsstöðvarinnar, og það undrar mig nokkuð. Ég hélt satt að segja, að það væri löngu búið að ganga frá þeim kaupum, og það væri þá gaman að spyrja í því sambandi, hversu langur afgreiðslufrestur sé á slíkum tækjum, og ef ekki verður búið að panta þessi tæki fyrr en um áramót, hvort það séu líkur til þess, að hægt verði að ráðast í þær byggingar á næsta sumri, sem fyrirhugað er. Okkur er öllum kunnugt um það, sem höfum fylgzt með þessu, að það eru viss tæknileg vandkvæði talin á því, að sjónvarpsgeislinn nái alla leið héðan sunnan af Skálafelli og alla leið norður að Björgum í Hörgárdal og síðan upp á Vaðlaheiði, en manni skilst, að „teoretiskt" séð sé nokkuð öruggt, að það muni takast. En reynslan á eftir að skera úr því, hvort svo verður. En hvað skeður svo, ef reynslan á eftir að sýna, að þetta heppnist ekki? Er sjónvarpið þá við því búið að gera nýjar áætlanir um það, hvernig við verður brugðizt?

En sem sagt, ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Þau voru glögg og greinileg, og ég efast ekki um, að það muni margir fylgjast með því, sem hann hafði um það að segja.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Í framhaldi af þeim umræðum, sem hér hafa farið fram um dreifingu sjónvarps um landið, leyfi ég mér að minna á svo hljóðandi samþykkt, sem útvarpsráð gerði með shlj. atkv. á fundi sínum 6. des. s. l.:

„Það er skoðun útvarpsráðs, að æskilegt og hagkvæmt sé, að sjónvarpssendistöðvarnar á Skálafelli, í Stykkishólmi, á Vaðlaheiði og á Fjarðarheiði verði boðnar út og byggðar samtímis í því skyni að tryggja sem jafnasta dreifingu sjónvarpsins til hinna ýmsu landshluta, og skulu þá jafnframt athugaðir möguleikar á lántöku til þessara framkvæmda."

Afstaða útvarpsráðs í þessum efnum er þess vegna skýrt mörkuð.

Í framhaldi af þessu má svo geta þess, að Alþ. ákvað á þessu ári, er breytt var l. um útvarpsrekstur ríkisins, að heimiluð skyldi 25 millj. kr. lántaka til þess að byggja fyrirhugaðar aðalsjónvarpsendurvarpsstöðvar, sem tryggja eiga það, að sjónvarp komist til allra landshluta. Enn má á það minna, að Ríkisútvarpið á nú, vegna þess hversu ör dreifing sjónvarpsins hér um Suðvesturland hefur verið, allgilda sjóði til þess að mæta þessari þörf, þ. e. a. s. byggingu aðalsjónvarpsendurvarpsstöðvanna fyrir hina ýmsu landshluta.

Til viðbótar þeim upplýsingum, sem hæstv. menntmrh. gaf um mælingar á vegum sjónvarpsins á s. l. sumri, vil ég geta þess, að í haust hafa verið gerðar mælingar á vegum sjónvarpsins á Vestfjörðum, og þær standa einnig yfir þessa dagana í Barðastrandarsýslu. Það er búið á grundvelli þeirra mælinga, sem gerðar hafa verið, að staðsetja endurvarpsstöðina í Stykkishólmi, 5000 watta stöð, sem þar á að rísa. Frá Stykkishólmi eða fyrirhugaðri stöð þar hefur síðan verið mældur styrkur á alla helztu endurvarpsstaði á Vestfjörðum. Þetta hafa verið styrkmælingar, og samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef frá Landssímanum og starfsmönnum Sjónvarpsins, þá hefur árangur þessara mælinga verið mjög jákvæður. Það liggur því fyrir, að það er nú hægt að bjóða út og panta sjónvarpsendurvarpsstöðina í Stykkishólmi, sem á að tryggja sjónvarp til Vestfjarða. Ég vil aðeins í þessum örfáu orðum leggja á það áherzlu, að Stykkishólmsstöðin verði hið fyrsta boðin út, og tæknilega séð er ekkert því til fyrirstöðu, að unnt verði að koma henni upp fyrir næsta haust, þannig að sjónvarp til Vestfjarða verði mögulegt á þeim tíma, enda þótt að sjálfsögðu verði ekki búið að byggja allar þær smáendurvarpsstöðvar, sem nauðsyn ber til. Í þessu sambandi má benda á það, að mælingar hafa sannað það, að til þess að koma sjónvarpinu til Breiðafjarðarsvæðisins þarf ekki stóru endurvarpsstöðina á Skálafelli, eins og upprunalega hafði verið gert ráð fyrir. Þetta sannast m. a. á því, að það er búið að setja upp allmargar litlar sjónvarpsstöðvar á Snæfellsnesi, sem taka við sendingum beint frá litlu Reykjavíkurstöðinni, sem upprunalega var gerð og stendur undir því sjónvarpi, sem rekið er í dag. En til þess að koma sjónvarpinu lengra áfram vestur, þá er nauðsynlegt, að sjónvarpsstöðin í Stykkishólmi verði byggð, og ég legg áherzlu á það í samræmi við það, sem gert hefur verið bæði af hálfu útvarpsráðs og annarra yfirmanna útvarps og sjónvarps, að þessi stöð verði boðin út eins fljótt og möguleikar eru til nú og síðan byggð á næsta ári. Að öðru leyti vil ég ítreka þá skoðun mína, sem ég hef áður látið í ljós, að hraða beri dreifingu sjónvarpsins sem mest má um landið allt. Það er ekki óeðlilegt, að fólk í hinum ýmsu landshlutum vilji fá þessi lífsins gæði sem fyrst, þegar það sér, hversu hratt og örugglega hefur tekizt að koma sjónvarpinu til mesta þéttbýlisins í landinu. En það er staðreynd, sem ekki verður sniðgengin, að einmitt fólkið í strjálbýlinu þarf sérstaklega á því að halda, að sjónvarpinu verði til þess komið.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil gera það sama nú og ég hef gert í hvert skipti, sem þetta mál hefur borið á góma hér á hv. Alþ., en það er að leggja áherzlu á, að svo mikill kraftur verði lagður í tæknilegan undirbúning þessara mála, að aðalendurvarpsstöðvarnar geti komið upp samtímis í öllum landshlutum.

Mér skilst á því, sem hæstv. ráðh. segir, að það muni vera mögulegt, að þannig sé unnið, og læt ég í ljós ánægju mína yfir því, ef ég hef skilið það rétt. Ég skil það svo, að þetta sé allt haft undir í einu, t. d. Fjarðarheiði og Vaðlaheiði og aðrir staðir, sem þarna koma til greina, og sé athugað tæknilega samtímis. Ég vil leggja mjög mikla áherzlu á að halda þessari stefnu áfram og þá þannig, að það geti farið saman að koma stöðvunum upp og þær geti samtímis tekið til starfa. Ég legg feikilega áherzlu á þetta.

Ég vil lýsa því yfir enn einu sinni, að ég er fylgjandi því, að það verði tekin lán eins og þarf til þessa, svo að ekki standi á fé. Mér skilst, að sjónvarpið sé sæmilega búið fé. Mér finnst það ekkert áhorfsmál að taka talsverð lán til að flýta þessum framkvæmdum, ef þarf. Og svo langar mig til þess að spyrja um eitt, sem mér finnst ekki alveg ljóst. Þegar búið verður að koma sjónvarpinu áleiðis í landshlutana og setja endurvarpsstöðvar á fjöllin í því skyni, hvernig á að koma því ofan í firðina og dalina? Jú, það á að gerast með aðstoð lítilla endurvarpsstöðva, sem mér skildist á hv. þm. Benedikt Gröndal að mundu kosta í kringum 500.000 kr. hver. Það eru góðar fréttir, að þessar stöðvar kosta ekki meira, því að það er eins og hálf meðalíbúð, og ætti því að vera hægt að dreifa sjónvarpinu til allra byggðarlaga, ef tæknilegir erfiðleikar koma ekki þar í veginn. En út af þessu vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hvað um þann tæknilega undirbúning, sem þarf að fara fram, til þess að litlu stöðvarnar geti komizt upp, þeim sé ákveðinn staður og menn átti sig á því, hvernig þær þurfi að vera? Er sá tæknilegi undirbúningur í gangi nú þegar, því að hann verður að fara fram jafnhliða hinum, sem snertir undirbúning stóru endurvarpsstöðvanna? Það er auðvitað stórfellt atriði, að þessi tækniundirbúningur geti farið fram einnig núna, til þess að litlu stöðvarnar gætu komið í beinu órofa framhaldi af þeim stærri svo ekki þyrfti að verða þarna hlé. Þetta er afar þýðingarmikið atriði.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. gat þess í svari sínu hér áðan, að ráðgert væri, að sjónvarp yrði komið í alla landshluta á árinu 1969. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Á að skilja þetta svo, að þá verði komnar upp aðalstöðvarnar og líka dreifi-

stöðvarnar í landshlutunum, eða telur hann, að sjónvarpið sé komið í alla landshluta, ef komnar eru upp stöðvarnar á Skálafelli, Stykkishólmi, Vaðlaheiði og Fjarðarheiði? Hvernig á að skilja þetta? Mér sýndist, að það sé ljóst mál, að sjónvarp er ekki komið í alla landshluta, þó að þessar stöðvar séu komnar upp. Eða meinar hæstv. ráðh. það, að þá verði líka komnar upp litlu dreifistöðvarnar í landshlutunum á þessu ári, 1969? Þetta skiptir allmiklu máli, því að auðvitað getur dregizt alllengi að koma sjónvarpi á í ýmsum landshlutum, þó að aðalstöðvarnar séu komnar upp.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. 1. þm. Vestf. vil ég staðfesta, að sá skilningur hans er réttur, að gert er ráð fyrir því, að fyrir árslok 1969 eða á árinu 1969 hafi allar aðalstöðvar dreifikerfisins um landið verið byggðar, þ. e. a. s. stöðin á Skálafelli, sem byggð verður á næsta ári, árinu 1968, bráðabirgðastöð á Vaðlaheiði, sem komin verður í notkun haustið 1968, og síðan endanleg stöð á Vaðlaheiði og stöðin á Fjarðarheiði á árinu 1969.

Þá spurði hv. þm. um, hvort jafnframt væri hægt að vinna að tæknilegum undirbúningi undirdreifikerfisins, ef ég mætti nota það orð. Það hefur þegar verið unnið mjög mikið verk á þessu sviði og mjög mikilvæg reynsla fengizt á Suðurlandsundirlendinu og á Miðvesturlandi varðandi notkun mismunandi stórra endurvarpsstöðva til dreifingar sjónvarpsmyndarinnar. En á því vil ég vekja alveg sérstaka athygli og leggja á það sérstaka áherzlu, að hér er ekki um að ræða neina eina tegund dreifikerfis eða neina eina tegund endurvarpsstöðva og auk þess ekki heldur hægt að búa sér til neitt ákveðið „módel" varðandi dreifimöguleika sjónvarpsmyndar um landið, sem byggja megi á óyggjandi reynslu. Það, sem gert hefur verið á því svæði, sem sjónvarpið núna nær til, þ. e. a. s. öllu Suðurlandi og Miðvesturlandi, er að nota margar mismunandi tegundir og mismunandi stærðir af endurvarpsstöðvum til þess að kanna skilyrðin til dreifingar góðrar sjónvarpsmyndar. Sú reynsla, sem þegar hefur fengizt í þessum efnum, er ómetanleg varðandi skilyrði til dreifingar sjónvarpskerfisins frá aðalstöðvunum norðanlands og austanlands, frá Vaðlaheiðarstöðinni og Fjarðarheiðarstöðinni, og sú reynsla mun að sjálfsögðu verða hagnýtt, þegar endanlegar undiráætlanir verða gerðar að byggingu þessara stöðva lokinni. En nákvæmar áætlanir um undirdreifikerfið, ef ég mætti nota svo ófullkomið orð, á Norðurlandi og Austurlandi er ekki hægt að gera, — nákvæmar áætlanir í einstökum atriðum er ekki hægt að gera fyrr en fullnaðarmælingum er lokið frá Vaðlaheiði og frá Fjarðarheiði, því að aðstæður á Norðurlandi og Austurlandi eru að mörgu leyti svo ólíkar aðstæðum á Suðurlandi og Miðvesturlandi, jafnvel í Dölum, og þar sem um fjöll er að ræða, að því er ekki að fullu treystandi, að reynsla sú, sem fengizt hefur á Suðurlandi og Miðvesturlandi í þessum efnum, eigi algerlega við um Norðurland og Austurland. En það mun að sjálfsögðu verða kannað og að því unnið, eftir því sem unnt er að fá skorið úr allri tæknilegri óvissu í þessum efnum.

Hv. 1. þm. Vestf. spurði, hvort ég teldi sjónvarpið ná til allra landshluta, þegar komið hefði verið upp aðalstöðvum dreifikerfisins, þ. e. a. s. Skálafellsstöðinni, Vaðlaheiðarstöðinni og Fjarðarheiðarstöðinni, eins og gert er ráð fyrir, að verði á árinu 1969. Það er óþarfi að viðhafa í þessu efni nokkurn orðaleik. Auðvitað er sjónvarpið þá komið í alla landsfjórðunga, ef nota ætti það orð, og þess vegna held ég einnig, að segja mætti, að það yrði komið með því móti í alla landshluta. En það skal ég með ánægju staðfesta, að að sjálfsögðu verður ekki látið við það eitt sitja að koma upp þessum aðalstöðvum. Öllum, sem um þessi mál fjalla, er ljóst, að þær leysa að vísu verulegan hluta vandans, en ekki allan. Það hefur alltaf verið gert ráð fyrir því, að strax í kjölfar aðalstöðvanna komi heilt kerfi af mismunandi stórum endurvarpsstöðvum í hverjum landshluta eða hverjum landsfjórðungi um sig, og það má fastlega gera ráð fyrir því, alveg eins og hér sunnanlands og miðvestanlands, að strax í kjölfar Vaðlaheiðarstöðvarinnar og Fjarðarheiðarstöðvarinnar komi kerfi af mismunandi stórum og mismunandi endurvarpsstöðvum í þessa landsfjórðunga eða í þessa landshluta. Hitt er svo annað mál, að ekki hefur enn verið gerð áætlun um það, að sjónvarpið nái til bókstaflega hvers heimilis í þessum landshlutum eða þessum landsfjórðungum. Í þessu efni mun verða fylgt þeirri sömu stefnu, sem fylgt hefur verið við dreifingu sjónvarpsins á Suðurlandi og Miðvesturlandi, að láta þéttbýlu svæðin ganga fyrir, byggja fyrst endurvarpsstöðvar, sem henta og hæfa þéttbýlustu svæðunum, og síðan fikra sig smám saman lengra og lengra niður í smærri stöðvar, sem ná til fámennari hópa fólks. Hygg ég, að þetta sé skynsamleg stefna í þessum efnum, og mér vitanlega er enginn ágreiningur um það meðal þeirra manna, sem um þessi mál fjalla frá tæknilegu og fjárhagslegu sjónarmiði séð, að halda þannig á málum. En stefnan er að sjálfsögðu sú, að yfirleitt allir landsmenn geti átt kost á sjónvarpsþjónustu, þó að ég treysti mér ekki til að segja á þessari stundu, hvenær því endanlega marki getur orðið náð, enda held ég, að enginn geti ætlazt til þess, að svo nákvæmar áætlanir geti legið fyrir þegar á öðru ári starfrækslu íslenzks sjónvarps.

5. Framkvæmd stefnuyfirlýsingar.

Á deildafundum 30. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til forsrh. um framkvæmd stefnuyfirlýsingar [34. mál, 2] (A. 34).

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 39 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 8. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þegar hæstv. forsrh. flutti stefnuyfirlýsingu ríkisstj. í þingbyrjun, ræddi hann aðeins ýtarlega um eitt atriði, þær efnahagsráðstafanir, sem nærtækastar væru taldar. Um önnur atriði í stefnuyfirlýsingunni lét hann sér nægja að lesa orðalagið skýringalaust, og eru þar því mörg atriði, sem fróðlegt væri að fá nánari vitneskju um. Þar á meðal er ein setning um svokallaðar varnir landsins, sem ég hef beðið hæstv. forsrh. að greina nánar frá.

Liðin eru meira en 16 ár síðan bandarískur her steig hér á land öðru sinni. Þeir þrír flokkar, sem stóðu að hernáminu, lýstu þá yfir því, að þeir héldu engu að síður fast við þær yfirlýsingar, sem gefnar voru, þegar Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu, þess efnis, að hér á landi skyldi ekki dveljast erlendur her á friðartíma. Hernámið 1951 var rökstutt með því, að ný heimsstyrjöld væri yfirvofandi, og var einkum vitnað til Kóreustríðsins í því sambandi. Málsvarar þessara þriggja flokka lýstu allir yfir því, að hernámið væri ill nausyn og yrði því aflétt eins fljótt og aðstæður leyfðu.

Síðan þessir atburðir gerðust, hafa orðið miklar breytingar á heimsmálum, en samt situr herinn sem fastast. Kóreustyrjöldin er orðin að fjarlægum, sögulegum atburði í vitund manna. Andrúmsloft kalda stríðsins, sem mótaði öll viðhorf 1951, hefur smátt og smátt verið að þoka fyrir raunsærra mati. Stórveldin tvö, sem talin voru pólar andstæðustu viðhorfa fyrir 16 árum, hafa tekið upp friðsamleg samskipti á æ fleiri sviðum. Alþjóðlegur liðsafnaður þessara stórvelda hefur sundrazt að mjög verulegu leyti. Til að mynda hefur Frakkland slitið allri hernaðarsamvinnu við Atlantshafsbandalagið og fjarlægt allar bandarískar herstöðvar. Og flest ríki þess bandalags á meginlandi Evrópu hafa tekið upp mun sjálfstæðari utanríkisstefnu en áður var.

Stórfelldar breytingar hafa orðið á hernaðartækni á þessu tímabili og þar með á hugmyndum manna um gildi svokallaðra varna og herstöðva. Bandaríska herstjórnin hefur einnig margsinnis breytt skipulagi herstöðva sinna hérlendis að eigin frumkvæði. Landherinn, sem var hér í upphafi, hefur verið kallaður heim, sömuleiðis flugherinn, sem vegna breytinga á flugtækni hefur ekkert að gera við millilendingarstöðvar hér á landi. Þessar gerbreytingar á alþjóðamálum, stjórnmálum og hernaðartækni virðast ekki hafa haft nein áhrif á viðhorf íslenzkra valdamanna enn sem komið er. Enn er ekki léð máls á því að aflétta hinni illu nauðsyn, hátíðleg fyrirheit um, að aldrei skuli vera erlendur her eða herstöðvar á Íslandi á friðartímum eru enn marklaus orð. Sé vakið máls á hernáminu, verða viðbrögð stjórnarvaldanna yfirleitt gaddfreðnar staðhæfingar úr frystikistu kalda stríðsins. Jafnframt er oft beitt þeirri röksemd, að það sé mál Atlantshafsbandalagsins sjálfs, hvort erlendur her dveljist hér á landi, herhöfðingjar þess og sérfræðingar viti bezt, hvenær hersetu sé þörf og hvenær ekki. Íslendinga skorti sérþekkingu og dómgreind til að leggja sjálfstætt mat á það mál. Oft er það dæmi tekið, að keðja sé ekki sterkari en veikasti hlekkur hennar og því verðum við að sætta okkur við hlekk hernámsins í þágu keðjunnar. Af þessum ástæðum hefur það orðið mönnum sívaxandi umhugsunarefni, hvort það séu í raun og veru viðhorf stjórnarvaldanna, að hérlendis skuli dveljast erlendur her um ófyrirsjáanlega framtíð eða jafnlengi og útlendum valdamönnum þóknast að nota land okkar á þann hátt. Þær áhyggjur sækja ekki aðeins að hernámsandstæðingum, heldur og að fólki, sem féllst á sínum tíma á hernámið í trausti þess, að það væri í raun og veru ill nauðsyn og yrði aflétt eins fljótt og kostur væri á. En framtíðarstefnan skyldi vera sú, að Íslendingar búi einir og frjálsir í landi sínu. Af þessum ástæðum finnst mér setningin um hernámið í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. dálítið forvitnileg. En hún hljóðar svo:

„Efnt verði til sérfræðilegrar könnunar af Íslands hálfu á því, hvernig vörnum landsins verði til frambúðar bezt háttað."

Þarna virðist horfið frá þeirri afstöðu, að erlendir herfræðingar geti sagt okkur fyrir verkum til frambúðar, og í staðinn boðað, að við eigum sjálfir að efna til sérfræðilegrar könnunar og nota síðan niðurstöður hennar til þess að marka framtíðarstefnu. Af þessum ástæðum spyr ég hæstv. forsrh., hvernig fyrirhugað sé, að þessari sérfræðilegu könnun af hálfu Íslendinga verði háttað, hverjir eiga að framkvæma hana, að hvaða atriðum hún muni beinast og hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér, að síðan verði unnið að því að marka framtíðarstefnuna. Vænti ég, að svör hæstv. ráðh. stuðli að því, að Alþ. geti síðar tekið upp málefnalegar umr. um þetta mikilvæga viðfangsefni.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ákvörðun um, hvort Ísland skuli vera varið eða óvarið, er svo afdrifarík, að æskilegt er að geta stuðzt við öruggt, hlutlaust mat sérfræðinga í þeim efnum. Hins vegar hafa fáir eða engir Íslendingar lagt stund á slík fræði svo að verulegu nemi, þó að nokkrir hafi

raunar gengið á liðsforingjaskóla og allmargir kynnzt ýmsum þáttum varnarmála við störf í utanrrn. á undanförnum árum. Á meðan öðrum er ekki til að dreifa, þykir eðlilegt, að einhverjum úr þessum hópi verði fengið það verkefni að kynna sér frædilega sem flest atriði, er varða varnir landsins, bæði með því að rannsaka heimildir, sem um þær eru til innan Atlantshafsbandalagsins, og á öðrum vettvangi.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. þetta svar, þótt stutt væri og segði næsta lítið. Ég veit ekki betur en um 11 ára skeið hafi verið starfandi hér á landi nefnd svokallaðra sérfræðinga í þessu efni. Í des. 1956 var gert samkomulag milli ríkisstj. Bandaríkjanna og ríkisstj. Íslands um að setja á laggirnar sérstaka nefnd með þremur fulltrúum frá hvorum aðila. Og þessi nefnd hafði ekkert smáræðis verkefni. Það stendur í samkomulaginu, að þessir fulltrúar, þeir íslenzku og þeir bandarísku, eigi að ráðgast um varnarþarfir Íslands og alls Norður-Atlantshafssvæðisins og þeir eigi að gera till. til ríkisstj. sinna í samræmi við allsherjar ástand í stjórnmálum og hermálum. Í þessu hafa verið þrír Íslendingar starfandi í 11 ár, og þeim hlýtur að hafa tekizt að afla sér býsna mikillar sérþekkingar á þessu tímabili, skyldi maður halda. Ég man ekki betur en ég hafi séð það í blöðum nýlega, að þessir ágætu sérfræðingar Íslendinga væru staddir í Bandaríkjunum í sérstökum rannsóknarleiðangri þar, þannig að mér finnst það undarlegt, að hæstv. ráðh. skuli telja ríkisstj. mjög vanbúna að sérfræðingum í þessu efni. Ég skil varla í því, að þeir þrír menn, sem hafa valizt í þessa nefnd, hafi ekki sýnt ótvíræða hæfileika í því starfi.

En ég sagði áðan í ræðu minni, að það væri ákaflega mikilvægt, að framkvæmd yrði raunveruleg og hlutlaus könnun á þessu mjög alvarlega og afdrifaríka vandamáli, hvort við eigum að þurfa að sitja hér uppi með erlent hernámslið um ófyrirsjáanlega framtíð. Og auðvitað skiptir það öllu máli, hvernig slík könnun er framkvæmd. Við þekkjum mjög vel svokallaðar sérfræðilegar kannanir, sem eru í því fólgnar, að stjórnarvöld segja við sérfræðinga sína: Við höfum ákveðið að gera þetta og hitt, en nú skulið þið sanna með fræðilegu orðalagi, að þetta sé rétt hjá okkur. Þessum sérfræðingum er gefin niðurstaðan fyrir fram og síðan eiga þeir að leggja til röksemdirnar. Þessi vinnubrögð þekkjum við ákaflega vel í efnahagsmálum t. d., og ef rannsókn á hernámsmálum á að framkvæmast á þann hátt, er hún auðvitað gagnslaus með öllu. Þá er ekki verið að leita þar að staðreyndum, heldur verið að reyna að fela þær.

Raunveruleg og heiðarleg rannsókn á hernáminu og framtíð þess væri afar mikilvæg, og þar koma til greina mörg önnur sjónarmið en þau, sem við hernámsandstæðingar aðhyllumst. Ég efast ekki um, að margir þeir, sem stóðu að hernáminu 1951, hafi gert það í góðri trú, og enn eru margir, sem virðast trúa því, að Atlantshafsbandalagið sé varnarveggur friðar og lýðræðis og að stórveldið, sem heyr gereyðingarstyrjöldina í Vietnam, sé í raun og veru verndari smáþjóðanna. En jafnvel fólkið, sem slíku trúir, jafnvel það fólk hefur ástæðu til að endurskoða afstöðu sína til hernáms Íslands. Mér þykir allt benda til þess, að sérfræðileg og hlutlaus könnun mundi leiða í ljós, að herstöðvarnar á Íslandi hafi ekki lengur neitt herfræðilegt gildi fyrir Atlantshafsbandalagið og herstöðvarnar hér skipti bandarísku herstjórnina ekki lengur neinu máli á skeiði eldflauga og vetnisvopna. Jafnvel þeir, sem vilja leggja allt í sölurnar fyrir stórveldið og hernaðarbandalag þess, ættu að geta látið af fórnfýsi sinni, þegar hennar er ekki lengur þörf. Ég hygg, að aðstæður séu nú slíkar, að fólk með hinar andstæðustu skoðanir á alþjóðamálum geti sameiginlega komizt að þeirri niðurstöðu, að tímabært sé að aflétta hernámi Íslands. Einmitt af þessum ástæðum mundi ég telja raunverulega og heiðarlega könnun á þessu máli afar mikilvæga, og þrátt fyrir það, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, vil ég beina því til hæstv. ríkisstj., að hún láti einmitt framkvæma sérfræðilega könnun á þann hátt. Þyrfti þá t. d. að veita samtökum hernámsandstæðinga ásamt öðrum aðild að slíkri rannsókn, svo að tryggt sé, að þar verði öll sjónarmið grandskoðuð. Niðurstöður slíkrar könnunar gætu síðan orðið Alþ. grundvöllur að endurmati, sem lengi hefur verið nauðsynlegt.

Enginn vafi er á því, að svo til hver einasti Íslendingur elur þá von í brjósti, að hinar erlendu hersveitir hverfi af landi brott, einnig flestir þeir, sem féllust á röksemdirnar fyrir því, að herinn var kvaddur hingað, og því er það skylda Alþ. og ríkisstj. að tryggja það, að hin illa nauðsyn haldi ekki áfram, eftir að allar þær forsendur, sem vitnað hefur verið til, eru úr sögunni. En í þessum fsp.-tíma er að sjálfsögðu ekki ráðrúm til þess að ræða þessi mikilvægu mál ýtarlega. Það mun verða gert síðar.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég verð að segja eins og hv. 6. þm. Reykv., að ég er litlu nær eftir svar hæstv. forsrh. við fsp. hans. Í hverju mundi sú endurskoðun vera fólgin, sem fyrir dyrum stendur, hverjir mundu helzt verða spurðir ráða? Hvað segir reynslan okkur um þau efni?

Hershöfðingjar og flotaforingjar Atlantshafsbandalagsins hafa öðru hverju heimsótt Ísland til að láta ljós sitt skína, einkum bandarískir og þar á meðal ýmsir þeir, sem mestu ráða í þessum félagsskap. Tilgangurinn með þessum heimsóknum hefur bersýnilega ávallt verið einn og hinn sami fyrst og fremst, að sannfæra íslenzku þjóðina um það, að hún mundi stofna sjálfri sér, jafnvel lífi sínu og tilveru

í hættu, að ógleymdum vörnum og öryggi hins svonefnda frjálsa heims, ef hún vísaði hinum bandarísku her úr landi og afnæmi herstöðvarnar. Og stjórnarvöldin og málgögn þeirra hafa birt þjóðinni boðskap hinna borðalögðu gesta af ámóta trúarlegri hrifningu eins og strangkaþólskir menn flytja boðskap frá páfanum í Róm, sem, eins og allir vita, er samkv. þeirra „ritúali" óskeikull.

Þó liggur í augum uppi, að fáum mundi síður treystandi til að ráða okkur heilt í þessum efnum heldur en einmitt þessum hershöfðingjum. Þeir eiga hagsmuna að gæta í sambandi við hernað. Völd þeirra og áhrif byggjast á því, að hernaður Atlantshafsbandalagsins og þá fyrst og fremst hernaður Bandaríkjanna sé sem viðtækastur. Það mætti jafnvel segja, að með því að viðurkenna það, sem öllum má nú vera orðið ljóst, að herstöðvum á Íslandi fylgir ekkert öryggi, allra sízt fyrir okkur Íslendinga, heldur þvert á móti mundu þær kalla yfir okkur hinn ægilegasta háska, ef til stríðs kæmi. Með því að viðurkenna slíkt væru slíkir menn ekki aðeins að tefla í tvísýnu áhrifum sínum, völdum og virðingu, heldur einnig beinlínis atvinnumöguleikum sínum.

Ég vildi því mega vænta þess, að nú, þegar fyrir dyrum stendur endurskoðun á þessum málum, láti íslenzk stjórnarvöld af þeim ósið að sækja allt sitt vit í hershöfðingja. Og ég vildi einnig mega vænta þess, að sú endurskoðun verði ekki aðeins látin taka til hinna bandarísku herstöðva í landinu, heldur einnig til íslenzkrar utanríkisstefnu í heild. Og ef íslenzk stjórnarvöld skyldu enn ekki treysta sér til þess að marka þá stefnu án þess að spyrja útlendinga álits, má benda þeim á, að ýmsir óeinkennisklæddir menn útlendir, einnig bandarískir, hafa haft sitthvað athyglisvert að segja um þessi efni, og það ætti að vera óhætt fyrir okkur að hlusta á ráðleggingar þeirra, þó að þeir séu ekki hershöfðingjar, eða öllu heldur vegna þess að þeir eru ekki hershöfðingjar.

Vegna takmarkaðs ræðutíma verð ég að láta í þetta sinn nægja að vitna aðeins í einn slíkan.

Einhver glæsilegasti og einarðasti fulltrúi frjálslyndra afla í Bandaríkjunum var hér á ferð í vetur leið, William Fulbright, formaður utanríkismálanefndar bandarísku öldungadeildarinnar. Hann kom hingað ekki til þess að þakka íslenzkum ráðamönnum fyrir skilyrðislausan stuðning þeirra við utanríkisstefnu bandarískra stjórnvalda. Bandaríkjamaðurinn William Fulbright kom hingað ekki til þess að leggja blessun sína yfir það viðhorf, sem virðist ríkjandi með íslenzkum stjórnarvöldum, að vinátta við bandarísku þjóðina sé það sama og að lúta í einu og öllu vilja stjórnarvalda hennar. Fulbright kom hingað til þess að setja ofan í við þá, sem þannig hugsa. Hann mæltist til þess, eins berum orðum og honum var unnt undir þessum kringumstæðum, að við Íslendingar færum að rétta úr okkur gagnvart Bandaríkjunum og öðrum stórveldum. Hann kom til þess að eggja okkur lögeggjan, að við tækjum upp nýjar umgengnisvenjur á alþjóðavettvangi, færum að standa þar uppréttir. Og hann gerði þetta til þess að biðja okkur um aðstoð, aðstoð í þeirri baráttu, sem hann hefur háð fyrir auknu frjálslyndi í heimalandi sínu.

Megininntakið í boðskap hans var það, að stærð og máttur stórveldanna og þá ekki sízt Bandaríkjanna hafi stigið þeim svo til höfuðs, að allt skynsamlegt vit sé þar óðum að víkja fyrir hrokanum, the arrogance of power, valdhrokanum, sem Fulbright nefnir svo og hefur fjallað um af mikilli skarpskyggni í bók, sem ber þetta heiti. Við Íslendingar og aðrar smáþjóðir, sagði Fulbright, hafið mikilvægu hlutverki að gegna á alþjóðavettvangi, og það er að ganga fram í einni fylkingu og hamla gegn þessum hroka og þeim háska, sem af honum stafar. Það fór ekki á milli mála, að þessi bandaríski stjórnmálaskörungur taldi það skyldu okkar Íslendinga, gagnvart sjálfum okkur og gagnvart mannkyninu öllu að stuðla að samkomulagi og sáttum á alþjóðavettvangi og venja okkur af því viljaleysi og dáðleysi í hugsun, sem helzt til lengi hefur einkennt utanríkisstefnu okkar.

Fimm mínútur eru ekki lengi að líða. Ég verð víst að slá botninn í þetta að sinni. En ég vil leyfa mér að endurtaka að endingu tilmæli mín til hæstv. ráðamanna, sem eiga að fjalla um þá endurskoðun í varnarmálunum svonefndu, sem fyrir dyrum stendur: Látið ykkur ekki nægja að leggja eyrun aðeins við því, sem hershöfðingjar kunna að hvísla að ykkur. Leggið líka eyrun við því, sem óeinkennisklæddir menn hafa um þetta að segja. Og umfram allt, hlustið á það, sem ykkar íslenzka samvizka kynni að segja um þessi mál. Það er mikið í húfi, að hún komi sínum sjónarmiðum á framfæri, og þó að mikill skarkali fylgi stjórnmálavafstri ykkar, trúi ég ekki öðru en að röddin sú sé nógu sterk til að yfirgnæfa hann.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég svaraði þeirri fsp., sem fram var borin, eftir því sem efni hennar gaf ástæðu til. Hitt var ekki ætlun mín og sjálfsagt ekki fyrirspyrjanda, að hér ættu að þessu sinni að hefjast almennar umr. um varnarmálefni landsins eða utanríkisstefnu. Í því er of ójafn leikur með ræðutíma í fyrirspurnaformi, og mun ekki standa á mér við annað tækifæri að ræða það mál, eftir því sem efni standa til.

Það hefur legið alveg ljóst fyrir bæði í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar og var ítrekað í þeim fáu orðum, sem ég mælti, að ætlunin er, að sú sérfræðilega athugun, sem nú fari fram, sé gerð af Íslendingum og undir þeirra stjórn. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að afla sér einnig fræðslu erlendis frá, og fram hjá því verður auðvitað ekki komizt. Ég virði mjög mikils þá djúpu sérfræði, sem lýsti sér í ræðum þeirra tveggja hv. þm., sem hér töl-

uðu, og þeir þurfa sízt af öllu að óttast, að ekki verði tillit tekið til þeirra skoðana og þeirra gagna, sem þeir leggja fram, svo veigamikil sem þau vafalaust munu reynast.

En ég vildi aðeins leiðrétta misskilning hjá hv. fyrirspyrjanda, sérstaklega um tvö atriði. Annars vegar er það auðvitað ekki rétt, að Frakkar hafi slitið hernaðarsamvinnu við Atlantshafsbandalagið. Þeir hafa sagt sig úr tilteknum stofnunum innan Atlantshafsbandalagsins, þar sem herir eru undir sameiginlegri stjórn. En enn þá eru þeir innan Atlantshafsbandalagsins og halda uppi innan þess margvíslegri samvinnu einmitt um hernaðarmálefni. Það er nauðsynlegt, að menn rugli þessu tvennu ekki saman. Þó að Frakkar hafi skapað sér að ýmsu leyti sérstöðu, þá er það annað mál. En yfirlýsingar valdamanna Frakka og nýlegar skoðanakannanir benda til þess, að bæði stjórnvöld og franskur almenningur hyggist halda áfram að vera innan Atlantshafsbandalagsins og taka þátt í störfum þess einnig eftir árið 1969. Um þetta sker reynslan auðvitað úr, og þarf ekki að fara fleiri orðum um það.

Þá er það einnig misskilningur, þegar hv. fyrirspyrjandi sagði, að því er ég hygg, að þessi svokallaða sérfræðinganefnd, sem sett var á stofn með samkomulagi vinstri stjórnarinnar við bandarísk yfirvöld á sínum tíma, hafi starfað frá þeim tíma og fram á þennan dag. Þeir leiðrétti mig, sem betur vita, en ég hygg, að sú sérfræðinganefnd hafi aldrei komið saman, hvorki á dögum vinstri stjórnarinnar og enn þá síður síðan. Vinstri stjórnin sat frá því í nóv. 1956 og fram í des. 1958, að því er ég hygg, án þess að þessi nefnd, sérfræðinganefndin, héldi nokkurn fund. Það er allt annað mál, að bæði á undan og eftir, allt frá upphafi, hefur starfað svokölluð varnarmálanefnd, — hún hefur e. t. v. breytt um nafn á þessum tíma, ég man það nú ekki, svo að ég segi alveg eins og er. Þar fyrir utan hefur verið unnið að málunum á skrifstofu, sem fyrst var bara hluti af utanrrn., en síðan var sett upp sérstök skrifstofa til þess að annast þessi mál. Í varnarmálanefnd hafa ætíð verið nokkrir menn, sérstakir trúnaðarmenn þeirra flokka, sem að ríkisstj. hafa staðið hverju sinni og um þessi mál hafa hirt að fjalla. Og það er einmitt vísað til þess m. a. í þeim fáu orðum, sem ég sagði, að allmargir hefðu kynnzt ýmsum þáttum varnarmála við störf í utanrrn. á undanförnum árum. Með þessum orðum á ég ekki einungis við þá, sem beinlínis hafa unnið skrifstofustörf í utanrrn. og deild þess, varnarmáladeildinni, heldur einnig þá, sem hafa verið kallaðir til að vinna í því, sem nú er nefnt varnarmálanefnd. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að þessir menn — og þar hafa oft orðið ýmis mannaskipti — munu fyrir skömmu hafa verið staddir vestan hafs.

Hitt skulum við svo játa alveg öfgalaust, að verulega fræðilega þekkingu á þessum efnum höfum við Íslendingar ekki. Hér er enginn maður, sem hefur gert að sínu ævistarfi að leggja stund á það, sem kallað er hernaðarfræði. Það má fara um það ýmsum orðum, hvort þetta séu þörf fræði eða ekki. Okkur eru þau ekki sérstaklega geðfelld, en til þess að meta röksemdir í þeim efnum, er ákaflega gott að hafa yfir slíkri innlendri fræðilþekkingu að ráða og ég tel varðandi framtíðina, að það væri æskilegt, að Íslendingar öðluðust og fengju menn, sem réðu yfir þvílíkri þekkingu, þó einungis fræðilega séð.

Það er sem sagt af öllum viðurkennt, að varnir eru höfuðskilyrði þess, að friður geti haldizt. Það þarf ekki annað heldur en vísa til eins helzta sérfræðirits um þessi efni hér á landi, Þjóðviljans, í morgun. Þar er skýrt frá því, að aðalþáttur hátíðahaldanna miklu í Moskvu í gær hafi verið hersýning. Þetta stendur sem aðalfregnin frá þessari miklu friðarhátíð, sem þar var haldin. Og ég veit, að allra sízt munu þeir tveir hv. þm., sem hér töluðu, efast um það, að þessum mönnum, sem fyrir þeirri hátíð stóðu, var sérstaklega friður í huga og þeir vildu sýna sinn friðarhug með þessari miklu hersýningu og sýna, hversu land þeirra væri vel varið.

Allt er þetta okkur ógeðfellt, en fram hjá þessu komumst við ekki. Ég tel, að það væri mjög vel takandi til athugunar, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að fá álit formanns utanrmn. Bandaríkjanna um varnir Íslands. Ég vil hins vegar segja, að fyrir fram vil ég ekki skuldbinda mig til þess að fara eftir hans skoðun á þeim efnum, og ég er hræddur um, að svo kynni nú að fara einnig með hv. þm., að þar kynni eitthvað að blandast í, sem hann væri nú ekki alveg jafnsammála þeim ágæta manni, eins og hann er í deilu þess manns við forseta Bandaríkjanna um Víetnam-stríðið, sem er allt annað mál.

Hér er sem sagt um mikið og margþætt vandamál að ræða, sem er mjög eðlilegt, að verði tekið til umr. í þinginu einmitt einhvern tíma í vetur, og vona ég, að færi gefist til þess. En ég sé ekki ástæðu á þessu stigi til annars en svara þeirri fsp., sem að mér var beint, eins og hún var orðuð, og við henni var mitt svar eins fullnægjandi og unnt er.

6. Rekstur Iceland Food Centre í London.

Á deildafundum 30. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til landbrh. um rekstur Iceland Food Centre í London [34. mál, 3] (A. 34).

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 39 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 8. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Í árslok 1965 var opnuð íslenzk matsala í London. Hafði verið stofnað sérstakt fyrirtæki um þann rekstur, Iceland Food Centre, og var ríkissjóður stærsti aðilinn, en meðeigendur nokkrar íslenzkar stofnanir og fyrirtæki. Tilgangurinn var sagður sá að kynna og gera tilraun til að auka sölu á íslenzkum matvælum, einkum dilkakjöti. Vel má vera, að rétt hafi verið að gera slíka tilraun, þótt árangur hlyti að teljast næsta óviss. Hitt drógu þó ýmsir kunnugir menn í efa þegar frá upphafi, að tilhögun þessarar kynningarstarfsemi væri með þeim hætti, að mikils væri af henni að vænta sölu íslenzkra afurða til framdráttar. Svo mun einnig hafa farið, að erfiðlega gekk með þennan rekstur, og eins og oft vill verða undir slíkum kringumstæðum, komust á kreik sögusagnir um tilfinnanlegt tap fyrirtækisins. Þar sem ríkið á hér hlut að máli, hefur mér þótt rétt að æskja nokkurra upplýsinga um þetta fyrirtæki og þó einkum um skuldbindingar ríkissjóðs í sambandi við stofnun þess og rekstur. Því hef ég á þskj. 34 borið fram fsp. um málið. Ég tel, að fsp. mín, sem er í 4 liðum, skýri sig sjálf, og hef því ekki fleiri orð um þetta að sinni.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú ekki nema eðlilegt, að þessi fsp. komi fram, sem hér liggur fyrir. Það er vitað mál, að það hefur ýmislegt verið sagt um þessa stofnun, Iceland Food Centre í London, og sumir halda því fram, að þetta væri þjóðinni ekki til sæmdar og frá upphafi hafi það verið hrein vitleysa að ráðast í þetta fyrirtæki. Ég vil þá í fáum orðum svara fsp., eins og þær liggja fyrir á þskj. 34.

Fyrsta fsp. er: Hversu miklu ríkisfé hefur verið varið til stofnunar og rekstrar fyrirtækisins Iceland Food Centre í London? Svar við þessum lið spurningarinnar er það, að ríkissjóður Íslands á helming hlutafjár fyrirtækisins, 4 millj. kr. Hlutaféð allt er 8 millj. Ríkissjóður hefur lánað fyrirtækinu 2 millj. kr. Þetta er það, sem ríkissjóður hefur lagt fram.

Önnur spurning: Hvernig er háttað fjárskuldbindingum ríkisins gagnvart fyrirtækinu? Svar við því er, að ríkissjóður ber þær fjárskuldbindingar gagnvart fyrirtækinu, sem hlutafélagalög segja fyrir um. Ég vil þó hins vegar taka það fram, að ef tap fyrirtækisins verður meira en það, sem hlutafénu nemur, kemur mér ekki til hugar annað en að hluthafarnir, ríkissjóður og aðrir hluthafar, borgi það, sem á vantar.

Þriðja spurning: Hvernig hefur reksturinn gengið? Rekstrarhalli til þess tíma, sem uppgjör nær til á þessu ári, nemur samkv. reikningum fyrirtækisins alls 48.963 £ eða sama sem 5.865.000 kr. Frá þessu má draga afskriftir, sem eru 11.138 £ eða 1.346.000 kr., og nemur þá rekstrartapið um 4.5 millj. kr.

Fjórða spurning: Hverjar ástæður eru á döfinni um framtíð Iceland Food Centre? Félagsstjórnin, en í henni eru 5 menn, stendur nú í samningum við brezka matvælafyrirtækið Angus Steak Houses í London, um að það félag fái keyptan eignarhluta Iceland Food Centre og það taki að sér að sjá um reksturinn í London og kynni íslenzkar afurðir í hinum fjölmörgu veitingahúsum sínum í Englandi, og er þá gert ráð fyrir, að Angus Steak Houses Ltd. eignist helminginn í fyrirtækinu.

Hluthafar hafa frá upphafi verið misjafnlega hrifnir af því, hvernig reksturinn hefur gengið, og hafa ýmsir viljað losna út úr fyrirtækinu, t. d. eins og Loftleiðir, og einnig mun það hafa heyrzt stundum á forstjóra S. Í. S., að hann vildi losna úr fyrirtækinu, af því að það hefur verið rekið með tapi og það hefur ekki náð þeim árangri, sem ætlað var í fyrstu. En eftir að samningar voru teknir upp við forstöðumenn Angus Steak Houses, hafa Loftleiðir ekki óskað eftir því að selja, heldur lýst því yfir, að þær vilji vera með, og ég hef grun um, að þótt S. Í. S. hafi áður viljað losna, sé það hætt við að selja sinn hluta. Ríkissjóður á helming í fyrirtækinu, framleiðsluráð landbúnaðarins, að mig minnir, ¼ og Loftleiðir og S. Í. S. ⅛ hvor.

Framleiðsluráð landbúnaðarins og ég trúðum því, að það mætti eitthvað gera til þess að auka sölu á landbúnaðarvörum. Við höfðum séð það, að Norðmenn, Danir, Þjóðverjar o. fl. höfðu opnað matvælastöðvar í stórborgum heimsins og gert það með góðum árangri. Tilgangur þeirra er að kynna þær vörur, sem þarf að selja, og hafa landkynningu með. Okkar tilgangur var sá sami, að kynna íslenzkar vörur í þeim tilgangi að fá greiðari sölu og betra verð fyrir þær. Okkar tilgangur var einnig sá, að það kæmi samvinna milli flugfélaganna og þessa fyrirtækis um það að kynna landið og fá þannig óbeinan hagnað af auknum ferðamannastraum til landsins eftir þessa kynningu.

Í erfiðleikum hafa nú ýmsir lent fleiri en Íslendingar, þegar ráðizt hefur verið í fyrirtæki sem þetta. Norðmenn opnuðu sinn Food Centre í London ári á undan okkur. Í því fyrirtæki er einnig 5 manna stjórn. Meiri hl. þeirrar stjórnar fór þeirra erinda til London, eftir að fyrirtækið hafði starfað í eitt ár, að loka fyrirtækinu, vegna þess að það var taprekstur, sem Norðmenn vildu vera lausir við, og þeir sáu ekki aðra leið en að loka fyrirtækinu. En vegna þess að þeir hittu mann í London, sem ráðlagði þeim að fresta því að loka, en endurskipuleggja heldur fyrirtækið, var það ekki gert, og það hefur ekki verið gert og stendur ekki til að gera héðan af, því að Norðmenn eru komnir yfir taprekstrinn og hafa nú álit á því, að þetta fyrirtæki geti gert norskum útflytjendum gagn.

Það er ekki unnt fyrir okkur að reka fyrirtæki til lengdar með tapi. Og ég hef ekki viljað fara fram á það, að ríkissjóður legði áfram fé í þennan taprekstur, svo nokkru næmi. Sama máli gegnir með framleiðsluráð landbúnaðarins. Þótt það hafi haft og hafi áhuga á þessu

máli, eru líka takmörk fyrir því, sem það getur eða vill leggja í það. Það lá þess vegna ekkert annað fyrir á s. l. sumri en að loka, af því að við höfðum ekki vissu fyrir því, að við gætum endurskipulagt þetta á eigin spýtur þannig, að það væri öruggt, að við gætum losnað við tapið. En það var um tvennt að ræða, annaðhvort að loka eða reyna að búa þannig um hnútana, að það væri öruggt, að taprekstrinum væri lokið. Við vorum þess vegna búnir að sætta okkur nokkurn veginn við það að loka fyrirtækinu og játa það, að þessi tilraun hefði mistekizt, kannske að einhverju leyti fyrir óheppni. En á s. l. sumri komst formaður félagsstjórnarinnar, Ólafur Jónsson, í samband við mann, sem er áhrifamikill í Angus Steak Houses. Og þeir tóku tal saman um þetta, og niðurstaðan var sú, að samtölum var haldið áfram. Fulltrúar frá brezka fyrirtækinu hafa komið hingað heim, og það lítur þannig út, að það náist samningar og samkomulag við þetta fyrirtæki um það, að þeir kaupi hálfan eignarhlutann í Iceland Food Centre og taki að sér reksturinn, en þó þannig, að íslenzkar vörur verði á boðstólum, ekki aðeins á þessum veitingastað, heldur og í fjöldamörgum veitingahúsum þessa fyrirtækis í London, eftir því sem okkur þykir ástæða til eða eftir því sem við höfum þörf fyrir. Og það er þetta, sem hefur breytt viðhorfi þeirra hluthafa, sem áður vildu losna út úr fyrirtækinu, að þeir, eftir að hafa kynnt sér það, sem nú er verið að semja um, telja líkurnar svo miklar fyrir því, að hægt sé að koma fyrirtækinu á trausta fætur, að þeir vilja nú gjarnan vera hluthafar áfram.

Það er nú svo, að það hafa ekki verið undirskrifaðir samningar enn við brezka fyrirtækið, en stjórn Iceland Food Centre segir mér, að það séu 99% líkur fyrir því, að það verði gert, og þeir allir, þessir 5 menn, sem eru í stjórn Iceland Food Centre, hafa mjög mikinn áhuga fyrir því og álit á því, að það geti orðið okkur til mikils gagns að koma okkar vörum, ekki aðeins lambakjöti heldur öðrum framleiðsluvörum okkar, inn í þennan stóra veitingahúsahring í London. Reynslan sker úr því, hvort þetta verður okkur til hagnaðar. En ætlunin með því að semja við þetta fyrirtæki er sú, að kynna íslenzkar vörur í stórborginni og vinna upp það tap, sem orðið hefur, þannig að ríkissjóður og aðrir hluthafar þurfi ekki að láta meira af hendi, og þegar tapið hefur verið greitt, geti þetta orðið hagnaður fyrir hluthafana.

Ég held, að ég hafi svarað þessum fsp., sem þarna eru fram bornar, eftir því sem ástæða er til að ætla, og vænti ég þess, að fyrirspyrjandi láti sér það nægja.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir svör við fsp. mínum, sem ég tel eftir atvikum fullnægjandi. Ég tel, að ýmsar fróðlegar upplýsingar hafi komið fram í sambandi við þessi svör, en sé ekki ástæðu til að ræða málið frekar á þessu stigi.

7. Raforkuþörf Vestur-Skaftfellinga austan Mýrdalssands.

Á deildafundum 14. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til raforkumálaráðherra um rannsókn varðandi lausn á raforkuþörf Vestur-Skaftfellinga austan Mýrdalssands [55. mál] (A. 60).

Á 12. fundi í Sþ., 15. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 41 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Við hv. 2. þm. Sunnl. höfum leyft okkur að bera fram svofellda fsp. til raforkumálarh.:

„Hvað líður framkvæmd þál., samþykktrar á Alþ. 5. maí 1966, um rannsókn varðandi lausn á raforkuþörf Vestur-Skaftfellinga austan Mýrdalssands?"

Á Alþ. 5. maí 1966 var samþ. þáltill., þar sem skorað var á hæstv. ríkisstj. að láta rannsaka til fullnustu, hvernig hagkvæmast mundi vera að leysa raforkuþörf Vestur-Skaftfellinga, þeirra, sem búa austan Mýrdalssands, og vinna að framgangi þess máls svo fljótt sem auðið væri.

Á þingunum 1965 og 1966 urðu töluverðar umr. um raforkumál austurhluta Vestur-Skaftafellssýslu, þ. e. a. s. 5 hreppa, Álftavers-, Leiðvallar-, Skaftártungu-, Kirkjubæjar- og Hörglandshreppa. Eins og háttar til í héraðinu nú, er það svo, að rafmagnslína er komin fyrir nokkru til Víkur í Mýrdal og hún tengd Sogsvirkjunarkerfinu eða aðalveitukerfinu. Hún flytur rafmagn í tvo vestustu hreppa sýslunnar. En við það ástand hefur síðan verið búið og eigi lengra haldið með þá línu. Vitanlega hafa það orðið vonbrigði mörgum þar eystra, að eigi var haldið áfram línulögninni. Þess má þó geta, að línulögn þarna hlýtur að vera nokkuð dýr, og enn fremur er verulega langt á milli bæja í austurhlutanum, þannig að það fer yfir það mark að nokkru leyti, sem raforkumálastjórnin hefur sett sér í sambandi við línulagnir á milli bæja í dreifbýlinu. En um nauðsyn rafmagns að nútímahætti á þessum slóðum þarf auðvitað ekki að ræða, og að því viljum við öll keppa, að sem flestir verði aðnjótandi þessara nauðsynlegu þæginda og fæstir afskiptir.

Þess ber þá að minnast í þessu máli, að Vestur-Skaftfellingar voru brautryðjendur í byggingu vatnsaflsstöðva, og voru þá bæjar-

lækir virkjaðir. Þannig fengu mörg býli rafmagn, sem þau búa við enn í dag. Í þessu sambandi má líka geta snillingsins Bjarna í Hólmi, sem vann æðimörg afreksverk á þessu sviði, bæði í sinni sýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, og enn fremur í nálægum héruðum. Og enn er í sýslunni búið við þessar einkavatnsaflsrafstöðvar, sem að sjálfsögðu eru farnar að láta á sjá eftir mjög langan notkunartíma. Og einnig eru á þessu svæði nokkrar einkadísilstöðvar.

Það hygg ég, að ekki verði um það deilt, að leysa beri þessa raforkuþörf Skaftfellinga af opinberri hálfu. Til þess liggja að sjálfsögðu hin fyllstu rök. Spurningin er því aðeins sú, með hverjum hætti skuli leysa þennan vanda, og auðvitað verða sérfræðingar að koma til og segja fyrir um, hvert þeirra álit sé í þessu efni. Spurningin er þessi: Á að teygja aðalveitulínuna austur yfir Mýrdalssand og láta hana halda áfram gegnum hina 5 hreppa, eða á að hyggja á smærri virkjanir eða fara enn aðrar leiðir? Eins og ég sagði, er að sjálfsögðu treyst á, að sérfræðingar kunni bezt að meta, hverja leið á að fara, og þess vegna mun hafa verið borin fram þáltill., sem var samþ. á árinu 1966 hér á hinu háa Alþ., og óskað rannsóknar í þessum efnum. Nú viljum við flm. fsp. spyrjast fyrir um það hjá orkumálaráðh., hvað þessari athugun líði, og sé henni lokið, hver niðurstaðan sé.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. alþm. er kunnugt, var samþykkt þáltill., sem þm. Ragnar Jónsson og Guðlaugur Gíslason fluttu í lok þingsins 1966, um það að skora á ríkisstj. að láta fram fara athugun á því, hvernig raforkumál Vestur-Skaftfellinga eða Skaftfellinga fyrir austan Mýrdalssand yrðu heppilegast leyst. Eftir að þessi till. var samþ., skipaði ég n. sérfróðra manna til þess að láta þessa athugun fram fara. Í n. eiga sæti Jakob Gíslason formaður, Valgarð Thoroddsen rafmagnsveitustjóri og Eiríkur Briem, sem þá var rafmagnsveitustjóri. N. hefur unnið allýtarlega að þessu máli. Nefndarmenn hafa farið austur og ferðazt um héraðið, kynnt sér aðstöðu og fjarlægðir á milli bæja og þá möguleika, sem hugsanlegir væru til að leysa þetta mál. Nál. hef ég hins vegar ekki fengið enn þá, en ég hef í höndunum bréf, undirskrifað af öllum nefndarmönnum, sem skýrir þetta mál nokkuð, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa þetta bréf upp:

„Með vísun til samtals yðar, hæstv. ráðh., við orkumálastjóra nýverið varðandi nál. um rafvæðingu Vestur-Skaftafellssýslu austan Mýrdalssands, sbr. þál. Alþ. frá 5. maí 1966, viljum við hér með láta yður í té meginniðurstöður af athugun okkar á því máli, en sjálft nál. verður væntanlega tilbúið innan fárra daga.

Eftirtaldir þrír valkostir voru athugaðir:

1) Háspennulína frá Háafelli á Höfðabrekkuhálsi að Kirkjubæjarklaustri með dreifilínum upp sveitirnar og dísilrafstöð til vara á Klaustri.

2) Dísilrafstöð á Kirkjubæjarklaustri og dreifilínur.

3) Virkjun í Tungufljóti með dreifilínum.

Við samanburð á stofnkostnaði þessara þriggja valkosta höfum við komizt að eftirfarandi niðurstöðum, og eru þá eingöngu teknir með í áætlunina þeir bæir, sem hafa minna en 2 km vegalengd að meðaltali, en þeir eru alls 74 talsins, auk annarra notenda.

Fyrstu tveir valkostirnir, þ. e. háspennulína frá Háafelli að Klaustri með dreifilínum og dísilrafstöð á Kirkjubæjarklaustri með dreifilínum, eru álíka dýrir í stofnkostnaði, eða um 20 millj. kr. í hvoru tilfelli.

Þriðji kosturinn, þ. e. virkjun í Tungufljóti með dreifilínum, er svo miklu dýrari en hinir kostirnir, að hann virðist ekki koma til greina. Ef nægilegt fjármagn væri fyrir hendi, væri í sjálfu sér æskilegt að geta ráðizt strax í línubyggingu austur yfir Mýrdalssand frá Háafelli, en sú lína ein út af fyrir sig ásamt varastöð á Klaustri er áætlað, að kosti rúmlega 11 millj. kr. Með því hins vegar að byrja á að setja niður dísilrafstöð á Klaustri, sem þá yrði að vera nokkru betur úr garði gerð en ef um hreina varastöð væri að ræða, og leggja frá henni dreifilínur til þéttbýlasta nágrennisins, þ. e. auk Klausturs um Landbrot og Síðu, væri hægt að rafvæða 51 býli og 11 aðra notendur fyrir sömu upphæð og háspennulínan ein á milli Háafells og Klausturs ásamt varastöð telst eiga að kosta, eða um 11 millj. kr. Þessi byrjunaráfangi er aðeins rúmlega 1 km línulengd á býli að meðaltali. Í framhaldi af þessum áfanga rafvæðingar sveitanna austan Mýrdalssands yrði veitan síðan tengd við háspennulínuna á Háafelli, og dísilrafstöðin á Klaustri yrði þá rekin sem varastöð. Við samtengingu veitunnar áætlast, að 23 býli til viðbótar fengju rafmagn frá samveitunni, það eru bæirnir neðst í Skaftártungu og í Álftaveri.

Í þessu sambandi skal þess getið, að eftir að n. hóf starf sitt hefur verið lögð lína frá Háafelli að Höfðabrekkuhálsi, sem kostuð er af öðrum aðilum en Rafmagnsveitum ríkisins, og breytir það viðhorfinu til línu austur eftir Mýrdalssandi til hins betra. Þessi lína, sem hefur verið lögð frá Háafelli, er um 10 km að lengd, og við það fá 4 bæir austan Víkur rafmagn. Hér er gert ráð fyrir, að 74 býli fengju fljótlega rafmagn frá dísilstöð á Klaustri, ef hún yrði byggð. Það eru bæir, sem eru með línulengd að meðaltali á milli bæja innan við 2 km, en þá eru það 43 býli, sem eru eftir. Þar eru 2.36 km á milli bæja.

Eins og hér er sagt, væri í fyrsta áfanga 51 býli og 11 aðrir notendur, sem gætu fengið rafmagn út frá dísilstöðinni, sem hafa ekki nema 1 km línulengd á milli notenda að meðaltali. Og þar sem það er viðurkennt, að ekki sé vit í því að treysta á línuna eina yfir Mýrdalssand og það verði að byggja varastöð, þegar til þess kemur að rafvæða sveitirnar

fyrir austan sand, sýnist vera eðlilegt að byrja á því að setja dísilstöðina upp og rafvæða þéttbýlustu sveitirnar næst Klaustri út frá dísilstöðinni.“

Þetta er nú það, sem n. hefur fram að leggja í þessu máli, og er eiginlega mest af því þegar sagt, sem þeir hafa til þessara mála að leggja að svo stöddu, þ. e. að með því að setja upp dísilstöð á Klaustri mætti tiltölulega fljótt rafvæða 51 býli og 11 hús til viðbótar, þ. e. 62 heimili, og vegalengdin að þessum heimilum væri ekki nema 1 km að meðaltali. Síðan yrði prjónað við, eftir því sem ástandið leyfði, þannig að þegar línan væri lögð austur, kæmu fljótlega 23 býli til viðbótar, en 43 býli eru með 2.36 km vegalengd að meðaltali, og það yrði vitanlega meiri dráttur á því, að þau fengju rafmagn.

Fyrirspyrjandi (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin, þó að niðurstaða n. sé mjög andstæð því, sem ég og margir fleiri hugðum vera hina réttu leið, en það er að fara með línuna frá aðalveitukerfinu áfram þegar í stað. Verð ég þó að lýsa því yfir, að mér er ánægja að heyra það, að ganga á strax til þess verks að reisa fullkomna dísilstöð að Klaustri. Ef það mál gengur sæmilega greiðlega fyrir sig, komast þarna æðimörg býli í samband við traust rafmagn. Og þá er ekki hitt lakara, ef Skaftfellingar eiga von á því að fá höfuðlínu yfir sandinn og áfram, eftir því sem henta þykir. Að sjálfsögðu er dísilstöð að Klaustri mikið öryggi, þegar línan verður lögð frá Höfðabrekku og austur úr, vegna þess að Mýrdalssandur er að sjálfsögðu mjög viðsjárverður í sambandi við rafmagnsstaura og línulagnir. Það er vissulega mikið rétt.

Með lögum um Landsvirkjun sýndist vera sú stefnubreyting m. a., að hætta skyldi við smærri virkjanir en leggja kapp á stórvirkjanir. Og það var ekki sízt vegna þessarar stefnubreytingar í lögum um Landsvirkjun, sem ég hugði, að það yrði farið í aðalveitukerfið með þessa 5 hreppa í Skaftafellssýslu. Ég á þá ósk, að hæstv. raforkumálarh. leggi kapp á framkvæmdir í þessu efni, þannig að Vestur-Skaftfellingar geti hið allra fyrsta fengið fullkomið rafmagn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er eins og hv. fyrirspyrjandi hafi misskilið mig, þar sem hann taldi, að þessi athugun n. hefði leitt annað í ljós en æskilegt væri. Hann hefði óskað eftir því, að það yrði haldið áfram með línu austur yfir sand og Skaftfellingar yrðu tengdir við aðalveitukerfið og það væri í samræmi við þá stefnu, sem hefði verið mörkuð með landsvirkjunarlögunum. En það er einmitt þetta, sem n. leggur til. N. leggur til, að vegna þess að það þurfi að hafa varastöð fyrir austan — vegna þess að það er ekkert vit í því að treysta á línuna eina yfir sandinn — fái þau býli, sem bezta hafa aðstöðuna, þéttbýliskjarninn í kringum Klaustur, rafmagn út frá dísilstöð, sem hvort eð er verður að koma. Svo þakka ég hv. sýslumanninum, 4. þm. Sunnl., fyrir áskorunina, að ég skuli nú gera allt sem ég geti í þessu máli.

8. Skólarannsóknir.

Á deildafundum 30. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til menntmrh. um skólarannsóknir [34. mál, 1] (A. 34).

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 39 shlj. atkv.

Á 10., 12. og 14. fundi í Sþ., 8., 15. og 22. nóv., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Sþ., 6. des., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Undanfarið ár hafa átt sér stað mjög mikil skrif og miklar umr. um fræðslumál okkar. Af eðlilegum ástæðum hafa umr. þessar og skrif einkum varðað löggjöf þá, er um fræðslumálin gildir, svo og framkvæmd hennar með tilliti til þeirra mjög svo breyttu þjóðfélagsaðstæðna, sem orðið hafa síðan löggjöf þessi var samin. Fjölmargir aðilar, sem af skólamálum hafa afskipti, hafa látið til sín heyra, yfirmenn fræðslumála ríkis og bæja, sveitarstjórnarmenn, skólastjórar og kennarar, svo og fjölmargir þjóðkunnir menn, sem sérstakan áhuga hafa á fræðslumálum þjóðarinnar og hafa komið við sögu þeirra undanfarin ár.

Ég held, að það sé ekki orðum aukið, þegar ég segi, að flestar þær raddir, sem heyrzt hafa, hafi komið fram með töluverða gagnrýni á ástand og þróun þessara mála að undanförnu. Gagnrýni þessi er að sjálfsögðu ærið misjöfn og mjög margvísleg, en flestir þættir þessara mála hafa með einum eða öðrum hætti hlotið gagnrýni. Hér er um eðlilegan hlut að ræða í lýðfrjálsu landi, auk þess sem nær aldarfjórðungur er liðinn síðan samning meginhluta núverandi fræðslulöggjafar fór fram, en það mun hafa verið dr. Einar Arnórsson í tíð utanþingsstjórnarinnar 1942—1944, sem skipaði n. þá, sem samdi frv. að núverandi fræðslulöggjöf.

Eins og ég gat um áðan, hafa á þessum aldarfjórðungi átt sér stað mjög miklar þjóðfélagsbreytingar, — þjóðfélagsbreytingar, sem í vaxandi mæli gera kröfur til aukinnar menntunar og fjölbreyttrar menntunar. Slíkar kröfur hljóta að kalla á sérstaka athugun á skólakerfinu í heild, á kennsluaðferðum, á kennsluefni, á menntun kennara og á byggingarnýj-

ungum skólahúsa. Því er þó engan veginn þannig farið, að mér sé ekki kunnugt um, að sitthvað hafi átt sér stað í athugun á skólamálum að undanförnu. Mér er kunnugt um, að á vegum menntmrn. hafa átt sér stað skólarannsóknir. Fræðslumálaskrifstofan hefur beitt sér fyrir ýmsu. Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur hefur látið gera mjög ýtarlegar rannsóknir á þessum málum. Skólastjórar og kennarar gera ýmsar tilraunir. Og til eru þau samtök, sem sýnt hafa lofsverðan áhuga á þessum málum og tekið skólarannsóknir til sérstakrar meðferðar, og á ég þar við rannsóknarstofnun á vegum Sambands ungra sjálfstæðismanna, sem sett hefur verið á stofn og gert um þessi mál mjög ýtarlegar athuganir og ályktanir.

Þessi mál heyra að sjálfsögðu undir menntmrn., sem fer með yfirstjórn þessara mála og á að jafnaði að fylgjast með, hvað gerist í þessum málum, og láta gera athuganir í sambandi við fræðslumálin og gera till. um nýbreytni og nýjungar, sem talið er rétt, að teknar verði upp.

Ég hafði hugsað mér fyrir þingbyrjun að flytja hér till. til þál. um heildarendurskoðun á fræðslukerfinu, en í ræðu hæstv. forsrh. í upphafi þingsins kom fram, að ríkisstj. hefði ákveðið að láta þá endurskoðun fram fara. Ég taldi hins vegar rétt, að hv. alþm. yrðu upplýstir um það, hvað gerzt hefði í þessum málum, og þess vegna leyfði ég mér að flytja fsp. þá á þskj. 34, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Að hverju hafa skólarannsóknir menntmrn. aðallega beinzt fram til þessa?

2. Telur ríkisstj., að með núverandi starfskröftum við skólarannsóknir verði hægt að framkvæma fyrirhugaða endurskoðun á fræðslulöggjöfinni innan hæfilegs tíma?“

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Fsp. þessi er í tveim liðum. Annars vegar er um það spurt, að hverju skólarannsóknir menntmrn. hafi aðallega beinzt til þessa. Hins vegar er spurt, hvort ríkisstj. telji, að með núverandi starfskröftum við skólarannsóknir verði hægt að framkvæma fyrirhugaða endurskoðun á fræðslulöggjöfinni innan hæfilegs tíma.

Fyrri liður fsp. veitir mér kærkomið tilefni til þess að greina hinu háa Alþ. frá því, að hvaða verkefnum skólarannsóknir menntmrn. hafi unnið fram til þessa, eru að vinna og munu vinna nú á næstunni. Síðari liður fsp. á hins vegar sumpart rót sína að rekja til mjög algengs og útbreidds misskilnings á þeim viðfangsefnum, sem við er að etja í íslenzkum skólamálum nú í dag.

Ég mun fyrst fara nokkrum orðum um síðari lið fsp., en síðan láta í té umbeðnar upplýsingar um störf skólarannsóknanna.

Flestir þeir, sem um skólamál fjalla og um þau hugsa af alvöru, munu gera sér ljóst, að breyttir tímar kalla jafnan á breytingar í skólamálum. Á þetta ekki aðeins við hér á Íslandi, heldur hvarvetna í menningarlöndum. Á undanförnum áratugum og árum hafa gerzt svo gagngerar breytingar á þjóðfélagsháttum öllum, að námsefni hefur orðið að taka miklum breytingum. Jafnframt hafa orðið framfarir í fræðsluháttum og nýjar aðferðir við kennslu og nám komið til skjalanna. Þjóðfélagið hefur gert nýjar og breyttar kröfur til þegna sinna og þó ekki sízt til skólaæskunnar. Borgararnir — og þá ekki sízt skólaæskan — hafa þurft á nýrri og breyttri þekkingu, nýju og breyttu viðhorfi að halda til þess annars vegar að geta komizt áfram í lífinu og hins vegar til þess að geta notið þess í vaxandi mæli. Allt hlýtur þetta að breyta viðhorfi skólanna í þjóðfélaginu, hlutverki þeirra og starfsaðferðum. Fáum stofnunum þjóðfélagsins er því jafnnauðsynlegt og einmitt skólunum að hafa augun opin fyrir þeim þjóðfélagsbreytingum, sem eru að eiga sér stað á hverjum tíma, til þess að verða ekki hemill á breytingu í heilbrigða átt, heldur þvert á móti afl, sem ýtir undir slíka breytingu og flýtir henni. Hvort slík stöðubreyting á skólastarfi gerir nauðsynlegt að breyta í sífellu sjálfri skólalöggjöfinni, er auðvitað undir því komið, hvers eðlis skólalöggjöfin er. Sé hún þannig, að hún setji nákvæm fyrirmæli í einstökum atriðum um skólastarfið á hverju einstöku skólastigi og á hverri einstakri námsbraut, er auðvitað nauðsynlegt að gera mjög oft breytingar á skólalöggjöfinni. Skólalöggjöf einstakra landa er að þessu leyti nokkuð ólík. Íslenzk skólalöggjöf um þann þátt skólakerfisins, sem annast lögboðna fræðsluskyldu, lýtur að nokkrum grundvallaratriðum. Hún kveður t. d. á um, að fræðsluskylda sé frá 7—15 ára aldurs, að fræðsluskyldan skiptist í tvö skólastig, barnastig, sem ljúki við 13 ára aldur, og unglingastig, sem ljúki með unglingaprófi. Síðan gerir fræðslulöggjöfin ráð fyrir miðskólum, er veiti eins árs fræðslu til viðbótar unglingaprófi, og gagnfræðaskólum, er veiti tveggja ára fræðslu frá unglingaprófi. Fræðslulöggjöfin sjálf kveður hins vegar ekkert á um það, hvaða námsefni eða hversu mikið skuli kennt til barnaprófs, unglingaprófs, miðskólaprófs eða gagnfræðaprófs. Fræðslulöggjöfin sjálf kveður ekki heldur neitt á um það, hvaða eða hvers konar kennsluaðferðum skuli beita eða hvernig próftilhögun skuli vera.

Þegar rætt er um nauðsyn þess, að skólarnir lagi sig eftir breyttum þjóðfélagsháttum á hverjum tíma, á það auðvitað fyrst og fremst við um námsefni, kennsluaðferðir og próftilhögun. En allar breytingar, sem æskilegt kann að vera talið að gera í þessum efnum, hefur verið hægt að gera, er hægt að gera og verður hægt að gera án breytinga á grundvallaratriðum skólalöggjafarinnar, eins og hún er á Íslandi. Að þessu leyti er það grundvallarmisskilningur, þegar talað er um nauðsyn á endurskoðun á fræðslulöggjöfinni í því skyni að gera breytingar á námsefni, kennsluaðferðum og próftilhögun á fræðsluskyldustiginu.

Gildandi lagaákvæði um þá 8 ára fræðsluskyldu, sem hér er nú lögbundin, eru í lög-

gjöf frá 1946. Það var mjög viturlega ráðið af höfundum þeirrar fræðslulöggjafar að hafa hana rammalöggjöf, eins og hún er, þannig að þeim, sem með stjórn fræðslumálanna fara og annast sjálfa kennsluna, séu gefnar sem frjálsastar hendur um breytingar á námsefni, kennsluaðferðum og próftilhögun. Þó að þessi lagaákvæði hafi staðið óbreytt í meira en 20 ár, hafa mjög margvíslegar breytingar verið gerðar á þeim atriðum, sem eru kjarni og tilgangur skólastarfsins, þ. e. a. s. námsefninu, kennsluaðferðunum og próftilhöguninni. Ákvæði fræðslulaga frá 1946 hafa ekki staðið í vegi fyrir slíkum breytingum. Þess vegna hefur þeim ákvæðum ekki verið breytt.

Nokkru eftir að ég tók við starfi menntmrh., eða fyrir næstum 10 árum, skipaði ég n. til þess að athuga núgildandi fræðslukerfi og framkvæmd þess og gera till. um breytingar á framkvæmd núgildandi laga eða lagasetningunni sjálfri, eftir því sem ástæða virðist til, eins og segir í skipunarbréfi n. Í n. áttu sæti þessir menn: Halldór Halldórsson prófessor, formaður, Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, Helgi Elíasson fræðslumálastjóri, Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri, tilnefndur af fjmrn., Helgi Þorláksson yfirkennari, tilnefndur af Landssambandi framhaldsskólakennara, Kristján J. Gunnarsson yfirkennari, tilnefndur af Sambandi ísl. barnakennara, Einar Magnússon yfirkennari, tilnefndur af Félagi menntaskólakennara, Jónas Guðmundsson skrifstofustjóri, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Sigurður Ingimundarson verkfræðingur, tilnefndur af Alþfl., frú Ragnhildur Helgadóttir alþm., tilnefnd að Sjálfstfl., Páll Þorsteinsson alþm., tilnefndur af Framsfl., og Haraldur Steinþórsson kennari, tilnefndur af Alþb.

Þessi n. skilaði ýtarlegri álitsgerð í ágúst 1959. Hún gerði samþykktir um námsstjórn, um skólakerfi barnaskóla og gagnfræðaskóla, um menntaskóla, kennaramenntun o. fl., um fjármál skóla og um erindisbréf fyrir kennara og skólastjóra í barna- og unglingaskólum, fræðsluráð og skólanefndir. En n. gerði ekki till. um breytingu á grundvallaratriðum löggjafarinnar um fræðsluskyldu. Veigamestu brtt. n. lutu að menntaskólanámi, kennaramenntuninni og fjármálum skólanna. Aðalatriði till. um menntaskólanámið hefur smám saman verið framkvæmt á undanförnum árum. Svo sem kunnugt er, hefur löggjöf verið sett um kennaramenntunina, Kennaraskólanum verið breytt í stúdentaskóla, og enn fremur hefur verið sett ný löggjöf um greiðslu skólakostnaðar. Þá hafa verið sett erindisbréf til kennara og skólastjóra og tilhögun námsstjórnar verið endurskoðuð.

Þegar sú niðurstaða þessarar n. lá fyrir, að hún gerði ekki till. um grundvallarbreytingu á skipulagi fræðsluskyldunnar, var af hálfu menntmrn. lögð á það megináherzla að ljúka sem fyrst endurskoðun námsskrár fyrir allt fræðsluskyldustigið. Var því verki lokið 1961 og þá í fyrsta sinn gefin út námsskrá fyrir fræðsluskyldustigið allt. Hefur sú námsskrá smám saman verið að koma til framkvæmda, og má með miklu meiri rétti segja, að hún sé grundvöllur skólastarfsins á fræðsluskyldustiginu nú í dag en lagaákvæðin frá 1946. Þessari námsskrá er auðvitað hvenær sem er hægt að breyta, ef breyttar aðstæður eru taldar gera slíka breytingu nauðsynlega. Eina verulega mikilvæga atriðið varðandi fræðsluskylduna, sem nú er lögbundið, er, að hún skuli vera 8 ár, eða frá 7—15 ára aldurs. Skólamálanefndin gerði á sínum tíma ekki till. um að breyta þessu. Ég var henni á sínum tíma sammála um, að það væri þá ekki tímabært. Hins vegar tel ég nú, að rækileg athugun á þessu atriði sé orðin tímabær, og er hér einmitt um að ræða eitt af verkefnum skólarannsóknanna, sem ég mun síðar víkja að.

Annað mikilvægt atriði skólakerfisins, sem mikið hefur verið rætt á undanförnum árum, er einnig lögbundið, þótt ekki snerti það fræðsluskylduna. En það er, að haldið skuli eitt allsherjar inntökupróf í menntaskóla um land allt, svokallað landspróf. Um þetta atriði segir gildandi löggjöf ekki annað en að inntökupróf í menntaskóla skuli samræmt um land allt. Í löggjöfinni eru engin fyrirmæli um það, hverjar prófkröfur skuli gera á landsprófi. Lagaákvæði um landspróf voru lögtekin 1946, og var tilgangur þess þá að tryggja öllum unglingum, hvar sem er á landinu, hliðstæða aðstöðu til inngöngu í menntaskóla. Áður en landspróf var tekið upp, voru engar samræmdar eða almennar reglur til um inntökuskilyrði í menntaskóla, og var þetta talið valda miklu, jafnvel óverjandi misrétti varðandi aðstöðu unglinga til þess að hefja menntaskólanám. Á sínum tíma mun landsprófið því yfirleitt hafa verið talið mikið framfaraspor miðað við það ástand, sem áður ríkti.

Á síðustu árum virðist landsprófið hins vegar hafa sætt vaxandi gagnrýni, að því er virðist einkum vegna þess, að ýmsir hafa talið það þröskuld á vegi unglinga til menntaskólanáms. Hafa ýmsir krafizt breytinga á fræðslulöggjöfinni til þess að draga úr þeim hömlum, sem þeir hafa talið landsprófið vera á aðgangi til framhaldsnáms. En hér er enn um grundvallarmisskilning að ræða. Í lagaákvæðum um landspróf felst ekkert annað en það, að sams konar inntökupróf skuli haldið í alla menntaskóla. Ef menn vilja, er enginn vandi að auðvelda inngöngu í menntaskólana án lagabreytingar. Hér er engin spurning um það, hvort löggjafinn þurfi að breyta sínum ákvæðum.

Ég geri ekki ráð fyrir, að neinn geti haft á móti því, að samræmi sé í kröfum til inngöngu í einstaka menntaskóla. Um hitt getur mönnum hins vegar sýnzt sitt hvað, hversu strangar kröfur eigi að gera og hvaða kröfur eigi að gera, en hvorugt er lögbundið. Ef menn vilja auðvelda inngöngu í menntaskólana eða haga vali nemenda þangað öðruvísi en nú er gert, þarf ekki til þess að breyta neinu í sjálfri fræðslulöggjöfinni, heldur þeim reglum, sem starfað er eftir á grundvelli fræðslulög-

gjafarinnar. Skólamönnum sýnist nokkuð sitt hvað um landsprófið. Sumir telja það of einstrengingslegt, t. d. leggja of mikið upp úr minnisatriðum. Aðrir telja það beinlínis of þungt og segja, að fleiri ættu að komast í menntaskóla en yfirleitt standast landspróf. Enn aðrir telja það of létt, eins og komi fram í því, að verulegur hluti þeirra, sem standist landspróf, standist síðan ekki próf upp úr 1. bekk menntaskólanna og hefði því frekar átt að velja sér aðra námsbraut til framhaldsnáms en menntaskólanám. Allt þarf þetta rækilegrar athugunar við. Einmitt þetta er m. a. verkefni skólarannsóknanna. En breytinga á sjálfri fræðslulöggjöfinni er ekki þörf til þess að koma fram breytingum í þessum efnum.

Það eru hins vegar beinlínis rangar staðhæfingar, sem imprað hefur verið á opinberlega, að prófkröfur í landsprófi hafi verið miðaðar við það að bægja nemendum frá menntaskólanámi vegna húsnæðisskorts. Landsprófsnefnd er algerlega sjálfstæð og óháð í starfi sínu og hefur ekkert samband hvorki við fræðsluyfirvöld né menntaskóla um prófkröfur sínar. Öllum, sem staðizt hafa landspróf, hefur jafnan verið veitt skólavist í menntaskóla.

Þá hefur enn talsvert verið rætt um eitt atriði, mjög mikilvægt atriði, í sambandi við skólakerfið í heild, en það er, að stúdentsaldur sé hér á landi of hár, þ. e. a. s., að ekki eigi að þurfa að taka 13 ár að ljúka skólagöngu til stúdentsprófs, eins og nú á sér stað hér á landi. Ég er persónulega sammála þessu og tel það eitt brýnasta verkefnið í íslenzkum skólamálum að breyta hér til, þannig að unglingar geti orðið hér stúdentar einu ári fyrr en nú á sér stað. Menntaskólanám er eflaust ekki hægt að stytta frá því, sem nú á sér stað. Síðasta ár gagnfræðanáms undir inngöngu í menntaskóla, þ. e. a. s. landsprófsbekkurinn svonefndi, er einnig án efa svo þungur, að ekki kemur til mála, að unnt væri að ljúka því námsefni á skemmri tíma en nú er gert. Styttingin yrði því að vera á fræðsluskyldustiginu sjálfu. Hins vegar eru skólamenn mjög ósammála um það, hvort það sé hægt og þá á hvaða stigi innan fræðsluskyldukerfisins. Sú hugmynd að skipta börnum og unglingum í bekkjardeildir eftir námsgetu á sér marga formælendur, en einnig marga andstæðinga. Hér er um vandasöm framkvæmdaatriði að ræða, og eflaust er nauðsynlegt að gera ýmsar tilraunir og fikra sig áfram, áður en endanlegt og gott skipulag finnst. Þessa mikilvægu breytingu er einnig hægt að gera án margumtalaðrar endurskoðunar á fræðslulöggjöfinni, ef menn verða nægilega á eitt sáttir um, að breytingin sé æskileg og hún er studd nægilegum kennslufræðilegum og vísindalegum rökum.

Ég hef fjölyrt nokkuð um þessi grundvallaratriði, vegna þess að mér virðist það óþarflega algengt, að blandað sé saman umtali um endurskoðun á fræðslulöggjöfinni og endurskoðun á skólastarfinu. Það heyrist allt of oft, að eitthvað meira en lítið hljóti að vera bogið við íslenzk skólamál, vegna þess að grundvallarlöggjöfin um þau sé meira en 20 ára gömul. Af þessu virðast ýmsir draga þá ályktun, að skipulag og starfsemi íslenzkra skóla hafi ekki breytzt í 20 ár. En það er auðvitað herfilegur misskilningur. Lengd skólaskyldunnar hefur að vísu ekki breytzt í 20 ár, en sjálft skólastarfið hefur tekið miklum breytingum. Námsefnið er orðið mjög annað en það var fyrir 20 árum. Kennsluaðferðir hafa breytzt gífurlega, próftilhögun er ekki lengur með sama hætti og þá var. Með þessu er ég auðvitað ekki að segja, að skólastarfið hafi í einu og öllu breytzt eins mikið og æskilegt væri og það sé nú fullkomið. Eflaust stendur þar enn þá ótalmargt til mikilla bóta. En það er grundvallarmisskilningur, að ákvæði skólalöggjafarinnar frá 1946 hafi staðið í vegi fyrir breytingum, sem margir kunna að hafa viljað gera, en ekki hafa verið gerðar.

Þótt löggjöfin um fræðsluskylduna sé rammalöggjöf, mikilvægar breytingar á skólakerfinu sé því hægt að gera án breytingar á henni, á þetta ekki við um framhaldsskólalöggjöfina og sérskólalöggjöfina. Þess vegna hefur þessi löggjöf verið endurskoðuð svo að segja öll á undanförnum árum eða er í endurskoðun. 1957 var sett ný löggjöf um Háskóla Íslands. 1963 var komið á fót Tækniskóla Íslands. Sama ár voru sett ný lög um kennaramenntunina og Kennaraskóli Íslands gerður að stúdentaskóla. 1965 var iðnfræðslulöggjöfin öll endurskoðuð og sett um hana ný löggjöf. 1963 var sett ný löggjöf um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og 1965 um Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Undanfarið ár hefur starfað opinber n. að endurskoðun menntaskólalöggjafarinnar, og einnig starfar nú n. að tillögugerð um uppbyggingu Háskóla Íslands næstu 20 ár.

Ég leyfi mér að staðhæfa, að allir þeir þættir íslenzkrar skólalöggjafar, að menntaskólalöggjöfinni undantekinni, sem þörf hefur verið á að endurskoða til þess að koma fram nauðsynlegum breytingum í samræmi við breytt viðhorf nýs tíma, hafi verið endurskoðaðir á undanförnum árum. Um alla þætti íslenzks skólastarfs gildir nú tiltölulega ný löggjöf, að svo miklu leyti sem breytt löggjöf er skilyrði nauðsynlegra breytinga, enda hefur aldrei verið sett jafnmargháttuð löggjöf um skólamál á Íslandi og einmitt á undanförnum árum. Endurskoðun menntaskólalöggjafarinnar hefur því miður gengið seinna en ég hafði vonað. Hins vegar hefur verið hægt að gera margs konar breytingar á deildaskiptingu og kennslutilhögun án lagabreytinga, og hefur það verið gert. Ein af ástæðum þess, að n. sú, sem starfar að endurskoðun menntaskólalöggjafarinnar, hefur ekki enn lokið störfum, mun vera sú, að hún vill gjarnan vita meira um árangur þeirra tilrauna, sem nú fara fram í menntaskólanáminu, áður en hún gerir endanlegar tillögur um nýja löggjöf á þessu sviði. Ég

hef hins vegar ekki séð ástæðu til þess að beita mér fyrir endurskoðun lagaákvæðanna frá 1946 um sjálft skipulag fræðsluskyldunnar, eingöngu vegna þess, að þau lagaákvæði eru ekki til neins trafala við þær breytingar, sem hugmyndir hafa verið uppi um að gera innan skyldufræðslukerfisins. Eina veigamikla breytingin, sem til athugunar og umræðu er og gera mundi lagabreytingu nauðsynlega, er lenging sjálfrar skólaskyldunnar t. d. með því að láta börn hefja skólagöngu 6 ára í stað 7 nú. Hér er hins vegar um mál að ræða, sem ekki aðeins hefur uppeldisfræðilega og kennslufræðilega þýðingu, heldur stórfellda fjárhagsþýðingu, og verður tillögugerð einnig um það efni að miðast við það, hverjar fjárhagsbyrðar talið verður hægt að leggja á ríkissjóð í þessu sambandi. Einmitt vegna þess, að meginverkefnin, sem nú eru á döfinni í íslenzkum skólamálum, lúta ekki lengur að endurskoðun á gildandi löggjöf, heldur að hugsanlegum breytingum á sjálfu skólastarfinu, á námsefni, á kennsluaðferðum, á próftilhögun, hef ég ekki talið rétt að skipa n. til þess að fjalla um þessi viðfangsefni, þar sem hér er um að ræða viðfangsefni, sem þarfnast rannsóknar, vísindalegrar rannsóknar, og samstarfs fræðsluyfirvalda og þeirra, sem stjórna skólunum sjálfum, hafa kennsluna þar með höndum. Einmitt vegna þessa taldi ríkisstj. rétt að taka á þessu verkefni með nýjum hætti, með þeim hætti að stofna sérstaka deild innan menntmrn., er annast skyldi þessar rannsóknir í samstarfi við skólana sjálfa og gera síðan smám saman till. um þær breytingar, er til bóta mættu verða. Þessi skólarannsóknadeild var stofnuð 1966, og var Andri Ísaksson sálfræðingur ráðinn til að veita henni forstöðu. Fastir samstarfsmenn hans eru þeir Jóhann S. Hannesson skólameistari og dr. Wolfgang Edelstein, sem starfar sem sérfræðingur við rannsóknastofnunina í uppeldis- og skólamálum í Berlín, en kemur öðru hverju hingað til lands til ráðuneytis um þessi mál. Skal ég nú greina frá helztu störfum skólarannsóknanna fram til þessa:

Í fyrsta lagi: Almenn könnun viðhorfa til skólakerfisins. Rætt hefur verið um skólakerfið við fjölmarga aðila, flesta skólamenn. Eru þessar rannsóknir skráðar nákvæmlega. Niðurstaðan er síðan skráð, sundurgreind efnislega, og verða niðurstöðurnar lagðar til grundvallar spurningaskrá, sem skólamönnum verður send innan skamms.

Í öðru lagi: Tilraunir í skólum. Hafin er nokkur tilraunastarfsemi í skólum, sem skólarannsóknir hafa umsjón og eftirlit með í samráði við umsjónarkennara hverrar tilraunar. Enn sem komið er miðast umfangsmestu tilraunirnar raunverulega við starf að nýjungum, þ. e. a. s. tilraunir með nýtt námsefni eða kennslu ákveðinna námsgreina á aldursstigum, þar sem þær hafa lítið sem ekkert verið kenndar áður. Hér skulu nefndar þær tilraunir, sem stærstar eru í sniðum. Greiða skólarannsóknirnar sem næst helming aukakostnaðar við þessar tilraunir, en hlutaðeigandi sveitarfélög hinn helminginn.

Í fyrsta lagi mengjastærðfræði í 1. og 2. bekk barnaskóla. Umsjónarkennarar eru Kristinn Gíslason og Kristján Sigtryggsson. Notuð eru verkefni Agnete Bundgaard, danskrar konu, sem verið hefur brautryðjandi í þessum efnum í Danmörku. Í sambandi við þessa tilraun var haldið kennaranámskeið um mánaðamótin ágúst—sept. s. l., og sóttu það yfir 80 kennarar. Þess skal getið, að í maímánuði s. l. var lagt sérstakt könnunarpróf fyrir þau börn, sem tóku þátt í tilrauninni s. l. vetur, alls 7 bekki. Voru það álíka mörg börn í tveim öðrum skólum sambærilegum. Auk þess tóku börnin, sem voru með í tilrauninni, hið venjulega vorpróf 7 ára barna í reikningi s. l. vor. Kristinn Gíslason hefur unnið talsvert úr niðurstöðum þessara prófa, og verður kjarni þeirra niðurstaðna sennilega birtur fljótlega.

Í öðru lagi danska í 5. og 6. bekk barnaskóla. Umsjónarkennari er Ágúst Sigurðsson námsstjóri. Þessi tilraun hófst haustið 1966 í 3 barnaskólum í Reykjavík. Síðan á s. l. skólaári samræmdi barnaskóli Húsavíkur dönskukennslu sína í 6. bekk tilraun þessari. Tvö könnunarpróf voru lögð fyrir börnin, annað í febr., hitt í maí. Umsjónarkennari vann úr niðurstöðum prófanna og ritaði skýrslu um tilraunina s. l. vor. Þessi tilraun heldur áfram á yfirstandandi skólaári með þátttöku þriggja barnaskóla í Reykjavík og barnaskóla Húsavíkur.

Þriðja tilraunin er enska í 4. og 5. bekk Langholtsskóla. Umsjónarkennari er Haukur Ágústsson. Þessi tilraun hófst í jan. 1967 og var þá miðuð við 4. bekk skólans einvörðungu. Í vetur taka 4. og 5. bekkur skólans þátt í tilrauninni, allar bekkjardeildir beggja árganga. Framfarir barnanna voru kannaðar með skyndiprófum, og umsjónarkennari hefur ritað skýrslu um starfsemina s. l. skólaár.

Þetta var um þrjú meginverkefnin, sem á döfinni eru.

Þá er þriðja meginverkefni skólarannsóknanna, sem lýtur að námsefni og námsskrá. Hér hafa tveir málaflokkar verið teknir fyrir. Í fyrsta lagi hefur verið skipuð n. til þess að semja námsskrárdrög fyrir eðlis- og efnafræðikennslu upp að gagnfræðaprófi. Formaður n. er Sveinbjörn Björnsson eðlisfræðingur. N. skal skila till. og greinargerð fyrir 1. maí 1968. Í öðru lagi: Tveir sérfróðir kennarar hafa verið fengnir til að rannsaka og gagnrýna tvær kennslubækur í félagsfræði, sem notaðar eru í gagnfræðaskólum. Grg. og till. um nýskipan skal skila snemma á næsta ári.

Fjórða meginverkefni skólarannsóknanna lýtur að prófum og einkunnum. Hafinn er talsverður undirbúningur að athugun þessa málaflokks, og hefur undirbúningurinn einkum miðast við eftirfarandi atriði:

1) Tilgang prófa að loknu kennslustarfi.
2) Upplýsingagildi einkunna.
3) Aukningu á samræmi, raungildi og áreiðanleika prófa og einkunna.

Fimmta og síðasta verkefnið, sem ég vildi nefna, lýtur að forskólanum. Hafinn er undirbúningur að athugun þessa málaflokks, einkum skólagöngu 6 ára barna. Undirbúningurinn hefur hingað til að mestu miðast við könnun erlendrar reynslu.

Þá má geta þess, að forstöðumaður skólarannsóknanna, Andri Ísaksson, fór nýlega í nokkurra vikna námsferð til Frakklands, Þýzkalands, Svíþjóðar og Noregs. Í ferð þessari leitaðist hann við að kynna sér skólarannsóknastofnanir í fyrrgreindum löndum, skipulagningu starfs þeirra og verkefnaval, og auk þess athugaði hann, hvort hugsanlegt væri, að Íslendingar gætu fengið einhverja sérfræðilega hjálp til rannsóknarstarfa hér að skólamálum.

Varðandi næstu störf og verkefni skólarannsóknanna er þess fyrst að geta, að 11.—16. des. n. k. verður haldinn fundur forstöðumanns og ráðunauta skólarannsókna. Verður þá tekin endanleg ákvörðun um vinnuáætlun ársins 1968. Undirbúningur þeirrar áætlunar er langt kominn, svo að unnt er að gefa nokkra hugmynd um þau verkefni, sem væntanlega verður fyrst og fremst unnið að.

Þeim verkefnum, sem þegar eru hafin, verður haldið áfram. Ber þar fyrst að nefna viðhorfakönnunina, sem ég nefndi áðan. Efnislegar niðurstöður þeirra viðtala, sem tekin hafa verið við skólamenn og ýmsa fleiri, verða notaðar til að semja spurningaskrá um viðhorf til skóla og skólakerfis. Verður skráin send stórum hópi skólamanna, svo og væntanlega nokkrum aðilum öðrum.

Þá verður þeim nýjungatilraunum, sem ég nefndi áðan, haldið áfram. Tilraunastarfsemin verður aukin og byrjað á nýjum tilraunum. Er undirbúningur að einni slíkri tilraun þegar hafinn. Fylgzt verður og með nokkrum tilraunum, sem þegar eru hafnar, og má í því sambandi nefna tilraun með starfrænt lesgreinanám í 4., 5. og 6. bekk Laugalækjarskóla, svo og tungumálastofu á Blönduósi. Samdar verða nákvæmari reglur um mat á árangri tilrauna, bæði almennt og í einstökum tilvikum.

Þá mun haldið áfram að vinna að athugun á námsefni og námsskrá. Rannsökuð verða álit n. þeirra og sérfræðinga, sem þegar eru að störfum, og ákvörðun tekin varðandi till. um framkvæmd svo og skipun nýrra nefnda. Enn fremur verður unnið að álitsgerð með till. um reglur og aðferðir, sem heildarendurskoðun námsskrár á Íslandi mætti miða við. Aukin áherzla verður lögð á þær athuganir, sem farið hafa fram á gildi prófa og einkunna, og mun rannsóknin öll að líkindum taka bæði til barna- og gagnfræðastigsins. Í þessu sambandi hefur komið til greina að reyna að fá til aðstoðar erlenda sérfræðinga.

Að síðustu má svo geta þess, að rituð verður endanleg skýrsla um tilhögun forskólahalds í nokkrum nágrannalöndum. Unnið verður síðan að frekari könnun þessa vandamáls hérlendis og undirbúningi að tillögugerð um lausn þess. Hins vegar mun ákvörðun um framkvæmd og tilhögun þeirrar könnunar ekki liggja fyrir fyrr en að nokkrum vikum liðnum.

Meðal alveg nýrra rannsóknarliða, sem teknir verða upp á næsta ári, er sérstaklega rétt að geta um tvo. Hinn fyrri er, að hafin verður athugun á ýmsum þáttum skólahalds í dreifbýlinu, og er í ráði að vinna að þeirri rannsókn í samvinnu við n. þá, sem nú starfar að menntaáætlun á vegum Efnahagsstofnunarinnar og fleiri stofnana, með styrk frá Efnahagssamvinnustofnuninni í París. Þessi athugun á skólahaldi í dreifbýli verður væntanlega þríþætt. Í fyrsta lagi: Rituð verði skýrsla um tilhögun dreifbýliskennslu í nokkrum nágrannalöndum. Hefur þegar verið safnað þeim heimildum, sem lagðar eru til grundvallar skýrslunni. Í öðru lagi: Gerð verði áætlun um tilraun, sem miða skal að því að bera saman sérstakar, ólíkar leiðir til þess að leysa skólavandræði í dreifbýli. Verður væntanlega reynt að hefja þessa tilraun þegar á árinu 1968. Þá verður hrundið í framkvæmd rannsókn á sambandi námsárangurs nemenda við félagslegan uppruna þeirra. Þessi rannsókn hefur þegar verið undirbúin nokkuð.

Að sjálfsögðu eru skólarannsóknir á Íslandi enn á byrjunarstigi. Enn er verið að leita að heppilegum starfsaðferðum og er eflaust þörf á mun meiri samvinnu skólastjóra og kennara en komizt hefur á enn þá. En skólarannsóknirnar hafa þegar sannað gildi sitt og þurfa því að vaxa og stækka bæði að fé og mannafla. Hins vegar er vafasamt, að það, sem þeim sé nú nauðsynlegast, sé að ráða mikinn fjölda sérfræðinga að rannsóknunum. Mikilvægast er hitt, að verkefnin séu vandlega og skynsamlega valin og jafnan séu nægir starfskraftar og nægilegt fjármagn til þess að vinna að kerfisbundinni rannsókn þeirra viðfangsefna, sem viðráðanleg eru talin og brýnust þörf er á að sinnt sé hverju sinni.

Að lokum má geta þess, að árlega er rituð skýrsla um störf skólarannsóknanna, og kemur sú skýrsla út í janúarmánuði ár hvert.

Með þessu vona ég, að ég hafi veitt hv. fyrirspyrjanda fullnægjandi svör við spurningum hans.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Tími minn hér gefur mér ekki tækifæri til þess að hefja umræður um einstaka þætti í ræðu hæstv. ráðh., en ég vil þakka honum þau svör, sem hann gaf hér um það, að hverju skólarannsóknir menntmrn. hafa aðallega beinzt fram til þessa, og svo skoðun hans á því, hver verkefni þessarar stofnunar verði í framtíðinni.

Hins vegar gerði hann í upphafi ræðu sinnar töluvert úr því, að þess misskilnings gætti mjög hjá þeim aðilum, sem ræddu þessi mál og um þau rituðu, að það þyrfti að endurskoða fræðslulöggjöfina, en hér væri nánast miklu fremur um að ræða endurskoðun á ýmsum reglugerðum og öðrum framkvæmdar-

atriðum, sem mundu rúmast innan þess ramma, sem fræðslulöggjöfin kveður á um.

Enda þótt svo sé orðað hér í fsp., held ég, að engum hafi blandazt hugur um það, þegar hæstv. forsrh. í sinni ræðu gat um, að fram mundi fara á vegum ríkisstj. allsherjarendurskoðun á fræðslukerfinu, eins og hann orðaði það, að að sjálfsögðu væri fræðslulöggjöfin innifalin í þeirri athugun, sem þar er gert ráð fyrir að fram fari. Hitt má svo vel vera, og er sjálfsagt mikið til í því, sem hæstv. ráðh. sagði, að það þurfi kannske ekki ýkjamiklar breytingar á sjálfri löggjöfinni til þess að hægt sé að gera verulegar breytingar á fræðslukerfinu, eins og það er í dag. En hitt er ljóst, og einmitt til þess er þessi fsp. fram borin, að menn eru mjög „kritískir" á þá hluti, þ. e. a. s. framkvæmd fræðslukerfisins í dag. Ég geri ekki ráð fyrir því, að þeir séu fjölmargir hér í sölum Alþ., sem hafa á sínum skólaárum verið undir því fræðslukerfi, sem nú er. Ég hygg, að það sé aðeins einn hv. þm. auk mín, sem hóf nám í milliskólum, eftir að þessi löggjöf var samþykkt, en reynsla af ýmsum þáttum í fræðslukerfinu hefur verið með þeim hætti, að þeir hinir fjölmörgu, sem ég gat um áðan í minni frumræðu, hafa talið ástæðu til þess að gera aths. þar um. Margt af því, sem hæstv. ráðh. benti á sjálfur, eru einmitt atriði, sem raunverulega þarf að taka til mjög rækilegrar endurskoðunar, og það, sem ég vildi leggja sérstaka áherzlu á nú, er, að þessi endurskoðun, hvort sem hún er á fræðslukerfinu sem slíku og ekki orðalagi í fræðslulöggjöfinni, sé betur samhæfð en raun ber vitni. Við getum aðeins minnzt þess, að í blöðum fyrir nokkrum vikum eða mánuðum sáum við einmitt m. a. ritsmíðar forstöðumanns skólarannsókna, sem er formaður landsprófsnefndar — ég held, að ég fari með rétt mál — og tveggja skólastjóra um það, með hverjum hætti námsefnið eða prófefni var valið til landsprófs s. l. vors og með hvaða hætti búast mátti við árangri nemenda með tilliti til þess, hvernig valið hafði verið. Þessir hlutir svo og fjölmargt annað, sem fram hefur komið og á hefur verið bent bæði af kennurum, skólastjórum, fræðslumálastjórninni, svo og fjölmörgum öðrum, eins og ég sagði í minni frumræðu, er með þeim hætti, að ég vil mjög taka undir þau orð og veit, að hæstv. ráðh. og ríkisstj. mun að sjálfsögðu leggja áherzlu á, að sú endurskoðun á fræðslukerfinu, sem gert er ráð fyrir, megi fara fram sem allra fyrst og þá verði tekið mjög tillit til þeirrar reynslu, sem fengizt hefur á því fræðslukerfi, sem við nú búum við í dag og hefur verið gildandi hér um aldarfjórðungsskeið.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þessa fsp., sem hér er til umr. Það er vissulega mjög ánægjulegt að hlýða á hinar ýtarlegu upplýsingar hæstv. menntmrh. um skólarannsóknir og um fjölmargt, sem verið er að vinna á sviði skólamálanna um þessar mundir. Það er auðvitað öllum ljóst, hversu mikið er hér í húfi, og það hlýtur þess vegna að gleðja hvern mann að heyra um það starf, heyra svo ýtarlega frá því starfi sagt, sem þarna er verið að vinna. Hitt er svo annað mál, að þegar maður er búinn að heyra á ræðu hæstv. ráðh. um þessa hluti og hefur fengið innsýn í það, hversu margt er þarna unnið, og vafalaust vel unnið, þá fer maður að halda, að það hafi bara verið ljótur draumur, sem maður þó veit því miður, að er staðreynd, það, sem gerist nú ár eftir ár í málefnum unglingafræðslunnar, a. m. k. á Austurlandi. Ég skal ekki fullyrða um, hvernig það er í öðrum landshlutum.

Það hafa um hríð verið mjög miklir erfiðleikar á því, að fá skólavist fyrir ungmenni á skyldunámsstiginu, og þeir erfiðleikar hafa verið svo miklir, að það hefur í mörgum tilfellum reynzt ómögulegt með öllu. Ég þekki persónulega alveg frá fyrstu hendi dæmi um þetta. Og ég hef heyrt um mýmörg önnur hliðstæð. Ég get aðeins vikið að einu sérstöku, sem átti sér stað s. l. haust. Stúlka, sem lokið hafði námi 1. bekkjar unglingastigsins, sótti um upptöku í 2. bekk í heimavistarskóla, því að ekki var kostur á frekari skólagöngu í hennar skólahverfi. Einkunn hennar var rétt neðan við 8, mig minnir 7.8. Henni var synjað um inntöku, vegna þess að það sóttu fleiri en hægt var að taka á móti og vegna þess að aðrir höfðu hærri einkunnir. Það var leyst úr þessum vanda þarna eftir ýmsum krókaleiðum, með því að kippa út öðrum nemanda, sem gat fengið inngöngu í skóla annars staðar, þar sem ekki var heimavist, en hann átti hins vegar til kunnugra að víkja. En þetta hefur því miður ekki tekizt nema stundum, og persónulega er mér kunnugt um annað atvik frá s. l. ári, þar sem mál réðust þannig, að viðkomandi fékk ekki inngöngu í skóla og með mjög óheppilegum afleiðingum.

Þetta er vægast sagt mjög ömurlegt, að þannig skuli vera ástatt á þessu stigi í okkar skólakerfi á því herrans ári 1967, þannig ástatt, að það geti komið fyrir, að börn á skyldunámsstiginu fái ekki inngöngu í skóla. Þetta er óneitanlega blettur á skólakerfi okkar, því að þarna er um að ræða grundvallaratriði, mannréttindamál hreint og beint, það, að allir þeir, sem skylt er að sækja skóla, fái notið tilskilinnar kennslu. Ég sé satt að segja engan mun á því að vísa heim 13—14 ára gömlu barni, sem ekkert er athugavert við á neinn hátt, og hinu, að vísa heim barni miklu yngra og neita því um kennslu. Ég sé engan mun á því.

Ég vildi nota þetta tækifæri, af því að verið var að ræða skólamálin, og vekja athygli á þessu vandamáli. Og ég vil leyfa mér að varpa fram tveim fsp. til hæstv. menntmrh. Í fyrsta lagi, hvort honum sé kunnugt um þetta ástand — og það raunar hygg ég hljóti að vera, því að hann gat þess m. a. í sinni ræðu, að það hefði verið sett n. fyrir 10 árum til þess að kynna sér framkvæmd fræðslulaganna — og í öðru lagi, ef svo er, hvað hafi þá verið gert

til þess að ráða bót á þessu sérstaklega. Það er sjálfsagt hægt að gera það á tvennan hátt: Með auknu skólahúsnæði og með betra skipulagi skólamálanna á viðkomandi landsvæði, betri nýtingu þess skólahúsrýmis, sem þegar er fyrir hendi.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði í hinni annars fróðlegu ræðu hæstv. menntmrh., sem kom mér til þess að fara hér í ræðustólinn.

Ég held, að ég hafi heyrt það rétt, að hann hafi sagt, að engum, sem hafi staðizt landspróf, hafi verið meinað inngöngu í menntaskóla. Í sambandi við þetta atriði er um grundvallarmisskilning að ræða, svo að ég noti orð hæstv. menntmrh. Ég hefði skilið það svo, og ég veit, að það eru margir aðrir, sem líta þannig á, að sá unglingur, sem lýkur landsprófsþrautinni og fær fyrir það einkunnina 5, stenzt landsprófið. En mér er ekki kunnugt um, að neinn fái inngöngu í menntaskóla með lægri einkunn en 6. Sú einkunn er að vísu tilbúin. Það er landsprófsnefnd, sem ákveður þessa einkunn 6 og kallar hana framhaldseinkunn. Hún getur breytt henni frá ári til árs. Hún getur ákveðið, að framhaldseinkunnin í ár sé 6, hún getur ákveðið á næsta ári, að hún sé 5.50. En ég veit, að það eru margir, sem eru í dálitlum vafa um þetta og skilja það ekki rétt og telja, að enginn nái landsprófi, nema hann hljóti 6 og þar yfir. Og þann skilning fékk ég út úr ræðu ráðh., að hann teldi það vera þannig. Með öðru móti fæ ég ekki skilið, að enginn, sem hefur staðizt landspróf, hafi ekki fengið inngöngu í menntaskóla, því að það eru fjölmargir, mjög margir á bilinu frá 5—6, sem enga skólavist hafa fengið í menntaskóla af þeirri einföldu ástæðu, að þeir höfðu ekki nógu háa einkunn.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég gat nú ekki hlýtt á framsöguræðu fyrirspyrjanda og ekki á alla ræðu hæstv. ráðh., en ég vil þó eigi að síður af þessu tilefni, að þetta hefur komið hér til umr., minna aðeins á nokkur atriði í sambandi við þessi mál.

Það er auðvitað mjög ánægjulegt, að það skuli nú vera hafnar svokallaðar skólarannsóknir, því að það þurfa raunverulega alltaf að vera í gangi slíkar skólarannsóknir, vegna þess að tímarnir breytast og það er ástæða til þess að breyta námsefni eftir því, sem kröfurnar breytast og aðstæður í þjóðfélaginu jafnframt. En það, sem sérstaklega þarf að athuga, og það, sem er sérstaklega áberandi í sambandi við okkar fræðslumál, hlýtur auðvitað að vera þetta, að fræðslulögin frá 1946 hafa aldrei verið framkvæmd. Það átti að framkvæma fræðslulögin á 6—7 árum, ef ég man rétt. Þá áttu þau að vera komin til fullra framkvæmda, þ. e. 1952—1953, en þau eru alls ekki komin til framkvæmda enn þá. En megintilgangur fræðslulaganna var, að ég held, sá, að koma hér á 8 ára skólaskyldu og að samræma skólakerfið og gera öllum sem jafnast að stunda skólanám, hvar sem þeir búa á landinu og hverjar svo sem aðstæður nemenda eru. En þetta hefur því miður ekki tekizt enn þá, og ég held, að það sé ákaflega þýðingarmikið atriði, að það verði reynt að framkvæma fræðslulögin og koma þeim í það horf, sem þeim ber að vera, áður en við förum að gera stórkostlegar breytingar t. d. eins og hæstv. ráðh. var að nefna, að fara að lengja skólaskylduna og miða kannske skólaskyldualdurinn við 6 ár o. s. frv. Þá væri nær að reyna að koma því svo fyrir, að sú skólaskylda, sem er í lögum og búin að vera í meira en 20 ár, verði raunverulega framkvæmd. En á þetta hefur langsamlega mest skort að mínum dómi, og þannig er, að menn hafa raunverulega búið við tvenns konar skólaskyldu á Íslandi, 8 ára skólaskyldan hefur ekki verið til nema sem óframkvæmdur lagabókstafur og kannske sem atriði í upplýsingabæklingum um menntunarástandið á Íslandi á erlendum tungumálum. En í raun hefur þetta nú verið svona, að mikill hluti af börnum og unglingum hefur aðeins notið kannske 4—5 ára skólaskyldu í reynd. Og ég er hræddur um, þó að þetta hafi kannske eitthvað skánað hin síðari ár, að þá sé það enn svo, að það sé allstór hluti barna, sem ekki hefur nein skilyrði til þess að njóta þeirrar skólaskyldu, sem lög gera ráð fyrir. Og það er úr þessu, sem við verðum að bæta. Og það, sem þá skiptir langmestu máli, er vitanlega það að koma upp nægu skólahúsnæði í landinu. En skólaskorturinn veldur því fyrst og fremst, að það er ekki hægt að framkvæma skólaskylduna, eins og lög gera ráð fyrir. Og það er það, sem við þurfum að leggja höfuðáherzlu á nú og á næstunni, þ. e. að efla skólabyggingarnar og framkvæma tilgang fræðslulaganna, eins og hann birtist í lögunum sjálfum og eins og þau hafa ævinlega verið túlkuð. Hitt er satt, að það er gífurlega mikið verkefni og mikið fjárhagsatriði að koma skólunum upp og mikið, sem á hvílir, en það er verkefni, sem þjóðin verður að finna lausn á, og ég hygg, að það megi gera, ef skipulega er að því unnið. En eins og nú er, er því miður ekki hægt að segja, að nógu skipulega sé að þessu unnið. Við höfum því miður ekki fyrir okkur neina áreiðanlega skólabyggingaáætlun til næstu ára, en ég hygg, að hennar sé nú einkum þörf í skólamálunum, og ætla ég þó ekki að gera lítið úr því, sem þörf er að gera í sambandi við þær skólarannsóknir, sem hæstv. ráðh. hefur hér einkum talað um. Þær eru mjög mikils virði, og eins og ég segi þurfa alltaf að vera í gangi, en hitt stendur okkur nær, að byggja fleiri skóla.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru örfá orð í tilefni af nokkrum atriðum, sem fram komu í aths. þriggja hv. þm.

Ég ætla fyrst að víkja fáeinum orðum að ummælum hv. 3. þm. Vestf., Bjarna Guðbjörnssonar, um það, að þeir, sem staðizt hefðu landspróf, hefðu samt ekki fengið inngöngu

í menntaskóla, af því að krafizt væri einkunnarinnar 6, en ekki einkunnarinnar 5. Hér er um misskilning hans að ræða, svo að ég sendi aths. aftur heim til föðurhúsanna. Landsprófið er, eins og ég tók fram í svari mínu við fsp., landsprófið er lögum samkv. inntökupróf í menntaskóla, haldið af og á ábyrgð landsprófsnefndar, sem ræður prófefni, sem ræður prófkröfum, þ. e. a. s. innihaldi prófsins, og einkunnagjöf fyrir prófið og hefur lögum samkv. rétt til þess að ákveða, hvað í því skuli felast að standast inntökupróf í menntaskóla. Landsprófsnefndin hefur frá upphafi verið einráð um þetta og frá upphafi ákveðið, að sú einkunn, sem hún telji inntökueinkunn í menntaskóla, sé einkunnin 6. Þess vegna verður ekki annað talið en sá einn hafi staðizt inntökupróf í menntaskóla samkv. ákvörðun landsprófsnefndar, sem hlotið hefur einkunnina 6 á prófinu.

Hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson og Ingvar Gíslason gerðu tvennt að umtalsefni. Annars vegar skort á húsrými, sérstaklega í heimavistarskólum, og hins vegar þá staðreynd, að skólaskylda er ekki framkvæmd samkv. almennum reglum fræðslulaga í öllum skólahéruðum landsins, þ. e. a. s. allmörg skólahéruð hafa undanþágu frá því að framkvæma skólaskylduna.

Það skal sízt standa á mér að viðurkenna, að á Íslandi sé skortur á skólahúsnæði, skortur, sem ég tel mikla þörf á að bæta úr og mun framvegis eins og hingað til leggja megináherzlu á, að bætt verði úr. En í því sambandi vil ég vekja athygli á því, að á undanförnum árum ef ekki áratugum hefur alls staðar í hinum menntaða heimi verið skortur á skólahúsnæði, þ. e. a. s. það er alls staðar meiri eftirspurn eftir skólahúsnæði en hið opinbera treystir sér til að fullnægja algerlega. Það er skortur á skólahúsnæði í langauðugasta landi veraldar, Bandaríkjunum. Það er skortur á skólahúsnæði í Sovétríkjunum, það er skortur á skólahúsnæði á öllum hinum Norðurlöndunum. Þess vegna þurfum við í sjálfu sér ekki að vera hissa á því, að það skuli hafa gerzt hér líka, að stórvaxandi eftirspurn eftir skólahúsnæði skuli hafa farið fram úr getu fjárveitingavaldsins til þess að fullnægja þeirri eftirspurn. En ég vona sannarlega, að það verði ekki langt þangað til hið opinbera telur sér fært að fullnægja þeirri umframeftirspurn, sem núna er, og miða ráðstafanir sínar við það, að til slíkrar umframeftirspurnar eftir menntun þurfi ekki að koma framvegis.

Hitt er aftur á móti alger misskilningur hjá hv. þm., Vilhjálmi Hjálmarssyni, að það geti talizt eðlilegt, að ríkinu sé skylt að sjá öllum, sem þess óska, fyrir húsrými í heimavistarskóla. Ég tel frumskyldu ríkisins vera þá að sjá öllum nemendum á skólaskyldualdri, þar sem fræðsluskylda er í framkvæmd, fyrir fræðslu, fyrir skólavist. Hitt er fráleitt, algerlega fráleitt, að ætlast til þess, að hver einasti nemandi á skólaskyldualdri, sem þess óskar, eigi rétt á vist í heimavistarskóla, og það er rétt, að þeirri eftirspurn hefur ekki verið hægt að fullnægja. Aftur á móti er mér vitanlega hvergi þess konar skortur á skólahúsnæði á fræðsluskyldustiginu, að nemendur fái ekki þá fræðslu, sem ýmist er lögboðin eða sem reglur gilda um í viðkomandi skólahéraði. Það er mér ekki kunnugt um.

Þrengslin, skorturinn á skólahúsnæði, kemur fram í því, að óeðlilega þröngt er um nemendurna og kennarana. Það er tvísett og jafnvel þrísett, stundum jafnvel skólatími styttri heldur en æskilegt væri. En um hitt þekki ég ekki dæmi, að á fræðsluskyldustiginu sé skortur á því skólahúsnæði, sem nauðsynlegt er til þess að halda uppi lögboðinni fræðsluskyldu. Hitt er algerlega óskylt mál, þó að það komi fyrir, eins og ég veit, að kemur fyrir á hverju hausti, að ýmsir unglingar sækja um vist í heimavistarskóla, en eiga ekki kost á henni. Þó verð ég að segja það, að þessi mál leysast ótrúlega oft einmitt með hliðstæðum hætti og þm. lýsti, að málið, sem hann nefndi, hefði leystst. Það mál leystist þannig, að annar unglingur, sem átti kost á venjulegum heimangönguskóla í sínu héraði, fór þangað. Þar var hægt að útvega honum húsnæði hjá vandafólki, en unglingurinn, sem í vandræðum var, fékk heimavistarhúsnæðið.

Fyrir 2—3 árum lét ég fram fara nákvæma talningu á þessu í tveimur landsfjórðungum, ég held, að það hafi a. m. k. tekið til allmargra skólahéraða í tveimur landsfjórðungum, fylgzt var með hverjum einasta nemanda, sem sótt hafði um vist í heimavistarskóla, en verið synjað um hana. Einfaldri samlagningu má ekki beita til þess að meta niðurstöðu synjananna, því að fjölmargir unglingar sækja um marga skóla í einu og fá þá e. t. v. synjun úr öllum nema einum, en komast í þennan eina, og þar af leiðandi hefur þessum unglingi ekki verið synjað, en í einfaldri samlagningu mundi koma fram, að 5 unglingum t. d. hafi verið synjað, ef hann hefur sótt um 6 heimavistarskóla. En ég lét fylgjast með því, taka upp feril allra þeirra unglinga, sem ekki höfðu fengið vist í heimavistarskólunum. Og það kom í ljós í yfir 90% af dæmunum, að þeir höfðu fengið vist í öðrum skóla. Hinir, sem eftir urðu, voru að því spurðir, hvers vegna þeir hefðu ekki farið í annan skóla, hvort þeir hefðu ekki átt kost á því, en þá kom í ljós í næstum öllum tilfellunum, að nemendurnir hættu við fyrirætlun sína um skólavistina, gerðu annað, réðu sig í atvinnu, m. ö. o.: þeir höfðu sótt um skólavist snemma á sumri, fengið tilboð um atvinnu eða aðra möguleika, þegar leið á sumarið eða haustið, og hætt við fyrirætlun sína um skólagönguna. Niðurstaða þessara athugana varð því sú, að um það var alls ekki að ræða, að menn ættu ekki kost á skólavist, þó að menn hafi ekki átt kost á vist í heimavistarskóla, sem er allt annað.

Varðandi hitt atriðið, sem báðir þm. nefndu, framkvæmd skólaskyldunnar, er það alveg rétt, sem sérstaklega hv. þm. Ingvar Gíslason lagði áherzlu á, að auðvitað hefur átt að stefna

að því og á að stefna að því, að ákvæðin um 8 ára skólaskyldu komist alls staðar á landinu í framkvæmd, jafnvel í hinum fámennustu byggðarlögum. En í þessu sambandi verð ég að taka það skýrt fram og leggja á það sérstaka áherzlu, ef hv. þm. kynnu ekki að vita það áður, að í þessum efnum er ekki við menntmrn., ekki við fjmrn. að sakast. Það munu vera um 3 ár síðan menntmrn. samkv. ákvörðun ríkisstj. beindi því til allra skólahéraða í landinu, þar sem ekki er framkvæmd full fræðsluskylda, að taka upp fulla fræðsluskyldu, og í bréfinu var fyrirheit um það, að ríkið mundi að sjálfsögðu standa við lögbundnar skuldbindingar, sem af því mundi leiða, að full fræðsluskylda yrði tekin upp í skólahéraðinu. Þetta hefur haft þann árangur — því miður tók ég ekki með tölur um þetta — að mjög mörg skólahéruð hafa innleitt fræðsluskylduna í kjölfar þessa dreifibréfs frá menntmrn. fyrir 2—3 árum. En nokkur þau smæstu eru eftir enn. Ástæðan til þess, að fræðsluskyldan þar er ekki komin til framkvæmda, er ekki viljaleysi hinna æðstu valdhafa hér í höfuðstaðnum til þess að hrinda fræðsluskyldunni í framkvæmd, heldur getuleysi mjög smárra sveitahreppa til að halda uppi 8 ára skólaskyldu. Ég deili ekki á þá fyrir þetta. Ég hef ekki farið með neinar ásakanir, hvorki á forráðamenn þessara hreppa né íbúa þeirra, þó að þeir hiki við það að taka á sig þær byrðar, sem 8 ára skólahald auðvitað hefur í för með sér, þegar um mjög fámenna bekki og mjög fámenna skóla hlýtur að vera að ræða. En þá vil ég heldur ekki, að það séu hafðar uppi algerlega órökstuddar ásakanir á fræðsluyfirvöld eða fjármálayfirvöld fyrir sunnan fyrir það, að fræðsluskyldan er ekki komin til framkvæmda hvarvetna. Það er ekki skortur á skólahúsnæði, sem hér stendur því fyrst og fremst fyrir þrifum, að 8 ára fræðsluskylda sé tekin upp, heldur beinlínis það, hvað fullkomið skólahald er dýrt í hinum allra fámennustu skólahéruðum.

Eitt af þeim verkefnum, sem þarf að taka alveg sérstaklega á, er einmitt, hvernig leysa á skólavandamál minnstu skólahéraðanna, hvernig leysa á skólavandamál dreifbýlisins. Á því máli var tekið með miklum skilningi, að því er ég tel, og ég held, að allir séu sammála um það, við setningu nýju skólakostnaðarlöggjafarinnar. En það er ekki nóg. Það er líka vandi að reka skóla, halda uppi góðum skóla í litlu skólahéraði í dreifbýli, og þetta er eitt af verkefnunum, sem skólarannsóknirnar ætla einmitt að taka til sérstakrar athugunar á næsta ári og framvegis, og tel ég það mjög vel, að svo skuli gert.

Að síðustu vil ég svo benda á það, varðandi þann almenna skort á skólarými miðað við eftirspurn, sem hér er, eins og alls staðar annars staðar, þar sem maður þekkir til, að þessi skortur, sem enn er því miður á skólahúsnæði á ýmsum sviðum, á ekki rót sína að rekja til þess, að myndarlega hafi ekki verið á þessum málum tekið á undanförnum árum, svo að ég nefni bara síðasta áratuginn. Ef miðað er við raunveruleg verðmæti, jókst framlag ríkisins til skólabygginga á árunum 1956—1959 um 50% í raunverulegum verðmætum reiknað, og er þá umreiknað með vísitölu byggingarkostnaðar. Þá jókst framlag ríkisins til byggingar skóla á árunum 1956—1959 um 50%, á árunum 1959—1962 um 80% og á árunum 1962—1965, — ég hef því miður ekki 1966 í þessum tölum — aftur um 65%. Þetta hlýtur að kallast myndarlegt átak, þó að það hafi því miður ekki nægt til þess að fullnægja með þeim hætti, sem ég tel æskilegt, þörfinni fyrir skólahúsnæði á Íslandi.

9. Sameining Landsbókasafns og Háskólabókasafns.

Á deildafundum 7. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til menntmrh. um sameining Landsbókasafns og Háskólabókasafns [43. mál] (A. 45).

Á 10. fundi í Sþ., 8. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 12. og 14. fundi í Sþ., 15. og 22. nóv., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Sþ., 6. des., var fsp. enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Fyrir rúmum áratug samþ. Alþ. ályktun, þar sem einróma var mörkuð sú stefna, að „sameina skyldi Landsbókasafn og Háskólabókasafn, og yrði síðan eitt vísindalegt þjóðbókasafn í landinu, en Háskólabókasafnið yrði miðað við handbóka- og námsþarfir stúdenta og kennsluundirbúning og rannsóknir háskólakennara".

Áður en þessi samþykkt var gerð hér á þingi, höfðu vandamál safnanna beggja verið rædd mikið og lengi. Þegar árið 1916 voru þrengsli farin að torvelda störf á Landsbókasafni, enda voru þar þá til húsa bæði Náttúrugripasafn og Þjóðminjasafn. Síðan liðu 34 ár, þar til Þjóðminjasafnið var flutt, og 44 ár, þar til Landsbókasafnið gat tekið vistarveru Náttúrugripasafns til sinna nota, en allan þann tíma lýstu bókaverðir óhæfilegum þrengslum og erfiðleikum. Í fyrra komst Finnbogi Guðmundsson landsbókavörður svo að orði í Ríkisútvarpinu, að húsið væri að springa utan af bókakosti sínum. Hann líkti ástandinu við síldarmjölsgeymslu, þar sem hætta væri á, að hitnaði í mjölinu, ef stæður væru ekki fluttar til. Hliðstæðar og engu áhrifaminni lýsingar

hafa heyrzt af ástandinu á Háskólabókasafninu.

Till. um að sameina bæri Landsbókasafn og Háskólabókasafn var borin fram 1941 af Guðmundi Finnbogasyni þáv. landsbókaverði með þeim augljósu rökum, að Íslendingar megnuðu aðeins að koma upp einu fullgildu vísindalegu bókasafni og starfrækja það svo, að viðunandi væri. Ekki voru allir sammála Guðmundi Finnbogasyni um þessa skoðun þá. M. a. varð vart andstöðu gegn henni í hópi háskólaprófessora. Skoðuninni óx hins vegar fylgi, og 1956 gerðust þau tíðindi, að hæstv. menntmrh. skipaði n. til að athuga, „hvort fjárhagslega og skipulagslega muni eigi hagkvæmt að sameina Háskólabókasafn og Landsbókasafn að einhverju eða öllu leyti, þannig að Háskólabókasafnið yrði framvegis handbókasafn fyrir Háskólann, en Landsbókasafnið tæki við öðrum hlutverkum þess.“ Í n. áttu sæti 5 sérfróðir menn: Þorkell Jóhannesson, Birgir Thorlacius, Bjarni Vilhjálmsson, Björn Sigfússon og Finnur Sigmundsson. Þeir urðu allir sammála um, að sjálfsagt væri að sameina söfnin í eina bókhlöðu. En til þess að svo mætti verða, þyrfti óhjákvæmilega að reisa nýtt bókasafnshús. Fundu þeir húsinu stað á Melum, vestan Suðurgötu, gegnt lóð Háskólans. Jafnframt lýstu þeir því á áhrifaríkan hátt, hver nauðsyn væri að hefjast handa án tafar.

Álit þeirra fimmmenninganna var í heild lagt fyrir Alþ. ásamt þeim till. þeirra, að söfnin yrðu sameinuð og að reist yrði bókasafnshús í næsta nágrenni við Háskólann, til þess að sameining safnanna yrði framkvæmanleg, eins og komizt er að orði. Í ályktun Alþ. frá 1957 var lýst einróma samþykki við niðurstöður n. Ekki var þó ákvörðunin um nýtt bókasafnshús tekin formlega upp í ályktunina, heldur fól þingið ríkisstj. „að gera nauðsynlegar ráðstafanir í þessa átt“. Hins vegar fór það ekki fram hjá neinum manni, að nýtt bókasafnshús var forsenda þess, að unnt væri að framkvæma ályktunina um sameiningu safnanna. Það kom einnig fram í umræðunum. Hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, komst svo að orði:

„Þess má geta, að n. taldi og lagði á það áherzlu, að brýna nauðsyn bæri til þess að byggja fljótlega nýtt bókasafnshús. Á því er enginn vafi, að að því rekur áður en langt um líður, að brýna nauðsyn beri til þeirra framkvæmda.“

Og aðalmálsvari stjórnarandstöðunnar, sem þá var, hæstv. núv. forsrh., Bjarni Benediktsson, komst svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ljóst, að héðan af verða þessi söfn ekki sameinuð til fulls, nema viðbótarbygging eða ný bygging komi til, eins og hæstv. menntmrh. gat um. Ýmsir telja, að núv. Landsbókasafnsbygging sé ekki til frambúðar, a. m. k. fyrir safnið í heild, og vegna tryggari geymslu og öryggis þurfi að koma upp nýrri, sameiginlegri bókhlöðu, og hafa menn þá látið sér detta í hug, að það yrði gert á Háskólalóðinni. Þetta eru atriði, sem hafa verið í athugun í menntmrn. og með þess starfsmönnum og aðstoðarmönnum undanfarin ár. Ég fagna því, að hæstv. menntmrh. skuli nú leita staðfestingar Alþ. á þessari stefnu.“

Alþingismenn gerðu sér þannig að sjálfsögðu fullkomlega ljóst, að með ályktuninni um sameiningu safnanna voru þeir að fela ríkisstj. að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að reisa nýja bókhlöðu. Þegar ég spyr hæstv. menntmrh., hvað líði framkvæmd ályktunar þessarar, sem nú er orðin meira en 10 ára gömul, á ég auðvitað fyrst og fremst við það, hvað líði undirbúningi að slíkri bókasafnsbyggingu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í framhaldi af ályktun Alþ. 1957 ritaði menntmrn. borgarstjóranum í Reykjavík 7. júní sama ár og fór fram á, að fyrirhugaðri safnbyggingu yrði ætluð lóð á svæðinu sunnan íþróttavallarins, vestan við háskólahverfið, eftir nánara samkomulagi við húsameistara ríkisins og forstöðumenn nefndra safna.

Borgaryfirvöldin í Reykjavík tóku vinsamlega undir beiðni um lóð undir nýtt safnahús, en þótt beiðni rn. um, að nýju safnahúsi yrði ákveðinn staður, hafi verið endurnýjuð, hefur enn ekki verið tekin fullnaðarákvörðun um það mál. Þess skal og geta, að Alþ. hefur ekki enn veitt neinar fjárveitingar til byggingar nýs safnahúss né heldur til undirbúnings að slíkri byggingu. Húsnæðismál bókasafnanna hafa engu að síður verið til ýmiss konar athugunar í menntmrn. og söfnunum sjálfum.

Þar eð augljóst er, að nýrri stórbyggingu, er gæti tekið við bæði Landsbókasafni og Háskólabókasafni, verður ekki komið upp alveg á næstunni, en húsnæðismál safnanna beggja eru orðin mjög alvarleg og fara vaxandi ár frá ári, þótti mér rétt, að enn á ný yrði gerð athugun á þessu máli öllu. 6. júní í fyrra skipaði ég því dr. Finnboga Guðmundsson landsbókavörð, dr. Björn Sigfússon háskólabókavörð og Birgi Thorlacius ráðuneytisstjóra í nýja n. til þess að athuga, hversu málum vísindalegra bókasafna verði skipað hér á landi til frambúðar, þar á meðal um tengsl Háskólabókasafns og Landsbókasafns. Skilaði n. álitsgerð 18. ágúst s. l. Í nál. þeirra segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Vér teljum, að meginrök bókasafnsnefndar þeirrar, sem skipuð var 11. sept. 1956 og skilaði áliti 11. jan. 1957, séu enn í fullu gildi, og leyfum oss að vitna til umræddra álits, sem lagt var sem fskj. með fyrrnefndum þáltill. Vér viljum hér sérstaklega taka undir þá till. í niðurlagi nefndarályktunarinnar frá 1957, að reist verði bókasafnshús hér í næsta nágrenni við Háskólann, til þess að sameining safnanna verði framkvæmanleg. Vér erum allir sammála um, að nýtt hús fyrir bæði söfnin, og þar af leiðandi sameining safnanna, hvernig sem henni verður svo háttað, sé sú lausn safnamála, er farsælust muni reynast, þegar til

lengdar lætur. Með byggingu nýs bókasafnshúss yrði ekki aðeins leystur vandi umræddra bókasafna, heldur einnig Þjóðskjalasafns, er fengi eðlileg afnot af húsrými Landsbókasafns, er losnaði við flutning þess í ný húsakynni. Þyki hins vegar ekki fært að byggja nýtt hús yfir Landsbókasafn og Háskólabókasafn, gerum vér til vara svofellda till.: 1) Að allt safnahúsið verði fengið Landsbókasafninu til umráða. 2) Að reist verði nýtt hús við hæfi Þjóðskjalasafns og hafinn undirbúningur að teikningu og smíði, eins fljótt og unnt er. 3) Að byggt verði við Háskólabókasafn eftir þörfum."

Hér lýkur tilvitnuninni í nál.

Svo sem kunnugt er, mun byggingu húss yfir Handritastofnunina ljúka á næsta ári. Hún hefur nú mikið húsnæði í Landsbókasafnshúsinu, og munu Landsbókasafn og Þjóðskjalasafn að sjálfsögðu fá það húsnæði til afnota þegar á næsta ári. Mun það stuðla nokkuð að því að leysa brýna húsnæðisþörf þeirra. Sú bráðabirgðalausn, sem auk þess er til athugunar fyrir öll söfnin þrjú, Landsbókasafn, Þjóðskjalasafn og Háskólabókasafn, er að leigja góðar bókageymslur annars staðar fyrir þær bækur og þau skjöl, sem tiltölulega sjaldan þarf að hreyfa, og skipuleggja flutningskerfi á milli bóka- og skjalageymslnanna og safnanna sjálfra. Hefur ýmislegt geymslurými komið til athugunar í því sambandi. Má t. d. geta nýjustu hugmyndarinnar, sem komið hefur til greina. Í kjallara Norræna hússins er mikið og vandað geymslurými, sem ekki er þörf á vegna starfsemi Norræna hússins, og hafa ýmsir talið, að það væri fyrirtaks bókageymsla. Landsbókavörður vill þó ekki hagnýta það geymslurými, en háskólabókavörður telur það koma til greina. Í kjallara Háskólabíós mætti og innrétta geysimiklar bóka- og skjalageymslur. Bæði landsbókavörður og háskólabókavörður telja þau geymsluskilyrði hagkvæm. Athugun þessara mála mun verða haldið áfram á næstunni. Þangað til hafizt verður handa um byggingu heildarbyggingar fyrir Landsbókasafn og Háskólabókasafn og jafnvel Þjóðskjalasafn líka, virðist eina færa leiðin vera sú að bæta starfsskilyrði safnanna hvers um sig með því að fá þeim til umráða vandaða bókageymslu utan þess húsnæðis, sem söfnin starfa í. Er slíkt algengt annars staðar og þarf ekki að vera starfsemi safnanna til neins verulegs trafala, ef flutningur milli aðalbyggingar og bókageymslu er vel skipulagður.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þessi svör hæstv. menntmrh. urðu því miður staðfesting á því, að forusta hans við framkvæmd ályktunar Alþ. um sameiningu safnanna hefur gersamlega brugðizt. Hann skýrði frá því, að það hefði ekki einu sinni verið unnt að koma því í verk að ganga frá lóð undir væntanlega byggingu, hvað þá meira, svo að undirbúningsstörf undir byggingu slíks safnahúss eru auðsjáanlega sama og engin.

Hæstv. ráðh. greindi frá því, að í staðinn hefði verið skipuð enn ein n. í fyrra og meginniðurstaða hennar hefði verið sú að benda á álit fyrri n. og lýsa fullu samþykki sínu við það. Hins vegar virðist svo sem bókaverðir hafi í vanda sínum farið að benda ráðh. á ýmiss konar bráðabirgðaráðstafanir og hálfgildings neyðarúrræði, svo sem að geyma bækur í kjöllurum ýmissa bygginga hér, Norræna hússins og Háskólabíós. Það er að sjálfsögðu skiljanlegt, að þessir bókaverðir grípi til ýmissa ráða til að leysa vandamál sín, sem vaxa með hverju einasta ári. En það er augljóst mál, að slík lausn sem þessi getur hreinlega gert illt verra. Ég vil minna á það, að í því áliti, sem lagt var fram fyrir rúmum 10 árum og var forsenda þess, að Alþ. tók þessa einróma ákvörðun, sem við ræddum áðan, var komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárframlög til Landsbókasafns eru alltof lítil til þess, að það geti gegnt öðru aðalhlutverki sínu, því að vera höfuðvísindasafn landsins. Eins og er berst það í bökkum með að gegna þeirri skyldu að vera þjóðbókasafn, þ. e. að eignast og varðveita allt, sem varðar Ísland og íslenzkar bókmenntir. Húsnæði þess er fyrir löngu svo til þurrðar gengið, að horfir til fulls öngþveitis fyrir daglega starfsemi þess, hvað þá að það geti af höndum leyst bráðnauðsynleg verk, er varða bókasafnsmál landsins í heild. Úr þessum vanköntum verður ekki bætt nema með nýju safnhúsi."

Mér finnst það vera ákaflega hörmulegt framtaksleysi, að ekkert skuli hafa verið í því gert í meira en áratug að framkvæma þá einróma stefnu Alþ., að sameina söfnin og reisa nýtt hús. Á þessum tíma hafa verið þrjár ríkisstjórnir á Íslandi, en svo hefur þó skipazt, að einn og sami maðurinn hefur verið menntmrh. í þeim öllum, þannig að það hefði átt að vera þægilegt tækifæri fyrir hann til að láta haldast í hendur stefnu og ákvarðanir. Á þessu tímabili hefur þjóðin einnig haft meiri fjármuni til umráða en nokkru sinni fyrr, og miklu fé hefur verið varið til alls konar húsbygginga á Íslandi, eins og við vitum. Þegar undan eru skildar íbúðarhúsabyggingar, ber þar mest á hvers kyns peningamusterum og viðskiptahöllum, þar sem iðkað hefur verið næsta yfirgengilegt prjál og hégómaskapur, svo að ekki sé minnzt á finngálknið, sem teygir ófrýnilegan hálsinn æ hærra á Skólavörðuholti.

Við, hinir nýríku Íslendingar, megum sannarlega blygðast okkar í samanburði við forfeður okkar, sem tóku við heimastjórn snauðir í upphafi þessarar aldar. Eitt fyrsta viðfangsefni þeirra var að reisa safnahúsið, en það var risavaxið verkefni, eins og þá var ástatt á Íslandi, og bar vott um mikinn menningarlegan stórhug. Sú bygging kostaði þá 200 þús. kr., en þá var niðurstöðutala fjárlaga um það bil 700 þús. Séu fjárlögin notuð sem mælikvarði, væri hliðstætt átak nú hátt í annan milljarð kr., en það er miklu smávaxnari

upphæð, sem lamað hefur athafnaþrek hæstv. menntmrh. og félaga hans í ríkisstj.

Svo sem kunnugt er, eru vísindaleg bókasöfn ein meginundirstaða allrar fræðastarfsemi og vísindarannsókna, og gildi þeirra fer sífellt vaxandi. Það er engin bókasafnsstefna í þröngum skilningi að leggja áherzlu á, að komið verði upp einu fullgildu vísindalegu bókasafni á Íslandi með nútímalegum starfsskilyrðum, heldur mjög mikilvægur þáttur í þeirri brýnu nauðsyn, að rannsóknir og vísindi verði í fyrirrúmi í íslenzku þjóðfélagi. Á þá nauðsyn hafa margir lagt áherzlu á undanförnum árum, en talað fyrir daufum eyrum.

Margir urðu til þess að benda á vanefndirnar í bókasafnsmálum, þegar fram kom sú kynlega hugmynd að reisa eitthvert dularfullt þjóðarhús á Þingvöllum í tilefni af ellefu hundruð ára afmæli Íslands byggðar, en sú hugmynd er enn eitt dæmi um það, hvernig okkur hættir oft við að láta hégómaskapinn tróna yfir nauðsyninni. Telji einhverjir, að tilgangslítið sé að minna á þessi verkefni nú, þegar samdráttur hefur orðið á þjóðartekjum okkar, fyrst þeim var ekki sinnt meðan stjórnarvöldin óðu í peningum, tel ég, að það viðhorf sé byggt á misskilningi. Einmitt á slíkum tímum er okkur sérstök nauðsyn að huga að undirstöðuverkefnum, því að nú lifum við á þeirri öld, þegar bókvitið sker öðru fremur úr um það, hvað látið verður í askana. Sé þess ekki að vænta, að hæstv. ríkisstj. hafi þá forustu um þessa framkvæmd, sem henni var falið að hafa fyrir rúmum 10 árum, virðist mér einsætt, að alþm. verði að leiða ríkisstj. þær skyldur fyrir sjónir á mun ótvíræðari hátt en gert var 1957.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er vægast sagt mjög ómaklega mælt í minn garð, þegar mér er kennt um það, að ekki er risin upp heildarbókhlaða fyrir Landsbókasafn og Háskólabókasafn, því kennt um, að mín forusta í þessu máli hafi brugðizt, vegna þess að ég hafi verið menntmrh. undanfarin 10 ár. Það á þá að vera alveg augljóst mál, ekki hvað sízt, þegar hv. þm. lét sér sæma að telja mig bera ábyrgð á því, að ekki hefur verið útdeilt lóð undir slíka bókasafnsbyggingu hér í Reykjavík. Það hélt ég þó að hann ætti að vita, að það er Reykjavíkurborg, sem úthlutar lóðum í Reykjavík, en ekki ríkisstj. En fyrst sanngirnin er ekki meiri í fyrstu setningunni, sem hann sagði í ræðu sinni, er kannske ekki við því að búast, að framhaldið sé með öðrum hætti.

Ályktunin frá 1957 var stefnuyfirlýsing af hálfu Alþ., gerð af sameinuðu Alþ., eins og ótalmargar aðrar ályktanir, sem að sjálfsögðu hafa ekkert lagagildi og eru ekki einu sinni bindandi fyrir Alþ. sjálft, eins og greinilega kemur fram í því, að Alþ. hefur engar fjárveitingar veitt, eins og ég sagði, til byggingar slíks húss og ekki einu sinni til undirbúnings þess.

Hv. þm. gat þess, að ég hefði verið ráðh. í þremur ríkisstj. á þessu tímabili, og það er rétt. Við vorum sameiginlegir stuðningsmenn fyrstu ríkisstj., sem hann þarna átti við, þeirrar ríkisstj., sem sat að völdum, þegar Alþ. markaði stefnu sína. Maður skyldi þá kannske hafa haldið, að við því hefði mátt búast, að sú ríkisstj. tæki það mál upp. Í þeirri ríkisstj., eins og þeim, sem síðan hafa setið, hefur það ávallt verið rætt öðru hverju, hvaða opinberar byggingar skyldu hafa forgang af þeim opinberu byggingum, sem allir eru sammála um, að þurfi að reisa. Ég vil í þessu sambandi nefna fjórar byggingar, sem alltaf hafa verið nefndar, í hvert skipti sem þau mál ber á góma. Og það er stjórnarráðshús, það er alþingishús, það er bókhlaða og það er listasafn. Mér er engin launung á því, að gefnu þessu tilefni, að ég hef ekki aðeins talið það embættisskyldu mína, heldur einnig hefur verið það persónulega ljúft að telja bæði bókhlöðu og listasafn eiga að hafa þarna stöðu framarlega, mjög framarlega í röðinni, og jafnvel á undan a. m. k. annarri byggingunni, sem þarna er um að ræða. En í þeirri stjórn, sem við hv. þm. vorum sameiginlegir stuðningsmenn að, fékk þetta engan stuðning. Um þá skoðun var ég einn í þeirri ríkisstj. Hins vegar hefur það ekki farið svo í þeirri, sem nú situr, að ég hafi verið algerlega einn um þá skoðun. En það hefur orðið ofan á, að bygging einnar þessarar byggingar er þegar afráðin, þ. e. a. s. stjórnarráðsins, þó að fjárveitingar til þess hafi verið af svo skornum skammti, að ókleift hefur verið talið að hefja þá byggingu. Enn er engin ákvörðun tekin um byggingu alþingishúss, og mér finnst það satt að segja vera vafasöm sanngirni að deila á mig og núv. ríkisstj. fyrir það, að ekki skuli þegar hafa verið hafizt handa um bygingu bókhlöðu, þegar byggingarmál stjórnarráðs, alþingishúss og listasafns eru ekki lengra komin, ekki einu sinni undirbúningur þeirra. Ég þarf a. m. k. ekki að fyrirverða mig fyrir forustuleysi í þessu máli varðandi bókhlöðuna, meðan byggingarmálum hinna byggginganna er ekki lengra komið en raun ber vitni um.

Hitt er svo einnig mikill misskilningur hjá hv. þm., að ekkert hafi gerzt í málefnum safnanna, Landsbókasafns og Háskólabókasafns, á undanförnum árum, þótt ekki hafi því verið komið í verk að byggja yfir þau hús, ekki einu sinni hefja undirbúning að byggingu heildarhúss yfir þau. Það hefur sannarlega mikið gerzt í málefnum þessara safna. Húsnæði Landsbókasafnsins var á sínum tíma stóraukið á þann hátt, að Náttúrugripasafnið flutti burtu úr Landsbókasafnsbyggingunni, vegna þess að því var fengið nýtt og mjög glæsilegt húsnæði á öðrum stað í bænum. Við þetta jókst bókasafnshúsnæði Landsbókasafnsbyggingarinnar mjög verulega, og það húsnæði var innréttað með svo myndarlegum hætti, vildi ég segja, að þar er um að ræða einn bezta og fullkomnasta lestrarsal, sem um er að ræða á Norðurlöndum, að því er kunnugir menn í bókasafnsmálum þar tjá mér.

Þar fékk Handritastofnunin sitt byrjunaraðsetur, og er allur aðbúnaður þar mun fullkomnari en jafnvel í hinni nýju byggingu Handritastofnunarinnar í Kaupmannahöfn, sem margir munu eflaust hafa séð líka og geta haft til samanburðar. Auk þess hefur sú veigamikla breyting verið gerð á skipulagsmálum bókageymslu og skjalageymslu bæði Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns, að tekin hefur verið upp notkun nýrra og algerlega nýtízkulegra stálskápa fyrir bókageymslu, sem gerir það að verkum, að það húsrými, sem fyrir er, nýtist margfalt betur en þær gamaldags hillur, sem áður voru í notkun. Með þessu móti má í raun og veru segja, að Landsbókasafnshúsið hafi verið stækkað mjög verulega. Ég vil ekki nefna að óathuguðu máli hlutfallstölu í þessu efni, en hún er há. Þessi nýja bóka- og skjalageymslutækni beinlínis stækkar húsin svo mjög, að þá, sem ekki eru því kunnugir, rekur í rogastanz, þegar þeir heyra staðreyndirnar um það og kynnast því fyrirkomulagi, því nýtízkufyrirkomulagi, sem nú er hægt að nota og er notað nú bæði í Landsbókasafni og Þjóðskjalasafni. Og eins og ég gat um áðan, flytur nú Handritastofnunin á næsta hausti burt úr Landsbókasafninu í sína nýju byggingu, í Árnagarð. Þar verður um að ræða mjög vönduð bókasöfn, bæði í þeirri byggingu eða þeim hluta byggingarinnar, sem Handritastofnunin fær til afnota, og einnig í þeim hlutanum, sem Háskólinn reisir sjálfur. Þar með kemur bókasafnshúsnæði borgarinnar eða landsins til með að aukast mjög verulega, þegar á næsta hausti.

Enn fremur má svo geta þess, að fjárveitingar til bókakaupa hjá stofnununum báðum hafa verið auknar mjög verulega á undanförnum árum.

Að síðustu vildi ég svo líka leiðrétta það, að bókaverðir safnanna hafi bent mér á leiðir til bráðabirgðaúrlausnar í þessu, þ. e. a. s. að flytja nokkurn hluta af bókum, sem ekki hreyfast mikið, út í bæ. Þetta er alger misskilningur. Þessi hugmynd hefur komið fram í viðræðum okkar ráðuneytismanna við forstöðumenn bókasafnanna, ekki síður frá okkur sjálfum en frá þeim. Við höfum lagt okkur fram um að benda á sem hagkvæmast húsnæði til slíkra þarfa, og það hefur ekki staðið á fjárveitingu frá ríkisins hálfu eða vilja þess til þess að hagnýta þennan útveg, ef hann teldist vera hagkvæmur. Ég þekki sjálfur mörg dæmi þess úr erlendum söfnum, að einmitt þessi tilhögun sé notuð. Allir safnverðir hér kannast við þau dæmi úr öðrum söfnum, að þessi útvegur sé notaður. Það, sem hér er um að ræða, er fyrst og fremst framkvæmdaatriði, ekki það, að ekki sé völ á góðu húsnæði í sjálfu sér, og ekki það, að ríkisvaldið sé ekki reiðubúið til þess að leysa þann vanda safnanna, sem ég játa, að er fyrir hendi á þennan máta, heldur er hér fyrst og fremst um að ræða ýmiss konar framkvæmdaatriði í sambandi við flutning og gæzlu og eftirlit, sem ég er fullviss um, að hægt er að leysa hér engu síður en annars staðar á Norðurlöndum og annars staðar í Vestur-Evrópu og Ameríku, þar sem ég hef sjálfur séð, að slíkt skipulag starfar og er hagnýtt með mjög góðum árangri.

10. Lánveitingar úr byggingarsjóði.

Á 21. fundi í Sþ., 12. des., var útbýtt:
Fsp. til félmrh. um lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins o. fl. [73. mál, 2]((A. 130).

Á 22. fundi í Sþ., 13. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 27. og 28. fundi í Sþ., 16. og 24. jan., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 30. fundi í Sþ., 26. jan., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 130 hef ég ásamt tveim öðrum hv. þm. leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. félmrh. um lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins og nokkur fleiri atriði því skyld. Síðan þessi fsp. var lögð fram fyrir um það bil 6 vikum síðan, hefur verið birt skýrsla húsnæðismálastjórnar um lánveitingar úr sjóðnum árið 1967. Þar kemur fram, að á því ári voru samtals veitt 2519 lán að fjárhæð samtals 391 millj. kr., enn fremur að veitt voru lánsloforð til útborgunar eftir 1. maí 1968, eins og það er orðað í bréfum, samtals að fjárhæð 93 millj. kr. og að lagt var í framkvæmdirnar í Breiðholti sem lán, að mér skilst, 86 millj. kr. af ráðstöfunartekjum byggingarsjóðs. Þrátt fyrir þessar upplýsingar, sem eins og ég segi, eru fram komnar eftir að fsp. var lögð fram, er þó miklum meiri hluta þeirra efnisatriða, sem fsp. fjallar um, enn þá ósvarað, og vonast ég til, að hæstv. félmrh. svari þeim hér á eftir, en ég mun gera grein fyrir þessum spurningum í örstuttu máli, enda leyfir tíminn ekki annað.

Um 1. lið vil ég geta þess, að þann 15. marz s. l. lágu fyrir um 1300 umsóknir. Þá fengu 500—600 manns lán, en um 800 enga úrlausn. Síðan hefur vitanlega aragrúi umsókna borizt, og síðast þegar ég heyrði nefndar tölur um það, var talað um 1200 viðbótarumsóknir, og þá ættu óafgreiddar umsóknir að vera um 2000, en þetta var nú fyrir jólin, og enn hafa vafalaust bætzt við umsóknir. Af þessu er þó greinilegt, að stórfé vantar í byggingarsjóð til þess að hægt sé að fullnægja lánaþörfinni. Sé aðeins miðað við 2000 óafgreiddar umsóknir og hámarkslán 380 þús., telst mér til, að það eitt séu 760 millj. kr., og líklega vantar þó allmiklu meira.

Um 2. spurningu vil ég aðeins segja þetta:

Hún fjallar um það, hvenær þeir fái lánin, sem sóttu um fyrir 15. marz. Eins og áður segir, hefur nokkur hluti þessara manna fengið loforð eftir 1. maí 1968, þ. e. fyrir 93 millj. kr. En hvað um hina, sem ekkert loforð fengu, og í öðru lagi, hvað um þá, sem sótt hafa síðan? Það er auðvitað slæmt að þurfa að bíða eftir láni úr veðlánakerfinu í langan tíma, en þó er enn þá verra að vita ekki einu sinni, hvað biðin verður löng, og vonast ég þess vegna til þess, að hæstv. ráðh. svari þessu.

Þriðja spurningin og fleiri spurningar, sem á eftir koma, fjalla um framkvæmdirnar í Breiðholti. Samkv. samningunum við verkalýðsfélögin var ákveðið að byggja 1250 íbúðir, og 80% kostnaðar átti að lána til 33 ára, en 20% áttu að greiðast í fjórum áföngum, eins og allir hv. alþm. auðvitað þekkja. Ekkert nýtt fjármagn er enn þá komið frá ríkinu til þessara framkvæmda, eins og allir töldu þó víst, að yrði að koma, heldur hefur þessum framkvæmdum að mestu verið velt yfir á byggingarsjóð. Hér er um að ræða fjármagn, vafalaust eitthvað á 3. hundrað millj. kr. aðeins í I. áfanga, og þegar er búið að borga 86 millj. af því fé, sem að öðrum kosti hefði gengið til venjulegra íbúðarlána. Þess vegna sýnist vera óhjákvæmilegt, að hæstv. ríkisstj. útvegi nýtt fjármagn til þessara framkvæmda.

Þá er spurt um það, hvað áætlað kostnaðarverð þessara íbúða verði nú. Þessi framkvæmdatilhögun var ákveðin fyrst og fremst til þess að knýja fram lækkun byggingarkostnaðar og bæta þannig fyrir áratuga langar vanefndir á öðru aðalverkefni húsnæðismálastjórnar, sem er markað í III. kafla l. Og óneitanlega ættu skilyrði að vera fyrir hendi til þess að byggja þessar íbúðir ódýrar. Það eru margar ástæður, sem hníga að því, að þarna gæti verið um verulegan sparnað að ræða, og sýnist, að hér ætti að vera hægt að halda betur á heldur en þegar íbúðir eru byggðar ein og ein eða í hæsta lagi nokkrar saman í stigahúsi af fjárvana einstaklingum eða byggingarsamtökum, eins og algengast er. En í umr., sem urðu hér fyrr í vetur um þessi mál, kom fram talsverður fyrirvari hjá hæstv. ráðh. um verð þessara íbúða, og hann talaði eitthvað á þá leið, að það mætti ekki gera sér of háar vonir um þessa frumraun og fleira í þeim dúr, sem óneitanlega studdi þær grunsemdir, sem margir ala um það, að framkvæmdirnar hafi ekki tekizt eins vel og skyldi. Ég hygg, að það sé bezt fyrir alla aðila, að staðreyndir þessara mála séu dregnar fram í dagsljósið, og vonandi eru þær ekki eins slæmar og helzt betri en þessar grunsemdir gætu bent til.

Fimmta spurningin fjallar um það, hve mikið fjármagn hafi komið í byggingarframkvæmdirnar. Þegar er búið að upplýsa, hvað hefur verið lánað úr byggingarsjóði, en eftir er að fá að vita, hvað komið hefur frá öðrum aðilum. Þá er enn fremur gott að fá að heyra um það, hvernig menn hafa hugsað sér að fjármagna síðari hluta framkvæmdanna í Breiðholti, en hér er aðeins um fyrsta áfanga að ræða, eins og áður segir. Enn fremur er mikill áhugi fyrir því utan Reykjavíkur að frétta af því, hvort fyrirhugaðar eru svipaðar framkvæmdir annars staðar en hér, og er raunar mikil þörf fyrir slíkar framkvæmdir annars staðar en í Reykjavík, eins og kunnugt er. Síðasta spurningin fjallar svo um vísitöluálagið á vexti og afborganir húsnæðislána, hvað fyrirhugað sé í þeim efnum.

Ég vil ekki, herra forseti, níðast lengur á þolinmæði forseta og læt þessum inngangsorðum lokið.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leitazt við að safna þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar voru til þess að geta gefið svör við þeim fsp., sem hv. fyrirspyrjandi hefur nú gert grein fyrir. Þar sem fsp. eru í nokkuð mörgum liðum, tel ég rétt að hafa þann hátt á að endurtaka fsp. á undan hverju svari, þannig að hægara verði fyrir hv. alþm. að fylgjast með.

Í fyrsta lagi er spurt: Hve margar umsóknir, sem bárust fyrir 15. marz 1967, eru óafgreiddar hjá húsnæðismálastjórn og hversu margar umsóknir hafa borizt síðan? Svar: Óafgreiddar umsóknir, sem bárust fyrir 15. marz 1967, eru samtals 660, þar af 291 fokheld íbúð, en eftir 15. marz 1967 hafa borizt 356 umsóknir, þar af eru 108 fokheldar íbúðir og því lánshæfar. Ég skal taka það fram, að niðurstaða þessa svars er miðuð við ástandið, eins og það var um áramótin síðustu.

Í öðru lagi er spurt: Hvenær má búast við, að þeir, sem eiga óafgreiddar lánsumsóknir, fái húsnæðislánin útborguð; a) þeir, sem sóttu fyrir 15. marz 1967, og b) þeir, sem sótt hafa eftir 15. marz 1967? Svar við a-lið: Allar lánshæfar umsóknir verða afgreiddar með fyrri hluta láns á árinu 1968. Undirbúningur er nú hafinn að afgreiðslu lánsloforða til umsókna þessara til útborgunar í septembermánuði n. k. Svar við b-lið: Það er í athugun, að hve miklu leyti verður unnt að afgreiða umsóknir, sem borizt hafa eftir 15. marz 1967, á þessu ári, og verður því ekki fullyrt um afgreiðslu þeirra nú.

Í þriðja lagi er spurt: Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar um fjármögnun í I. áfanga byggingaráætlunarinnar í Breiðholti umfram venjuleg lán húsnæðismálastjórnar? Svar: Atvinnuleysistryggingasjóður veitti 30 millj. kr. lán til þessara framkvæmda á árinu 1967, og gert er ráð fyrir sömu lánsfjárhæð frá sjóðnum á þessu ári. Lán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga samkv. b-lið 7. gr. l. nr. 19 frá 1965 um Húsnæðismálastofnun ríkisins koma einnig hér til greina.

Í fjórða lagi er spurt: Hvert er nú áætlað raunverulegt kostnaðarverð íbúðanna í I. áfanga Breiðholtsframkvæmdanna? Svar: Í Breiðholtshverfinu eru nú í byggingu 6 stór fjölbýlishús með samtals 312 íbúðum. Hér er um að ræða tveggja, þriggja og fjögurra herbergja íbúðir, en íbúðir af sama herbergja-

fjölda eru auk þess nokkuð misjafnar að stærð. Á s. l. hausti áætlaði framkvæmdanefnd byggingaráætlunarinnar meðalverð hverrar íbúðartegundar sem hér segir: a) Tveggja herbergja íbúð, kostnaðarverð 700 þús. kr. b) Priggja herbergja íbúð, kostnaðarverð 810 þús. kr. c) Fjögurra herbergja íbúð, kostnaðarverð 940 þús. kr. Þetta verð miðast við, að íbúðunum verði skilað fullfrágengnum að utan og innan, með sjónvarpsloftneti, dyrasíma og vélum í sameiginlegu þvottahúsi. Í þessu verði eru að sjálfsögðu innifalin gatnagerðargjöld, heimtaugargjöld fyrir rafmagn og hitaveitu, enn fremur allur tæknilegur undirbúningskostnaður á vegum framkvæmdanefndarinnar. Í verðinu felst einnig malbikun gangstiga, jöfnun lóðar, verð bílastæða og grasræktun á lóð, en í verðinu er hins vegar ekki innifalinn vaxtakostnaður.

Framangreind kostnaðaráætlun var, eins og áður segir, gerð á s. l. hausti, en síðan hafa átt sér stað verulegar verðbreytingar í þjóðfélaginu, eins og alkunnugt er, þ. e. gengislækkunin í lok nóvembermánaðar og almenn kauphækkun um 3,4% hinn 1. des. s. l. Á þessu stigi málsins getur framkvæmdanefndin ekki séð fyrir áhrif gengislækkunarinnar á þróun kaupgjalds og verðlags á árinu 1968, nema að mjög takmörkuðu leyti. Þó er nú þegar ljóst, að gengisfellingin hefur veruleg áhrif til hækkunar á heildarbyggingarkostnað fjölbýlishúsanna í Breiðholtshverfinu, en það er þó rökstudd von framkvæmdanefndarinnar, að sú hækkun fari ekki fram yfir 12%. Í Breiðholtshverfinu er enn fremur verið að byggja 23 einbýlishús úr timbri, sem eru innflutt frá Danmörku, og er smíði þeirra senn lokið. Hér er um tvær húsagerðir að ræða. Kostnaðarverð minni húsanna, sem eru 101 fermetri, verður rúmar 1200 þús. kr., en stærri húsanna, sem eru 116 fermetrar, hins vegar tæpar 1300 þús. kr. Er þá meðreiknuð verðhækkun vegna gengisfellingarinnar, er nemur sem næst 5% af heildarverði timburhúsanna.

Í fimmta lagi er spurt: Hvað hefur byggingarsjóður lagt mikið fé til framkvæmdaáætlunarinnar til þessa og hversu mikið fé hefur komið annars staðar frá? Svar: Byggingarsjóður ríkisins lagði á árinu 1967 fram 86.379.983,37 kr., en hafði áður lagt fram, þ. e. a. s. fyrir árið 1967 11.286.464,63 kr., eða samtals úr byggingarsjóði frá því að framlög hans hófust til byggingaráætlunarinnar 97.666.448 kr. Borgarsjóður Reykjavíkur lagði á árinu 1967 fram 5.557.934 kr., en hafði fyrir árið 1967 lagt fram 1.676.109,23 kr., eða samtals úr borgarsjóði til byggingaráætlunarinnar 7.434.043,23 kr. Framlög íbúðarkaupenda á árinu 1967 voru 12.004.750 kr. Atvinnuleysistryggingasjóður lagði fram eins og 3. gr. segir 30 millj. kr., og hafa því fjárframlög samtals til byggingaráætlunarinnar um s. l. áramót verið 147.105.241,23 kr. Eftirstöðvar eru af útgáfu skuldabréfa vegna vörugeymslukaupa, en framkvæmdaáætlunin keypti vörugeymslu fyrir 4,6 millj., og eftirstöðvar af því eru 2 millj. og 80 þús. kr. Fjármunamyndun er því samtals hjá byggingaráætluninni 149.185.241,23 kr. Framlög samtals árið 1967 voru samkv. framansögðu 134.142.667,37 kr. og frá fyrri árum 12.963.573,86 kr., eða samtals 147.105.241,23 kr.

Samkv. upplýsingum frá n. varð kostnaður árið 1967 við skipulag, sem unnið var fyrir Reykjavíkurborg, 3.258.427,85 kr. En skuld vegna sama, þ. e. fyrir Reykjavíkurborg, frá fyrra ári, var 619.116,90 kr., eða samtals 3.877.544,75 sem á að greiðast óskipt af Reykjavíkurborg. Auk þess var ógreitt 30. nóv. 9.701.281,26 kr. af fjárframlagi borgarsjóðsins til annarra framkvæmda, en skipting á fjármunamyndun í des. hefur ekki farið fram. Eftir áramótin núna s. l. greiddi borgarsjóður hins vegar 5 millj. kr. upp í skuld sína.

Í sjötta lagi er svo spurt: Hvernig er ráðgert, að fjármagna síðari hluta framkvæmdaáætlunarinnar og hvernig verður þeim framkvæmdum skipað, m. a. varðandi útboð? Svar: Til verulegra framkvæmda í síðari áfanga kemur vart fyrr en árið 1969, enda er nauðsynlegt að haga þeim framkvæmdum eftir þeirri reynslu, sem fæst. Þegar I. áfanga er lokið. Raunhæf fjáröflunaráætlun verður ekki gerð fyrr en fyrir liggja ákvarðanir um framhaldið og skiptingu þess í áfanga. Síðari hluti framkvæmdaáætlunarinnar tekur til byggingar u. þ. b. 900 íbúða, sem reistar verða á hinu svonefnda efra svæði í Breiðholtshverfinu. En svæði þetta hefur framkvæmdanefnd byggingaráætlunar þegar látið skipuleggja í samráði við skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar. Sá hluti svæðisins, sem þessar byggingar verða reistar á, er sérstaklega skipulagður með það fyrir augum að hagnýta sem bezt þær nýju byggingaraðferðir, sem framkvæmdanefndin hefur tekið upp, og er það mikill kostur. Í grundvallaratriðum verða notaðar sömu byggingaraðferðir og beitt er við fjölbýlishúsin 6, sem nú eru í smíðum, en með þeim breytingum og endurbótum, sem aukin reynsla gefur tilefni til. Á efra svæðinu í Breiðholti fyrirhugar framkvæmdanefndin að reisa 19 fjölbýlishús mismunandi að stærð. Þ. e. a. s., í þessum fjölbýlishúsum verða mismunandi mörg stigahús, en öll stigahúsin verða nákvæmlega eins að gerð. Fjölbýlishúsin verða 4 hæðir og án kjallara, eða nánar tiltekið 3½ íbúðarhæð. Í þessum fjölbýlishúsum verða væntanlega um 770 íbúðir af mismunandi stærðum eða allt frá eins herbergis íbúðum og upp í fjögurra herbergja íbúðir. Auk fjölbýlishúsanna fyrirhugar framkvæmdanefndin að reisa á efra svæðinu allt að 150 íbúðir í tveggja hæða raðhúsum. Enn er ekki tímabært að ákveða nánar, hvernig staðið verður að þessum framkvæmdum. En þó má telja sennilegt, að þeim verði skipt niður í þrjá framkvæmdaáfanga og að við hvern áfanga verði einn aðalverktaki og nokkrir undirverktakar, en önnur skipting kæmi þó vissulega til álita. Um útboð á þessum framkvæmdum er einnig of snemmt að fullyrða nokkuð á þessu stigi málsins, en í þeim efnum mun framkvæmdanefndin hafa hugfast

það ákvæði reglugerðarinnar um íbúðarbyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar, þar sem segir, að fela skuli framkvæmdirnar viðurkenndum byggingarverktökum á samkeppnisgrundvelli og með sem víðtækustum útboðum, eftir því sem hagkvæmt þykir.

Í sjöunda lagi er spurt: Hefur verið umrætt eða fyrirhugað, að sams konar byggingaráætlanir og Breiðholtsáætlunin verði gerðar í öðrum bæjarfélögum? Svar: Framkvæmdanefndir hafa þegar verið settar á fót í Sauðárkrókskaupstað, Siglufjarðarkaupstað og Akureyrarkaupstað. Skipun slíkrar n. er í undirbúningi í Húsavíkurkaupstað og Selfosskauptúni. Hlutverk þessara n. er að svo stöddu rannsókn og athugun á íbúðarþörfinni og fjáröflunarmöguleikum, svo og nákvæm áætlunargerð um væntanlegar byggingarframkvæmdir. Ósk Kópavogskaupstaðar um hlutdeild í byggingarframkvæmdum ríkisins og Reykjavíkurborgar, sem nú er unnið að, er í athugun.

Í áttunda lagi er spurt: Er áformað að fella burt vísitöluálag á vexti og afborganir húsnæðislána? Svar: Af ýmsum ástæðum hafa viðhorfin til vísitölubundinna lána breytzt, m. a. vegna þess, að verðlagsuppbót er nú ekki lögbundin við kaupgreiðsluvísitölu. Það er nú í athugun, hversu bregðast skuli við þessum nýju viðhorfum, en ákvörðun um þetta efni verður ekki tekin fyrr en þessar athuganir liggja fyrir.

Ég vænti þess, að það, sem ég hér nú hef sagt, fullnægi þeim óskum hv. fyrirspyrjanda, sem að baki fsp. liggja.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. félmrh. fyrir ýtarleg og greinargóð svör við þeim fsp., sem hér eru til umr. Þetta mál, byggingarmálin og lánamál byggingarsjóðs, er vitanlega umfangsmeira en svo, að hægt sé að ræða það að nokkru marki í örstuttum fyrirspurnartíma, og mun ég þess vegna ekki gera það að þessu sinni, heldur geyma mér það til betri tíma. Ég vil þó aðeins segja nú, að sú tala óafgreiddra umsókna, sem hæstv. ráðh. upplýsti, er nokkru lægri en sú tala, sem ég a. m. k. hafði gert mér í hugarlund, að fyrir lægi af óafgreiddum umsóknum, og eykur það að sjálfsögðu líkurnar á því, að hægt sé að fullnægja lánsþörfinni eða fara lengra í því en annars mundi verið hafa. En bent skal þó á, að umsóknarfrestur til að skila umsóknum um húsnæðislán á þessu ári rennur ekki út fyrr en 15. marz n. k., og má þess vegna búast við því, að mjög margar umsóknir berist á þeim tíma, sem eftir er, þangað til fresturinn er liðinn, þannig að segja má, að engan veginn sé séð fyrir um ástand þessara mála. En alla vega liggur þó fyrir loforð hæstv. ráðh. um það, að allir þeir 660 umsækjendur, sem höfðu skilað umsóknum fyrir 15. marz s. l., munu fá úrlausn á þessu ári, og þó að útborgun verði að vísu ekki fyrr en í sept., er þó betra að vita þetta heldur en ekki. Hitt er svo auðvitað verra, að ekki skuli hafa verið hægt að segja neitt um það, hvenær þeir, sem sóttu eftir 15. marz í fyrra, muni fá sín lán afgreidd.

Um svarið við 3. spurningu vil ég aðeins segja það, að mér þykir það vera næsta lítil fjárútvegun, ef ekkert hefur verið annað gert af hálfu hæstv. ráðh. og ríkisstj. til þess að fjármagna áframhaldandi framkvæmdir í Breiðholti en að tryggja 30 millj. kr. lán úr Atvinnuleysistryggingasjóði, og hætt við, úr því að ekki hefur verið staðið fastara að þessum málum, að til þess muni koma áfram, að gripið verði til lánsfjárins frá byggingarsjóði til þess að byggja íbúðirnar fyrir.

Um verðlagið á íbúðunum sé ég ekki ástæðu til að ræða að þessu sinni. Sú áætlun, sem hæstv. ráðh. birti, hefur áður verið birt, og sú áætlun um verðhækkun síðan var svo lausleg, að ég hygg, að það verði að bíða eftir ákveðnari tölum, þar til hægt er að gera samanburð á kostnaðarverðinu við íbúðir, sem byggðar eru á annan hátt.

Svarið við 6. spurningu gaf nú næsta lítið í skyn um það, sem fyrirhugað er. Hæstv. ráðh. sagði, að engin raunhæf áætlun hefði verið gerð og mundi ekki verða gerð að svo stöddu, enda kæmu þessar byggingar ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1969. Það er nú ekki mjög fjarlægt ártal lengur, 1969, og ég hygg, að rétt væri nú fyrir ráðamenn í þessu efni að fara að huga að því, hvernig þeir hugsa sér að afla fjár til þeirra framkvæmda, til þess að það verði ekki enn raunin, að byggingarsjóður verði látinn standa undir þessum framkvæmdum.

Ég vil svo aðeins að síðustu segja það, að ég fagna því svari, sem hæstv. ráðh. gaf við 8. spurningunni á þskj. 130. Það er vissulega rétt, að viðhorfin til vísitöluálags á húsnæðislánin hafa breytzt, með því að fellt er niður samhengið milli kaupgjalds og verðlags. Þessi ákvæði hafa alla tíð verið ranglát, og ekki hefur dregið úr því ranglæti með þeim atburðum, sem síðan hafa gerzt. Þau eru sérstaklega ranglát, vegna þess að ekki hefur verið talið fært að vísitölubinda aðrar fjárskuldbindingar þrátt fyrir lagasetningu um það efni, og ég hygg, að nýjustu fregnir frá valdhöfum í því efni bendi til þess, að horfið verði frá því og aðeins yfir í það að verðtryggja sparifé, án þess að verðtrygging komi á fjárskuldbindingar, og ef sú verður raunin á, er það vitanlega enn ein ástæðan, sem hnígur til þess að fella niður vísitöluálagið á þessi íbúðalán.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil fyrir mitt leyti þakka hæstv. ráðh. fyrir hans greinargóðu svör. Hitt er svo annað mál, að það kemur glöggt fram í svörum ráðh., að ekki er ástæðulaus sá uggur, sem menn hafa alið í brjósti um það, að mjög þunglega horfi um íbúðalánin í heild. Mér finnst það einkenna þessi svör, hversu gífurlega mikil óvissa er fram undan um allt það, er þessi mál varðar. Mér er kunnugt um það úr minu kjördæmi, að

þar bíður afgreiðslu fjöldi umsókna, margar umsóknir þeirra manna, sem sóttu um lán fyrir 15. marz 1967, þó svo að byggingarnar væru fokheldar strax á miðju sumri eða fyrr. Og það er ekki glæsilegt að fá þær fréttir nú, að von um fyrstu útborgun fyrri hluta lána til þessara manna sé bundin við septembermánuð þessa árs. Það er upplýst, að nú verði tekið til við að afgreiða þessar umsóknir, og auðvitað skiptir það máli fyrir menn að fá ákveðið að vita, hvað fram undan er, en glæsilegt er það ekki, ef þetta er rétt, sem auðvitað er ekki að efa, að engin von sé um útborgun fyrr en í sept. í haust. Við það bætist svo, að um lánsumsóknir þær, sem borizt hafa eftir 15. marz 1967, er enn þá ekkert hægt að segja, ekki neitt um horfur á fyrirgreiðslu til þessara manna. Það er þess vegna áreiðanlega ekki djúpt tekið í árinni, þó að sagt sé, að útlitið í dag fyrir húsbyggjendur, það sé ákaflega skuggalegt.

Upplýsingar þær, sem gefnar voru um framkvæmdir í Breiðholti, staðfesta það einnig, sem að minnsta kosti ég hafði heyrt og almennt hafði verið álitið, að fjárútvegun af opinberri hálfu til þessara mála hefur ekki verið með miklum myndarskap. Það er því enginn vafi á, að það er brýn nauðsyn nú að gera nýtt átak í þessum málum, þó að erfitt sé um á mörgum sviðum. Það er hins vegar ljósi punkturinn í svari ráðh., að það er þó að minnsta kosti til athugunar að hverfa frá vísitölubindingu húsnæðismálalánanna, enda skil ég nú ekki satt að segja, hvernig annað væri hugsanlegt, eftir þá atburði, sem nú hafa gerzt og öllum eru kunnir.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Umfram það, sem ég hef þegar sagt, hef ég ekki miklu við að bæta, en ég vil í sambandi við þau orð, sem hv. 2. fyrirspyrjandi lét falla hér, hv. 5. þm. Austf., aðeins minna á það, að í fyrsta lagi tel ég, að það séu ekki margar lánastofnanir í landinu, sem geti fullnægt öllum þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar. Og það er ekkert nýtt fyrirbrigði í íslenzkum lánsfjármálum. Auk þess hafði ég um margra ára skeið allnáin kynni af starfsemi húsnæðismálastjórnar og vann þar í tæp 8 ár, og þykist ég þess vegna þekkja mjög vel til þess ástands, sem þar hefur ríkt frá því að stofnun þessi hóf sín störf á síðari hluta ársins 1955. Og ég vil undirstrika það, að ef maður skiptir starfstíma þessarar stofnunar í tvennt, þessum 11½ árs starfstíma, þolir síðari helmingur starfstímans mjög vel samanburð við þann fyrri.

Nú blöskrar hv. 5. þm. Austf. alveg sérstaklega, að ekki skuli í ársbyrjun 1968 vera hægt að fullyrða um endanlega afgreiðslu allra umsókna, sem komu inn eftir fyrsta ársfjórðung 1967. Það voru til umsóknir á vegum húsnæðismálastjórnarinnar eða á hennar snærum, sem voru fullkomlega löglegar og lánshæfar, sem urðu að bíða allt upp í fimm ár eftir afgreiðslu, en þá fóru aðrir menn með stjórn þessara mála, og þá heyrðist ekkert orð af vörum þessa ágæta þm., sem hefur yfirleitt orð á sér fyrir að vera mjög orðvar, um að slæmt ástand væri í þessum málum. Það raknaði hins vegar svo úr, að í brennum lánveitingum í röð var hægt að fullnægja í fyrsta sinn í sögu stofnunarinnar öllum lánsumsóknum.

Það hefur aftur sigið á ógæfuhliðina, því er ekki að leyna. Umsóknir hlaðast upp og eru mikið örari en fjárhagsgeta stofnunarinnar leyfir. En þetta eru eðlilegar afleiðingar, sama og átti sér stað á árunum 1956 til 1960. Þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir þær auknu biðraðir, sem myndazt hafa, hefur stofnunin samt sem áður gert meira en að standa við þau loforð, sem gefin voru í hinu margnefnda júní-samkomulagi við verkalýðsfélögin. Þar var talað um, að stofnunin mundi beita sér fyrir að útvega 750 almenn lán á hinum almenna lánamarkaði, burtséð frá hinum framkvæmdunum, sem einnig voru fyrirhugaðar í Breiðholtshverfi. Tölur um þetta efni gæti ég upplýst hv. Alþ. um, ef þess yrði óskað, og það yrði fullkomlega sannað, að það hefði verið gert meira en að standa við þessi fyrirheit. Það skyldi vera fjarri mér að reyna að lýsa þessum hlutum þannig, að þeir væru eins og ég helzt kysi eða hæstv. ríkisstj. kysi. Það er eigi að síður staðreynd, að það hefur ekki reynzt mögulegt að útvega meira fé en gert hefur verið, en það er samt staðreynd, að það hefur heldur aldrei verið meira fé til umráða á vegum þessarar stofnunar en verið hefur síðastliðin 3—4 ár.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég vil sem einn af fyrirspyrjendum þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, og ég hefði ekki staðið hér upp, ef hann hefði ekki haldið sína síðari ræðu, vegna þess að mér fannst hann ekki bæta um fyrir sér með því, sem hann þar sagði, aftur á móti var fyrri ræða hans ágæt, og þar svaraði hann því, sem hann var að spurður.

Ég get ekki fallizt á það með hæstv. ráðh., að það sé ástæða til þess að vera að þessum eilífa samanburði á því, sem var einhvern tíma, ég vil segja í fyrndinni, og því sem nú er í dag. Við skulum bara líta á ástandið eins og það er í dag í þessum málum, eins og fleirum. Það er það, sem skiptir máli fyrir okkur, bæði í þessu máli og raunar öllum öðrum málum, að gera okkur grein fyrir málunum eins og þau eru. En þessi eilífi samanburður við fortíðina, hann er landlægur hér í þinginu og nánast óþolandi. Það, sem ég vil alveg sérstaklega benda á og segja sem mína skoðun, er, að húsnæðismálin séu eitt af þeim málum, sem eru einna lakast skipulögð í okkar þjóðarbúskap, og þyrftum við sannarlega að gera miklu betur, vegna þess að hér er um að ræða mál, sem eru með því allra fyrirferðarmesta í okkar þjóðarbúskap og þarf þess vegna að skipuleggja betur en flest annað. Og það er á þetta, sem við

þurfum sérstaklega að líta og sameinast um að reyna að kippa í lag, en þessi eilífi samanburður á því, sem var, og því, sem nú er, hann er ákaflega ófrjór, og ég held hann leiði ekki til neinnar niðurstöðu, heldur eilífs karps, sem ekkert gagn gerir. En þeir, sem hafa gaman af þessu eilífa karpi, þeir geta náttúrlega lagt sig niður við það og stundað það, en það leiðir ekki til neinnar niðurstöðu.

Það er alveg rétt, sem hv. 5. þm. Austf. sagði, að það, sem er verst við húsnæðismálin, er þessi eilífa óvissa, sem ríkir í þeim málum. Menn vita eiginlega aldrei á hverju þeir eiga von. Húsnæðismálakerfið eða veðlánakerfið, það starfar mjög slitrótt og aldrei reglulega, það er reynslan um margra ára skeið, og það hefur einnig verið nú undanfarin ár, jafnvel þó að hæstv. ráðh. sé nú að reyna að halda því fram, að það sé eitthvað betra en það var fyrir 10, 12 eða 15 árum. Því miður er það nú svo, að húsnæðismálakerfið starfar mjög slitrótt og óvissa sífellt ríkjandi um það, hvað þar gerist, og það er þetta, eins og hv. 5. þm. Austf. sagði, það er þetta, sem er megingallinn á þessu kerfi. Í sjálfu sér er húsnæðismálalöggjöfin ekki svo slæm, ef hún væri framkvæmd, en á það brestur, að hún sé framkvæmd, og á það þarf að leggja megináherzlu, að hún verði framkvæmd eins og lög gera ráð fyrir, og þá er fullvíst, að við þurfum ekki að kvíða því, að hér yrði ekki sæmilegt ástand í húsnæðismálum, og þess vegna er það mitt álit, að við þurfum fyrst og fremst að gera stóraukið átak í því að afla byggingarsjóði fastra og öruggra tekna, þannig að veðlánakerfið geti starfað eðlilega og hindrunarlítið, jafnvel þó að því takmarki verði ekki náð, að lánahlutfallið verði jafngott og það gerist, þar sem bezt er í nágrannalöndum okkar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. sagði hér, að hann teldi, að það hefði verið staðið fullkomlega við það samkomulag, sem gert var við verkalýðshreyfinguna í byggingamálum, þegar m. a. var samið um framkvæmdirnar á vegum byggingaráætlunarinnar. Ég er ekki sammála þessu, og ég held, að þeir séu anzi fáir. Ég veit ekki annað betur en að þetta samkomulag, sem var gert í júlímánuði 1965, hafi verið um það, að á næstu 5 árum þar á eftir skyldu byggðar með sérstökum hætti 250 íbúðir á ári eða 1250 íbúðir alls. En nú mun það vera svo, að í byggingu eru samkv. þessari áætlun eitthvað rétt um 300 íbúðir. Komið er þegar fram á árið 1968, og þegar minnzt er á framhaldandi áfanga í þessum efnum, er sagt, að það muni ekki gerast fyrr en á árinu 1969. Það er því alveg augljóst, að hér hefur allt dregizt úr hömlu og er langt á eftir þeim áætlunum, sem gerðar voru, og því samkomulagi, sem gert var við verkalýðshreyfinguna. Auk þess er svo það, að hér var auðvitað um það að ræða, eins og margsinnis hefur komið fram, og ég hef aldrei heyrt ríkisstj. heldur neita því, að hér var verið að semja um það að byggja með sérstökum hætti ódýrar íbúðir umfram hið almenna veðlánakerfi, sem fyrir var í landinu, og það var búið að gera hér sérstakar ráðstafanir til að afla því kerfi allmikilla nýrra fjármuna og með hinum stórhækkaða skyldusparnaði, launaskatti og ýmsu fleiru var búið að koma fótunum undir það kerfi, þannig að miklar líkur voru til þess, að það gæti starfað, þó að það veitti ekki nema þessi mjög takmörkuðu lán, sem allir þekkja, lán, sem varla eru nema í kringum 30%, þegar bezt lætur, af heildarstofnkostnaði. En nú er þetta samkomulag við verkalýðshreyfinguna framkvæmt þannig, að það er ekki nóg með, að það sé langt á eftir áætlun, heldur eru peningarnir teknir úr hinu almenna veðlánakerfi, frá þeim, sem áttu að njóta lána þaðan, með miklu lakari kjörum, eða kringum 30%, og peningarnir eru þá teknir úr hinu almenna veðlánakerfi til þess að standa undir þeim takmörkuðu framkvæmdum á vegum byggingaráætlunar, sem fram hafa farið. Og það er einmitt þessi mismunur, sem þarna kemur fram, að þeir mörgu aðilar víðs vegar á landinu, sem áttu, eftir að búið var að skjóta nokkrum tekjustofnum undir húsnæðismálakerfið, að hafa möguleika á að fá þau knöppu lán, sem þar átti að veita. Þeir fá nú ekki lán sín afgreidd, vegna þess að það hefur þurft að taka af þessum fjármunum veðlánakerfisins til þess að standa undir framkvæmdum í Breiðholti. Það kemur líka í ljós, eins og hæstv. ráðh. hefur upplýst hér, að þar er þegar búið að veita út á þær hálfbyggðu íbúðir, sem þar eru í framkvæmd, um og yfir 300 þús. kr. lán á hverja íbúð, á sama tíma sem aðrir komast ekki á blað.

Ég held því, að það sé mikill skakki frá hinu rétta, þegar hæstv. ráðh. segir, að það hafi verið staðið við samkomulagið, sem gert var við verkalýðshreyfinguna varðandi þessi byggingamál. Þar er um stórkostlegar vanefndir að ræða, og það er enginn vafi á því, að ríkisstj. verður að taka sig á í þessum efnum. Þetta misrétti, sem þarna er að skapast núna, það verður ekki þolað, auk þess sem það er augljóst, að það er gengið hér á snið við það samkomulag, sem gert var við verkalýðshreyfinguna um að byggja með sérstökum hætti hér á 5 árum 1250 íbúðir.

Ég sé ástæðu til þess að minna sérstaklega á þetta vegna þeirra orða, sem hér féllu hjá hæstv. ráðh., því að það er ómögulegt, að þetta fari fram hjá honum. Þetta er svona. Hér hallast alvarlega á.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þetta verður að vera stutt að sjálfsögðu, en ég get ekki stillt mig um að benda hérna á tvennt. Annað hefur raunar hv. 4. þm. Austf., sem talaði næstur á undan mér, dregið fram, og get ég því verið stuttorður um það, en það er þetta, að ég skildi það þannig, og ég hygg, að flestir aðrir hafi skilið það svo, að útvega ætti sérstaklega fjármuni til þess að byggja íbúðirn-

ar í byggingaráætluninni í Breiðholtinu, og það ætti ekki að taka það fé frá almenna íbúðakerfinu. En nú kemur í ljós, að það eru 86 millj., sem búið er að taka frá almenna íbúðakerfinu með þeim afleiðingum, að það kerfi ar algjörlega sprungið, hreinlega sprungið, því það kalla ég sprungið kerfi, þegar bollalagt er nú um það, hvernig eigi að svara umsóknum, sem komu fyrir 15. marz 1967, og svörin eru helzt ráðgerð þau, að menn eigi að fá einhverja úrlausn í sept. 1968. Þetta er vitaskuld alveg sprungið kerfi.

Vitanlega voru erfiðleikar miklir 1955, 1956 og 1957 o. s. frv., en maður getur ekki séð, hvað það kemur þessu máli við. Þá var þetta íbúðalánakerfi í algjörri bernsku, var verið að fitja upp á því og þess vegna eðlilegt, að það væri ekki mikils megnugt fyrst í stað. En nú er búið að vera að byggja þetta upp um langa hríð, og ég geri ráð fyrir því, að menn hafi verið farnir að vonast eftir því, að þessi mál væru að færast í betra horf. En þá er rokið til og í raun og veru borað gat á kerfið með þessu móti, svo það virðist vera að sökkva.

Ég sé ekki annað en fyrsta atriðið í þessu máli nú sé krafa til hæstv. ríkisstj. um, að hún afli sérstaklega fjár til þess að halda áfram með byggingaráætlunina, eins og samið var um við verkalýðsfélögin, og borgi til baka a. m. k. eitthvað verulegt af því, sem búið er að taka frá íbúðalánakerfinu. Og þannig gæti þetta gengið á eðlilegan hátt.

Síðara atriðið, sem ég ætla að minnast á, er þetta, að það eru talsvert ólíkar ráðagerðir um afgreiðslu núna frá íbúðalánakerfinu, þeim, sem voru uppi í fyrra um þetta leyti. Þá var gert ráð fyrir að taka öðruvísi á þessum málum, og voru þá ráðgerðar miklar lánveitingar og allt önnur og miklu greiðari svör en nú eru ráðgerð. Hvers vegna skyldi það hafa verið? Líklega stendur það að einhverju leyti í sambandi við það, að það átti að kjósa s. l. vor, og þá stóð ekki á svörunum. Menn skyldu fá lán, miklu meira en fyrirhugað hafði verið o. s. frv., og allur var tónninn annar. Ég er smeykur um, að það hafi ekki verið gefnar út tilkynningar um það í febrúarmánuði í fyrravetur, að menn yrðu að bíða þangað til í sept. um haustið eða kannske þangað til eftir hálft annað ár eftir því að fá einhverja úrlausn. Þá voru peningar til, þá reyndist mögulegt að útvega peninga í kerfið, og við trúum því, að það sé hægt enn, ef einhver vilji er fyrir hendi og einhver myndarskapur til. Við trúum því, að það sé hægt, eins og það var hægt í fyrra, og við ætlumst til, að það sé gert, eins og það var gert þá. Við ætlumst til, að þessi mál séu framkvæmd á sama hátt þegar kosið er og þegar ekki er kosið. Við ætlumst til þess af valdhöfunum, að þeir láti það ekki ráða gerðum sínum, hvort það á að ganga til kosninga eftir 2 eða 3 mánuði, heldur vinni þeir að þessum málum heiðarlega og af alvöru. Það þýðir ekkert að segja okkur, að það, sem hægt var að gera í fyrra í þessu tilliti, sé ekki hugsanlegt að gera núna. Það voru erfiðleikar þá, og það eru erfiðleikar einnig nú, en ekki svo miklir, að ekki sé hægt að ná saman talsverðu fé til íbúðalána.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Austurl. gat þess hér áðan í sinni ræðu, að ríkisstj. hefði svikið samkomulagið við verkalýðshreyfinguna frá árinu 1965, þar sem hún hefði ekki staðið við það eða væri fyrirsjáanlegt, að hún stæði við það að byggja 1250 íbúðir í Reykjavík á fimm árum eða ljúka því fyrir árslok 1970. Það er að vísu alveg rétt, að það má fullyrða það nú þegar, að þessum 1250 íbúðum verði ekki lokið í árslok 1970, en þar með er alls ekki sagt, að um þetta sé við ríkisstj. að sakast.

Eins og kunnugt er, þá var skipuð sérstök framkvæmdanefnd til þess að sjá um byggingu þessara íbúða, og ég er þessum málum nokkuð kunnugur, af því að ég er formaður þessarar n. og mér því málið æði skylt, en í þessari framkvæmdanefnd eru tveir af fimm mönnum, sem þar eru, fulltrúar frá verkalýðsfélögum, þ. e. a. s. frá A. S. Í. og frá fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík, og allar ásakanir um það, að þessar íbúðir verði ekki tilbúnar á réttum tíma, þær eiga að skrifast á reikning þessarar framkvæmdanefndar, en ekki á reikning ríkisstj., því að það hefur ekki staðið á neinu frá ríkisstj. hálfu, þannig að það sé hennar sök á einhvern hátt, að ekki er hægt að byggja þessar íbúðir á fimm árum. Ég vil taka það fram, að í öllum þeim áætlunum, sem þessi framkvæmdanefnd hefur gert, hefur ekki verið nokkur minnsti ágreiningur innan n. um, hvernig væri að þessu staðið. Og ég skal skýra þetta nokkru nánar.

Menn verða að athuga það, að þessari framkvæmdanefnd er falið fleira en að byggja 1250 íbúðir á fimm árum. Það eru fleiri skyldur, sem hvíla henni á herðum, og þessar skyldur koma fram í þessari yfirlýsingu ríkisstj. um húsnæðismál, sem er raunar í samkomulagi við verkalýðshreyfinguna, en þar segir m. a. svo, að það skuli byggja hagkvæmar og ódýrar íbúðir í fjölbýlishúsum, að það skuli stefnt að því að nota fjöldaframleiðsluaðferðir og með byggingum þessum verði gerð tilraun til þess að sannreyna, hve mikið megi lækka byggingarkostnað með góðri skipulagningu og fullkomnustu tækni, sem við verður komið. En þetta ber þannig að, að þessar skyldur geta rekizt á, og þá verður framkvæmdanefnd að vega og meta. Á n. fyrst og fremst að leggja áherzlu á það að klára 1250 íbúðir á þessum 5 árum og ganga þá ekki eins langt í hinum þættinum og hún hefði talið æskilegt, að taka hér upp nýjar byggingaraðferðir og reyna að sannreyna, hve mikið megi lækka byggingarkostnaðinn, því að það kostar geysimikinn undirbúning og langa og vandlega athugun og könnun á margan hátt? Þarna geta þess vegna þessi tvö sjónarmið rekizt á, og ég verð að segja það sem mína persónulegu skoðun, að ég tel það, þó að það sé vissulega mjög mikilvægt að ljúka þessum byggingum

á réttum tíma og það sé margt fólk, sem bíður eftir húsnæði þarna, þá lít ég svo á, að hitt sé enn þá mikilvægara, að reyna að koma á nýrri byggingartækni og lækka byggingarkostnað, því að það hefur stórkostlega framtíðarþýðingu fyrir allar íbúðarbyggingar í landinu. Og menn verða að átta sig á því, að þegar gert er svona samkomulag, ég vil segja samkomulag á nokkrum dögum, þar sem ákveðið er að byggja 1250 íbúðir í einu sveitarfélagi, borg, á næstu 5 árum, þá er ekki nokkur minnsti tími á einni viku eða nokkrum dögum til þess að kanna þetta mál til nokkurrar hlítar, hvort þetta sé í raun og veru hægt. Ég vil t. d. benda á það, að þegar á að fara að byggja svona stóra áfanga, þarf auðvitað í fyrsta lagi að skipuleggja byggingarsvæði. Það eru auðvitað til ónotuð landsvæði, sem eru ætluð undir byggingar og bíða eftir skipulagningu. Þessi svæði þarf að taka og skipuleggja. Þegar þessari skipulagsvinnu er lokið, þarf að undirbúa framkvæmdir, framkvæmdir, sem eru nauðsynlegar til þess að svæðið verði byggingarhæft, þ. e. a. s. undirbúa og planleggja og teikna og áætla framkvæmdir um vegalagningu, holræsalögn, vatnsleiðslu, rafmagn og annað þess háttar. Síðan, þegar búið er að gera slíka áætlun og bjóða þessi verk út til verktaka, þarf tíma og fjármagn til þess að ljúka verkefnunum. Og síðan þegar þessu er lokið, loksins þá er svæðið byggingarhæft, og það má telja það nokkurn veginn lágmarkstíma, að frá því að maður byrjar á ónumdu landi og þangað til hægt er að byggja fyrstu íbúðirnar, líði 2½ ár. Það eru þessir annmarkar, sem maður verður að taka með í reikninginn og sem gera það m. a. að verkum, að það var í raun og veru, ég vil segja næstum því útilokað frá upphafi að byggja þessar 1250 íbúðir á 5 árum.

Það var eitt af fyrstu verkum framkvæmdanefndarinnar að gera ríkisstj. grein fyrir því, að fyrir þessar fyrstu 250 íbúðir, sem var þarna áætlað að byggja á árinu 1966, væri ekkert byggingarsvæði tilbúið til byggingar, þó að n. hefði verið tilbúin að láta teikna þessar íbúðir, sem ekki heldur var, teikna þær og fá verktaka og annað slíkt, sem var nauðsynlegt. Þannig var aldrei raunhæfur grundvöllur fyrir hendi, enda vil ég undirstrika, að það var enginn tími til að kanna það á þeim stutta tíma, sem þetta samkomulag var gert, og ég tel, að n. hafi alveg stefnt í rétta átt með því að leggja þó enn þá meiri áherzlu á hitt atriðið, þ. e. nýja byggingartækni.

En ég vil svo aðeins að lokum benda á það, að hér í þessu samkomulagi er tekið skýrt fram, að samið verði við Atvinnuleysistryggingasjóð um lánveitingar út á þessar íbúðir, er komi til viðbótar lánum frá húsnæðismálastjórn, þannig að það er auðvitað alveg ljóst, að frá þessum tveimur stofnunum á meginhluti fjármagnsins að koma. Og menn mega heldur ekki gleyma því, þegar þessi mál eru rædd, að ef þessi byggingaráætlun, sem menn eru að tala um, að taki lánsfé frá fólki, væri ekki í framkvæmd, mundu allmiklu fleiri einstaklingar vera að byggja í dag, sem heimtuðu þá sín lán líka. Það, sem er langraunhæfasta aðferðin, þegar maður horfir lengra fram í tímann, til þess að reyna að fullnægja öllum umsóknum um lán og íbúðarbyggingar, er auðvitað að vinna að því af alvöru að gera stórt átak til þess að lækka byggingarkostnaðinn, og það er einmitt það, sem verið er að gera með þessari byggingaráætlun og sem ég hef vissulega trú á, að muni takast.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er nú ekki tími til mikilla umr. hér um þetta, enda verður það að bíða. Mér sýnist, að það, sem formaður framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, sá sem var nú að tala á undan mér sagði um þetta mál, staðfesti fyllilega það, sem ég sagði. Hann verður auðvitað að viðurkenna það, þó að hann segði það í ákveðnu formi, að samið hefði verið um byggingu á 1250 íbúðum á 5 árum og það yrði ekki staðið við það. Sannleikurinn var sá, að það var samið um að byggja 250 íbúðir á ári í næstu 5 ár, en ekki bara 1250 íbúðir á 5 árum, og það eru þegar liðin fullkomlega 2 árin og ekki flutt inn í neina íbúð. Menn hafa sennilega gert sér grein fyrir því, þegar þeir sömdu þetta, að það mundi bæði þurfa að teikna húsin, sem ætti að byggja — en það átti reyndar að gera á miklu ódýrari hátt en hjá öðrum — og gera annað af því, sem þessi hv. þm. minntist hér á. En sem sagt, þegar svona stendur á, er vitanlega alveg ómögulegt, að sá ráðh., sem hefur með þessi mál að gera, og líka reyndar formaður þeirrar framkvæmdanefndar, sem stendur að þessu, komi hér upp og segi, að við allt hafi verið staðið, því að það er auðvitað ekkert um það að villast, að það hefur ekki verið staðið við þetta. Og það, sem verst er, er það, eins og hér hefur verið upplýst, að ekki hefur verið útvegað fjármagn til þess að standa undir þessum framkvæmdum. Og það er í rauninni mjög alvarlegt, þegar formaður þessarar byggingaráætlunar talar um það, að það hafi ekki staðið á ríkisstj. í einu né neinu, þegar hann veit það, að hún hefur ekki enn þá útvegað neitt fjármagn til þess að standa að þessum framkvæmdum. Vitanlega hefur þetta allt saman eflaust gengið seinna vegna þess, að það hefur skort fjármagn. Og þeir, sem starfa að þessum málum, hafa ábyggilega gert sér grein fyrir því, að það er verið að taka hér fjármagn frá öðrum framkvæmdum, sem var búið að áætla áður í þessar framkvæmdir, taka frá þeim, sem búa við lakari lánakjör, og færa yfir til hinna, af því að það stendur á því, að ríkisstj. standi við sitt samkomulag. Það er mergurinn málsins. Þeir, sem búa við þau lánakjör, geta mest fengið 30% lán af byggingarkostnaði. Þeir fá sín lán ekki afgreidd, af því að það er tekið fé út úr hinu almenna veðlánakerfi til þess að standa undir framkvæmdum, sem á að veita 80% lán út á og sem ríkið hafði samið sérstaklega um byggingu á.

Ég vildi fyrir mitt leyti vekja athygli á þessu, og þetta sýnist mér, að hafi komið hér svo skýrt fram, að það verði ekki undan vikizt. Ég vil vænta þess, að hæstv. félmrh. reyni að leggja sig fram um það að kippa þessu í liðinn eins og hægt er. Það er útilokað, að við það verði unað áfram, að það verði tekið fé á þann hátt, sem gert hefur verið, úr hinu almenna veðlánakerfi til þess að standa undir þessum þörfu og ágætu framkvæmdum, sem nú fara fram í Breiðholti. Það væri að mismuna mönnum í landinu alveg herfilega, og það er líka brot á samkomulagi, sem gert var við verkalýðsfélögin á miðju ári 1965. Það mun ekki fást einn einasti maður, sem stóð að því samkomulagi, til þess að halda því fram, að gert hafi verið ráð fyrir því, að í sambandi við þær byggingar ætti að taka fé úr hinu almenna veðlánakerfi frá öðrum, sem það hafi verið ætlað, og það verði fært á þennan hátt til. Það er a. m. k. rétt þá, að það komi fram, ef það er meining ríkisstj. að standa þannig að málunum, að hún viðurkenni þá, að þetta sé hennar meining. En ég á erfitt með að trúa því, að ríkisstj. haldi því fram, því að þá ætlar hún að fara að túlka hér allt annan skilning á þessu samkomulagi en þeir hafa gert, sem að samkomulaginu stóðu. Ég sem sagt endurtek svo þá áskorun mína til ráðh., að hann reyni að leggja sig fram um það að kippa þessu í liðinn, útvega fjármagn til Breiðholtsframkvæmdanna, svo að hægt verði að standa við þau loforð, sem þar voru gefin, og til þess að hið almenna veðlánakerfi geti þá haldið þeim tekjustofnum, sem því voru ætlaðir, og þeir fengið lán úr því kerfi, sem þar áttu að fá lán.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Þar sem ég telst víst búinn með ræðutímann, skal ég hafa þetta aðeins örfá orð. En ég vildi aðeins segja það í tilefni af þeim umr., sem hér hafa orðið um þessi mál, að ég vil undirstrika það, sem ég sagði raunar áðan, að það er vitanlega hreinasta fjarstæða, að staðið hafi verið við júní-samkomulagið. Það hefur hvorki verið staðið við fjölda þeirra íbúða, sem byggðar hafa verið, né það að afla nýs fjármagns. Og meðan þetta tvennt, sem hlýtur að vera aðalatriðið í þessu máli, hefur verið framkvæmt eins og það er gert, er auðvitað hrein fjarstæða að tala um það, að það hafi verið staðið við samkomulagið.

En það, sem mig langaði til að koma hér á framfæri, var ein fsp. til hv. landsk. þm., Jóns Þorsteinssonar, formanns framkvæmdanefndar byggingarástlunar. Úr því að hann er farinn að taka þátt í þessum umr. og leggja áherzlu á það hlutverk n. að lækka byggingarkostnaðinn, þá langar mig til þess að heyra álit hans á því, hvernig það hafi tekizt. Hvernig er samanburður á kostnaðarverði þessara íbúða, sem verið er að byggja í Breiðholti, við þær íbúðir, sem t. d. byggingarsamvinnufélög hafa verið að reisa bæði hér í borginni og annars staðar? Það er fróðlegt að fá álit hans, að það komi hér fram. Það er vissulega verkefni n. að lækka bygingarkostnaðinn, og formaðurinn hlýtur að hafa gert þennan samanburð. Og sérstaklega langaði mig til þess að beina þeirri fsp. til hans, hvernig reynslan hafi orðið af einbýlishúsunum, sem flutt voru frá Danmörku, t. d. í samanburði við þau einbýlishús, sem hlutafélagið Iðja á Akureyri byggði fyrir kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn. Ég sé af svörum hæstv. ráðh., að í seinni hluta byggingarástlunarinnar er ekki gert ráð fyrir því, að byggð séu einbýlishús. Hvort það er nokkurt samband milli þess og þeirrar reynslu, sem n. hefur af innflutningi húsa frá Danmörku, skal ósagt látið, en væri gott að fá upplýst.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Mér er ljúft að reyna að svara þessum fsp. hv. 11. þm. Reykv. og þótt fleiri hefðu verið. En hann spurði, hvernig reynslan hefði verið af þessum timburhúsum, og vildi bera þau saman við timburhús, sem reist voru við Mývatn og framleidd af Iðju á Akureyri.

Þegar spurt er um reynslu, getur falizt mikið í því, og ég vil segja, að ef maður er að tala um reynslu af timburhúsum, fæst hún ekki fyrr en eftir nokkur ár, þ. e. a. s., hvernig endast þessi timburhús og hvernig líkar fólkinu að búa í þeim, hver er viðhaldskostnaðurinn o. s. frv. Þetta er spurning, sem að sjálfsögðu er ekki hægt að svara núna. Ef hann hins vegar á við kostnaðarverðið, var kostnaðarverð dönsku timburhúsanna lægra á fermetra heldur en húsanna fyrir norðan, en hins er að gæta, að þar sem dönsku húsin, sem byggð eru í Reykjavík, eru frá 105 og upp í 113 fermetra, en húsin fyrir norðan eru, held ég, 85 fermetrar, er það að sjálfsögðu eðlilegt, að kostnaður á fermetra sé dýrari í minna húsi, þannig að ég vildi segja, að þetta væri nokkuð sambærilegt. Auðvitað er hægt við annað tækifæri að ræða þessi mál betur. Ég vil alveg taka skýrt fram, að það var í samkomulaginu við verkalýðshreyfinguna, að n. var falið það hlutverk beinlínis að flytja inn timburhús. Það var ekki fyrir það, að hún hefði sjálf sérstaklega trú á því, að með þessu væri hægt að leysa einhvern þátt byggingarmálanna hér. Það, sem gerir verð timburhúsanna hér fyrst og fremst óhagstætt, er það, að grunnarnir eru svo dýrir og náttúrlega miklu dýrari en við Mývatn. Hér verður t. d. að borga 110 þús. kr. í gjöld til Reykjavíkurborgar, gatnagerðargjöld, holræsagjöld, heimtaugagjöld og allt slíkt. Þetta þarf ekki að borga við Mývatn að sjálfsögðu. Hér þarf að gera heimreiðar að húsunum, bílastæði og ýmislegt, sem krafizt er, og grunnarnir verða einnig mjög dýrir, en ef maður talar bara um húsin sjálf sem sambærileg, mundi ég segja, að verðið væri svipað og jafnvel heldur ódýrara á þessum dönsku húsum. Um gæðamismun hins vegar treysti ég mér ekki til þess að segja.

Þá var þessi hv. þm. einnig að spyrja um,

hvernig þessi samanburður væri við hús, sem væru byggð annars staðar af öðrum aðilum. Það er nú svo, því miður, að það er ákaflega erfitt að fá raunhæft kostnaðarverð upp hjá öðrum aðilum. Hins vegar vil ég benda á og undirstrika það, að í Breiðholtinu, þar sem framkvæmdanefndin er að byggja sex fjölbýlishús, eru á sama tíma aðrir byggingaraðilar að byggja átta fjölbýlishús alveg af sömu lögun og svipaðri gerð á sama tíma. Þarna eru byggingarsamvinnufélög, þarna eru einstaklingar og ýmsir aðilar, sem eru að þessu, og ég álít, að þegar allir eru búnir að reisa sín fjölbýlishús þarna í Breiðholtinu, sé einmitt sérstakt tækifæri til þess að gera ýtarlegan samanburð. En þá þarf auðvitað að reyna að fá sem nákvæmastar upplýsingar hjá þeim aðilum öðrum, sem eru að byggja. Ekki mun standa á framkvæmdanefndinni að gefa nákvæmar upplýsingar um allan kostnað, sem þar verður. Hinu er ekki að leyna, að það er farið að auglýsa íbúðir í Breiðholti hjá þeim, sem eru að byggja við hliðina á framkvæmdanefndinni, þó að þessi hús séu kannske fokheld eða ekki nema teiknuð. Það er farið að auglýsa hjá sumum, og ég vil segja það, að miðað við það verð, sem þar er gefið upp, er framkvæmdanefndin ákaflega vel samkeppnisfær. En þarna verður að spyrja að leikslokum.

Hitt vil ég svo enn undirstrika, að vegna þeirrar lögunar, sem þarna er á blokkunum, eru þær ákaflega óhagstæðar fyrir nýja byggingaraðferð. Það var bara ekki um neinar aðrar blokkir að ræða til þess að skila verulegu magni íbúða en þessar, og þess vegna reiknar framkvæmdanefndin með mun betri árangri á því svæði, sem hún fær að skipuleggja sjálf. Það vil ég undirstrika. Þetta eru tilraunabyggingar.

En þá vil ég að lokum aðeins koma inn á það, sem hv. 4. þm. Austf. sagði hér, að það hefði ekki verið staðið við það að byggja 250 íbúðir á ári. Ég vil enn á ný undirstrika, að ef þarna er um sök að ræða, er sú sök ekki hjá ríkisstj. Það hefur ekki staðið á fjármagni frá ríkisstj. til þessara framkvæmda, og ég hef enga ástæðu til þess að ætla, að það verði í framtíðinni. Það getur að vísu enginn okkar fullyrt í dag, en ég hef enga ástæðu til að ætla það af fenginni reynslu, þannig að ef um sök væri að ræða, væri þessi sök hjá framkvæmdanefndinni, en ekki neinum öðrum. Markið var að byggja 1250 íbúðir á 5 árum eða 250 íbúðir á ári. En ef við segjum nú svo, eins og þessi hv. þm., að þetta séu svik hjá ríkisstj., hún hafi svikið þetta samkomulag við verkalýðshreyfinguna, væri þá ekki miklu eðlilegra, að það væri verkalýðshreyfingin sjálf og hennar fulltrúar, er stóðu að þessu samkomulagi, sem kæmu til ríkisstj. og segðu: Herrar mínir. Þið hafið svikið þetta, sem þið lofuðuð okkur. Væri ekki eðlilegt, að það kæmu fulltrúar frá verkalýðshreyfingunni til ríkisstj. og ásökuðu hana um þetta og bæðu um leiðréttingu, en ekki hv. 4. þm. Austf. og 11. þm. Reykv.? En þetta hefur verkalýðshreyfingin ekki gert. Hún á fulltrúa í þessari framkvæmdanefnd, og hún skilur vel rökin fyrir því, að það er ekki hægt að ljúka að fullu 1250 íbúðum fyrir árið 1970.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mér þykir það afar einkennileg kenning hjá hv. 3. landsk. þm., að ríkisstj. hafi staðið við alla hluti í sambandi við þann samning, sem hún gerði við verkalýðshreyfinguna 1965. (**JÞ:** Ég sagði það ekki. Ég sagði bara ...) Var það aðeins um byggingartímann? (**JÞ:** Já, það var hann.) Nei, en það var annað atriði, sem er nátengt því. Það er útvegun á fjármagni til þessara framkvæmda. Það liggur í hlutarins eðli, að þegar ríkisstj. heitir því í samningum við verkalýðshreyfinguna að ráðast í framkvæmdir af þessu tagi, er hún að heita því einnig að útvega það fjármagn, sem til þess þarf. Því miður voru ákveðnar skuldbindingar um það atriði ekki bundnar í samningum, en reynslan sannar það ákaflega ótvírætt, að það er ekki hægt að reiða sig á almennar skuldbindingar hæstv. ríkisstj., nema gengið sé frá öllum framkvæmdaatriðum í samningum. Hæstv. ríkisstj. hefur sem kunnugt er ekki útvegað neitt fé til þessara framkvæmda. Þar hafa komið til lán úr Atvinnuleysistryggingasjóði, en að öðru leyti hefur þessu verkefni verið velt yfir á Byggingarsjóð ríkisins. Og mér er kunnugt um það, að á þessu ári, 1968, hefur stjórn þess sjóðs tekið frá helminginn af tekjum sjóðsins á þessu ári til Breiðholtsframkvæmdanna, þannig að aðeins helmingnum af tekjunum verður varið til hinna venjulegu og lögbundnu athafna þessa sjóðs. Og þetta eru ákaflega alvarleg tíðindi fyrir þúsundir fjölskyldna í landinu.

Ég efast um, að þær tölur, sem hæstv. félmrh. birti hér í upphafi um fjölda óafgreiddra umsókna, séu fyllilega í samræmi við veruleikann. Ég kynnti mér þessi mál nokkuð skömmu fyrir jól og fékk þá vitneskju hjá mönnum, sem gjörla mega vita, að óafgreiddar umsóknir væru nánast 2000 talsins. Mér virtust þær tölur, sem hæstv. ráðh. var hér með, aðeins vera um nýjar umsóknir, ekki um framhaldsumsóknir, og þar getur náttúrlega skeikað ákaflega miklu. Og mér virðist eftir þeim fregnum, sem ég fékk, að það væri hreinlega ófyrirsjáanlegt, hvenær hægt væri að afgreiða þær umsóknir, sem sendar höfðu verið í fullu samræmi við lög og skuldbindingar sjóðsins.

Mér þykir það ákaflega óskyggilegt, að hæstv. ráðh. skuli tala af svona miklu jafnaðargeði um vandamálin í byggingarmálum, einmitt vegna þess, að nú er nýbúið að framkvæma mjög stórfellda gengislækkun, og það er fyrir því löng reynsla, hver áhrif gengislækkanir hafa á byggingarframkvæmdir. 1960 og 1961 fækkaði íbúðarhúsabyggingum hér í Reykjavík um næstum því helming, og það er mikil hætta á því, að hliðstæð þróun verði núna, ef hæstv. ríkisstj. gerir sér ekki grein fyrir því, að hún verður að afla mjög aukinna fjármuna til þessara framkvæmda. Og þar er raunar ekki aðeins um að ræða ástand-

ið í byggingarmálum. Við vitum það allir, að nú er mjög alvarlegt ástand í atvinnumálum einnig. Vinna við húsbyggingar hefur verið mjög veigamikill þáttur í atvinnu hér í höfuðborginni. Nú eru skráðir atvinnuleysingjar hér á 6. hundrað, og skráðir atvinnuleysingjar um allt land eru komnir á 2. þús. Hæstv. ríkisstj. hefur sagt, að hún hafi fullan hug á því að leysa þessi vandkvæði, en ég er hræddur um, að hún geri það ekki, nema hún hugi m. a. að vandamálum þeim, sem tengd eru íbúðarhúsabyggingum. Þess vegna urðu mér svör ráðh. næsta mikil vonbrigði. Ég þykist hafa ástæðu til að ætla, að hann hafi persónulega fullan hug á því að láta gott af sér leiða í þessum málum, en ég gat ekki heyrt þess nokkur merki í ræðu hans, að hann hefði verið með nokkra kröfugerð umfram það, sem samkomulag hefði fengizt um innan ríkisstj.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja mikið þessar umr., sem þegar eru orðnar alllangar, en kemst þó ekki hjá því að víkja örlítið að örfáum atriðum í umr., sem þegar hafa átt sér stað, frá því að ég talaði hér síðast.

Ég vil í upphafi taka það skýrt fram í sambandi við hálfgerðar aðdróttanir hv. 6. þm. Reykv. um, að ég hafi ekki farið hér með réttar tölur, að þessar tölur eru fengnar hjá skrifstofu húsnæðismálastjórnar og voru fyrir þá lesnar aftur, eftir að vélrituð höfðu verið þau svör, sem ég las áðan hér upp, án þess að nokkrar aths. kæmu frá þeim.

Varðandi það, að ekki hafi verið staðið við hraðann í byggingarframkvæmdunum í Breiðholti, þarf ég heldur ekki að eyða orðum að. Þar hefur hv. 3. landsk. þm. gert þeim hlutum skil þvert ofan í fullyrðingar annarra ræðumanna um, að ríkisstj. hefði látið standa á fé. Það væru m. ö. o. svik af hendi ríkisstj. Það er eigi að síður staðreynd, að ríkisstj. hefur staðið við allar sínar skuldbindingar í sambandi við þessar framkvæmdir.

Varðandi svikin, sem hv. 4. þm. Austf. talaði um í sambandi við aukna lánsfjárútvegun, vil ég í fyrsta lagi minna á það, að hér var í upphafi ekki um að ræða eiginlega samninga varðandi húsnæðismálin milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj. Ég hafði þá ekki tekið við þessu núv. starfi mínu, en ég átti hins vegar þátt í þeim viðræðum, sem um þetta fóru fram, og fyrirkomulagið, sem á þessu var haft, var einhliða yfirlýsing ríkisstj., sem verkalýðshreyfingin hins vegar lýsti yfir, að hún mæti nokkurs og mikils í þeim kjarasamningum, sem hún stóð í. Þannig bar þetta að. Þetta er e. t. v. meira formsatriði, en það er rétt, að þetta komi fram, því að menn tala yfirleitt alltaf um þetta sem samningagerð, og mig minnir meira að segja, að það hafi verið ósk verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar, að þessi þáttur yrði á hafður.

Aðalverkefnið í þessum viðræðum var hins vegar það, hvernig tryggja mætti ákveðna lágmarkstölu almennra lána, þó að út í slíkar framkvæmdir yrði langt, eins og nú er orðin staðreynd með Breiðholtsframkvæmdunum. Og það var okkar allra mat í þessum viðræðum, að það yrði að tryggja a. m. k. 750 full lán á ári með ákveðinni stigahækkun eftir vísitölu, sem fylgdi verðlagi, en hún var þá einnig sett í lög að loknu þessu samkomulagi, og það fé, sem þar yrði umfram, yrði hins vegar notað í hinar almennu framkvæmdir. Það var sett sem skilyrði af hálfu þeirra fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar, sem utan af landsbyggðinni voru, að þetta yrði ekki einskorðað við Reykjavík, heldur yrði opið fyrir framhaldandi framkvæmdir strax eftir að einhver reynsla væri fengin í Reykjavík. Og þetta var enn fremur sett inn í l.

Það eina í þessum áætlunum öllum, sem gerðar voru á árunum 1964 og 1965, sem hefur brugðizt, er þátttaka lífeyrissjóðanna í hinum almennu lánveitingum. Við gerðum þar ráð fyrir, að lífeyrissjóðirnir tækju að sér ákveðinn lánafjölda á ári með því að mynda sjálfir sitt eigið sameiginlega kerfi. En þeir vildu ekki sætta sig við það og vildu reka áfram starfsemi sína hver í sínu lagi og án þess að bindast neinni sérstakri einni lánastofnun, hvorki húsnæðismálastofnun eða annarri stofnun, jafnvel þótt þeir ættu að mynda hana sjálfir. Þetta er eina atriðið, sem hefur brugðizt í þessum áætlunum. Við aðra hluta hefur verið staðið.

Ég skal hins vegar fúslega taka undir þær frómu óskir, sem fram hafa komið í þessum umræðum, að ég vildi og á þá ósk heitasta í þessum efnum, að hægt væri að ná því marki aftur að eyða þeim biðröðum, sem skapazt hafa á hinum almenna lánamarkaði húsnæðismálastjórnar, og ég þakka það traust, sem hv. 4. þm. Austf. lýsti yfir í minn garð um þá hluti, og ég efast ekki um, að ég fái liðveizlu hans í þeim efnum. En það er auðvitað það æskilegasta ástand, sem getur ríkt í þeim efnum, að hægt sé að fullnægja öllum.

Þó að hv. þm. Ingvar Gíslason kunni því illa, að gerður sé samanburður á milli ára í starfsemi húsnæðismálastofnunarinnar, eins og gert er yfirleitt um alla starfsemi í landinu, verða staðreyndir í þessum efnum að tala. Það er staðreynd, að margir þeirra manna, sem í dag tala hæst um þennan vanda, þögðu þunnu hljóði, þegar þessi vandi var miklu meiri. Það er talað um það hér af miklum meðaumkunarhita, að óvissan sé það allra versta í þessum efnum. Þetta er alveg hárrétt. Óvissan er það allra versta í þessum efnum. En ég spyr: Hefur þessi óvissa aukizt á síðari starfsárum húsnæðismálastjórnar frá því, sem hún var áður? Vitanlega dettur engum hv. þm. í hug að halda því fram. Úr þessari óvissu hefur dregið. Hún hefur ekki aukizt.

Ég skal að öðru leyti ekki eltast við einstök atriði. Það er óheppilegt að ræða jafnviðamikið mál og hér er um að ræða í fsp.-tíma, en til þess gefast e. t. v. tækifæri síðar að ræða það í einstökum atriðum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það var aðeins til að undirstrika þessi meginatriði, sem eru að skýrast í umr., sem eru mjög þýðingarmiklar, og sérstaklega þetta, að peningar hafa verið teknir í Breiðholtsáætlunina að mestu leyti af lánasjóðum íbúðalánakerfisins, í stað þess, að því var yfir lýst, að það fé ætti að koma aukalega. Hv. þm., formaður n., sem fjallar um framkvæmdina, sagði hér áðan, að það hefði ekki staðið á peningum frá ríkisstj. í sambandi við framkvæmdir í Breiðholtinu. Þetta getum við skilið, þegar þess er gætt, að nefndinni hefur verið vísað í íbúðalánasjóðinn, að taka fé þaðan og aðrir þá fengið þeim mun minna.

Nú skilst mér vera svo komið, eftir því sem upplýst var áðan af hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, að helmingurinn af öllum tekjum íbúðalánasjóðsins á þessu ári sé tekinn frá vegna Breiðholtsframkvæmdanna. Þetta eru ekki smávægilegar upplýsingar, og þessu var ekki mótmælt af hæstv. ráðh., sem talaði þó hér á eftir, og sýnir þetta, hversu alvarlega komið er. Þetta mega nánast klækir kallast, þegar þess er gætt, hvað uppi var haft, þegar lagt var inn á þá braut að byggja í Breiðholtinu samkvæmt hinni nýju áætlun, sem út af fyrir sig var mjög lofsverð framkvæmd og allir fögnuðu í þeirri von, að þar væri um viðbótarátak að ræða í húsnæðismálum.

Ég minntist dálítið á það áðan, að það væri annað hljóð nú í strokknum en var í fyrravetur. Mér finnst vera skynsamlegt að rifja það upp og engin ástæða til þess að láta það gleymast, því að þá var það básúnað mjög, að íbúðalánakerfið væri orðið nánast vélvirkt og væri í fyrsta skipti hægt að sinna öllum umsóknum, sem fyrir lægju. En nú er ástandið eftir örstuttan tíma orðið svona, að þeir, sem sóttu fyrir 15. marz í fyrra, geta í fyrsta lagi búizt við að fá eitthvað út á umsóknirnar í sept. í haust, en aðrir enn síðar, að því er manni skilst.

Þetta minnir mig líka á, til þess að menn fái nokkra mynd af því, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur unnið í þessum málum, að ég á nú sæti í stjórn byggingarsjóðs verkamanna, og þar er hæstv. ráðh. félagsmála formaður. Þar var nokkuð svipaður háttur á hafður. Rétt fyrir kosningarnar var sett út allmikið af loforðum um lán úr byggingarsjóði verkamanna, þannig að flest byggðarlög fengju einhver lánsfyrirheit. En yfirleitt hefur ekki verið hægt að standa við neitt af því, sem þá var lofað, allt gersamlega í molum og ekki staðizt þær áætlanir, sem þá voru gerðar.

Þetta eru sorglega ófullnægjandi vinnubrögð og satt að segja mjög ámælisverð og sama eðlis og það, sem gert var í sambandi við íbúðalánakerfið. Það er þetta að sýnast á réttum tíma, en bregðast síðan, þegar kemur til framkvæmdanna og menn eru búnir að fá umboðið, sem þeir sækjast eftir. Þetta á ekki að vera siðaðra manna háttur, sannast að segja, og er auðvitað stórkostlega ámælisvert. Og þetta á ekki að þegja um, heldur ræða um, segja frá þessu, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, þeim sem hlut eiga að máli. Ég hygg, að það hafi miklu meiri þýðingu að ræða um þetta og upplýsa þetta en að ræða um hitt, hvað gerðist fyrir 12 árum eða svo í þessu sambandi, enda er það ekkert sambærilegt, því að þá var verið að byrja á því að fitja upp íbúðalánakerfið, og er ekki von á því, að það sé á nokkurn hátt hægt að bera það saman við það, sem ætti að vera, ég segi ætti að vera nú eftir 11 ára uppbyggingu.

Því miður er kerfið nú eins og stendur sprungið, og það er ekki hægt að koma því saman aftur með öðru en því að ganga í að útvega stóraukið fjármagn inn í kerfið og m. a. skila því fjármagni aftur inn í það, sem tekið hefur verið óleyfilega í byggingaráætlunina.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða um samkomulagið milli ríkisstj. og verkalýðsfélaganna og hvort það samkomulag hafi verið haldið eða ekki, heldur um íslenzka löggjöf og framkvæmd hennar, að svo miklu leyti sem það er hægt á örfáum mínútum.

Í gildi eru l. um íbúðalán og um öflun fjármagns til íbúðalána, og sú löggjöf á að vera fyrir alla landsmenn. Í 7. gr. reglugerðar frá 21. sept. 1965 segir svo um það, hvernig þessu fé skuli úthlutað, að því skuli úthlutað til íbúðalána milli hinna ýmsu kaupstaða, kauptúna og annarra þeirra staða, þar sem íbúðarhús eru byggð á útmældum lóðum, að einum þriðja í hlutfalli við íbúatölu hlutaðeigandi staðar og tveim þriðju hlutum eftir tölu fullgildra lánsumsókna byggðarlagsins.

Að sjálfsögðu gera menn ráð fyrir því um land allt, að fjármagni íbúðalánasjóðs sé úthlutað eftir þessum reglum, þar sem þær hafa verið gerðar kunnar. Nú kemur það hins vegar fram í þessum umræðum, að það hefur verið hafður sá háttur á, að það er stofnað til mikilla framkvæmda, byggingar tólf til þrettán hundruð íbúða, að því er sagt er, á einum stað í landinu og til þessarar framkvæmdar, sem að vísu er ekki nema að nokkru leyti hafin, þá er búið að taka, ef ég skil rétt það, sem hæstv. ráðh. sagði, 100 millj. kr. úr íbúðalánasjóði, þessum sameiginlega lánasjóði alls landsins. Ég vil aðeins beina því til hæstv. ráðh., hvort honum finnist þetta ekki dálítið vafasamt réttlæti, sem hann með þessum hætti stendur fyrir að framkvæma, vitandi eða óafvitandi, viljandi eða óviljandi, að taka af þessu sameiginlega fé slíkar upphæðir til framkvæmda á einum stað og láta það koma niður á öðrum, þannig að þeir fái ekki lán eða fái þeim mun lægri lán. Ég veit ekki og hef ekki séð neitt yfirlit um það, hvernig ástatt er um framkvæmd þessarar greinar reglugerðarinnar í landinu í heild. En mér er kunnugt um það á einstökum stöðum, að þar hefur ríkt mjög mikil óánægja út af lánaúthlutuninni og því hefur verið haldið fram, að þeir staðir, sem þar er um að ræða, væru

stórlega afskiptir. Nú vil ég ekki fullyrða um það, en vera má, að það stafi af því, að menn telji, að þessi mikla framkvæmd, Breiðholtsáætlunin, komi fram sem mismunun á milli staða, enda virðist svo vera.

Nú ætla ég ekki að hafa um þetta fleiri orð, heldur aðeins vekja athygli á þessu einkennilega ástandi, sem er á úthlutun húsnæðislánafjárins, sem af þessu hefur skapazt, og ég ætla að láta það alveg ósagt, hverjir eiga sök á því, að þetta ástand hefur skapazt. Þetta er ekkert réttlæti. En af því að hæstv. ráðh. var að segja það áðan, að honum væri ljúft að veita meiri upplýsingar en beðið hefði verið um í fsp., sem fyrir liggur, þá hefði ég viljað mælast til þess við hann, að hann léti þinginu í té annaðhvort núna eða síðar yfirlit um úthlutun húsnæðislánafjármagnsins, t. d. á árunum 1966 og 1967, eftir stöðum, þannig að það komi fram, hvernig framkvæmd hafi verið ákvæði 7. gr. reglugerðarinnar frá 21. sept. 1965. Og vil ég svo bara enn einu sinni vekja athygli á þessu ástandi, sem þarna hefur skapazt og nokkuð hefur verið lýst í umræðunum og sem ég held, að menn ættu að geta orðið sammála um, hvað sem öðru líður, að ekki sé rétt eða eðlileg framkvæmd þeirrar löggjafar fyrir landið allt, sem sett hefur verið, og ekki heldur þeirrar reglugerðar, sem í gildi er í sambandi við þá löggjöf.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þessar umr. almennt, en aðeins víkja að einu atriði, sem kom fram hjá hæstv. félmrh.

Félmrh. hélt því fram, að aðstaða manna til að koma sér upp íbúðum, eignast sitt eigið húsnæði, hefði verið miklu lakari á vinstristjórnartímunum en hún væri nú. Það er náttúrlega að ýmsu leyti erfitt að gera samanburð á þessu. En þó hygg ég, að með einu móti megi gera það nokkuð örugglega, og það er að bera saman tölu fullgerðra íbúða á hvoru tímabilinu um sig. Og svo vill til, að hér í tölfræðihandbókinni, sem þm. fengu fyrir nokkru síðan, eru upplýsingar um þetta hvað snertir kjördæmi okkar hæstv. ráðh., Reykjavík. Þar segir, að á árinu 1957 hafi tala fullgerðra íbúða í Reykjavík verið 935 og árið 1958 865, eða á þeim tveimur árum, sem vinstri stjórnin fór með völd, hafi til jafnaðar verið fullgerð 900 íbúðum í Reykjavík.

En hvernig hefur ástandið verið síðan? Hefur þessi tala ekki stórkostlega hækkað, vegna þess að nú sé miklu betur búið að húsbyggjendum heldur en áður var? Ja, hvað segir tölfræðihandbókin um það? Þær tölur, sem eru í henni um þetta atriði, hljóða á þessa leið: Árið 1960, þá nam tala fullgerðra íbúða í Reykjavík 642, árið 1961 541, árið 1962 598, árið 1963 665 og árið 1964 574. Lengra ná þessar tölur ekki, og mér sýnist af þessu, að á þessum 5 viðreisnarárum hafi tala fullgerðra íbúða í Reykjavík verið kringum rúmlega 600 á ári eða um 300 færri árlega en var á vinstristjórnarárunum.

Ég hygg, að þessi tala sé alveg glöggur mælikvarði á það, á hvorum tímunum hafi verið auðveldara að koma upp íbúðum hér í Reykjavík. Það má vel vera, að lán húsnæðismálastjórnar hafi verið eitthvað hærri á síðara tímabilinu en á hinu fyrra. En það er ekki eingildur mælikvarði í þessum efnum. Það verður einnig að taka það til greina, hvaða möguleika menn hafa til að afla sér lánsfjár utan við húsnæðislánakerfið. Og það er bersýnilegt á þessum tölum, að það hefur verið miklu betra á fyrra tímabilinu en á því síðara. Til þess liggur alveg augljós ástæða, því að síðan núv. ríkisstj. kom til valda, hafa helgreipar Seðlabankans meira og minna tekið sparifé úr lánastofnunum og bundið það á fastan reikning. Áður fyrr gátu sparisjóðir og viðskiptabankar og ýmsar stofnanir aðrar greitt fyrir mönnum til að koma upp sínu eigin húsnæði. Síðan þessar reglur Seðlabankans komu til sögunnar, þá má heita, að þetta sé sama og útilokað, og það er þetta, sem gerir gæfumuninn í þessum efnum. Ég fullyrði þess vegna alveg hiklaust og byggi það á þessum tölum, sem ég hef lesið upp úr tölfræðihandbókinni, að það hafi verið miklu auðveldara fyrir menn að koma sér upp sínu eigin húsnæði á fyrra tímabilinu heldur en nú er.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég held, að þessi fsp. okkar þremenninganna hafi verið gagnleg og þær umr., sem fram hafa farið, nauðsynlegar og skýrt nokkuð málið.

Hæstv. ráðh. virtist kunna því illa, hvað ég lagði mikla áherzlu á það, að þunglega horfði um þessi mál, í þeim fáu orðum, sem ég sagði hérna áðan. Hann vildi bera saman við fyrri tíma, meðan húsnæðislánakerfið var enn í mótun. Það er að sjálfsögðu engin ástæða til þess að skorast undan slíkum samanburði, enda sé þá tekið tillit til aðstæðna. Framsóknarmenn þurfa ekki neitt að hika við það, en það er bara enginn tími til þess að fara í slíkan samanburð í fyrirspurnatíma.

Það er orðin nokkuð glögg mynd og þó í fáum dráttum af ástandi þessara mála, sem hér hefur komið fram nú. Það var strax upplýst í fyrstu ræðu ráðh., hve gífurleg bið það er, sem blasir við þeim, sem nú eru að byggja. Þeir, sem höfðu allt tilbúið til lántöku á s. l. sumri miðju, þeir hafa von um byrjunarlán í sept. á þessu ári. Hæstv. ráðh. sagði, að það þyrfti að bíða í mörgum lánakerfum. Það þykir nú ekki allt í sóma hjá okkur í lánamálum landbúnaðarins. En svona afgreiðslu þekkjum við varla í því kerfi. Og svo sagði hæstv. ráðh., að þeir, sem ekki hefðu sótt um fyrr en eftir 15. marz s. l., um þeirra mál væri ekkert að segja!

Það hefur líka komið hér fram, svo ekki verður um villzt, að Breiðholtsframkvæmdirnar, sem auðvitað eru mjög gagnlegar á sínum stað, að þær hafa orðið baggi á hinu almenna íbúðalánakerfi, gagnstætt því, sem þær áttu

að vera samkv. júní-samkomulaginu. Og þetta er vegna þess, að það hefur ekki verið staðið við fjárútveganir annars staðar frá. Og það leikur sterkur grunur á því, að einnig í sambandi við Breiðholtsmálið alveg sérstaklega og úthlutun til einstakra bygginga þar, hafi lög verið brotin, þannig að það hafi verið lánað út á íbúðir þar fyrr en þær voru lánshæfar skv. ákvæðum l. Það leikur sterkur grunur á þessu.

Það hefur verið upplýst hér, að það hefur ekki verið staðið við júní-samkomulagið í ýmsum greinum, m. a. um byggingu ákveðins fjölda sérstakra íbúða, sem þá var samið um. Og það er vitanlega brot á júní-samkomulaginu að láta *visitölubindingu húsnæðislána* haldast, eftir að allur grundvöllur er undan því atriði fallinn, eins og allir sjá, að nú er orðið. Ætti ekki að þurfa miklar vangaveltur til þess að komast að niðurstöðu um að afnema það ákvæði, eins og málum er nú komið.

Mér skildist á hæstv. ráðh. áðan, að óvissan færi sífellt minnkandi hjá húsbyggjendum, að hún hafi aldrei verið minni en í dag. Þetta er hraustlega mælt. Ég vil aftur á móti undirstrika það gagnstæða. Óvissan í þessum málum nú er alveg geigvænleg. Og það hefur ekkert komið fram í þessum umr., engar minnstu upplýsingar um það, að ríkisstj. hafi ný áform á prjónunum um auknar fjárútveganir. Það er þó vissulega tvöföld ástæða til slíkra aðgerða nú, eftir að gengið hefur verið lækkað. Annars vegar sú, að þá hækkar byggingarkostnaður stórkostlega og hagur húsbyggjenda þrengist af þeim sökum. Hin er sú, að atvinnuleysi hefur þegar gert vart við sig, og af þeirri ástæðu væri einnig mikil ástæða til þess að vinna að nýrri og aukinni fjáröflun í íbúðalánakerfið, til þess að koma í veg fyrir stórfelldan samdrátt í byggingariðnaði. Svo er það auðvitað almennt talað brýn nauðsyn að halda íbúðalánakerfinu gangandi, að reka þá lánastarfsemi á eðlilegan hátt, en því fer fjarri, að það sé gert nú.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Austf. sagði hér áðan: Því var yfir lýst, að þessir peningar, þ. e. a. s. það, sem þyrfti að nota til byggingarframkvæmdaáætlunarinnar, ættu að koma annars staðar frá. Ég vil gjarnan óska eftir því varðandi framhaldsumr. um málið, að hv. þm. finni orðum sínum stað og skýri frá því, hvar þessi yfirlýsing er niður komin og hver hafi gefið hana. Það er mjög æskilegt upp á framhaldsumr. um málið.

Varðandi það atriði, að þessar byggingarframkvæmdir í Breiðholti hafi leitt til þess, að menn fengju lægri lán, eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði, þá er það algjör misskilningur. Lánaupphæðin er bundin í l. og bundin ákveðin árleg hækkun samkv. ákveðinni viðmiðun. Ég geri hins vegar ráð fyrir því, vil leggja þetta þannig út, að færri almenn lán hafi verið veitt, það sé hugmynd þm. Ég vil enn fremur undirstrika það, sem ég sagði áður og kom fram í ræðu hans, að ég er reiðubúinn til að gefa allar frekari upplýsingar um, hvernig hinar almennu lánveitingar hafa átt sér stað, eftir öllum mögulegum leikum og nota alla möguleika, sem í því efni gefast, til að láta allan þingheim vita það sanna og rétta í þeim málum, eins og ég tel mig hafa gert í þeim svörum, sem ég gaf upphaflega í þessum umr. við fyrirspurnum hv. fyrirspyrjenda. Þær eru frá hlutaðeigandi aðilum komnar, en ekki tilbúnar af mér.

Varðandi skiptinguna á milli byggðarlaga, sem hv. þm. minnti á, þá reyndi um skeið ekki á það, að til þess þyrfti að koma, meðan hægt var í *brennum lánveitingum* að fullnægja öllum fyrirliggjandi lánsumsóknum. Og um þá skiptingu gilda ákveðnar reglur, og efa ég það ekki, að sú stjórn, sem skipuð er fulltrúum allra flokka, húsnæðismálastjórn, sjái um löglega framkvæmd þessara hluta. Ég hef enga ástæðu til þess. Ég þekki þá menn alla, sem þar starfa, að samvizkusemi um það að fylgja lögum og reglum í þessu efni, og ég vil ekki láta því ómótmælt, að þeir brjóti þær reglur, sem þar eru fyrir þá lagðar.

Varðandi fullyrðingar hv. 4. þm. Reykv. um það, að hagstofutölurnar sýndu, að byggingareða íbúðaframkvæmdir í Reykjavík væru minni nú í tíð hæstv. núv. ríkisstj. en í tíð hæstv. vinstri stjórnar, þá segja þær tölur ekkert um það, hvort lán húsnæðismálastjórnar í þeim heildartölum, sem þar eru, hafi verið fleiri eða færri á þessum árum. Það er algjör blekking að halda því fram, að þátttaka húsnæðismálastjórnar hafi verið minni samkv. þessum tölum en á árunum á undan. Það er vísvitandi verið að blekkja menn með slíkum fullyrðingum. Húsnæðismálastjórn eða ríkisstj. á hverjum tíma verður hins vegar ekki sökuð um það, hvort aðrar lánastofnanir, sem ekki heyra undir hennar stjórn, hvort geta þeirra til íbúðabyggingalána eða eins og annars sé minni á þessum tíma eða öðrum.

Ég tel, eins og ég sagði áðan, að þessar umr. hafi verið mjög gagnlegar, og ég tek undir það með fyrirspyrjendum, að það hafi verið þörf á því að hreyfa þessum málum hér, og e. t. v. gefst síðar betri aðstaða til að ræða þessi mjög svo umfangsmiklu mál en gert er í fyrirspurnatíma á Alþ., þó að við höfum nú notað nánast allan fundartímann.

11. Gengishagnaður.

Á deildafundum 23. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til viðskmrh. um gengishagnað [96. mál] (A. 222).

Á 28. fundi í Sþ., 24. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja hér fsp. fyrir hæstv. viðskmrh. um það, hve miklu nemi gengishagnaður Seðlabankans og bankakerfisins af gengislækkuninni, sem fram fór 24. nóv. s. l. Ég tel, að hér sé um almennar og mjög þýðingarmiklar upplýsingar að ræða, sem ættu að liggja fyrir, ekki aðeins öllum alþm., heldur öllum almenningi, og í rauninni hefðu þessar upplýsingar þegar átt að vera komnar fram, en ég vænti þess, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að gefa þessar upplýsingar hér á Alþ.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þegar gengi íslenzkrar krónu var breytt í nóv. s. l. og gengi alls erlends gjaldeyris hækkaði í kjölfar þess eða um leið, þurfti að sjálfsögðu að endurmeta nettógjaldeyriseign bankakerfisins erlendis. Þetta var gert, og hækkaði verðmæti gjaldeyrissjóðsins erlendis í íslenzkum krónur reiknað um 236.5 millj. kr. Þegar gengi íslenzku krónunnar var breytt næst þar á undan eða 1961, átti þjóðin einnig nokkurn gjaldeyrisvarasjóð og þó ekki nema lítinn hluta þess, sem hún átti í nóv. s. l., en þá hækkaði gengi þess sjóðs, þá hækkaði krónutala þess sjóðs um 6.5 millj. kr. Þegar gengisbreytingin 1960 var gerð, skuldaði landið, skulduðu Íslendingar, skuldaði bankakerfið hins vegar erlendis verulega upphæð. Við það endurmat skuldanna, sem þá fór fram, versnaði þess vegna staðan gagnvart útlöndum um 190.4 millj. kr. Skuldin hækkaði í íslenzkum kr. um 190.4 millj. kr. Allar þessar breytingar á krónutölu erlendra eigna og erlendra skulda hafa verið færðar á einn reikning í Seðlabankanum. Hækkun erlendu skuldanna 1960 um 190.4 millj. kr. hefur síðan smám saman verið lækkuð á undanförnum árum, þannig að í nóv. s. l. voru eftirstöðvar þessarar tölu 33 millj. kr. Þegar tekið er síðan tillit til varasjóðsins 1961 og hækkunarinnar nú í nóv. s. l., verður nettóstaðan á þessum gengisbreytingarreikningi í Seðlabankanum sléttar 210 millj. kr.

Í þessu sambandi er rétt að vekja sérstaka athygli á því, að í raun og veru er villandi að tala um gengishagnað hjá bankakerfinu í sambandi við gengisbreytinguna. Gjaldeyrisbankarnir eru opinber fyrirtæki, þeir eru ríkiseign, og þjóðarbúskapurinn í heild hagnast ekki neitt á þeirri stundu, er gengi íslenzkrar krónu er breytt gagnvart erlendum gjaldeyri. Staða Íslands gagnvart umheiminum batnar ekki neitt. Fyrir erlenda gjaldeyrinn getur þjóðin ekki keypt fleiri kíló af matvöru en áður, ekki fleiri metra af vefnaðarvöru, ekki meiri hráefni, ekki fleiri skip. Það er bókhaldsatriði innanlands, hversu margar krónur við teljum í hverjum dollar eða hverju sterlingspundi. Þótt við aukum krónutöluna í hverjum dollar og hverju sterlingspundi, eykur það ekki kaupmátt okkar í útlöndum, því að þar greiðum við með dollurum og pundum t. d., en ekki með krónum. Hitt er svo annað mál, að breyting á krónutölunni í hverjum dollara og pundi, þ. e. a. s. gengisbreyting, getur haft hagstæð áhrif á þjóðarframleiðsluna, þegar frá líður, og þannig bætt stöðu þjóðarinnar framvegis. Það tekur tíma, og það er auðvitað tilgangur hverrar gengisbreytingar. Í því er fólginn raunverulegur hagnaður af henni, ef hún heppnast. En á þeirri stundu, sem hún er framkvæmd, myndast enginn hagnaður, þótt þjóðin eigi erlendan gjaldeyri, og ekki verður heldur neitt tap hjá þjóðarheildinni, þótt hún skuldi í erlendum gjaldeyri, þegar gengisbreytingin fer fram. Raunveruleg byrði skuldarinnar er óbreytt. Einstaklingur tapar hins vegar að sjálfsögðu, ef hann skuldar erlendis, þegar gengi erlends gjaldeyris hækkar, eins og einstaklingur græðir undir sömu kringumstæðum, ef hann á erlendan gjaldeyri. Hér verður að greina skýrt og ljóst milli áhrifa gengisbreytingar á hag einstaklinga annars vegar og þjóðarbúsins hins vegar. Þar eð gjaldeyrisbankarnir hér á landi eru allir ríkiseign, er hagur þeirra að þessu leyti hagur þjóðarbúsins. Hjá einkabanka væri hins vegar hægt með réttu að tala um hagnað eða tap í sambandi við erlendar inneignir eða skuldir, þegar gengisbreyting verður.

Rétt er enn fremur að vekja sérstaka athygli á því, að í nóv. breyttist ekki aðeins gengi íslenzkrar krónu gagnvart erlendum gjaldeyri, heldur breyttist einnig sterlingspundið og nokkrar aðrar gjaldeyristegundir gagnvart öðrum gjaldeyri, sem notaður er í heimsverzluninni. Kaupmáttur sterlingspunds og fleiri gjaldeyristegunda í heimsviðskiptum minnkaði þess vegna skyndilega. Mjög erfitt er að meta nákvæmlega, hver þessi kaupmáttarrýrnun sterlingspundsins og þeirra mynta, sem því fylgdu, er raunverulega. Það er komið undir áhrifum breyttrar samkeppnisaðstöðu í heimsviðskiptunum á verðlag í heiminum. En það er auðvitað óumdeilt, að gildi pundsins og þeirra mynta, sem því fylgdu, hefur minnkað. Allar þjóðir, sem áttu sterlingspund, urðu því fyrir nokkru tjóni við gengislækkun pundsins. Um það bil helmingur gjaldeyriseignar Íslendinga var og er í pundum. Af þeim sökum hafa Íslendingar orðið fyrir tapi, gengistapi, ekki vegna gengislækkunar krónunnar, heldur vegna gengislækkunar pundsins. Á móti því tapi kemur hins vegar það, að Seðlabankinn hefur fengið mun hærri vexti af pundaeign sinni en dollaraeign sinni, svo að erfitt er að dæma um, hvort hagkvæmara hefði verið að eiga allan gjaldeyrisvarasjóðinn í t. d. dollurum. Fyrir fram hlaut slíkt að sjálfsögðu að teljast mjög ólíkt.

Með þessum orðum vona ég, herra forseti, að ég hafi svarað efnisatriðum fsp.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur hér gefið um

þennan gengishagnað, sem bankakerfið hefur haft í sambandi við gengislækkunina, sem gerð var á íslenzkri krónu 24. nóv. s. l. Ég ætla ekki að fara að ræða hér um neina fræðilega útskýringu á því, hvað sé gengishagnaður og hvað ekki gengishagnaður, en það, sem um er að ræða, er það, að vegna gengisbreytingarinnar hefur bankakerfið út af fyrir sig og þá fyrst og fremst Seðlabankinn hagnazt í íslenzkum krónum talið um 236,5 millj. kr. við þessa breytingu, 236.5 millj. kr., sem auðvitað gefur sinn kaupmátt hér gagnvart innlendum hlutum, eins og t. d. innlendu vinnuafli, á allt annan hátt en áður var. En það voru aðeins þessar staðreyndir, sem ég vildi fá fram. Hitt var svo nokkuð sérstakt atriði, sem að vísu var í l. hér frá Alþ. varðandi ráðstöfun á þessum peningum, hvernig sá mismunur, sem verið hefur í sérstöku bókhaldi frá fyrri gengislækkunum 1960 og 1961, er settur inn á þennan reikning. Það er í rauninni allt annað mál, en þetta er sá mismunur, sem fram kemur í ísl. kr. talið við gengisbreytinguna, 236,5 millj.

Ég þakka svo hæstv. ráðh. fyrir þessi svör.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Í framhaldi af þeirri fsp., sem hér hefur verið til umr., vildi ég mega spyrja hæstv. viðskmrh. um, hvort fyrir lægju nokkrar bráðabirgðatölur um þann gengishagnað, sem mundi fást af útfluttum sjávarafurðum í samræmi við lög, sem Alþ. afgreiddi 18. des. s. l.

Þegar þau lög voru afgreidd hér á Alþ., var viðhorfið talsvert öðruvísi en það er nú. Þá var talið, að gengislækkunin mundi tryggja svo afkomu sjávarútvegsins, að hann þyrfti ekki á neinum styrkjum að halda, og þess vegna var það samþ. hér af meiri hl. Alþ., að verulegur hluti eða mestur hluti af gengishagnaði af útflutningi sjávarafurða frá árinu 1967 yrði lagður í sérstakan sjóð, sem síðar rynni svo aftur í fiskveiðasjóð og sérstakan verðjöfnunarsjóð. Enn fremur voru felld niður úr fjárlögum öll framlög til útflutningsuppbóta hvað sjávarútveginn snerti, og einnig voru gefin fyrirheit um mjög verulega tollalækkun. Nú skilst mér, að það blasi við, að það þurfi að borga sjávarútveginum verulegar uppbætur, og þess vegna er ástandið í dag orðið allt annað en þegar lög um ráðstöfun á gengishagnaði sjávarútvegsins voru samþykkt. Maður sér það í blöðum, að ríkisstj. gerir jafnvel ráð fyrir því, og það hefur líka komið fram hér á Alþ., að það verði horfið frá því fyrirheiti, sem gefið var um tollalækkun, vegna þeirra uppbóta, sem búið sé að lofa sjávarútveginum. Mér finnst, að þetta hljóti að leiða til þess, að lög um ráðstöfun á gengishagnaði sjávarútvegsins verði tekin til sérstakrar endurskoðunar, og það m. a. athugað, hvort ekki sé rétt að láta nokkurn hluta þessa gengishagnaðar renna til uppbóta þeirra, sem búið er að lofa bátaútveginum og frystihúsunum, og það sé miklu hyggilegri leið að gera það en hverfa frá þeirri tollalækkun, sem búið var að lofa, því að af tollalækkuninni hlýzt mikill árangur, sem þjóðin hefur vissulega þörf fyrir. Í fyrsta lagi mundi verða nokkur verðlækkun henni samfara, og svo í öðru lagi væri hægt að veita iðnaðinum aðstoð og styrkja hann til að auka atvinnustarfsemina í landinu.

Mér fannst rétt að láta þetta sjónarmið koma fram hér, að viðhorfið hafi verið allt annað, þegar lög um gengishagnað á útflutningi sjávarafurða voru hér samþ., og þess vegna eigi að taka lögin til endurskoðunar með tilliti til þess og a. m. k. eigi miklu fremur að gera það en að hverfa frá þeirri tollalækkun, sem búið var að lofa þjóðinni.

Ég skal svo ekki lengja þetta mál meira, en endurtek þá fsp. mína til hæstv. ráðh., hvort fyrir liggi nokkrar bráðabirgðatölur um það hver gengishagnaðurinn verði á útflutningi sjávarafurða samkv. áðurnefndum lögum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Að því er ég bezt veit, er fullnaðarútreikningum á þeim atriðum, sem hv. þm. spurðist fyrir um, ekki lokið, a. m. k. hef ég ekki hér við höndina tölur til þess að svara fsp. hans með.

12. Bandaríska sjónvarpið á Íslandi.

Á 31. fundi í Sþ., 30. jan., var útbýtt:

Fsp. til utanrrh. um bandaríska sjónvarpið á Íslandi [109. mál, 1] (A. 239).

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 7. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það er í sjálfu sér næsta óeðlilegt að bera fram fsp. um sjónvarpsmál hér á Alþ. og fara fram á, að hæstv. utanrrh. svari. Lögum samkv. hefur ríkið einkarétt á allri útvarpsstarfsemi á Íslandi, og eðli sínu samkv. heyrir sú starfsemi undir hæstv. menntmrh., sem ætti að svara fsp. um sjónvarpsmál, ef allt væri með felldu. En því miður er ekki allt með felldu á þessu sviði. Ríkisstj. Íslands afhenti bandarísku hernámsliðinu hluta af einkarétti sínum með lagaheimildum, sem ég hef aldrei komið auga á, fyrst til hljóðvarpsstarfsemi og síðan til sjónvarpsstarfsemi. Og síðan hafa íslenzk stjórnarvöld í verki framfylgt þeirri stefnu, að hljóðvarps- og sjónvarpsstarfsemi hernámsliðsins væri undanþegin íslenzkri lögsögu, hvorki Alþingi Íslendinga né ríkisstj. mættu hlutast til um þessar at-

hafnir í herstöðinni. Hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að fá Alþ. og ríkisstj. til þess að mæla fyrir um útvarpsstarfsemi hins erlenda liðs, en árangurslaust. Hernámsliðið var talið ríki í ríkinu á þessu sviði, og þess vegna hefði orðið að fara þá leið að biðja hæstv. utanrrh. að hagnýta diplómatísk tengsl sín við hið erlenda ríki til þess að útvega Alþ. vitneskju um þennan þátt sjónvarps á Íslandi.

Hér er því miður ekki ráðrúm til þess að rekja sögu dátasjónvarpsins, þótt hún sé ákaflega lærdómsrík, enda ætti hún að vera flestum hv. alþm. í fersku minni. Allir vita, hvernig hernámsliðið hagnýtti einkaaðstöðu sína til þess að tryggja sér daglegt áhrifavald á mörgum þúsundum heimila, en sá menningarlegi og pólitíski yfirgangur leiddi svo aftur til þess, að menn úr öllum stjórnmálaflokkum risu öndverðir gegn þessari innrás stórveldisins í íslenzka menningarhelgi. En einnig eftir að Íslendingar höfðu unnið fullan, málefnalegan sigur í þessari baráttu; eftir að hæstv. menntmrh. hafði viðurkennt, að ástandið væri óviðunandi og ósamboðið Íslendingum sem sjálfstæðri menningarþjóð; eftir að formaður útvarpsráðs, hv. alþm. Benedikt Gröndal, hafði viðurkennt, að málið væri andstyggileg sjálfhelda; eftir að ritstjóri Morgunblaðsins, Matthías Johannessen, hafði flokkað starfsemi dátasjónvarpsins undir fákunnáttu og klaufaskap, slys eða óhapp í stjórn íslenzkra menningarmála, einnig eftir allar þessar játningar var haldið fast við það af hálfu stjórnarvalda, að Íslendingar mættu ekki skerast í leikinn og vernda þjóðlega hagsmuni sína. Frumkvæðið yrði að koma frá hernámsliðinu sjálfu, og síðan kom frumkvæðið eftir þeirri boðleið, hvernig sem aðdragandinn hefur verið. 6. sept. 1966 skrifaði Weymouth aðmíráll á Keflavíkurflugvelli hæstv. utanrrh. bréf og greindi honum frá því, að vegna hagsmuna hernámsliðsins sjálfs yrði að takmarka sendingar dátasjónvarpsins við herstöðina eina, þegar íslenzka sjónvarpið hæfi starfsemi sína. Hæstv. utanrrh. svaraði daginn eftir og komst m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilliti til þess ástands, sem þér lýsið, mun ríkisstj. Íslands ekki vera mótfallin till. yðar um að draga úr sjónvarpssendingum yðar, þannig að þær verði takmarkaðar við venjulega sjónvarpsmóttöku á heimilum í næsta nágrenni Keflavíkur."

En einnig kom hæstv. ráðh. á framfæri þeirri ósk sinni, að breytingar á dátasjónvarpinu yrðu samræmdar tilkomu íslenzka sjónvarpsins. Í þeirri ósk reyndist felast sú afstaða, að sendingar íslenzka sjónvarpsins voru taldar tilraunasjónvarp fyrsta árið, en á meðan fór hæstv. utanrrh. sem sé fram á það, að starfsemi dátasjónvarpsins héldi áfram.

16. ágúst í fyrra skrifaði hæstv. utanrrh. bandarískra aðmírálnum loksins nýtt bréf og lýsti yfir því, að af Íslands hálfu væri nú ekkert því til fyrirstöðu, að Bandaríkjamenn gerðu hinar fyrirhuguðu breytingar á sjónvarpssendingum sínum. Og nokkrum dögum síðar sendi yfirmaður hersins frá sér fréttatilkynningu, þar sem svo var komizt að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„. . . að útsendingar sjónvarps varnarliðsins verði takmarkaðar í samræmi við samkomulagið frá sept. 1966. Þar af leiðandi verða útsendingar sjónvarps varnarliðsins, AFRTS, takmarkaðar við Keflavíkurflugvöll og næsta nágrenni hans frá og með 15. sept. 1967."

Um sömu mundir lýsti aðmírállinn yfir því í viðtölum við íslenzka sjónvarpið og hérlend blöð, að sendingar bandarískra sjónvarpsins yrðu takmarkaðar svo tryggilega, að þess yrði t. d. enginn kostur að sjá þær í Reykjavík, ekki heldur þótt menn reistu risagálga á þökum húsa sinna og keyptu sér hina öflugustu magnara.

Nú eru senn liðnir 5 mánuðir frá þeim degi, þegar takmörkunin átti að koma til fullra framkvæmda, en samt fer því enn mjög fjarri, að sendingarnar séu takmarkaðar við Keflavíkurflugvöll og næsta nágrenni hans. Sendingarnar sjást enn víðast hvar á Reykjavíkursvæðinu, og þar sem myndgæðin eru ekki nægilega góð, hlaupa sjónvarpsvirkjar undir bagga og bæta úr skák með nýjum loftnetum og mögnurum. Hinar skýlausu yfirlýsingar aðmírálsins hafa reynzt ómerkar allt til þessa. Því spyr ég hæstv. utanrrh.: Hvað veldur? Hvenær má vænta fullra efnda á samningsbundnum loforðum Bandaríkjanna við ríkisstj. Íslands og skýlausum fyrirheitum Stones aðmíráls?

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Út af þessari fsp. hv. 6. þm. Reykv. hef ég óskað eftir því við formann varnarmálanefndar, að hann gefi mér skýrslu um þetta mál, en varnarmálanefnd og formaðurinn sjálfsagt alveg sérstaklega fylgjast með þessu máli eins og öðrum, sem varnarliðið snertir. Hann hefur nú gefið mér stutta skýrslu um málið, sem ég, með leyfi hæstv. forseta, vildi lesa upp, því að ég held, að hún skýri málið bezt. Hún er svo hljóðandi:

„Frá 15. sept. 1967 hafa verið gerðar margs konar ráðstafanir í því skyni að torvelda móttöku sjónvarpsmynda utan varnarsvæðanna frá sjónvarpsstöð varnarliðsins. Þessar ráðstafanir hafa gert það að verkum, að sjónvarpsmyndin er ekki lengur nothæf fyrir langflesta íbúa Reykjavíkursvæðisins. Hins vegar hafa ófyrirsjáanlegir tæknilegir erfiðleikar við að stilla sjónvarpsmastur orðið þess valdandi, að ekki hefur verið unnt að útiloka með öllu sjónvarpssendingar til Reykjavíkursvæðisins án þess að valda truflunum á Keflavíkursvæðinu. Tilraunum til þess að ráða bót á þessu er stöðugt haldið áfram. Hinn 6. og 7. des. s. l. fékk yfirmaður varnarliðsins íslenzka útvarpsvirkja til þess að rannsaka árangur þeirra lagfæringa, sem gerðar höfðu verið á sjónvarpsmastri Keflavíkursjónvarpsins frá 15. sept. s. l. Voru framkvæmdar 45 skipulagsbundnar mælingar í Reykjavík og nærliggjandi byggðarlögum. Að undanteknum fjórum

stöðum, er lágu langt hver frá öðrum, gáfu allar hinar mælingarnar til kynna, að útsending stöðvarinnar væri lakari en svo, að hún væri nothæf á Reykjvíkursvæðinu. Þar með var yfirgnæfandi meiri hluti íslenzkra sjónvarpsnotenda útilokaður frá að sjá stöðina, en ráðstafanir til þess að draga úr sendikrafti til áðurnefndra fjögurra staða hafa þó verið gerðar. Hinn 26. f. m., þ. e. a. s. 26. jan., fékk varnarliðið sérstök tæki frá Bandaríkjunum til þess að setja á útvarpsmastrið, en erfið veðurskilyrði hafa fram að þessu hindrað, að unnt væri að koma þeim fyrir. Þau verða sett upp strax og veður leyfir. Er þess vænzt, að hin nýju tæki dragi svo úr allri útsendingu til Reykjavíkursvæðisins, að sjónvarpsmynd verði þar með öllu ónothæf. Ef þessar aðgerðir reynast enn ekki nægilegar, hefur varnarliðið heitið því, að enn frekari ráðstafanir verði gerðar."

Þetta er í örstuttu máli saga málsins. Ég get aðeins bætt því við, að ég hef sjálfur reynt að taka Keflavíkursjónvarpið á sjónvarpstæki, sem ég hef undir höndum, og nokkurs staðar annars staðar, og minn dómur eða reynsla af því er sú, að það sé algerlega ónothæft þar, sem ég hef reynt það. Mitt mat á þessu sker auðvitað ekki úr, en það, sem sker úr, er umsögn útvarpsvirkjanna, sem kannað hafa málið og gert mælingar á 45 stöðum með þeim árangri, að 41 staður hefur verið útilokaður, en 4 virðast nokkurn veginn geta séð sjónvarpið. En það verður svo lagað, þegar hin allra nýjustu tæki koma. Vænti ég, að þetta sé nægilegt svar við fsp.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu, sem hann lét okkur í té frá formanni varnarmálanefndar. Hins vegar fer því mjög fjarri, að ég telji þá frásögn, sem þar kom fram, vera fullnægjandi skýringu á þeim vanefndum, sem við höfum orðið að þola í þessu máli. Þau bréfaskipti, sem fram fóru milli yfirmanns bandarísku hersins og hæstv. utanrrh. 1966, jafngilda að sjálfsögðu formlegum samningi á milli ríkjanna, og þegar yfirmaður hernámsliðsins kom með yfirlýsingu sína, þá hefur hann vafalaust hugað að þeim tæknilegu vandamálum, sem þyrfti að leysa til þess að koma þessari lausn í kring. Ég segi fyrir mig, að ég á ákaflega erfitt með að trúa þeirri skýringu, að Bandaríkin, sem eru sem kunnugt er einhver tæknilbróaðasta þjóð í heimi, hafi ekki getað leyst vandamál af þessu tagi á þeim 17 mánuðum, sem liðnir eru síðan samningurinn var gerður, og ekki heldur á þeim 5 mánuðum, sem liðnir eru síðan þessi breyting átti að koma til framkvæmda samkv. opinberum tilkynningum. Ég er ekki eins viss um það og hæstv. ráðh. og þeir, sem hann vitnaði til, að sú takmörkun, sem vissulega er komin, sé fullnægjandi. Það er staðreynd, að núna að undanförnu hafa íslenzkir sjónvarpsvirkjar auglýst í blöðum, að þeir tækju að sér að setja upp loftnet og gengju þannig frá sjónvarpstækjum manna, að hægt sé að taka sendingarnar frá Keflavík. Þetta er orðinn atvinnuvegur fyrir íslenzka sjónvarpsvirkja. Og þeir hafa skýrt frá því, að þeir hafi haft mikið að gera að undanförnu við þetta og að oft þyrfti ekki að lagfæra mikið hjá sjónvarpsnotendum til þess að Keflavíkurstöðin næðist á tækin. En þar sem skilyrðin væru erfiðari, yrði að setja upp stærstu gerð af loftnetum og sérstaka magnara.

Ég er ekki einn um það að telja, að þarna sé um mjög alvarlegar vanefndir að ræða. Það sjónarmið hefur einnig komið fram í málgagni hæstv. utanrrh. 12. jan. s. l. birti Alþýðublaðið forustugrein af þessu tilefni. Sú grein var stutt en skýr, og ég vil leyfa mér að lesa hana hér upp, með leyfi hæstv. forseta. Hún var á þessa leið:

„Frásagnir og auglýsingar dagblaða benda til þess, að enn sé mögulegt að sjá útsendingu sjónvarpsstöðvar varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli á mörgum stöðum í Reykjavík og á Suðurnesjum. Svo hefur virzt sem farsæl lausn hafi fengizt á þessu máli, og hefur verið hljótt um það langa hríð. Þó kemur það kunnugum ekki á óvart, að erfitt reynist að takmarka sjónvarpssendinguna við Keflavíkurflugvöll með skermum einum. Takist það ekki án frekari dráttar, er aðeins um tvær leiðir að velja. Varnarliðið verður að setja upp lokað símakerfi fyrir sjónvarp sitt eða loka stöðinni algerlega. Það er ekki ráðlegt að skemmta skrattanum með því að vekja þetta deilumál til lífs á ný."

Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. Benedikt Gröndal, formaður útvarpsráðs, hafi skrifað þessa forustugrein og ég efast ekki um, að hann standi við þau sjónarmið, sem fram koma í henni. En mér þykir forvitnilegt að vita, hvort hæstv. utanrrh. er ekki sömu skoðunar og þetta málgagn ráðh., því að mér finnst það dálítið annarleg viðhorf, að hæstv. ráðh. skuli hér reyna að bera í bætifláka fyrir vanefndir, því að að sjálfsögðu er það verkefni hans að tryggja það í einu og öllu, að sá aðili, sem hann hefur gert samning við, standi við samningana. Og þegar af því er fengin 5 mánaða reynsla nú þegar, að ekki hefur verið staðið við þá á þann hátt sem fyrirhugað var, sýnist mér einsætt að gera þá kröfu, sem fram kemur í forustugrein Alþýðublaðsins, að annaðhvort verði þarna sett upp lokað kerfi eða stöðinni gersamlega lokað.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mér finnst nú þetta hálfbroslegir tilburðir sat að segja, sem hér eiga sér stað í sambandi við þetta sjónvarpsmál, en alveg að sérstaklega gefnu tilefni, þar sem lesin var hér upp forustugrein úr Alþýðublaðinu um, að tveir möguleikar væru aðeins fyrir hendi, ef þessi lokun, sem nú hefur verið reynd, dugar ekki, þ. e. hreinlega að loka sjónvarpinu eða setja lokað kerfi, þá vildi ég benda á, og sérstaklega formanni útvarpsráðs, að það kann að vera til þriðja leiðin. Og það væri sú leið,

að útvarpið, sem hefur ágæta aðstöðu til þess, léti fara fram skoðanakönnun hjá þeim, sem sjónvarp eiga, hver vilji almennings væri í þessu efni, og síðan væru hinar endanlegu ákvarðanir teknar.

Jónas Árnason: Herra forseti. Þegar sjónvarpsmálið kom til umr. hér á Alþ. 1962, þá var því m. a. haldið fram, að sendikraftur bandarísku sjónvarpsins á Keflavíkurflugvelli væri svo lítill, að tæknilega séð gæti hann ekki minni verið og það væri ógjörningur að takmarka hann við herstöðina eina. Þeir, sem einkum héldu þessu fram, voru þáv. hæstv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, og formaður hins íslenzka útvarpsráðs, hv. 5. þm. Vesturl.

Síðan hefur sannazt, að fullyrðingar þessar voru næsta hæpnar, svo að ekki sé meira sagt. Í flokksmálgagni þessara tveggja manna, sem ég var að nefna, var til að mynda lýst yfir þeirri skoðun nú fyrir stuttu, eins og hv. 6. þm. Reykv. vék að hér áðan, að ef bandaríska herstjórnin á Keflavíkurflugvelli drægi það lengur að standa að fullu við fyrirheit sitt um takmarkanir á sjónvarpssendingum, yrði að ganga hreint til verks og fyrirskipa henni að taka upp svokallað lokað dreifingarkerfi, en það er að því leyti líkt símakerfi, að sendingar fara ekki um loftið, heldur eftir þráðum frá viðkomandi sjónvarpsstöðvum og til þeirra húsa, sem eiga að njóta útsendingar þeirra. Þetta lokaða dreifingarkerfi hefði auðvitað verið hægt að nota frá upphafi, þó að sá aðilinn, sem nú bendir á það sem heppilegustu lausn á þessum málum, virtist ekki hafa hugmynd um það eða léti svo sem hann hefði ekki hugmynd um það, þegar mál þessi voru til umr. hérna 1962.

Ýmsir mætir menn úr öllum stjórnmálaflokkum hafa látið sjónvarpsmálið til sín taka, hafa fordæmt hneykslanlega framkomu íslenzkra ráðamanna í þessu máli og krafizt þess, að þeir yrðu látnir svara til saka fyrir blekkingar þær, sem þeir leyfðu sér að beita í tilraunum til þess að afsaka hneykslið, og væri sannarlega ekki vanþörf á slíku. En ég vil nota þetta tækifæri til að benda á það, að blekkingar í sambandi við hernámsmálin eru engin ný bóla. Sú saga hefst með Keflavíkursamningnum 1946. Mér gefst ekki tími til að rekja hana nákvæmlega, allar þær blekkingar, sem t. d. var beitt í sambandi við Keflavíkursamninginn. En árið 1949, þegar Íslendingar sögðu skilið við hlutleysisstefnu sína og gengu í hernaðarbandalag, var því hátíðlega lýst yfir af hálfu stjórnarvalda, að hér yrði aldrei her á friðartímum. Það reyndist helber blekking. Aðeins tveim árum síðar eða árið 1951 fengu Bandaríkin leyfi til þess að hreiðra um sig á ný með herafla á Keflavíkurflugvelli. Stjórnarvöldin lýstu því yfir, að þetta hefði verið gert vegna bráðrar hættu á árás af hálfu Rússa, svo bráðrar meira að segja, að þjóðin fékk ekkert að vita um samning stjórnarvaldanna við Bandaríkjamenn fyrr en herinn var kominn, þ. e. a. s. að morgni 7. maí 1951. Og stjórnarvöldin lýstu því yfir, að þessari leynd hefði verið haldið af öryggisástæðum, því að ella hefðu Rússar e. t. v. rokið til og hernumið okkur á undan Bandaríkjamönnum. Allt þetta var að sjálfsögðu líka helber blekking. En Bandaríkjamenn höfðu á ný náð fótfestu á Keflavíkurflugvelli, og þessi staður þar syðra breytti æ meira um svip. Ísland hvarf úr svipmóti hans, en í staðinn reis þarna upp fjölmennt bandarískt byggðarlag.

Stjórnarvöldin fullyrtu, að þessu mundi engin hætta fylgja fyrir þjóðlegar erfðir okkar og menningarlegt sjálfstæði. Það reyndist líka helber blekking. Það leið ekki á löngu þangað til herliðið á Keflavíkurflugvelli var farið að starfrækja útvarpsstöð og braut þar með, eins og hv. 6. þm. Reykv. benti hér á áðan, þvert gegn ákvæðum íslenzkra laga um einkarétt ríkisins á slíkri starfrækslu. Og stjórnarvöldin létu sér það vel líka, eða a. m. k. afskiptalaust, að þessi bandaríska útvarpsstöð haslaði sér völl meðal æskulýðsins hér á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa og keppti við íslenzka útvarpið um hylli hans með léttmeti ýmiss konar og öðrum hégóma.

Og svo kom sem sé sjónvarpsmálið til sögunnar. Ég hef ekki tíma til þess að rekja blekkingarnar, sem beitt var í sambandi við það, nánar heldur en ég hef þegar gert. En ég vildi sem sé aðeins nota þetta tækifæri til að benda á það, að þó að ýmsir menn tali nú um nauðsyn þess, að sú saga sé rakin, og menn látnir svara til saka fyrir þær blekkingar, sem þeir hafa beitt í sambandi við þetta mál og vissulega er ekki vanþörf á, þá eru ýmis fleiri mál í sambandi við hernámið, sem sannarlega þarfnast rannsóknar, og kominn tími til þess að þjóðin fái að vita sannleikann um þær blekkingar, sem beitt hefur verið í sambandi við þau.

Mér dettur ekki í hug, að íslenzk stjórnarvöld hafi alltaf gert sér grein fyrir því, að þau voru að beita þjóðina blekkingum í sambandi við þessi mál. Ég er sannfærður um það, að þau höfðu oft verið blekkt sjálf. T. d. er ég viss um það, að margir þeirra manna, sem tóku á sig ábyrgðina á því, að við sögðum skilið við hlutleysisstefnu okkar og gengum í hernaðarbandalag 1949, já, og ábyrgðina á hernáminu aftur 1951, margir þessara manna voru sjálfir blekktir af einhverjum leynilegum boðskap frá þeim volduga aðila, sem þarna var fyrst og fremst að fá framgengt hagsmunum sínum.

Það er sem sé ekki tími til að ræða þetta nánar að sinni. Ég verð að láta það bíða betra tækifæris, sem væntanlega gefst, áður en langt um líður.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég stend nú hér upp ekki sízt vegna ræðu hæstv. dómsmrh. áðan. Vorið 1966 fluttu nokkrir þm. stjórnarandstöðunnar þáltill. um takmörkun sjónvarpsins við herstöðina eina. Margar ræður voru fluttar í málinu, en ég held, að það, sem

mesta athygli vakti, hafi ekki verið hávaðinn í flm., heldur þögnin, sem þeir mættu, þögn utanrrh. og þögn menntmrh. Báðir þessir hæstv. ráðh. og raunar allir aðrir ráðamenn þögðu af sér hræringar og hvers konar viðleitni til að fá þá til að ræða málið á Alþ., og málið var svo að lokum svæft hér í lok þingsins með því klóróformi allshn., sem allir munu víst þekkja. En þetta mál var ekki dautt þrátt fyrir allt. Menn höfðu ekki skilið til fulls, að hæstv. menntmrh. er ekki allur þar sem hann er séður. Bak við tjöldin fór hann á fund Bandaríkjamanna og bað þá um að gera ríkisstj. þann greiða að eiga sjálfir frumkvæði að lokun sjónvarpsins, og Bandaríkjamenn samþykktu og tóku að sér það verk, sem stjórnarvöldin höfðu ekki manndóm til að vinna.

Hér á Alþ. hefur vissulega lengi verið meiri hl. fyrir því, að bandaríska sjónvarpið væri takmarkað við herstöðina eina, en þessi vilji mátti ekki koma fram. Alþ. mátti ekki hafa skoðun á málinu og stjórnarvöldin ekki heldur. Því var sjónarspilið sett í gang, eins og flestum mun í fersku minni. Bandaríkjamenn sögðust vera tilneyddir að takmarka sjónvarpið, ekki vegna þess að Íslendingar óskuðu eftir því, nei, þeir sögðu, að það væri af einkaástæðum þeirra sjálfra, að þess þyrfti með. Og utanrrh. svaraði um hæl og sagði, að ef Bandaríkjamenn þyrftu endilega að takmarka sjónvarpssendingarnar nú, yrði svo að vera. Á engan hátt mátti sem sagt lesa út úr svari ráðh., að það væri vilji þings og stjórnar, að svo væri gert. Hann óskaði meira að segja eftir því, að takmörkun sjónvarpsins yrði slegið á frest, þar til það íslenzka væri komið í gagnið.

Nú sjá menn, held ég, afleiðingarnar af þessu geðleysi íslenzkra stjórnarvalda. Bandaríkjamenn framkvæma loforð sín seint og illa. En ráðamenn þjóðarinnar eru búnir að koma málum þannig fyrir, þeir virðast ekki geta ýtt á Bandaríkjamenn af neinum þeim krafti, sem dugað getur. Það eru liðnir 22 mánuðir, síðan þetta loforð var gefið, og enn þá standa einhverjir tæknilegir örðugleikar í þessari mestu tækniþjóð veraldar.

Já, hæstv. dómsmrh. lagði sem sagt til hér áðan, að útvarpið léti fara fram skoðanakönnun meðal hlustenda um það, hvort það ætti að takmarka bandaríska sjónvarpið á Keflavíkurflugvelli. En hvernig væri, að hæstv. dómsmrh. byrjaði nú á því að láta fara fram skoðanakönnun í sjálfri ríkisstj., svo að ekki þyrfti að vera neinn vafi á því lengur, hver sé skoðun hennar á þessu máli, og hvernig væri, að fram færi hér á Alþ. skoðanakönnun í þessu máli? Hvernig væri sem sagt, að blaðinu væri snúið við og Alþ. og ríkisstj. tækju af skarið í þessu máli í eitt skipti fyrir öll og sýndu, hver sé vilji þeirra í þessu máli, svo að Bandaríkjamenn þurfi ekki að vera lengur í neinum vafa og þurfi ekki að halda, að það sé ósk ríkisstj. eða jafnvel gert henni til góðs að draga málið eins lengi á langinn og hægt er.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Kjarninn í þessari fsp. var sá að slá því föstu, að mér skilst, að Bandaríkjamenn hefðu vanefnt sínar skuldbindingar í sambandi við sjónvarpið á Keflavíkurvelli. Ég vil nú ekki kalla það, sem gerzt hefur í málinu, vanefnd, vegna þess að það hefur þegar verið byrjað, eins og lofað var, að takmarka útsendingarnar og niðurstaðan af þeirri könnun, sem hér hefur verið framkvæmd af útvarpsvirkjum og fagmönnum á þessu sviði, sýnir, að meira en 90% af þeim stöðum, sem mældir voru, sýna það, að þeir geta með engum hætti notið þessa sjónvarps og aðeins innan við 10% geta notfært sér það og þó ekki til fulls. Ég tel þess vegna, að málið hafi fengið þá afgreiðslu, sem maður getur vænzt, og þegar því hefur líka verið heitið, að tilraunum verði haldið áfram með að takmarka útsendingarnar, þangað til enginn á Reykjavíkursvæðinu er fær um að njóta þeirra.

Út í efnisatriði, sem hér hefur verið rætt um, vegna varnarliðsins almennt, skal ég ekki fara, heldur einungis halda mig við þessa fsp.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja það, sem ég reyndar hef aldrei farið neitt dult með, en vil endurtaka einu sinni enn, að ég hef ætíð verið mikill áhugamaður um það, að erlenda sjónvarpið yrði bundið við varnarstöðina eina í Keflavík. Ég hef aldrei farið dult með þetta og haft mikinn áhuga fyrir því, að málum yrði komið þannig fyrir. Ég vil mega treysta því, samkv. þeim yfirlýsingum, sem hæstv. utanrrh. las, að þessu verði nú komið í það horf, svo að ekki verði um deilt.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það var aðeins lítil aths. við þá till., sem hæstv. dómsmrh. kom fram með hér áðan, um sérstaka skoðanakönnun á Íslandi. Ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að ákvörðunin um takmörkun sendinga dátasjónvarpsins við herstöðina er komin frá Bandaríkjamönnum sjálfum og skoðanakönnun á Íslandi getur ekki haft nein áhrif á þeirra eigin ákvarðanir. Vilji hæstv. ráðh. fá einhverja sérstaka skoðanakönnun til að skera úr um málið hjá þeim aðilum, sem tekið hafa ákvörðunina, þá verður hún að vera innan Bandaríkjanna sjálfra.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mín afskipti af þessu máli voru að reyna að leggja lið þessum áhugasömu mönnum, sem hér telja sig berjast þjóðhollri baráttu. Ég hélt þess vegna, að þessari till. minni mundi verða fagnað af þessum hv. þm., sem telja, að sjónvarp frá Keflavík sé mjög þjóðhættulegt og til mikils angurs fyrir alla þá, sem horfa á sjónvarp. Að koma skoðanakönnun í gang hlýtur að vera mjög auðvelt, því að það eru skráðir allir sjónvarpseigendur, svo að það þyrfti ekki annað en að láta fylgja svolítinn reit með, þegar verið væri að innheimta sjónvarpsgjaldið. Þar gætu menn sett í lokað-

an reit og þar með sent innsiglað til sjónvarpsins, hver væri afstaða þeirra í þessu máli. Menn mega ekki misskilja það, að ég var að reyna að leggja þeim þarna vopn í hendur, sem telja sig hafa sterka afstöðu í þessu máli.

13. Framkvæmdaáætlun fyrir Norðurland.

Á 31. fundi í Sþ., 30. jan., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um framkvæmdaáætlun fyrir Norðurland [109. mál, 2] (A. 239).

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 7. febr., var fsp. tekin til umræðu og jafnframt fsp. til fjmrh. um Norðurlandsáætlun á þskj. 239.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Í okt. 1966 bar hv. landsk. þm., sem einnig á nú um stund sæti á þingi, Ragnar Arnalds, fram fsp. til ríkisstj. um það, hvað liði störfum tveggja stjórnskipaðra n., sem hann kvaðst hafa orðið var við á ferðalagi um Norðurland. Hæstv. félmrh. svaraði þessari fsp. í alllöngu máli hinn 26. okt. 1966, og hann sagði þá m. a., með leyfi hæstv. forseta, eða gaf þær upplýsingar, sem hér fara á eftir, varðandi annan þátt þessa máls. Hæstv. ráðh. sagði:

„Samkomulag varð um það í júní 1965 milli ríkisstj. og Alþýðusambands Norðurlands, að gerð skyldi sérstök framkvæmdaáætlun fyrir Norðurland... Í framhaldi af þessu samkomulagi, sem gert var 1965, fól ríkisstj. Efnahagsstofnuninni að gera áðurgreinda framkvæmdaáætlun, og skyldi framkvæmd verksins vera í samráði við Alþýðusamband Norðurlands svo og sveitarstjórnir og sýslunefndir á Norðurlandi. Hóf Efnahagsstofnunin undirbúning verksins í marzmánuði s. l." — þ. e. 1966 — „með söfnun gagna bæði hér í Reykjavík og á Norðurlandi, og nú í sumar" — þ. e. sumarið 1966 — „hafa starfsmenn Efnahagsstofnunarinnar ferðazt um Norðurland, kynnt sér ástand í atvinnu- og félagsmálum og rætt við forvígismenn sveitarfélaga, launþega, atvinnurekendur og fleiri aðila. Hafa öll byggðarlög, að Eyjafirði og nágrannasveitum hans undanskildum, þegar verið heimsótt, en gert er ráð fyrir, að þangað verði farið í nóv. n. k."

Hæstv. ráðh. sagði enn fremur:

„Starfshópur Efnahagsstofnunarinnar skilar sjóðnum" — þ. e. a. s. Atvinnujöfnunarsjóði, sem hann hafði þá einnig rætt um — „skýrslum um hvern hluta Norðurlands fyrir sig, þar sem lagðar eru fram till. um kerfisbundinn stuðning við atvinnulíf svæðanna. Ein skýrsla hefur þegar verið lögð fram, um Húnaflóasvæðið, og er Strandasýsla þá þar meðtalin. Von er á skýrslum um Skagafjörð ásamt Siglufirði og um austurhluta Norðurlands innan skamms. Reiknað er með, að Efnahagsstofnunin skili ríkisstj. heildarskýrslu um Norðurland allt á þessum vetri," — þ. e. veturinn 1966—1967. „Í þessu starfi hefur einmitt verið lögð áherzla á að flýta eins og kostur er fyrir þeim aðgerðum og framkvæmdum, sem nauðsynlegastar eru taldar."

Þetta sagði hæstv. félmrh. um Norðurlandsáætlun hinn 26. okt. 1966. Við þessar upplýsingar má svo bæta því, að hinn 4. júní 1967, að ég ætla, birtist blaðaviðtal við hæstv. fjmrh. um ýmis málefni, aðallega atvinnumál Norðurl. e., en eins og kunnugt er, er hæstv. ráðh. einn af þm. þess kjördæmis. Þá sagði hæstv. ráðh. í þessu viðtali:

„Ég tel nauðsynlegt að vinna kerfisbundið að alhliða uppbyggingu í kjördæminu. Mikilvægasta skrefið að því marki er sú áætlun um eflingu byggðar á Norðurlandi, sem unnið er að og verður lokið á þessu ári."

Ég skal enn fremur taka það fram, að í tilefni af þeim umræðum, sem um þetta urðu á Alþ. bæði í sambandi við fsp. þá, sem ég nefndi, og síðar, nálægt vori, um lántökuheimild stjórnarinnar vegna framkvæmdaáætlunar, óskaði ég eftir því við Efnahagsstofnunina, að ég fengi í hendur þær skýrslur, sem sagt var frá, að stofnunin hefði gert. Og ég fékk í hendur einar þrjár slíkar skýrslur á s. l. vori, sem ég mun ekki ræða um hér, en í þeim skýrslum voru ekki till., enda ekki gert ráð fyrir því, engin áætlun gerð, heldur bara skýrslur, og þær fjölluðu um vissa hluta Norðurlands.

Þar sem ekki hefur orðið úr því, sem gert var ráð fyrir í vor af hálfu stjórnarvalda, að Norðurlandsáætlun yrði lokið á þessu ári, hef ég ásamt hv. 3. þm. Norðurl. v. leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp., sem prentuð er á þskj. 239:

„Hvenær má vænta framkvæmdaáætlunar þeirrar fyrir Norðurland, sem heitið var í júnímánuði 1965, sbr. skýrslu félmrh. á Alþ. 26. okt. 1966?"

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. 4. þm. Norðurl. v. fsp. til hæstv. fjmrh. um Norðurlandsáætlun. Það er alkunna, að við gerð Norðurlandsáætlunar eru miklar vonir bundnar. Hinu er ekki að leyna, að mönnum finnst dragast um of, að lokið sé gerð áætlunarinnar. Mér er að vísu ljóst, að þótt formlega hafi ekki verið gengið frá Norðurlandsáætlun, hefur mikið verið gert til að bæta atvinnuástandið norðanlands á undangengnum árum, enda hafa fjárveitingar úr Atvinnujöfnunarsjóði og Atvinnuleysistryggingasjóði þegar haft verulega þýðingu ásamt starfsemi atvinnumálanefndar Norðurlands. Þá má heldur ekki gleyma stórverkefnum eins og byggingu kísilgúrverksmiðjunn-

ar við Mývatn, kaupum Hafarnarins og síldarflutningum til Siglufjarðar og nú síðast ákvörðuninni um byggingu strandferðaskipanna á Akureyri. Allt eru þetta dæmi um þá nýju byggðastefnu, sem hefur verið að ryðja sér til rúms.

Vist er það rétt, að við Íslendingar lifum nú erfiðleikatímabil og ekki er nema eðlilegt, að það taki menn nokkurn tíma að átta sig á breyttum aðstæðum. En við ætlum okkur að sjálfsögðu að sigrast á þessum erfiðleikum — til þess eru þeir. Og þess er þá að geta, að á atvinnusviðinu hafa erfiðleikarnir verið mestir norðanlands og því eðlilegt, að megináherzla sé lögð á lausn þeirra, eins og að er stefnt í Norðurlandsáætluninni.

Ég skal ekki fjölyrða um þau verkefni, sem nefnd hafa verið í sambandi við gerð Norðurlandsáætlunar. Þau eru fjölmörg, eins og raunar er um viðfangsefni um land allt, og bíða þess að verða leyst. Þar með er þó vissulega ekki sagt, að lítið hafi verið gert hérlendis á liðnum áratugum. Þvert á móti hefur í öllum landshlutum verið staðið þannig að framfaramálum, að þótt það kunni að hafa verið rétt, að Íslendingar byggju í harðbýlu landi, hafa ein eða tvær kynslóðir breytt því svo, að nærri stappar, að það sé þegar bezta land veraldar. Við skulum ekkert vera að gera lítið úr eigin ágæti, dugnaði íslenzku þjóðarinnar. Ég hygg, að okkur sé nauðsynlegt að trúa því, að við séum a. m. k. engir eftirbátar annarra. Við þurfum sjálfsagt á talsverðu stolti að halda til að byggja upp þetta fámenna samfélag. En við værum meira en lítið dýldnir, ef við gleymdum því, að það eru landgæðin, auðurinn til sjávarins og til landsins, sem velgengni okkar hefur verið byggð á. Skoðun mín er sú, að við höfum öll skilyrði til að breyta þeirri vörn, sem við höfum haldið uppi að undanförnu, í nýja stórsókn til aukinna framfara, ef við höfum djörfung til að takast á við verkefnin um land allt, nýta landgæðin hvar sem þau er að finna, leita nýrra leiða til atvinnurekstrar og stofna félög almennings til að hrinda þessu í framkvæmd. Að því eiga framkvæmdaáætlanir eins og Norðurlandsáætlun að miða. Okkur ber að hraða sem mest má verða rannsókn á auðlindum landsins og sjávarins, og það ætti að vera barnaleikur þeirrar kynslóðar, sem nú er á bezta starfsaldri, að halda áfram starfi þeirra, sem eldri eru, og bæta svo lífsafkomu þjóðarinnar, að hvergi væri betri lífskjör að finna en einmitt hér. Og ljóst er það, að batnandi lífskjör þjóðarinnar ber að nota til að efla menningu hennar, listir og vísindi, svo að til Íslands verði litið sem fyrirmyndarlands, þar sem jafnræði, menning og lýðræði skipi öndvegi. Gerð Norðurlandsáætlunarinnar er einn þáttur í þessu starfi — og ekki sá ómerkasti, því að við verðum að gera okkur grein fyrir því, að fólkið í landinu á að búa við sem jöfnust lífskjör og njóta sem jafnastrar aðstöðu til menntunar og menningarlegs þroska, hvort sem það býr sunnanlands eða norðan, austanlands eða vestan, því að landið allt verðum við að byggja og nýta alla þess auðlegð.

Fsp. sú, sem hér er rædd, er flutt í trausti þess, að umr. um hana megi verða til þess, að landsmenn geri sér gleggri grein fyrir nauðsyn atvinnuuppbyggingar úti um land en ella, og einnig, að þær yrðu til þess, að hraðað yrði framkvæmdum við Norðurlandsáætlun, sem vissulega er lífshagsmunamál byggðanna á Norðurlandi.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Seint á síðasta þingi var flutt fsp. um Norðurlandsáætlun. Þeirri fsp. var ekki svarað hér á Alþ., því að störfum þess lauk áður en hægt væri að taka fsp. til meðferðar eða svars af hálfu ráðh., og ég svaraði þá fsp. með því óformlega að senda þm. þess kjördæmis, sem, ef ég man rétt, var Norðurl. v., er stóðu að þeirri fsp., grg. um málið eins og það þá stóð.

Hv. fyrirspyrjandi nú, 1. þm. Norðurl. e., hefur gert hér alveg réttilega grein fyrir upphafi þessa máls og hvernig það stóð á s. l. ári, þegar það var síðast til umr., og ég hygg enda, að það sé öllum hv. þm. ljóst og a. m. k. fyrirspyrjendum þessa máls, þannig að ég þarf ekki að fara langt út í að rekja forsögu málsins, en get vísað á það, sem fram kom í því efni.

Það er alveg rétt, að það var gert ráð fyrir því í svari mínu, sem átti að vera svar við fsp. í lok síðasta þings, að að því var stefnt, að áætluninni gæti orðið lokið nú um síðustu áramót. Að því var ákveðið stefnt, og Efnahagsstofnunin hafði gert ráð fyrir því í álitsgerð sinni til mín um málið, að það mundi takast að ljúka úrvinnslu gagna fyrir þann tíma. Efnahagsstofnunin hóf athugun málsins í marzmánuði 1966, og hefði það í rauninni ekki verið langur tími að eiga að ljúka slíkri áætlanagerð á um það bil 1½ ári, jafnviðamikilli og henni var ætlað að verða. Það þurfti vitanlega strax að gera ýmsar undirbúningsathuganir, sem tækju sinn tíma, fyrst og fremst gagnasöfnun.

Það, sem fyrst gerðist í þessu efni, var, að hafin var úrvinnsla gagna um mannfjölda og mannfjöldahreyfingar, tekjur og tekjuþróun á Norðurlandi. Sumarið 1966 ferðuðust svo starfsmenn Efnahagsstofnunarinnar, sem að þessu verkefni unnu, um Norðurland. Á þessu ferðalagi heimsóttu þeir alla kaupstaði og kauptún í landsfjórðungnum og allmarga sveitahreppa, skoðuðu flest atvinnufyrirtæki, opinberar stofnanir og framkvæmdir og áttu viðræður við sveitarstjórnir, sýslunefndir, forustumenn verkalýðsfélaga og atvinnurekenda á hverjum stað. Síðan var gengið frá bráðabirgðaskýrslum fyrir hin einstöku svæði, eins og hér hefur verið vikið að, og þær voru síðan afhentar stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs og einnig ríkisstj. til athugunar, en stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs taldi mjög æskilegt að fá þessar bráðabirgðaskýrslur um atvinnuástandið strax og þær væru tilbúnar til þess að geta haft þær til hliðsjónar við ákvarðanir sínar um umsóknir til sjóðsins um lán og styrki til

ýmissa framkvæmda á þessu svæði. Þá fóru fram viðræður milli fulltrúa samtaka sveitarstjórnanna á Norðurlandi og við fulltrúa Alþýðusambands Norðurlands, en Alþýðusamband Norðurlands hafði einnig sent Efnahagsstofnuninni ýtarlega álitsgerð og till. varðandi atvinnumál á Norðurlandi. Þessari gagnasöfnun og ferðalögum öllum var lokið að mestu leyti í árslok 1966, og raunar sum af þeim atriðum, sem ég hef hér vikið að, gerðust ekki fyrr en fyrri hluta árs 1967, viðræður við ýmsa þá aðila, sem ég gat um. En í framhaldi af þessari ýtarlegu gagnasöfnun og þeim bráðabirgðaskýrslum, sem gerðar hafa verið um atvinnuástand á öllu þessu svæði, var ætlunin að ganga á s. l. sumri frá heildarskýrslu um Norðurland allt og síðan á grundvelli þeirrar heildarskýrslu að ákveða till. eða áætlanagerð um það, hvernig ætti að vinna að framgangi þeirra mála í einstökum atriðum, sem höfuðmáli skipta varðandi alhliða uppbyggingu á þessu landssvæði.

Því miður hefur reynslan orðið sú, að Efnahagsstofnunin hefur ekki sem skyldi nú síðustu mánuði ársins, þegar átti að vinna að úrslitum þessa máls, getað sinnt verkefni sínu á þessu sviði. Stofnunin hefur yfir mjög takmörkuðu starfsliði að ráða, og starfsmenn hennar, sem hafa unnið að þessari áætlunargerð, hafa einnig haft ýmsum öðrum verkefnum að sinna. Það er að vísu svo, að í stofnuninni vann mestan hluta þessa tíma sérstaklega einn sérfræðingur stofnunarinnar að Norðurlandsáætluninni, en því miður fór svo, að þessi maður lét af störfum hjá stofnuninni á fyrri hluta s. l. árs og réðst þá sem bæjarstjóri til Akureyrar, og það tókst ekki að ráða þá annan mann í hans stað til þess að starfa fast að þessum málum, og það var ekki fyrr en í árslok eða byrjun þessa árs, sem tókst að fá annan mann til þessa starfs á vegum stofnunarinnar. Þetta sleit nokkuð þráðinn í þessu starfi, því miður, og olli því, að ekki var hægt að vinna að því með eðlilegum hraða og raunar sáralitið síðustu mánuði s. l. árs, enda, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, komu þá til slík óvenjuleg verkefni fyrir Efnahagsstofnunina, að það hlaut að leiða til þess, að ýmislegt yrði að sitja á hakanum vegna þeirra vandamála, sem þá steðjuðu að, bæði í sambandi við gengisbreytinguna og ýmsa aðra þætti flókinna efnahagsvandamála, sem upp komu seinni hluta s. l. árs og þurfti að vinna að með miklum hraða og einbeita öllum kröftum stofnunarinnar að. Það eru auk þess fjölþætt önnur viðfangsefni, sem Efnahagsstofnunin vinnur að lögum samkv., bæði þjóðhagsreikningum, allsherjarathugunum í sambandi við þróun efnahagsmála, skýrslugerð fyrir Hagráð, sem er mjög vaxandi verkefni, og enn fremur er í stofnuninni unnið að áætlanagerð til langs tíma um einstaka þætti opinberra framkvæmda auk byggðaáætlananna. Í öðrum löndum mundu þessi verkefni væntanlega vera á vegum a. m. k. fjögurra stofnana, en hér í okkar litla þjóðfélagi hefur orðið að fela þessi verkefni öll einni stofnun með mjög fámennu starfsliði, sem ekki hefur verið fjölgað neitt að ráði á undanförnum árum, bæði vegna skorts á mönnum, sem hafa þá reynslu og þekkingu, sem á þarf að halda til að geta komið verulega að gagni við slík störf, og jafnframt að sjálfsögðu vegna þess mikla kostnaðar, sem það hefur í för með sér.

Það hefur hins vegar öllum aðilum málsins verið ljóst mikilvægi þess, að ekki dragist úr hófi að ljúka Norðurlandsáætlun, og eins og ég segi, verður að játa það, að henni hefur nú þegar seinkað nokkuð, því að ætlunin var, að hún yrði tilbúin nú um síðustu áramót, og þó að það sé ekki langur tími, sem því starfi hefur seinkað, er enn þá eftir að vinna mikið starf að því að forma ákveðnar till. og ganga frá samsetningu áætlunarinnar í einstökum atriðum, enda þótt gagnasöfnun vegna hennar sé í öllum meginefnum lokið, þannig að það sé þegar fenginn grundvöllur til þess, að það sé hægt að ljúka þessu starfi á ekki allt of löngum tíma.

Eins og ég vék að áðan, var í byrjun þessa árs á vegum stofnunarinnar ráðinn nýr starfsmaður, sem eingöngu á að starfa að byggðaáætlunum og byggðamálum yfirleitt. Og það hefur verið afráðið, að þessi starfsmaður hafi aðsetur á Akureyri. Enda þótt starfssvið hans eigi ekki að takmarkast við Norðurland eitt, þá verður það að sjálfsögðu fyrsta verkefni hans að vinna að því í samráði við aðra sérfræðinga stofnunarinnar og forstöðumenn hennar að ganga endanlega frá Norðurlandsáætluninni.

Það eru nú uppi ýmsar ráðagerðir um tilhögun og framhaldandi starf að byggðaáætlunum yfirleitt, sem vonazt er til, að verði framkvæmanlegri en ella vegna ráðningar þessa nýja starfsmanns og einnig vegna þess, að menn vona, að Efnahagsstofnuninni gefist nú um sinn meira tóm til að sinna þessum málum en verið hefur nú síðustu mánuðina. Það er ætlunin nú í fyrsta lagi að ljúka áætlunum um þróun samgöngumála á Norðurlandi, en jafnframt er unnið að almennri samgönguáætlun um allt landið, eins og hv. þm. er kunnugt. Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir að ljúka áætlun um þróun skólamála á Norðurlandi, en skólamálin hafa einnig verið í heild í deiglu hjá Efnahagsstofnuninni um alllangt skeið. Þá er í þriðja lagi ætlunin að ljúka á eins skömmum tíma og frekast er auðið þeim athugunum á sviði atvinnumála, sem gerðar voru á árinu 1966 og lokið þá að meginhluta til, en þarf að sjálfsögðu enn að safna ýmsum nýjum gögnum í því sambandi og miða við tímana eins og þeir eru nú, og það starf verður unnið í samráði við Atvinnujöfnunarsjóð, og niðurstöður og till. jafnframt lagðar fyrir þann sjóð og að sjálfsögðu svo fyrir ríkisstj., þegar áætlunargerðinni er lokið, og þá vitanlega gerð grein fyrir henni og þeim till., sem þar er um að ræða.

Varðandi atvinnumálin má gera ráð fyrir því, að það verði fyrst og fremst verkefni At-

vinnujöfnunarsjóðs, þegar þar að kemur, varðandi einstakar framkvæmdir, og í því sambandi veltur auðvitað ekki aðeins á því, að áætlunargerð sé lokið, heldur jafnframt verði séð fyrir fjármagni, því að áætlunargerðin, þó að hún sé góðra gjalda verð, leysir út af fyrir sig engan vanda, ef ekki er jafnframt séð fyrir því, að fjármagn verði til ráðstöfunar í sambandi við framkvæmdir. Að því máli hefur verið unnið skipulega í sambandi við þann þátt Vestfjarðaáætlunar, sem lokið hefur verið endanlega, þ. e. a. s. samgönguáætlunina. Eins og hv. þm. er kunnugt, var aflað sérstaks fjár til framkvæmda þeirrar áætlunar og miðað þá við tiltekið árabil og tryggt fé til framkvæmda á þeim þætti áætlunargerðarinnar. Sama hátt verður að sjálfsögðu að hafa varðandi Norðurlandsáætlun eða einstaka þætti hennar, ganga verður frá ákveðinni fjáröflun, því að Atvinnujöfnunarsjóður er þess auðvitað ekki megnugur með því fjármagni, sem hann hefur til ráðstöfunar af sinni föstu fjáröflun á ári hverju, að sinna þessu verkefni að nokkru ráði, þó að sjóðurinn hafi vitanlega lagt fram þýðingarmikla aðstoð í sambandi við einstakar atvinnuframkvæmdir, bæði á Norðurlandi og annars staðar. Það hefur þess vegna nú þegar verið gerð athugun á því af hálfu ríkisstj., hvort ekki væri auðið að afla fjár með nokkuð svipuðum hætti og gert var í sambandi við Vestfjarðaáætlun, og hafa menn þá haft í huga um 100 millj. kr., sem leitað hefur verið eftir, hvort hugsanlegt væri að fá með svipuðum kjörum og í sambandi við Vestfjarðaáætlun. Það er ekki enn niðurstaða fengin um þá málaleitan, en henni hefur verið tekið vel, og ég er næsta bjartsýnn um, að það takist að leysa þá hlið málsins. Áður en slíku fé yrði ráðstafað, þá þarf að sjálfsögðu að binda það við einhverja ákveðna þætti í framkvæmd þessarar uppbyggingar á Norðurlandi.

Ætlunin er, að starfsmaður Efnahagsstofnunarinnar, sem fæst við byggðamálin sérstaklega og ég hef getið um, hafi náið samband við sveitarfélögin og samtök þeirra við lokaaðgerðir í þessu máli og síðan framkvæmd byggðaáætlana. Og það er jafnframt gert ráð fyrir því, að hann verði til ráðuneytis og aðstoðar við einstök sveitarfélög við undirbúning framkvæmdaáætlana til langs tíma, að svo miklu leyti sem óskir koma fram um það og tími vinnst til þess. En eins og hv. þm. er kunnugt, hafa ýmis byggðarlög og sveitarfélög hafizt handa um gerð slíkrar áætlunar, m. a. Akureyrarkaupstaður, sem er það vel settur varðandi það mál, eins og ég gat um áðan, að þangað hefur ráðizt sem bæjarstjóri sá maður, sem einmitt hefur unnið að þessari byggðaáætlunargerð á vegum Efnahagsstofnunarinnar.

Ég sé ekki á þessu stigi, herra forseti, ástæðu til að orðlengja þetta frekar. En ég tek undir það, sem hv. fyrirspyrjendur hafa lagt áherzlu á, að það er brýn nauðsyn að ljúka Norðurlandsáætluninni sem allra fyrst. Ég játa það, að það hefur orðið á henni dráttur af þeim ástæðum, sem ég hef getið um. Það hefur ekki verið auðið að ljúka þessu með þeim hraða vegna mannaskorts, en ég mun leggja á það áherzlu, að nú verði lagt kapp á það að vinna samfellt og kerfisbundið að því að ljúka áætluninni, og geri mér vonir um það, að það geti orðið fyrr en seinna á þessu ári, enda þótt ég vilji ekki tiltaka neina dagsetningu í því efni. Það er vissulega margt, sem knýr á um, að þessari áætlunargerð verði lokið, en ég vil vekja athygli á því, að ég tel það meira um vert varðandi þessa áætlunargerð, að það verði lögð rækt við að hafa hana sem vandaðasta, þar sem hér er um að ræða fyrstu heildaráætlunargerð í þessu efni, sem unnin er hér á Íslandi og algerlega af íslenzkum sérfræðingum, heldur en hitt, að stofnunin reyni vegna pressu að afgreiða frá sér áætlunina áður en hún endanlega hefur gengið þannig frá henni, að hún telji viðhlítandi.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þá viðleitni, sem kom fram hjá honum til þess að gefa upplýsingar í sambandi við þá fsp., sem hér er til umr. Hins vegar verð ég að harma það, að hæstv. ráðh. hefur ekki aðstöðu til þess að svara beint fsp. eins og hún liggur fyrir á þskj. 239, sem var um það, hvenær vænta mætti framkvæmdaáætlunar fyrir Norðurland, sem heitið var í júnímánuði 1965. Í raun og veru sagði hæstv. ráðh., að þessu væri ekki hægt að svara, eins og sakir stæðu. **(Fjmrh.:** Það hefur komið nægilega greinilega fram, að það er alla vega gengið út frá því, að það verði á þessu ári, án þess að ég þori að nefna dagsetningar, en henni verður alla vega lokið á þessu ári.)

Já, þá er nú komið nokkurt svar, að það muni verða á árinu 1968, og ég þakka það. Ég vil minna á það í þessu sambandi, að það var í júnímánuði 1965, sem ríkisstj. gaf út yfirlýsingu sína um, að unnið yrði að þessari áætlun, þannig að það er nú í rauninni liðið nokkuð á þriðja ár síðan samið var um þessa hluti. Hitt má raunar vekja athygli, sem upplýst er, að áætlunarverkið skyldi ekki vera hafið fyrr en í marzmánuði 1966. Það er sem sé liðið nokkuð hátt í ár frá því að þetta fyrirheit var gefið og þangað til byrjað er að vinna að áætluninni á vegum Efnahagsstofnunarinnar og ferðalög fulltrúa Efnahagsstofnunarinnar um Norðurland hófust ekki, eftir því sem hæstv. ráðh. sagði, fyrr en sumarið 1966. Nú er það auðvitað svo, að þessi dráttur á áætluninni kemur mönnum allmikið á óvart og það, að málið skuli í raun og veru enn ekki vera komið af skýrslustigi, því að eins og ég tók fram hér áðan, voru gefnar upplýsingar um það á s. l. vori, að áætluninni mundi verða lokið á „þessu ári", þ. e. a. s. 1967. Ég get ekki heldur varizt því, að mér finnst eins og fram komi hjá hæstv. ráðh. nokkru minni trú á gildi slíkrar áætlunargerðar heldur en áður hafði komið fram, því að áður sagði hæstv.

ráðh. það, og hefur það sjálfsagt þá verið skoðun stjórnarinnar, að mikilvægasta skrefið að því marki, sem er alhliða uppbygging, væri einmitt slík áætlun. Nú segir hæstv. ráðh., að áætlunargerð leysi út af fyrir sig engan vanda. Mér finnst þetta bera vott um, að áhugi fyrir áætlunargerðinni hjá hæstv. ríkisstj. sé ekki eins mikill og hann var, og tel ég miður farið, að svo skuli vera.

Hæstv. ráðh. komst einhvern veginn þannig að orði í svari sínu áðan, að Atvinnujöfnunarsjóður væri þess, eins og hann komst að orði, „auðvitað ekki megnugur" að sinna þessu verkefni, þ. e. a. s. þeim verkefnum, sem áætlunin mundi fjalla um, að neinu ráði. Mér kemur þetta að vísu ekki á óvart, og ég hygg, að það sé alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta efni. Hins vegar gefur það okkur alþm. ærið umhugsunarefni, þegar þessu er beinlínis lýst yfir af hálfu ríkisstj., og ætti að vera aukin hvöt til þess að íhuga nánar fjárhagshlið jafnvægisstarfseminnar í landinu.

Tími minn er á þrotum. Ég vil aðeins endurtaka það, að ég tel það mjög miður fara, að það skuli ekki hafa getað orðið, sem var gert ráð fyrir, að áætlunin kæmi fram á tilsettum tíma. Ég var sumarið 1966 viðstaddur á a. m. k. einum fundi, sem fulltrúar Efnahagsstofnunarinnar hér áttu með sveitarstjórnum á hlutaðeigandi svæði, og ég varð þess greinilega var, að í sambandi við þann áhuga, sem kom fram hjá þeim mætu mönnum, sem þarna mættu, bundu menn allverulegar vonir við það, að árangur yrði af þessu starfi.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör þau, sem hann hefur gefið við fsp. minni og hv. 4. þm. Norðurl. v. Ég fagna því mjög, að skriður skuli vera kominn á gerð Norðurlandsáætlunarinnar, og einkum er það mikið fagnaðarefni, að ágætur maður hefur fengizt til að veita forustu þeirri skrifstofu, sem að þessum málum vinnur norðanlands. Og þá er ekki síður ástæða til að fagna því, að þessi skrifstofa hefur verið staðsett á Akureyri, því að allt of mikil tilhneiging hefur verið til þess að staðsetja allar nýjar stofnanir í Reykjavík og jafnvel bryddað á því, að menn vildu flytja suður stofnanir, sem frá upphafi hafa verið staðsettar úti á landi, þótt ljóst sé, að einmitt slíkar ákvarðanir mundu mjög til þess fallnar að örva fólksflutninga suður á bóginn og skapa bæði þeim sveitarfélögum, sem við þessu fólki eiga að taka, og eins hinum, sem skilin eru eftir fámennari en ella hefði verið og fjárvana, margvísleg vandamál og áreiðanlega, þegar til lengdar lætur, verða þjóðarheildinni mun dýrari en sú byggðastefna, sem nú nýtur vaxandi stuðnings.

Ég vil líka fagna því, að yfirstjórn framkvæmdaáætlunar Norðurl. skuli vera í höndum hæstv. fjmrh., því að um það eru allir sammála, hvað sem þeir kunna að telja sér henta að segja af pólitískum ástæðum, að enginn maður hefur meiri áhuga á því en einmitt hæstv. núv. fjmrh., að Norðurlandsáætlunin nái tilætluðum árangri. Og vissulega þarf sá árangur að verða mikill. Kemur þar að sjálfsögðu fyrst og fremst til öflug uppbygging á sviði sjávarútvegs og fullvinnslu sjávarafurða, auk þess sem fiskileit þarf að efla fyrir Norðurlandi. Síldarflutninga þarf og að auka, ekki einungis til bræðslu, heldur einnig til söltunar, og ástæða er til að ætla, að rækjuleit geti borið mikinn árangur. Síldarsöltun mun nú á komandi sumrum verða meiri um borð í veiðiskipum en hingað til hefur verið, og þá síld á að flytja á Norðurlandshafnir til geymslu og frekari vinnslu.

Ýmsir kaupstaðir og kauptún norðanlands eru mjög vel fallin til margháttaðs iðnaðar. Þar er gott og stöðugt vinnuafl, sem nýta þarf betur en hingað til hefur verið gert. Það eru uppi margar hugmyndir um iðnað, svo sem sútunarverksmiðju, auknar skipasmíðar auk margháttaðs smærri iðnaðar, og síðast en ekki sízt er sjálfsagt að rannsaka mjög gaumgæfilega, hvort ekki gæti reynzt unnt að staðsetja einhver stóriðjufyrirtæki úti á landi, en stóriðja er eitt meginviðfangsefni framtíðarinnar á atvinnusviðinu, hvað sem líður sjónarmiðum afturhaldsmanna. Í kjölfar byggingar sjóefnaverksmiðju og olíuhreinsunarstöðvar munu koma margháttuð tækifæri til efnaiðnaðar og frekari hagnýtingar vatns- og hitaorku. Þau tækifæri á að nota til að koma upp öflugum iðnaði sem víðast úti um land. Og á sama hátt verður álið frá álbræðslunni í Straumsvík undirstaða mikilvægs iðnaðar úr þessum þýðingarmikla málmi.

Það er sannfæring mín, að það átak, sem nú verður gert til atvinnuuppbyggingar á Norðurlandi, muni ekki tákna aukin útgjöld fyrir þjóðarheildina, heldur þvert á móti stuðla að mikilli auðæfasköpun, er fram líða stundir, og vissulega væri ástæða til verulegrar erlendrar lántöku til þess að hrinda þessu mikilvæga verkefni í framkvæmd, eins og hæstv. fjmrh. vék raunar að í sinni ræðu. En þótt Norðlendingar hafi af eðlilegum ástæðum mestan áhuga á framgangi Norðurlandsáætlunarinnar, er síður en svo, að það sé neitt einkahagsmunamál þeirra, hún er hagsmunamál allrar íslenzku þjóðarinnar.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Um það blandast nú engum hugur, að skipulegar framkvæmdaáætlanir um uppbyggingu í einstökum landshlutum eru hyggilegar og gagnlegar. Hafa margar nágrannaþjóðir okkar horfið að slíku ráði, ekki sízt Norðmenn, sem undanfarin ár hafa verið að framkvæma víðtæka áætlun um framkvæmdir í Norður-Noregi. Hér hjá okkur kemur hugmyndin um landshlutaáætlanir fyrst fram í till., sem við nokkrir þm. Sjálfstfl. og Framsfl. fluttum á Alþingi árið 1952. Í henni var m. a. komizt að orði á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hefja nú þegar undirbúning að heildaráætlun um framkvæmdir í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa sökum erfiðra samgangna

og skorts á raforku og atvinnutækjum. Að slíkum undirbúningi loknum skal ríkisstj. leggja fyrir Alþ. tillögur sínar um nauðsynlegar framkvæmdir. Skulu þær stefna að því að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins og tryggja sem mest framleiðsluafköst þjóðarinnar."

Enda þótt þessi till. væri samþ., verður það að segjast í fullri hreinskilni, að árangur hennar varð ekki nægilega mikill næstu árin. Miklum framkvæmdum var að sjálfsögðu haldið uppi víðs vegar um land á sviði samgöngu-, raforku- og atvinnumála. En oft skorti þar um of heildaryfirsýn og skipulega framkvæmd uppbyggingarinnar.

En á árinu 1965 gerist það síðan, að núv. ríkisstj., í góðri samvinnu við stjórnarþm. á Vestfjörðum, hefur forustu um fyrstu landshlutaáætlun hérlendis. Í framhaldi af þáltill. frá Vestfjarðaþingmönnum., sem samþ. var á Alþ. 1963, er nú gerð 4 ára áætlun um skipulegar framkvæmdir í samgöngumálum Vestfjarða, nánar tiltekið um vegagerðir, hafna- og flugvallagerðir. Framkvæmdir samkv. þeirri áætlun eru nú komnar vel á veg. Hafnir hafa verið endurbyggðar, nýir vegir lagðir og flugvellir byggðir. Verður haldið áfram að ljúka þessum framkvæmdum á næstu einu til tveimur árum.

En eftir er enn að ljúka gerð Vestfjarðaáætlunar um uppbyggingu og framkvæmdir á sviði atvinnu-, félags- og menningarmála á Vestfjörðum. Fyrir liggur þó rammaáætlun um aðgerðir í þessum málum. Ber mikla nauðsyn til þess að ljúka þessari framkvæmdaáætlun hið allra fyrsta. Hef ég nokkrum sinnum flutt tillögur um það í stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs, sem á að hafa forustu um gerð landshlutaáætlana, en mannafli hefur ekki verið fyrir hendi til þess að vinna þetta verk, eins og hæstv. fjmrh. minntist á í svarræðu sinni áðan. Efnahagsstofnunin hefur ekki getað annað því. Er það tvímælalaust skoðun mín, að óhjákvæmilegt sé að fá aukna starfskrafta til þess að sinna þessum mikilvægu viðfangsefnum, sem ekki má vanrækja eða draga á langinn. Hefur þetta að vissu leyti verið gert í sambandi við Norðurlandsáætlun, þar sem sérstökum manni, búsettum á Akureyri, hefur verið falið að vinna að gerð þeirrar áætlunar.

Landshlutaáætlanirnar eiga að verða grundvöllur alhliða uppbyggingar í þeim landshlutum, sem þær ná til. Þegar erfiðleikar, jafnvel atvinnuleysi, steðja að, er ekki hvað síst nauðsynlegt að hraða þessum framkvæmdaáætlunum. Þéttbýlið er nú að fá sína stóriðju. Það gerir atvinnuskilyrðin þar fjölbreyttari og afkomuna öruggari, og ber að sjálfsögðu að fagna því. En strjálbýlið þarf ekki síður á atvinnuöryggi og umbótum að halda. Það verður að skapa sem mest samræmi í lífskjörum og aðstöðu fólksins í þéttbýli og strjálbýli, ef við ætlum að nytja auðlindir landsins og halda uppi öflugri framleiðslustarfsemi í öllum landshlutum. Þess vegna er nauðsynlegt að hraða landshlutaáætlunum eftir fremsta megni og tryggja fjármagn til þeirra, eins og hæstv. fjmrh. benti réttilega á áðan. Ég vil því að lokum taka mjög undir þær raddir, sem komið hafa fram frá hv. fyrirspyrjendum í þessu máli, að lögð verði áherzla á að hraða landshlutaáætlun fyrir Norðurland og fyrir aðra þá landshluta, þar sem óhjákvæmilegt er, að haldið verði áfram skipulegri uppbyggingu og umbótastarfsemi á komandi árum.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Þar sem sá háttur er hér á hafður að ræða tvær fsp. í einu lagi, geri ég ráð fyrir, að ræðutími sé 10 mínútur, ef á þarf að halda. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans, svo langt sem þau náðu. Svo vil ég leyfa mér að fagna yfirlýsingu hans um það, að nú mundi verða skipulega og kerfisbundið unnið að Norðurlandsáætlun og henni mundi verða lokið fyrr en seinna á þessu ári.

Það er upphaf þessa máls, að í júní 1965 var gert samkomulag milli verkalýðsfélaganna á Norðurlandi og ríkisstj. Það samkomulag hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Þegar á næsta hausti verði hafizt handa um heildarathugun á atvinnumálum Norðurlands og að þeirri athugun lokinni undirbúin framkvæmdaáætlun, er miði að þeirri eflingu atvinnurekstrar í þessum landshluta, að öllu vinnufæru fólki þar verði tryggð viðunandi atvinna. Verði í senn athugað um staðsetningu nýrra atvinnufyrirtækja á Norðurlandi, svo sem í stálskipasmíði, skipaviðgerðum, veiðarfæragerð og fleiri greinum iðnaðar, og kannaður gaumgæfilega hagur núverandi iðnfyrirtækja og leitað úrræða til þess að tryggja framtíð þeirra iðngreina og vöxt. Um athugun þessa og áætlunargerð verði höfð samvinna við Alþýðusamband Norðurlands og samtök sveitarfélaga á Norðurlandi. Ríkisstj. mun leggja áherzlu á að afla nauðsynlegs fjármagns til framkvæmda á væntanlegri áætlun, eftir því sem auðið er á hverjum tíma."

Þannig var þetta samkomulag. Þessu samkomulagi var almennt fagnað á Norðurlandi, vegna þess að atvinnuástandið þar hefur verið þannig, a. m. k. í mínu kjördæmi, að þar hefur verið þörf fyrir atvinnuumbætur, og þess vegna fagnaði fólkið þessu mjög og bjóst við skjótum úrræðum. Þau hafa því miður dregizt á langinn. Eins og hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir, svaraði hann með bréfi fsp., sem kom fram á síðasta þingi, en þá gafst ekki tími til að ræða. Þar var því svarað, að það mundi sennilega vera hægt að ganga frá þeirri áætlun, sem átti að liggja til grundvallar sjálfri framkvæmdaáætluninni, á s. l. sumri, eða það segir orðrétt svo í þessu bréfi, með leyfi forseta:

„Er nú unnið að því að ganga frá heildarathugun um Norðurlandið allt á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga, sem aflað hefur verið, og þeirra athugana, sem gerðar hafa verið á áðurnefndum ferðalögum. Skortur á nægu starfsliði og annir við önnur verkefni valda því, að starfinu miðar hægar áfram en

æskilegt hefði verið. Er þó gert ráð fyrir, að skýrslunni verði lokið á næsta sumri."

En þetta hefur því miður ekki tekizt. Það ber að harma.

Það er beðið með eftirvæntingu eftir þessari framkvæmdaáætlun á Norðurlandi. Atvinnuástandið þar er enn þannig, að það er mikil þörf fyrir þessa framkvæmdaáætlun. Við þm. kjördæmisins, Norðurl. v., höfum á s. l. hausti og nú eftir áramótin verið á fundum bæjarstjórna á Siglufirði og á Sauðárkrók, og á báðum þessum stöðum var lögð á það megináherzla, að þessari áætlun yrði hraðað. Það er vitaskuld ekki frambærileg ástæða, að ekki sé nægilegt starfslið til þess að vinna að þessari áætlun. Það má ekki láta standa á slíku, þegar fjöldi fólks er atvinnulaus og bíður eftir því, að ráðstafanir séu gerðar. Ég vona sem sagt, að nú verði hafizt handa og framkvæmdaáætlunin gerð, því að það má ekki dragast, vegna þess að ég hef orðið þess var, að í sumum tilfellum hefur það jafnvel verið notað til þess að drepa á dreif áhugamálum, sem einstakir menn hafa viljað vinna að og koma í framkvæmd heima í byggðarlögunum, og það hefur verið sagt t. d., ef þeir hafa viljað koma á fót einhverju fyrirtæki, það hefur verið sagt við þá, að það þyrfti fyrst að athuga, hvernig þetta kæmi heim við framkvæmdaáætlun. Það má vitaskuld ekki nota framkvæmdaáætlun þannig til þess að tefja framkvæmdir og framtak einstakra manna.

Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir því, hvernig að þessari áætlun mundi verða unnið kerfisbundið nú í sumar. Hann sagði, að númer eitt yrði þróun samgöngumála á Norðurlandi. Í öðru lagi yrði það þróun skólamála og í þriðja lagi athugun á sviði atvinnumála. Vissulega er mikil þörf á því að athuga samgöngumál, sem þó eru sæmileg víðast hvar á Norðurlandi, og skólamál. En það er þó enginn vafi á því, að það, sem menn fyrst og fremst hafa haft í huga í sambandi við Norðurlandsáætlunina, eru atvinnumálin. Það er uppbygging atvinnulífsins á þeim stöðum, þar sem atvinnu hefur tilfinnanlega skort að undanförnu, og ég vil segja, að það er algerlega í samræmi við það samkomulag, sem gert var á sínum tíma milli ríkisstj. og verkalýðssamtakanna, að atvinnumálin séu látin sitja í fyrirrúmi, vegna þess að það var höfuðatriðið, að það yrði unnið að þeirri eflingu atvinnurekstrar í þessum landshluta, að öllu vinnufæru fólki þar yrði tryggð viðunandi atvinna.

Það er vissulega réttmæli, sem hv. 11. landsk. þm. sagði, að á ýmsum stöðum á Norðurlandi er fyrir hendi gott og stöðugt vinnuafl. Það vantar nefnilega atvinnu á þessum stöðum, og það vantar atvinnufyrirtæki, og það er að því, sem Norðurlandsáætlun á fyrst og fremst að beinast að mínum dómi. En betra er seint en aldrei. Það er beðið eftir þessari áætlun með miklum áhuga. Það eru allir þm. úr þessu kjördæmi algerlega sammála í þessu máli. Það er allt fólkið á þessu svæði sammála í þessu máli. Það harmar þann drátt, sem á er orðinn, og það skilur ekki þann drátt, sem talinn er stafa af því, að það vantar 1—2 starfsmenn í Efnahagsstofnun.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra þann byr, sem byggðastefnan hefur fengið og hefur um þessar mundir, og vonandi, að árangur verði mikill í því efni. Ég vil styðja það, að Norðurlandsáætlun sé hraðað og atvinnumál sett mjög á odd í því sambandi, og ég hygg, að okkur sé öllum ljóst, að á því er hin mesta þörf.

En ég vildi gjarnan leggja hér örfá orð í belg til þess að minna á Austurland sérstaklega í þessu tilliti og þá einkum vegna þess, að það hefur komið fram hér í þessum umr., sem mér var ekki nógu vel ljóst áður, a. m. k. ekki til fullrar hlítar, að þessi byggðaáætlunarmál, þau mikilsverðu efni, heyri undir fjmrh., hann sé forstöðumaður þeirra í hæstv. ríkisstj. Og einmitt af því, að hann tekur þátt í þessum umr. og fylgist með þeim, vildi ég nota þetta tækifæri til þess að minnast á Austurland og Austfjarðaáætlun. Menn mega ekki gleyma Austurlandi í þessu tilliti, þó að þar hafi verið nóg atvinna nú í nokkur missiri, en breyting til bóta í því efni stafar af því, að síldin hefur verið nær Austurlandi en öðrum landshlutum nú um sinn.

Á hinn bóginn er uppbygging á Austurlandi samt sem áður mjög í molum og á þann hátt, að þjóðartjón er að. Það er ekkert samræmi t. d. í þeirri þjónustustarfsemi, sem hægt er að inna af höndum á Austurlandi, og þeirri miklu starfrækslu við síldveiðar, sem þangað hefur færzt. Og samgöngukerfi Austurlands er ekki á nokkurn hátt megnugt að veita þá aðstöðu, sem þarf, miðað við þær stórfelldu athafnir, sem nú eiga sér stað í þessum landshluta. Að þessu er hið mesta þjóðartjón, eins og nú er komið málum, og mætti einnig í því sambandi minna á raforkumálin, sem eru snar þáttur í þessu, og raunar nálega alla aðra þætti, því að það er algert ósamræmi orðið á milli þessara þjónustuþátta annars vegar og þess framleiðslustarfs, sem þarna verður að eiga sér stað fyrir þjóðarbúið í heild, ef vel á að fara. Þess vegna þolir það enga bið að gera skynsamlega áætlun um uppbyggingu á Austurlandi, og það er ekki aðeins málefni Austfirðinga, heldur engu að síður málefni þess mikla hluta þjóðarinnar, sem á orðið alveg afkomu sína undir því, hvernig til tekst með starfrækslu í þessum landshluta.

Við höfum snúið okkur til Efnahagsstofnunarinnar, þm. Austurlands, og erum allir sammála um stefnuna í þessu máli. Við höfum farið fram á það, að byrjað væri að vinna að Austfjarðaáætlun, og höfum við lagt alveg sérstaka áherzlu á suma þessa liði, sem ég nefndi áðan, og svo auðvitað á það að finna leiðir til þess, að Austurland verði ekki algerlega háð síldveiðunum og það komi til greina einnig aukning annarra liða í framleiðslunni, jafnframt því sem síldveiðin eflist, svo sem hún hefur gert um sinn. Hér er um stórfellda og

brýn verkefni að ræða, og ég legg áherzlu á, að þau eru ekki sízt í samgöngumálum, raforkumálum og hvers konar þjónustustarfi, ekki aðeins fyrir Austfirðinga sjálfa, heldur fyrir þjóðarheildina. Okkur hefur verið vel tekið í Efnahagsstofnuninni, en engin ákvörðun hefur enn fengizt um framkvæmd þessa verks, gerð Austfjarðaáætlunar. Það mun vera byrjað að undirbúa á vegum stofnunarinnar nokkuð einstaka liði, og lýsum við ánægju okkar yfir því, svo langt sem það nær. En við bendum á og höfum bent stofnuninni á, og ég vil benda hæstv. ráðh. á og hv. Alþ. og nota þetta tækifæri til þess, að þá má ekki setja þessi mál aftur fyrir.

Ég vil á engan hátt draga úr nauðsyn þess, að Norðurlandsáætlun sé hraðað og að það sitji fyrir nálega öllu öðru atvinnumálaþátturinn í því sambandi, vegna þess hvernig þar er ástatt. Ég vil á allan hátt taka undir það. En hitt vil ég segja, að það má ekki gleyma öðrum mjög þýðingarmiklum þáttum í þessu og láta þá bíða þar til í óefni er komið.

Í því sambandi vil ég sérstaklega minnast á það, sem hæstv. ráðh. kom inn á, og það er Efnahagsstofnunin og styrkur hennar til þess að anna því mikla hlutverki, sem henni er ætlað, þar sem henni er ekki eingöngu ætlað að fjalla almennt um efnahagsmálin, heldur einnig að sjá um þessar byggðaáætlanir, sem eiga að vera grundvöllur undir fjárfestingarstarfseminni framvegis úti um landið. Ég vil benda á, að þessa stofnun verður þá að efla. Það verður að efla þessa stofnun, eins og hér hefur komið fram hjá ýmsum þm. M. a. hygg ég, að það hafi komið fram hjá hv. 1. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Norðurl. v. mjög greinilega, að það þarf að efla þessa stofnun, því að annars getur illa farið. Það getur illa farið, ef ekki verður undinn bráður bugur að því að efla þessa stofnun að góðum mannafla, svo að hægt verði að vinna að öllum þessum þýðingarmiklu málum svo að segja í senn. Það er ekki hægt að láta þessa stóru þætti, sem ég hef gert að umtalsefni, bíða, þangað til öllu öðru er lokið. Það verður að vinna að mörgu í senn, en ég endurtek það enn og aftur, að ég skil, að atvinnumálaþáttur Norðurlandsáætlunar verður að hafa forgang. En hitt verður að koma líka, áður en það er of seint.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða við þetta tækifæri að lýsa furðu minni yfir þeim seinagangi, sem verið hefur á gerð framkvæmdaáætlunar fyrir Norðurland. Þetta er víst fjórða árið í röð, sem rætt er á Alþ. um áætlanagerð og rannsókn á atvinnuástandi norðanlands. Og þetta er fjórða árið í röð, sem spurt er hér á Alþ., hvenær ríkisstj. byggist gera einhverjar varanlegar ráðstafanir til úrbóta. En eins og kunnugt er, hefur sums staðar norðanlands og einkum á vestanverðu Norðurlandi verið neyðarástand ríkjandi í atvinnumálum árum saman, þótt næg atvinna væri annars staðar á landinu og hvað þá núna, þegar annars staðar kreppir að. Vissulega eru þeir ófáir sendimennirnir, sem gerðir hafa verið út héðan að sunnan til þess að rannsaka atvinnuástand og byggðaþróun á Norðurlandi. Og þær eru líka ófáar skýrslurnar, sem skrifaðar hafa verið um málið og sendar hafa verið út um hvippinn og hvappinn. En gallinn er sá, að ráðagerðir um atvinnubætur norðanlands hafa aldrei sloppið út úr völundarhúsi skriffinnskunnar. Hæstv. ráðh. sagði, að Norðurlandsáætlun yrði tilbúin á þessu ári, og á seinasta ári sagði hæstv. ráðh. Eggert G. Þorsteinsson, að áætlunin yrði tilbúin á því ári o. s. frv. Þetta kann að vera rétt, en reynslan verður að skera úr því.

Einu sinni heyrði ég hæstv. iðnmrh., Jóhann Hafstein, sem ýmislegt gáfulegt segir, eins og þingheimur veit, ég heyrði hann kvarta yfir því hér í þinginu, að við stjórnarandstöðuþm. værum að spyrja og spyrja um atvinnubætur norðanlands og vektum þannig tálvonir, eins og hann kallaði það: tálvonir. Vissulega hafa verið vaktar vonir með miklum umr. á Alþ. Við stjórnarandstöðuþm. höfum vakið vonir Norðlendinga með réttlátum kröfum um tafarlausar aðgerðir. En hver er það, sem hefur vakið tálvonir? Hverjir eru það, sem standa hér upp ár eftir ár og lofa öllu fögru án þess að nokkuð gerist?

Að undanförnu hefur mikið verið talað um atvinnuhorfur í Reykjavík og hér suðvestanlands í vetur, og það er sannarlega ekki ástæða til þess að draga úr því, að hér er að skapast mjög alvarlegt ástand. En ég verð að segja, að miðað við reynsluna af Norðurlandi er ég ekki sérlega bjartsýnn fyrir hönd þeirra manna hér sunnanlands, sem ganga atvinnulausir. Stundum hafa allt að því jafnmargir verið atvinnulausir á Norðurlandi vestra og nú eru atvinnulausir í allri Reykjavík, og þó er það kjördæmi eitt út af fyrir sig 8 sinnum mannfærra en höfuðborgin. En brátt fyrir slíkt ástand bólar ekki á neinum verulegum aðgerðum af hálfu ríkisstj. árum saman.

Hér er auðvitað ekki tími til almennra umr. um þetta mál. En ég vil sem sagt aðeins leggja áherzlu á óánægju mína og margra annarra með aðgerðarleysi þeirra, sem bera ábyrgð á svokallaðri Norðurlandsáætlun. Kannske er vonlaust að ætlast til þess, að stofnanir hér suður í Reykjavík geri nokkurn tíma stórátök í atvinnumálum annarra landshluta, og kannske er von um, að meiri skriður komist á málið, þar sem nú er afráðið, að einn starfsmaður verði staðsettur á Norðurlandi, og vissulega ber að fagna því. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að slíkar landshlutaáætlanir komi ekki að miklu gagni fyrr en sköpuð hefur verið aðstaða í hverjum landsfjórðungi til þess að heimamenn geti haft forustu og frumkvæði um slíka áætlanagerð. Fjórðungsþing og fjórðungsskrifstofur eiga að hafa forustuna í hverjum landsfjórðungi, en sennilega þurfa þessir aðilar að njóta einhvers stuðnings ríkisvaldsins meðan verið er að koma slíkum héraðsstjórnum á fót. Hitt er annað mál, sem auðvitað er ekki tími og tækifæri til að ræða hér

frekar, að það er hætt við, að ekki verði gerð mikil stórátök í atvinnumálum Norðlendinga frekar en annarra landshluta meðan núverandi stjórnarstefna er eins og hún er, því að fyrst og fremst er það röng stjórnarstefna og ekkert annað, sem á sök á atvinnuástandinu norðanlands, eins og margoft hefur áður verið rakið og hér verður ekki endurtekið.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það var nú allmikið notað í kosningunum s. l. vor, að það ætti að gera mjög viturlega Norðurlandsáætlun og ekki átti að standa á framkvæmdunum. Þetta var eitt aðalkosningamálið í minu kjördæmi. En það er komið dálitið annað hljóð í strokkinn nú. Vélin virðist hafa brætt úr sér, því að nú virðist eiginlega ekkert hafa verið gert síðan frá kosningum, og óákveðið, hvað gert verður.

Ég hef ekki nema gott að segja um núv. fjmrh. og líkar margt vel hjá honum, m. a. það, að mér hefur virzt hann hafa ríka réttlætiskennd, og er það vel, að maður í jafnábyrgðarmikilli stöðu skuli hafa slíkan kost til að bera. En viðvíkjandi þessari framkvæmd er ég engan veginn ánægður. Það ferðuðust þarna um hjá okkur þrír menn og kynntust fólkinu og aðstöðu þess. Ég sagði við formann þeirrar nefndar, að mér virtist hann hafa fengið talsvert meiri yfirsýn, meiri reynslu og skilning á kjörum fólksins úti í dreifbýlinu við að kynnast fólkinu og ástæðum þess, og hann játaði, að svo hefði verið. En svo þegar þessir menn eru búnir að kynna sér málið, er málið tekið úr höndum þeirra og falið einhverjum öðrum manni, sem er falinn norður á Akureyri. Það er ekki því að neita, að við t. d. í okkar kjördæmi komum hingað, en ekki til Akureyrar. Þm. eru hér, og ég er ekki að segja, að við eigum að hafa forgöngu í atvinnumálum, en þannig er það, að fólkið snýr sér til okkar. Við erum boðaðir á fundi í kaupstöðunum, og það er talað við okkur um að gera eitthvað til umbóta í atvinnumálunum. Það væri ákaflega æskilegt og þægilegt fyrir okkur að geta haft tal af þessum ágæta manni. Hann má vera meira en litlum kostum búinn, þessi eini maður, ef hann hefur vit á öllu. Það virtist þannig samkv. ræðu hæstv. fjmrh. Það á ekkert að tala við þm. um þessa áætlun. Jú, það á náðarsamlegast að sýna hana ríkisstj. Svo á að ræða við sveitarstjórnir. Það er þegar búið að ræða við sveitarstjórnir. Ég hef spurt sveitarstjórnir að því. Svo var ráðgert að endursenda þeim uppkastið, þegar búið er að semja það. Ég hef spurt þær að því, hvort þær hafi fengið þetta s. l. ár. Nei, engin hafði fengið það.

Það má vera meira en lítið vitur maður þarna norður á Akureyri, ef hann hefur vit á öllum hlutum, samgöngumálum, skólamálum og atvinnumálum í öllum greinum, hvort það er heldur frystiiðnaður eða önnur sjávarútvegsmál. Í skólamálum hélt ég, að ríkisstj. hefði sinn oddvita hér fyrir sunnan, og allt hefur verið í athugun hjá þeim, hvort ekki væri hægt að koma einhverju betur fyrir. Margt annað er frekar að hjá okkur en samgöngumálin. Nei, það sem máli skiptir, eru atvinnumálin, og það, sem fólkið óskar eftir og biður um, er aðstoð og einhver skipulagning í atvinnumálunum. Það veit enginn betur en hæstv. fjmrh., að þetta þolir enga bið. Það verður að taka ákvörðun um það t. d., á hvern hátt á að reka frystihúsin. Það þýðir ekkert að hafa tvö frystihús fjárvana og hráefnislaus á sama stað. Þetta veit enginn betur en fjmrh., því að vitanlega veit ég, að hann hefur gert sér það ljóst. Og þetta þolir enga bið.

Sama er að segja um skólamálin, sem þegar er að mestu leyti búið að taka ákvörðun um. Á þessi blessuð Norðurlandsáætlun hjá þessum huldumanni þarna fyrir norðan, á hún að koma, þegar búið er að taka ákvörðun um þetta allt saman? Vilja þeir ekki færa Seðlabankann norður líka, svo að þið séuð ekki alltaf að raga og rekast í Jóhannesi með þetta? Þetta er víst Nordal II. þarna, sem enginn má hafa tal af og enginn sjá, því að enginn má yfirleitt hafa kynni af þessum Nordal, sem við höfum hér í Reykjavík. Þeir gætu þá spjallað þar saman. Nema ríkisstj., það er hún ein, sem má hafa samband við hann. Þetta er einhver leyndur páfi. En það er ákaflega óæskilegt fyrir okkur. Fólkið snýr sér til okkar, gerir kröfur um, að við gerum eitthvað. Svo er einhver maður, sem við megum helzt ekkert við tala. Hann má bara senda ríkisstj. þetta, þegar hann er búinn að vinna úr öllu, og hann á að hafa vit á öllu. Ég er ekkert að gera lítið úr þessum manni. Þetta er vafalaust vel gefinn maður, því að ég veit, að þeir eiga lítið annað í fórum sínum, sjálfstæðismenn, en hitt dreg ég í efa, að hann sé alvitur eða hafi vit á öllum hlutum.

Þetta er alvarlegur hlutur. Atvinnumálin þola enga bið. Það verður að taka ákvörðun um þetta. Þetta veit fjmrh. manna bezt. Það verður að taka ákvörðun um, á hvern hátt á að reka frystihúsin, og við verðum að gera út um það á þessu þingi, á hvern hátt á að reka sjávarútveginn á Norðurlandi, hvort á að leyfa togveiðar innan landhelgi eða ekki, hvaða skipastærð er hentugust. Og það verður að útvega fólkinu hentug atvinnutæki, þannig að það geti lifað sómasamlegu lífi.

Það er alveg rétt hjá fjmrh., það er ekki nóg að gera áætlun. Það verður að fylgja henni eftir. Það verður nú fyrst og fremst að vera vit í áætluninni, og svo verða menn að hafa einhverja möguleika til að framkvæma hana. En þó er það ekki aðalatriðið. Þó menn hafi mikil fjárráð, er hægt að haga þeim af þeirri óhagsýni, að fjármunirnir komi ekki að gagni.

Sannleikurinn er sá viðvíkjandi umbótum í sjávarútveginum, að það þarf ekki mikið fjármagn, en það þarf að framkvæma hlutina á skynsamlegan hátt, og það þarf að greiða fyrir lánsútvegun. Það er ekki til neins að reka fyrirtæki hráefnislaus með stórum rekstrarhalla ár eftir ár. Þó ekki sé nema 2—3 millj. kr. fyrirgreiðsla á bát, það getur gert mögu-

legt að kaupa bátinn. Það vita allir, að það er hægt að fá nóga báta nú. Það vita líka allir, að það kreppir víðar að en á Norðurlandi. Það riða til atvinnufyrirtæki um allt land. Það liggur við, að mjög sterk atvinnufyrirtæki hafi enga möguleika á að koma bátunum á flot eða frystihúsunum í gang. Og það er skraf og ádeilur á frystihúsin, að það sé óverjandi fyrir þau að hafa verið að stöðva í einn mánuð, þegar ekkert veiddist og engu máli skipti, hvort þau voru í gangi eða ekki. Það er aðallega spjall hjá mönnum, sem ekkert virtust vita, hvað þeir voru að segja. Það er ekkert þægilegt fyrir forstöðumenn fyrirtækja að geta ekki borgað fólki. Það er ekkert skemmtilegt fyrir menn, sem vilja vera heiðarlegir og standa við orð sín, að geta það alls ekki. Sannleikurinn er sá, að mörg frystihúsin voru svo aðþrengd, að þau gátu ekki starfað án einhverrar fyrirgreiðslu. Þeir kasta því oft steini, sem ekki vita, hvað þeir eru að gera í þessum efnum.

Það, sem ég vildi leggja áherzlu á, er þetta: Það verður að taka ákvörðun um vissa hluti, t. d. rekstur frystihúsanna og sjávarútvegsmálin, sem eru höfuðmálin. Það er ekki hægt að bíða eftir einhverjum manni norður á Akureyri, hvenær honum þóknast að senda eitthvað frá sér. Þetta átti vitanlega að vera búið, og þetta átti eðlilega að vera í höndum þeirra manna, sem bezt voru búnir að kynna sér þetta. Ég veit, að Efnahagsstofnunin hafði mikið að gera við að athuga, hvort hún ætti að fella gengi eða ekki fella gengi, en út af fyrir sig, úr því að dansað var eftir Bretanum og allt var vitlaust reiknað út hvort sem var, þá hefði tæplega skipt miklu máli, þótt Efnahagsstofnunin hefði einnig gengið frá Norðurlandsáætluninni.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það hefur margt fróðlegt verið sagt í þessum umræðum og sumt skemmtilegt líka, sem vert væri að gera að umtalsefni, en það er ekki margt af því, sem ég þarf að gera aths. við. Í meginefnum er ég alveg sammála þeim hv. þm., sem hér hafa talað, um mikilvægi þess að ljúka þessari áætlanagerð og mikilvægi byggðaáætlana yfirleitt. Og það hefur, eins og ég áðan sagði, ýmislegt komið fram, sem í rauninni getur orðið til styrktar þessu máli. Ég tel það t. d. mjög miklu varða, að það hefur komið hér fram, að því að mér skilst, mjög almennur skilningur á mikilvægi Efnahagsstofnunarinnar og starfi hennar. Sá skilningur hefur nú ekki alltaf verið fyrir hendi, því að fyrir tveim þingum, held ég að það hafi verið, var það eitt af því, sem var fært ríkisstj. til dómsáfellis, að hafa sett á stofn skrifstofuapparat eins og Efnahagsstofnunina, sem væri einn þátturinn, sem sýndi, hvernig verið væri að þenja út stjórnsýslukerfið. Nú er talað um, að það þurfi að efla hana sem allra mest og sjá henni fyrir öllum nauðsynlegum starfskröftum. Ég er alveg sammála því og hef alltaf verið, og ég tel, að það sé þess vegna mjög gott, að þær raddir komi fram hér á Alþ. Hitt vil ég leggja jafnríka áherzlu á, að það þjónar engum tilgangi að fylla eina stofnun með starfsliði. Það, sem fyrst og fremst þarf að gera, er að sjá um það, að til stofnunarinnar ráðist sem beztir menn og hún sé skipuð úrvalsmönnum. Og stofnun með fámennu starfsliði, ef það er þannig skipað og valið, getur áreiðanlega unnið miklu meira verk en stofnun, sem hefði jafnvel tvöföldu starfsliði á að skipa, sem ekki hefði sérþekkingu til að bera, sem þarf til að vinna að því verkefni, sem stofnunin á að vinna að. Þessu er alveg nauðsynlegt að gera sér grein fyrir.

Ég er sammála þeim röddum, sem hér hafa komið fram um það, að auðvitað má ekki skjóta á frest nauðsynlegum verkum, vegna þess að starfskraftar séu þar ekki fyrir hendi. Ef þá starfskrafta er að fá, er sjálfsagt að gera það, og verður þá að meta það í ljósi þeirrar þýðingar, sem verkin hafa, hvort leggjandi sé í þann kostnað, en það hefur verið skoðun forstjóra Efnahagsstofnunarinnar, og ég er honum algerlega sammála í því, að það sé betra að fara í þetta með gætni og láta jafnvel heldur eitthvað bíða en að stofnunin fari úr þeim farvegi, sem hún hefur verið í og ég tel ákaflega mikilvægan. Hún hefur fengið á sig gott orð, fyrst og fremst vegna þess, að hún hefur haft ágætum starfsmönnum á að skipa, sem hafa haft þekkingu á þeim málum, sem þeir hafa verið að fást við, og unnið með þeim hætti, að stofnunin hefur einmitt fengið þá tiltrú, sem hefur komið í ljós hér á Alþ., að hún hefur, og sem gleður mig mjög.

Einn hv. ræðumanna sagði hér áðan, að höfuðvandinn og orsökin í efnahagsvandamálum Norðurlands væri röng stjórnarstefna. Það er nú auðvelt að slá svona löguðu fram, og það höfum við oft heyrt, en vitanlega er þetta fjarri öllum veruleika. Það, sem er höfuðvandinn, og það þekkjum við allir, sem þekkjum norðlenzk vandamál, er fyrst og fremst hinn stórkostlegi aflabrestur fyrir Norðurlandi. Ef aflabrögð hefðu verið með eðlilegum hætti fyrir Norðurlandi undanfarin ár, væru engin atvinnuvandamál á Norðurlandi. Og þetta er m. a. einn þátturinn, sem við er að fást í sambandi við áætlanagerð og spurningu um uppbyggingu þessa landshluta, og hef ég sjálfur átt kost á að ræða þetta við marga menn norðanlands. Spurningin er um það, hvort þessi byggðarlög ætla að hverfa frá sjávarútvegi eða ekki, og það eru miklar efasemdir í fólki í sjávarplássunum norðanlands, hvort það vilji breyta um stefnu eða hvort það vilji heldur reyna að þrauka nokkuð enn í von um það, að fiskur leggist að landi, bæði síld og annar fiskur, því að það er alveg ljóst, að á mörgum þessum stöðum hafa verið byggð upp nægileg atvinnutæki í sjávarútvegi til að veita öllum íbúum þar atvinnu, þannig að það er ekki þessi tæki, sem skortir, síður en svo. Það vantar hráefnið, og ef það ætti að fara að breyta atvinnuskilyrðum og atvinnuaðstöðu í þessum byggðarlögum með því að fara nú að byggja

upp ný atvinnutæki í allt öðrum greinum, sem tækju við þorra af þessu fólki, og síðan kæmi fiskur, þá annaðhvort yrðu þessi atvinnutæki að leggjast niður eða þá, að ekki væri hægt að stunda sjávarútveginn sem skyldi, þannig að hér er ekki um neitt einfalt mál að ræða, sem sé hægt að leysa ósköp vandalítið bara ef menn fá áætlun. Vandamálið er miklu viðtækara en þetta, og eins og ég segi, það vita allir Norðlendingar, hvort sem er á Norðurlandi vestra eða eystra, að ef aflabrögð væru með eðlilegum hætti, væri ekki við þann vanda að glíma, sem þarna er að glíma við í dag.

Ég leyfi mér að harma það, að jafnglöggur maður og hv. 5. þm. Norðurl. v. skyldi láta ýmis þau orð falla, sem hann gerði, fyrst og fremst að það skyldi koma fram í hans ræðu jafnmikil vantrú á því, að það ætti að hafa opinbera starfsemi úti á landi, eins og kom fram í ræðu hans. Þetta er sjónarmið, sem auðvitað er í algerri andstöðu við þá skoðun, sem við erum að berjast fyrir, sem viljum stuðla að eðlilegu jafnvægi í byggð landsins. Það er einmitt, að vissar stofnanir séu fluttar út á land, og ég segi: Hvaða starfsemi á fremur að flytja út á land en athugun á byggðavandamálinu og framkvæmdaáætlunum strjálbýlisins? Ég veit ekki hvað frekar ætti að vera þar. Og það, að þm. sitji hér í Reykjavík og þess vegna hljóti allt að verða að vera hér, það er kannske stefna, sem ýmsir geta skrifað undir. Ég veit það ekki. En ég held, að það sé þá ekki hægt fyrir okkur að komast mikið áleiðis með okkar byggðamál, ef ekki á einnitt að stuðla að því að dreifa eitthvað um landið ýmsum framkvæmdastofnunum ríkisins.

Það, að einn maður geti haft allt vit, það dettur auðvitað engum manni í hug. Það hefur enginn allt vit til að bera, þannig að hann hafi þekkingu á öllum hlutum. Og það hefur engum hugkvæmzt það, þó að hann væri sérfræðingur, sem ynni að þessum byggðavandamálum, að hann gæti sjálfur vitað alla hluti. Hann á vitanlega að safna gögnum og upplýsingum og vinna úr þeim og leita til þeirra sérfræðinga, sem til þarf í hverri einstakri grein. Hann á að hafa forustu um að vinna verkið undir leiðsögn forstjóra stofnunarinnar, eins og gerist í öllum þeim greinum, sem þessi stofnun og aðrar slíkar hafa með að era.

Varðandi það atriði, hvort togveiðar eru eyfðar eða ekki, verður það nú varla þáttur í Norðurlandsáætlun. Það er nú miklu viðtækara vandamál. Um rekstur frystihúsanna, það er alveg hárrétt hjá hv. þm., að það er mikið vandamál. En það er hins vegar ekki sérstakt vandamál í sambandi við Norðurlandsáætlun. Að því er unnið á öðrum vettvangi, og ég skal játa það einnig, að það ber einnig að harma, að því verki skuli ekki hafa lokið fyrr. En það á allt sínar skýringar. Hann kom einmitt inn á eitt atriði, sem er ósköp fróðlegt að víkja að, spurningunni um það, að í einu byggðarlagi norðanlands væru tvö frystihús, sem hefðu alls ekki nægjanleg verkefni til að starfa bæði. Þetta er stórfellt vandamál. Vitanlega mun Norðurlandsáætlun ekkert úrskurða um það, segja til um það, að á þessum stað sé ekki auðið að reka nema eitt frystihús. Það verður áreiðanlega niðurstaðan hjá henni. En hún vill auðvitað ekki segja fyrir um það, hvoru frystihúsanna skuli loka. Það er alveg útilokað mál. Af hálfu Atvinnujöfnunarsjóðs hefur þegar verið lögð á það áherzla við forráðamenn á þessum stað og forráðamenn beggja frystihúsanna, að sjóðurinn væri reiðubúinn til þess að leggja fram verulega aðstoð, ef þeir kæmu sér saman um að sameina þessi fyrirtæki og starfrækja þau með eðlilegum hætti. Við höfum ekkert vald til að knýja þau til að gera þetta, nema með þeim einum hætti þá að neita um alla aðstoð og bíða þess, að allt fari í strand. Þetta er auðvitað eitt vandamál, þessi mannlegu viðbrögð, sem við er að fást og engar áætlunargerðir geta leyst. En gott er að nefna þetta, því að það er mjög dæmigert, alveg raunverulegt dæmi um þann vanda, sem við er að glíma á svona sviðum.

Það er alveg nauðsynlegt að gera sér grein fyrir nauðsyn þess að láta allt sitja í fyrirrúmi varðandi atvinnumálin á Norðurlandi. Ég er alveg sammála um, að það er höfuðvandamálið í dag. En því verða menn að gera sér grein fyrir, að Norðurlandsáætlun út af fyrir sig er ekki áætlun um það, að á viðkomandi stöðum skuli gerðar þessar tilteknu framkvæmdir. Hún er ekki áætlun um það, að ríkið skuli setja upp atvinnufyrirtæki á þessum og þessum stað. Hún gerir alls ekki ráð fyrir því og mun alls ekki gera. Og það hefur verið meginsjónarmið okkar í atvinnujöfnunarsjóðsstjórn, alveg burtséð frá skiptingu okkar í flokka, að það væri frumnauðsyn þess, að um raunverulega uppbyggingu staðar gæti verið að ræða, að frumkvæðið kæmi heiman frá um það og þaðan kæmi forustan í atvinnulífinu. Það, sem væri okkar verkefni, væri að reyna innan þess ramma, sem kæmi í ljós, við skulum segja við Norðurlandsathugun, að væri talið skynsamlegt á viðkomandi stað að byggja upp, að hjálpa til með lánveitingar eða með fyrirgreiðslu við lánastofnanir. Það er ekki ætlunin, að við getum tekið á okkur allan vanda, heldur eiga það að vera viðbótarlán, að greiða fyrir þeim, ef frumkvæðið er heima fyrir og framtak til þess að standa að þessum atvinnuframkvæmdum. En alls ekki það, að þessi áætlun eigi að segja fyrir um hlutina og síðan eigi það samstundis að komast í framkvæmd, séu atvinnuvandamál á einhverjum stað, skuli þar reisa eitthvert tiltekið atvinnufyrirtæki og ríkisvaldið skuli þá tryggja það, að þetta fyrirtæki rísi. Það hefur aldrei verið hugmyndin með þessari áætlunargerð. Áætlunargerðin er kortlagning þeirra vandamála, sem við er að glíma. Hún er að vísu fyrst og fremst áætlun um ríkisframkvæmdir, eins og gerðist á Vestfjörðum, þar sem eru samgöngumálin. Það eru vissir þættir, sem ríkið sjálft hefur forustu um. Það eru sam-

göngumálin, og það eru, eins og hv. 1. þm. Austf. vék að, að vissu leyti raforkumálin, og það eru menntamálin. Tvær heildaráætlanir fyrir landið eru í gangi bæði í fræðslumálum og samgöngumálum, og vitanlega verður Norðurlandsáætlunin í þeim þáttum tengd þessari heildaráætlun. Og hér er vitanlega um að ræða ríkisframkvæmdir í samgöngumálum að öllu leyti og í skólamálum að mjög verulegu leyti. Og hér er það, sem þörf er á að athuga, hvenær ríkið ætti að leggja fram fé til þessara ákveðnu þátta.

Eins og ég sagði áðan, er atvinnumálaáætlunin með allt öðrum hætti. Hún er kortlagning atvinnuvandamálanna, ástandsins í atvinnumálum á hverjum stað, athugun á því, bæði eftir því sem sérfræðingar okkar segja til um, og eftir því sem skoðanir manna í sveitarfélögum og verkalýðssamtökum á hverjum stað segja til um, hvað væri skynsamlegt að byggja upp á þessum stað miðað við atvinnuaðstæður þar, miðað við fólksfjölda og miðað við horfur um fólksaukningu. Síðan verður þetta vinnuplan, ef svo má segja, fyrir Atvinnujöfnunarsjóð og eftir atvikum aðra framkvæmdasjóði í landinu, ef koma til aðilar á þessum stöðum, sem vilja beita sér fyrir því á raunhæfan hátt og með skynsamlegri uppbyggingu, að þessar framkvæmdir geti orðið að veruleika. Þannig er þessi áætlunargerð hugsuð. Og því fer vitanlega víðs fjarri, að það merki einhverja algera stöðnun, að framkvæmdaáætlunin sem slík hafi ekki endanlega séð dagsins ljós. Eins og ég hef sagt, hefur þegar fyrir meira en ári síðan verið farið um þessi svæði, og athuganir þær, sem þá fóru fram, voru samstundis afhentar stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs, og sjóðsstjórnin hefur haft þessar skýrslur til athugunar og hliðsjónar við aðstoð sína við ýmis atvinnufyrirtæki á þessum stöðum. Og auk þess hefur nú síðustu árin verið varið mjög verulegu fé fyrir samstarf verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlandi og ríkisstj. og fyrir aðstoð Atvinnuleysistryggingasjóðs og Atvinnujöfnunarsjóðs til þess að reyna að létta þann stóra vanda, sem er höfuðorsök atvinnuleysisins á Norðurlandi, en það er aflabresturinn. Í þetta hefur verið varið milljónatugum á þessum árum, og nú síðast í haust samþykkti ríkisstj. að verja 12 millj. kr. á þessum vetri til þess að aðstoða við útgerð á Norðurlandi, og vitanlega er þetta veigamikil og jákvæð aðgerð til þess að stuðla að því að leysa — ég segi ekki leysa, en létta þann mikla vanda, sem við er að glíma á Norðurlandi í þessum efnum, þannig að því fer víðs fjarri, að öllu hafi verið kastað fyrir borð eða allt látið bíða, bara með því að bíða eftir endanlegri gerð Norðurlandsáætlunar. Það hefur margt verið gert jákvætt í þessum efnum, og það hefur verið reynt að greiða fyrir atvinnufyrirtækjum á Norðurlandi, og mun vissulega verða reynt að gera það á þessu ári, eftir því sem aðstæða Atvinnujöfnunarsjóðs frekast leyfir. Það má enn benda á, að mjög merkilegt átak hefur verið gert fyrir Norðurland með stálskipasmíðinni á Akureyri, sem er eitt þýðingarmesta atvinnufyrirtækið norðanlands. Ég er ekki með þessu að segja, að vel hafi verið gert við Norðurland og þar megi ekki margt fleira gera. Og ég er ekki með þessu að draga úr nauðsyn Norðurlandsáætlunar. En ég er aðeins að segja það, að menn verða að horfa með raunsæi á þetta, og vitanlega má það ekki ske, að það sé t. d. sagt, ef það er rétt, sem ég veit ekki um, sem einhver sagði hér áðan, að það væri látinn bíða stuðningur við ákveðin atvinnufyrirtæki á Norðurlandi með skírskotun til þess, að það yrði ekkert gert í því fyrr en Norðurlandsáætlun sæist. Mér er ekki kunnugt um þetta, en ef svo er, tel ég það mjög miður farið og fráleitt.

Nei, ég hef síður en svo misst trú á gildi áætlunargerðar, eins og hér var sagt af einum hv. þm. áðan, að orð mín bentu til. Það eina, sem ég sagði áðan, var það, að áætlunargerðin ein væri ekki lausn á vandanum. Áætlunargerðin er, eins og ég sagði, nánast vinnuplan, nauðsynlegt vinnuplan. En það, sem er höfuðnauðsyn til þess að málið leysist, er vitanlega fjármagnið annars vegar og þá samhliða framtak þess fólks, sem í þessum byggðarlögum býr, til þess að byggja upp atvinnulíf sitt. Og þess vegna var það, að ég lýsti líka í frumræðu minni því áliti ríkisstj., að höfuðnauðsyn væri að gera nú þegar, enda þótt endanleg áætlun liggi ekki fyrir fyrr en síðar á þessu ári, ráðstafanir til þess að afla fjár. Þau lýstu ekki neinu nýju viðhorfi hjá mér eða vantrú á því, að Atvinnujöfnunarsjóður gæti leyst málið, þau orð, sem ég notaði í svari mínu hér áðan. Ég átti við það, að hann væri þess ekki megnugur af eigin fé sínu að leysa þennan vanda, og það hefur aldrei verið reiknað með því. Sjóðurinn hefur víðtækar lántökuheimildir, og Vestfjarðaáætlunin eða samgönguáætlun Vestfjarða var leyst fyrir lánsfé. Það er vitanlegt, að ef á að gera einhver heilsteypt átök í tilteknum flokki mála, hvort sem það er á sviði atvinnumála, samgöngumála, menntamála eða á einhverjum öðrum sviðum, fyrir ákveðna landshluta, verður að gera það með öflun lánsfjár, og ég álít, að það sé ekkert voðalegt, a. m. k. ekki það að taka erlent lánsfé í sambandi við uppbyggingu framleiðslu, aukinnar framleiðslu. Það er okkur vitanlega ekkert hættulegt. Það hefur þegar verið hafizt handa um að leita fyrir sér um þetta fé og ég geri mér vonir um það, eins og ég áðan sagði, að það sé hægt að leysa þennan vanda, og það er vitanlega höfuðnauðsyn, og ég mundi segja, að það væri að bregðast fólki, ef við reyndum ekki einmitt, jafnhliða því sem Norðurlandsáætlunin verður til, að hafa þegar athugað fjármagnshlið málsins, þannig að hún yrði ekki aðeins pappírsplagg. Það er höfuðnauðsyn, og um það er ég sammála öllum hv. þm., sem að því hafa vikið.

Ég skal ekki fara um þetta mörgum fleiri orðum. Það hefur verið sagt, að það sé óhæfi-

legt, hvað þessi áætlunargerð hafi dregizt. Það er auðvitað alltaf matsatriði. Ég álít, að mjög verði að vanda til áætlunargerðar sem þessarar, sem er frumsmíði hér á landi hvað snertir vinnu íslenzkra sérfræðinga. Þeir hafa algerlega unnið að þessari áætlun, og ég álít, að það sé nauðsynlegt, að hún sé unnin af íslenzkum sérfræðingum. Vestfjarðaáætlunin var ekki unnin af íslenzkum sérfræðingum nema að mjög litlu leyti, heldur af norskum. Ég er ekki að gera lítið úr þeirri áætlunargerð, en það hefur komið oft í ljós við athugun útlendinga á slíkum aðstæðum, að þeir eru ekki eins kunnugir íslenzkum staðháttum og nauðsynlegt er, og af því leiðir, að það er engum efa bundið, að það er æskilegt, að við höfum sérfræðinga, og ég álít, að við höfum þá nú sem betur fer, mjög færa menn. Og ég álít, að upp á framtíðina, hvort heldur er Austfjarðaáætlun eða framhald Vestfjarðaáætlunar, þá sé það höfuðnauðsyn að gera þessa áætlun nú, Norðurlandsáætlunina, sem bezt úr garði.

Ég sagði áðan og viðurkenndi það, að á þessu hefði orðið nokkur dráttur. Ég hef að vísu aldrei sagt, að áætlunin yrði til fyrr en nú um síðustu áramót, þannig að drátturinn er ekki enn þá orðinn mikill frá því, sem sagt var í þeim efnum. Það kann að vera, að þegar lengra líður frá, geti menn sakað um óhæfilegan drátt, og þá er að sjálfsögðu að taka því. Ég sagði það, að ég gæti engu lofað um ákveðna dagsetningu. Ég tel öruggt, að áætlunin verði til á þessu ári, og ég vil leggja áherzlu á það, að það verði fyrr en seinna. Það eru mín orð um það efni.

Mér þykir það ekki nema gott, að um þetta hafa orðið umræður hér. Það er mikilvægt, að menn skoði þetta frá raunsæju sjónarmiði og geri sér grein fyrir, hvað hér er verið að tala um og fást við. Því aðeins, að menn geri það, er hægt að búast við árangri. Ég skil ákaflega vel alla hv. þm. Ég þekki það sjálfur sem þm. kjördæmis, sem á við atvinnuörðugleika að stríða, að það er brennandi vandamál að leysa þessi viðfangsefni. En við megum ómögulega, og það er að blekkja fólkið, gefa því í skyn, að vandinn stafi af allt öðrum ástæðum en hann stafar. Við þurfum að reyna að kryfja vandamálin til mergjar með þessu fólki, reyna að hjálpa þeim, sem framtak hafa á þessum stöðum, til að byggja upp arðbær atvinnufyrirtæki, sem geta orðið raunveruleg undirstaða þess, að atvinnulíf geti blómgazt úti um landið og fólk geti þar unað.

En það er alveg ljóst, að þótt það sé auðvitað höfuðatriði, að fólk hafi fulla atvinnu, fylgja jafnframt önnur vandamál, og í sambandi við atvinnuvandamálin er samgönguvandamálið kannske það mikilvægasta, sem er því nátengt. Það er ljóst, að það verður ekki hægt að byggja upp landsbyggðina nema með því að byggja upp byggðakjarna, það er alveg ljóst, þéttbýliskjarna, sem strjálbýlið styðst við. Þetta hefur orðið ljóst hér við Reykjavík, það er ljóst á Akureyrarsvæðinu, og ég hygg, að flestum sé að verða það ljóst, að svona verður að vinna að þessum málum. Og til þess að það sé hægt, þurfa einmitt samgöngur að koma til, greiðar og öruggar samgöngur milli þessara byggðakjarna og nærliggjandi strjálbýlli svæða. Og þess vegna er þetta hvað öðru tengt. Og við vitum jafnframt, að miðað við lífskröfur fólksins í dag, jafnvel þótt full atvinna sé og ekki hvað sízt þegar full atvinna er, þá krefst fólkið þess að hafa félagslega aðstöðu, hafa menntunaraðstöðu heima fyrir í sínum byggðarlögum, annars flytur það burt. Og jafnvel enn fremur flytur það burtu, ef efnahagsafkoman er góð.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 14. febr., var fram haldið umr. um fsp.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Á fundi í sameinuðu Alþ. s. l. miðvikudag fóru fram allýtarlegar og fróðlegar umr. um Norðurlandsáætlunina. Þessum umr. er nú fram haldið, og í framhaldi af því, sem áður hefur verið sagt, vil ég gjarnan segja þetta:

Norðlendingar fagna því, að boðað hefur verið af hæstv. fjmrh., að þessi margumtalaða og margeftirspurða áætlun muni verða birt á þessu ári, en hins vegar harma þeir, hversu langan tíma það hefur tekið að koma þessari áætlun saman. Ég hygg þó, að það gleymist, ef áætlunin, þegar hún loksins verður birt almenningi, ber með sér, að hún megni að leysa að verulegu leyti þann vanda, sem að höndum hefur borið í atvinnu- og efnahagslífi Norðlendinga síðustu árin. Með þessu er ég ekki að segja, að það sé mín skoðun, að eftir að áætluninni hafi verið hleypt af stokkunum, hafi með henni verið sjósettur einn allsherjar björgunarbátur fyrir norðlenzkt atvinnu- og efnahagslíf, sem leysi allan vanda í þessum efnum. Því miður er málið ekki svo einfalt, en ég tel, að áætlunin verði að vera þannig úr garði gerð og hugur ríkisstj. slíkur í þessu máli, að áætlunin verði verulegur bakhjarl, já, ég vil segja sverð og skjöldur þeirra norðlenzku einstaklinga, félagssamtaka og sveitarfélaga, sem bíða með óþreyju eftir áætluninni og telja, að með tilkomu hennar verði léttara og auðveldara að takast á við erfiðleikana, sem svo víða blasa við í norðlenzku atvinnulífi. Eins og það er sjálfsagt, að Norðlendingar fyrstir manna leggi fram krafta sína, hugvit og kjark til að reisa við samanhrunið atvinnulíf í þessum landshluta, er það og augljóst, að ríkisvaldið sjálft þarf að gera meira en benda til allra átta og líta á sig einvörðungu sem ráðgefendur. Það er þörf stórátaka nyrðra í atvinnuuppbyggingunni og ríkisvaldið verður að vera með í þeirri uppbyggingu.

Það þarf ekki alls staðar norðanlands að byggja upp mörg ný atvinnutæki. Víða eru þau til, en hvergi nærri fullnýtt. Í þessu sambandi minni ég á tunnuverksmiðju ríkisins á Siglufirði. Þar vinna nú um 40 manns og vinna þó aðeins dagvinnu. Þar eru framleiddar um 12

þúsund tunnur á mánuði í 5—6 mánuði. Ég bendi á, að þarna gætu unnið 100—120 menn í 8 mánuði ársins og framleitt um 250—300 þús. tunnur, en árleg tunnunotkun Íslendinga er um 450—500 þús. tunnur. Ég trúi ekki öðru en þeir, sem vinna að Norðurlandsáætluninni, taki þessa staðreynd til athugunar. Ég hef heyrt mótbárur gegn innlendri tunnusmíði, en þær eru jafnan þessar: Tunnurnar innlendu eru of dýrar. En ég vil segja, að með meiri hagræðingu við tunnusmíðina, t. d. með samfelldri framleiðslu í einni verksmiðju, er hægt að koma tunnuverðinu niður.

Á Siglufirði er einnig annað fyrirtæki í ríkiseign í hálfgerðu svelti. Það er Niðurlagningarverksmiðja ríkisins. Með því að leggja fram verulegt fé í markaðsleit fyrir vöru þá, sem þessi verksmiðja framleiðir, og með því að fullgera verksmiðjuna og gera hana fjárhagslega sjálfstæða og gera henni kleift að láta verka allt hráefni, sem þarf til vinnslunnar, sem er svo til við verksmiðjuvegginn, þá er ég viss um, að þessi verksmiðja gæti veitt ekki tugum, heldur 100—200 kvenna vinnu yfir veturinn. Slíkt væri ómetanleg búbót. Í þessu efni þarf að ríkja ríkari skilningur en verið hefur hjá opinberum aðilum. Ef vel er haldið hér á spilum, mun að mínum dómi allt það fé, sem lagt verður í þetta fyrirtæki í sambandi við markaðsleit og afurðasölu og til hagræðingar, skila sér aftur og það með vöxtum.

Þriðja ríkisfyrirtækið á Siglufirði, sem vantar hráefni allt of oft, er hraðfrystihús Síldarverksmiðja ríkisins. Það er mín skoðun, að vélar þessa mannvirkis og færibönd þess færi eigendum, þ. e. ríkinu sjálfu, aldrei þann arð af þessu húsi, sem nauðsynlegur er, og fólki því, sem við það vinnur, sæmilegar tekjur, fyrr en byggður hefur verið floti, sem veiði fyrir þetta hraðfrystihús og tryggi þessu mannvirki nægilegt hráefni. Þó að ég noti orðið floti, vil ég segja, að bygging eins skuttogara nú á næstunni mundi vera góð byrjun og mikil hjálp, ég vil segja alveg eins ríkissjóði og því fólki, sem treyst hefur á þetta atvinnufyrirtæki sem haldreipi í lífsbaráttunni.

Ég hef minnzt hér á þrjú ríkisfyrirtæki á Norðurlandi, sem öll gætu látið í té margfalt meiri vinnu en þau gera nú, meiri atvinnu handa fleira fólki og fært meiri tekjur í þjóðarbúið. En þetta kostar fjármagn og trú á framtíðina. Þá vil ég leyfa mér að minna einnig á, að Síldarverksmiðjur ríkisins eiga allmargar síldarverksmiðjur staðsettar í Norðurlandskjördæmi, og með því að fjölga síldarflutningaskipum, er möguleiki á að útvega þessum verksmiðjum, sem eru ríkisins eign, mun meira hráefni en gert hefur verið á undanförnum árum.

Ég ætlaði nú að segja aðeins meira hér, en tími minn leyfir það ekki. En ég vil að lokum segja þetta: Það eru fleiri staðir en Siglufjörður á Norðurl. v., þó að ég ræði nú aðallega um hann. Á Skagaströnd ríkir mikið atvinnuleysi, og þyrfti að taka það mál til alvarlegrar athugunar. Sauðkrækingar eru núna að vinna að því að kaupa togskip til Skagafjarðar, og ég treysti því og vil segja það hér, að ríkisstj. standi fast við bakið á þeim og geri þeim kleift að kaupa skipið, svo að unnt sé að auka þar atvinnu nú þegar á þessum vetri.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að ég tel samkv. 31. gr. þingskapa, að ég eigi rétt á að tala tvisvar sinnum enn í fimm mínútur.

Í þessum umr. hefur það borizt nokkuð í tal, um hvað Norðurlandsáætlunin eigi að vera, þ. e. a. s. um hvers konar framkvæmdir. Hæstv. ráðherra sagði, að hún ætti m. a. að fjalla um samgöngumál. Ég er því samþykkur, og á fundinum, sem ég var á með fulltrúum Efnahagsstofnunarinnar og sveitarstjórnum, var mikið rætt um samgöngumál. Á austanverðu Norðurlandi er það ákaflega mikilsvert, að framkvæmdir í samgöngumálum séu teknar föstum tökum. Uppbygging verulegs hluta þjóðvegakerfisins er okkur þar lífsnauðsyn, a. m. k. mikil nauðsyn, t. d. Þingeyjarsýslubrautar, og af Norðurl. e. er komin sú till., sem nú liggur fyrir Alþ., um 10 ára áætlun og lántökur í þessu skyni. Uppbygging hafna, sem eru í smíðum, er álíka nauðsyn og eigi minni í þessum landshluta. Ég er líka þeirrar skoðunar, að Norðurlandsáætlunin eigi að fjalla um skólamál eða réttara sagt fjáröflun til þeirra. Þörfin á skólabyggingum í sýslunum á austanverðu Norðurlandi er svo mikil og svo lítið enn gert til þess að sinna henni, að til vandræða horfir. Ég ræddi lauslega um það mál við fjárlagaumr. í vetur, en þá var því naumast anzað. Mér þótti vænt um, að hæstv. ráðh. viðurkenndi, að þetta tvennt, samgöngumannvirki og skólamannvirki, yrði að vera í áætluninni. En þar þarf að vera margt fleira. Og það er ekki hægt að telja það upp fyrir fram. Menn verða að skilja, að í því er einmitt áætlunargerðin fólgin að leggja á ráðin um það að frumkvæði eða að fengnu áliti heimamanna, hvað framkvæma skuli á áætlunartíma og hvernig aflað skuli fjár til þess eða stuðlað að fjáröflun.

Drjúgur hluti Norðurlandsáætlunarinnar verður vitaskuld að vera um þróun atvinnumála og fjárfestingu í því sambandi. Um þennan þátt fannst mér hæstv. ráðh. nokkuð loðmæltur. Mikill munur er á skýrslu og áætlun. Það eru til ósköpin öll af skýrslum, en í áætlun gera menn sér grein fyrir því, hvers þurfi við, hvað sé einkum aðkallandi og framkvæmanlegt og hvort einkaframtakið, einstaklingar eða félög, geti eða muni gera þetta eða sveitarfélög eða hvort ríkisvaldið þurfi þar einnig að leggja hönd á plóginn að meira eða minna leyti. Það er svo sem engin nýlunda hér, að ríkið komi upp atvinnufyrirtækjum, jafnvel þar sem mest er af þeim fyrir, eða semji við einkaaðila um að gera það.

Mikill hluti af ræðu hæstv. ráðh. fór í það um daginn að lýsa því, hvað Efnahagsstofnunin hefði mikið að gera. Hann sagði það eiginlega berum orðum, að hún hefði ekki haft

tíma til að sinna Norðurlandsáætluninni. Ég rengi það ekki út af fyrir sig. En mörgum þótti það súrt í brotið, að á þeim tíma, þegar Norðurlandsáætlunin átti að liggja fyrir samkv. fyrirheiti hæstv. ráðh., þurfti að fara að ráða mann til þess að vinna verkið. Einhverjar skýrslur sagði ráðh. þó enn ófengnar. Það er ágætt, að unnið sé á vegum Efnahagsstofnunarinnar á Akureyri, en ég held, að það ætti að taka til athugunar að snúa þessu við, gefa Fjórðungssambandi Norðlendinga eða Sambandi norðlenzkra sveitarfélaga kost á að gera áætlunina með aðstoð Efnahagsstofnunarinnar. Það mundi e. t. v. vera vænlegra til að hraða þessu máli, því að hver er sjálfum sér næstur, og Efnahagsstofnunin hefur mörgu öðru að sinna, eins og hæstv. ráðh. sagði.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég hélt nú satt að segja, að hv. þm. mundu láta þingfréttamann Tímans um það einan að *rangfæra orð mín hér*. En það virðist ekki ætla að vera svo, þannig að ég neyðist til þess að segja hér nokkur orð.

Hv. síðasti ræðumaður lét nefnilega þau orð falla, sem gera það að verkum, að ég sé alveg nauðsynlegt að ítreka það, sem ég hafði sagt í þessu efni um það, hvað ég teldi eiga að felast í Norðurlandsáætlun. Hann rangfærði einnig sjálfur ummæli mín í minni frumræðu, eins og m. a. það, að ég hefði ekki talið þörf á nýjum atvinnutækjum á Norðurlandi. Þetta er mesti misskilningur. Ég var ekkert að segja um það. Ég sagði frá því hér síðast, og ég hygg, að ég þekki álíka mikið til atvinnumála á Norðurlandi og hann, að þetta væri vandamál víða norðanlands. Það væri staðreynd, eins og hann raunar játaði líka, að ef fiskur væri fyrir Norðurlandi, væru til nægileg atvinnufyrirtæki, bæði til að afla fiskjar og til þess að nýta hann til þess að veita öllu fólki þar atvinnu. Ég er í engum vafa um, að þetta er rétt. Og ég benti jafnframt á það, að það, sem væri vandamálið í sambandi við uppbyggingu nýrra atvinnufyrirtækja á Norðurlandi, væri einmitt þetta, að ef það væru byggð upp ný atvinnufyrirtæki, sem tækju meginhluta fólksins til vinnu, og síðan breyttist það, sem við skulum vona, að verði fyrr en seinna, að fiskur legðist að Norðurlandi, þá væri þarna við mikið vandamál að stríða. Þá væri annaðhvort ekki til vinnuafl til að nýta fiskinn og hagnýta fiskvinnslustöðvarnar eða þá að það þyrfti að taka fólkið frá þessum nýju atvinnufyrirtækjum, ef þau væru nú miðuð við það að veita öllu fólki atvinnu. Ég var aðeins að lýsa þessu vandamáli, sem þarna væri við að glíma, og ég efast ekkert um, að allir hv. þm. gera sér fulla grein fyrir, en ekki að halda því fram sem minni skoðun, að af þessari ástæðu ætti ekkert að gera á Norðurlandi. Ég benti hins vegar á það, sem ég hygg, að allir norðlenzkir þm. viti, að það hefur verið áhyggjuefni manna, sem eru búnir að festa þar stórfé í atvinnuframkvæmdum, og sveitarfélögin eru reyndar meira og minna í ábyrgðum fyrir þeim framkvæmdum, að þessi fyrirtæki sjávarútvegsins verði þarna meira og minna verðlaus. Og þess vegna væri það, að á ýmsum stöðum hefðu menn heldur kosið að bíða en að fara að ráðast í stórfelldar nýjar framkvæmdir, við skulum segja í einhverjum iðnaði, sem tæki meginhluta vinnuaflsins og skapaði þannig erfiðleika fyrir þessi atvinnufyrirtæki, sem fyrir eru á staðnum, ef aðstaða þeirra breyttist. Þetta er tvímælalaus staðreynd, og ég sé enga ástæðu til þess að vera að *rangfæra* hana eða *ummæli mín* eða annarra manna í sambandi við það.

Það, að ríkisstj. hafi svo haldið að sér höndum og ekkert gert, er auðvitað gersamlega út í hött líka. Það hefur á síðustu árum verið varið miklu fé einmitt til þess að gera þessum byggðarlögum bærilegt að búa við þessa erfiðleika, sem við er að stríða, og til þess að reyna að auka útgerð frá þessum stöðum. Ég vék einnig að því í minni frumræðu, að það hefði verið varið miklu fé til þess að hjálpa til við að halda skipastóli fyrir norðan og til þess að skipin yrðu gerð þar út, borga aukauppbætur á veiddan fisk og annað þess konar og raunar einnig stuðla að því að flytja fisk frá öðrum miðum, sem þó hefur ekki verið gert, vegna þess að því miður hefur ekki veiðzt eða veiddist ekki á s. l. ári annars staðar, þannig að það væri grundvöllur til að flytja fisk á milli. Hitt er staðreynd, sem ég hygg, að þessi hv. þm. geti fengið staðfest hjá þeim mönnum hjá verkalýðshreyfingunni, sem hafa starfað í atvinnumálanefnd Norðurlands, að þessi aðstoð ríkisvaldsins hefur tvímælalaust komið Norðurlandi að mjög miklu gagni.

Nóg um þetta. E. t. v. er nauðsynlegt að taka það fram varðandi áætlunargerðina sjálfa, að það er alger misskilningur, að ég hafi sagt það, að það ætti ekki að ræða neitt um, hvað helzt ætti að koma til greina að gera á hverjum stað. Það hef ég aldrei sagt. Ég hef sagt, að áætlunin ætti ekki að vera um það, að ríkisvaldið ætti að hafa forgöngu um að byggja þetta og þetta á þessum eða hinum staðnum. Það sem væri fyrst og fremst grundvallaratriðið, svo að ég noti þetta orð, sem virðist hafa farið öfugt í ýmsa menn, væri að gera kortlagningu á vandamálinu. Það væri að gera sér grein fyrir því í hverju byggðarlagi, hvernig væri ástatt þar nú með atvinnutæki, hvaða horfur væru með fólksfjölda í þessum byggðarlögum, og þar af leiðandi gera sér grein fyrir, að hve miklu leyti núverandi atvinnutæki gætu tekið á móti vinnuframboðinu, og að sjálfsögðu í framhaldi af því, ef það vantaði atvinnufyrirtæki á þessum stöðum, að gera sér grein fyrir því, hvað sennilegast væri, að mætti gera á hverjum stað miðað við allar aðstæður, hvort það ætti að vera útgerð, hvort það ætti að vera iðnaður eða annað þess konar. En ég hef ekki reiknað með því, að það væri auðið í slíkri áætlun að segja nákvæmlega, að eitt tiltekið fyrirtæki skuli þarna reist og gerð áætlun um það, hvernig það skuli uppbyggt. Það er þetta, sem þarna ber á milli, og

það kann vel að vera í einstaka tilfellum, ef það sýnir sig, að það er ekki framtak heima fyrir til þess að koma upp atvinnufyrirtækjum, að þá þurfi ríkið að einhverju leyti að grípa þar inn í. Það kann vel að vera. En ég álít, að það sé neyðarúrræði og það sé farsælasta uppbyggingin á hverjum stað, að það séu einstaklingar, félagasamtök eða þá viðkomandi sveitarfélög eftir atvikum, sem standa að uppbyggingu fyrirtækja, og þá auðvitað á að miða við það, að það sé veitt fjárhagsaðstoð til þess að koma upp þessum fyrirtækjum. Ég veit ekki, hvort mér hefur tekizt að tala nógu skýrt. Það getur vel verið, að það komi nýjar upplýsingar um það, að ég hafi komið með einhverjar dæmalausar opinberanir og talað af mér í þessu máli. En það verður þá að hafa það. Þetta er mín meining, og ég álít, að áætlunargerð geti ekki orðið með öðrum hætti. Annað er um ákveðnar áætlanir um ríkisframkvæmdir, einmitt þær framkvæmdir, sem ríkið á að vinna að, eins og vegamál og skólamál, hafnargerðir og annað þess konar, sem að verulegu leyti er á vegum ríkisins og þarf þar af leiðandi að gera nokkurra ára áætlun um, hvernig eigi að vinna að, sbr. það, sem gert var á Vestfjörðum með samgönguáætlun Vestfjarða. En að öðru leyti endurtek ég það, að áætlunargerð á fyrst og fremst að vera kortlagning á vandamálunum á hverjum stað. Hún á að gefa upplýsingar um það og vera til leiðbeiningar fyrir fólkið á þessum stöðum um það, hvað talið sé af sérfróðum mönnum, að líklegt sé til eflingar atvinnulífi á stöðunum og til þess að örva menn til að vinna að þeim framkvæmdum. Ég álít, að Atvinnujöfnunarsjóður og þeir ráðunautar, sem eru á hans vegum, eigi að hjálpa til með leiðbeiningum og sjóðurinn eigi að stuðla að tæknilegri aðstoð við þá aðila á þessum stöðum, sem vilja koma upp fyrirtækjum, sem áætlunin gerir ráð fyrir, að sé skynsamleg á þessum stöðum. Hún eigi fyrst og fremst, svo að ég noti orð annars hv. ræðumanns hér í dag, að vera bakhjarl sveitarfélaga, félagasamtaka og einstaklinga. Það er nákvæmlega rétt orðað. Hún á að vera það. En hún á ekki að vera áætlun um það, að ríkisvaldið eigi að hlutast til um þetta eða hitt, heldur til þess að örva menn til framtaks, og ríkisvaldið styðji síðan við bakið á þessum aðilum heima fyrir, sem hafa vilja til þess að vinna að þeim framkvæmdum, sem í áætluninni er talið sennilegast að starfrækja megi á hverjum stað á arðbæran hátt. Ég legg áherzlu á það að lokum, að ég álít, að það sé ekki hvað sízt mikils virði fyrir byggðarlögin, að það sé einmitt lögð áherzla á að setja upp þau atvinnufyrirtæki á hverjum stað, sem ekki verða atvinnubótatæki, heldur að hægt sé að reka þau á arðbæran hátt, bæði fyrir viðkomandi stað og þjóðarbúið í heild.

Forseti (BF): Forseti vill aðeins í tilefni af aths. hv. næstsíðasta ræðumanns í byrjun ræðu hans taka fram, að í upphafi þessara umr. um þær fsp., sem nú eru á dagskrá, um framkvæmdaáætlun Norðurlands, — en það eru tvær fsp., sem eru efnislega samhljóða, — tók forseti það fram, að þær yrðu ræddar sem ein fsp., og var því ekki mótmælt þá.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. S. l. miðvikudag, þegar þessi fsp. var til umr., kom hæstv. fjmrh. með nokkrar þær yfirlýsingar, sem mikla athygli hljóta að hafa vakið. Ég var búinn að kveðja mér þá hljóðs, þegar umr. var frestað, en ég átti satt að segja ekki von á því, að þetta mál yrði aftur tekið til umr., meðan ég yrði hér í þinginu. Þess vegna gerði ég nú þetta mál að umtalsefni s. l. mánudag við umr. um allt annað mál. Þar sem mjög fáir þm. voru þá viðstaddir og þar að auki var hæstv. ráðh. þar ekki, sé ég fulla ástæðu til þess að ræða hér enn á ný um nokkur aðalatriði málsins, sem ég var búinn að nefna þá.

Þær yfirlýsingar ráðh., sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á, voru þær, að í Norðurlandsáætlun yrði aðeins fjallað almennt um það, sem gera þyrfti. Þar yrði ekki minnzt á neinar tilteknar framkvæmdir, engin sérstök áform eða fyrirtæki, sem yrðu þar byggð, heldur aðeins, eins og hann sagði aftur og aftur, kortlagning vandamálanna. Í öðru lagi lagði hann mikla áherzlu á það, að ástandið á Norðurlandi stafaði af langvinnu aflaleysi. Hann sagði, að það væru næg atvinnutæki til þess að sjá öllu vinnufæru fólki fyrir nægri atvinnu, en það væri sem sagt bara hráefnið, sem ekki fengist, og þar sem þetta fólk hefði ekki enn gefizt upp á sjávarútvegi og hefði ákveðið að þrauka og bíða þar til úr rættist, væri í raun og veru engin þörf á nýjum atvinnutækjum. Ég held, að þetta hafi nú verið það, sem ráðh. sagði hér.

Og við skulum þá athuga nánar, hvaða boðskapur felst í þessum orðum ráðh. Jú, það er nú vissulega orðinn býsna langur tími, sem atvinnuleysið hefur herjað á Norðurlandi, en það er ekki annað að sjá en það eigi allt að sitja við sama áfram þar um slóðir. Það á bara að bíða og sjá, hvort ekki verður meiri fiskur í sjónum fyrir Norðurlandi. Það er vissulega rétt hjá ráðh., að Norðlendingum hefur ekki dottið í hug að hverfa frá sjávarútvegi, en hins vegar vildi ég útskýra þeirra mál með þeim einfalda hætti, að þeim hefur dottið í hug, að það gæti verið skynsamlegt, að sjávarplássin væru ekki algerlega háð útgerð og fiskiðnaði. Atvinnulíf hvers staðar verður að vera með nokkrum sveigjanleika, eins og menn skilja, og fiskaflinn er alltaf misjafn. Þess vegna er þessum þorpum nauðsyn að koma sér upp einhverjum iðnaði, sem grípa má til.

Í þessum umr. hélt ég því fram, að atvinnuástandið á Norðurlandi væri afleiðing af rangri stjórnarstefnu. Vegna þess að ráðh. mótmælti þessu sérstaklega, sé ég ástæðu til að endurtaka þessi orð mín. Atvinnuástandið á Norðurlandi er eins og það er fyrst og fremst vegna þess, að ríkisstj. hefur haldið að sér höndunum. Það er stefna hennar í samræmi við margyfirlýstar trúarkenningar, að ríkisvaldið eigi

að hafa sem minnst afskipti af atvinnumálum, og þess vegna hefur hún lítið gert og ætlar sýnilega lítið að gera og þess vegna segir hæstv. fjmrh., að í Norðurlandsáætlun verði engin áform um tilteknar atvinnuframkvæmdir.

Það er út af fyrir sig rétt, sem fjmrh. segir, að meginorsök vandans er að sjálfsögðu aflaleysið. En þá er bara spursmálið, hvernig er hægt að bæta úr því, hver er skyldur að gera það? Vissulega væri gott, ef einstakir menn á þessum stöðum hefðu framtak til að leysa þetta mál endanlega. En það hefur sýnt sig, að á það hefur skort. Þessir staðir, þar sem langvinnt atvinnuleysi hefur verið ríkjandi, eru gersamlega fjárvana, og það sýnir sig, að menn ráða ekki við það ástand, sem þarna er. Þess vegna er það skoðun mín, en það hefur skýrt komið fram, að það er ekki skoðun ríkisstj., það er skoðun mín, að ríkisvaldið eigi að grípa þarna í taumana. Það eigi að hafa frumkvæði að nýjum atvinnuframkvæmdum, og t. d. gæti maður þá nefnt ríkisútgerð togara eða hráefnisflutninga, sem sæju þessum stöðum fyrir örugglega nægu hráefni. En þetta hefur sem sagt ekki verið gert. Til þess að þetta sé unnt, þarf að sjálfsögðu að skipuleggja hvað gera skal, og það er einmitt tilgangur þessarar Norðurlandsáætlunar.

Ég vil svo að endingu taka það fram, að í norðlenzku samningunum, sem gerðir voru 1965, kemur skýrt fram nákvæmlega það, sem ráðh. hélt fram, að væri ekki. Þar kemur það skýrt fram, að það á að gera áætlun um ákveðnar framkvæmdir og ákveðnar ráðstafanir í atvinnumálum. Ég hef því miður ekki tíma til að lesa upp úr þessum samningum, sem gerðir voru 1965, en ég vil sem sé undirstrika það, að hver, sem les það, sér, að það er beinlínis átt við, að ríkisvaldið hafi forgöngu um það, að gerðar verði alveg tilteknar ráðstafanir og meira að segja taldar upp skipasmíðar, veiðarfæragerð og margt annað, sem þar komi alveg sérstaklega til greina að taka til við. Og ég vil líka undirstrika þetta: Hvernig á að vera hægt að lofa öllu vinnufæru fólki á Norðurlandi viðunandi atvinnu með slíkri áætlun, ef ekki eiga svo í áætluninni að vera neinar ráðagerðir um neinar tilteknar framkvæmdir, engin áform um neitt ákveðið, heldur bara skýrslugerð, eitthvert almennt tal um það, hvernig hreyfing fjármagns og slíks skuli vera og sem sagt ekkert „konkret"? Það liggur í augum uppi, að það er útilokað að tryggja nægilega atvinnu með slíkri skýrslugerð. Ég vil sem sagt að endingu segja það, að ríkisstj. lofaði Norðlendingum raunverulegri framkvæmdaáætlun, en ekki einhverri venjulegri skýrslugerð.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég mun ekki ræða efni þeirra fsp., sem hér eru á dagskránni, heldur eingöngu um þingsköp, eins og hæstv. forseti hefur leyft mér.

Á dagskrá Sþ. á þeim fundi, sem haldinn var næstur á undan þessum, að ég ætla, voru tvær fsp., sem báðar vörðuðu Norðurlandsáætlun. Önnur frá mér og hv. 3. þm. Norðurl. v. og hin frá tveimur öðrum hv. þm., sem báðir eru riðnir við málefni Norðurl. v. Þessar fsp., þótt þær vörðuðu báðar Norðurlandsáætlun, þá voru þær ekki samhljóða, og efni þeirra var ekki það sama, þótt það væri svipað. Þær voru settar á dagskrána á síðasta fundi, ekki saman, heldur var sú fsp., sem fyrr mun hafa verið fram komin, sett framarlega á dagskrá, en sú, sem síðar var fram komin, aftarlega á dagskrá. Þegar hæstv. forseti tók til umr. þá fsp., sem fyrr var á dagskránni, vék hann einnig orðum að síðari fsp., og ég skildi orð hans á þá leið, að þau lytu að því, að hann mundi ekki taka fyrir önnur mál á milli þessara fsp., heldur þannig, að hann mundi láta ræða þær áður, þannig að önnur mál kæmu ekki inn á milli. Hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði þá þegar aths. um það, að þetta, sem hæstv. forseti hafði sagt um umræðuna, tæki að sjálfsögðu ekki til ræðutímans, hann væri, eins og gert er ráð fyrir í 31. gr. þingskapa, fyrir hvern þm. tveir ræðutímar, 5 mín. hvor, þannig að þetta kom fram þegar í upphafi.

Þetta er þannig nokkuð glöggt í 31. gr. þingskapanna, að það er gert ráð fyrir því, að hver fsp. sé mál út af fyrir sig, og kveðið á um, hver ræðutími sé heimill um hverja fsp., þ. e. a. s. hjá þm., en um þetta eru enn fremur þau ákvæði í þingsköpunum, eins og hér kom fram, að hæstv. ráðh., sem einnig eru þm., hafa meiri tíma en aðrir ræðumenn, þeir hafa ótakmarkaðan ræðutíma. Það hafa aðrir þm. einnig um önnur mál, nema það sé sérstaklega takmarkað á fundi, en um fsp. gildir þetta ákvæði, að hver þm. geti talað tvisvar sinnum og allt að 5 mín. í hvort sinn, og þannig er það í framkvæmdinni. Nú vil ég leyfa mér að benda hæstv. forseta á, að ef þessi aðferð væri höfð, eins og honum hefur dottið í hug að hafa hana, sennilega að óathuguðu máli, gæti hann eða einhver annar forseti þingsins dregið mjög úr þessum mjög svo takmarkaða ræðutíma þm. með því að taka fyrir margar fsp. í senn, og hver þm. hefði þá ekki nema tvo ræðutíma, 5 mín. hvorn, en hæstv. ráðh. hefðu ótakmarkaðan ræðutíma eins og þeir hafa, og þetta gæti komið mjög undarlega út. Mér hefur satt að segja fundizt nóg um það, hvernig fyrirspurnatímanum er varið í reynd, þannig að þm. tala örstutt fyrir fsp. eða um þær, en hæstv. ráðh. hafa, að því er virðist samkv. þingsköpunum, eða það er a. m. k. túlkað svo, aðstöðu til að flytja heila fyrirlestra. Stundum eru þetta talnafyrirlestrar, stundum blandast kannske inn í þetta áróður, eins og verða vill, þegar menn eru að tala hér á þingi. Alveg ótakmarkaðan ræðutíma hafa þessir menn. Og ég vil beina því til hæstv. forseta, að ég tel það hvorki vera í samræmi við 31. gr. þingskapanna eða eðlilegt, þegar á þetta er litið, að hann takmarki meir en þegar er orðið ræðutíma þm. í umræðutíma um fyrirspurnir. Þetta vildi ég biðja hæstv. forseta

góðfúslega að athuga, og vænti ég, að hann þá á sínum tíma geti í samráði við lögfróða menn og sanngjarna kveðið upp úrskurð í þessu máli.

Forseti (BF): Forseti vill í tilefni af aths. hv. 1. þm. Norðurl. e. um þingsköp endurtaka það, sem hann áðan sagði, að hann telur báðar þær fsp., sem hér hafa verið ræddar, vera algerlega sama efnis. Önnur hljóðar svo:

„Hvenær má vænta framkvæmdaáætlunar þeirrar fyrir Norðurland, sem heitið var í júnímánuði 1965?“ o. s. frv.

Og síðari fsp. hljóðar svo:

„Hvenær má gera ráð fyrir, að lokið verði gerð Norðurlandsáætlunar?“

Í upphafi umræðnanna tilkynnti forseti, að þessar tvær fsp. yrðu ræddar sem ein, þar sem þær væru efnislega samhljóða, og um þá málsmeðferð kom ekki fram nein aths., fyrr en hjá sjöunda ræðumanni, sem spurði, hvort hann hefði ekki leyfi til að tala í 10 mín. Þegar forseti svaraði honum úr þessum stóli, að hann hefði leyfi til að tala í tvisvar sinnum 5 mín., eins og um eina fsp. væri að ræða, lét hann sér það lynda og sætti sig við þá takmörkun ræðutíma, enda er hún í fyllsta samræmi við þingsköp, eins og reyndar kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. e. í ræðu hans hér áðan.

Það er svo annað mál, sem hv. þm. minntist á og er alveg rétt, að eftir 31. gr. þingskapa hafa ráðh. ótakmarkaðan ræðutíma um fsp., en þm. hins vegar takmarkaðan við tvisvar sinnum 5 mín. Það má vel vera, að einhver önnur regla þyrfti að gilda um þetta, en líklega hefur hvorugur okkar, a. m. k. ekki ég, staðið að því að setja þessar reglur í þingsköp. Þó má vera, að hv. 1. þm. Norðurl. e. hafi átt sjálfur sæti á þingi, þegar þessi regla var upp tekin, en ég vil benda honum á, að einmitt í dag er útbýtt frv. til l. um breyt. á þingsköpum, þar sem m. a. er lögð til önnur tilhögun á fyrirspurnatíma en tíðkazt hefur samkv. 31. gr. þingskapa. Vil ég leyfa mér að láta í ljós þá von, að þingheimur geti sameinazt um að sníða af fyrirspurnatímanum þá annmarka, sem vissulega hafa komið fram í reynd, en að mínum dómi eru þeir annmarkar þeir helztir, að bæði hv. þm. og hæstv. ráðh. misnota ræðutímann. Eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. drap á, er sagt í 31. gr. þingskapanna, að fsp. skuli vera skýrar, um afmörkuð atriði og mál, og sé við það miðað, að hægt sé að svara þeim í stuttu máli. Það hefur því miður viljað bregða út af þessu og fsp. hv. alþm. hafa ekki alltaf verið orðaðar þannig, að hægt væri að svara þeim í stuttu máli. Þess vegna hafa umr. um fsp. viljað dragast á langinn.

Ég sé svo ekki ástæðu til að svara aths. hv. þm. Norðurl. e. í lengra máli, en ég vil endurtaka þá ósk mína, að þingheimi takist að sníða af agnúana eða ókostina, sem verið hafa á fyrirspurnafyrirkomulaginu, samkv. gildandi reglum, þegar frv. til breyt. á þingsköpunum kemur til umr. og afgreiðslu í þinginu.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil aðeins benda á eitt atriði, er ekki hefur komið fram í þessari umr., sem er eftirfarandi: Ef fylgt væri þingsköpum á þann hátt, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. telur rétt vera, en ekki eins og hæstv. forseti hefur túlkað þingsköp, væri vandalaust fyrir tvo eða þrjá eða fjóra þm. að flytja allir sömu fsp., en láta muna einu orði eða svo, krefjast þess, að hver og ein fái meðferð sem sjálfstætt mál, og geta þannig þrefaldað, fjórfaldað eða fimmfaldað ræðutíma sinn og gjöreyðilagt spurningatímann, svo gallaður sem hann er í dag. Þess vegna held ég, að meðferð forseta á þessu máli byggist á sjálfsagðri og heilbrigðri skynsemi á vinnutilhögun þingsins.

Ég vil taka mjög undir það, sem forseti sagði, að spurningatíminn er kominn langt frá því, sem honum er ætlað að vera, þar eð bæði þingmenn og þó alveg sérstaklega ráðh. nota tímann til þess að koma af stað almennum umr., en ekki til þess að fá svör við afmörkuðum og skýrum fsp.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess í tilefni af ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. 5. þm. Vesturl., að ef hann hefur með orðum sínum viljað gefa í skyn, að við, sem stöndum að fsp. nr. 1 hér á dagskránni, og þeir, sem standa að fsp. nr. 2 á dagskránni, höfum gert einhver samtök okkar á milli um það að flytja fsp. um sama mál, þá er það ekki svo. Og það veit ég, að hv. 11. landsk. þm. getur vottað, að við höfum ekki gert neinn samblástur okkar á milli um það að koma fsp. svona fyrir, til þess að fá ríflegri ræðutíma.

Ég vil svo, án þess að lengja mál mitt, benda hæstv. forseta á það, að fsp. eru ekki algerlega um það sama. Því hefur hann e. t. v. ekki veitt athygli. Í fsp. frá hv. 11. landsk. o. fl. er spurt, „hvenær lokið verði“. Í fsp. okkar hv. 3. þm. Norðurl. v., „hvenær vænta megi“. Bók getur verið lokið, riti getur verið lokið, án þess að það sé gefið út, án þess að það komi fyrir almenningssjónir. En það, sem átt er við í okkar fsp., er það, hvenær umrædd áætlun verði gerð opinber. Á þessu er munur.

Ég skal svo ekki nota tímann til þess að fara að þrátta við hæstv. forseta um þessi mál.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 21. febr., var enn fram haldið umr. um fsp.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það hafa nú þegar orðið miklar umr. um þær fsp., sem hér liggja fyrir, og ég sé út af fyrir sig ástæðu til að fagna því. Þó eru nokkrir þættir þessa máls, sem ég tel enn rétt að víkja að og leggja nokkra áherzlu á. Í fyrsta lagi vil ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær upplýsingar, sem fram hafa komið í svarræðum hans, og þá einkum þær, sem telja má, að feli í sér nokkur nýmæli varðandi gerð Norðurlands-

áætlunar. Þar vil ég sérstaklega minna á þau ummæli hæstv. ráðh., sem hnigu að því, að nú væri ætlunin að fella inn í þessa áætlunargerð ýmis verkefni, sem bíða á sviði opinberra framkvæmda, eins og t. d. í skólamálum, samgöngumálum og heilbrigðismálum, svo að nokkuð sé nefnt. Í þessum efnum eru vissulega mörg þýðingarmikil verkefni framundan, sem úrlausnar bíða norðanlands, og ég get ekki tekið undir þau ummæli, sem féllu hjá einum hv. þm. hér fyrir hálfum mánuði, þar sem hann lýsti efasemdum sínum um það, hvort rétt væri að fella þessa þætti inn í Norðurlandsáætlun.

Tæplega þarf að eyða orðum að gildi slíkra framkvæmda. Menntun æskunnar miðar að því að leggja gull í lófa framtíðarinnar, og greiðum samgöngum má líkja við lífæðar alls athafna- og menningarlífs í landinu. Þeir, sem hafa séð þau stórvirki, sem unnin hafa verið í samgöngumálum Vestfjarða eftir Vestfjarðaáætlun, geta sannfærzt um gildi slíkra landshlutaáætlana, og ég legg áherzlu á, að ég tel ávinning að því, að Norðurlandsáætlun spanni yfir hina ýmsu þætti í stærri framkvæmdum Norðurlands. Hitt er svo annað mál, að allir eru sammála um, að verkefnin séu brýnust á sviði atvinnulífsins. Sú skilgreining, sem hæstv. fjmrh. lýsti, á hlutverki Norðurlandsáætlunar á því sviði er ekki í mínum augum nein nýjung. Ég hef alltaf litið svo á, að hlutverk hennar á því sviði væri að mynda ákveðinn ramma, sem markaði æskilega þróun í uppbyggingu atvinnulífsins í þessum landshluta, og útvegun fjármagns til þess að styðja að framgangi þeirrar þróunar.

Það er alkunna, að atvinnuástand á Norðurl. v. hefur um langt árabil verið lakara en annars staðar á landinu, og ég ætla, að nokkuð liggi í augum uppi, hvað þar hefur mestu um valdið, og fer ég ekki langt út í það, en það blasir við, að á þessu árabili hefur sjávarafli þorrið, ýmist alveg eða að verulegu leyti, á miðunum fyrir Norðurl. v. Nægir þar að minna á, að síld hefur ekki veiðzt í nálægt 20 ár svo að nokkru nemi á Húnaflóasvæðinu.

Í byrjun er það þýðingarmikið að efla og treysta þau atvinnufyrirtæki, sem þegar eru starfandi, og nýta þau mannvirki, sem fyrir hendi eru. Í því efni er það e. t. v. nauðsynlegast að auka hráefnisöflun síldar- og fiskiðjufyrirtækjanna, og ef framhald verður á aflaleysi því, sem ég lýsti hér áðan og ríkt hefur á miðunum fyrir Norðurl. v. um árabil, er tæpast um aðrar leiðir að velja en flutning á þessu hráefni af fjarlægum miðum.

Það er vissulega rétt, að áætlanagerð án fjármagns þjónar litlum tilgangi. En Atvinnujöfnunarsjóður, sem stofnaður var með l. frá 1965, ef ég man rétt, hefur að bjóða verulegt fjármagn og hefur auk þess víðtækar lánsheimildir, sem ætla verður, að notaðar séu, ef ráðizt er í stórverkefni á vegum þessarar áætlunar. Ef fjármagn er fyrir hendi, séð er fyrir nægilegu fjármagni, óttast ég ekki það, að forustan heima fyrir bregðist. Hún mun verða til staðar og nýta þá möguleika, sem skapast með gerð þessarar áætlunar og fjármagnsöfluninni.

Ég vil að lokum leggja á það áherzlu, að þangað til þessi áætlun tekur gildi myndist ekki neitt tómarúm í því að vinna að því, að áfram verði tryggður rekstur þeirra fyrirtækja, sem halda gangandi atvinnulífinu í þessum landshluta og styðja hverja skynsamlega viðleitni þar til úrbóta. Vegna þess einnig að borið hefur nokkuð á óánægju vegna þess dráttar, sem orðið hefur á gerð Norðurlandsáætlunar, vil ég þó láta það í ljós, að ég tel, að mestu varði, að vel sé til hennar vandað. En þó má ekki draga, að þeim framkvæmdum sé hraðað, og ég vil ætla og treysti því, að svo verði, þar sem til þessa starfs hefur nú valizt sérstakur starfsmaður. Og ég vil um leið láta sérstaka ánægju mína í ljós með það, að þessi starfsmaður er gerkunnugur vandamálum atvinnulífsins í sjávarplássum og þorpum á Norðurlandi, og ætla, að hann muni reynast þar nýtur starfsmaður, og einnig því, að hann sé staðsettur á Norðurlandi, á því svæði, sem markar hans starfssvið. Því vil ég einnig fagna.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Norðurlandsáætlun er nú búin að vera hér til umr. á þremur fundum hv. Sþ., og finnst e. t. v. mörgum nóg um, og ég skal ekki lengja mikið þessar umr. En þegar þetta mál var síðast á dagskrá, ræddi ég nokkuð um vandamál Norðlendinga í atvinnu- og efnahagsmálum, og ég leyfði mér að rifja upp möguleikana, sem voru fyrir hendi hvað snerti atvinnufyrirtæki ríkisins á Siglufirði, og að þau gætu látið í té mun meiri atvinnu, ef öðruvísi væri á málum haldið hvað snertir hráefnisöflun og markaðsleit. Ég ræddi einnig um síldarflutninga frá fjarlægum miðum og fer því ekki frekar út í þá sálma hér, en þó vil ég minna á það, að síldarflutningaskipið Haförninn hefur verið alveg sérstök lyftistöng á síðasta ári, ekki einvörðungu fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins, sem það flutti afla til, heldur og fyrir verkafólkið, sem vann að nýtingu þess afla, sem Haförninn kom með, og síðast og þá ekki sízt fyrir þjóðarbúið í heild. Og ég vil nota þetta tækifæri hér til að undirstrika það, að þeir erfiðleikar, sem hafa skapazt í atvinnu- og efnahagslífi norðanlands og Norðlendinga, eru ekki einkamál þeirra, heldur mál allrar þjóðarinnar. Og þegar verið er að ræða um að reisa við úr rústum þar hrunið efnahagslíf, er það stórþjóðmál, sem er á ferðinni, en ekki einvörðungu mál Norðlendinga.

Það er því miður víðar, sem vantar hráefni, en á Siglufirði. Það eru víða til hraðfrystihús og verksmiðjur, sem bíða eftir því að fá hráefni til vinnslu. Á Sauðárkróki og Hofsósi eru hraðfrystihús, sem vantar verkefni. Ég minnti á það síðast fyrir viku, að Sauðkræklingar væru að reyna að kaupa sér skip, og ég vona, að það takist. Hefur ríkisstjórnin tekið vel í það mál, og vonum við, sem förum hér á Alþ.

með málefni Skagfirðinga, að það verði að veruleika ekki síðar en í næsta mánuði.

Þá vil ég einnig minna á það, að vinnufúsar hendur Hofsósmanna þyrftu að fá eitthvað til að starfa og til að viðhalda byggð í þeim gamla verzlunarstað, sem er með þeim elztu á Íslandi.

Þá vil ég leyfa mér einnig í sambandi við þessar umr. að minna á, að í landbúnaðarhéruðum eins og Skagafirði og Húnavatnssýslu þarf fyrr en seinna að staðsetja og byggja verksmiðju, er fullvinni ull og gærur til notkunar innanlands og til útflutnings, svo að eitthvað sé nefnt, sem kallar að í iðnaðarmálunum.

Ég verð að segja það, að það er ekki sársaukalaust fyrir Íslendinga að sjá svo að segja allar gærur fluttar úr landinu óunnar, í stað þess að fullvinna þær hér heima. Ég held, að ég fari rétt með það, að á síðasta ári voru fluttar út 700 þús. gærur af 800 þús., sem til féllu. Sama er að segja um ullina. Helmingur af allri ull, sem til fellur í landinu, er fluttur út, en á sama tíma, sem þetta skeður, sér maður flutt til landsins alls konar garn og band og ýmsar skinnavörur frá erlendum þjóðum. Þetta er búið að vera svona í meira en 50 ár. Þetta er búið að vera svona síðan landbúnaður hófst hér á Íslandi, og þó að engan undri það, að engin breyting varð nú fram að aldamótunum síðustu, er það iskyggilega í sama farinu síðustu hálfa öld.

Það er mikið átak að byggja upp slík iðjuver sem þau, sem ég minntist hér á, og mörg önnur, sem þurfa að rísa upp í Skagafirði og Húnavatnssýslum til að tryggja þar blómlega og vaxandi byggð, en ég vona, að Norðurlandsáætlunin geri meira en að benda á, að slík iðjuver þurfi að koma upp á þessum stöðum, heldur verði þar um að ræða ákvæði um bein afskipti ríkisvaldsins álíka eins og 1930, þegar ríkið hóf starfrækslu Síldarverksmiðja ríkisins. Það er í raun og veru alveg sambærilegt. Þá hafði síldin alltaf verið eða að mestu seld útlendingum til vinnslu og var lítið unnin hér í landi, en þá urðu þáttaskil í þeirri sögu fyrir tilstuðlan ríkisvaldsins, og ég vona, að álíka þáttaskil verði einnig á landbúnaðarsviðinu fyrr en seinna.

Ég ræddi fyrir viku síðan hér í Sþ. um Skagaströnd, og ég leyfi mér að minna enn á Skagastrandarmál. Þau eru í ólestri. Þar er hvað mest atvinnuleysi á Norðurlandi. Höfnin hefur orðið fyrir áföllum, og hefur lítið við hana verið gert, og það var einmitt til þessarar byggðar, sem fólk var hvatt til að flytja búferlum, því að þar ætti að byggja upp stóran kaupstað. Ég trúi ekki öðru en eftir þessum stað, sem átti að verða svo stór, verði munað í áætlun sumarsins.

Ég lýk svo máli mínu með því að segja, að ég er ekki einn þeirra, sem telja miður farið, að útibú hafi verið stofnsett á Akureyri frá Efnahagsstofnuninni og að Norðurlandsáætluninni verði lokið þar. Það á að vera og er kappsmál Norðlendinga, og ég vil alveg undirstrika það hér, — það er kappsmál Norðlendinga, að staðsettar verði sem flestar stjórnsýsluskrifstofur eða útibú þeirra á Norðurlandi. Og að gefnu tilefni vil ég taka undir það, sem síðasti ræðumaður sagði hér, að ég treysti þeim manni, sem hefur verið settur til þess að ljúka Norðurlandsáætluninni, til að vinna það verk, og ég vona og læt það verða mín síðustu orð, ég vona, að Norðurlandsáætlunin verði sannkallað óskabarn, sem mikils má af vænta, þegar hún sést.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það var eitt atriði, sem gaf mér tilefni til að taka lítils háttar þátt í þessum umr., en hv. síðasti ræðumaður talaði um nauðsyn þess að koma upp iðjuverum á landbúnaðarsviðinu í sambandi við Norðurlandsáætlunina og nefndi í því sambandi sútunarverksmiðju. Og það má vel vera, að reyndin verði sú. En ég hef áður varað við því hér á þingi og vara enn við því í sambandi við byggðaáætlanir og tal þm. um það að gefa landsfólkinu undir fótinn meira en góðu hófi gegnir um það, hvaða möguleika það geti eygt í einu eða öðru tilliti.

Hér var á sínum tíma skipuð atvinnuaukningarnefnd eftir till. þm., og hún starfaði á vegum iðnmrn. og skilaði bráðabirgðayfirliti. Það voru ýmsar till., sem þar komu fram, en þó reyndist það svo, að þegar til átti að taka, var það allt saman eitthvað bundið meira og minna við hráefni úr sjávarafurðum. Það var talað um sútunarverksmiðju, og það var talað um fleiri iðngreinar. En þar var lítt hönd á festandi, en af þessari n. var svo síðar talið, að við hefði tekið gerð Norðurlandsáætlunar á vegum Efnahagsstofnunarinnar, og var því ekki um frekari nál. að ræða af hálfu þessarar nefndar.

Í sambandi við sútunarverksmiðju vil ég, að það komi fram, að Sauðkrækklingar höfðu haft áhuga á því að koma upp slíku iðjuveri, stóriðjuveri, og fengið í lið með sér kunnáttumann til þess að vinna að áætlunargerð á þessu sviði. En skömmu eftir að hann hafði hafið starfsemi sína, leitaði iðnaðarnefnd frá Sauðárkróki til iðnmrn. og fór þess á leit, að það tæki við rannsókn þessa máls. Það var fúslega gert og í samráði við Iðnaðarmálastofnunina, en Jón Kristgeirsson, íslenzkur maður, sem búsettur hefur verið í Hollandi, var sá, sem upphaflega hafði verið talað um að athugaði málið af hálfu Sauðkrækklinga. Var honum falið þetta verkefni af hálfu iðnmrn. Hann vann að málinu á annað ár og skilaði mjög ýtarlegu áliti um sútunarverksmiðju og þá möguleika, sem væru fyrir hendi til þeirra hluta. Þessi ýtarlega grg. var svo lögð fram á sínum tíma í iðnþróunarráði og einnig látin í té Félagi ísl. iðnrekenda, til þess að þau gætu komið henni á framfæri, og ég held, að einnig hafi verið fullkomlega séð til þess, að þeir, sem helzt hafi haft með þessi mál að gera hér, hafi haft aðgang að þessari skýrslu.

Nú er það svo, að þótt þessi ýtarlega skýrsla hafi verið samin og að það liggi fyrir samkv.

henni áætlun um kostnað við að koma upp slíkri sútunarverksmiðju og einnig áætlun um rekstur hennar, hefur þetta ekki af neinum verið talið girnilegt enn þá, en það hafði staðið svo, þegar þessi athugun var sett í gang, að fjöldi manna hafði þá beðið um smálán hjá Framkvæmdabankanum, af því að þeir höfðu í hyggju að koma upp sútunarverksmiðjum, og nokkrar minni sútunarverksmiðjur hafa komizt upp á síðustu árum hér á landi, en með mjög vafasömum árangri.

Þegar Jón Kristgeirsson var hér á s. l. hausti, var þetta mál sérstaklega rætt í iðnþróunarráði og í undirnefnd iðnþróunarráðs, og þegar hann fór af landi burt, ég held, að það hafi verið í nóv. eða eitthvað um það leyti eða a. m. k. á haustmánuðunum, fékk hann það verkefni og erindisbréf frá iðnmrn. að leita eftir því, hvort erlendir aðilar hefðu hug á því að reisa hér í samvinnu við Íslendinga sútunarverksmiðjur í stórum stíl og leggja þar til bæði fjármagn og kunnáttu að sínu leyti, og ef um það væri að ræða, að hann kæmist að raun um, að vilji kynni að vera fyrir hendi hjá slíkum erlendum aðilum, sem um áraraðir og áratugi og um langan tíma hafa rekið stórar sútunarverksmiðjur úti í löndum, að hann gerði þá aðvart. Það virðist vera sá minnsti vilji, sem þeir þurfa að sýna, að þeir komi hingað til lands til viðræðna við Íslendinga. Var þá hugmynd iðnmrn. að stefna saman þeim aðilum, sem hafa helzt að þessum málum unnið fram að þessu, til viðræðna við slíka aðila.

Það hefur ekkert borizt enn frá Jóni Kristgeirssyni um það, að neinir mögulelkar séu til þess eða að það séu horfur á því, að erlendir aðilar, sem að þessum málum hafa unnið, telji, eins og nú standa sakir, líklegt eða efnilegt að setja upp stóra sútunarverksmiðju hér á landi. Og það hafa þeir sagt mér, sem hafa haft með þessi mál að gera, t. d. fyrir hönd S. Í. S., að þeirra iðnaður á þessu sviði hafi ætíð verið þröngur og ekki sízt á síðari árum, og kunnugt er, að margar af stærstu sútunarverksmiðjum í Evrópu hafa verið lagðar niður eða nokkrar af þeim allra stærstu, vegna þeirrar samkeppni, sem þessi iðnaður hefur lent í við gerviefni, eins og kunnugt er.

Allt þetta vil ég, að menn hafi í huga. Málið er þegar mjög ýtarlega rannsakað, og vissulega mun Efnahagsstofnunin og þeir aðrir, sem vinna á vegum Norðurlandsáætlunarinnar, geta haft aðgang að þeirri rannsókn, sem þarna hefur verið framkvæmd, en því miður eru miklu minni horfur á því, eins og nú standa sakir, að hér sé um mjög líklegan atvinnuveg að ræða, en margir hafa ætlað. Ég skal hins vegar ekki draga úr áhuga og vilja manna til þess, að slíkar atvinnugreinar komist upp og séu fullrannsakaðar, en það er þó nauðsynlegt, þegar liggur fyrir jafnýtarleg rannsókn og þegar hefur verið gerð í þessu máli og því miður jafnvafasamar horfur á, að hér geti verið um mikla atvinnuaukningu fyrir landsfólkið að ræða á Norðurlandi, eins og hér er verið að tala um, þá er, held ég, nauðsynlegt, að fram komi það, sem ég nú hef verið að segja, svo að menn tengi ekki of miklar vonir við það og verði þá fyrir vonbrigðum, sem ástæðulaus væru.

Þetta er nú búið að standa yfir í 2—3 ár, og það hafa verið bundnar miklar vonir við, að slík stór sútunarverksmiðja gæti risið á Norðurlandi, t. d. á Sauðárkróki eða einhverjum héruðum þar um kring, þar sem mikil fjárrækt er, en því miður hefur sú vitneskja, sem iðnmrn. hefur fram til þessa borizt á grundvelli ýtarlegrar rannsóknar, fremur dregið úr því, að hægt sé að búast við, að hér sé um mikla úrlausn að ræða í sambandi við nýjar atvinnugreinar eða atvinnuaukningu.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Umræður hafa orðið allmiklar um þetta mál, og ég ætla ekki að bæta neinu verulegu þar við. En ég hafði kvatt mér hljóðs fyrir viku og ætlaði þá að drepa á einhver atriði, sem þá voru í huga mínum, en hafa nú eitthvað hripað niður. Ég man ekki svo glögglega allt, sem fram hefur komið, en þó eru viss atriði, sem mig langar til að minna á, og ég tel í þessu sambandi, miðað við þá fsp., sem hér hefur verið gerð, að það sé rétt að drepa á, og ég vil rifja upp. Og það er m. a. það, sem upplýst var raunar í svari hæstv. fjmrh., að Norðurlandsáætlunin, sem nú er um rætt, á sér þann aðdraganda, að gert var samkomulag í júnímánuði 1965, að því er mig minnir, eða 1964 við Alþýðusamband Norðurlands um það, að gerð skyldi slík áætlun um atvinnulega uppbyggingu á Norðurlandi. Þetta var sem sagt eins konar samkomulag þá við verkalýðsfélögin norðanlands. En svo kemur það fram í ræðu hæstv. fjmrh., að lítið sem ekkert er gert í þessari áætlunargerð frá því í júní 1965, má ég segja, fram í marz 1966, en þá tekur Efnahagsstofnunin þetta mál að sér, og ráðinn er sérstakur maður til þess að hafa verkið með höndum, og sá maður er Bjarni Einarsson viðskiptafræðingur og starfsmaður Efnahagsstofnunarinnar. Bjarni vinnur síðan að þessu máli, að því er virðist einvörðungu eða mikið til frá því í marz 1966 og líklega fram í marz 1967, því 1. apríl 1967 er hann ráðinn bæjarstjóri á Akureyri, og raunar var það vitað snemma upp úr áramótum, að Bjarni mundi hverfa frá störfum hjá Efnahagsstofnuninni og taka starf sem bæjarstjóri á Akureyri frá 1. apríl. Frá 1. apríl 1967 og fram að þessum tíma hygg ég, að ekkert hafi verið gert, ekkert hafi verið unnið í þessari áætlun, engum sérstökum manni verið falið það verkefni sérstaklega að vinna að áætluninni. Mér telst svo til, að það séu liðnir 32 mánuðir eða svo síðan samkomulagið var gert um Norðurlandsáætlunina, og þar af hefur verið unnið 12 mánuði að áætluninni að nokkru gagni.

Það eru þessi atriði, sem ég sérstaklega rek augun í og mér finnst ástæða til að benda á, án þess að ég ætli að fara að hefja miklar umræður um atvinnumálin á Norðurlandi. Það

er búið að gera það mjög rækilega, og ég veit ekki, hvort ég bæti þar nokkru við. Það er þetta, sem ég vil sérstaklega benda á, að hér hefur verið unnið mjög slælega og það er áberandi, hve mikill seinagangur hefur verið á þessu máli, og það er vonandi, að þegar nú er aftur búið að ráða nýjan mann til þess að fara með þessi mál, hann á að taka til starfa í vor, að því er sagt er, þá er vonandi, að málið gangi hraðar fyrir sig en verið hefur hingað til, þar sem segja má, að öllum þessum tíma hafi að miklu leyti verið eytt til lítils sem einskis.

Um Norðurlandsáætlunina og landshlutaáætlanir almennt vil ég aðeins segja það, að vissulega gerum við okkur miklar vonir um, að slíkar áætlanir komi að gagni, og ekki aðeins það, við megum telja það fulla vissu, að slíkar áætlanir verði til verulegs gagns fyrir atvinnulega uppbyggingu í landshlutunum og yfirleitt fyrir framfarir í landshlutunum, ef þannig er að áætlunum staðið, að þær séu meira en pappírsgagn eitt, ellegar um mjög afmörkuð svið. Hér verður að standa myndarlega að verki og gera áætlanir, sem eru allviðtækar að efni, ekki efnisrýrar, því að það, sem ræður framförum á einum stað í einu landi, einum landshluta, héraði eða hvar sem er, er það, að alhliða framfarir eigi sér stað, bæði atvinnulegar framfarir og félagslegar og menningarlegar framfarir. Vitanlega er hér atvinnan undirstaðan, en hitt er líka augljóst, að það, sem lýtur að hinu félagslega og menningarlega, skiptir einnig höfuðmáli.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti, enda er tími minn þrotinn.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það eru örfá orð. Ég hlustaði ekki á ræðu hæstv. fjmrh. um daginn að öllu leyti, en mér var sagt, að komið hefði fram hjá honum, að þessi Norðurlandsáætlun ætti fyrst og fremst að snúast um samgöngumál og skólamál, en ekki nema að litlu leyti um atvinnumál. Það er allt vel um samgöngumál og skólamál, en ég hygg, að við ættum að vera menn til að leysa það nokkurn veginn án aðstoðar í heimabyggðum og á þingi og með aðstoð ráðuneytanna. Samgöngumál þjá okkur ekki svo mikið í okkar kjördæmi. Það er búið að koma vegi til Siglufjarðar. Vegirnir eru raunar ekki góðir, en ekkert verri hjá okkur en öðrum. Það er búið að koma vegi til Ólafsfjarðar. Skólamálin mættu eðlilega vera betri. Þó er þetta allt í áttina. Það er verið að reisa myndarlegan gagnfræðaskóla á Sauðárkróki. Það er verið að reisa myndarlegan skóla á Reykjum á Reykjabraut. Þetta þjáir okkur ekki svo mikið, og við getum leyst þessi mál, þingið, ráðh. og heimabyggðirnar; en atvinnumálin — það eru mál, sem þarf að leysa.

Ég er ekki hneigður fyrir smjaður. Það er verið að hæla því, að nú sé verið að styðja dreifbýlið með því að hafa einhvern mann norður á Akureyri, sem vinnur í þessu. Ég satt að segja get ekki verið að svona smjaðri. Því ráðizt þið ekki á guð almáttugan fyrir að hafa ekki fært einhvern hluta af heilanum fram í fingurgómana eða niður í tærnar? Höfuðborg er höfuðborg og hér er samgöngumiðstöð landsins. Ég vil miklu heldur hafa mann hér, sem ég get talað við, heldur en einhvern mann, sem ég veit, að heitir Lárus og er norður á Akureyri og enginn getur haft tal af. Satt að segja hélt ég, að það væri nú eðlilegra, þegar á að leysa svona mál, að það sé ekki tekinn neinn maður af lista eða einhver smali fyrir einhvern ákveðinn flokk til að láta vinna úr málunum. Þeir voru búnir að láta nefnd ferðast um og kynna sér málin, Bjarna nokkurn og Jónas Haralz og fleiri góða menn og Þóri, held ég. Þetta voru allt viti bornir og góðir menn, svo er bara þetta tekið úr höndum þeirra og fært til einhvers Lárusar, sem var á einhverjum lista, sem Magnús Jónsson hefur verið 2. maður á í Norðurlandskjördæmi eystra.

Það er allt vel um dreifbýlið. Jú, þeir fóru að setja einhvern mann norður á Siglufirði til að útbýta einhverjum aurum, sem átti að vera uppbót á fiskinn. Ég gerði þá út á Skagaströnd. Afleiðing: Ég hef engan eyri fengið. Vegsami þeir, sem vilja vegsama, en ég held, að þetta styrki okkur lítið. Við þurfum að efla atvinnulífið í þessum byggðum, en ekki að fá einhvern mann, sem úthlutar aurum, eða einhvern mann, sem á að fást við atvinnumál og enginn maður getur talað við. Það er ekki það, sem við þurfum að vinna að. Vitanlega er þetta okkar eigin sök að rífa þetta ekki upp, en ef menn eru ekki færir um það eða gera það ekki, þarf að rétta þeim hjálparhönd, og ég er búinn að margtaka það fram. Við þurfum að stunda togveiðar þá árstíma, sem hagstæðastir eru á Norðurlandi, því að það er eini útvegurinn, sem getur borið sig. Við þurfum að afla hráefnisins á skynsamlegan hátt. Það er allt vel um að flytja síld til Siglufjarðar. Það er allt vel um að nýta þau atvinnutæki, en við þurfum bara meira. Ég er búinn að margbenda á þetta. Við þurfum hentug skip. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka fjmrh. það, að hann studdi Sauðárkróksbúa í því, að þeir geta keypt togbát. Ég vil þakka honum fyrir það. Hann gerði það af vinsemd og skilningi. Þrátt fyrir það, að ég tek það fram, að þar hafi fleiri menn unnið, þá lagði hann þar lóð á metaskálarnar.

Við verðum að líta á aðalatriðin, en ekki aukaatriðin. Atvinnulífið verðum við að efla með hráefnisöflun á hagkvæman hátt. Þetta er það eina, sem gildir. Þetta er það eina, sem fólkið biður um, og það eina, sem fólkið þráir. Við getum leyst okkar skólamál og vegamál í félagi og þurfum engan Lárus til þess, en við þurfum samræmda áætlun. Það þarf að koma rekstri frystihúsanna á heilbrigðan grundvöll og skynsamlegan. Við þurfum að hafa hentugan skipakost og hentug veiðarfæri, þannig að fólk geti haft nóg að gera, og svo verður heilinn að vera í höfðinu, hvorki í tám eða fingrum. Það er bara eðli

líkamsbyggingarinnar. Það eru fyrst og fremst atvinnumálin, sem við þurfum að fá leyst og höfum þörf fyrir, annars er það að taka á aukaatriðunum, en ekki aðalatriðunum. Hitt getum við leyst sjálfir með hjálp góðra manna og með því að aðstoða hver annan. Og vafalaust getum við þetta. T. d. á Húsavík, þar eiga þeir miklu styttra á miðin. Þeir geta notað sína smábáta. Þeir spjara sig. Við eigum lengra á miðin, og því miður hefur komizt pólitík og flokkadráttur inn í starfsemina í mínu kjördæmi, og þeir hafa unnið hver öðrum skaða þannig, því sannleikurinn er sá með þessi byggðarlög, að ef þau hjálpast ekki að að leysa sín vandamál og horfa yfir smávegis kryt og erjur, getum við ekki leyst þau, við höfum ekki efni á því. Við þurfum sem sagt að koma okkar útgerðarmálum í gott horf.

Svo get ég ómögulega tekið undir þennan sífellda barlóm um þetta blessað kjördæmi. Sannleikurinn er sá, að Skagafjörður og Húnavatnssýslur eru einhverjar þær indælustu sýslur, sem til eru á landinu. Þar er veðráttan bezt, þar hefur jafnan verið búið jafnbezt á Íslandi. Og þó að sjávarþorpin hafi ekki getað aflað sér hráefnis eins og skyldi og rekstur á frystihúsunum hafi ekki verið að öllu leyti hagkvæmur og síldin hafi í bili lagzt frá landi, skulum við ekki örvænta. Raunverulega þarf ekkert nema framtak og kjark og lítils háttar aðstoð, þá er þetta allt í góðu lagi. Sem sagt, það er bara að halda skynsamlega á málum. Héruðin eru góð, fólkið er vel stætt, og engir eiga meira í innlánsdeildum en bændurnir í þessum héruðum.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð út af ræðu hv. síðasta ræðumanns, sem kannske gerist nú ekki mikil þörf á að svara. Hann svaraði sér dálítið sjálfur í lokin um það, að það væri í rauninni lítið að á Norðurlandi, þó að í upphafi segði hann, að það, sem allt ylti á, væri það, að atvinnumálin væru leyst, vegna þess að skólamál og samgöngumál mundu leysast nokkuð af sjálfu sér, ef þm. og ríkisstj. stæðu að því. Að vísu finnst manni það þá nokkuð, sem til þarf að koma, og ég er ósköp hræddur um, að Norðurlandsáætlun út af fyrir sig mundi ekki leysa atvinnumálin, ef ekki kæmu til þing og stjórn, því að það þarf nú líka að koma til eitthvert fjármagn til þess að leysa þau mál.

Eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði, er áætlun sem þessi góð út af fyrir sig, eins og ég hef áður sagt, en hún er vinnuplan, nauðsynlegt vinnuplan. En það, sem auðvitað þarf til að koma, er, að það sé auðið með skynsamlegum hætti að byggja upp fyrirtæki á þessum stöðum og leysa úr atvinnuvandamálunum þar. Og það, sem skiptir þar máli, er tvennt: Annars vegar að sjálfsögðu fjármagn, sem til þarf að koma, hins vegar framtak aðila heima fyrir í byggðunum til þess að standa að atvinnuuppbyggingunni með þeirri aðstoð, sem auðið er að veita, og að það verði lögð áherzla á að reyna að byggja upp á þessum stöðum arðbær fyrirtæki fyrir þjóðarheildina.

Það er alveg rétt, sem hæstv. iðnmrh. gat hér um, að því miður hefur okkur of oft sézt yfir það í okkar litla þjóðfélagi að kanna til hlítar, hvað væri arðbært, að það væri í fullu raunsæi skoðað niður í kjölinn, hvort fyrirtækin væru líkleg til að ganga eða hvort þau yrðu eiliflega á framfæri sem vandræðafyrirtæki.

Ég skal ekki fara lengra út í þá sálma. En mér datt í hug út af ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v., að ég hélt nú ekki að mikil hætta væri á að hann félli í þá gryfju að hafa Tímann að leiðarljósi í því, sem hann teldi, að aðrir hefðu sagt hér í þinginu. Hann var ekki viðstaddur, að því er mér skilst, þegar ég flutti mína ræðu, hefur hins vegar flett upp í Tímanum og séð, hvað þar var sagt, að ég hefði sagt, og ég skil þá vel, þó að hann fari ekki nákvæmlega rétt með, úr því að hann hefur slíka heimild. Ég nenni nú varla í þriðja skipti að fara að taka það fram, að auðvitað er það fjarri öllu lagi, að ég hafi sagt, að það væru ekki atvinnumálin á Norðurlandi, sem skiptu máli, þau væru algert aukaatriði í þessu. Þetta er algjörlega út í hött og leiðinlegt að þurfa alltaf að vera að endurtaka þetta. **(Gripið fram í: Ég hafði þetta eftir þér.)** Í Tímanum, já. En ég held, að hv. þm. hafi ekki hingað til haft Tímann sem biblíu, og sé honum lof og þökk, að hann hefur haft dómgreind til þess. En honum virðist eitthvað vera farið að förlast. En vitanlega eru atvinnumálin eitt undirstöðuatriðið. Það eina, sem ég hef sagt og segi enn, er það, að áætlunin er ekki um það, að ríkið eigi að reisa tiltekin fyrirtæki á Norðurlandi, og frá því hverf ég ekki. Hún er ekki um það og verður ekki um það. Hún verður kortlagning á því vandamáli, sem þarna er við að glíma, athugun á því í samráði við verkalýðsfélög og sveitarstjórnir, hvað líklegast væri, að kæmi til álita að byggja upp á stöðunum, og síðan að leitast við með aðstoð Atvinnujöfnunarsjóðs og þeim aðilum, sem ætlað er það verksvið í lögum um framkvæmdaáætlanir, að byggja upp þessi fyrirtæki eða standa við bakið á þeim aðilum, sem vildu leggja sitt lið til þess að byggja þau upp, en ekki að áætlunin verði pöntunarlisti til ríkisins um það að byggja atvinnulífið upp með ríkisfyrirtækjum. Ég hélt, að hv. þm. væri ekki heldur baráttumaður fyrir því. (Gripið fram í.) Jú, það er nákvæmlega það, sem ég var að segja.

Varðandi það svo, að heilinn sé hér í Reykjavík og þar eigi hann að vera, það er út af fyrir sig alveg rétt, en ég hygg, að hv. þm. sé nú það vel að sér í heilsufræði, að hann viti, að það þurfi skilaboð til heilans til þess að hann viti, hvernig viðbrögðin þurfi að vera. Til þess eru taugar líkamans, og þær liggja út til hinna ýmsu stöðva, og sama gildir hér um Norðurlandsáætlunina. Áætlunin er um framkvæmdir á Norðurlandi og því ekkert óeðlilegt, að þar sé staðsett sú athugun, sem á að

fara fram á þeim málum. Vitanlega verður svo endanlega gengið frá þessari áætlun hér í Efnahagsstofnuninni, og í áætlunargerðinni er beinlínis gert ráð fyrir því, að ekki eigi að hafa samband við þm. um þetta fyrst og fremst, heldur eigi að hafa samband í áætlunargerðinni við verkalýðsfélögin eða launþegafélögin og sveitarstjórnirnar á þessu svæði, enda kom það fram hjá öðrum hv. ræðumanni hér, hv. 1. þm. Norðurl. e., að hann varpaði fram þeirri hugmynd, hvort það væri ekki jafnvel eðlilegt, að þetta væri á vegum Fjórðungssambands Norðlendinga. Hann er auðvitað miklu nær lagi, sá skilningur, heldur en það, að allir menn, sem séu að vinna eitthvað í þjóðfélaginu að áætlanagerð, á hvaða sviði sem er, eigi að hafa aðsetur í Reykjavík.

En svo var það enn eitt atriði, sem ég var í rauninni mjög hissa á hjá þessum hv. þm., sem annars er háttvís maður. Hann kom með dylgjur um það, að þessi ungi maður, sem hefur verið ráðinn í þetta, hafi verið ráðinn þar, vegna þess að hann hafi verið á lista með mér í Norðurl. e. Þessu vil ég mjög harðlega mótmæla. Sá maður, sem var í þessu starfi áður, Bjarni Einarsson, sem er ósköp vitanlegt að hefur ákveðnar stjórnmálaskoðanir, sem ekki eru mínar skoðanir, sinnti þessu máli með ágætum og engin ástæða til að ætla, að hann hafi ekki lagt þar fram sitt lið sem verði mátti. Hann vann þarna mjög gott starf, og hefði vitanlega unnið að þeim málum áfram, ef hann hefði ekki ráðizt til annars starfs, og þá þurfti að leita eftir manni. Ástæðan til þess, að Lárus Jónsson var valinn í þetta starf, er ekki barátta mín, heldur mat forstjóra Efnahagsstofnunarinnar sjálfs, sem stakk upp á þessu, vegna þess að Lárus Jónsson hefur svipaða menntun og Bjarni Einarsson og hefur sérstaklega lagt sig eftir byggðaáætlunum og hefur haft aðstöðu til þess að kynna sér þær erlendis.

Ég skal játa, að ég studdi það mjög eindregið, að þessi starfsemi yrði staðsett á Akureyri, af því að mér fannst, að þegar um er að ræða byggðaáætlanir, væri ekki óeðlilegt, að að þeim væri unnið úti á landi. Við höfum oft heyrt það hér í þinginu, og margar raddir hafa komið fram um það, að flytja ætti ýmsar stofnanir út á land, og það er ekkert íslenzkt mál. Það er rætt um það í mörgum öðrum löndum, að það sé æskilegt, að ekki sé allt saman komið í höfuðborginni. Og þegar svona vildi til, að hér var einmitt verið að vinna að sérstökum málefnum landsbyggðarinnar, sem ekki þurfti nauðsynlega að staðsetja hér í Reykjavík, fannst okkur mjög eðlilegt og skynsamlegt að setja þessa starfsemi þarna niður. Og ég er alveg reiðubúinn til að taka ákúrum út af þeirri ráðstöfun, ef það þykir þess virði. En ég get ekki komizt hjá því, og ég vona, að hv. þm. skilji, að það eru eðlileg viðbrögð frá minni hendi, að mótmæla því, að það sé verið að dylgja um það, að þessi ungi maður, sem í þetta hafi ráðizt, hafi eingöngu verið til þess ráðinn, af því að hann hafi verið einhver pólitískur jábróðir minn, en ekki vegna þess, að hann hafi verið talinn til þess sérstaklega hæfur. Það er algjörlega ósatt mál, og ég harma, að þessi mæti þm. skuli hafa tekið sér slík orð í munn.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Eins og áður hefur komið fram, tel ég, að menn eigi hér rétt á lengri ræðutíma, þar sem um tvær fsp. er að ræða. En ég ætla ekki að tala um það, enda bað ég hér aðeins um stutta aths. Af því að ég hóf þessar umr. fyrir nokkru með fsp., finn ég hjá mér hvöt til þess að segja nokkur orð nú undir lokin, en örfá.

Ég vil segja það, að ég tel, að þessar umr. hafi orðið til gagns, ótvírætt til gagns, en af því að nú á þessum fundi og reyndar fyrr hefur verið farið nokkuð út í það af einstökum hv. þm. að nefna eitt og annað, sem eðlilegt væri að yrði í Norðurlandsáætlun, vil ég aðeins minna á það, að það er eitt, sem áreiðanlega þarf að vera í þessari áætlun, sem hún þarf að fjalla um og ekki má undan falla að fjalla um, og það eru raforkumál Norðlendinga. Það er nú þannig ástatt, að aðalraforkustöðin á Norðurlandi, þ. e. a. s. stærsta raforkustöðin, Laxárvirkjunin, er fyrir löngu orðin allt of lítil og það hafa verið settar niður dísilstöðvar til þess að bæta úr því. Dísilstöðvar eru raunar víðar og veitt út frá þeim rafmagni. Þetta er áreiðanlega eitt af því, sem þarf að fjalla um í Norðurlandsáætlun, hvernig á að sjá um það, að Norðurland fái viðunandi raforku og trygga raforku, áður en langt um líður. Og þá einnig í því sambandi, að lokið verði rafvæðingu dreifbýlisins í fjórðungnum, sem hefur auðvitað mikla þýðingu í sambandi við það að tryggja byggð í sveitum.

Ég skal ekki nota um of þennan aths.-tíma, sem hæstv. forseti veitti mér, aðeins segja það að lokum í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði á sínum tíma, að hann vonaði eða gerði ráð fyrir, að áætlunin lægi fyrir á þessu ári, sem nú er hafið, að ég teldi mjög æskilegt, að það gæti orðið á miðju árinu, 1. júlí og í síðasta lagi kringum 1. ágúst, sem þessi áætlun lægi fyrir.

14. Norðurlandsáætlun.

Á 31. fundi í Sþ., 30. jan., var útbýtt:
Fsp. til fjmrh. um Norðurlandsáætlun [109. mál, 7] (A. 239).

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 7. febr., var fsp. tekin til umræðu. (Sjá næsta mál hér á undan: Framkvæmdaáætlun fyrir Norðurland.)

15. Húsaleigugreiðslur ríkisstofnana.

Á 31. fundi í Sþ., 30. jan., var útbýtt:
Fsp. til fjmrh. um húsaleigugreiðslur ríkisstofnana [109. mál, 6] (A. 239).

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 34. og 38. fundi í Sþ., 7. og 14. febr., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Sþ., 21. febr., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þessar spurningar eru svo ljósar, að ég álít óþarft að fylgja þeim úr hlaði með nokkrum skýringum. Það er í fyrsta lagi spurt um það, hvaða ríkisstofnanir og ríkisskrifstofur séu í leiguhúsnæði, og í öðru lagi, hvað hver einstök þeirra borgi fyrir leiguna og hverjum hún er greidd. Ég álít, að það sé fróðlegt að fá þetta upplýst, því að það muni sanna réttmæti þeirrar stefnu, að ríkið eigi að keppa að því, að það og stofnanir þess eigi sitt eigið húsnæði.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fsp., sem hér er um að ræða, hljóðar þannig:
„Hvaða ríkisstofnanir og ríkisskrifstofur eru í leiguhúsnæði? Hvað borgar hver einstök þeirra fyrir leiguna, og hverjum er hún greidd?“
Þó að fsp. virðist í fljótu bragði vera nokkuð ljós, er hún nú samt engu að síður dálítið óljós, vegna þess að það er ekki auðvelt að átta sig á því, hvort átt er við leiguhúsnæði, sem er eign annarra en ríkis og ríkisstofnana, eða hvort er átt við þær leigur, sem bókhaldslega eru greiddar, vegna þess að það eru margar stofnanir, sem leigja í húsnæði, sem ríkið á eða einstakar aðrar ríkisstofnanir. Þar sem það í rauninni gefur ekki rétta mynd nema taka þetta allt með, hef ég valið þann kostinn að svara þessu miðað við það, að taka allar leigugreiðslur ríkisstofnana og einnig þær, sem inntar eru af höndum til ríkisfyrirtækja. Hins vegar er þar ekki um að ræða neinar leigugreiðslur hjá stofnunum, sem búa í eigin húsnæði, við skulum segja stjórnarráðið, sem hefur sitt eigið húsnæði, póstur og sími, að svo miklu leyti sem hann hefur eigið húsnæði, skólar og aðrar slíkar stofnanir, sem eru í eigin húsnæði, heldur aðeins leigugreiðslur, þar sem um greiðslu er að ræða til annarrar ríkisstofnunar eða til einhvers annars aðila, þótt opinber sé, sem á húsnæði það, er viðkomandi stofnun hefur til afnota.

Hér er um mikið mál að ræða, og í sannleika sagt hefði verið næsta erfitt að svara þessari fsp. án mikilla rannsókna, vegna þess að þessar upplýsingar eru ekki til á einum stað, ef ekki hefði viljað svo vel til, að fjárlaga- og hagsýslustofnunin hefur einmitt verið að afla upplýsinga um þetta atriði eins og margt annað, sem verið er að reyna að safna saman heildarupplýsingum um og er talið eðlilegt, að sé til hjá þeirri stofnun, og hefur af þeirri ástæðu reynzt tiltölulega auðvelt að afla þessara upplýsinga til svars þessari fsp., enda þótt ég taki það fram, að það er ekki öruggt, að hér sé um algerlega tæmandi svör að ræða, því að það er ekki hægt að fullyrða, að upplýsingar hafi borizt um allar stofnanir, sem kunna að vera í leiguhúsnæði að einhverju leyti.

Ef litið er á rn. sem slík, skiptast þessar leigugreiðslur fyrirtækja, er undir þau heyra, sem hér segir:

Á vegum forsrn. og menntmrn. eru greiddar leigur, sem nema 5 millj. 40 þús., ég sleppi hundruðum kr., á vegum utanrrn. 1 millj. 524 þús., atvmrn. 1 millj. 12 þús., dóms- og kirkjumrn. 5 millj. 418 þús., félmrn. 563 þús., fjmrn. sjálfs 7 millj. 777 þús. og deilda þess, Hagstofu Íslands 71 þús. og ríkisendurskoðunar 771 þús., samgm.- og iðnmrn. 3 millj. 37 þús., pósts og síma 2 millj. 735 þús. og loks viðskmrn. 536 þús. Þetta eru samtals 28 millj. 488 þús. En af þessu munu um 9.5 millj. kr. vera leigugreiðslur fyrir húsnæði, sem er eign ríkis eða ríkisstofnana, m. a. í Borgartúni 7, þar sem margar ríkisstofnanir eru nú til húsa, en er rekið sem sjálfstæð stofnun og leiga fyrir það húsnæði miðuð við að standa undir stofnkostnaði, sem að verulegu leyti er í skuld. En eins og ég áður gat um, er hér ekki meðtalin nein húsaleiga fyrir húsnæði þeirra stofnana ríkisins, sem eiga sitt húsnæði sjálfar.

Það er nokkuð mikið mál að svara fsp. í einstökum atriðum að öðru leyti, en ég held, að það sé þó ekki mjög mikill lestur, og ég vil ekki skjóta mér undan að svara því, og mun ég þá svara því, hvaða stofnanir er um að ræða, og skýra frá húsaleigugreiðslunni og leigusala. Vitanlega verð ég að taka það fram, að húsaleigugreiðslan sem slík gefur ekki mikla hugmynd, nema menn viti, hver er stærð húsnæðisins, og ég get því látið fylgja hér með einnig upplýsingar um það.

Það er í fyrsta lagi: Háskóli Íslands leigir 70 fermetra hjá Kristínu Pálsdóttur í Tjarnargötu 44 og greiðir 39.480 kr. Sami aðili leigir 240 fermetra í Tjarnargötu 26 hjá Tjarnargötu 26 s/f fyrir 244.800 kr. Menntaskólinn við Lækjargötu í Reykjavík leigir í Laufásvegi 7, Þrúðvangi, eigandi Framkvæmdasjóður Íslands, 5 kennslustofur, og árslega er 132 þús., húsnæði til leikfimikennslu í íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar 110 þús. kr., íþróttahúsi Háskól-

ans 12.800 kr. og íþróttahöllinni 25.600 kr. Tækniskóli Íslands, sem nú hefur þó eignazt sitt eigið húsnæði, en þetta eru upplýsingar frá s. l. ári, 377 fermetra í sjómannaskólahúsinu fyrir 162 þús. kr. Vélskólinn í Reykjavík 2500 fermetra í sjómannaskólahúsinu fyrir 355 þús. kr. Upptökuheimilið í Kópavogi 143 fermetra í Kópavogshæli fyrir 68.600 kr. Fræðslumálastjóraembættið, íþróttafulltrúi ríkisins og bókafulltrúi ríkisins 331 fermetra fyrir 254 þús. í Borgartúni 7, sem er eign ríkissjóðs. Fræðslumyndasafn ríkisins 126 fermetra í Borgartúni 7 fyrir 96.200 kr. Fjármálaeftirlitsmaður skóla á Skólavörðustíg 12 130 fermetra hjá Friðrik Þorsteinssyni fyrir 81 þús. Ríkisútgáfa námsbóka 227 fermetra hjá Guðrúnu Helgadóttur, Tómasi Jónssyni og Ásgeiri Ólafssyni fyrir 95.340 kr. Landsbókasafnið 16 fermetra fyrir 11 þús. hjá Valgerði Björnsdóttur, Hverfisgötu 12. Landsbókasafnið 60 fermetra fyrir 23 þús. kr. hjá Sölufélagi garðyrkjumanna. Þjóðleikhúsið 380 fermetra fyrir 300 þús. kr. í Lindarbæ. Eigendur hans eru Verkamannafélagið Dagsbrún og Sjómannafélag Reykjavíkur. Barnaverndarráð Íslands leigir 20 fermetra fyrir 24 þús. kr. hjá Sveinbirni Jónssyni. Myndlista- og handíðaskóli Íslands 1120 fermetra fyrir 779 þús. kr. hjá Baug s/f í Skipholti 1. Iðnfræðsluráð 100 fermetra fyrir 114 þús. kr. hjá Brunabótafélagi Íslands. Menningarsjóður 243.2 fermetra fyrir 138 þús. kr. hjá Hinu íslenzka prentarafélagi. Sami aðili 110 fermetra fyrir 42 þús. kr. hjá Hjálmtý Péturssyni. Sami aðili 29 fermetra fyrir 10 þús. kr. hjá Jóni Halldórssyni. Sami aðili 18 fermetra fyrir 6 þús. kr. hjá Ólafi Jónssyni. Sami aðili 44 fermetra fyrir 24 þús. kr. hjá Önnu Helgadóttur. Ríkisútvarpið leigir 1783 fermetra fyrir 1 millj. 378 þús. kr. hjá Rannsóknastofnun sjávarútvegsins. Sami aðili leigir 52 fermetra fyrir 66 þús. kr. hjá Vilmundi Jónssyni. Sami aðili leigir 200 fermetra fyrir 180 þús. kr. hjá Hannesi Gíslasyni. Kennaraskóli Íslands, þ. e. skóli Ísaks Jónssonar, leiguhúsnæði vegna æfingakennslu 92 þús. kr., húsnæði fyrir leikfimikennslu í íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar 123 þús. kr. Gagnfræðaskóli Austurbæjar, leiguhúsnæði fyrir íþróttakennslu, 48 þús. kr. Varnarmáladeild utanrrn. leigir 185 fermetra fyrir 237 þús. kr. hjá Kristjáni Siggeirssyni. Ráðningarskrifstofa Keflavíkurflugvallar leigir 23 fermetra fyrir 20.700 kr. í flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli. Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli leigir 96 fermetra fyrir 60 þús. kr. í flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli. Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli leigir enn fremur 521 fermetra fyrir 453 þús. kr. í flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli. Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn leigir 190 fermetra fyrir 105 þús. kr. Sendiráð Íslands í Osló 75 fermetra fyrir 48 þús. kr. Sendiráð Íslands í Stokkhólmi 100 fermetra fyrir 106 þús. kr. Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli 371 fermetra fyrir 319 þús. í flugstöðvarbyggingunni. Flugmálastjórnin á Keflavíkurflugvelli 63 fermetra fyrir 84 þús. í flugstöðvarbyggingunni. Sölunefnd varnarliðseigna 82 fermetra fyrir 90 þús. kr. hjá Stefáni Thorarensen.

Skógrækt ríkisins leigir 180 fermetra fyrir 96 þús. kr. hjá landgræðslusjóði. Landnám ríkisins leigir 81 fermetra fyrir 70 þús. kr. í Búnaðarbanka Íslands. Sauðfjárveikivarnir leigja 57 fermetra fyrir 71 þús. kr. í Bændahöllinni. Veiðimálastofnunin leigir 180 fermetra fyrir 151 þús. kr. hjá Sesselju Sigurðardóttur, Tjarnargötu 10. Hafrannsóknastofnunin á Grandagarði leigir 242 fermetra fyrir 110 þús. kr. hjá Reykjavíkurhöfn. Fiskimálasjóður í Tjarnargötu leigir 83 fermetra fyrir 79 þús. kr. hjá Steindórsprenti. Verðlagsráð sjávarútvegsins leigir 77 fermetra fyrir 74 þús. kr. hjá Steindórsprenti. Löggildingarstofa mælitækja og vogaráhalda leigir 265 fermetra fyrir 174 þús. hjá Karli J. Karlssyni. Vélasjóður leigir 50 fermetra fyrir 60 þús. kr. í Bændahöllinni. Síldarmat ríkisins leigir 64 fermetra fyrir 60 þús. kr. í Bændahöllinni. Síldarmat ríkisins leigir 64 fermetra fyrir 39 þús. kr. hjá Knúti Jónssyni á Siglufirði. Atvmrn., jarðeignadeild, leigir 56 fermetra fyrir 30.700 kr. hjá Skattstofu Reykjavíkur. Sandgræðslustjóri leigir 55 fermetra fyrir 5 þús. kr. Atvmrn. leigir 61.6 fermetra fyrir 48 þús. kr. hjá Silla & Valda.

Embætti saksóknara leigir 265 fermetra fyrir 291 þús. kr. hjá Gunnlaugi Briem. Borgardómaraembættið í Reykjavík leigir 862 fermetra fyrir 1 millj. 14 þús. kr. hjá Hallveigarstöðum. Borgarfógetaskrifstofan leigir 380 fermetra fyrir 237 þús. kr. hjá Friðrik Þorsteinssyni. Sakadómari í Reykjavík leigir 1087 fermetra fyrir 972 þús. kr. í Borgartúni 7. Sýslumannsembættið í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu leigir 77 fermetra fyrir 60 þús. kr. hjá Braga Jóhannessyni. Bæjarfógetaembættið á Akureyri og sýslumannsembættið í Eyjafjarðarsýslu leigir 441 fermetra fyrir 195 þús. kr. hjá Útvegsbanka Íslands. Skrifstofa sýslumannsins í Suður-Múlasýslu leigir 95 fermetra fyrir 66 þús. kr. hjá Valtý Guðmundssyni. Bæjarfógeta- og sýsluskrifstofurnar í Hafnarfirði leigja 700 fermetra fyrir 840 þús. kr. hjá Oliver Steini. Framkvæmdanefnd hægri umferðar leigir 330 fermetra fyrir 456 þús. kr. hjá SÍS og 84 fermetra fyrir 56 þús. kr. hjá Valgarði Briem. Bifreiðaeftirlit ríkisins leigir 174 fermetra fyrir 181 þús. kr. í Borgartúni 7. Skrifstofa almannavarna leigir 90 fermetra fyrir 56 þús. kr. hjá Friðrik Þorsteinssyni. Mjólkureftirlitið leigir 40 fermetra fyrir 38 þús. kr. hjá Fálkanum. Sérleyfasjóður leigir 70 fermetra fyrir 72 þús. kr. hjá Guðnýju Ámundadóttur. Áfengisvarnaráð ríkisins leigir 73 fermetra fyrir 60 þús. kr. hjá Magnúsi Benjamínssyni. Bæjarfógetaembættið í Vestmannaeyjum leigir 176 fermetra fyrir 176 þús. kr. hjá Sparisjóði Vestmannaeyja. Bæjarfógetaembættið í Kópavogi leigir 332 fermetra fyrir 205 þús. kr. hjá Sparisjóði Kópavogs. Húsameistari ríkisins leigir 371 fermetra fyrir 302 þús. kr. í Borgartúni 7. Biskupsskrifstofan leigir 185 fermetra fyrir 136 þús. kr. á Klapparstíg 27.

Húsnæðismálastofnun ríkisins leigir 350 fermetra fyrir 448 þús. kr. hjá Landsbanka Íslands. Skipulag bæja leigir 137 fermetra fyrir 115 þús. kr. í Borgartúni 7.

Embætti ríkisskattstjóra leigir 587 fermetra fyrir 528 þús. kr. hjá Sölufélagi garðyrkjumanna. Skattstofan í Reykjavík leigir 859 fermetra fyrir 690 þús. kr. í Alþýðuhúsinu h/f og hjá Halldóri H. Jónssyni. Skattstofa Vesturlandsumdæmis leigir 140 fermetra fyrir 84 þús. kr. hjá Trésmiðjunni Akri. Skattstofa Vestfjarðaumdæmis leigir 67 fermetra fyrir 34 þús. kr. hjá Jóni Á. Jóhannssyni. Skattstofa Norðurlandsumdæmis vestra á Siglufirði leigir 70 fermetra fyrir 38 þús. kr. hjá Verzlun Guðrúnar Rögnvalds. Skattstofa Norðurlandsumdæmis eystra leigir 185 fermetra fyrir 105 þús. kr. í Landsbanka Íslands. Skattstofa Austurlandsumdæmis leigir 65 fermetra fyrir 120 þús. kr. hjá Halldóri Ármannssyni. Skattstofa Suðurlandsumdæmis leigir 72 fermetra fyrir 66.300 kr. hjá Kaupfélaginu Þór. Skattstofan í Vestmannaeyjum leigir 130 fermetra fyrir 72 þús. kr. hjá Jóhanni Friðfinnssyni. Skattstofa Reykjanesumdæmis leigir 361 fermetra fyrir 347 þús. kr. hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar. Fasteignamatið á Klapparstíg leigir fyrir 149 þús. kr. hjá Silla & Valda. Tollstjórinn í Reykjavík leigir 440 fermetra á 485 þús. kr. hjá ríkissjóði. Tollstjórinn í Reykjavík, tollgæzlan, leigir 1408 fermetra fyrir 944 þús. kr. hjá Reykjavíkurhöfn. Tollgæzluskrifstofan á Ísafirði leigir 20 fermetra fyrir 12 þús. kr. hjá Ólafi Þórðarsyni. Tollgæzlan á Akureyri leigir 45 fermetra fyrir 42 þús. kr. hjá Skipaafgreiðslu Jakobs Karlssonar. Tollgæzlan í Vestmannaeyjum leigir 52 fermetra fyrir 14.892 kr. hjá Vinnslustöðinni og Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Yfirfasteignamatsnefnd á Lindargötu 360 fermetra fyrir 305 þús. kr. hjá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Tollgæzlan á Norðfirði 20 fermetra fyrir 14 þús. kr. hjá Jóhanni Magnússyni. Fjárlaga- og hagsýslustofnunin 267 fermetra fyrir 256 þús. kr. hjá Kristjáni Siggeirssyni. Lyfjaverzlun ríkisins 2000 fermetra fyrir 862 þús. kr. hjá Rúgbrauðsgerðinni h/f. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, lyfjaverzlun, 2598 fermetra fyrir 1 millj. 715 þús. kr. í Borgartúni 7. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, útsala á Snorrabraut, 120 fermetra fyrir 180 þús. kr. hjá Hringbraut 56 h/f. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins í Ármúla 543 fermetra fyrir 221 þús. kr. hjá Emil Hjartarsyni. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins á Lágafelli 60 þús. kr. hjá Búnaðarsambandi Kjalarnesþings. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins á Laugarásvegi, 204 þús. kr. hjá Hans G. Andersen. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins í Keflavík, 162 þús. kr. hjá Höskuldi Þórðarsyni. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins í Aðalstræti 22, Ísafirði, 60 þús. hjá Brunabótafélagi Íslands.

Vegagerð ríkisins 575 fermetra fyrir 459 þús. kr., Borgartún 7. Vegagerð ríkisins á Ísafirði 15 fermetra fyrir 15.600 kr. hjá Ásgeiri Sölvasyni. Vegagerð ríkisins á Sauðárkróki 30 fermetra fyrir 25 þús. kr. hjá Búnaðarsambandi Skagfirðinga. Vegagerð ríkisins á Akureyri 85 fermetra fyrir 60 þús. kr. hjá Grími Valdimarssyni. Vegagerð ríkisins, Eyrarvegi 8, Selfossi, 12 þús. kr. hjá Selfosshreppi. Ferðamálaráð, Skólavörðustíg 12, 15 fermetra fyrir 24 þús. kr. hjá Friðrik Þorsteinssyni. Veðurstofa Íslands 475 fermetra fyrir 338 þús. kr. í sjómannaskólahúsinu. Sami 120 fermetra fyrir 130 þús. kr. hjá flugmálastjórn. Veðurstofa Íslands leigir enn fremur 33 fermetra fyrir 18 þús. kr. hjá Braga Þorsteinssyni. Stýrimannaskólinn 1645 fermetra fyrir 252 þús. kr. í sjómannaskólahúsinu. Landmælingar Íslands 390 fermetra fyrir 318 þús. kr. hjá Jóhanni Friðrikssyni. Landmælingar Íslands á Flókagötu 39, 30 fermetra fyrir 9 þús. kr. hjá A. Rósenberg. Skipaskoðunar- og skipaskráningarstofa ríkisins í Hamarshúsi 272 fermetra fyrir 179 þús. kr. hjá Hamri h/f. Gisti- og veitingastaðaeftirlit, Skólavörðustíg 12, 14 fermetra fyrir 22.800 kr. hjá Friðrik Þorsteinssyni. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 420 fermetra fyrir 250 þús. kr. hjá Björgvin Frederiksen. Öryggiseftirlit ríkisins 90 fermetra fyrir 78 þús. kr. hjá SÍBS. Skipaútgerð ríkisins 1783 fermetra fyrir 755 þús. kr. hjá Reykjavíkurhöfn. Ferðaskrifstofa ríkisins 81 fermetra fyrir 88 þús. kr. hjá Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi. Verðlagsstjóri 279 fermetra fyrir 223 þús. kr. í Borgartúni 7. Innkaupastofnun ríkisins 343 fermetra fyrir 312 þús. kr. í Borgartúni 7. Hagstofa Íslands 91 fermetra fyrir 71 þús. kr. hjá Verkamannafélaginu Dagsbrún og Sjómannafélagi Reykjavíkur. Ríkisendurskoðunin, Laugavegi 105, 110 fermetra fyrir 105.600 kr. hjá Laugavegi 105 h/f og 743 fermetra fyrir 666 þús. kr. hjá Brunabótafélagi Íslands.

Póstútibúið á Laugavegi 176 123 fermetra fyrir 146 þús. kr. hjá Blossa h/f. Póstur og sími á Akureyri 128 fermetra fyrir 54 þús. kr. hjá Friðfinni Árnasyni. Sjálfvirk símstöð í Hvammi í Höfnum 8 fermetra fyrir 6.400 kr. hjá Jens Sæmundssyni. Sjálfvirk símstöð á Laugarvatni 10 fermetra fyrir 9.600 kr. hjá Helga Geirssyni. Sjálfvirk símstöð í Þykkvabæ 12 fermetra á 16 þús. kr. hjá Magnúsi Sigurlássyni. Póstur og sími, Austurstræti 12, 300 fermetrar á 216 þús. kr. hjá Listasafni ríkisins. Póstur og sími, skrifstofa, Klapparstíg 26, 307 fermetra fyrir 320 þús. kr. hjá Silla & Valda. Póstur og sími, Ármúla 6, 686 fermetra fyrir 567 þús. kr. hjá Jörva h/f. Póstur og sími, Keflavíkurflugvelli, 40 fermetra fyrir 20 þús. kr. í flugstöðvarbyggingunni. Póstur og sími, sérleyfissjóður, 118 fermetra fyrir 91 þús. kr. í Umferðarmiðstöðinni. Póstur og sími, birgðageymsla í Hátúni, 296 fermetra fyrir 193 þús. kr. hjá Filadelfíusöfnuðinum. Póstur og sími, blaðadeild, 262 fermetra fyrir 204 þús. kr. í Umferðarmiðstöðinni. Útibú póststofunnar, Langholtsvegi 82, 306 fermetra fyrir 133 þús. kr. hjá Skónum h/f. Húsnæði, sem Póstur og sími hefur á leigu utan Reykjavíkur, er samtals 1111 fermetrar fyrir 755 þús. kr., sem er að sjálfsögðu leigt hjá mörgum aðilum.

Orkustofnun, Rafmagnseftirlitið, Laugavegi 116, leigir 1900 fermetra fyrir 1 millj. 404 þús. kr. hjá Agli Vilhjálmssyni. Sama stofnun 380 fermetra fyrir 192 þús. kr. hjá Verkstjórafélagi Reykjavíkur. Sementsverksmiðja ríkisins leigir 269 fermetra fyrir 223 þús. kr. í Þórshamri h/f.

Ég þykist vita, að hv. þm. hafi nú kannske ekki orðið miklu nær fyrir þennan upplestur allan saman. En þannig var um þetta efni spurt. Það kann vel að vera út af fyrir sig, að það væri eðlilegt, eins og hefur verið talað um hér áður, að hafa fsp. í því formi, að þær væru skriflegar og væru þá lögð fram skrifleg svör við þeim. Ég er ekki að segja, að það hefði ekki mátt í þessu sambandi, en hins vegar er ekki sérstaklega gert ráð fyrir því, að það sé útbýtt skriflegum svörum. Kjarni málsins er ekki heldur það, hvað hver einstök stofnun leigir í sambandi við þessi mál, heldur heildarvandamálið, sem ég geri líka ráð fyrir að hafi vakað fyrir hv. þm. Það er auðvitað mjög erfitt að gera sér grein fyrir því, hvort hér er um eðlilega eða óeðlilega leigumála að ræða, og skiptir auðvitað ekki meginmáli, hjá hverjum er leigt, ef leigt er á annað borð og húsnæðið hentar. En það er hins vegar mikið mál, sem er eðlilegt að menn gefi gaum, að hér er um að ræða geysimiklar fjárhæðir, jafnvel nálægt 20 millj. á ári, sem greitt er af ríkinu til ýmiss konar aðila utan ríkiskerfisins. Það má auðvitað segja, að það sé nánast fyrirkomulagsatriði, þegar ríkisstofnun leigir hjá annarri ríkisstofnun. Þá er það aðeins spurning um það, að bókhaldslega sé rétt gengið frá reikningum hvorrar stofnunar um sig. Vitanlega skiptir það ekki ríkið höfuðmáli, ef hægt er að koma því þannig fyrir.

Stærsta átakið, sem hefur verið gert á síðustu árum til þess að reyna að komast nær því marki, að ríkið eignaðist húsnæði yfir stofnanir sínar, voru kaupin á Borgartúni 7. Þar hefur tekizt að koma fyrir, eins og menn hafa heyrt á þessari lesningu minni, mörgum stofnunum, og ég hygg, að það sé nokkurn veginn ljóst, að þetta hefur reynzt hagkvæm ráðstöfun. Það er reiknað með því, að þetta hús verði rekið eins og sjálfstæð stofnun og að leigugreiðslur verði við það miðaðar, að hún geti undir sér risið, og það sýnist ekki vera svo, að stofnanirnar þurfi með þeim hætti að borga neina óeðlilega húsaleigu. Hvort með þessu verður hægt að draga verulega úr húsaleigugreiðslunum, skal ég ekki um segja, ég tel það hæpið fyrstu árin, vegna þess að það hefur orðið að kaupa þetta húsnæði, og þó að ég telji, að það hafi tekizt að kaupa það með mjög bærilegum kjörum, er það engu síður þungur baggi til að byrja með.

Þegar menn meta það, hvort æskilegt sé, að ríkið eigi húsnæðið eða ekki, og horfa á þessar 20 millj. kr. greiðslur út af fyrir sig, má auðvitað ekki horfa eingöngu á þessa hlið málsins, vegna þess að það verður einnig að skoða, hvað það muni kosta að koma upp húsnæði fyrir allar þessar stofnanir. Það er ljóst, að margt er með þeim hætti, að þess er ekki kostur að gera það nema á mörgum stöðum. Ég mundi telja, að það væri tvímælalaust hagkvæmt, að svo miklu leyti sem hægt er, að koma stofnununum fyrir í einu húsi og þá að reyna að koma við sameiginlega, eftir því sem hægt er, bæði vélritun og ýmsu öðru, sem hugsanlegt væri að væri sameiginlegt fyrir stofnanirnar. En að svo miklu leyti sem stofnanirnar þurfa að vera á víð og dreif, og það gefur a. m. k. auga leið um allar stofnanir, sem þurfa að vera utan Reykjavíkur, er það ekki endilega víst, að það sé heppilegt fyrir ríkið að kaupa húsnæði fyrir slíka stofnun, heldur gæti í mörgum tilfellum verið eins hentugt að leigja. Þess vegna má ekki draga algerlega þá ályktun af því, að með því að leigja séu menn að henda peningum í sjóinn, það þarf að skoðast allt miklu betur. Ég álít hins vegar, að það sé rétt stefna að hverfa meira í þá átt, eftir því sem mögulegt er og ef það tekst með hagkvæmum hætti, að eignast hús fyrir ríkisstofnanir, og ég hygg, að vafalaust sé ekki ágreiningur hjá hv. þm. um það. Hins vegar hefur reyndin orðið sú, eins og við líka allir vitum, að það hefur jafnan verið þannig við afgreiðslu fjárlaga, að menn hafa þurft að horfa í mörg horn og sjaldnast fengizt skilningur fyrir því, að það væri hægt að leggja til hliðar verulegar fjárhæðir til þess að koma upp byggingum yfir ríkisstofnanir. Það er ekki árum saman, heldur áratugum saman búið að tala um að koma upp þinghúsi, koma upp stjórnarráðshúsi. Hins vegar hafa menn ekki treyst sér til þess að leggja neitt fé að ráði til þessara stofnana, og það hefur ákaflega mikið viljað brenna við, þegar um það hefur verið rætt að byggja yfir stofnanir ríkisins, að það hefur verið það fyrsta, sem hefur verið skorið niður, ef ekki hefur verið hægt að sinna þeim óskum, sem fram hafa komið í sambandi við fjárlög, sem raunar hefur aldrei verið hægt að sinna. En þetta er nauðsynlegt að hafa í huga. Hins vegar sýnir þessi listi annað. Hann sýnir, að það ber brýna nauðsyn til þess að hafa heildaryfirsýn yfir leigumála ríkisins og með hvaða kjörum ríkið leigir annars vegar og hins vegar að ekki sé leigt óhæfilega stórt húsnæði. Þess vegna hefur verið ákveðið, að enga leigumála megi gera af hálfu ríkisstofnana, nema það sé fyrst borið undir fjárlaga- og hagsýslustofnun fjmrn., sem á að fylgjast með því, að hvorki sé leigt óeðlilega stórt húsnæði né heldur óeðlilega dýrt, og reynt að hafa samræmi í því, hvaða leiga er greidd fyrir húsnæði. Ég tel, að á þessu stigi málsins sé það raunverulega það eina, sem hægt er að gera til þess að hafa sem mestan hemil á þessum leigumálum ríkisins, að öðru leyti en því, að ég tæki mjög undir það, ef það væri skoðun hv. þm., að það ætti að leggja sig fram um að verja meira fé til þess að byggja yfir ríkisstofnanir.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessa

ýtarlegu og greinargóðu skýrslu hans. Ég hygg, að þm. séu sammála um, að hún sé athyglisverð að mörgu leyti.

Mér finnst sérstök ástæða að undirstrika tvennt, sem kom fram í ræðu ráðh. Í fyrsta lagi það, að þessar tölur, sem voru lesnar hér upp, sýna nauðsyn þess, að ríkið stefni að því að eiga sem mest eigið húsnæði eða það húsnæði, sem það og stofnanir þess þurfa að nota, því að þar er ekki aðeins að líta á leiguna eina, heldur hitt, að með því að hafa stofnanirnar í sameiginlegu húsnæði er hægt að koma við ýmiss konar hagræðingu, sem ella verður ekki við komið, eins og ráðh. benti réttilega á. Þá hygg ég, að þessi skýrsla sýni það einnig mjög ljóslega, sem ráðh. minntist einnig á, að það sé nauðsynlegt að samræma meira leigumála heldur en hingað til hefur verið gert, og þess vegna læt ég í ljós ánægju mína yfir því, að ráðh. sagði, að það væri nú ætlun fjmrn. að vinna að því að koma þeirri skipan á.

Það væri að sjálfsögðu freistandi að ræða nokkuð almennt um þetta mál, en til þess er yfirleitt ekki ætlazt um fsp., að það sé haldið uppi almennum umr., heldur fyrst og fremst leitað eftir upplýsingum og dregnar aðeins meginniðurstöður af þeim. Þess vegna skal ég ekki orðlengja þetta frekar að sinni, en mun e. t. v. koma að því síðar, en árétta þetta tvennt, að mér finnst þessi skýrsla sýna nauðsyn þess, að stefnt sé markvissara að því en áður, að ríkið og stofnanir þess eignist sitt eigið húsnæði og að leigumálar verði samræmdir.

16. Alþingishús.

Á 31. fundi í Sþ., 30. jan., var útbýtt:
Fsp. til forsrh. um alþingishús [109. mál, 3] (A. 239).

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 34. og 38. fundi í Sþ., 7. og 14. febr., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Sþ., 28. febr., var fsp. enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Í febrúarmánuði 1961 flutti ég till. ásamt hv. 3. þm. Vesturl., Halldóri E. Sigurðssyni, sem hljóðaði á þessa leið:

„Alþ. ályktar að kjósa 5 manna n., er vinni að því í samráði við ríkisstj. að gera till. um stækkun alþingishússins eða byggingu nýs þinghúss eftir því, hvort betur þyki leysa þörf Alþingis fyrir viðunandi húsnæði. N. skal skila till. til Alþ. eigi síðar en haustið 1962."

Í grg. till. var því lýst, eins og hv. þm. er kunnugt um, að húsnæði Alþ. nú er algerlega óviðunandi, en hins vegar mundi ekki verða hafizt handa um að bæta úr því, nema áður sé búið að ákveða, hvort notast eigi að einhverju leyti við núverandi þinghús eða byggja nýtt. Í n. var samkomulag um það að breyta till., og var hún afgreidd frá Alþ. 28. marz 1961 svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að fela forsetum þingsins í samvinnu við fulltrúa frá þingflokkunum að gera till. um framtíðarhúsnæði Alþingis."

N. hóf svo störf vorið 1961, en lítið var um árangur, og svo fór, að þetta kjörtímabil leið alveg á enda, án þess að nokkur árangur sæist af störfum n. Þess vegna var það, eftir að kosningar höfðu farið fram og nýir forsetar voru komnir til sögu haustið 1964, að mér fannst hlýða að gera fsp. um störf n. og beindi þeim til hæstv. forsrh., sem svaraði þeim hér á þingfundi 18. nóv. 1964 á þá leið, að enn hefði ekki tekizt að ná samkomulagi í n. Það hefði ekki þótt ráðlegt að láta skerast þar í odda, en n. mundi halda störfum áfram, og æskilegt væri, að till. frá henni kæmi sem fyrst.

Nú leið þetta kjörtímabil án þess að nokkurt álit kæmi frá n., og því finnst mér hlýða nú, þegar nýtt kjörtímabil er aftur hafið, að endurnýja þessa fsp. til hæstv. forsrh., — en undir hann heyrir Alþ. og húsnæðismál þess, — hvort hann álíti, að það sé að vænta nokkurra tillagna frá þessari n. á næstunni, því að ef svo er ekki, finnst mér, að það liggi beinast við að taka málið upp með einhverjum öðrum hætti og þá jafnvel með því að flytja beina till. um það hér á Alþ., hver staðsetning þinghússins skuli vera.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þó að fsp. þessari sé formlega á réttan hátt beint til mín, er hún, eins og fram kom í ræðu hv. fyrirspyrjanda, að efni til þess eðlis, að það eru í raun og veru forsetar Alþingis, sem henni eiga að svara. Ég skrifaði því hæstv. forsetum og óskaði umsagnar þeirra um málið og leyfi mér að lesa upp bréf þeirra, dags. 5. febr. 1968, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Oss hefur borizt bréf yðar, herra forsrh., þar sem óskað er upplýsinga um, hvernig svara skuli framkominni fsp. Þórarins Þórarinssonar, 4. þm. Reykv., um alþingishús. Leyfum vér oss að svara þannig:

Að svo komnu er ekki unnt að gefa ákveðið svar við fsp. Fundur hefur ekki verið haldinn í n. eftir að nýkjörið þing kom saman, og teljum við undirritaðir eðlilegast, að þingflokkarnir tilnefni á ný frá sinni hálfu þá fulltrúa til samvinnu við þingforsetana, sem þáltill. frá 28. marz 1961 gerði ráð fyrir, til þess að n. gæti talizt fullskipuð. Að því loknu er ekkert því til fyrirstöðu að kveðja n. til fundar og

kanna þá m. a., hvort hún treystir sér til að setja sér þau tímamörk, sem spurt er um.

Hér með fylgir grg. skipulagsstjórnar ríkisins um staðarval alþingishúss.

Birgir Finnsson.
Sigurður Bjarnason. Jónas G. Rafnar."

Ég vil einungis bæta því við, að auðvitað er mönnum heimilt að skoða þessa grg. skipulagsstjórnar, ef þeir óska. Ég sé ekki ástæðu til þess að lesa hana hér upp. Það eru bollaleggingar, sem mönnum er meira og minna kunnugt um. En það er rétt, að það komi fram, að á þessu síðasta tímabili hefur að nokkru leyti verið bætt úr allra brýnustu þörf þingsins fyrir aukið húsrými með leigu á húsinu Þórshamri hér í næsta nágrenni, og veit ég, að það hefur létt töluvert á notkun þessa húss. Því fer fjarri, að ég telji það fullnægjandi lausn, en til bráðabirgða er það nokkur bót.

Þá er einnig rétt, að á það sé drepið, að með samþykki allra þingflokka hefur ríkisstj. fest kaup á meginhluta byggingarreitsins hér næst fyrir vestan, þ. e. a. s. milli Kirkjustrætis, Tjarnargötu og Vonarstrætis. Það er kannske of mikið að segja meginhluta reitsins, en á svo verulegum hluta reitsins, að það er ljóst, að ríkisvaldið hefur nú í hendi sér ráðstöfun á þessum lóðum að langsamlega mestu leyti. Með þessu er ekki verið að kveða á um, hvar Alþ. skuli eiga setu, en greiða fyrir því, að tiltekin lausn verði framkvæmanleg, ef það verður ákveðið, þegar þar að kemur, og ég tel það út af fyrir sig spor í rétta átt.

Ég tel eðlilegast, eins og kemur fram í bréfi hæstv. forseta, að nú tilnefndu þingflokkarnir á ný menn til samstarfs við þingforseta og síðan yrði undinn að því bráður bugur, fyrst að ákveða nýju þinghúsi stað og síðan að gera ráðstafanir til þess, að það verði teiknað og undirbúið. Allt tekur þetta töluverðan tíma. Það má að vísu segja, að vissar grundvallarbreytingar, sem nú eru uppi hugmyndir um, á stjórnskipuninni hljóti mjög að hafa áhrif á nýtt þinghús, eins og það, hvort þingið eigi í framtíðinni að vera í einni deild eða tveimur. En hvað sem því líður, er það fyrir löngu orðið tímabært fyrst og fremst að ákveða nýju þinghúsi stað og enn fremur að hefja undirbúning að gerð þess. Slíkt hlýtur óhjákvæmilega að taka töluvert langan tíma. Ég tel eðlilegt, að þessi fsp. hafi fram komið, og hygg, að ég geti ekki svarað henni betur á þessu stigi.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans. Ég hygg, að þau hafi verið eins glögg og kostur var á miðað við það, hvernig málin standa í dag. En ég ræð það af svari hans, að það sé ætlunin að endurlífga þessa n., sem hefur verið starfandi á undanförnum árum og ekki hefur neitt látið frá sér koma. Það er sjálfsagt rétt að reyna það einu sinni enn, hvort nokkur árangur næst með þeim hætti. En ég vildi leggja áherzlu á það, að hæstv. forsrh. og aðrir góðir menn hlutuðust til um það, að n. skilaði áliti sem fyrst. Ef henni tækist ekki að ná samkomulagi, kæmi það fram, og þingið fengi þá aðstöðu til þess sjálft að segja álit sitt um þetta efni. Það, sem er að sjálfsögðu mest aðkallandi í þessum efnum, er að tekin sé ákvörðun um, hvort það eigi að nota núverandi alþingishús að einhverju leyti áfram eða byggja nýtt, og þá liggur það fyrst fyrir að ákveða staðinn, því að staðarvalið er undirstaða þess, að hægt sé að hefja annan undirbúning, teikningar o. s. frv.

Ég endurtek það, að ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans. Mér sýnist á því, sem hann sagði, að hann hafi áhuga á að hraða þessu máli. Ég legg svo enn einu sinni áherzlu á það, að sú n., sem fær þetta mál enn á ný til meðferðar, leggist nú ekki á það, heldur hraði afgreiðslu þess sem mest.

17. Stjórnarráðshús.

Á 31. fundi í Sþ., 30. jan., var útbýtt:
Fsp. til forsrh. um stjórnarráðshús [109. mál, 5] (A. 239).

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 34. og 38. fundi í Sþ., 7. og 14. febr., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Sþ., 28. febr., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Á þingi vorið 1954 lögðu þeir fram Steingrímur Steinþórsson og Ólafur Thors í sameinuðu þingi svo hljóðandi till.:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstj. að verja úr ríkissjóði á árinu 1954 eða leggja til hliðar á því ári:

1. 2 millj. kr. til þess að reisa nýtt stjórnarráðshús í Reykjavík.

2. 1 millj. kr. til kirkjubyggingar í Skálholti."

Ólafur Thors mælti fyrir þessari þáltill. hér á Alþ. 13. apríl 1954 og fórust m. a. orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég leyfi mér þó aðeins að minna á, að hinn 1. febr. s. l., þegar liðin voru 50 ár frá því að stjórnin fluttist inn í landið, þá gaf ríkisstj. út tilkynningu um það, að hún mundi beita sér fyrir því, að byggt yrði stjórnarráðshús. Ríkisstj. hefur rætt um þetta við flokka sína og hefur nú talið sér fært að bera fram till. um, að fyrsta sporið verði stigið til þess að efna það fyrirheit, sem þá var gefið, með því

að varið verði úr ríkissjóði eða lagðar til hliðar í þessu skyni á yfirstandandi ári 2 millj. kr.

Ég veit, að öllum hv. þm. er kunnugt um, hversu þröngur er húsakostur æðstu stjórnar landsins, og þá jafnframt, hver bagi ekki aðeins sjálfri stjórninni og hennar starfsmönnum er að þessu, heldur oft og einatt öllum þeim, sem á hennar fund þurfa að leita. Hin ytri merki um þessa fátækt eru náttúrlega mál fyrir sig. Það er leiðinlegt, að ríkisstj. og hennar starfslið skuli þurfa að una því, sem allt of lengi hefur verið sætt sig við, og á ég þar ekki aðeins við núverandi ríkisstj. né fyrrverandi, heldur á þetta við, þótt farið sé miklu lengra aftur í tímann. Hitt er stærra atriði, að vegna húsnæðisþrengslanna verður sú starfræksla, sem þar fer fram, miklu kostnaðarmeiri.

Ég geri ráð fyrir, að hv. alþm. viti, að það, sem stjórnin hefur í huga, er að hagnýta lóðir ríkisins á milli Bankastrætis og Amtmannsstígs til þess að reisa þar myndarlegt stjórnarráðshús. Aðeins fyrstu frumdrættir hafa verið teiknaðir af þessu húsi, og hefur stjórnin haft þá til athugunar, en að sjálfsögðu þarf það mál að sæta miklu nánari meðferð, áður en auðið er að stíga fyrsta sporið í framkvæmdunum. Geri ég ráð fyrir, að ríkisstj. muni fela starfsmönnum sínum að sjá um, að málið fái þann undirbúning, sem það verðskuldar. Við þær aðstæður, sem við búum hér, þar sem saman fer höfuðstaður fátækrar menningarþjóðar og fiskibær, ber hinu opinbera að vanda eftir föngum til þeirra bygginga, sem það reisir, og ríkisstj. mun hafa hug á því að koma þarna upp veglegu húsi, en þó án alls íburðar."

Þessi till. var samþ. samhljóða á Alþ., og á næstu þingum var veitt sérstakt framlag á fjárl. til umræddrar stjórnarráðsbyggingar. Það mun einnig hafa verið skipuð sérstök n. til að vinna að undirbúningi hennar og einnig eitthvað unnið að teikningum. Nú um nokkurt skeið hefur hins vegar lítið heyrzt af þessu máli, og því er það, sem þessi fsp. er borin fram, að rétt þykir að minna á það, því að ég hygg, að enn séu í fullu gildi öll þau rök, sem koma fram í þeim ummælum Ólafs Thors, sem ég hef nú lesið upp.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er sízt að tilefnislausu, að um þetta mál er spurt, því að játa verður, að á framkvæmd þess hefur orðið mjög verulegur dráttur. Þar til liggja þó ýmsar ástæður. Rétt er að geta þess fyrst, hvernig málið stendur nú. Að því hefur verið unnið, meira og minna slitrótt þó, allt frá árinu 1954 og þá fyrst og fremst með athugunum arkitekta á því, hvers konar bygging þetta nýja stjórnarráðshús ætti að vera. Till. þeirra hafa verið bornar undir ríkisstj., bæði þá, sem nú situr, og aðrar áður fyrri. Þar hafa verið uppi mjög mismunandi hugmyndir. Í fyrstu var ætlunin að byggja mjög stórt hús á lóðum ríkisins milli Bankastrætis og Amtmannsstígs og þá jafnvel að kaupa upp verulegan hluta byggingarreitsins alla leið upp að Þingholtsstræti. En eins og kunnugt er, á ríkið ekki samfellt nema einungis frá Lækjargötu og upp að Skólastræti. Þá var ætlazt til, að þarna væri um að ræða háhýsi, sem gæti rúmað alla starfrækslu stjórnarráðsins, allar stjórnarskrifstofur, eins og þær eru nú og menn gátu þá hugsað sér. Þetta hlaut að verða mjög mikil bygging og kostnaðarsöm og í litlu samræmi, sannast að segja, við aðrar byggingar á þessum slóðum. Vegna þess, hvað þarna var um mikla byggingu að ræða, kom svo upp sú hugmynd að byggja til bráðabirgða á stjórnarráðslóðinni gömlu byggingu, sem þó gæti staðið til frambúðar og væri fyrir ofan gamla stjórnarráðið og lokaði byggingarreitnum þar fyrir ofan, þ. e. a. s. húsum Sigurðar Kristjánssonar og Garðars Gíslasonar, þannig að þau blöstu ekki lengur við, en yrði allhátt hús, sem setti svip sinn á umhverfið. Að athuguðu máli leizt mönnum ekki á þessa hugmynd, vegna þess að með þessu væri allt of nærri höggvið stjórnarráðshúsinu, eins og nú er, enda tel ég, að sú hugmynd sé með öllu fráleit, jafnvel þó að játa verði, að bakgrunnur Stjórnarráðsins sé nú ekki beint fallegur að sjá vestan frá.

Við nánari athugun kom í ljós, að hugmyndirnar um stórhýsi, sem rúmaði allar stjórnarskrifstofur, féll ekki inn í skipulagið, án tillits til þess, hvort það væri heppilegt eða ekki heppilegt frá rekstrarsjónarmiði ríkisins. Þá er skipulag bæjarins var endurskoðað eða ákveðið, kom í ljós, að þarna þurfti að vera miklu lægra hús og miklu minna hús en í fyrstu var fyrirhugað. Síðustu teikningar, sem gerðar hafa verið af þessari byggingu, hafa verið gerðar á árinu 1965 og árinu 1966, og hafa verið gerðir þrír mismunandi uppdrættir, þ. e. a. s. endurbættir hvað eftir annað, af mun minna húsi heldur en áður var fyrirhugað og þá ráðgert, að sumar stjórnarskrifstofurnar yrðu annars staðar. Sjálfum lízt mér miklu betur á þessar teikningar heldur en hinar fyrri, húsið fallegra, samsvarar sér betur og verður viðráðanlegra í byggingu. Ríkisstj. hefur hins vegar ekki tekið endanlega ákvörðun um, hvort unnið skuli samkv. þessum uppdráttum. Það var seint á árinu 1966, þegar mjög var farið að líða að kosningum, sem við fengum þessa uppdrætti, skömmu fyrir kosningar, og síðan hafa menn haft ærnu að sinna, eins og nógsamlega er kunnugt. Þessir uppdrættir liggja nú fyrir, og allir þeir þm., sem áhuga hafa, geta að sjálfsögðu fengið að skoða þá. En ég tel brýna þörf á því, að ríkisstj. taki nú skjótlega um það ákvörðun, hvort hægt sé að una við þær teikningar, sem nú eru fyrir hendi.

Í byggingarsjóðnum er sagt, að í byrjun febrúar hafi verið í kringum 18½ millj. Það nægir auðvitað hvergi nærri til þess að ráðast í þá byggingu, sem þarna er um að ræða, en er þó góð undirstaða. Við skulum játa það, að það er tvennt til viðbótar þessum skipulagsbreytingum, sem hafa orðið á tímabilinu, sem hefur gert það að verkum, að menn hafa ekki talið tímabært að hraða mjög ákvörðun.

Annars vegar hefur sú mikla þensla, sem hér hefur verið á vinnumarkaði að undanförnu leitt til þess, að menn töldu ekki ástæðu til þess að ráðast í slíka stórbyggingu. Nú eru e. t. v. horfur á, að breyting sé orðin eða verði í þeim efnum. Það kemur betur í ljós á næstu mánuðum, og þá er einmitt mjög heppilegt að geta ráðizt í slíka byggingu eins og þessa. Jafnframt hefur það lengi verið skoðun mín, að þó að brýn nauðsyn sé á að koma upp slíkri byggingu, sé rétt að skoða vel sinn hug um hana. Hún á vonandi að standa um mjög langa tíð. Okkar þjóðfélag hefur verið í ákaflega örum vexti. Við sjáum, hvernig þær byggingar, sem reistar voru jafnvel fyrir fáum árum, svo að ég segi ekki áratugum, eru nú orðnar gersamlega úreltar og fjarri okkar hugmyndum. Þess vegna hef ég talið, að það væri eðlilegt, að þessi mál væru undirbúin, en það lægi ekki lífið á og væri betra að búa við þröngan hag í bili og taka heldur rétt tækifæri, þegar aðstæður gerðu það ráðlegt, að í slíka byggingu væri lagt, og reyna þá frekar að koma henni upp á skemmri tíma. Nú hefur málið verið mjög lengi til athugunar, og tel ég, — það er einungis mín einkaskoðun, — en ég tel, að þær teikningar, sem nú liggja fyrir, séu góðar, a. m. k. í meginatriðum, og þess vegna ætti, hvenær sem ákvörðun verður um þær tekin, að vera hægt að ráðast í þessar framkvæmdir.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans. Mér virðast þau bera merki um, að hann hafi fullan áhuga á að hraða þessu verki og að ýmsu leyti fært skiljanlegar ástæður fyrir þeim drætti, sem á málinu hefur orðið. En mér sýnist, að það sé nú komið á þann rekspöl, að þessi dráttur þurfi ekki að vera langur hér eftir, bæði þar sem teikningarnar eru tilbúnar að mati ráðh., og svo hitt, að nú virðist að ýmsu leyti betra lag til að koma slíkri byggingu í framkvæmd heldur en áður var eða hefur verið kannske allra síðustu árin, því að eins og ráðh. benti á, hefur verið talsvert mikil þensla á undanförnum árum og ýmsir einstaklingar og fyrirtæki haldið uppi stórbyggingum. Nú virðist þessu tímabili vera að miklu lokið í bráðina, og þá væri það alveg rétt skv. öllum efnahagslegum lögmálum, eins og ráðh. benti líka á, að ríkið notaði tækifærið til að reisa þær stórbyggingar, sem það hefur þörf fyrir. En ég tel, að af tveimur ástæðum hafi ríkið þörf fyrir slíka byggingu eins og þessa. Í fyrsta lagi vegna þess, að slík bygging mundi hjálpa til að setja vissan menningarsvip á bæinn, eins og kom fram í þeim ummælum Ólafs Thors, sem ég las hér upp áðan, — og það tel ég engan veginn þýðingarlítið, heldur mikilsvert, — og svo í öðru lagi vegna þess, að að þessu mundi verða augljós sparnaður í framtíðinni. Ég hygg, að þeir fjármunir séu ómældir, sem ríkið er búið að græða á því, að ráðizt var í byggingu Arnarhvols á sínum tíma, og reynslan mundi vafalaust verða hin sama af þessari byggingu, þegar tímar liðu fram.

Ég vil svo að lokum segja það aftur, að ég þakka ráðh. fyrir svör hans og vænti þess, að aukinn skriður komist nú á þetta mál.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég vildi aðeins beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh., hvort hann getur greint frá því fyrirvaralaust, hver er orðinn heildarkostnaður af þeim fjölþættu athugunum arkitekta, sem hann greindi frá í ræðunni áðan.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Því miður hef ég það ekki sundurliðað, en ég skal útvega það og láta þm. þær upplýsingar í té.

18. Vegarbætur og rannsókn á brúarstæði.

Á deildafundum 20. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til samgmrh. um vegarbætur og rannsókn á brúarstæði [144. mál] (A. 305).

Á 40. fundi í Sþ., 21. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Sþ., 28. febr., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Sþ., 6. marz, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Pétursson): Herra forseti. Fsp. þær, sem ég hef beint til hæstv. samgmrh., varða tvo alveg aðgreinda þætti, sem lúta að samgöngubótum við Vesturland, og hef ég því hvorki óskað skýrslu um heildaráætlun um samgöngubætur fyrir Hvalfjörð né heldur vakir fyrir mér að stofna til almennra umr. um þetta mál. Fsp. mínar eru bornar fram af sérstöku og gefnu tilefni.

Sýslunefndir beggja sýslnanna, sem Borgarfjarðarhérað mynda, samþykktu á síðustu aðalfundum sínum í fyrra áskorun á ríkisstj. og Alþ. m. a. um það, að upp yrðu teknar rannsóknir, sem miði að tilteknum umbótum og bættum samgöngum við Vesturland. Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að fsp. mínar lúta einvörðungu að rannsóknum, sem varða umræddar samgöngubætur. Ég get þessa, vegna þess að það er skoðun mín, að lítt rökstuddar áskoranir um, að í hinar og þessar framkvæmdir skuli ráðizt án nokkurra rannsókna, eru oft fjarri því að vekja traust Alþ. og stjórnvalda á viðkomandi máli. Ættu raunar allir að geta fallizt á það sjónarmið, að áður en ráðizt er í kostnaðarsöm mannvirki, þarf

óhjákvæmilega að fara fram hlutlæg, visindaleg, þ. e. a. s. tæknileg og fjárhagsleg rannsókn á viðfangsefninu. Sú rannsókn á síðan að verða forsenda ákvörðunar um það, hvort í framkvæmdina er ráðizt eða ekki. Getsakir eða tilfinningamál hvorki eiga né mega ráða því, í hvaða framkvæmdir við leggjum. Með líkum hætti má segja, að það sé einnig óverjandi að framkvæma ekki rannsóknir, sem almennar röksemdir benda til, að gætu orðið undanfari þýðingarmikilla umbóta í þjóðfélaginu.

1. liðurinn í fsp. minni varðar ástand þjóðvegarins við Skeiðhól í Hvalfirði. Þar hagar þannig til, að vegurinn liggur utan í fjallshlíð, um gil, og eru snarbrattar, langar brekkur beggja vegna þess. Nú er svo komið, að þjóðvegurinn fyrir Hvalfjörð hefur verið mjög mikið bættur á undanförnum árum, og nægir t. d. í því efni að minna á þá stórfelldu vegarbót, sem gerð var, þegar vegurinn var færður til í Þyrilshlíðinni norðan Hvalfjarðar á sinni tíð. Í vetur hefur að vísu oft verið umhleypingasöm tíð. En þó hefur reynslan orðið sú, að eini verulegi farartálminn á þessari leið fyrir Hvalfjörð hefur verið sneiðin og gilið við Skeiðhól, sem sumir kalla raunar við Staupastein. Sem dæmi um þetta má nefna það, að lengst af í vetur hafa það verið einu verulegu erfiðleikarnir, sem hinar stóru sementsflutningabifreiðar Sementsverksmiðju ríkisins hafa lent í, að komast þarna um. Þessar bifreiðar flytja þúsundir smálesta af sementi frá Akranesi og austur að Búrfelli, og það má heita, að við Skeiðhól hafi verið eina hindrunin á allri leiðinni frá Akranesi austur að Búrfellsvirkjun. Og það þarf auðvitað ekki að geta þess, að þetta dæmi á auðvitað við um fjölda marga aðra, sem þarna lenda í kostnaðarsömum töfum og erfiðleikum. Úrbætur þarna mundu því gera Hvalfjarðarleiðina verulega greiðfærari, og það má vel láta sér koma til hugar, að úrbótin verði sjálf með þeim hætti, að hún geti komið að fyllstu notum sem grundvallarlagfæring, þegar varanlegur vegur verður lagður þarna um.

Ég sagði áðan, að hér væri fylgt eftir áskorun héraðsstjórnar Borgfirðinga á Alþ. og ríkisstj. um samgöngubætur við Vesturland. Einn þáttur þeirrar samþykktar var sá, að sem allra fyrst hæfust rannsóknir á hugsanlegu brúarstæði yfir Hvítá við Seleyri. Seleyri er, eins og menn vita, andspænis Borgarnesi, lítið eitt ofar. Það var ekki skorað á ríkisstj. að láta þegar í stað hefja slíka brúarsmíð, heldur láta rannsaka fræðilega, hvort slíkt verk væri af þjóðhagslegum ástæðum hagkvæmt og réttmætt. Mér skilst, að vegamálastjórnin hafi svo í sumar byrjað einhverjar rannsóknir á þessum stað, og nú æski ég upplýsinga um það, hvað fyrir liggur af fróðleik um þetta efni.

Óskir sýslunefnda eru studdar ýmsum almennum röksemdum. Í fyrsta lagi þeim, að núverandi aðstæður við gömlu Hvítárbrúna við Ferjukot eru orðnar með öllu óþolandi. Undirstöður, brýr og aðkeyrslugarðar við Ferjukotssíki síga stöðugt, og þar hefur legið nærri stórslysum hvað eftir annað. Norðurá brýzt einatt í vatnavöxtum niður í síkið og stundum yfir Eskiholtsflóa, sem þar er vestur af, og veldur þar algerri ófærð. Að sunnanverðu við Hvítárbrú hagar þannig til, að í vatnavöxtum flæðir Hvítá stundum yfir bakka sína meðfram Hvítárvallahálsi og veldur þar ófærð. Af þessum sökum er ljóst, að það er óhjákvæmilegt, að það verður að gera stórt átak til þess að bæta úr þessum annmörkum, og þá vaknar spurningin um það, hvort ekki sé skynsamlegra þegar af þessari ástæðu einni að brúa ána annars staðar.

En það eru fleiri veigamikil rök, sem koma hér til. Ef niðurstöður rannsóknar yrðu jákvæðar og brúin yrði byggð, mundi leiðin frá Borgarnesi út á Akranes styttast um nær helming. Það mundi þýða ótrúlega breytingu á svo margvíslegan hátt, að jaðrar við eins konar framfarabyltingu á sviði samgangna. Það mundi t. d. þýða, að það væri unnt fyrir verkafólk úr Borgarnesi að hagnýta sér vertíðarvinnu á Akranesi einmitt á þeim tíma, þegar vinna er minnst í Borgarnesi. Það mundi einnig þýða, að Borgnesingar og héraðsbúar norðan Hvítár gætu sparað sér að koma upp sjúkraskýli í Borgarnesi. Þannig gæti brúarsmíðin beinlínis sparað milljónaútgjöld, að ekki sé minnzt á öryggið fyrir sjúka og særða, sem nú þarf að flytja þessa löngu leið á spítalann á Akranesi. Það þarf varla að fara mörgum orðum um það ástand, sem skapast, þegar menn til viðbótar langri vegalengd geta svo átt það á hættu, að samgöngur lokist vegna vatnavaxta eða af fannfergi.

Þá er líka rétt að benda á þann sparnað, sem við það yrði, að leiðin til Reykjavíkur styttist um fjórðung. Hvað skyldi þjóðarbúið spara á því við flutninga á 1200—1500 tonnum af kjöti árlega, 5 millj. lítrum af neyzlumjólk og margs konar öðrum landbúnaðarafurðum? Hvað græðir þjóðin á þeim sparnaði á vinnutíma og sliti á farartækjum, sem við þetta yrði? Og hvaða örvun í félagslegum og menningarlegum efnum mun af slíkri framkvæmd leiða um allt Vesturland?

Það er skoðun margra glöggra leikmanna, að brú yfir Hvítá við Seleyri sé ekki eins mikið mannvirki og almennt hefur verið talið. Ef rannsókn staðfestir það, sem við skulum vona, leyfi ég mér, herra forseti, að draga í efa, að það sé unnt að benda á margar framkvæmdir í þessu landi, sem betur mundu borga sig en umrædd brúarsmíði.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það verður að teljast gott, þegar héraðsstjórnir eða sýslunefndir gera samþykktir um það að rannsaka mál og gera athuganir á þeim, áður en gerð er áskorun um það, að hafizt verði handa um framkvæmdir, því að það er áreiðanlega rétt að fara þannig að frekar en að flana út í framkvæmdir, sem ekki hafa verið rannsakaðar og verða þess vegna miklu

dýrari en eðlilegt hefði verið og kannske ekki þjóðhagslega hagkvæmar.

Í sambandi við fyrstu fsp., hvort ráðgerðar hafi verið umbætur á þjóðveginum við Skeiðhól í Hvalfirði, er rétt að taka þetta fram:

Undanfarin ár hefur verið unnið að endurbótum á Vesturlandsvegi í Hvalfirði, eftir því sem fé hefur verið veitt á fjárl. og síðar vegáætlun. Fjárveitingar hafa þó ekki verið það ríflegar, að hægt væri að endurbyggja veginn í heild, og hefur því verið fylgt þeirri meginreglu að taka fyrir hverju sinni þá vegarkafla, sem mestar torfærur hafa verið. Þannig var byggður nýr vegarkafli hjá Þyrli árið 1964 og nú síðast á s. l. ári vegarkafli hjá Hvítanesi. Í vegáætlun yfirstandandi árs eru veittar 1.9 millj. kr. til lagningar kaflans úr Hvammsvík frá Skeiðhóli að Hvítanesi. Þessi vegarkafli er 2.4 km að lengd og er tvímælalaust mesta torfæran nú á veginum fyrir Hvalfjörð. Kostnaður við lagningu þessa vegarkafla mun verða 5—6 millj. kr., og mun þá fjárveiting á vegáætlun í ár aðeins hrökkva fyrir ⅓ hluta hans. Ráðgert er, að byrjað verði á endurbyggingu vegarkaflans við Hvammsvík og haldið áfram norður, eftir því sem fjárveiting hrekkur til, en fullar úrbætur fást þó ekki fyrr en verkinu er lokið, þar sem vegurinn verður fluttur mun nær sjónum en nú er.

2. spurning: Liggja fyrir upplýsingar um mælingar vegna hugsanlegrar brúargerðar yfir Hvítá við Seleyri í Borgarfjarðarsýslu? Á s. l. sumri voru gerðar fyrstu frummælingar á Seleyri og við Borgarneskauptún til þess að kanna líklegustu veglínu að firðinum beggja vegna með hugsanlega brúargerð fyrir augum, en fjörðurinn er þarna 1.7 km á breidd. Hér er þó aðeins um fyrstu frumathugun að ræða, og engar mælingar eða rannsóknir hafa verið gerðar í sjálfum firðinum.

3. spurning: Hvenær má vænta þess, að undirbúningsrannsóknum á slíkri brúargerð verði lokið? Engar áætlanir liggja fyrir um þetta atriði. Hins vegar er ljóst af umferðartalningu síðustu ára, að leggja þarf Vesturlandsveg sem hraðbraut vestur fyrir Borgarfjörð og einnig Borgarnesbraut samkv. ákvæðum 12. gr. vegalaganna. Ef leggja á hraðbraut þessa leið, þar sem núverandi vegur liggur, mun þurfa að endurbyggja hann svo til frá grunni og þar með brýrnar á Andakílsá, Hvítá hjá Ferjukoti og Ferjukotssíki. Með lagningu Vesturlandsvegar yfir Borgarfjörð hjá Seleyri styttist leiðin milli Reykjavíkur og Borgarness um 20 km og til Snæfellsness um 23 km og til Vestfjarða og Norður- og Austurlands um 6 km. Þá yrði leiðin um Seleyri, Borgarnes og Heydal til Búðardals nær jafnlöng og núverandi leið um Hvítárbrú og Bröttubrekku. Af þessum sökum er ljóst, að fyllsta ástæða er til þess að bera saman rækilega í stofnkostnaði endurbyggingu núverandi vegar fyrir Borgarfjörð og lagningu nýs vegar yfir Borgarfjörð milli Seleyrar og Borgarness. Í slíkum samanburði verður einnig að taka tillit til hagnaðar umferðarinnar af því að aka mun styttri leið. Rannsókn á leiðinni Seleyri—Borgarnes mun þó verða bæði tímafrek og kostnaðarsöm. Kanna þarf burðarþol botnsins í firðinum með hliðsjón af hárri vegfyllingu og brúargerð, þéttleika hans fyrir mismunandi vatnsþrýstingi innan og utan við veg. Eitt erfiðasta vandamálið verður þó að rannsaka, hvaða áhrif vegur og brú yfir Borgarfjörð getur haft á flóðahættu á láglendinu við Borgarfjörð í miklum vatnavöxtum og samsvarandi stórstreymi í suðvestanátt og lágum loftþrýstingi. Til þess að fá úr því skorið þarf m. a. að kortleggja mikið landssvæði við botn fjarðarins, svo að nokkuð sé talið. Til samanburðar þarf svo að gera áætlun um endurbyggingu núverandi vegar sem hraðbrautar. Rannsóknir þessar hljóta að taka nokkuð langan tíma og kosta mikið fé. Telja verður æskilegt, að þeim verði lokið að fullu á næstu árum.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka fyrirspyrjanda fyrir að leggja þessu máli lið hér á hv. Alþ. og taka undir það, sem ekki er vanþörf á, að héraðsstjórnirýti á eftir Vegagerð ríkisins og hæstv. samgmrh. að láta fram fara rannsóknir, sem Alþ. hefur fyrir langalöngu samþ., að fram skuli fara.

Þann 26. febr. 1958 mælti ég hér á hv. Alþ. fyrir till. til þál. um rannsókn á brúargerð yfir Borgarfjörð. Þann 30. maí það sama ár var afgreidd frá hv. Alþ. svo hljóðandi till., sem öll fjvn. Alþ. stóð að, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að Vegagerð ríkisins láti fram fara rannsókn á því, á hvern hátt sé unnt að stytta landleiðina frá Reykjavík til Borgarfjarðarhéraðs, Vestur- og Norðurlands. Skal í því sambandi m. a. athuga möguleika á framkvæmd og kostnaði við endurbyggingu á veginum um framanverðan Svínadal og Geldingadraga, brúargerð á Borgarfjörð milli Seleyrar og Borgarness og komið yrði á ferju yfir Hvalfjörð milli Hvaleyrar og Kataness."

Hér er allt vegamálið til Vesturlands og það eru 10 ár, sem Vegagerð ríkisins hefur haft samþykkt Alþ. fyrir framkvæmdinni.

Í des. 1964 gerði ég fsp. til hæstv. samgmrh., hvað liði þessari framkvæmd, og kom þá í ljós, að hún var skammt á veg komin, eins og síðar hefur komið fram eða vitað er og kom fram í ræðu hæstv. samgmrh. hér áðan. Á Alþ. í fyrra fluttum við þm. Vesturl. till. til þál. enn á ný um fullkomna rannsókn á samgöngumöguleikum yfir Hvalfjörð og Vesturlandsveginn. Það hefur því ekki skort á, að Alþ. hafi leitað eftir því við Vegagerð ríkisins, að hún rannsakaði þessa leið. Það, sem hefur skort á, er það, að Vegagerð ríkisins undir forustu hæstv. samgmrh. hefur gleymt að framkvæma þá áskorun, sem Alþ. hefur lagt fyrir hana. Það gleður mig því stórum, að almennur skilningur skuli vera á þessu máli, og ég treysti því, að með því að ýta á þetta mál enn á ný, átti Vegagerð ríkisins

undir forustu hæstv. samgmrh. sig á því, að það á að rannsaka mál, sem hv. Alþ. afgreiðir til ríkisstj.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég er að sjálfsögðu sammála því, sem hér hefur komið fram um nauðsyn samgöngubóta í Hvalfirði og í Borgarfirði. Brú á Borgarfjörð, yfir Hvítá frá Seleyri, mundi að sjálfsögðu verða til mikilla bóta. Og hér er ekki aðeins um það að ræða að stytta mönnum leið úr einum stað í annan, eins og hv. 4. þm. Vesturl. benti á hér áðan, heldur er hér um að ræða mikið og aðkallandi öryggismál. Hin gamla og mjóa brú á Hvítá hjá Ferjukoti, það verður að teljast hæpið, að hún dugi lengur fyrir alla þá umferð, sem á henni mæðir, og má segja, að ástand hennar sé þannig, að af henni stafi töluverð hætta. Og beggja vegna við brúna eru svo þeir vegarkaflarnir í Borgarfirði, sem einna fyrst teppast af völdum vatnavaxta, eins og hv. 4. þm. Vesturl. benti einnig á. Að sunnanverðu er það svo kallað Norðurkotseiði, að norðanverðu vegurinn yfir Ferjukotssíki, sem fróðir menn segja, að sé orðinn dýrasti vegarkafli á landinu. Hann hefur verið að sökkva síðan hann var í öndverðu lagður, þessi vegur, og hefur orðið að gera á honum miklar og dýrar endurbætur tvisvar og þrisvar sinnum á hverjum áratug. Það er þar af leiðandi ekki nein vanþörf á að beina umferðinni frá þessum vegarköflum þarna og þessari gömlu brú yfir Hvítá.

En slysahættan vildi ég segja, að væri jafnvel enn meiri á öðrum stað, sem einnig hefur verið hér til umr., þ. e. a. s. við Skeiðhól í Hvalfirði. Þarna í þessum brekkum háttar þannig til, að jafnvel þó að vegurinn allur um Hvalfjörð sé auður og mjög greiðfær eða tiltölulega greiðfær, — mjög greiðfær er hann nú reyndar aldrei, — þá getur verið glerhált í þessum brekkum, og stafar af þessu að sjálfsögðu mikil töf oft og tíðum. Mér er persónulega vel kunnugt um þetta, eins og reyndar okkur fleiri Vestlendingum, sem staddir eru hér í salnum og höfum átt þarna leið um næstum vikulega í vetur. Og ég get nefnt sem dæmi, að núna ekki alls fyrir löngu, þegar ég kom þarna héðan að sunnan í bíl með kunningja mínum, hafði mjólkurbíll á leið vestur runnið svo til í brekkunni, að annað af tveimur afturhjólunum vinstra megin var komið út af vegarbrúninni, þar sem bíllinn hafði loksins stöðvazt. En af vegarbrúninni er flugbratt niður í sjó og fallið líklega 40—50 m. Bílstjórinn, þaulkunnugur og þaulreyndur mjólkurbílstjóri frá Borgarnesi og þekktur að varkárni við akstur, hafði með tilliti til þess ástands, sem var á veginum að öðru leyti, treyst því, að hann kæmist þessa brekku keðjulaus, eins og hann hafði farið úr Reykjavík. En honum skjátlaðist sem sagt í þetta sinn, og nú var hann við hinar erfiðustu aðstæður, — það var rok og rigning, — að koma keðjunum á bílinn. En ofan við brekkuna stóðu þrír eða fjórir sementsbílar af Akranesi og bílstjórarnir voru að setja keðjur á þá. Það eru mörg hjólin á þessum gríðarstóru bílum, og mér skilst, að það taki upp undir klukkutíma að setja keðjur á öll þau hjól og taka þær af aftur. En það var engin þörf fyrir keðjur nema á þessum stutta kafla. Og þegar bílstjórarnir voru komnir yfir þessar brekkur, tóku þeir keðjurnar af aftur. Þessum óþægindum verða þeir að sjálfsögðu fyrir oft og tíðum að vetrinum.

Ég tel því, að það væri sannarlega engin vanþörf á að bæta veginn þarna, eins og hv. 4. þm. Vesturl. bendir á. En þar með er ekki sagt, að ekki þurfi víðar að bæta hann í Hvalfirði. Og ég vildi í þessu sambandi láta í ljós þá von mína, að sú n., sem samkv. þál., að mér skilst, var skipuð í fyrra til þess að athuga um samgöngubætur varðandi Hvalfjörð, vinni nú ötullega, þannig að sem fyrst megi vænta árangurs af starfi hennar. Og ég beini þeim tilmælum vinsamlega til hæstv. samgmrh., að hann beiti áhrifum sínum til þess að svo verði, því að sannarlega er hér um að ræða mjög aðkallandi mál.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég skal gjarnan verða við tilmælum hv. síðasta ræðumanns að fylgjast með því, að n., sem kosin var í fyrra til athugunar á þessu máli, vinni. Það er nú svo, að menn lengir stundum eftir því, að rannsóknum verði lokið, og eru óþolinmóðir að bíða eftir því. En rannsóknina skal fyrst gera, áður en hafizt er handa um framkvæmdir.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði, að það veitti nú ekki af að ýta á samgmrh. og vegagerðina að fylgja eftir því, sem búið væri að samþykkja í hv. Alþ., svo að það yrði gert, og vitnaði í till., sem var samþ. hér 1958 um brúargerð á Borgarfjörð. Það er alls ekki rétt, sem hv. þm. sagði, að vegagerðin eða samgmrh. hafi gleymt þessari till. Það var hafin lítils háttar rannsókn á þessu máli, eftir að till. hafði verið samþ., og það kom í ljós, að þetta var svo umfangsmikið, að það þótti ekki á því stigi málsins ástæða til að verja til þess stórfé, þar sem vitað var, að brú yfir Borgarfjörð yrði ekki byggð á næstu árum.

Viðhorfið hefur vitanlega breytzt á síðustu árum. Framkvæmdir í vegagerð hafa stóraukizt. Brýr hafa verið byggðar víðs vegar á landinu núna á síðustu árum, sem fyrir 10 árum voru litlar vonir til að yrðu byggðar á næsta aldarfjórðungi, og það, sem þótti alls ekki fært fyrir 10 árum, þykir jafnvel fært nú, m. a. vegna aukinnar tækni og vegna þess, að framkvæmdir í vegagerð hafa stóraukizt. En við þetta bætist stórum aukin umferð á Vesturlandsvegi, eins og annars staðar. Við þetta bætist, að nú er talað um það í alvöru að gera varanlegan veg, Vesturlandsveg, og eins og ég sagði hér áðan í fyrri ræðu minni, verður að endurnýja meginhlutann af gamla veginum, sem liggur að Hvítárbrúnni beggja vegna og þar sem það liggur fyrir, að það þarf að endurbyggja þennan veg, er alveg sjálfsagt,

að það verði rannsakað, hvort heppilegt er að breyta vegarstæðinu og flytja það neðar. Það er þess vegna kominn tími til þess nú að láta fullnaðarkönnun fara fram á þessu, og þess vegna verður það nú gert.

Ég átti ekki von á því frá hv. 3. þm. Vesturl., að hann héldi því fram hér, að þetta hefði gleymzt, að hér væri um einhvern slóðaskap að ræða. Við höfum oftlega talað um þetta mál. Við höfum báðir gert okkur grein fyrir því, að þótt brú á Borgarfjörð kynni að koma, var alls ekki von á henni á þeim árum, sem liðin eru, síðan till. var samþykkt. Og það líða áreiðanlega nokkur ár enn, þangað til þessi brú verður byggð, m. a. vegna þess, að þetta er mjög dýrt mannvirki og vegagerð að brúnni, og það þarf að afla fjár til þess að þetta megi verða, áður en það verður að veruleika.

Það er í rauninni ekki annað en þetta, sem ég vildi taka fram, hvað þetta snertir, en sem betur fer hafa framkvæmdir aukizt á seinni árum og gefið nýjar vonir um enn auknar framkvæmdir, en 1958 þótti það fjarstæða, að ráðizt yrði í mannvirki eins og það að gera brú á Borgarfjörð, m. a. vegna þess, að þá var allt vegafé aðeins 80 millj. kr., og jafnvel á því verðlagi, sem var 1958, hefði brúin þá og sú vegagerð, sem að brúnni varð að leggja, kostað það eða meira. Nú, þegar vegafé hefur verið stórum aukið og ýmsum mannvirkjum hrundið í framkvæmd, sem ekki þótti fært á því tímabili, verða menn vitanlega bjartsýnni en áður og geta jafnvel hugsað sér að ráðast í brúargerð yfir Borgarfjörð, ef það að undangenginni nákvæmri rannsókn verður álitið þjóðhagslega heppilegt.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Pétursson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgmrh. greinargóð svör hans við þessari fsp., og ég ætla ekki að ræða þau frekar, en ég held, að menn séu núna óðum að átta sig á því, að samgöngubætur eru ekki bara skemmtilegur munaður, heldur arðbær fjárfesting, sem skilar þjóðarbúinu bæði aukinni og betri framleiðslu og færir menningarstrauma um landið.

Það er rétt, sem hv. 3. þm. Vesturl. drap á hér áðan, að áhugi manna á brúargerð yfir ósa Hvítár er engin nýlunda. Menn hafa íhugað þetta mál í meira en 30 ár. Það er líka rétt, sem þessi hv. þm. sagði, að hann hefði komið þessu máli á framfæri á Alþ. fyrir 10 árum. Þá sat að vísu vinstri stjórn, og hún sat, ef ég man rétt, fram undir áramót það ár, svo að henni hefur nú getað gefizt tóm til þess að skipa n. eða hefja rannsókn á því, en það gerði hún þó ekki, þannig að hv. 3. þm. Vesturl. getur þá beint skeytum sínum til hennar, ef hann vill gera það í þessum efnum.

En þessum hv. þm. láðist, úr því að hann fór inn á þessa línu, að gera hér grein fyrir höfuðatriði málsins. Aðalatriði þessa máls er það, að sigling til Borgarness var dag hvern 1958, þegar hann flutti sína till. Þá gekk Akraborgin á hverjum degi frá Reykjavík um Akranes til Borgarness. Það voru hinar þýðingarmestu samgöngur, og þegar það nú skeði fyrir hálfu öðru ári, að þær samgöngur brustu, — það varð að láta skipið hætta þessari siglingu af fjárhagsörðugleikum, — skapaðist nýtt viðhorf, og það var þess vegna, sem héraðsstjórnin í Borgarfirði, sýslunefndirnar báðar, gerði sína eindregnu áskorun um það, að fram færi þessi rannsókn. Þetta er meginmál þessa efnis, að það hefur brostið allar forsendur fyrir því að taka á málinu eins og gert var áður fyrr. Það er nýtt viðhorf, sem skapast af því, að þessar þýðingarmiklu samgöngur, siglingin dag hvern, hefur brugðizt. Akraborgin flutti áður alla mjólkina, hún er núna um 5 millj. lítrar á ári, allt kjötið, sem er 12—15 hundruð tonn á ári, og farþega milli Borgarness, Akraness og Reykjavíkur. Þetta skip gengur ekki lengur, og það er þess vegna, eins og ég sagði áðan, sem málið horfir allt öðru vísi við í dag.

Þetta vildi ég að kæmi fram, því að þetta er ein höfuðforsendan fyrir því, að hv. Alþ. taki þetta mál nú til sérstakrar meðferðar. Það má líka minna á það, að það er ekki ósanngjarnt að segja, að missir siglingarinnar, sem var studd af ríkisfé, auki verulega á siðferðilegan rétt Vestlendinga til þess, að fjármunir hins opinbera verði látnir ganga til þessarar umræddu brúargerðar. Þetta á að sjálfsögðu ekki aðeins við um Borgnesinga og Borgfirðinga, heldur jafnframt auðvitað um Snæfellinga og aðra Vestlendinga, og ég vil leyfa mér að segja aðra íbúa bæði á Norður- og Austurlandi.

Ég vil svo að lokum minna á það, að fulltrúar allra stjórnmálaflokka, eins og hv. þm. Jónas Árnason vék hér að áðan, sem buðu fram í Vesturlandskjördæmi í fyrra, lýstu yfir því fyrir kosningarnar, að þeir styddu þetta mál eindregið.

Ég vil leyfa mér að endurtaka þakklæti mitt til samgmrh. fyrir upplýsingar hans.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr., en ég vil undirstrika það, að það gleður mig stórum, að hæstv. samgmrh. skuli nú lýsa því skorinort yfir, að þessi rannsókn skuli gerð. Ef þetta verður framkvæmt og brúin kemur, ætla ég að fyrirgefa það, þó að það hafi tekið 10 ár að hugsa um málið.

Út af því, sem fram kom í ræðu hans og hv. 4. þm. Vesturl., vil ég segja það, að þau rök, sem þar voru nefnd, voru líka notuð hér fyrir 10 árum, og þá sáu menn hér á hv. Alþ., hvert stefndi með samgöngurnar í landinu, þær væru óðum að færast inn á landleiðir, og bentu á, að þetta yrði sú leiðin, sem væri einna fjölförnust, og þess vegna yrði í tíma að hugsa fyrir málinu. Fyrir 10 árum voru menn það framsýnir hér á hv. Alþ., að þeir sáu það, að þessa leið yrði að rannsaka. Þeir gerðu sér það ljóst, að það yrði að byggja nýja brú yfir Hvítá. Ferjukotssíkisbrýrnar mundu ekki anna þeirri umferð, sem í framtíðinni mundi á þær lögð, og annað því um líkt.

Þess vegna ályktuðu þeir hér samhljóða, að þessi rannsókn skyldi fara fram. Það er hins vegar hryggðarefni, að í valdastóli samgöngumála skuli hafa setið menn, sem ekki hafa komið auga á þetta fyrr en nú, að samgöngurnar eru daglega stöðvaðar, eins og hefur verið síðustu dagana, vegna þess að leiðin getur ekki annað því hlutverki, sem henni er ætlað. Þess vegna gleðst ég — og enginn meira en ég — yfir því, að nú skuli þó loksins vera skilnings að vænta í þessu máli, og þegar framkvæmdin verður hafin, vona ég, að þeir biðjist ekki afsökunar á því, forustumenn í samgöngumálum, að þeir hafi eitthvað verið við það riðnir, eins og kom fram í blaðaummælum á s. l. hausti.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Ég vil aðeins nota tækifærið og þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa hreyft þessu máli hér og enn fremur hæstv. samgmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið af því tilefni.

Eins og kunnugt er, er nú síðasta árið af fjögurra ára vegáætluninni, og stendur því yfir nú endurskoðun og mótun þeirrar vegáætlunar, sem við tekur á næsta ári. Það er því ekki óeðlilegt, að *ýmsum málum, sem snerta* samgöngur á landi, sé hreyft hér á þessu þingi, og vitanlega er það svo, að margar þál.till. hafa verið samþ., sem fela í sér að rannsaka eitt og annað, sem snertir vegasamgöngur. Og það er ekki óeðlilegt, að oft sé rætt um þessa leið hér fyrir Hvalfjörð og Vesturlandsveginn og samgöngurnar yfir Hvalfjörð, þar sem þessar vegasamgöngur snerta hvorki meira né minna en samgöngur fyrir þrjá af fjórum landsfjórðungum. Við vitum það, sem kunnugt er, að allar samgöngur á landi til Vestfjarða, til Norðurlandsins og enn sem komið er til Austurlandsins eru undir því komnar, hvernig þessi vegur hér fyrir Hvalfjörð er hverju sinni. Og eins og hér hefur komið fram, var samþ. á síðasta þingi þáltill. um að athuga sérstaklega, hvernig bezt yrði fyrir komið vegasamgöngum hér fyrir Hvalfjörð. Það var nokkru eftir að till. var samþykkt skipuð þriggja manna n., og mér er kunnugt um það, af því að ég hef haft áhuga á því að fylgjast með störfum þessarar n., að hún hefur þegar unnið að margvíslegum og miklum upplýsingum, sem nauðsynlegt er að afla í sambandi við það mál.

Það var ákveðið með samþykkt þessarar till., að upplýsingarnar skyldu liggja fyrir í lok yfirstandandi árs, og að því tel ég að sé stefnt. Það var gert fyrst og fremst með tilliti til þess, að þessar upplýsingar geti legið fyrir, þegar hin nýja vegáætlun, sem á að koma til framkvæmda á árinu 1969, verður mörkuð og samþ. hér á Alþ. Og það er einmitt með tilliti til þess, að hér er um mjög mikið hagsmunamál og nauðsynjamál að ræða í sambandi við samgöngur á þessu landi.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið. Ég vil taka það fram að nýju, að ég þakka þeim, sem hér hafa átt hlut að máli, að þessum umræðum var hreyft, og ég tel, að það hafi ýmislegt komið fram í sambandi við þessar umr., sem undirstrikar það, hve mikil nauðsyn er á, að þessar vegaframkvæmdir og auknu samgöngubætur, sem hér um ræðir, verði númer eitt í þeirri vegáætlun, sem samþ. verður fyrir næsta tímabil.

---

19. Tannlæknadeild háskólans.

Á deildafundum 27. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til menntmrh. um starfsaðstöðu tannlæknadeildar háskólans [150. mál] (A. 329).

Á 41. fundi í Sþ., 28. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Sþ., 6. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Undanfarin missiri hefur gætt vaxandi óánægju með starfsaðstöðu tannlæknadeildar Háskólans. Þessi deild við læknadeildina var stofnsett á stríðsárunum, þegar allar leiðir lokuðust erlendis til náms í þessum fræðum, og ég hygg, að það hafi verið árið 1941, sem frv. um þetta efni var samþ. hér á hv. Alþ. frá Vilmundi Jónssyni, þáv. landlækni og alþm. Starfsskilyrði deildarinnar hafa jafnan verið óhæg. Fyrstu árin var starfað í háskólabyggingunni, þaðan var útsýnið að vísu fagurt, en aðstaðan mjög slæm. Frá 1949 hefur deildin starfað í kjallara tengiálmu milli nýbyggingar og gamla landsspítalahússins. Þessu húsnæði fylgdi engin kennslustofa, og var því gripið til þess ráðs að innrétta herbergi í gluggalausum og loftræstingarlausum gangi þarna í kjallaranum, um 45 m² að stærð. Í viðtali í útvarpinu hinn 11. f. m. lýsti forstöðumaður tannlæknadeildarinnar, prófessor Jón Sigtryggsson, aðbúnaðinum þarna svo, að í stofunni hafi kennari setið ásamt 20 nemendum. Þar var þröngt um súrefni, og varð að opna dyr og út til þess að afstýra heilsutjóni. Það var þó ekki fyrr en borgarlæknirinn í Reykjavík hafði dæmt þessa kompu heilsuspillandi og bannað þar kennslu, að deildin fékk afnot af annarri kennslustofu Landsspítalans.

Þótt húsnæðið sé ekki sem bezt eftir þessa lagfæringu, sem fram fékkst, er hitt þó enn verra, að deildin hefur aðeins loforð fyrir þessum húsakynnum til ársins 1972. Og ekki var, þegar áðurgreint útvarpsviðtal fór fram, vitað um neitt, sem þá tæki við. Afleiðing þessarar óvissu er sú, að aðsókn að deildinni hefur minnkað stórlega. Tannlæknanám við Háskóla Íslands tekur nú 5—6 ár, og þeir, sem hófu nám t. d. á s. l. hausti, mundu eiga 1—2

ára námi ólokið, þegar deildin yrði húsnæðislaus. Þessa óvissu hafa stúdentar ekki viljað búa við. Fram að þessu hefur aðsókn að tannlæknadeild jafnan verið geysimikil, þannig að yfirleitt hefur aðeins verið hægt að veita einum þriðja til helmingi umsækjenda skólavist. En undanfarin 2—3 ár hefur sigið á ógæfuhliðina. Enginn nýstúdent var skráður hvorki 1965 eða 1966 vegna óvissunnar. Þótt nokkrir sæktu, þótti ekki fært að binda stúdentana við þetta nám vegna þess, hvað það var óvíst um framhaldið. Haustið 1967, segir prófessorinn, að stúdentar hafi hrunið frá hver af öðrum, þegar þeir kynntust aðstæðum deildarinnar, þar til aðeins einn var eftir. Á þessu sést, í hvert óefni er komið með húsnæði og starfsaðstöðu tannlæknadeildarinnar.

Ég geri ráð fyrir, að flestir telji eðlilegt, að Háskóli Íslands útskrifi sem allra flesta og helzt alla þá tannlækna, sem hér er þörf fyrir. Til þess eigum við að hafa öll skilyrði, bæði færa kennara og annað það, sem til þarf og ætti að vera fyrir hendi. Þegar af þessari ástæðu er því einsýnt að efla ber þessa deild, en auk þess kemur það hér til, að hartnær er útilokað að komast að til þessa náms nokkurs staðar erlendis. Um þetta sagði prófessor Jón Sigtryggsson eitthvað á þá leið, að rektor Kaupmannahafnarháskóla hefði fyrir sérstaka vinsemd veitt 5 tannlæknanemum viðtöku héðan til að létta örlítið á vandræðaástandinu hér, en lítil líkindi munu vera á því, að íslenzkir tannlæknastúdentar komist að erlendis, þar sem slíkir skólar eru yfirleitt yfirfullir og alls staðar sækja fleiri um en hægt er að taka við. Engin menningarþjóð telur sig hafa of marga tannlækna. Auk þess er þetta nám afar dýrt. Það kostar danska ríkið t. d. um 2 millj. kr. á hvern tannlækni. Og það er tæpast von til þess, að þjóðir, jafnvel þótt frændþjóðir séu, vilji gefa öðrum þessi tækifæri, þegar þeir telja sig sjálfa búa við skort á þessum embættismönnum. Hér er því mikil nauðsyn að búa betur í haginn fyrir deildina heldur en gert hefur verið til þessa, og fsp., sem hér er til umr., á þskj. 329 lýtur að því að fá upplýsingar hjá hæstv. menntmrh. um fyrirhugaðar framkvæmdir hæstv. ríkisstj. í þessu efni. Fsp. er þannig:

„Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar eða eru fyrirhugaðar til þess að bæta starfsaðstöðu tannlæknadeildar háskólans?“

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Spurt er annars vegar um það, hvað hafi verið gert, og hins vegar, hvað sé fyrirhugað til þess að bæta starfsaðstöðu tannlæknadeildar Háskólans. Í svari við fsp. á Alþ. í okt. 1965 gerði ég nokkra grein fyrir þróun tannlæknakennslunnar við Háskóla Íslands og þeim vandamálum, sem þá steðjuðu að í þessu efni. Skulu nokkur atriði rakin hér að nýju og vikið að því helzta, er síðan hefur gerzt í málefnum tannlæknakennslunnar.

Lög um tannlæknakennslu við Háskóla Íslands voru sett 1947, en áður hafði verið starfrækt tveggja ára námskeið fyrir tannlækna til viðbótar miðhlutaprófi í læknisfræði. Alls hefur Háskólinn brautskráð 65 tannlækna, en skráðir stúdentar við tannlæknanám hérlendis eru nú 43. Tannlæknakennslan fór fyrstu árin fram í háskólabyggingunni, en fluttist þaðan árið 1958 í nýtt húsnæði í landsspítalabyggingunni. Var gerður samningur um afnot þess húsnæðis til ársins 1969. Framan af árum innrituðust að jafnaði 4 stúdentar á ári í tannlæknanám, en þeim fór smáfjölgandi. Árið 1960 voru innritaðir 10 stúdentar, 1961 12, 1962 18 og 1963 11.

Haustið 1964 treystist læknadeild ekki til þess að taka nema 8 nýstúdenta í tannlæknanámið, nema fyrirheit fengist um, að aðstaða kennslunnar yrði efld að húsnæði, tækjakosti og mannafla. En er slík efling væri tryggð, var talið æskilegt að taka inn 15 nýstúdenta. Ríkisstj. heimilaði þá Háskólanum að innrita 15 stúdenta og hét nauðsynlegum fjárveitingum til kennslunnar. Í framhaldi af því var fjárveiting til tannlæknastofu Háskólans í fjárl. 1965 aukin um 800 þús. kr. eða í 1599 þús. kr., eða meira en tvöfölduð frá fyrra ári. Í fjárl. 1966 voru í samræmi við till. Háskólans veittar 1 millj. 729 þús. kr. til tannlækningastofunnar. En í fjárl. 1967 var fjárveitingin enn hækkuð um nær 50% eða í 2 millj. 522 þús. kr. Vegna breyttrar tilhögunar fjárl. er fjárveiting til tannlæknakennslu ekki sérstakur liður í fjárveitingu til Háskólans á þessu ári, en er í raun svipuð og á s. l. ári. Það skal tekið fram, að þessar fjárhæðir eiga við fjárveitingar til tannlækningastofunnar einnar, en þar eru ekki taldar fjárveitingar til fastra kennaralauna. Frá árinu 1964 hafa bætzt við alls 8 kennarar til tannlæknakennslu. Taka 4 þeirra prófessorslaun, 1 dósentslaun og 3 lektorslaun. 1964 var heildarfjárveiting til tannlæknakennslu 2.4 millj. kr. Á þessu ári er hún 5.3 millj. kr., eða meiri en helmingi hærri en 1964.

Árið 1965 ágerðust vandkvæði tannlæknakennslunnar í húsnæðismálum, einkum að því er varðaði verklega kennslu. Var af Háskólans hálfu talið, að til lausnar þessa vanda kæmu þrjár leiðir til greina: Í fyrsta lagi sérstök bygging fyrir tannlæknadeild, en slík bygging var þá talin mundu kosta fullbúin tækjum 40—45—50 millj. kr., í öðru lagi húsnæði, sem yrði hluti af stærri byggingarheild í þágu læknakennslu, og í þriðja lagi bráðabirgðahúsnæði. Læknadeild hafði þetta haust, 1965, ekki talið sér fært að veita nýjum stúdentum viðtöku í tannlæknanám. Af hálfu menntmrn. var ítrekað, að ríkisstj. væri reiðubúin til alls skynsamlegs stuðnings við öflun viðbótarhúsnæðis handa tannlæknakennslunni og til þess að greiða kostnað við þá auknu kennslu, sem inntaka nýrra stúdenta krefðist. Hins vegar var talið einsýnt, að báðar hinar fyrri leiðir til úrbóta í húsnæðismálinu, þær sem nefndar voru hér að framan, þ. e. a. s. nýbygging sér eða í samlögum við aðra læknakennslu, mundu seinfærari en svo, að þær mættu koma að haldi til að ráða fram úr þeim vandamálum, sem

bráðastrar úrlausnar kröfðust. Var því ýtarlega kannað, hvaða bráðabirgðaráðstafanir væru tiltækar þar til frambúðarlausn fengist. Sú könnun fór fram á vegum Háskólans og beindist einkum að tvennu: útvegun viðbótarhúsnæðis fyrir verklegu kennsluna og möguleika til að tryggja stúdentum námsvist erlendis í síðari hluta námsins, en það er einkum sá hlutinn, sem krefst mikils húsnæðis og dýrra tækja.

Þegar athugað var um möguleika á að leysa húsnæðisþörfina með auknu leiguhúsnæði, kom í ljós, að á því úrræði voru miklir annmarkar. M. a. var örðugt að fá hentug húsakynni, og leiga reyndist hærri en svo, að Háskólinn teldi rétt að fara þá leið.

Árið 1966 rýmkaðist þó nokkuð um verklegu kennsluna við það, að samkomulag tókst við 5 tannlæknaháskóla á Norðurlöndum um, að þeir tækju við einum stúdent hver til klínísks náms að loknu fyrrihlutaprófi við Háskóla Íslands. Var hér um að ræða tannlæknaháskólana í Árósum, Kaupmannahöfn, Umeå, Stokkhólmi og Osló. Samkomulag þetta tókst í framhaldi af því, að Háskóli Íslands hafði haustið áður boðið rektor Tannlæknaháskólans í Kaupmannahöfn hingað til lands m. a. til þess að ræða við hann um málefni tannlæknakennslunnar hér á landi. Um frambúðarstefnuna í þeim málum var það álit danska rektorsins, að í bili væri ekki æskilegt að miða tannlæknakennsluna hér við að brautskrá fleiri en 7—8 kandídata á ári. Þar sem talið hafði verið, að fást þyrftu 15 kandídatar árlega, yrði að reyna að semja við erlenda háskóla um að taka við íslenzkum tannlæknastúdentum, svo að bilið yrði brúað. Benti rektorinn í því sambandi einkum á nýstofnaða tannlæknadeild við Gautaborgarháskóla. Í framhaldi af því átti rektor Háskóla Íslands viðræður við forráðamenn Gautaborgarháskóla, og jafnframt var málið tekið upp af hálfu menntmrn. við sænska menntmrn. Í ljós kom, að námsvist fyrir 8—10 nýstúdenta á ári mundi fáanleg gegn greiðslu af íslenzkri hálfu vegna rekstrarkostnaðar. Var áætlað, að sú greiðsla mundi nema um 15 þús. sænskum kr. eða ríflega 125 þús. ísl. kr. á ári fyrir hvern námsmann miðað við verðlag ársins 1963. Að athuguðu máli var það sameiginleg skoðun Háskólans og menntmrn., að ekki væri tiltækilegt að taka þessu tilboði að svo stöddu, enda hefði tilkostnaður á hvern nemanda með þessu móti orðið öllu meiri en kennslukostnaður var áætlaður á hvern fullmenntaðan tannlækni við Háskóla Íslands.

Sumarið 1966 fór menntmrn. þess á leit við dóms- og kirkjumrn., að samkomulagið um afnot tannlæknakennslunnar á húsnæðinu í landsspítalabyggingunni yrði framlengt til ársins 1972 eða þar til þeir stúdentar, sem hæfu nám í tannlækningum haustið 1966, hefðu að öllu eðlilegu lokið námi. Á þessa framlengingu var fallizt af hálfu dóms- og kirkjumrn. Var tekið fram, að það væri gert í trausti þess, að n. sú, sem skipuð var þá um haustið til þess að semja áætlun um þróun Háskólans næstu 20 árin, gerði ákveðnar till. um húsnæðismál tannlæknakennslunnar. Þetta var tilkynnt Háskólanum, og lítur menntmrn. því svo á, að málefni þessi séu til athugunar hjá háskólanefnd, en henni var samkv. skipunarbréfi ætlað að hafa lokið störfum á árinu 1968. Haustið 1966 fór ekki fram skráning nýstúdenta í tannlæknanámið sjálft, en ákveðið var að taka við þeim, er stæðust með tilskildum árangri forpróf í efnafræði vorið 1967. Voru samkv. því skráðir til náms á öðru ári haustið 1967 9 stúdentar til tannlæknanáms. Hins vegar voru aðeins tveir stúdentar skráðir til náms á fyrsta ári s. l. haust, og telur forstöðumaður tannlæknakennslunnar, að þar hafi óvissa um námsaðstöðu til lokaprófs valdið nokkru um.

Menntmrn. var ókunnugt um þá ákvörðun læknadeildar á s. l. hausti að tilkynna umsækjendum um vist í tannlæknadeild, að ekki væri hægt að tryggja þeim nema 5 ára námsvist í deildinni hérlendis. Ef til rn. hefði verið leitað um þetta efni, hefði það talið rétt og verið reiðubúið til þess að beita sér fyrir framlengingu leigusamningsins við dóms- og kirkjumrn. um eitt ár enn, til þess að þeir, sem hófu nám á s. l. hausti, gætu örugglega lokið námi sínu hér á landi.

Af því, sem hér hefur verið sagt, er ljóst, að starfsaðstaða tannlæknakennslunnar hefur að vísu verið efld til muna á undanförnum árum með aukningu kennslukrafta og stórhækkuðum fjárveitingum til tannlækningastofunnar. Hins vegar hefur ekki enn verið ákveðin frambúðarlausn á húsnæðismálum kennslunnar. En það atriði er ásamt öðrum málefnum, er varða framtíðarþróun Háskóla Íslands, til athugunar hjá háskólanefndinni frá 1966, sem væntanlega lýkur störfum á þessu ári. Í n. eiga sæti 9 menn: 3 fulltrúar Háskólans, formenn menntmn. Alþ., formaður Bandalags háskólamanna, formaður stúdentaráðs og fulltrúar tilnefndir af fjmrn. og menntmrn.

Með þessu vona ég, að hv. fim. telji fsp. sinni svarað.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessa skýrslu, sem hann las upp, frá menntmrn. um aðstöðu tannlæknadeildarinnar. Það er glöggt, að það hefur ekki verið nein vanþörf á því að hreyfa þessu máli einhvers staðar, og ég tel nú, að það sé prófessor tannlæknadeildarinnar, sem hafi hreyft því fyrstur með viðtalinu, sem hann átti í útvarpinu, því að það kemur sem sé í ljós, að menntmrn. hefur ekki vitað um það, að Háskólinn setti stúdentum þessi skilyrði, sem hér hafa verið rakin, og það er sannarlega kominn tími til þess, að æðstu yfirmenn menntamálanna í þjóðfélaginu fái vitneskju um það, hvernig þessi mál standa.

Það er gott að heyra það út af fyrir sig, að menntmrn. skuli líta svo á, að þetta mál sé til athugunar hjá háskólanefnd. En ég tel, að menntmrn. hljóti að vita af eða á í þessu, ekki

sízt þar sem fulltrúi frá því rn. er einmitt í þessari margnefndu háskólanefnd, og ætti hann þá nú, þegar honum er málið kunnugt, að koma hreyfingu á það í háskólanefndinni.

Það er greinilegt, enda kom það fram af skýrslu hæstv. ráðh., að fyrir nokkurri frambúðarlausn hefur alls ekki verið hugsað, að því er þessa tannlæknadeild snertir. Og afleiðingin er sú, eins og ég rakti hér áðan lauslega og staðfestist af skýrslu hæstv. ráðh., að stúdentar gefa sig ekki að því að nema við þessa deild. Þessu þarf að breyta, og ég treysti því, að hæstv. menntmrh. beiti áhrifum sínum til þess að svo verði gert.

Það er góðra gjalda vert að hækka fjárveitingar í hlutfalli við aukna dýrtíð og eitthvað aukinn nemendafjölda. Ég vil sízt gera lítið úr því. En aðalefni þessa máls er þó það, að fyrir húsnæðismálum deildarinnar hefur ekki verið hugsað og aðsókn að henni hefur stórdregizt saman vegna þess. Afleiðingin er svo fyrirsjáanlegur tannlæknaskortur.

Í þessu sambandi mætti ég kannske minna á það, að hér á landi er mjög mikil þörf fyrir tannlækna og meiri en víðast hvar annars staðar. Samkv. rannsóknum, sem hér hafa farið fram og voru framkvæmdar af Pálma Möller tannlækni í samvinnu við háskólann í Alabama eða kostaðar af honum að verulegu leyti, eru tannskemmdir hér hjá tveggja ára börnum tvöfalt meiri en t. d. hjá Norðmönnum, sem eru þó lægstir af þeim þjóðum öðrum, sem þessi rannsókn náði til. Það er ekki búið að vinna úr rannsóknum á fullorðnu fólki, en ég tel alveg víst, að þær niðurstöður séu síður en svo hagstæðari fyrir okkur Íslendinga. En það kemur í ljós. Hér starfa nú milli 80 og 90 tannlæknar, en lágmarksþörf fyrir tannlækna mun hvarvetna vera talin einn tannlæknir á hverja 2000 íbúa, svo að okkur vantar enn nokkuð á að ná því marki, auk þess erum við, eins og ég áður sagði, verr á vegi staddir heldur en flestar aðrar nágrannaþjóðir okkar í þessu tilliti.

Í þessu margnefnda útvarpsviðtali, sem ég hef gert hér að umtalsefni, var forstöðumaður deildarinnar spurður að því, hvaða ráð væru til þess að útrýma þessari tannskemmdatíðni hér. Og hann minntist á tvennt. Hann minntist á það að blanda flúor í vatn og sagði, að það hefði verið nokkuð rannsakað hér, en á því væru töluverð vandkvæði, en yrði þó athugað. Hin leiðin, sem hann benti á, var að koma upp skipulegu tanneftirliti með fjölgun tannlækna og aðstoð, og helzt þyrfti að koma því þannig fyrir, að fylgzt yrði með tönnum fólks til tvítugsaldurs.

Ég skal láta þessu lokið, herra forseti. Ég vil aðeins minna á það, áður en ég lýk máli mínu, að formaður Tannlæknafélagsins hefur skýrt mér frá því, að mjög mikill áhugi væri fyrir því hjá tannlæknum að koma upp slíkum miðstöðvum utan þéttbýlisins og mikil nauðsyn, og yfirleitt eru þessi mál þannig á vegi stödd, að full ástæða er til að gefa þeim gaum. Það er ekki hægt í takmörkuðum fyrirspurnatíma að gera þessum málum nein skil. Ég vil ekki níðast á þolinmæði forseta, en ég minni á, að þessi mál þurfa rækilegrar athugunar við.

20. Ríkisábyrgðir.

Á deildafundum 12. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til fjmrh. um ríkisábyrgðir [159. mál, 1] (A. 360).

Á 44. fundi í Sþ., 13. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 20. marz, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Sþ., 27. marz, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 360 flutti ég ásamt tveimur hv. alþm. fsp. til hæstv. fjmrh. í sambandi við greiðslur Ríkisábyrgðasjóðs á s. l. ári. Í gær var útbýtt til hv. þm. reikningum Ríkisábyrgðasjóðs og skýrslu um starfsemi hans á árinu 1967, og er að finna í þeirri skýrslu svar við þeirri fsp., sem gerð er á þskj. 360.

Ég sé því ekki ástæðu til að fjölyrða um málið, en leyfi mér að þakka hæstv. fjmrh. fyrir að hafa afhent þinginu það svar, sem ég tel fullnægjandi við fsp. minni.

21. Bifreiðaeign ríkisins o. fl.

Á deildafundum 12. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til fjmrh. um bifreiðaeign ríkisins o. fl. [159. mál, 2] (A. 360).

Á 44. fundi í Sþ., 13. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 46. og 47. fundi í Sþ., 20. og 27. marz, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 48. fundi í Sþ., 5. apríl, var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vona, að þessar fsp. skýri sig sjálfar, og ég mun ekki hafa neina sérstaka framsögu fyrir þeim. Ég vil aðeins taka það fram, að ég

hef ekki orðið þess var, að upplýsingar um bifreiðaeign hins opinbera liggi fyrir á einum eða aðgengilegum stað, né heldur virðist það þægilegt fyrir þm. eða almenna borgara að fá vitneskju um önnur þau atriði, sem um er spurt. Það er von okkar fyrirspyrjenda, að væntanleg svör hæstv. ráðh. við fsp. bæti þar úr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þetta mál, sem hér er spurt um, er raunverulega mjög fyrirferðarmikið, og eins og hv. fyrirspyrjandi sagði, er það alveg rétt, að það hafa ekki legið fyrir heildarupplýsingar um bílamál ríkisins, og gæfi það vissulega tilefni til þess að útbúa ýtarlega grg. um það efni, ýtarlegri og lengri en auðið er að koma við í sambandi við svar við fsp. En ég tel málið þess eðlis, að það sé full ástæða til þess að taka það til íhugunar. Sannleikurinn er sá, að hér er um svo viðamikið mál að ræða, að það hefði raunar verið illgerlegt að svara þessari fsp., sem hér er flutt, ef það hefði ekki viljað svo til, að síðustu árin hefur verið starfandi á vegum fjmrn. sérstök bíla- og vélanefnd, sem fékk það verkefni að rannsaka allan véla- og bifreiðakost ríkisins og hafa eftirlit með vissum þáttum í bílamálunum, framkvæmd vissra reglna og þ. á m. að meta bifreiðastyrki. Í framhaldi af starfi þessarar n. var hafin sérstök athugun seinni hluta árs 1965 á bílamálunum í heild, og af þessum sökum liggja nú fyrir ýtarlegri upplýsingar um þessi mál en áður hafa verið til, og eins og ég sagði, það hefði raunar varla reynzt gerlegt að ná saman upplýsingum frá öllum ríkisstofnunum um bílamálin nema af því að það vildi þannig til, að meginhluti þessara upplýsinga lá fyrir.

Fsp. sjálfar eru mjög ýtarlegar og raunar ekki gerlegt, eins og ég sagði, nema þá með því að gefa út langa og viðamikla grg. um þessi mál, sem ég tel sjálfsagt að taka til athugunar, að svara þeim út í yztu æsar, en ég vona þó, að ég hafi aðstöðu til þess að gera þá grg. um þetta mál, sem gefi a. m. k. heildarmynd af því, hvaða viðfangsefni hér er um að ræða. Mun ég því svara fsp. hverri fyrir sig og síðan að lokum ræða nokkuð um málið í heild og það vandamál, sem fsp. og svörin við þeim leiða í ljós, að við er að fást í þessum efnum.

1 fyrsta lagi er spurt, hver sé bifreiðaeign ríkissjóðs, sérstofnana ríkisins og fyrirtækja þess, sundurliðuð eftir tegundum og árgerð. Heildartala bifreiða í eigu ríkisins er 534 auk fjögurra bifhjóla, sem eru í eigu lögreglunnar, og þessar bifreiðar skiptast þannig í tegundir í stórum dráttum, að það eru 162 vörubifreiðar, dráttarbifreiðar og kranabifreiðar. Það eru 75 sendiferðabifreiðar, og það eru 108 jeppabifreiðar. Hinar gerðirnar eru ýmsar gerðir fólksbifreiða. Á árgerðir skiptast þessar bifreiðar þannig, að frá 1940 er 1 bifreið, 13 frá 1942, 1 frá 1944, 2 frá 1946, 1 frá 1947, 2 frá 1948, 1 frá 1951, 2 frá 1952, 11 frá 1953, 5 frá 1954, 5 frá 1955, 2 frá 1956, 4 frá 1957, 7 frá 1958, 13 frá 1959, 4 frá 1960, 14 frá 1961, 42 frá 1962, 58 frá 1963, 64 frá 1964, 88 frá 1965, 105 frá 1966, 82 frá 1967 og 6 frá 1968. Svo sem þessar upplýsingar bera með sér, hefur verið lögð áherzla á að endurnýja þessar bifreiðar, þannig að allur þorri þeirra er nú frá síðustu 6—7 árum, og það er í beinu samræmi við þær till. þeirra manna, sem við þessi mál hafa fengizt, að hin brýnasta nauðsyn væri að sjá til þess, að þessar bifreiðar væru ekki mjög gamlar, því að það hefði stórvægileg áhrif á rekstrarkostnað þeirra. Ég skal taka það fram, að í þessari tölu eru ekki bifreiðar, sem eru á vegum sérstakra stofnana, þó að ríkisstofnanir séu, eins og bankanna, sem eru undir sérstakri stjórn. Upplýsingar mínar ná ekki til þeirra bifreiða.

Þá er spurt um, hvert sé heildarverðmæti þessara bifreiða. Því er dálítið erfitt að svara, vegna þess að það er ekki uppfært nákvæmlega í ríkisreikningi, bifreiðar út af fyrir sig, heldur bifreiðar og vélar, og er því erfitt að greina það nákvæmlega. Hins vegar er hægt nokkurn veginn að átta sig á þessu með því að skoða árgerðir bifreiðanna og tegundir þeirra, og er talið, að endursöluverð þessara bifreiða geti verið um 130—150 millj. kr.

Þá er spurt að því í þriðja lagi, hve margir og hverjir embættis- og sýslunarmenn ríkisins, sérstofnana þess og fyrirtækja njóti þeirrar aðstöðu að hafa bifreið til eigin nota, sem til þess er keypt og rekin fyrir opinbert fé. Það er talið nú, að ríkið leggi 79 starfsmönnum til bifreiðar. Þar er fyrst og fremst um að ræða forstöðumenn stofnana og einnig nokkra aðra, sem eru taldir hafa sérstöðu í sambandi við sitt starf, og þeir, sem hafa ríkisbifreiðar til afnota, eru hér taldir embættismenn. Það er forstjóri Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, það er forstöðumaður Bifreiðaeftirlits ríkisins, biskupinn yfir Íslandi, forstöðumaður Bókaútgáfu Menningarsjóðs, yfirborgardómari, yfirborgarfógeti, búnaðarmálastjóri, forstjóri Efnahagsstofnunar, forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins, fiskimálastjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri flugvalla ríkisins, forstöðumaður loftferðaeftirlits, forstöðumaður flugöryggisþjónustu og flugvallarstjóri Keflavíkurflugvallar. Forsetaembættið hefur þrjár bifreiðar og þar að auki forsetaritari, fræðslumálastjóri, húsameistari ríkisins, forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins, forstjóri Landhelgisgæzlunnar, landlæknir, forstjóri Landmælinga Íslands, landnámsstjóri, forstjóri Landssmiðju, lögreglustjórinn í Reykjavík, lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli og fulltrúi hans, forstöðumaður Mjólkureftirlits ríkisins, forstöðumaður Náttúrugripasafns, orkumálastjóri, póst- og símamálastjóri, póstmeistarinn í Reykjavík, 7 ráðherrabifreiðar, tollgæzlustjóri á Keflavíkurflugvelli, ráðuneytisstjóri í utanrrn., deildarstjóri varnarmáladeildar, frihafnarstjóri á Keflavíkurflugvelli, ráðningarstjóri á Keflavíkurflugvelli, rafmagnsveitustjóri ríkisins, rafmagnseftirlitsstjóri, forstjóri Rannsóknaráðs ríkisins, yfirlæknir Rannsóknastofu Háskólans, forstjóri Rannsóknastofnunar atvinnu-

veganna, forstjóri ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg, forstjóri skrifstofu ríkisspítalanna, forstöðumaður Ríkisútgáfu námsbóka, yfirsakadómari, saksóknari ríkisins, forstjóri Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, forstöðumaður sauðfjárveikivarna, forstjóri Sementsverksmiðju ríkisins, forstöðumaður síldarútvegsnefndar, tveir forstjórar Síldarverksmiðja ríkisins, skipulagsstjóri, skógræktarstjóri og fulltrúi hans, fulltrúi Sölunefndar varnarliðseigna, forstjóri Teiknistofu landbúnaðarins, forstjóri Tilraunastöðvarinnar á Keldum, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins og skrifstofustjóri, veðurstofustjóri, vegamálastjóri, veiðimálastjóri, forstjóri Vélasjóðs ríkisins, vitamálastjóri, yfirverkfræðingur vitamálastjórnar og forstöðumaður áhaldahúss vitamála og þjóðminjavörður.

Í fjórða lagi er spurt, hverjar reglur gildi um not og umráð bifreiða opinberra embætta og stofnana utan venjulegs vinnutíma. Um þetta atriði hafa ekki verið settar enn þá fastar reglur, en það eru m. a. þær reglur, sem nú er unnið að og ætlunin er, að verði settar alveg á næstunni á grundvelli þeirra athugana, sem ég gat um áðan, en að svo miklu leyti sem um þetta hafa verið reglur, hafa þær verið nokkuð misjafnar frá einni stofnun til annarrar. Sumir forstjórar ríkisstofnana hafa sjálfir sett reglur um það, að bifreiðum sé skilað í geymslu á kvöldin, en ekki hefur þó alls staðar reynzt unnt að framfylgja slíkum reglum til lengdar. Veldur þar sennilega mestu um, að starfsmönnum, sem hafa bifreiðar á vegum stofnana, finnst óréttlátt, að slíkar reglur gildi í einni stofnun en ekki öðrum. Fleira kemur hér til greina, svo sem það, að margar stofnanir hafa engan öruggan geymslustað, og eru þá bifreiðarnar betur komnar í vörzlu starfsmanna en að þær séu skildar eftir á götunni við vinnustað. Störfum margra er svo háttað, að eðlilegt og hagkvæmt má telja, að þeir hafi starfsbifreiðar í sinni vörzlu. Óhætt mun að fullyrða, að flestir, sem bifreiðar hafa á vegum starfa sinna, noti þær að einhverju leyti í eigin þágu. Þess skal getið í þessu sambandi, að nýlega hefur póst- og símamálastjórnin gefið út reglugerð um, að bifreiðum stofnunarinnar skuli skilað í geymslu hennar að loknum vinnudegi, og er starfsmönnum óheimilt að nota bifreiðar hennar í eigin þágu.

Þá kem ég að næstu spurningu, sem er um merkingu bifreiða. Það hafa ekki verið sett enn þá ákveðin fyrirmæli um að merkja bifreiðar með sameiginlegu merki, en það er einnig annað atriði, sem kemur til athugunar í sambandi við þær reglur, sem settar verða. Nú mun láta nærri, að um 130 bifreiðar ríkisins séu merktar viðkomandi stofnun. Það er póst- og símamálastjórnin, sem auðkennir allar sínar bifreiðar og bifreiðar radíóþjónustu Landssímans. Umferðarmáladeild Pósts og síma hefur merkt aðra sína bifreið. Pósthúsið í Reykjavík hefur allar bifreiðar merktar nema bifreið póstmeistara. Sementsverksmiðja ríkisins, þar eru þungaflutningabifreiðarnar einkennd ar með stöfum stofnunarinnar. Nokkrar af bifreiðum vita- og hafnamálaskrifstofunnar eru einnig auðkenndar með sérstöku merki. Landgræðslan hefur merkt bifreið, sem hún hefur til flutninga, með sínu merki. Flestar bifreiðar lögreglunnar í Reykjavík og ríkislögreglunnar eru auðkenndar með merki, og lögreglan á Keflavíkurflugvelli hefur merktar bifreiðar nema bifreið lögreglustjóra og fulltrúa hans, og bifreiðar forseta Íslands eru auðkenndar.

Þá er spurt að því loks, hve margir og hverjir njóti bifreiðahlunninda í öðru formi af hálfu ríkisins, svo sem beinna fjárstyrkja til rekstrar einkabifreiða sinna. Hér er um tvíþætt mál að ræða, annars vegar eru bifreiðastyrkir, sem ákveðnir eru sem fastagjald, og hins vegar eru svokölluð kílómetragjöld, sem greidd eru starfsmönnum í samræmi við fasta greiðslu fyrir hvern ekinn km. Um þetta hafa verið í nokkur ár til fastar reglur, sem framkvæmdar eru, og forstöðumenn ríkisstofnana eiga að staðfesta það hverju sinni með áritun sinni á reikninga, hvort tiltekinn kílómetraakstur sé viðurkenndur hjá starfsmanni sem afnot einkabifreiðar hans. Hér er fyrst og fremst um að ræða margvíslega eftirlitsmenn, ráðunauta og ótalmarga starfsmenn slíka, sem mikið ferðast, en fá ekki ríkisbifreiðar, en er greitt eftir þessum kílómetrataxta. Þetta hefur ekki verið sundurliðað, enda yrði allt of mikið mál að gera það. Þá hef ég ekki heldur skilið þessa fsp. svo, enda í rauninni óvinnandi vegur, nema þá að gefa út um það heila bók, að fara að tilgreina það, hvað hver einstakur starfsmaður nafngreindur hefur í bifreiðastyrki, heldur hef ég tekið upplýsingarnar upp þannig, að það er miðað við hverja stofnun, fjölda starfsmanna í hverri stofnun, sem hafa þessa styrki, og svo heildarupphæð þeirra styrkja, þ. e. a. s. þessara tveggja tegunda styrkja, bæði kílómetragjaldsgreiðslnanna og hinna föstu bifreiðastyrkja, sem greiddir eru í viðkomandi stofnun.

Samtals hafa 424 starfsmenn bílastyrk, annaðhvort með þeim hætti, að þeir fá greitt kílómetraleigugjald fyrir bifreiðar sínar eða fá fasta bifreiðastyrki. Heildarupphæð bifreiðastyrkja er nálægt 12.3 millj. kr. Það er ekki nákvæmlega hægt að segja, hver sú upphæð er í dag, vegna þess að meginhluti upplýsinganna um þetta byggist á rannsókn frá árinu 1965, sem gerð var á árinu 1966. En þá var svo ákveðið að taka þessi mál til heildarendurskoðunar og samþykkt, að bílastyrkir skyldu engum breytingum taka fyrr en eftir að lokið væri þessari heildarendurskoðun. Kílómetragjöldin hafa að vísu eitthvað breytzt síðan. Þau eru endurskoðuð á hverju ári miðað við verðlag á benzíni og tilkostnað við bifreiðar, en hinir föstu bifreiðastyrkir eiga ekki að hafa breytzt, þannig að þessi tala á að vera nokkuð nærri því, sem bílastyrkirnir eru í dag, a. m. k. ekki ráða neinum úrslitum um það. Í mörgum greinum eru þessar tölur til nýrri, en það hefur ekki tekizt og mundi þurfa miklu

viðtækari athugun, ef ætti að vera hægt að færa það allt til ársins 1967. Sumar tölurnar eru þó frá þeim tíma, þannig að ég tel, að þetta gefi heildarmynd.

Einn starfsmaður almannavarna fær 25 þús. kr. Ég sleppi hundruðum, ég sé ekki, að það skipti meginmáli. 14 af starfsmönnum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins og Lyfjaverzlunar ríkisins fá bílastyrki, sem nema 246 þús. kr. samtals. Einn starfsmaður áfengisvarnaráðs hefur 5 þús. kr. bílastyrk. 4 starfsmenn Bifreiðaeftirlits ríkisins hafa 227 þús. Tveir starfsmenn Efnahagsstofnunar hafa 14 þús. 1 starfsmaður ferðamálaráðs hefur 21 þús. 7 starfsmenn Ferskfiskeftirlits hafa 448 þús. 15 starfsmenn Fiskmats ríkisins hafa 833 þús. Flugmálastjórnin á Keflavíkurflugvelli, 2 starfsmenn hennar hafa 20 þús. 17 starfsmenn flugmálastjórnar í Reykjavík hafa 406 þús., 2 starfsmenn fríhafnar á Keflavíkurflugvelli 37 þús., 6 starfsmenn fræðslumálaskrifstofu 99 þús., 1 starfsmaður gisti- og veitingastaðaeftirlits 62 þús., 1 starfsmaður Hafrannsóknastofnunar 32 þús., 1 starfsmaður Heyrnleysingjaskóla 41 þús., 6 starfsmenn húsameistara 80 þús., 5 starfsmenn Innkaupastofnunar ríkisins 101 þús., 4 starfsmenn Iðnaðarmálastofnunar 68 þús., einn starfsmaður Kennaraskólans 33 þús., einn starfsmaður Kristneshælis 36 þús., 9 starfsmenn Landhelgisgæzlu 249 þús., 1 starfsmaður Landnáms ríkisins 47 þús., 1 starfsmaður löggildingarstofu 24 þús., 6 starfsmenn lögreglustjóraembættis á Keflavíkurflugvelli 197 þús., 1 starfsmaður lögreglustjórans í Reykjavík 32 þús., 4 rektorar menntaskólanna 74 þús., 1 starfsmaður Náttúrufræðistofnunar Íslands 24 þús., 25 starfsmenn póst- og símamálastjórnar 705 þús., 21 starfsmaður Rafmagnsveitna ríkisins og Orkustofnunar 549 þús., 22 starfsmenn rannsóknastofnana atvinnuveganna 524 þús., 8 starfsmenn Raunvísindastofnunar háskólans 100 þús., 16 skattstjórar og ríkisskattstjóri 455 þús., 1 starfsmaður Ríkisútgáfu námsbóka 5 þús., 10 starfsmenn Ríkisútvarpsins 143 þús., 2 starfsmenn saksóknaraembættisins 37 þús., 1 starfsmaður sauðfjárveikivarna 12 þús., 1 starfsmaður Sementsverksmiðju ríkisins 33 þús., 18 starfsmenn Skipaskoðunar ríkisins 233 þús., 2 starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins 41 þús., 2 starfsmenn skipulagsstjóra 24 þús., 9 starfsmenn Skógræktar ríkisins 282 þús., 1 starfsmaður skólaeftirlits 45 þús., ráðuneytisstjórar, þar með talinn hagsýslustjóri, hagstofustjóri, ríkisendurskoðandi, ríkisféhirðir og ríkisbókari, þ. e. 12 manns alls, 216 þús. Stýrimannaskólinn, 1 starfsmaður, 14 þús., sýslumenn, bæjarfógetar o. fl., 21 að tölu, 524 þús.

Einn starfsmaður Sölunefndar varnarliðseigna 13 þús., tveir starfsmenn Tilraunastöðvarinnar á Keldum 31 þús., tveir starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins 32 þús., 1 starfsmaður Tækniskólans 33 þús., 12 starfsmenn Veðurstofu Íslands 91 þús., 73 starfsmenn Vegagerðar ríkisins 3 millj. 462 þús., 18 starfsmenn — þetta er í tvennu lagi — 18 aðrir starfsmenn vegagerðarinnar hafa 382 þús., þannig að þetta er um 3.8 millj. Hér undir er náttúrlega mjög mikill akstur annað en beinir bílastyrkir, sem hér er meðtalið. Þetta mun vera aksturskostnaðurinn, en þessir 18 starfsmenn, sem ég talaði um, eru þeir starfsmenn, sem hafa sérstaka bílastyrki, þessi 382 þús. Verðgæzlustjóri, 1 starfsmaður, 25 þús. 9 starfsmenn verðlagseftirlits 159 þús., 1 starfsmaður vélasjóðs 12 þús., 1 starfsmaður Vélskóla 14 þús., 7 starfsmenn Vita- og hafnamálaskrifstofu 318 þús., 1 starfsmaður Þjóðleikhúss 12 þús., 1 í Þjóðminjasafni 11 þús., 6 starfsmenn Öryggiseftirlits ríkisins 198 þús.

Það er auðvitað mjög erfitt að átta sig til hlítar á lesningu sem þessari, en niðurstöðutölur, sem eru vitanlega það, sem máli skiptir í þessu efni, þær leiða auðvitað í ljós, að hér er um mjög stórfellt útgjaldamál að ræða. Í fyrsta lagi það, að ríkið á, eins og ég áðan gat um, á sjötta hundrað bifreiðar, sem eru taldar nú að verðgildi um 150 millj. kr. Ríkið leggur beinlínis 79 starfsmönnum til bifreiðar, og 424 starfsmenn hafa bílastyrki, sem nema 12—13 millj. kr. á ári. Það er því ljóst, að hér er um mikið vandamál að ræða, sem nauðsynlegt er, að tekið sé föstum tökum. Því miður er hins vegar hér ekki um mjög auðvelt mál að ræða.

Það er langt síðan farið var að gefa gaum að þessu sem vandamáli. Það fyrsta, sem ég man eftir því, var fyrir um það bil 20 árum. Þá var ákveðið, að það skyldi stefnt að því, að ríkið ætti ekki bifreiðar og þeim skyldi skilað. Útkoman úr því varð, að einni bifreið var skilað og síðan gáfust menn upp við það að framkvæma þessa fyrirrætlun. Ég er síður en svo að saka einn eða neinn um það, að ekki hafi úr þessu orðið, heldur nefni ég þetta aðeins til þess að benda á, hvað hér er um mikið vandamál að ræða. Síðan hefur þó vandinn að sjálfsögðu vaxið, fjöldi bifreiða hefur vaxið, og það hefur fjölgað þeim embættismönnum, sem hafa haft bifreiðar til afnota.

Það fer auðvitað ekki hjá því, að menn sjái, að það er ekki fullt samræmi í því, hverjir hafa bifreiðar til afnota. Þörfin fyrir bifreiðar er ákaflega mismunandi hjá hinum ýmsu starfsmönnum, sem slíkar bifreiðar hafa. Og þetta hefur vitanlega á hinum ýmsu tímum þróazt með ýmsu móti. Það er ekki vert að neita því, að í mörgum tilfellum hafa embættismenn fengið bifreiðar hreinlega sem kjarabót, og það er ekki lítil kjarabót að hafa bifreið, sem ríkið á, og ríkið borgi allan rekstrarkostnað slíkra bifreiða. Það getur leikið á mjög háum fjárhæðum. Í mörgum greinum er svo auðvitað ekki hægt hjá því að komast, að starfsmaður hafi bifreið, og bifreiðaeign ríkisins hlýtur alltaf að vera veruleg. En hér er auðvitað um mikið vandamál að ræða, ekki sízt þar sem þetta er þáttur í kjörum og það verulegur þáttur, þannig að það er enginn leikur við þetta að fást, því skulum við ekki loka augunum fyrir.

Fyrir tveimur árum ákvað ríkisstj. að reyna

að setja vissa hemla á þetta, fyrst og fremst með því að ákveða, að ekki mætti kaupa bifreið, sem ríkisforstjórar hefðu til afnota, sem kostaði yfir vissa fjárhæð, og var þá miðað við mjög hóflega gerð bifreiða, en hins vegar bifreið, sem fullkomlega væri sómasamlegt fyrir hvern og einn að aka í, og það hefur verið reynt að standa á þessari reglu. Og þetta var vissulega aðhald út af fyrir sig. Bifreiða- og vélanefndin, sem skipuð var á sínum tíma fyrir nokkrum árum, fékk þetta viðfangsefni, og á liðnum áratugum hafa verið gerðar ýmiss konar grg. um þessi mál, rækilegar athuganir farið fram á vandanum og legið fyrir ýmsar till. um það, en menn hafa ekki treyst sér af ýmsum ástæðum til þess að gera þessar till. að veruleika. Hvort það átak, sem var hafið 1965, skilar jákvæðri útkomu eða ekki, er nokkuð snemmt fyrir mig að fullyrða um. Það hafa verið teknar þessar bráðabirgðaákvarðanir.

Eins og ég áðan sagði, var ákveðið 1965 að breyta ekki bifreiðastyrkjum fyrr en þessi síðasta athugun lægi fyrir. Á s. l. ári var unnið mikið að því að meta akstursþörf allra þeirra manna, sem hafa ríkisbifreiðar, og fyrir liggja núna skýrslur um öll þau tilvik, sem náttúrlega eru mjög mismunandi og leiða til þess, að veigamiklar breytingar hlytu að verða í þessum efnum um það, hverjir fengju bifreið til afnota, ef sá mælikvarði yrði lagður til grundvallar. Það eru auðvitað að vakna í sambandi við þetta hugleiðingar um, hvaða leiðir séu hugsanlegar til þess að koma í veg fyrir, að þessi þróun verði með þessum hætti, en ég tel, að glöggt hafi komið í ljós, að þetta sé meira og minna komið út í ógöngur og það sé óumflýjanlegt að reyna að spyrna hérna verulega við fótum. Það er náttúrlega hægt að hugsa sér það, að ríkið hætti yfirleitt að eiga nokkrar bifreiðar, nema vinnubifreiðar og þær bifreiðar, sem sjálfgefið er, að ýmsar framkvæmdastofnanir verða að eiga í sambandi við starfsemi stofnananna, og að breyta öllu slíku yfir í bifreiðastyrki, sem eru metnir eftir aksturshörf viðkomandi embættismanna. Þetta er vitanlega mjög róttæk ráðstöfun, og ég skal ekki segja um það, hvort mönnum þykir hún framkvæmanleg. Það má einnig hugsa sér þá leið, að út af fyrir sig fengju starfsmenn bifreiðar, sem ríkið ætti, en þeir kostuðu útgerð þeirra, og það yrði þá að sjálfsögðu miðað við starfsmenn, sem hefðu verulega aksturshörf, og þeir kostuðu þá útgerð þeirra. Í þessu væri einnig verulegt aðhald fólgið. Þetta eru „prinsip"-málin, sem þarf að gera upp við sig.

Ástæðan til þess, að bifreiðar ríkisins hafa ekki almennt verið merktar til þessa, þó að ég hafi vikið að því áður í mínum fjárlagaræðum, að það væri nauðsynlegt að gera það, er sú, að í rauninni er það ekki tímabært fyrr en ákvörðun hefur verið tekin um það, hvort ríkið ætli áfram almennt að eiga þessar bifreiðar eða hvort hér verði breytt um.

Það er einnig að sjálfsögðu eðlilegt, að það sé meginlína, að bifreiðar ríkisins séu ekki notaðar nema í þágu starfsins, og í nærliggjandi löndum er það svo yfirleitt, að þeim reglum er fylgt fram eins og hægt er. Hér er þó auðvitað, eins og bent var á í svari mínu áðan, mjög mismunandi aðstaða fyrir hendi. Stórar stofnanir, sem hafa geymslu, geta tekið bifreiðarnar og einhver ákveðinn aðili séð um það, að þeim sé skilað í geymslu að kvöldi. Hins vegar er í mörgum greinum aðeins einn eða kannske tveir menn í tiltekinni stofnun, sem hafa bifreið, og oftast nær er það forstjórinn, og hver á þá að sjá um það, að hann loki inni sína bifreið? Það er ekki alveg einfalt mál, þannig að á þessu eru auðvitað margvíslegir annmarkar. En þetta eru allt atriði, sem eru þess eðlis, að það er eðlilegt, að þau komi upp. Það er eðlilegt, að um þau sé spurt, og ég skal taka það greinilega fram, að því fer víðs fjarri, að ég sé ánægður með það ástand, sem ríkir í þessum efnum, og ég tel, að ekki verði undan því skotizt að reyna að setja um þetta fastar reglur. Hvort menn sem sagt í þetta skipti manna sig upp í það með þeim róttæku aðgerðum og áhrifum á kjör ótal ríkisstarfsmanna, sem þetta mundi hafa í för með sér, um það skal ég ekkert fullyrða á þessu stigi. Það er bezt að vera ekkert að hrósa sér af afrekum, sem ekki hafa verið unnin, en engu að síður er þetta brýn nauðsyn. Þessar tölur leiða það glöggt í ljós.

Það kann að vera, að hv. fyrirspyrjanda þyki ekki, að þetta sé alveg nægilega ýtarlegt, en eins og ég áðan sagði, ef þetta á að vera ýtarlegra, kostar þetta það að semja um þetta mjög ýtarlega og langa grg., sem ég tel vel geta komið til mála, að verði gert og í rauninni sé efniviður í eftir þá vinnu, sem unnin hefur verið nú síðustu árin og lokið er að vinna nú að mestu leyti, þannig að það sé a. m. k. fullkomin ástæða til, ef og þegar ákvörðun verður tekin um þær endanlegu reglur í þessu efni, þá verði með einhverjum hætti gefin út slík heildarskýrsla.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann hefur gefið hér. Það hefur komið mjög greinilega í ljós, sem mig raunar grunaði, að hér mundi vera um mjög viðamikið og yfirgripsmikið mál að ræða, þannig að það hefur kostað talsvert erfiði og fyrirhöfn að safna saman þeim upplýsingum, sem hér liggja fyrir. Það kemur í ljós, að ríkið og opinberar stofnanir eiga yfir 500 bifreiðar af ýmsum gerðum, og það er gott að fá þessa skýrslu, þó að ég hefði nú heldur kosið, að hæstv. ráðh. hefði gefið þessar upplýsingar skriflega að nokkru leyti, vegna þess að það er mjög erfitt að ná öllum þessum upplýsingum, þegar það er lesið hér af nokkrum hraða. Og það kemur einnig í ljós, að heildarsöluverð þessara bifreiða eða endursöluverð þessara bifreiða má áætla að sé um 130—150 millj. kr. og einnig að það eru 79 starfsmenn ríkisins, sem fá, að því er mér skilst, beinlínis fría bíla, og um

notkun þessara bíla gilda ekki fastar reglur, sem settar hafi verið, nema þá mjög ófullkomið. Eins kemur það í ljós, að þessar bifreiðar eru ekki auðkenndar, og auk þess eru 424 starfsmenn, sem fá ýmiss konar bílastyrki með öðrum hætti, sem áætla má, að séu ekki undir 12 millj. kr.

Ég skal fúslega játa það, að þetta efni er stærra en svo og viðfeðmara en það sé hægt á þessu stigi að leggja endanlegt mat á þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. hefur gefið hér. Ég efast ekki um, að þær eru eins fullkomnar og hæstv. ráðh. hefur framast átt kost á að veita á þessu stigi. En á hitt vil ég leyfa mér að benda og minna á sem mína skoðun, að í sambandi við bifreiðaeign ríkissjóðs og bifreiðahlunnindi ýmissa opinberra starfsmanna er nauðsyn að gæta alls hófs og sparnaðar. Ég tel t. d. ákaflega hæpið, að það sé réttmætt og eðlilegt, að ríkið eða opinber fyrirtæki kaupi og reki einkabifreiðar starfsmanna, æðri eða lægri, þ. e. að kjarabætur eða launabætur, sem hæstv. ráðh. minntist á hér áðan, séu veittar í formi slíkra augljósra hlunninda. Mér finnst eðlilegt, að þetta sé tekið til endurskoðunar. Það kann vel að vera, að nauðsynlegt sé, að hið opinbera eigi bifreiðar til afnota fyrir starfsmenn í starfi eða vegna starfs beinlínis. Hitt finnst mér ekki eigi að eiga sér stað, að hið opinbera afhendi yfirleitt einstökum mönnum alger einkaumráð bifreiða hins opinbera. Um notkun slíkra bifreiða verður að setja strangar reglur og fara eftir þeim, og það er ánægjulegt til þess að vita, að hæstv. ráðh. vinnur að því, að slíkar reglur verði settar. Að öðrum kosti getur orðið um misbeitingu réttinda að ræða, sem leiðir til spillingar í opinberu lífi. Það er t. d. sjálfsagt og eðlilegt, að ríkisbifreiðar séu auðkenndar á sama hátt og bifreiðar Reykjavíkurborgar. Slík auðkenning er aðhald að umráðamönnum bifreiðanna um rétta og eðlilega notkun þeirra. Einnig ber hinu opinbera, og þar verður hæstv. ríkisstj. að ganga á undan með góðu fordæmi sínu og með setningu skynsamlegra reglna, að gæta hófs í vali bifreiðategunda, sem það fær starfsmönnum sínum og embættismönnum til umráða. Ég efast um, að slíks hófs sé ætíð gætt, þrátt fyrir góðan vilja hæstv. ráðh., sem ég efast ekki um að persónulega vill gæta alls hófs í slíku, undanfarin ár, að því er hann nú upplýsir. Hið opinbera eða ríkisstj. á ekki að stuðla að neinni tildurmennsku eða hégómaskap í sambandi við bifreiðategundir. Ég er sannfærður um, að oft hefðu embættis- og sýslunarmenn, sem vitað er að hafa mjög frjálslegan umráðarétt yfir opinberum bifreiðum, getað komizt af með ódýrari og íburðarminni farkosti.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir glögg svör hans. Mér er það fullkomlega ljóst, að það er erfitt að svara þessu svo ýtarlega sem e. t. v. væri hægt, ef lengri tími ynnist til að vinna það verk. En ég fagna því, að hæstv. ráðh. hefur það í huga að gefa um þetta mál lengri grg. síðar, ef eftir henni yrði leitað. Og ég vona, að hann láti ekki staðar numið við það, sem hann hefur þegar að unnið í þessu máli, og þessar umr. megi m. a. verða til þess, að frekar verði aðhafzt í því að koma skynsamlegu skipulagi á bifreiðaútgerð ríkissjóðs.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr. og spurzt er fyrir um, er vissulega allmikilvægt og margslungið, og ég vil eindregið taka undir það, að full ástæða er til að koma þar á meira samræmi og fastari reglum en gilt hafa í sambandi við þessi bílamál ríkisins. Það er vafalaust nokkurt álitamál og vandamál, hvernig eigi að skipa þessum málum á eðlilegan og réttlátan hátt, en ég býst við, að það sé ekki of mikið sagt, þó að fullyrt sé, að töluverðs misræmis hafi gætt í þessum efnum og slíkt misræmi þurfi að leiðrétta. Undir það vil ég mjög eindregið taka.

En það, sem kom mér til þess að segja hér fáein orð, var það, að ég tel ástæðu til að koma hér á framfæri lítilli leiðréttingu við þá skýrslu, sem hæstv. fjmrh. las hér. Hún er kannske ekki stórvægileg, en þar sem hún snertir mig persónulega og þá stofnun, sem ég veiti forstöðu, vil ég, að hún komi hér skýrt fram.

Þar sem hæstv. fjmrh. talaði um, að 79 forstöðumenn ríkisstofnana hefðu bifreiðar til eigin afnota, þá taldi hann þar með forstöðumann Bókaútgáfu menningarsjóðs. Ég veit nú satt að segja ekki, hvernig á því getur staðið, að þetta hefur komizt inn í skýrslu hæstv. ráðh., en ég vil taka það skýrt fram, að þetta er algjör misskilningur. Forstöðumaður Bókaútgáfu menningarsjóðs hefur aldrei haft neina slíka bifreið, sem ríkið eða bókaútgáfan hefur átt og kostað rekstur á. Bókaútgáfan hefur aðeins átt og á eina sendiferðabifreið, sem starfsmaður stofnunarinnar notar í hennar þágu, og það er öll bifreiðaeign þess fyrirtækis, þannig að það má þó lækka þessa tölu forstöðumanna ríkisstofnana, sem hafa afnot af bifreiðum, sem ríkið á eða ríkisstofnanir eiga og reka, a. m. k. um einn, þannig að þeir eru þó ekki nema 78. Ég tel ástæðu til þess, að þetta komi fram, og vil æskja þess, að þetta verði leiðrétt.

Að síðustu vil ég svo endurtaka það, að það er full ástæða til þess að reyna að koma á einhverjum samræmisreglum að því er varðar bifreiðaeign ríkis og ríkisstofnana og að því er varðar afnot af þeim. Þær reglur hafa verið, að ég hygg, mjög svo óskýrar og á engan hátt þannig, að eðlilegt samræmi sé í þeim efnum. Það vil ég að síðustu undirstrika, að ég tel á því mikla þörf.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér þykir það mjög leitt, ef mistök hafa orðið í sambandi við þá stofnun, sem hv. þm. veitir forstöðu, og það er sjálfsagt að leiðrétta það. En ég geri ráð fyrir, að þetta stafi af því, að stofnunin hefur bifreið, Taunus station bif-

reið, árgerð 1964, að ég hygg, sem einhver starfsmaður stofnunarinnar væntanlega hefur til umráða og þá fyrst og fremst náttúrlega í þágu stofnunarinnar. Það er auðvitað svo um margar þessar bifreiðar, sem ég gat um, að það eru ekki eingöngu lúxusbifreiðar. En það er skylt að taka það til greina, ef það er svo, að forstöðumaðurinn hafi engin afnot af þessari bifreið, en það er þá einhver annar starfsmaður sjóðsins, sem hefur bifreiðina til umráða.

Við orð hv. fyrirspyrjanda í hans seinni ræðu hef ég ekkert að athuga. Það var efnislega allt rétt, og ég vil aðeins taka það fram aftur, að þeirri reglu, sem sett var 1965 um, að það yrði gætt sérstaks hófs í kaupum hinna svokölluðu forstjórabifreiða, hygg ég að hafi verið reynt að framfylgja. Það var ákveðið þá, að bifreiðar mættu ekki kosta yfir vissa upphæð, um 250 þús. kr. Að vísu er gert ráð fyrir því, að í vissum tilfellum, ef mjög er sótt á um það af hálfu starfsmanns, þá væri honum heimilt að kaupa dýrari bíl, en þá skyldi hann greiða verðmismuninn sjálfur og greiða að hluta til rekstrarkostnað bílsins miðað við það, sem talið væri að hann væri dýrari í rekstri umfram þá bílategund, sem heimilað væri að kaupa. En það er vissulega hárrétt, að það er nauðsynlegt, a. m. k. á fyrsta stigi, að hafa hemil á því, hvers konar bifreiðar eru í gangi, og að það séu hvorki keyptar dýrari bifreiðar né bifreiðar, sem eru dýrari í rekstri en nauðsynlegt er. Það er ég hv. þm. sammála um.

Ég endurtek það að lokum, að ég tel sjálfsagt, þegar niðurstaða er komin í þetta bílamál, að þá verði samin um það heildargrg. og þá eftir atvikum annaðhvort útbýtt til hv. þm. eða a. m. k. afhent fjvn., til þess að hægt sé að átta sig á, hvernig þessi mál standa.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil taka undir það og leggja á það áherzlu, að nauðsyn sé að koma þessum málum í betra horf en nú á sér stað. Ég get ekki betur séð af þeirri skýrslu, sem ráðh. gaf hér áðan, sem að vísu var ekki svo fullkomin sem æskilegt hefði verið, en að í þessum efnum hafi ríkt algjört handahóf. Ég get ekki fundið út úr því neina reglu, hver hafi fengið bíla ókeypis né heldur hverjum bílastyrkur sé veittur. Ég get ekki betur séð en að með þessu sé stofnað til mikils misræmis í kjörum opinberra starfsmanna og þeim mönnum, sem úthlutað hefur verið á undangengnum árum þessum fríðindum, sé veitt stórkostleg kjarabót umfram aðra opinbera starfsmenn. Ég fæ ekki betur séð en þetta sé í mörgum tilfellum fullkomið ranglæti. Það ranglæti ber að leiðrétta sem fyrst. Þess vegna er út af fyrir sig ástæða til þess að fagna ummælum hæstv. fjmrh. í þá átt. Ég verð þó að lýsa nokkrum vonbrigðum yfir því, hversu langan tíma það þarf að taka að kippa málum eins og þessum í lag. Mér skildist, að það hefði verið stofnað til athugunar á þessum málum árið 1965. Er það ekki rétt skilið? Og það er ekki lengra komið í endurbótaátt í dag en raun ber vitni. Ég held, og ég vil leggja á það áherzlu, að nauðsynlegt sé að hafa hraðari vinnubrögð í þessari endurbótabaráttu framvegis heldur en við hafa verið höfð hingað til.

Mér sýnist, að þarna sé um hreint kjaramál að tefla hjá þeim mönnum, sem þessara fríðinda njóta. Nú er það svo, að kjaramál opinberra starfsmanna eru komin í ákveðið kerfi, og launakjör þeirra eiga að vera ákveðin með ákveðnum hætti, kjarasamningum eða, ef þeir samningar ekki takast, kjaradómi. Ég vil nú spyrja, hvort það sé ekki eðlilegt, að þessi fríðindi komi til athugunar við kjarasamninga, og hvort það sé ekki eðlilegt, að þau komi sem liður inn í kjarasamningakerfið. Ég held, að það sé miklu eðlilegra, að það séu þeir aðilar, sem um þessi mál fjalla, kjarasamningana, sem setja reglur um þessi efni og meta þessi fríðindi, heldur en það sé gert einhliða af — ja, ég veit eiginlega ekki af hverjum, þetta hefur komizt svona á smám saman, kannske ákveðið af einhverjum ráðh., kannske af forstöðumanni einhverrar stofnunar, en allar samræmdar reglur vantar um þetta, að því er virðist.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð og ætla mér ekki að blanda mér frekar í þessar umr., en ég álít, að þarna sé í mörgum tilfellum um hreint ranglæti og spillingu að ræða, og ég álít, að það eigi að nema staðar, að það eigi að nema snögglega staðar og breyta um hætti í þessum efnum og það eigi ekki að þurfa að bíða eftir því í önnur þrjú ár.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. taldi, að það hefði nokkuð dregizt að fá niðurstöðu í þessu máli, úr því að athugun hefði hafizt 1965. En ég skal taka það fram, að athugunin er náttúrlega miklu eldri, svo að það gerir kannske hlut minn verri, en það er sjálfsagt að segja frá því, sem rétt er.

Eins og ég sagði, hófst þessi bílabarátta fyrir, að ég hygg, 20 árum í alvöru. Þá var þetta farið að grafa um sig nokkuð og menn farnir að gera sér grein fyrir því, að þarna væri við vanda að glíma, þannig að það eru margir, sem við þetta hafa fengizt, ýmsar athuganir hafa verið á þessu gerðar á liðnum árum og áætlunargerðir liggja fyrir. Ég taldi hins vegar nauðsynlegt að miða þetta við síðustu þróun. Þetta hefur verið að þróast árum saman. Það hefur vaxið með ýmsum hætti. Ég skal ekki rekja þá sögu. Margt af þessu hefur vafalaust komið til sem fríðindi á ýmsum tímum. Það eru engar formlegar reglur um það, hverjir hafi bíla, og menn hafa fengið þessi hlunnindi, náttúrlega í mörgum og flestum tilfellum með vitund fjárveitingavaldsins hverju sinni. Það hefur verið tekið inn í fjárveitingar, en í flestum tilfellum auðvitað eftir á. Og það skal fúslega játað, að þessi athugun málsins, sem gerð hefur verið,

leiðir ákaflega glöggt í ljós, að hér er á mikið handahóf, og það er töluvert svipað og á sér stað með embættisbústaðina, sem hér hefur verið talað um. Það er orðið algert ósamræmi líka í því, hverjir hafa embættisbústaði og hverjir ekki, þó ég ætli ekki að ræða það mál hér í þessu sambandi. En það er auðvitað ólíkt, hvort menn stöðva einhverja þróun, og það hefur verið gert. Síðan 1965 hefur enginn embættismaður fengið ríkisbifreið að einum undanskildum, það skal ég taka fram, og það hygg ég, að mönnum þyki ekki óeðlilegt eftir atvikum. Það var landlæknir, því að eftir að kjarasamningar lækna komu til, vita menn, hvernig útkoman úr því dæmi var, sem sé sú, að þessi embættismaður ríkisins, yfirmaður allra heilbrigðismála, hafði miklu verri kjör en allir aðrir læknar í landinu, og það þótti því sanngjarnt að fallast á þessi hlunnindi, sem tvímælalaust eru hlunnindi, og skal ég taka á mig minn hluta af þeirri sök, en að öðru leyti hefur þessi þróun verið stöðvuð.

Eins og ég áðan sagði, var ákveðið 1965, þegar þessi athugun hófst, að stöðva einnig hina föstu bifreiðastyrki, sem að einhverju leyti má líta á sem hlunnindi. En hins vegar var ekki hægt að stöðva það, þegar kostnaður var greiddur, sem er fólginn í kílómetraakstri bifreiða, því að þar er ekki um hlunnindi að ræða, heldur aðeins beina greiðslu fyrir afnot bíls, sem tvímælalaust eiga sér stað og verður að borga fyrir eins og hverja aðra þjónustu.

Þó að menn sjái náttúrlega, að hér er um stórar tölur að ræða, sem vissulega þarf að taka til rækilegrar athugunar, þá er stór hluti af þessari upphæð ekki deilumál, þ. e. bílastyrkjagreiðslurnar, þar sem um er að ræða greiðslur, sem ekki er hægt að falla frá. Þar er tvímælalaust í fjölmörgum greinum um að ræða, að það er hagkvæmara fyrir ríkið að borga starfsmanni fyrir afnot bifreiðar hans, að því marki sem það er talið nauðsynlegt að hann þurfi að hafa bifreið, heldur en að fara annaðhvort að kaupa undir hann bifreið eða afhenda honum hana eða láta hann kaupa leigubifreiðar í þeim tilfellum.

Það kann vel að vera, að það sé hægt að segja, að þessi athugun hafi tekið langan tíma, og það má segja, að það sé ekki tiltölulega flókin ákvörðun að stöðva þróunina. En ég hygg, að allir hv. þm. geti gert sér í hugarlund, að það er ekki alveg einfalt mál, hvernig á að leysa þann vanda að taka af manni fríðindi, sem geta kannske leikið á, — ég skal ekki nefna ákveðnar tölur, — milli 100 og 200 þús. kr. á ári, — fríðindi, sem viðkomandi starfsmaður hefur notið um langan aldur. Í sambandi við það eru margvísleg vandamál, sem gera það, að þetta er vissulega ekkert auðvelt verk. En það er satt, og það er það versta í þessu máli auk útgjaldanna við þetta, að í þessum hlunnindum er verulegt ósamræmi. Það er rétt hjá hv. þm., að það er í rauninni það, sem alltaf veldur mestum kurr og óánægju, þegar hægt er að benda á það, að einn starfsmaður hafi þessi hlunnindi en annar sambærilegur starfsmaður ekki.

22. Kostnaður af Kirkjuþingi o. fl.

Á deildafundum 26. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til fjmrh. um kostnað af Kirkjuþingi, Búnaðarþingi og Fiskiþingi [174. mál] (A. 426).

Á 47. fundi í Sþ., 27. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Sþ., 5. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þessi litla fsp. er svolítið tengd því máli, sem hér var rætt um áðan, þótt hún snúist að vísu um minni vanda. Hún fjallar einnig um misræmi, sem upp hefur komið í þjóðfélaginu.

Hér á Íslandi er haldið mikið af þingum og ráðstefnum, eins og alkunnugt er, og slíkum samkomum fer stöðugt fjölgandi. Hins vegar er mismunandi vel að þessum þingum búið af hálfu hins opinbera, og þau þrjú þing, sem ég spyr hér um, hafa, að því er ég bezt veit, þá sérstöðu, að þátttakendur í þeim fá greitt fé úr ríkissjóði fyrir að taka þátt í þinghaldinu.

Ég skal ekki draga í efa, að þessi þing séu merk, hvert á sínu sviði. Áhangendur evangelísk-lúterska trúflokksins hafa vafalaust af því bæði gagn og ánægju að koma saman til Kirkjuþings og fá dagpeninga til þess úr ríkissjóði. Hins vegar er mér ómögulegt að skilja, að þessi trúflokkur eigi að hafa nokkra sérstöðu fram yfir aðra trúflokka hvað þetta snertir. Aðrir trúflokkar hafa einnig sín þing, og ef á að veita mönnum greiðslur úr ríkissjóði fyrir að taka þátt í slíkum þingum, ætti það eins að koma þeim að gagni.

Búnaðarþing og Fiskiþing eru gamlar stofnanir, og tilgangur þeirra er að efla þá atvinnuvegi. Stuðningur við þá er hins vegar orðinn miklu fjölbreyttari en áður var, og af þeim ástæðum hafa þessi þing sett ofan hlutfallslega, enda þótt ég dragi ekki í efa, að umræður þar séu fróðlegar og gagnlegar og sumar þær samþykktir, sem þar kunna að vera gerðar, skynsamlegar, auk þess sem menn hafa náttúrlega alltaf gott af því að sýna sig og sjá aðra. Hins vegar fæ ég ekki séð rökin fyrir því, að þátttaka í þessum þingum sé styrkt af almannafé umfram fjölmörg önnur þing, sem haldin eru í landinu. Vilji menn nota fé ríkissjóðs til þess að styrkja landsmenn til þátttöku í þingum af ýmsu tagi, þarf

að setja um það almennar reglur, svo að allir eigi kost á fjárframlögum til þingsetu sinnar, eftir því sem reglurnar segja til um. En telji menn hins vegar, að slík þing eigi að vera frjálst framtak þegnanna, þá á það einnig að eiga við um þau þing, sem ég hef vikið að.

Ég hef vakið máls á þessu vegna þess, að nú að undanförnu hefur mjög verið til umræðu nauðsyn þess að endurskoða ýmsa þætti í ríkisbúskapnum í samræmi við breytta tíma. T. d. liggur hér fyrir þingi frv. um breyt. á l. um embættisbústaði, sem m. a. hefur verið rökstutt með því, að á seinni árum hafi bætzt við á Íslandi fjölmargir embættismenn, sem alls ekki var gert ráð fyrir í lögunum, eins og þau voru þá, alveg á sama hátt og hafin eru hér á Íslandi fjölbreytileg þing, sem ekki tíðkuðust áður hér á landi. Auk þess hefur hæstv. fjmrh. greint okkur frá því, bæði í orði og verki, að hann hafi fullan hug á því að spara, og þess vegna er mér nokkur forvitni á því að heyra afstöðu hans til þessa vandamáls.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Því miður voru svo mikil fagnaðaróp hér úti fyrir húsinu, að ég átti dálítið erfitt með að heyra allt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði í ræðu sinni, og ég vona, að hann afsaki þá, ef ég tek ekki til meðferðar allt, sem hann vakti athygli á, en fyrst og fremst ætla ég að halda mig að fsp.

Í fyrsta lagi er spurt: „Hver hefur verið kostnaður ríkissjóðs síðustu árin af Kirkjuþingi, Búnaðarþingi og Fiskiþingi?“ Og það er þá væntanlega rétt að byrja á Kirkjuþingi.

Ég hef upplýsingar um tvö síðustu Kirkjuþing, sem hafa verið haldin. Þau eru haldin annað hvert ár. 1964 kostaði Kirkjuþing 169. 236,90 kr., svo að allt sé tíundað. Og 1966 kostaði Kirkjuþing 232.065,02 kr.

Kostnaður við þrjú síðustu Fiskiþing, þau eru einnig haldin annað hvert ár, hefur orðið sem hér segir: 1964 290.639 kr., 1966 323.589 kr. og 1968 438.770 kr.

Þá er í þriðja lagi kostnaður við Búnaðarþing, en Búnaðarþing er haldið á hverju ári. 1965 var kostnaður við Búnaðarþing 630.053,27 kr., 1966 886.150,22 kr., 1967 798.494,47 kr. og 1968 839.723,07 kr.

Það mun vera venja með þing þessi, að fulltrúar fá greiddan ferðakostnað og auk þess dagpeninga. Munurinn liggur bæði í tölu þingfulltrúa, ef við getum orðað það svo, og einnig lengd þinganna að sjálfsögðu.

Í öðru lagi er spurt: „Telur ríkisstj. eðlilegt, að ríkissjóður haldi áfram að greiða kostnað af þingum þessum?“ Ég skal játa það, að ég á dálítið erfitt með að svara þessari spurningu fyrir hönd ríkisstj. sem slíkrar, vegna þess að um það hefur ekki verið tekin ákvörðun, enda jafnvel vitað, að um það eru skiptar skoðanir, eins og oft vill verða, þannig að að svo miklu leyti sem ég á að svara þessari spurningu, verð ég að svara henni sem minni persónulegu skoðun.

Ég hef ekki farið dult með það og hef látið það í ljós áður, að ég tel, að Búnaðarþing eigi ekki að vera á hverju ári, heldur annað hvert ár, og í því sé algert ósamræmi. Ég tel einnig vel geta komið til álita að miða framlög til þessara þinga við það, að þau standi vissan tíma og ekki lengur. Það kemur allt til álita. Hitt er svo aftur annað mál, hvort á að fella þessar greiðslur niður eða ekki. Kirkjuþing er á laggirnar sett með lögum frá Alþ., og ég skal ekki segja um það, hvort skoðun manna í því efni kann að vera breytt frá því, er þau lög voru sett. En ég get fúslega játað fyrir mitt leyti, að ég tel ekki endilega sjálfsagt, að það sé eðlilegt, að þetta þing sé haldið, en þá þarf að breyta um það gildandi lögum. Það má aftur á móti að vísu í það vitna, að samkv. okkar stjórnarskrá er gert ráð fyrir því, að þjóðkirkjan njóti forréttinda, þannig að það má segja, að að því leyti sé það ekki óeðlilegt, ef menn á annað borð telja rétt, að slíkt þing sé haldið.

Eins og hv. fyrirspyrjandi sagði sjálfur, eiga bæði hin þingin sér langa sögu. Og það er rétt, að síðan hafa auðvitað orðið margar breytingar í þjóðfélaginu, sem geta ótvírætt valdið því, að ýmsir aðrir aðilar segi: Af hverju á ekki að kosta okkar ráðstefnur, sem síðar hafa komið til, eins og þessa ráðstefnu? Hinu er þó ekki að neita, að þessi þing eru með nokkuð sérstökum hætti. Bæði þessi félög, sem halda þessi þing, eru opinber félög og gegna opinberu hlutverki og eru kostuð algerlega af ríkisfé eða halda uppi starfsemi í þágu þessara tveggja atvinnuvega, landbúnaðar og sjávarútvegs, þannig að þeim er að þessu leyti gefin sérstaða. Þetta eru í rauninni ríkisstofnanir, og það má segja, að þarna komi saman fulltrúaráð þessara stofnana til þessara þinga, þannig að það er vissulega hægt að færa rök fyrir því, að þessi þing eigi að haldast með einhverjum hætti. Það er svo álitamál, hve oft þau á að halda og í hve stórum stíl þau eiga að vera. Það er önnur saga. En ég er ákaflega hræddur um, og það er a. m. k. ekki mín skoðun í dag, að það sé hægt að afnema þessi þing, þó að það sé hægt að setja á þau viss mörk.

Eins og ég áðan sagði, — það er einnig mín persónulega skoðun, sem er ekki endilega víst, að falli saman við skoðun ríkisstj., — að það sé eðlilegt t. d. varðandi Búnaðarþing, að um það gildi sömu reglur og Fiskiþing, að það sé haldið annað hvert ár.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin. Þau leiddu í ljós, að kostnaður af þessum þremur þingum, þegar þannig stendur á, að þau eru öll haldin sama árið, er um 1½ millj. kr. Ég er ekki að leggja til á nokkurn hátt, að þessi þing verði lögð niður. Það, sem ég var að spyrja um, var það, hvort hæstv. ráðh. eða hæstv. ríkisstj. teldi eðlilegt, að sá háttur hélst, að greitt væri úr ríkissjóði ferðakostnaður og dagpeningar fyrir þátttakendur í þessum

þingum. Mér er kunnugt um það, að Kirkjuþing er ákveðið með lögum, og ég hafði þann hátt á að beina þessari fsp. til hæstv. ráðh., vegna þess að ég hafði ekki trú á því, að breyting yrði á þessu fyrirkomulagi í tíð núv. stjórnar, nema ríkisstj. sjálf hefði frumkvæði um það, og ég hefði þá bezt trúað hæstv. ráðh. til þess.

Ég verð að endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég tel það algerlega óeðlilegt, miðað við þær breytingar, sem orðið hafa í þjóðfélaginu, að þessi þrjú þing eigi að hafa sérstöðu fram yfir fjölmörg önnur þing, mörg mjög merk, sem haldin eru hér í þjóðfélaginu. Það er ákaflega nauðsynlegt, að þegnarnir bindist samtökum um fjölmörg mál og komi svo saman á þingi um þau efni. En yfirleitt verða menn að standast kostnað sjálfir af þátttöku í slíku þinghaldi, og það tel ég engan veginn óeðlilegt fyrirkomulag. En þá finnst mér, að sömu reglur eigi að gilda um þingin, sem ég nefndi hér áðan. Ríkissjóður getur greitt það fé, sem skynsamlegt er talið, til þeirra stofnana, sem þarna eiga hlut að máli, en almennt þinghald á þeirra vegum tel ég að eigi að vera með svipuðum hætti og annað almennt þinghald á Íslandi. Og ég vil beina mjög eindregið til hæstv. ráðh. að íhuga það, hvort hann vildi ekki hafa að því frumkvæði á vegum ríkisstj., að tekinn verði upp annar háttur á þessu sviði.

23. Tjónabætur til útvegsmanna vegna banns við síldveiðum sunnanlands.

Á deildafundum 2. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til sjútvmrh. um tjónabætur til útvegsmanna vegna veiðarfæra, sem óvirk urðu vegna banns við síldveiðum sunnanlands [180. mál, 1] (A. 481).

Á 48. fundi í Sþ., 5. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Sþ., 10. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Á yfirstandandi þingi hafa verið afgr. lög, sem fela í sér heimild til ríkisstj. um að bæta útvegsmönnum veiðarfæratjón, sem þeir hafa talið sig hafa orðið fyrir á s. l. vertíð sérstaklega.

Það mun vera í hugum flestra þm. svo, að ríkissjóður sé reyndar ekki beint bótaskyldur eins og vátryggjandi fyrir slíku veiðarfæratjóni. En sú heimild, sem Alþ. þarna gaf og sem ríkisstj. mun hafa framkvæmt, er að sjálfsögðu fyrst og fremst viðurkenning á því, að þessi atvinnugrein stendur höllum fæti og má illa við því að verða fyrir veiðarfæratjóni eða yfirleitt tjóni, sem ekki er bætt úr hinum almennu vátryggingarsjóðum, sem bátarnir eru tryggðir í. Nokkuð öðru vísi horfir málið við, þegar um það er að ræða, að með stjórnartilskipunum eru gerðar ráðstafanir, sem ýmist rýra gildi þeirra verðmæta, sem í veiðarfærum liggja, eða gera þau máske með öllu ónothæf, þ. e. a. s. mönnum nýtist ekki af þeim verðmætum, sem í veiðarfærunum liggja. Þannig var það ákveðið á sinni tíð, þegar bönnuð var veiði með dragnót, þegar landhelgin var færð út, þ. e. a. s. þegar friðunarlína var dregin 4 mílur út frá grunnlínupunktum hér við land, þá voru bannaðar dragnótaveiðar, og stjórnvöldin töldu sér þá skylt að bæta að fullu það verðmætatap, sem eigendur hinna bönnuðu veiðarfæra urðu fyrir, og var þetta gert.

Á s. l. vetri auglýstu íslenzk stjórnvöld bann við síldveiðum sunnanlands á vissum árstímum og takmörkun veiðanna á öðrum tímum einnig. Við þetta skapast það ástand, að margir útvegsmenn sitja uppi með veiðarfæri, dýr veiðarfæri. Síldarnætur af þeirri gerð, sem notaðar eru við Suðurlandssíldveiðarnar, kosta yfirleitt um eina millj. kr. eða nálægt því, og mér er kunnugt um aðila, sem höfðu pantað og gengið frá kaupum á slíkum nótum, en eru hins vegar aldrei farnir að bleyta þær í sjó og fengu samkv. stjórnarráðstilskipun bann við því, að slík veiðarfæri mætti nota við suður- og vesturströnd landsins á tímabilinu frá 1. marz til 15. ágúst, og auk þess þá takmörkun, að einungis má veiða á öðrum árstímum 50 þús. tonn og ekki meir.

Ég er ekki að halda því fram, að ríkissjóður sé skaðabótaskyldur fyrir öllu því verðmætatjóni, sem útvegsmenn hafa orðið fyrir að þessu leyti. En á hitt tel ég óhæfu að líta ekki, hvort ríkissjóður hefur með þessu skapað sér skaðabótaskyldu eða hvort ekki sé réttlætismál, að á sama tíma og ríkissjóður greiðir bætur fyrir veiðarfæratjón af almennum ástæðum, sé hann ekki skyldur að greiða einnig hluta af þeim verðmætum, sem í slíkum veiðarfærum liggja sem notagildi hefur nú verið verulega rýrt á, en bannað yfir hálft árið. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. í tveimur liðum:

1) Hefur rannsókn farið fram á því, hve mikil verðmæti liggja í ónýtanlegum veiðarfærum hjá einstökum útgerðarmönnum eða útgerðarfyrirtækjum vegna þess, að síldveiðar sunnanlands hafa verið bannaðar?

2) Hefur ríkisstj. metið hugsanlega bótaskyldu af opinberri hálfu vegna síldarnóta, sem gerðar voru sérstaklega fyrir síldveiðar sunnanlands, en verða ekki nýttar nú, eftir að þær veiðar hafa verið bannaðar með stjórnarráðstilskipun?

Félmrb. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur gert grein fyrir spurningum sínum, sem eru í tveimur liðum.

Ég tel rétt, áður en ég kem efnislega að svörum við þessum fsp., að skýra frá því til glöggvunar, hvernig síldarmagn undanfarinna ára hefur verið hér við Suður- og Vesturland, en samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér, hefur síldarmagnið verið þannig á s. l. 10 árum:

Árið 1957 eru 19 þús. lestir veiddar, árið 1958 33 þús. lestir, árið 1959 28 þús. lestir, árið 1960 23 þús. lestir, árið 1961 108 þús. lestir, árið 1962 145 þús. lestir, árið 1963 154 þús. lestir, árið 1964 121 þús. lestir, árið 1965 172 þús. lestir, árið 1966 68 þús. lestir og árið 1967 60 þús. lestir.

Rétt er þó að geta þess, að afli áranna 1957—60 er að langmestu leyti reknetaafli, þar sem nótaveiði með nútímatækni var þá vart byrjuð hér sunnanlands. Hafrannsóknastofnunin hefur áætlað stærð íslenzku síldarstofnanna sem hér segir:

Árið 1962 931 þús. lestir, árið 1963 619 þús. lestir, 1964 457 þús. lestir, árið 1965 304 þús. lestir og árið 1966 270 þús. lestir. Endanlegar tölur ársins 1967 liggja ekki fyrir, en óhætt mun að fullyrða, að enn hafi gengið nokkuð á íslenzka síldarstofninn hér sunnan- og suðvestanlands á því ári.

Af framansögðu má ljóst vera, að ástandið í íslenzku síldarstofnunum er mjög alvarlegt í dag. Þessar niðurstöður eru þó ekki óvæntar, því að á undanförnum árum hefur oft verið varað við hinum stórauknu veiðum ungsíldar hér sunnanlands. Hafrannsóknastofnunin telur, að ástæðurnar fyrir hinni öru rýrnun hinna íslenzku síldarstofna séu tvímælalaust aukin veiði ungsíldar og vöntun nýrri árganga í stofnana. Orsakirnar eru því af manna völdum samkv. þessum niðurstöðum. Það er því af þessum sökum, að Hafrannsóknastofnunin lagði til á s. l. ári, að gerðar verði eftirfarandi ráðstafanir til verndar síldarstofninum:

Í fyrsta lagi: Veiðibann á smásíld verði miðað við 25 cm langa síld í stað 23 cm áður. Í öðru lagi, að settar verði reglur um hámarksveiði sunnanlandssíldar, er stuðli að því að lækka dánartöluna verulega. Fyrir árið 1968 taldi Hafrannsóknastofnunin hæfilegt að miða hámarksveiðina við 50 þús. lestir. Og í þriðja lagi, að settar yrðu reglur um veiðibann á þeim árstíma, sem síldin er lélegust til vinnslu, og þá á tímabilinu frá 1. marz til 15. ágúst.

Till. þær, sem hér hafa verið raktar, voru samþ. af ráðgjafarnefnd og stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar, en í ráðgjafarnefndinni eiga sæti fulltrúar LÍÚ, Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, fiskimannadeildar Farmannasambands Íslands, ASÍ og Sjómannasambands Íslands. Enn fremur voru till. samþ. einróma á Fiskiþingi, þ. á m. af fulltrúum allra landshluta, stjórn Fiskifélags Íslands og LÍÚ.

Á s. l. vori þótti ekki tímabært vegna hins skamma fyrirvara að setja hámarkskvóta á aflamagnið 1967. Hinn 28. marz 1967 gaf ráðuneytið út reglugerð, svo sem hv. fyrirspyrjandi hefur þegar greint frá, þar sem umræddar síldveiðar fyrir Suðurlandi og Vesturlandi á tímabilinu 28. marz til 15. maí 1967 voru bannaðar. Töldu margir þá, að ekki væri nógu langt gengið með þessum friðunarráðstöfunum, og kom það víða fram opinberlega á s. l. sumri. Eftir að leitað hafði verið umsagnar og álits áðurnefndra aðila að nýju og samþykki þeirra fengið, setti ráðuneytið hinn 22. febr. s. l. reglugerð um ráðstafanir til verndar íslenzku síldarstofnunum. Hefur reglugerðin að geyma þær ráðstafanir, sem Hafrannsóknastofnunin og fyrrgreindir aðilar höfðu lagt til og samþykkt. Að reglugerðin var gefin út svo snemma á árinu var m. a. vegna eindreginna óska útgerðarmanna, sem eðlilega vildu vita slíka ákvörðun með hæfilegum fyrirvara til að afstýra tjóni af ótímabærum og kostnaðarsömum undirbúningi. Samkv. reglugerðinni, svo sem hún hefur nú verið ákveðin, verður lágmarksstærð síldar, sem leyfilegt er að veiða, 25 cm í stað 23 áður. Hámarksafli sunnanlandssíldar, sem leyfilegt er að veiða á umræddu tímabili, verður 50 þús. lestir og síldveiðarnar sunnanlands og vestan bannaðar frá 1. marz til 15. ágúst.

Tilgangur þeirra ráðstafana, sem reglugerðin gerir ráð fyrir, er að koma í veg fyrir, að íslenzku síldarstofnarnir þurrkist út. Tilgangur ráðstafananna er enn fremur að koma í veg fyrir það tjón, sem af því hlytist, ef svo héldi áfram sem þróunin hefur sýnt undanfarin ár, — og hver vildi þá bera ábyrgð á því að hafa ekki sett slíkt bann?

Fyrirspyrjandi nefnir ekki aflatjón, heldur veiðarfæratjón í þessu sambandi. Í framhaldi af því er rétt að upplýsa, að s. l. sumar lágu veiðiskipin aðgerðalaus langtímum saman vegna beins aflaleysis, og þurfti aflatryggingasjóður þá að reiða fram mikla fjárfúlgu vegna aflabrestsins. Ekki hefur farið fram rannsókn á því, hve mikil verðmæti liggja í ónýttum veiðarfærum hjá einstökum útgerðarmönnum, vegna þess að síldveiðar sunnanlands hafa verið bannaðar, svo sem fyrr er greint. Gert er ráð fyrir, að í ár verði veiddar 50 þús. lestir þann tíma, sem leyfilegt er að veiða. Einnig er vert að benda á, að mikinn hluta þess tíma, sem bannið gildir, stundar meginhluti bátaflotans þorskveiðar eða allt fram í miðjan maí. Þar að auki kemur til, að heimild var sett í umrætt bann til að veiða til niðursuðu eða annarrar vinnslu til manneldis og beitu. Sérstaklega vil ég taka fram að lokum, að bótaskylda hefur ekki hingað til verið orðuð af neinum, svo að vitað sé, nema af hv. fyrirspyrjanda, en eins og áður er rakið, er hér ekki um einhliða stjórnarráðstöfun að ræða, heldur reglugerð, sem sett er samkv. till. allra hlutaðeigandi aðila, einnig útvegsmanna sjálfra, til að afstýra því, að síldarstofninn þurrkist út. Ráðstöfununum er ekki ætlað að valda tjóni, heldur að tryggja það, að hægt sé að nota hin umræddu veiðarfæri í framtíðinni.

Fyrirspyrjandi (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég þakka svör ráðh., þau eru skýr og glögg. Ríkisstj. hefur ekki hugsað sér að bæta

neitt það verðmætatjón, sem í því felst, að keypt hafa verið veiðarfæri, gerð fyrir tilteknar veiðar, sem nú hafa ýmist verið bannaðar eða takmarkaðar, og það er eins hrein afstaða og getur verið. En ég vil þegar taka fram, að með fsp. minni er ég á engan hátt að telja, að það hafi verið röng stjórnarráðsákvörðun að banna og takmarka síldveiðarnar sunnanlands, síður en svo. Ég tel, að þau rök, sem fyrir því liggja, að slíkt var nauðsynlegt og hæstv. ráðh. rakti hér að verulegu leyti, séu alveg rétt, það hafi verið óhjákvæmilegt að banna þetta. En það gegndi alveg sama máli á sinni tíð, þegar dragnótaveiðarnar voru bannaðar, þegar landhelgin var færð út. En það breytir ekki því, að ríkisvaldið, sem framkvæmir slíka tilskipun, taldi sig þá hafa skapað ríkinu skaðabótaskyldu gagnvart þeim aðilum, sem bannið bitnaði á.

Hæstv. ráðh. hefur rakið hér, hverjar síldveiðarnar hafi verið á undanförnum árum við suður- og vesturströnd landsins. Á síðustu árum hefur verið veitt síldarmagn, sem sum árin hefur verið nokkuð á annað hundrað þús. lestir, komizt allt upp í 172 þús. lestir. Nú má ekki, hvort sem afli kynni að vera til þess eða ekki, veiða nema 50 þús. lestir, svo að hér sjá auðvitað allir menn, að verðmæti þeirra veiðarfæra, sem til þess voru ætluð að framkvæma þessar veiðar, hafa verulega rýrnað. Ég vil ætla, að það sé ekki síður vert fyrir forráðamenn ríkissjóðs að leiða athygli að því, hvort ekki sé rétt að bæta þetta tjón að einhverju leyti, eins og að gera till. um bætur fyrir almennt veiðarfæratjón, sem greinilega er engin skylda fyrir ríkissjóð að bæta, þótt hann hafi gert það, vegna þess að staða útvegsins er ekki betri en það, að hann má ekki við stórum skakkaföllum í verðmætatapi, hvorki á veiðarfærum né öðrum hlutum.

Sverrir Júlíusson: Herra forseti. Út af fsp. þeirri, sem hv. 6. þm. Sunnl. hefur borið fram, langar mig til að segja nokkur orð, ekki þó sérstaklega vegna fsp., heldur út af ræðum þeim, er hann flutti.

Það er vert að minna á, að allir aðilar, sem hafa fjallað um þetta bann, hafa talið, að það væri nauðsynlegt til að vernda stofninn, enda er ekki ágreiningur um það.

Ráðh. hefur gefið hér skýr og ótvíræð svör í sambandi við þetta mál. Það hefur sjálfsagt ekki verið neinn undirbúningur að því að rannsaka, hvað mikil verðmæti það eru, sem verða nýtt að einhverju leyti eða ekki eins og áður, og einnig hefur ekki verið athugað um bótaskyldu. Ég ætla sem sagt ekki að tala svo mikið um fsp., heldur út af því, sem hv. 6. þm. Sunnl. sagði. Hann vildi bera þetta saman við þær ráðstafanir, sem ríkisvaldið gerði, þegar dragnótaveiðarnar voru bannaðar. Ég held, að ég muni það alveg rétt, að þegar þessar ráðstafanir voru gerðar, voru nokkrar bætur veittar, en það er ekki rétt, og ég tel, að það sé vegna ókunnugleika, sem hv. þm. segir, að veiðarfærin hafi verið bætt að fullu. Ég held, að ég muni það rétt, að þetta hafi verið metið af óhlutdrægum mönnum, fjórir aðilar, ráðuneytisstjórarnir í fjm.- og sjútvmrn., formaður fiskimálasjóðs og fiskimálastjóri, fjölluðu um þetta og bæturnar voru að hálfu miðaðar við þau veiðarfæri og spil, er fyrir hendi voru, að því tilskildu, að viðkomandi aðilar skuldbyndu sig til að nota hvorki spilin né þau veiðarfæri, sem þarna var um að ræða. Ég býst við því, að engir af þeim mönnum, sem ætla sér að stunda síldveiðar á sunnanlandsmiðum, þótt í smærri stíl sé, mundu vilja afhenda þessi veiðarfæri, sem þeir eiga, fyrir hálfvirði, ef ætti að fara eftir sömu reglum. Einnig vil ég minna á í sambandi við ákvörðun í þessu máli, að á s. l. ári kom til greina að setja bann, en eins og hæstv. ráðh. upplýsti áðan, var það ekki talið tímabært, og samtök útvegsmanna bentu einmitt sérstaklega á, að það væri ekki rétt að setja svona bann á miðri vertíð vegna þess viðbúnaðar, sem útvegsmenn höfðu haft fyrir veiðarnar, bæði með veiðarfærakaup og annað. Þess vegna var það á vitund allra, sem þessar veiðar stunda, að það lá í loftinu, að á þessu ári yrði sett veiðibann. Og ég man ekki betur en að afstaða útvegsmanna hafi verið í þá átt, að ákvörðun yrði tekin í byrjun ársins, svo að menn gætu lagað sig eftir því um útgerð á þennan veiðiskap.

Svo var enn eitt atriði, sem ég vildi mótmæla sem rökum fyrir þessu. Það voru þær bætur, sem á s. l. ári voru veittar þeim aðilum, sem urðu fyrir tilfinnanlegu veiðarfæratjóni, eða þær 12½ millj. kr., sem veitt var. Ég tel, að það sé ekki hægt að telja það sem rök fyrir því, að það eigi að fara að bæta þetta. Ég vil segja það í þessu sambandi, að það var vegna þess, hve aflinn var lítill á vertíðinni 1967, þá voru raunverulega eftir peningar, sem ætlaðir voru til fiskuppbóta, sem notaðir voru í þessu sambandi. Þrátt fyrir það þótt hæstv. ríkisstj. og hæstv. sjútvmrh. sýni málefnum útvegsins fullan velvilja, hika ég ekki við að segja það, að það gekk auðveldar að fá þessar 12½ millj., vegna þess að þetta var afgangur af því, sem átti að fara til útvegsins á s. l. ári.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af þeim orðaskiptum, sem hér hafa átt sér stað.

Ég held, að það sé enginn ágreiningur um það, að það hafi verið rétt að stíga það spor, sem stigið var með því að banna þær veiðar, sem hér var um að ræða, og hefði líklega átt að grípa til þess fyrr en gert var. Það hefur líka komið hér greinilega fram, að það eru allir sammála um það. En vegna þess að hér er um nokkurt „prinsip"-mál að ræða, finnst mér ástæða til þess, að ég láti hér fram koma skoðun mína, einmitt í tilefni af þeim orðum, sem hér hafa fallið bæði hjá hæstv. ráðh. og hv. síðasta ræðumanni.

Ég tel, að það sé alveg sjálfsagt að athuga það, þegar þarf að grípa til ráðstafana eins og þessara, hvað þær leiða af sér, fyrst og

fremst í því að eyðileggja eða torvelda notkun á verðmætum, sem menn hafa lagt sér til. Þetta sjónarmið var viðurkennt 1952 við útfærslu landhelginnar þá og í sambandi við það bann, sem þá var lögtekið, við veiðum í dragnót. Það lá sem sagt fyrir, að útvegsmenn áttu talsvert af dragnótaveiðarfærum, og það var viðurkennt, að þegar þyrfti að grípa til svona ráðstöfunar, sem væri þjóðhagslega rétt, þá væri rétt að athuga, hvaða áföllum einstakir aðilar yrðu fyrir í þessum efnum, og greiða þeim nokkrar bætur á móti. Ég skal ekkert um það segja í þessu tilfelli, það þarf vitanlega að fara fram athugun á því, hvað hér er um mikil verðmæti að ræða, og einnig á því, að hve miklu leyti þessir útgerðarmenn geta notað veiðarfæri sín. Ég efast að vísu ekkert um það, að nokkrir þeirra geta ekki notað þau, þeir sem eru á minni bátunum. Það eru mjög litlar líkur til þess, að þeir geti notað þessi veiðarfæri fyrr en þá til kemur heimild til að veiða síld á þessum slóðum.

Ég get vel ímyndað mér, að það þurfi oftar að grípa til ráðstafana eins og þessara, að það þurfi beinlínis að banna veiðar eða gera aðrar hliðstæðar ráðstafanir, sem leiði til þess, að veiðarfæri eða aðrar eignir, sem menn hafa þurft að leggja í að kaupa, verði að meira eða minna leyti ónýtt. Og það er mín skoðun, að í slíkum tilfellum eigi yfirleitt að gilda sú regla, að hið opinbera, sem grípur til þessara ráða, eigi að athuga um þau verðmæti, sem þarna kunna að verða ónothæf, og eigi yfirleitt að greiða einhverjar bætur eða veita þeim aðilum, sem fyrir áfallinu verða, fyrirgreiðslu. Ég get t. d. ímyndað mér í þessu tilfelli, að það geti komið þeim aðilum, sem eiga svona síldarnætur, mjög vel, ef hið opinbera hefði greitt fyrir því, að þeir hefðu getað komizt að hagkvæmari lánum í sambandi við sínar veiðarfæraskuldir en þeir geta eftir venjulegum leiðum.

Það, sem ég vildi sérstaklega að hér kæmi fram, er þetta: Ég er á þeirri skoðun, að þegar grípa þarf til svona ráðstafana almennt séð, eigi fyrri reglan að gilda, að það eigi að athuga um það, hve miklar eignir verði ónothæfar, og þá eigi yfirleitt að koma skaðabætur á móti. Því hefði ég í þessu tilfelli óskað eftir því, að það hefði farið fram athugun á því, hvað hér er um mikil verðmæti að ræða og að hve miklu leyti menn verða þarna fyrir tjóni á eignum sínum. Ég vil hins vegar ekki fallast á það, að mönnum séu greiddar neinar bætur fyrir hugsanlegt veiðitjón. Það er aftur á öðru stigi. Það var t. d. ekki gert 1952.

Ég lýsi svo yfir nokkurri undrun minni á því, að formaður Landssambands ísl. útvegsmanna taldi hér alveg sérstaklega fram öll rök gegn því, að svona bætur ættu að koma til greina. Ég er á þeirri skoðun, að hin almenna regla eigi einmitt að verða sú, að um bótagreiðslur eigi hér að vera að ræða.

24. Átta stunda vinnudagur.

Á deildafundum 2. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til ríkisstj. um átta stunda vinnudag [180. mál, 2] (A. 481).

Á 48. fundi í Sþ., 5. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Sþ., 10. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 17. apríl, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Fsp. er um það, hvenær vænta megi álits n. þeirrar, sem var kosin samkv. ályktun Alþ. 18. des. 1961 til að rannsaka, á hvern hátt og með mestum árangri verði komið á 8 stunda vinnudegi meðal verkafólks.

Hinn 18. des. 1961 var afgreidd samhljóða frá Alþ. þál. um ráðstafanir til að koma á 8 stunda vinnudegi. Samkv. till. var ákveðið að kjósa 5 manna n. til að rannsaka á hvern hátt verði með mestum árangri komið á 8 stunda vinnudegi meðal verkafólks. Um verkefni n. sagði svo í ályktuninni:

„Skal n. framkvæma athugun á lengd vinnutíma verkafólks, eins og hann er nú, og áhrifum hans á heilsufar, vinnuþrek og afkost svo og hag atvinnurekstrar. Á grundvelli þessara athugana skal n. gera till. um ráðstafanir til breytinga á vinnutilhögun og rekstrarfyrirkomulagi atvinnufyrirtækja, er gætu stuðlað að styttingu vinnudags verkafólks án skerðingar heildarlauna og að aukinni hagkvæmni í atvinnurekstri. Skulu till. miðast við að verða æskilegur samningsgrundvöllur milli stéttarfélaga verkafólks og samtaka atvinnurekenda. N. skal enn fremur gera till. um, hvernig löggjafinn geti stuðlað að ákvörðun um eðlilegan hámarksvinnutíma.

N. skal kveðja sér til ráðuneytis fulltrúa Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og aðra fulltrúa hagsmunasamtakanna, eftir því sem þörf er á. Hún skal einnig hafa heimild til að láta fara fram sérfræðilegar athuganir, sem nauðsynlegar eru að mati hennar."

Kosning n. fór fram á þingfundi 19. des. 1961, og voru kosnir í n. fjórir alþm. og einn útgerðarmaður.

Fsp. mín er borin fram af tveimur ástæðum:

Í fyrsta lagi vil ég fá upplýst, hver hafi orðið árangurinn af störfum n., því að opinberlega er lítið um hana vitað.

Í öðru lagi finnst mér ærin ástæða til að vekja þetta mál upp að nýju. Það er að vísu ekki eins mikið áhyggjuefni nú og oft áður, að vinnutíminn sé of langur. Mjög hefur dregið úr atvinnu að undanförnu. Hitt er hins veg-

ar sízt minna áhyggjuefni nú en áður, hvernig vinnutekjur eftir 8 stunda vinnudag eigi að hrökkva fyrir brýnustu nauðþurftum. Það er því sízt minna rannsóknarefni nú en áður, hvernig þeirri breytingu verði komið á vinnutilhögun og rekstrarfyrirkomulag atvinnufyrirtækja, að vinna 8 stunda vinnudags tryggi sæmileg lífskjör. Því vildi ég stuðla að því með þessari fsp., að umrædd n. eða einhver annar aðili hefjist handa um það rannsóknarstarf, sem er svo nauðsynlegt og aðkallandi, að hér verði af hendi leyst.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Þegar mér barst sú fsp., sem hér er til umr., óskaði ég eftir því við formann vinnutímanefndar, sem svo hefur verið nefnd, að hann gæfi upplýsingar um störf n., og skal ég lesa það hér á eftir. Ég tel óþarft að lesa ályktunina sjálfa, sem er starfsgrundvöllur n. Hv. fyrirspyrjandi hefur þegar gert það, og ég tel óþarft að endurtaka það nú. En svör formanns n. eru þannig, að ég tel, að það sé fullnægjandi svar.

„Eins og þál. sú ber með sér, sem n. starfar eftir, er hér um flókið og margþætt verkefni að ræða. Má segja, að frekar hefði verið um að ræða verkefni fyrir heila stofnun, sem hefði haft á að skipa hópi sérfræðinga, frekar en fámenna n. manna. Reyndist t. d. þrátt fyrir heimild ályktunarinnar ákaflega erfitt að fá þá sérfræðilegu aðstoð, sem nauðsynleg var við lausn verkefnisins. Endanlegu áliti n. hefur ekki verið skilað, þótt álitsgerðir liggi fyrir um mörg einstök verkefni, sem n. var falið að vinna að með ályktun Alþ., og hún skilaði miklu starfi og viðtæku á árunum 1962 til og með 1965, þ. á m. álitsgerðum í vandamálum, sem komu upp á þessum árum í samskiptum launþega og vinnuveitenda og voru sprottin af þeim vandamálum, sem þál. fjallaði um."

Ég vil samkv. lista, sem fylgdi þessari grg. formannsins, lesa hér upp fyrirsagnir á nokkrum þeirra grg., sem n. hefur látið gera:

Greinargerð um áhrif vinnutíma á hag atvinnurekstrar og launþega eftir Þóri Einarsson. Greinargerð um áhrif vinnutímalengdar á vinnuþrek og afköst eftir Matthías Jónasson. Samanburður á vinnutíma í ýmsum löndum. Stytting vinnutímans. Aðferðir, sem beitt hefur verið til þess að ná styttum vinnutíma í ýmsum löndum. Þróun samningsbundins vinnutíma Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Trésmiðafélags Reykjavíkur og Hins íslenzka prentarafélags. Um orlofsréttindi á Íslandi. Og að lokum: Skýrslur um vinnutímalengd, sem voru undanfari Kjararannsóknarnefndar.

„Nefndin safnaði miklum upplýsingum frá nágrannalöndum okkar og víðar að um vinnutímalengd og leiðir, sem farnar hefðu verið til raunhæfrar styttingar vinnudagsins. Fljótlega varð ljóst, að upplýsingar, sem fengust frá Noregi, mundu verða til mestrar hjálpar, og kom tvennt til: Aðstæðurnar í atvinnulífi og atvinnuháttum eru í Noregi líkari okkar en annars staðar finnast, og ýtarlegar skýrslur um styttingu vinnudagsins eru til frá Noregi frá árunum 1954—1959, og veittu þær margs konar upplýsingar.

Seint á árinu 1964 hafði vinnutímanefnd gert frumdrög að frv. um vinnuvernd og hafði til hliðsjónar þau ákvæði norsku vinnuverndarlaganna, sem um vinnutímann fjalla. Norsk lög um vinnuvernd fjalla einnig um öryggi á vinnustöðum, um vinnu kvenna, barna og ungra starfsmanna, um vinnulaun, uppsagnir, vinnureglugerðir, vinnueftirlitsráð, sem jafnframt gegnir störfum öryggiseftirlits, og um refsiákvæði við brotum á lögum.

Mjög kom til álita hjá vinnutímanefnd, hvort ekki bæri að sameina og samræma sambærileg íslenzk lög í einn lagabálk. Sú skoðun varð þó ofan á, að slík frumvarpssmíð væri tæpast í verkahring n. og e. t. v. ekki tímabær að sinni, enn fremur í ljósi ályktunar Alþ. að snúa sér fyrst og fremst að því að ákveða um vinnutímann sjálfan.

Í byrjun apríl 1965 var frv. ásamt ýtarlegum skýringum og með þeim fylgiritum, sem fyrir lágu hjá n., sent til þessara aðila og beðið um athugasemdir og umsagnir um það: Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Félags íslenzkra iðnrekenda og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Voru þessir aðilar beðnir um svör innan eins til tveggja mánaða. Á seinni hluta ársins voru ítrekaðar óskir bornar fram til þessara aðila um álit þeirra og athugasemdir, en fyrst í marz 1966 bárust loks svör frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Félagi íslenzkra iðnrekenda. Lögðust báðir þessir aðilar heldur gegn lagasetningu á þessu sviði og töldu samningaformið heppilegra, en gerðu þar fyrir utan nokkrar athugasemdir við frv. sjálft. Frá öðrum aðilum hafa svör ekki borizt.

Með hliðsjón af þessum undirtektum þeirra höfuðaðila, sem átti að hafa samráð við um lausn vandamálsins, og þeirri skoðun n., að löggjöf um hámarksvinnutíma og takmörkun yfirvinnu væri nauðsynleg, svo að frekari árangri og raunhæfari yrði náð, tilkynnti formaður vinnutímanefndar félmrh. sama vor, að eins og málin stæðu virtist ekki tímabært að halda áfram störfum nefndarinnar."

Samkv. framansögðu, þ. e. svörum formannsins, virðist ekki ástæða til að vænta endanlegs álits n. að svo stöddu.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég vil fyrst þakka ráðh. fyrir það svar, sem hann gaf mér, svo langt sem það náði. En mér sýnist á því, að í raun og veru hafi þessi n. ekki starfað neitt síðan 1965 og starf hennar hafi strandað á því, að hún fékk daufar undirtektir undir ákveðið frv. að lögum, sem hún hafði samið. En mér sýnist, að það frv. hafi ekki náð yfir nema takmarkaðan hluta af verkefni n., svo að það hefði verið óþarft að láta störf hennar falla niður vegna þess, því að eins og fram kemur í till., var aðalverkefni n. að framkvæma rannsókn á vinnutilhögun og rekstrarfyrirkomulagi at-

vinnufyrirtækja með það fyrir augum, að komið verði þar á þeirri skipan, að 8 stunda vinnudagur nægi til þess að tryggja sæmilega lífsafkomu.

Sem sagt, n. hefur hætt störfum um 1965 eða lítið unnið síðan annað en það að bíða eftir svörum frá félagasamtökum um ákveðið frv., sem hún hafði samið, og mér skilst, að að fengnum svörum nokkurra þessara aðila hafi hún tilkynnt, að ekki væri ástæða til þess fyrir hana að halda áfram störfum.

Ég verð að segja það, að ég tel það mjög miður farið, að slík starfsemi skuli hafa fallið niður, og ég álít, að þó að það hafi verið mikil þörf að hefja þetta starf á sínum tíma, 1961, þá sé ennþá meiri ástæða til þess að taka það upp nú. E. t. v. hefur það fallið niður að einhverju leyti 1965 og 1966, vegna þess að þá var atvinnuástand hér gott og menn höfðu þess vegna ekki eins miklar áhyggjur í þessu sambandi og þeir hafa nú, þegar aðstæður eru orðnar allt aðrar og menn geta ekki treyst á mikla eftirvinnu eins og áður, heldur jafnvel tæplega gert sér von um að fá 8 stunda vinnudag.

Ég vil því að lokum leggja áherzlu á það, að þetta starf verði hafið að nýju með einhverjum hætti, hvort heldur það verður í einhverri n. eða einhver annar aðili tekur það upp, og það verði gert meira að því en áður að leita eftir samvinnu milli viðkomandi stéttarsamtaka, samtaka launþega og atvinnurekenda, um það, að þessi vinna verði tekin upp með skipulegum hætti að nýju, því að ástandið er þannig í dag, að við þörfnumst þess vissulega. Vonir okkar um það, að hægt verði að bæta aðstöðu launþega í náinni framtíð, byggjast að mínum dómi fyrst og fremst á því, að það verði hægt að koma á betri vinnutilhögun og rekstrarfyrirkomulagi hjá atvinnufyrirtækjum, á þeim grundvelli einum geti orðið um raunhæfar kjarabætur og kauphækkanir að ræða. Þess vegna þarf að leggja enn þá meira kapp á það, að þetta rannsóknarstarf sé unnið, sem hefur því miður verið látið niður falla á undanförnum árum.

25. Framkvæmd laga um skólakostnað.

Á 21. fundi í Sþ., 12. des., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um framkvæmd laga um skólakostnað [73. mál, 1] (A. 130).

Á 22. fundi í Sþ., 13. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Sþ., 16. jan., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Fsp. var tekin aftur 24. jan.

26. Þingsköp Alþingis.

Á 31. fundi í Sþ., 30. jan., var útbýtt:
Fsp. til forseta um þingsköp Alþingis [109. mál, 4] (A. 239).

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 34. og 38. fundi í Sþ., 7. og 14. febr., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Fsp. var tekin aftur 21. febr.